

Aðdragandi og orsakir
falls íslensku bankanna 2008
og tengdir atburðir

Rannsóknarnefnd Alþingis

6

Útgefandi:

Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt lögum nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna og tengdra atburða

Ritstjórn:

Páll Hreinsson

Sigríður Benediktsdóttir

Tryggvi Gunnarsson

Útgáfustjóri:

Anna Sigríður Guðfinnsdóttir

Kápur:

Hrund Guðmundsdóttir

Ljósmyndir:

Rebekka Guðleifsdóttir

Prentun og bókband:

Oddi hf.

Umbrot:

Essinþrjú

Reykjavík 2010

ISBN: 978-9979-888-33-8

Merking tákna:

* Bráðabirgðatala eða áætlun

0 Minna en helmingur einingar

– Núll, þ.e. ekkert

... Upplýsingar vantar eða tala ekki til

. Tala á ekki við

Efnisyfirlit

Bindi 1

- 1.0 Verkefni og skipan nefndarinnar
- 2.0 Ágrip um meginniðurstöður skýrslunnar
- 3.0 Sérstaða og mikilvægi banka- og fjármálafyrirtækja í samfélagi
- 4.0 Efnahagslegt umhverfi og innlend peningamálastjórnun
- 5.0 Stefna stjórnvalda um stærð og starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja
- 6.0 Einkavæðing og eignarhald bankanna

Bindi 2

- 7.0 Fjármögnun bankanna
- 8.0 Útlán íslensku bankanna

Bindi 3

- 9.0 Eigið fé íslenska fjármálakerfisins
- 10.0 Launa- og hvatakerfi bankanna
- 11.0 Innri og ytri endurskoðun

Bindi 4

- 12.0 Verðbréfamarkaðir
- 13.0 Gjaldeyrismarkaður
- 14.0 Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir

Bindi 5

- 15.0 Löggjöf um fjármálamarkaðinn og áhrif aðildar Íslands að EES
- 16.0 Eftirlit með starfsemi á fjármálamarkaði
- 17.0 Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og ábyrgð á innlánnum almennt

Bindi 6

18.0	Innlán fjármálastofnana í útibúum erlendis	5
18.1	Inngangur	5
18.2	Icesave reikningar Landsbanka Íslands hf. í útibúi hans í London	7
18.2.1	Almennt um Icesave reikninga Landsbanka Íslands hf. í London	7
18.2.2	Lausafjárstýring útibús Landsbanka Íslands hf. í London	10
18.2.3	Áform um flutning Icesave reikninga Landsbanka Íslands hf. úr útibúi hans í London yfir í dótturfélag tekin upp að nýju	16
18.2.4	Bresk yfirvöld yfirtaka útibú Landsbanka Íslands hf. í London	36
18.2.5	Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis um Icesave reikninga í útibúi Landsbanka Íslands hf. í London	40
18.3	Icesave reikningar Landsbanka Íslands hf. í útibúi hans í Amsterdam	54
18.3.1	Uppgangur og fall útibús Landsbanka Íslands hf. í Amsterdam	54
18.3.2	Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis um Icesave reikninga Landsbanka Íslands hf. í útibúi í Amsterdam	62
19.0	Aðgerðir og viðbrögð íslenskra stjórnvalda á árunum 2007-2008 vegna hættu á fjármálaáfalli	67
19.1	Inngangur	67
19.2	Samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað og aðdragandi þess að honum var komið á fót	69
19.3	Ágrip um aðgerðir og viðbrögð íslenskra stjórnvalda og ýmsa markverða atburði frá 1. janúar 2007 til 25. september 2008	78
19.3.1	Janúar 2007 til og með júní sama ár.	78
19.3.2	Júlí til október 2007	84
19.3.3	Nóvember og desember 2007	92
19.3.4	Janúar 2008	99
19.3.5	Febrúar 2008	112

19.3.6	Mars 2008	134
19.3.7	Apríl 2008	150
19.3.8	Maí 2008	172
19.3.9	Júní 2008	182
19.3.10	Júlí 2008	186
19.3.11	Ágúst 2008	213
19.3.12	September 2008	225
19.4	Nánar um samráðshóp stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað	237
19.4.1	Hlutverk samráðshópsins að mati þeirra sem skýrslur gáfu fyrir rannsóknarnefnd Alþingis	237
19.4.2	Hvernig var upplýsingum miðlað af fundum samráðshópsins til viðeigandi aðila?	240
19.4.3	Hvernig var starfið í samráðshópnum?	241
19.4.4	Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis	243
19.5	Aðgerðir ráðherra og ríkisstjórnar	245
19.5.1	Hvað var rætt í ríkisstjórn um stöðu bankanna og lausafjarkreppuna?	245
19.5.2	Tilraunir Stjórnarráðsins til þess að leggja mat á hugsanlega fjárhagslega áhættu íslenska ríkisins vegna starfsemi fjármálafyrirtækja hér á landi	249
19.5.3	Yfirlýsingar ráðherra varðandi stuðning við bankana	250
19.5.4	Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis	253
19.6	Aðgerðir stjórnvalda til að draga úr stærð bankakerfisins.	254
19.6.1	Flutningur höfuðstöðva einhvers af stóru bönkunum úr landi	254
19.6.2	Höfðu stjórnvöld uppi hvatningu til bankanna um að færa niður efnahagsreikninga sína?	259
19.6.3	Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis	264
19.7	Upplýsingar um stórar áhættuskuldbindingar sem Seðlabanki Íslands hafði aðgang að.	264
19.7.1	Dæmi um upplýsingar sem Seðlabanki Íslands bærust um stórar áhættuskuldbindingar og hugsanlega kerfisáhættu	264
19.7.2	Miðlun upplýsinga á milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands	267
19.7.3	Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis	268
19.8	Afstaða evrópskra seðlabankastjóra til Íslands	269
19.8.1	Upplýsingar sem fram komu í skýrslutökum	269
19.8.2	Upplýsingar sem rannsóknarnefnd Alþingis aflaði frá bankastjóra Seðlabanka Svíþjóðar	275
19.8.3	Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis	276
19.9	Sjónarmið forsvarsmanna þriggja stóru bankanna	277
19.9.1	Samskipti þeirra við Seðlabanka Íslands	277
19.9.2	Um ýmislegt sem miður fór að mati forsvarsmanna bankanna	279
19.9.3	Um sjónarmið forsvarsmanna stóru bankanna þriggja	283

Bindi 7

- 20.0 Atburðarásin frá því að beiðni Glitnis banka hf. um fyrirgreiðslu kom fram þar til bankarnir féllu
- 21.0 Orsakir falls íslensku bankanna – ábyrgð, mistök og vanræksla
- 22.0 Tilkynningar á grundvelli 14. gr. laga nr. 142/2008
- 23.0 Athugasemdabréf samkvæmt 13. gr. laga nr. 142/2008

Bindi 8

- Viðauki 1 Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008
- Viðauki I Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti: *Um fjöllum fjölmiðla á Íslandi um banka og fjármálafyrirtæki 2006–2008*
- Viðauki II Hulda Þórisdóttir: *Afsprengi aðstæðna og fjötruð skynsemi: Aðdragandi og orsakir efnahagsrunnsins á Íslandi frá sjónarhóli kenninga og rannsókna í félagslegri sálfræði*

Bindi 9

- Viðauki 2 Margrét V. Bjarnadóttir, Guðmundur Axel Hansen: *Rannsókn á krosseignatengslum og útlánnum bankanna til tengdra aðila*
- Viðauki 3 Mark J. Flannery: *Iceland's Failed Banks: A Post-Mortem*
- Viðauki 4 Skrá yfir þá sem kvaddir voru fyrir nefndina til skýrslutöku á grundvelli 8. gr. laga nr. 142/2008

Vefútgáfa

- Viðauki 5 Magnús Sveinn Helgason: *Íslenskt viðskiptalíf – breytingar og samspil við fjármálakerfið*
- Viðauki 6 Gunnar Þór Pétursson: *Innleiðing gerða skv. EES samningnum á sviði fjármálaþjónustu í íslenskan rétt*
- Viðauki 7 Jørn Astrup Hansen: *Íslandske banker*
- Viðauki 8 Mark J. Flannery: *The importance of government supervision in producing financial services.*
- Viðauki 9 Tölur um tengda aðila samkvæmt kafla 8.0
- Viðauki 10 Chapter 18: Deposits in Financial Institutions in Branches abroad
- Viðauki 11 Skriflegar athugasemdir samkvæmt 13. gr. laga nr. 142/2008
- Viðauki 12 Ákvæðanir um sérstakt hæfi nefndarmanna og starfsmanna

18. kafli

Innlán fjármálastofnana í útibúum erlendis

18.1 Inngangur


Eins og rakið er í kafla 8.0 þar sem fjallað er um fjármögnun íslensku bankanna og breytingar á samsetningu hennar hafði hlutfall innlána í fjármögnun þeirra lækkað í byrjun þessa áratugar samhliða því að bankarnir fjármögnuðu sig í auknum mæli með erlendum lántökum og útgáfu skuldabréfa. Í kringum áramótin 2005/2006 kom fram gagnrýni af hálfu erlendra matsfyrirtækja og greinenda á íslensku bankana og þar var meðal annars fundið að því að innlán væru of lágt hlutfall af útlánum bankanna. Bankarnir brugðust við þessari gagnrýni með því að lýsa áformum um að auka söfnun innlána. Í ljósi þeirrar miklu aukningar sem orðið hafði á heildarútlánum bankanna voru takmarkaðir möguleikar á að aukin söfnun innlána á innlendum markaði nægði til að bæta þetta hlutfall. Af hálfu bankanna hafði verið lögð mikil áhersla á að auka starfsemi þeirra erlendis ýmist með stofnun dótturfélaga eða rekstri útibúa. Enda þótt þessi starfsemi hefði í fyrstu aðallega beinst að verðbréfastarfsemi, þátttöku í sambankalánum og fyrirtækjaráðgjöf og fjármögnun í því sambandi kom fljótlega að því að bankarnir lögðu aukna áherslu á að nýta þessa erlendu starfsemi til þess að auka söfnun innlána og þá sem lið í fjármögnun þeirrar starfsemi sem þeir ráku bæði hér á landi og erlendis. Sum þeirra dótturfélaga sem bankarnir áttu erlendis buðu þegar upp á innlánsreikninga en hér verður ekki sérstaklega fjallað um þann þátt í starfsemi bankanna.

Söfnun íslensku bankanna á innlánum í erlendum útibúum hófst með svonefndum heildsöluinnlánum, þ.e. innlánum sem fást með samningum fyrir milligöngu miðlara. Í þeim tilvikum er gjarnan um að ræða fjármuni sem fyrirtæki, opinberar stofnanir, félagsamtök eða fjársterkir einstaklingar kjósa að geyma í ákveðinn tíma með umsaminni ávöxtun. Síðar kom til þess að bankarnir fóru að bjóða sérstaka innlánsreikninga sem ætlaðir voru fyrir einstaklinga. Landsbanki Íslands hf. bauð fyrstur upp á slíka reikninga í október 2006 og voru þeir markaðsettir undir heitinu Icesave. Hjá Kaupþingi banka hf. var byrjað með svonefnda Edge reikninga í nóvember 2007 og Glitnir banki hf. hóf síðan að bjóða upp á reikninga undir heitinu Save & Save í júní 2008. Með þessum reikningum fóru bankarnir inn á nýja markaði og buðu viðskiptavinum sínum upp á að eiga viðskipti um netið auk þess sem í boði voru háir vextir í samanburði þá innlánsvexti sem almennt voru í boði hjá bönkum á þessum mörkuðum.

Hvort innláns söfnun var rekin í dótturfélagi eða útibúi hafði þýðingu bæði varðandi það hvernig fjármunirnir gátu nýst til fjármögnunar innan samstæðu viðkomandi banka og það hvort innlánin féllu undir innlánstryggingar á Íslandi eða í því ríki þar sem starfsemin fór fram. Útibúin voru hluti af

Mynd 1

Innlán sem hlutfall af útlánum



Heimild: Ársreikningar bankanna.

móðurfélögum bankanna á Íslandi og féllu innlán í þeim undir Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta hér á landi en mismunandi var hvort reglur þess ríkis sem útibúið starfaði í takmörkuðu möguleika móðurfélaganna á að flytja það fé sem kom inn á innlánsreikninga til annarra hluta samstæðunnar, þ.m.t. til Íslands. Þar sem útibúin voru hluti af móðurfélagi sem staðsett var á Íslandi kom það að meginstefnu til í hlut Fjármálaeftirlitsins hér á landi að hafa eftirlit með starfsemi þeirra. Rannsóknarnefnd Alþingis ákvað því að taka sérstaklega til athugunar hvernig staðið var að stofnun og innlánaöfnun útibúanna. Svonefndir Icesave reikningar sem Landsbankinn bauð upp á í útibúum bankans í London og Hollandi hafa þar verulega sérstöðu og verður fjallað um þá hér á eftir. Áður verður fjallað almennt um innlánaöfnun í erlendum útibúum bankanna.

Svonefnd heildsöluinnlán sem safnað var í útibúum íslensku bankanna erlendis voru þegar orðin umtalsverð áður en bankarnir fóru að bjóða hina sérstöku reikninga undir vörumerkjum Icesave, Edge og Save & Save. Þannig voru heildsöluinnlán í útibúi Landsbankans í London alls 1.432 milljón evrur þegar bankinn hóf að markaðssetja Icesave reikninga þar í október 2006 og heildsöluinnlán í útibúi Landsbankans í Hollandi voru 997 milljónir evra þegar bankinn hóf starfsemi Icesave þar á landi. Tekið skal fram að þrátt fyrir beiðnir nefndarinnar til bankanna hafa ekki fengist fullnægjandi upplýsingar um skiptingu innlána í útibúum bankanna erlendis milli heildsöluinnlána og annarra innlána og um breytingar á þeim.

Kaupþing bauð fyrst upp á svonefnda Edge reikninga í útibúi bankans í Finnlandi í nóvember 2007. Þegar yfir lauk hafði bankinn tekið við innlánunum á slíka reikninga í alls 11 löndum og unnið var að opnun slíkra reikninga í fleiri löndum. Það var hins vegar mismunandi hvort þessir reikningar voru í útibúum eða erlendum dótturfélögum en eins og áður er vikið að féllu innlán í útibúum undir Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi. Edge reikningar Kaupþings voru í útibúum í eftirtöldum löndum (innan sviga kemur fram hvenær starfsemin byrjaði): Finnlandi (nóvember 2007), Svíþjóð (desember 2007), Noregi (febrúar 2008), Þýskalandi (apríl 2008) og Austurríki (september 2008). Egde reikningarnir voru hins vegar í dótturfélögum Kaupþings í eftirtöldum löndum (innan sviga kemur fram hvenær

Staða innlána í Kaupþing Edge

Allar upphæðir eru í milljónum evra	1. nóv. 2007	5. des. 2007	3. jan. 2008	4. feb. 2008	3. mar. 2008	3. apr. 2008	2. maí. 2008	3. jún. 2008	1. júl. 2008	1. ágú. 2008	1. sept. 2008	30. sept. 2008
<i>Útibú¹</i>												
Finnland	15	43	49	53	63	73	84	102	111	123	132	134
Svíþjóð	–	66	90	97	119	134	145	185	223	260	274	262
Noregur	–	–	–	79	149	194	175	186	203	244	255	239
Þýskaland og Austurríki	–	–	–	–	–	3	46	196	300	420	510	533
<i>Dótturfélög</i>												
Bretland og Mön	–	–	–	–	89	510	1124	1573	2055	2599	3054	3646
Belgía, Lúxemborg og Sviss	–	–	–	–	7	48	64	78	130	224	325	396
Danmörk	–	–	–	–	–	–	41	92	118	146	165	178
<i>Samtals</i>												
Útibú	15	110	139	230	331	403	450	669	837	1047	1171	1168
Dótturfélög	–	–	–	–	97	558	1230	1744	2303	2969	3544	4220

1. Ábyrgð Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.
Heimild: Kaupþing banki hf.

starfsemin byrjaði): Bretland (febrúar 2008), Danmörku og Lúxemborg (maí 2008), Mön (júní 2008) og Sviss (júlí 2008).

Alls námu innstæður á Edge reikningum Kaupþings 5.388 milljónum evra 30. september 2008 og þar af var stærstur hluti, 4.220 milljónir evra, í dótturfélögum en 1.168 milljónir evra í útibúum. Í útibúum voru innstæður á reikningum hæstar í Þýskalandi 532 milljónir evra. Við athugun rannsóknarnefndarinnar kom fram að Kaupþing hafði byrjað að bjóða upp á Edge reikninga í Bretlandi frá útibúi sínu en horfið frá því skömmu síðar. Á sama tíma og byrjað var að markaðssetja þá reikninga var umræða m.a í fjölmiðlum í Bretlandi um stöðu innstæðueigenda sem áttu reikninga hjá íslensku bönkunum og þá í ljósi stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi. Kaupþing færði því Edge reikninga sína í Bretlandi yfir til dótturfélagsins, Kaupthing Singer & Friedlander.

Af stóru íslensku bönkunum þremur var Glitnir sá sem hafði lægst hlutfall innlana miðað við útlán síðustu árin. Eftir að Glitnir hóf rekstur útibúa erlendis, til viðbótar við þau dótturfélög sem hann rak m.a. í Noregi og síðar í Finnlandi, byrjaði bankinn að safna heildsöluinnlánunum. Stærstur hluti þessara innlana var í útibúi bankans í London og í árslok 2007 námu innlán Glitnis þar 1,3 milljörðum punda. Innlán í útibúi Glitnis í London lækkuðu á tímabilinu mars til september 2008 um 528 milljónir punda. Í afkomutilkynningu Glitnis vegna 3. ársfjórðungs 2007 kom fram að eigendur innlana í útibúinu í London væru m.a. seðlabankar, fyrirtæki, bankar, húsnaðislánastofnanir og sveitarfélög. Það var ekki fyrr en í júní 2008 sem Glitnir fór að bjóða upp á rafræna innlánsreikninga fyrir einstaklinga erlendis með háum vöxtum. Þar var um að ræða reikninga undir heitinu Save & Save. Slíkir reikningar voru fyrst kynntir í Noregi en voru auk þess í boði á Íslandi. Við kynningu á þessum nýju reikningum kom fram hjá Lárusi Welding, forstjóra Glitnis, að bankinn hefði sett sér það markmið að auka hlutfall innlana í rekstri bankans umtalsvert á næstu árum. Með tilliti til þess hversu seint þessir reikningar komu til í starfsemi Glitnis telur rannsóknarnefnd Alþingis ekki tilefni til að fjalla frekar um þá hér.

18.2 Icesave reikningar Landsbanka Íslands hf. í útibúi hans í London

18.2.1 Almennt um Icesave reikninga Landsbanka Íslands hf. í London

Árið 2002 keypti Landsbanki Íslands hf. breska bankann Heritable Bank Ltd.¹ Snemma árs 2005 opnaði Landsbankinn útibú í London og samkvæmt tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins átti starfsemi útibúsins að vera tvíþætt, annars vegar útlánastarfsemi í formi sambankalána og hins vegar fyrirtækjaráðgjöf. Með bréfi, dagsett 29. júní 2005, tilkynnti bankinn Fjármálaeftirlitinu að ákveðið hefði verið að útvíkka starfsemi útibúsins þannig að hún tæki einnig til móttöku innlana. Fram kom að um væri að ræða móttöku heildsöluinnlana í nafni útibúsins sem aflað yrði fyrir milligöngu Heritable Bank Ltd. Útibúið hóf síðan að markaðssetja rafræna innlánsreikninga undir nafninu Icesave Easy Access í október 2006 en þeir voru einvörðungu ætlaðir einstaklingum.

1. Halldór Jón Kristjánsson og Sigurjón Þorvaldur Árnason: Developments leading up to the Icelandic banking crisis in October 2008. Drög 16. mars 2009, bls. 7.

Útibúið tók jafnframt áfram við heildsöluinnlánum.² Enda þótt tekið væri við innlánum á Icesave reikninga í útibúi Landsbankans í London var hin daglega umsýsla reikninganna annars vegar hjá starfsfólki dótturfélags bankans, Heritable Bank, og hins vegar var samið við Newcastle Building Society um tölvuvinnslu, uppgjör o.fl. Mark Sismey-Durrant, forstjóri Heritable Bank, var jafnframt framkvæmdastjóri Icesave.

Ákveðið var að hafa innlánsreikningana í útibúi fremur en að stofna um starfsemina sérstakt dótturfélag eða reka hana í dótturfélaginu Heritable Bank. Þetta var gert svo auðveldara væri að flytja fjármuni af reikningunum yfir í aðra hluta samstæðu bankans (e. upstream).³ Breskar reglur um stórar áhættuskuldbindingar setja slíkum fjármagnsflutningum aftur á móti þröngar skorður þegar um dótturfélög er að ræða. Af þessu fyrirkomulagi leiddi á hinn bóginn að innlánin voru tryggð á Íslandi af Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta eins og nánar er að vikið í kafla 17.0. Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, lýsti því í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að á árinu 2008 hefði komið upp breytt staða. „Við erum búnir að safna fimm milljörðum [punda] inn í útibúið og það er komin neikvæð umræða um það að Tryggingarsjóður sé orðinn aðalatriðið, ekki styrkleiki bankanna, heldur er Tryggingarsjóður allt í einu orðinn eitthvað aðalatriði sem hafði aldrei verið áður og engum hafði dottið í hug að gæti gerst. Það er allt í einu orðið það sem skiptir máli,“ sagði Sigurjón.⁴ Hann tók líka fram að það hefði „ekki verið í huga neins að það væri einhver fræðilegur möguleiki á því að það [yrði] slíkt hrun sem síðar varð“.⁵

Fram kom hjá Sigurjóni að þegar kom fram í júní 2007 hefði fjórðungur af innlánum Icesave verið settur í sjóð sem nýttur var til kaupa á erlendum verðbréfum sem talin voru mjög örugg og auðseljanleg. Í lok júní 2007 voru innlán á Icesave reikningana um 3,6 milljarðar punda. Þessum sjóði var ætlað að gera bankanum auðveldara að jafna sveiflur vegna úttekta af Icesave reikningum. Fram kom hjá Sigurjóni að þessi verðbréf hefðu síðan verið notuð í endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Evrópu síðla árs 2007, sem kom þá í veg fyrir að hægt væri að nýta þau til sveiflujöfnunar.⁶ Þegar spurt var hvort bankinn hefði að öðru leyti breytt um stefnu varðandi útlán, eða haft uppi áform um það, eftir að fjármögnun hans byggðist í auknum mæli á innlánum svaraði Sigurjón að ætlunin hefði verið að auka t.d. í Bretlandi lán út á viðskiptakröfur og vörubirgðir (e. asset based lending). Þetta hefði verið mjög þroskaður markaður í Bandaríkjunum en vanþroskaður í Evrópu.⁷ Þegar Sigurjón var spurður að því hvernig Landsbankinn hefði hugsað sér að leysa úr því að fá erlendan gjaldeyri til að mæta útgreiðslum af Icesave reikningunum m.a. í ljósi þess að fyrirgreiðsla Seðlabanka Íslands væri að mestu takmörkuð við íslenskar krónur, svaraði hann því til að þar hefði bankinn talið sig hafa aðgengi að evrum en geta síðan nálgast aðrar myntir í gegnum Seðlabanka Evrópu. Til viðbótar kæmi síðan hinn svonefndi „swap-markaður“ til að skipta milli gjaldmiðla.⁸

2. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 39.

3. Halldór Jón Kristjánsson og Sigurjón Þorvaldur Árnason: Developments leading up to the Icelandic banking crisis in October 2008. Drög 16. mars 2009, bls. 88.

4. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 80.

5. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 27. ágúst 2009, bls. 8.

6. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 27. ágúst 2009, bls. 12–13.

7. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. ágúst 2009, bls. 25.

8. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 92.

Við skýrslutöku lýsti Sigurjón Þ. Árnason einnig tilkomu vörumerkis-
ins Icesave. Sagði hann að fyrirsvarsmenn Landsbankans hefðu upphaflega
talið neikvætt að íslenskur banki væri að markaðssetja innlán í Bretlandi.
Auglýsingastofa sem unnið hefði með bankanum hefði hins vegar bent á
að menn gætu aldrei falið það hvaðan bankinn væri upprunninn og því
væri einfaldlega betra að auglýsa það sérstaklega. Þannig hefði vörumerkið
„Icesave“ orðið til.⁹ Viggó Ásgeirsson, forstöðumaður markaðs- og vefdeildar
Landsbankans, hafði áður lýst því í viðtali við *Morgunblaðið* 28. febrúar 2008
að rannsóknir hefðu gefið til kynna að „einföld og skýr skilaboð ásamt sterkri
tengingu við Ísland myndu gefa góða raun“ við markaðssetningu Icesave
reikninganna.

Þar sem Icesave var rekið í útibúi Landsbankans leiddi af reglum
ESB/EES að eftirlit með starfsemi þess var að meginstefnu til í höndum
Fjármálaeftirlitsins á Íslandi en breska fjármálaeftirlitið (FSA) átti þó sam-
kvæmt þessum reglum að hafa eftirlit með lausafjárstýringu útibúsins og gat
einnig haft afskipti af markaðshæðun þess vegna Icesave. Málefni Icesave
voru einnig til umfjöllunar hjá Seðlabanka Íslands sem m.a. fundaði nokkr-
um sinnum með fulltrúum Landsbankans. Þá áttu bæði Fjármálaeftirlitið og
Seðlabankinn samskipti við systurstofnanir sínar í Bretlandi vegna Icesave
og fundir voru haldnir með fulltrúum þeirra á seinni hluta ársins 2008.
Loks voru málefni Icesave rædd á fundum samráðshóps forsætisráðuneytis,
fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka
Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Þessi samskipti verða ekki rakin
heildstætt hér heldur vísast um efni þeirra til umfjöllunar á öðrum stöðum
í þessari skýrslu, sjá einkum kafla 19.0. Hins vegar verður vikið að ákveðn-
um atriðum sem máli eru talin skipta fyrir heildarmyndina um sögu Icesave
reikninga Landsbankans. Rannsóknarnefndin telur einnig ástæðu til að vekja
athygli á því að þrátt fyrir að starfsemi Icesave í Bretlandi hafi hafist haustið
2006 og vöxtur hennar með tilheyrandi hækkun innlána verið hvað mestur
á árinu 2007 var það ekki fyrr en kom fram á árið 2008 að Icesave kom að
ráði við sögu hjá þessum stofnunum samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum um
starfsemi þeirra og samskipti þeirra í milli og við Landsbankann.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefndinni greindi Eiríkur Guðnason,
seðlabankastjóri, frá því að einn af framkvæmdastjórum Landsbankans
hefði sagt honum síðla árs 2007, í aðdraganda þess að Seðlabankinn breytti
reglum sínum um bindiskyldu af innlánnum á reikningum bankanna erlendis,
að Landsbankinn væri ekki að færa heim til Íslands það fé sem kæmi inn á
innlánsreikninga í útibúum erlendis. Það hefði ekki verið fyrr en eftir mitt
ár 2008 sem komið hafi í ljós að farið var að færa þessa peninga heim til
Íslands.¹⁰ Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, lýsti því
við skýrslutökur hjá nefndinni að það hefði fyrst verið þegar líða tók á árið
2008 sem bankastjórnin hefði gert sér grein fyrir að peningar sem komu
inn á Icesave reikningana væru að einhverju marki fluttir heim.¹¹ Eiríkur
Guðnason tók fram að svona eftir á að hyggja hefðu það verið slæm mistök
að sú nákvæma upplýsingaöflun sem áður tíðkaðist af hálfu Seðlabankans um
skiptingu innlána eftir útibúum hefði verið lögð af og bönkunum einungis

„Að sögn hans [Viggó Ásgeirsson]
hefur stærsta einstaka verkefnið erlendis verið
markaðssetning á innlánareikningum Icesave í
Bretlandi. „Rannsóknir gáfu til kynna að einföld
og skýr skilaboð ásamt sterkri tengingu við
Ísland myndu gefa góða raun. Tölurnar tala sínu
máli og hafa innlán í gegnum Icesave aukist með
gríðarlegum hraða.““

Viðtal *Morgunblaðsins* við Viggó Ásgeirsson, forstöðumann
markaðs- og vefdeildar Landsbanka Íslands hf., 28. febrúar
2008.

9. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 8.

10. Skýrsla Eiríks Guðnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. maí 2009, bls. 37–38.

11. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 24–25 og 49.

„Frá og með deginum í dag býður Landsbankinn sparifjáreigendum í Bretlandi upp á nýjan skattfrjálstan innlánsreikning, Icesave Isa, en greiddir verða 6,1% vextir af innlánum sem nema eitt þúsund pundum eða meira [...] og segir í frétt *The Sunday Times* að þetta séu bestu kjörin sem bjóðist á innlánsreikningi af þessu tagi [...]. Raunar hafa ýmsir bankar í Bretlandi sem bjóða upp á svipaða eða sams konar innlánsreikninga lækkað vextina í kjölfar stýrivaxtalækkunar Englandsbanka þannig að Landsbankinn býður mun betri kjör en þeir. Líkt og með innlánsreikninginn Icesave sem slegið hefur rækilega í gegn, er trygging veitt fyrir því að vextirnir verði 0,3% hærri en stýrivextir Englandsbanka fram til byrjunar ársins 2011 og að minnsta [kosti] jafnháir þeim fram til ársins 2013.“

Vísitíðablaðið 15. janúar 2008, bls. 4.

„Results published by the key players in Iceland's financial sector last week helped alleviate fears that the country is on the cusp of a Northern Rock-style bank funding crisis. But analysts reckon that, thanks to a series of cross-shareholdings across the Icelandic economy, it would not take much for the whole country's financial system to go into meltdown.“

The Daily Telegraph, 5. febrúar 2008.

„British savers have billions in Icelandic accounts, but its banking system is looking shaky.“

The Sunday Times, 10. febrúar 2008.

„Like many Icelandic companies, FL owned big stakes in other local blue chips. Such cross ownership has been cited as a chief vulnerability in the Icelandic system because it means that when one company's shares are hit, others are as well.“

Reuters, 14. febrúar 2008.

„Kazakhstan: A Comparison with Iceland.“

Nafn á skýrslu Bear Stearns, 29. febrúar 2008.

gert að skila þessum upplýsingum í samandregnum heildaryfirlitum. Það var svo ekki fyrr en í kjölfar breytinga á reglum um bindiskylduna í mars 2008 sem Seðlabankinn fór að safna upplýsingum þar sem gerður var greinarmunur á innstæðum erlendra aðila í útibúum erlendis annars vegar og útibúum innanlands og höfuðstöðvum hins vegar.¹²

Sigurjón Þ. Árnason sagði við skýrslutöku hjá nefndinni að hann teldi að bankastjórar Seðlabankans hefðu átt að gera sér grein fyrir að þeir peningar sem komu inn á Icesave reikningana nýttust að hluta til starfsemi bankans á Íslandi. Þeir hefðu verið hluti af þeim fjármunum sem notaðir voru við fjárstýringu bankans í heild. Sigurjón lýsti því hins vegar að á árinu 2008 hefði í raun ekki verið ráðrúm til að flytja fjármuni til Íslands af Icesave reikningum bankans. Ástæðuna rakti hann til þess að mikið útstreymi hefði verið af heildsöluinnlánum það ár. Innflæði af innlánum hefði því í raun verið jafnað út með fyrrgreindu útstreymi heildsöluinnlána.¹³ Nánar verður fjallað um fjárstýringu Icesave fjármunanna í umfjöllun um fjármögnun bankanna, sjá kafla 8.0.

18.2.2 Lausafjárstýring útibús Landsbanka Íslands hf. í London

Landsbanki Íslands hf. fékk sérstaka undanþágu (e. Global Liquidity Concession) frá lausafjárefirtiliti breska fjármálaeftirlitsins (FSA) og átti hún að gilda til 2011. Fór móðurfélagið með lausafjárstýringu útibúsins undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins á Íslandi.¹⁴

Í kjölfar lausafjársvanda Northern Rock bankans haustið 2007, sem síðar leiddi til þess að hann var yfirtekinn af breska ríkinu í febrúar 2008, fóru breskir fjölmiðlar að beina sjónum sínum að öðrum bönkum sem áhættusamt kynni að vera að treysta fyrir sparnaði. Neikvæð umfjöllun birtist um íslensku bankana, sérstaklega varðandi hækkandi skuldatryggingarálag þeirra. Sem dæmi má nefna grein sem *The Daily Telegraph* birti 5. febrúar 2008 undir fyrirsögninni „Is Iceland headed for meltdown?“. Einnig má nefna grein sem *The Sunday Times* birti 10. febrúar sama ár og bar yfyrskriftina „Time to bale out of Iceland?“. Hinn 3. mars 2008 birti *The Financial Times* síðan viðtal við Geir H. Haarde, forsætisráðherra, undir fyrirsögninni „Iceland's PM urges banks to curb plans for expansion“. Sama dag, þ.e. 3. mars 2008, flutti sjónvarpsstöðin Channel 4 í Bretlandi þátt um öryggi innstæðna þar í landi. Í þættinum ræðir þáttastjórnandi við Davíð Oddsson, formann bankastjórnar Seðlabanka Íslands. Davíð segir skuldatryggingarálag á íslensku bankana of hátt. Jafnframt segir hann: „The economy of this country is quite extraordinary good. [...] I think that the CDS that are so much higher on some of these banks than on the average elsewhere is not fair and should not be so high.“ Segir hann engan banka geta staðist til lengdar skuldatryggingarálag sem nemi 500 til 600 punktum. Síðar í viðtalinu hefur fréttamaður eftir Davíð að íslenska ríkið hafi efni á að tryggja innstæður allra bankanna. Orðrätt segir Davíð: „These banks are so sound that nothing like that is likely to ever happen. And if something would happen we would never be talking about the whole amount, because it is never like that, but even so Icelandic economy, the state being debtless, this would not be too much for the state to swallow, if it would like to swallow it.“

12. Skýrsla Eiríks Guðnason fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. maí 2009, bls. 37–38.

13. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 57 og 61.

14. Ódagsett minnisblað FME um samskipti við FSA 2008 tekið saman af GJ.

Hinn 15. mars 2008 birti *The Financial Times* umfjöllun þar sem ónafngreindir viðmælendur líkja Íslandi við risavaxinn vogunarsjóð. Í þessu sambandi má einnig nefna grein *MoneyWeek* frá 19. mars 2008 sem fjallar um það hvaða bönkum í Bretlandi sé varasamt að treysta fyrir sparnaði. Verstir þykja íslensku bankarnir, sbr. eftirfarandi orð um skuldatryggingarálag þeirra: „But if they're Icelandic, then be afraid; these banks are starting to be priced for bankruptcy risk.“ Loks birti *The Daily Telegraph* grein 8. apríl 2008 þar sem leiddar voru líkur að því að til þess gæti komið að Íslendingar þyrftu á aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að halda. Fyrirsögn greinarinnar var „Fear of Iceland bail-out could signal new future for the IMF“. Um svipað leyti birtu ýmsir greiningaraðilar, á borð við J.P. Morgan, Merrill Lynch, Moody's og fleiri, neikvæðar skýrslur um íslenska bankakerfið. Þetta varð til þess að gert var áhlaup (e. run) á Icesave reikninga Landsbankans.

Á tímabilinu 10. febrúar 2008 til 22. apríl sama ár námu úttektir hátt í einum milljarði punda eða um 20% af heildarinnstæðum á Icesave reikningum útibús Landsbankans í London.¹⁵ Landsbankinn náði hins vegar að standa þetta áhlaup af sér og innlán tóku að streyma inn á nýjan leik.

Líkt og vikið var að hér að framan fór starfsemi Icesave auk nokkurrar innlánastarfsemi gagnvart lögaðilum fram í útibúi Landsbankans í London en ekki í dótturfélagi. Samkvæmt Halldóri J. Kristjánssyni, bankastjóra Landsbankans, var þetta talið æskilegra fyrirkomulag svo hægt væri að „nýta og stýra fjármunum samstæðunnar í heild sinni“.¹⁶ Í febrúar 2008 virðast umræður hafa hafist um að færa innlánastarfsemi útibúsins í London í dótturfélag. Önnur hugmynd sem fram kom á fyrri hluta árs 2008 var að færa vörumerki Icesave, hvað óbundna innlánsreikninga varðaði, yfir til dótturfélagsins Heritable Bank þannig að öll innlán sem bærust eftir það tilheyrðu dótturfélagi en ekki útibúi.¹⁷ Þessar hugmyndir urðu þó ekki að veruleika.

Hinn 7. febrúar 2008 fundaði bankastjórn Seðlabanka Íslands með Geir H. Haarde, forsætisráðherra, Árna M. Mathiesen, fjármálaráðherra, og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, utanríkisráðherra í forsætisráðuneytinu. Í drögum að fundargerð kemur fram að Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, hafi lýst för sinni til London þar sem hann átti fundi með ýmsum aðilum, m.a. matsfyrirtækinu Moody's. Á þeim fundi hafi verið lýst áhyggjum af Icesave reikningum Landsbankans m.a. vegna þess að fjármunir gætu runnið þaðan út ef vantraust skapaðist. Í sömu ferð funduðu Davíð Oddsson og Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðs-sviðs Seðlabankans, einnig með forsvarsmönnum Landsbankans. Við skýrslutöku lýsti Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans því að mál íslensku bankanna hefðu verið skeggrædd á þeim fundi.¹⁸

Hinn 8. febrúar 2008 fundaði bankastjórn Seðlabankans með bankastjórn Landsbankans, Halldóri J. Kristjánssyni og Sigurjóni Þ. Árnasyni. Í fundargerð Seðlabankans er haft eftir Halldóri að af hálfu Landsbankans sé verið að skoða flutning Icesave reikninganna yfir í breskt félag. Því næst er haft eftir Sigurjóni að ef Icesave verði flutt í dótturfélag glattist hins vegar möguleikinn á því að flytja féð til annarra hluta bankasamstæðunnar (e. upstream). Í þessu

„Some say Iceland is a “giant hedge fund”, with its corporate and banking sectors leveraging up to make above-average returns. The banks are being hammered in credit markets as investors fret about their perceived dependence on wholesale funding, macro-economic imbalances, alleged lack of transparency, and cross-ownership issues.“

The Financial Times, 15. mars 2008.

„Iceland shows cracks as the krona crashes.“

Fyrirsögn greinar *The Daily Telegraph*, 23. mars 2008.

„The spreads on Icelandic bank debt have risen above 800 basis points, near levels seen in Bear Stearns' debt before the Federal Reserve's rescue. Which raises the thorny question: Is the Icelandic government - which presides over an economy the size of Bristol - big enough to underpin its encephalitic banks if push ever comes to shove?“

The Daily Telegraph, 27. mars 2008.


„When clients ask us why the Icelandic banks are considered to have a higher risk profile than their other European peers, one does not have to search hard for answers: rapid expansion, inexperienced yet aggressive management, high dependence on external funding, high gearing to equity markets, connected party opacity. In other words: too fast, too young, too much, too short, too connected, too volatile.“

Úr skýrslu Merrill Lynch 31. mars 2008.

„Fear of Iceland bail-out could signal new future for the IMF.“

The Daily Telegraph, 8. apríl 2008.

Mynd 2
Staða Icesave í Bretlandi



Heimild: Landsbanki Íslands hf.

15. Halldór Jón Kristjánsson og Sigurjón Þorvaldur Árnason: Developments leading up to the Icelandic banking crisis in October 2008. Drög 16. mars 2009, bls. 90.

16. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 5.

17. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 7 og 24.

18. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 72–74.

„Given the nature of the business to be transferred (and particularly having regard to the fact that the transfer will not be limited solely to the retail deposit-taking activities) we recommend that the procedure under Part VII of FSMA be used to give effect to the proposed transfer.“

Úr álitssgerð Allen & Overy 22. febrúar 2008.

samhengi skal þess getið að í drögum að fundargerð vegna fundar sömu aðila 12. janúar sama ár er haft eftir Halldóri að Landsbankinn þoli ekki áhlaup á Icesave.

Landsbankinn aflaði sér lögfræðilegrar álitsgerðar frá lögmannsstofunni Allen & Overy LLP um þær leiðir sem færar væru við að flytja innlánsreikninga úr útibúi bankans yfir í dótturfélag hans í London. Í álitsgerð lögmannsstofunnar frá 22. febrúar 2008 kemur fram að þrjár leiðir séu færar:

1. Hægt sé að flytja innlánsreikninga með samþykki innstæðueigenda frá útibúi Landsbankans yfir í Heritable Bank eða annað dótturfélag hans. Í þessu samhengi nefnir lögmannsstofan tvo kosti. Annars vegar megi senda öllum innstæðueigendum beiðni um samþykki. Slíkt hafi nokkra ókosti þar sem ekki sé víst að svör berist frá öllum og þar að auki kunni sumir að neita flutningi. Hins vegar nefnir lögmannsstofan að til greina komi að ganga út frá samþykki innstæðueigenda þar til annað komi í ljós, þ.e. svokallað ætlað samþykki (e. implied consent). Lögmannsstofan virðist þó telja nokkra óvissu ríkja um lögmati þessarar aðferðar.
2. Hægt sé að flytja alla innlánsreikningana yfir í Heritable Bank eða annað nýtt dótturfélag bankans fyrir atbeina dómstóls (e. court procedure) samkvæmt ákvæðum VII. kafla Financial Services and Markets Act 2000 (FSMA).
3. Loks sé hægt að flytja innlánsreikninga á milli banka með sérstakri löggjöf um flutning.

Í álitsgerðinni er mælt með því að leið nr. 2 verði farin. Tekið er fram að það taki að öllum líkindum sex mánuði að ljúka málsmeðferð samkvæmt VII. kafla FSMA.

Hinn 4. mars 2008 funduðu Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið með bankastjórum Landsbankans, að beiðni Fjármálaeftirlitsins. Í drögum að fundargerð Seðlabankans segir að rétt hafi verið um innlánstryggingar. Haft er eftir Halldóri J. Kristjánssyni að betra sé að hafa innlán í dótturfélagi þótt lausafé nýtist verr.

Daginn áður, þ.e. 3. mars 2008, höfðu Davíð Oddsson og Ingimundur Friðriksson fundað í Seðlabanka Bretlands með Mervyn King, aðalbankastjóra, og Sir John Gieve, yfirmanni fjármálastöðugleikadeildar bankans. Í minnisblaði Seðlabanka Íslands segir að Davíð hafi á fundinum lagt áherslu á: „að staða bankanna væri býsna góð“. Í beinu framhaldi segir: „Lausafjárstaða þeirra væri rúm enda hefðu þeir dregið mikilvægan lærdóm af reynslu sem þeir gengu í gegnum á árinu 2006.“ Síðar í minnisblaðinu segir: „Ráða mátti af orðum forsvarsmanna Bank of England að þeir hefðu ekki nægar upplýsingar til þess að meta rétt stöðu íslensku bankanna. Þeir töldu t.d. að innlán sem safnað er í Bretlandi væru meira og minna notuð til þess að fjármagna hraðan vöxt útlána á Íslandi.“ Í minnisblaðinu segir einnig: „Augljóst var af orðum forsvarsmanna Bank of England að þeir voru uppteknir af mögulegum afleiðingum þess að mikið yrði tekið út af reikningum í bönkum, þ.m.t. Landsbanki Íslands í London. Það gæti haft smitáhrif. Þeir voru nokkuð uppteknir af fyrirkomulagi innstæðutrygginga og hvernig á þær myndi reyna ef til kæmi.“

Hinn 6. mars 2008 átti Davíð Oddsson fund með Geir H. Haarde. Við skýrslutöku upplýsti Geir að Davíð hefði við það tækifæri greint honum frá

fundi sínum í Bretlandi og að þar hefðu forsvarsmenn Seðlabanka Bretlands lýst áhyggjum sínum af Icesave reikningum Landsbankans.¹⁹ Geir lýsti því jafnframt að í kjölfar fundarins með Davíð hefði Geir boðað Sigurjón Þ. Árnason á sinn fund. Hefðu þeir átt þrjá slíka fundi í mars 2008. Á fundunum hefði m.a. verið rætt um Icesave reikningana og fjármögnun Landsbankans. Greindi Geir frá því að Sigurjón hefði á einum þessara funda, 19. mars 2008, sagt að öll neikvæð umfjöllun hefði slæm áhrif á Icesave reikningana. Reikningarnir hefðu hæst farið í 4,9 milljarða punda en stæðu nú í 4,5 milljarðum punda. 15 milljónir punda hefðu streymt út þann daginn.²⁰

Hinn 14. mars 2008 funduðu bankastjórar Landsbankans með fyrirsvarsmönnum FSA um úttekt (e. ARROW²¹ visit) sem stofnunin hafði nýlega framkvæmt á bankanum.²² Jafnframt var rætt um það viðhorf FSA að ástæða væri til að fella niður fyrrgreinda undanþágu frá lausafjárefirliti FSA sem bankinn hafði notið fram að því. Slíkt myndi leiða til þess að FSA færi framvegis með lausafjárefirlit gagnvart útibúinu. Rök FSA voru m.a. þau að viðskipti Landsbankans hefðu tekið stakkaskiptum og viðskiptaumhverfið jafnframt breyst frá því að undanþágan var veitt.²³ Einnig var rætt um það hvort æskilegt væri að Landsbankinn færði Icesave innlánsreikninga úr útibúi bankans í London yfir í dótturfélag hans, Heritable Bank. Slík yfirfærsla myndi leiða til þess að ábyrgð á innstæðutryggingum færðist frá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta yfir til breskrar systurstofnunar sjóðsins (Financial Services Compensation Scheme). Tilefni fundarins var einnig veik staða Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, hækkandi skuldatryggingarálag íslensku bankanna og neikvæð umræða í breskum fjölmiðlum sem vikið var að hér að framan.

Í minnisblaði sem Mark Sismey-Durrant, forstjóri Heritable Bank, tók saman 20. mars 2008, en hann gegndi einnig stöðu framkvæmdastjóra Icesave, var sett fram yfirlit um þau atriði sem huga þyrfti að við flutning innlánsreikninganna yfir í bankann og hvaða starfsmenn gætu tekið þau að sér.

Sigurjón Þ. Árnason sagði við skýrslutöku að FSA hefði lýst því yfir að ef flytja ætti Icesave reikningana frá útibúinu til dótturfélags þyrfti Landsbankinn að flytja á einu bretti um 20% af eignum bankans yfir til Heritable Bank á móti innlánunum sem voru nær 5 milljarðar punda. Sem hluta af þessu hefði væntanlega mátt færa útlán útibúsins í London yfir. Þetta hefði eðlilega haft veruleg áhrif á lausafjárstöðu bankans og skuldbindingar hans gagnvart öðrum lánardrottnum.²⁴

Hinn 30. mars 2008 var haldinn fundur Seðlabankans og bankastjóra Landsbankans. Í drögum að fundargerð Seðlabankans er haft eftir Halldóri J. Kristjánssyni að útstreymi hafi verið af Icesave reikningum þennan dag. Hann hafi einnig sagt að í umræðunni endurtaki sig tortryggni vegna Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Síðar í fundargerðinni kemur fram að Sigurjón Þ. Árnason hafi rætt um „tvær tímasprengjur“, þ.e. Icesave og heildsöluinnlán. Loks er haft eftir Sigurjóni að „líkurnar á að íslensku bankarnir komist í gegnum þetta [sér] mjög mjög litlar“.

„Líkurnar á að íslensku bankarnir komist í gegnum þetta eru mjög mjög litlar.“

Haft eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni í drögum að fundargerð Seðlabanka Íslands 30. mars 2008.

19. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 42.

20. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 43.

21. Skammstöfun á Advanced, Risk-Responsive, Operating frameWork.

22. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 6.

23. Sbr. bréf FSA til bankastjóra Landsbanka Íslands hf. 21. maí 2008.

24. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 27. ágúst 2009, bls. 1.

Hinn 1. apríl 2008 fundaði samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármála-
ráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands
um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Í drögum að fundargerð kemur fram að
rætt hafi verið um innlánsreikninga Kaupþings banka hf. og Landsbankans í
Bretlandi. Hafi Áslaug Árnadóttir, settur ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytis,
bent á mikilvægi þess að Kaupþing skrái innlán í dótturfélagi sínu en bent á að
Icesave reikningarnir væru ekki í dótturfélagi heldur í útibúi Landsbankans.
Haft er eftir Áslaugu að til standi að breyta reglum breskrar systurstofn-
unar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og að breytingin geti gert
samanburð tryggingakerfa landanna enn óhagstæðari Íslandi og þar með
gert stöðu innstæðueigenda í íslenskum bönkum erlendis verri. Í drögum
að fundargerð er jafnframt haft eftir Bolla Þór Bollasyni, ráðuneytisstjóra
forsætisráðuneytis, að stjórnendur bankanna ættu að gera sér grein fyrir að
stjórnvöld vilji verja innstæðueigendur en ekki hluthafa eða lánardrottna. Því
næst er haft eftir Baldri Guðlaugssyni, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis:
„BG sagði vandann vera [þann] að menn vilji einfaldar lausnir. Það skipti nú
m.a. máli hvort Landsbankanum takist að flytja innlán útibúsins yfir [í] dótt-
urfélag í Bretlandi.“ Í beinu framhaldi segir: „TP [Tryggvi Pálsson] nefndi að
fjármálaeftirlit Bretlands setji það skilyrði að eignir færist samhliða til dóttur-
félagsins, þ.m.t. viðeigandi lausafjárstaða. BB [Bolti Þór Bollason] bætti við
að tilflutningur innlána þar sem samband væri haft við alla innstæðueigendur
hlyti að vera viðkvæm aðgerð.“

Sama dag, þ.e. 1. apríl 2008, áttu Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún
Gísladóttir fund með bankastjórn Seðlabanka Íslands. Í minnisblaði Ingibjargar
segir m.a.: „Dávíð Oddsson hafði orð fyrir stjórninni og byrjaði á að segja að
193 millj. punda hafi runnið út af Icesave reikningum um helgina og þar til
þennan dag. Sagði að Landsbankinn gæti þolað svona 6 daga.“ Síðar hefur
Ingibjörg eftir Dávíð að breska fjármálaeftirlitið vilji að Landsbankinn færi
Icesave reikningana yfir í breskt dótturfélag. Þetta sé „líklega vegna reglna um
innstæðutryggingar“.²⁵

Hinn 4. apríl 2008 rituðu bankastjórar Landsbankans FSA bréf. Þar kom
fram sú skoðun þeirra að rétt væri að stefna á flutning Icesave reikning-
anna ásamt eignum útibús bankans yfir í Heritable Bank. Slíkt myndi leysa
þann vanda sem talinn væri til staðar varðandi hið íslenska fyrirkomulag á
innstæðutryggingum. Með þessari ráðstöfun þyrfti þá ekki að endurskoða
fyrirkomulag á lausafjäreftirliti útibúsins. Í bréfinu leggja bankastjórnir til
að farin verði leið ætlaðs samþykkis (e. implied consent), sbr. umfjöllun um
lögfræðilega álitserð Allen & Overy hér að framan. Bankastjórnir segjast
þó viðurkenna að ákveðinnar réttaróvissu gæti varðandi þessa leið. Af þeim
sökum geti einnig þurft að hugleiða að beita VII. kafla FSMA til að ganga frá
lausum endum í kjölfar fyrri aðferðarinnar.²⁶ Loks kemur fram að af hálfu
bankans sé þess vænst að ráðagerðin geti gengið greiðlega fram þar sem flutn-
ingurinn sé brýnn.

Sama dag, þ.e. 4. apríl 2008, áttu bankastjórar Landsbankans fund með
bankastjórn Seðlabankans. Í drögum að fundargerð Seðlabankans er m.a. haft
eftir Halldóri J. Kristjánssyni: „Icesave í neikvæðri umræðu. Góður dagur

25. Ódagsett minnisblað Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur vegna fundar 1. apríl 2008.

26. Líkt og fram er komið felur flutningur á grundvelli VII. kafla Financial Services and Markets Act
2000 í sér að reikningar eru fluttir í dótturfélag fyrir atbeina dómstóls (e. court procedure).

ef ekki fer meira en 25 m. út.“ Síðar bendir Halldór á að ef af tilflutningi verði muni skattstofn flytjast til Bretlands. Hins vegar muni þetta draga úr skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Á fundi bankaráðs Landsbankans 7. apríl 2008 var fjallað um sameiningu starfsstöðva bankans í London. Í fundargerð kemur fram að Halldór J. Kristjánsson hafi kynnt málið og bent á að innlánstryggingar vegna Icesave væru tvíþættar, þ.e. annars vegar frá Íslandi og seinni hluti þeirra frá Bretlandi. Þetta breyttist ef unnið væri í gegnum dótturfélag í Bretlandi. Það væri því rétt að huga nánar að skipulaginu m.a. vegna neikvæðrar umræðu um núverandi fyrirkomulag í breskum fjölmiðlum. Heildsöluinnlán verði áfram í útibúinu enda séu ekki sömu áherslur varðandi þau. Bankaráðið samþykkti tillögu bankastjóranna.

Hinn 10. apríl 2008 fundaði bankaráð Seðlabanka Íslands. Í fundargerð er haft eftir Ragnari Arnalds að ástæða sé til að óttast um innstæður í íslenskum bönkum erlendis þegar birtar séu áskoranir um að forðast allt sem íslenskt er. Því næst er Davíð Oddsson sagður hafa útskýrt mun á stöðu dótturfélaga og útibúa. Íslenskar innstæðutryggingar eigi við um útibú. Fram kemur að hann hafi rætt um útstreymi af reikningum útibús Landsbankans í London. Haft er eftir Davíð að ástandið hafi „róast eitthvað“.

Í bréfi FSA til Landsbankans 16. apríl 2008 kom fram sú skoðun FSA að huga þyrfti að breytingum á lausafjäreftirliti og lausafjárstýringu útibúsins enda væri ólíklegt að það tæki skamman tíma að færa Icesave reikninga yfir í dótturfélag bankans. Varðandi aðferðir við yfirfærsluna lýsti FSA því að ef Landsbankinn hygðist fara leið ætlaðs samþykkis teldi FSA nauðsynlegt að áður væri gengið úr skugga um að sú aðferð væri lögmæt og myndi skila árangri.

Landsbankinn svaraði FSA með bréfi 24. apríl 2008. Þar kemur fram að flutningur Icesave reikninga yfir í dótturfélag sé á miðlungs- eða langtíma-áætlun bankans og að huga verði vel að honum áður en nokkrar ákvarðanir séu teknar. Einnig kemur fram að bankastjórnir telji að flutningur reikninganna á grundvelli VII. kafla FSMA sé ef til vill skynsamlegri kostur en að byggja á ætluðu samþykki ef og þegar til hans komi.

Í bréfi FSA til Landsbankans 25. apríl 2008 er tekið fram að FSA sé ljóst að Landsbankinn hafi flutning Icesave reikninganna í dótturfélag ekki lengur á skammtímaáætlun sinni. FSA muni hins vegar halda áfram að huga að þessum möguleika og séu starfsmenn stofnunarinnar reiðubúnir að ræða hann frekar.

Landsbankinn svaraði FSA með bréfi 28. apríl 2008 þar sem skilningi er lýst á afstöðu FSA varðandi flutning Icesave reikninganna. Málið verði rætt áfram ef og þegar tekin verði ákvörðun af hálfu Landsbankans um að fara þessa leið.

Hinn 7. maí 2008 hélt bankastjórn Seðlabanka Íslands fund með Geir H. Haarde, Árna M. Mathiesen og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Samkvæmt minnisblaði Ingibjargar kom fram hjá Davíð að það fari í taugarnar á Seðlabanka Bretlands að íslensku bankarnir séu farnir að auka innlánastarfsemi og þeir séu að bjóða betri kjör en þeir bresku. Telji Bretarnir að þeir séu að sprengja upp markaðinn.²⁷

27. Ódagsett minnisblað Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, „Minnisatriði af fundum með bankastjórn Seðlabankans á árinu 2008 og annað efni og minnisatriði sem þeim tengjast“.

Hinn 23. maí 2008 ritaði FSA Landsbankanum bréf. Þar lýsir stofnunin undrun sinni á því að þrátt fyrir ítarlegar viðræður undanfarið sé enn ekki fullkomið samkomulag um þær lausafjárkröfur sem FSA geri til útibús bankans í London. Fram kemur að áframhaldandi tafir á málinu séu FSA verulegt áhyggjuefni.

Hinn 27. maí 2008 svaraði Landsbankinn bréfi FSA. Vísað er til fyrri samskipta við FSA um lausafjárstýringu útibúsins í London. Með bréfinu fylgdi minnisblað Landsbankans þar sem fjallað er um þau atriði sem bankinn telur að samkomulag sé um milli aðila. Þar kemur m.a. fram að Landsbankinn fallist á að afsala sér undanþágu frá lausafjárstýringu FSA. Hvað flutning Icesave reikninga í dótturfélag varðar segir að samkomulag sé um að það sé umræðuefni til lengri tíma ef til þess komi að Landsbankinn telji rétt að hefja slíkt ferli.

FSA svaraði Landsbankanum með bréfi, dags. 29. maí 2008, þar sem undanþágan frá lausafjárstýringunni var afturkölluð. Með bréfinu fylgdi áætlun um lausafjárstýringu þar sem FSA gerði m.a. þá kröfu að Landsbankinn hefði ávallt tiltækan varasjóð er næmi 5% af óbundnum innlánnum samstæðunnar. Sjóðurinn, sem þá hefði átt að nema um 110 milljónum punda, skyldi varðveittur í Seðlabanka Bretlands. Engar takmarkanir skyldu vera á tilfærslu fjárrá útibúinu til höfuðstöðva Landsbankans á Íslandi.

Í fundargerð 1954. fundar bankaráðs Landsbankans frá 2. júní 2008 er greint frá ákvörðun FSA frá 29. maí um lausafjárstýringu útibúsins í London. Tekið er fram að FSA sé í raun einnig að reyna að hafa áhrif á vaxtaákvæðanir Landsbankans á innlánnum í Bretlandi. Viðbrögð og kröfur FSA séu mjög hörð. Sýnilegt sé að FSA sé að gæta breskra hagsmuna en ekki aðeins reglna.

Í skjali Seðlabanka Íslands frá 24. júní 2008 sem nefnt er „Ljóti listinn“ er að finna samantekt á aðfinnslum og neikvæðri umfjöllun um íslenska fjármálakerfið sem birst hafði vikurnar á undan. Þar kemur m.a. fram að matsfyrirtækið Moody's telji Icesave „ekki stöðug innlán“ og íhugi að lækka láns hæfismat Landsbankans.

18.2.3 Áform um flutning Icesave reikninga Landsbanka Íslands hf. úr útibúi hans í London yfir í dótturfélag tekin upp að nýju

Hinn 2. júlí 2008 funduðu bankastjórar Landsbanka Íslands hf. með breska fjármálaeftirlitinu (FSA) um málefni Icesave. Samkvæmt Halldóri J. Kristjánssyni, bankastjóra Landsbankans, var krafa FSA um að Icesave reikningar Landsbankans yrðu færðir í dótturfélag sett fram í fyrsta sinn á þessum fundi.²⁸

Hinn 7. júlí 2008 var haldinn samráðsfundur Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Í drögum að fundargerð Seðlabankans kemur fram að Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, hafi ítrekað að brýnast væri að Landsbankinn flytti innlán sín í Bretlandi úr útibúi yfir í dótturfélag. Því næst segir í fundargerð: „Tryggvi Pálsson [framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabanka Íslands] fullyrti að ríkissjóður gæti ekki tekið á sig innlánstryggingar án þess að hætta á gjaldþrot ríkissjóðs.“

Daginn eftir, þ.e. 8. júlí 2008, fengu bankastjórar Landsbankans tölvubréf frá FSA þar sem áréttað var að huga yrði að flutningi Icesave reikninga

„Tryggvi Pálsson fullyrti að ríkissjóður gæti ekki tekið á sig innlánstryggingar án þess að hætta á gjaldþrot ríkissjóðs.“

Drög Seðlabanka Íslands að fundargerð vegna samráðsfundar Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans 7. júlí 2008.

„In this light, and after a very useful discussion about Icelandic risk [...] we agreed that you would do the following: (i) subsidarise the Icesave book in as short a timescale as possible with a target date of end-2008.“

Tölvubréf FSA til Landsbankans 8. júlí 2008.

28. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 26.

yfir í dótturfélag bankans. Fram kom að ljóst væri að FSA og Landsbankinn hefðu ólíka sýn á áhættu í tengslum við íslenskan efnahag og jafnframt hvernig sú áhætta gæti haft áhrif á hagsmuni innstæðueigenda í Bretlandi. Í því sambandi var sérstaklega vikið að áhyggjum af getu Seðlabanka Íslands til að styðja við íslenska bankakerfið. Einnig var áhyggjum lýst varðandi fjármögnun Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Af þessum röksemdum dró FSA þá ályktun að meiri hætta steðjaði nú að breskum innstæðueigendum en áður. Með þetta í huga og með hliðsjón af viðræðum FSA við fyrirsvarsmenn Landsbankans um áhættu tengda Íslandi, m.a. skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins,²⁹ hefðu FSA og bankinn komist að samkomulagi um að:

1. Færa Icesave innlánsreikninga í dótturfélag í Bretlandi á eins skömmum tíma og hægt væri. Markmiðið væri að þetta gæti átt sér stað við lok ársins 2008. Lofaði FSA að styðja Landsbankann við þetta ferli eftir fremsta megni.
2. Takmarka heildarfjárhæð innlána við 5 milljarða punda þar til yfirfærslan hefði átt sér stað.
3. Fylgja þeirri stefnu að vextir á óbundnum Icesave reikningum kæmu ekki fram á svonefndum skráum yfir bestu kjör (e. best buy tables).

Á mynd 3 má sjá að óbundnir Icesave reikningar voru stóran hluta ársins 2007 í fyrsta sæti á lista yfir þá reikninga sem bjóða bestu innlánsvexti í Bretlandi, skv. vefsíðu Moneysorter sem tileinkuð er fjármálum. Í upphafi árs 2008 færast reikningarnir þó neðar á listann. Á sama tíma komu Kaupthing Edge reikningar Kaupthing Singer & Friedlander á markað í Bretlandi.³⁰


Í fundargerð bankaráðs Landsbankans 10. mars 2008 kemur fram að vextir á Icesave séu þá í 12. til 7. sæti í Bretlandi. Til að vera í efsta sæti þurfi 125 grunnpunkta ofan á vexti Seðlabanka Bretlands. Heildarinnlán Icesave nemi 4.675 milljónum punda og þar af séu bundin innlán 1.167 milljónir punda eða 25%. Fram kemur að meðalinnstæður hafi lækkað allhratt. Þær hafi hæstar verið 45.000 pund en séu nú nær 35.000.

Bankastjórar Landsbankans svöruðu með bréfi 15. júlí 2008. Þar lýsa þeir því yfir að þeir séu tilbúnir til þess að ræða á ný um yfirfærslu innlánsreikninga úr útibúi bankans yfir í dótturfélag. Það sé hins vegar til margs að líta áður en slík ákvörðun verði tekin. Þá kemur fram að Landsbankinn sé ekki tilbúinn að una við að sett sé þak á innlán í útibúi hans. Loks áskilur Landsbankinn sér ákvörðunarvald um vexti á Icesave reikningum með vísan til þeirrar stefnu sinnar að bjóða viðskiptavinum upp á samkeppnishæfa vexti.

Í millitíðinni, þ.e. hinn 14. júlí 2008, fundaði bankastjórn Seðlabanka Íslands með bankastjórum Landsbankans. Í drögum Seðlabankans að fundargerð kemur fram að Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, hafi spurt um flutning innstæðna yfir í dótturfélag. Hvað Bretland varðar segir í drögum að fundargerð að Halldór J. Kristjánsson hafi sagt að málið væri í skoðun en þá þurfi jákvæða umsögn FSA og fimm til sex mánaða frest eftir

Mynd 3

Staða Icesave Easy Access og Kaupthing Edge reikninganna á listum yfir bestu kjör¹




1. e. Best buy tables.

Heimild: http://www.moneysorter.co.uk/best_buy_internet_bank.html.

Mynd 4

Þróun Icesave og staða á listum yfir bestu kjör¹ í Bretlandi



1. e. Best buy tables.

Heimild: Landsbanki Íslands hf., http://www.moneysorter.co.uk/best_buy_internet_bank.html.

29. Hér er að öllum líkindum átt við skýrslu sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 4. júlí 2008.

30. Sjá vefsíðuna http://www.moneysorter.co.uk/best_buy_internet_bank.html.

„[...] íslensk stjórnvöld voru ekkert að keyra okkur áfram í þessu [...]. Enda snerist það ekkert um það, það var ekki eins og við vildum ekki gera það, það var bara ekki hægt að uppfylla þau skilyrði sem voru sett til þess að gera það. [...] En bresk stjórnvöld vildu þetta endilega og settu þessar pressur og ég held að bresku stjórnvöldin hafi viljað fá það fram að það væri ríkisábyrgð á öllu draslinu.“

Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
19. ágúst 2009, bls. 127.

„Ef ég er heiðarlegur, það eina sem ég ásaka mig fyrir í þessu ferli er að hafa ekki knúið á meira að við dótturfélagavæddum starfseminum í Bretlandi og þegar við fórum af stað í Hollandi...“

Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2008, bls. 23.

það. Haft er eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni að hann sé „ekki viss um að flutningurinn borgi sig nema fyrir Tryggingarsjóð innstæðueigenda“. Síðar í drögum að fundargerð kemur fram að Ingimundur Friðriksson, seðlabankastjóri, hafi spurt hvort hafinn væri undirbúningur að flutningi innlánsreikninga úr útibúinu í Bretlandi í dótturfélag og hafi því verið svarað til að svo væri ekki. Í skýrslu Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að þetta hefði komið bankastjórn Seðlabankans mjög á óvart þar sem hún hefði staðið í þeirri trú að unnið hefði verið að flutningi Icesave reikninganna yfir í dótturfélag frá því að þetta bar á góma á fundi hennar með bankastjórum Landsbankans snemma árs 2008 og hefðu seðlabankastjórar ekki fyrr verið látnir vita um stefnubreytingu Landsbankans að þessu leyti.³¹

Í þessu samhengi má geta þess að við skýrslugjöf fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram hjá Halldóri J. Kristjánssyni að hann hefði verið „mjög fylgjandi“ dótturfélagsvæðingu.³² Við skýrslutökur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýstu Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson, seðlabankastjórar, því að á fundi með bankastjórum Landsbankans í júlí 2008 hefði þeim orðið ljóst að bankastjórnarnir voru ekki á eitt sáttir hvað flutning Icesave reikninganna í dótturfélag varðaði. Þótti þeim Sigurjón þá mótfallinn flutningnum.³³ Í skýrslutöku vísaði Sigurjón Þ. Árnason því á bug að hann hefði haft aðra afstöðu en Halldór. Sigurjón kvaðst hins vegar ávallt hafa rætt hispurslaust um þau vandamál sem þyrfti að leysa svo flytja mætti Icesave innlánsreikninga úr útibúi yfir í dótturfélag og því kunni menn að hafa dregið þá ályktun að hann hefði aðra afstöðu en Halldór.³⁴

Um svipað leyti urðu umræður í breska þinginu um íslensku bankana og Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Hinn 1. júlí 2008 hafði Oakeshott lávarður borið upp tvær spurningar sem svarað var 14. og 15. júlí sama ár.³⁵ Fyrri spurningin varðaði heildareignir hins íslenska tryggingarsjóðs. Síðari spurningin laut að ráðstöfunum breskra stjórnvalda til að ganga úr skugga um greiðsluþol og stöðugleika íslenska tryggingarsjóðsins sem og þeirra íslensku banka sem á þeim tíma tóku við innlánum í Bretlandi. Hinn 16. júlí 2008 urðu umræður í þingnefnd breska þingsins (Treasury Select Committee) þar sem frétt *The Times* frá 5. sama mánaðar um stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta var gerð að umtalsefni. Í fréttinni segir m.a. um sjóðinn: „It describes itself, not very accurately, as “prefunded” but actually has £88 million in the kitty. That’s to cover deposits totalling £13.6 billion, 154 times as much.“ Einnig segir: „The total deposits covered are twice the country’s entire GDP.“ Á fundi bresku þingnefndarinnar varpaði Michael Fallon, þingmaður, m.a. þeirri spurningu fram hvort breskir sparifjáreigendur væru að fullu tryggðir ef til þess kæmi að íslenskur banki yrði gjaldþrota. Þetta málefni var aftur tekið upp á fundi nefndarinnar 22. júlí sama ár.

FSA skrifaði Landsbankanum tölvubréf 22. júlí 2008 þar sem segir að svör bankans í síðasta bréfi, þ.e. bréfi dags. 15. júlí sama ár, séu áhyggjuefni. Í ljósi

31. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 49.

32. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 29–30.

33. Skýrsla Eiríks Guðnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. maí 2009, bls. 39. Sjá einnig skýrslu Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 27.

34. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. september 2009, bls. 30–31.

35. Upplýsingar af vef breska þingsins. Sjá http://www.publications.parliament.uk/pa/ld/lords_hansard_by_date.htm.

nýjstu atburða leiki enginn vafi á að aukin hætta sé nú á áhlaupi á íslensku bankana sem og að Landsbankinn hafi þá ekki nægt lausafé til að greiða breskum innstæðueigendum. Þetta mat sé ekki einungis byggt á greiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins³⁶ heldur einnig á öðrum þáttum, svo sem hærri skuldatryggingarálögum og neikvæðri umfjöllun fjölmiðla. Almenningur hafi áhyggjur af útibúum frá bönkum annarra ríkja EES-svæðisins og hafi bresk þingnefnd (Treasury Select Committee) fjallað um málið 16. júlí 2008. Þar hafi komið fram efasemdir um að íslensk stjórnvöld hefðu bolmagn til þess að koma bönkunum til aðstoðar vegna stærðar þeirra miðað við þjóðarframleiðslu. Af þessum sökum séu það mikil vonbrigði að Landsbankinn sé ekki tilbúinn til að setja 5 milljarða punda þak á innlán sín. Í ljósi þess að innlán hafi aukist frá 29. maí úr 4 milljörðum punda í 4,6 milljarða punda sé nauðsynlegt að styrkja lausafjárstöðu útíbúsins til að mæta úttektum. Því verði að auka varasjóðinn upp í 10%. Verði Landsbankinn ekki við tilmælum um að bæta lausafjárstöðu sína og takmarka innlánin við 5 milljarða punda markið muni FSA íhuga að beita valdheimildum sínum til þess að vernda breska innstæðueigendur. Óskað var svara fyrir 30. júlí en síðan skyldu málin rædd á fundum á Íslandi 30. júlí og 1. ágúst.

Sama dag, þ.e. 22. júlí 2008, fundaði samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Í drögum að fundargerð segir m.a.: „IF [Ingimundur Friðriksson] vék að móttöku innlána í útibúum íslenskra banka en FSA hefur hvatt Landsbankann til að flytja innlánað sitt yfir í þarlent dótturfélag. Það ferli er ekki hafið og Landsbankinn virðist því mótdrægur. IF spurði hvort þessari breytingu væri hægt að koma á með reglusetningarvaldi. ÁÁ [Áslaug Árnadóttir] sagði að stofnun útibúa og móttöku innlána þar væri ekki hægt að banna heldur aðeins tefja. Ferlið væri einfalt.“ Undir lok fundargerðar segir: „JFJ [Jónas Fr. Jónsson] ítrekaði að þrýsta yrði á flutning innlána yfir í dótturfélög.“

Hinn 24. júlí 2008 var haldinn símafundur á milli bankastjóra Landsbankans og fyrirsvarsmanna FSA og var sá fundur hljóðritaður. Af hálfu FSA var rík áhersla lögð á þá hættu sem væri á því að gert yrði áhlaup á útibú Landsbankans í Bretlandi. Sú hætta hefði aukist mjög mikið og tíminn sem Landsbankinn hefði til að færa reikningana yfir í dótturfélag væri að renna út. Fengist Landsbankinn ekki til að grípa til aðgerða strax yrði valdheimildum FSA beitt gegn bankanum. Af hálfu FSA var krafan orðuð svo: „[...]we need a solid cap, a solid liquidity buffer and a firm intention to move towards subsidisation in a reasonable time-scale and we do think that those three commitments can and should be made.“

Fjármálaeftirlitið á Íslandi og FSA funduðu einnig um þetta leyti, sbr. símafund sem haldinn var 28. júlí 2008. Tilefni fundarins var bréf FSA til Landsbankans frá 22. júlí sama ár. Samkvæmt minnisblaði Fjármálaeftirlitsins lagði stofnunin áherslu á „hversu snögg þessar aðgerðir FSA kæmu til og að LÍ fengi stuttan frest til að bregðast við eftir að hafa nýlega komist að samkomulagi³⁷ um framvindu lausafjármála með tilliti til innlána í UK“.³⁸

„To clarify our position we can commit in principle to the following: 1. Landsbanki has firm intentions to move towards subsidisation of the Icesave operations in the UK within a reasonable timeframe.“

Bréf Landsbankans til FSA 28. júlí 2008.

36. Hér er að öllum líkindum átt við skýrslu sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 4. júlí 2008.

37. Að öllum líkindum er átt við minnisblað FSA sem var fylgiskjal með bréfi stofnunarinnar, dags. 29. maí 2008, til Landsbankans.

38. Minnisblað Guðmundar Jónssonar, sviðsstjóra hjá Fjármálaeftirlitinu, dags. 28. júlí 2008.

Með bréfi til FSA 28. júlí 2008 lýsti Landsbankinn sig reiðubúinn til að vinna að því að færa Icesave innlánsreikninga úr útibúi sínu yfir í breskt dótturfélag innan hæfilegs tíma. Jafnframt að miðað yrði við 5 milljarða punda þak á innlán á Icesave reikningana. Loks lofaði bankinn að hækka fjárbindingu úr 5% í 10% af óbundnum innlánum í Bretlandi. Sama dag sendi Landsbankinn Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu minnisblað þar sem bankinn útskýrði forsendur sínar fyrir að fallast á skilyrði FSA. Þar lagði Landsbankinn áherslu á:

1. Að öll núverandi réttindi útibúsins og reglur um lausafjárstýringu skyldu haldast óbreytt í dótturfélagi, þ.e. sömu reglur giltu þar um og um hefði samist við FSA vorið 2008. Þetta taldi Landsbankinn grundvallaratriði til að raska ekki lausafjárstöðu bankasamstæðunnar í heild.
2. Að hækkan fjárbindingar hjá Seðlabanka Bretlands úr 5% í 10% af óbundnum innlánum í Bretlandi yrði háð því skilyrði að skýrar reglur giltu um ráðstöfun þess fjár. Ef um óvæntar útgreiðslur yrði að ræða þyrfti þetta að vera það lausafé bankans sem fyrst yrði nýtt til að mæta slíku útstreymi. Landsbankinn vildi þá helst að þessi fjárbinding væri í Seðlabanka Íslands, a.m.k. 5% viðbótin.
3. Að samningaviðræður um fjárhæðamörk fyrir Icesave fram að dótturfélagsvæðingu væru mjög vandasamar. Bankinn væri reiðubúinn til þess að sæta ákveðnum takmörkunum en þá innan vikmarka. Annar möguleiki væri sá að ef fjárhæðin færi yfir tiltekin mörk hækkaði fjárbinding hjá Seðlabanka Bretlands um það sem næmi fjárhæð yfir 5 milljarða punda.

FSA hafði, líkt og fram er komið, gert úttekt á áhættuþáttum útibús Landsbankans í London með svokallaðri „ARROW visit“.³⁹ Með bréfi 30. júlí 2008 kynnti FSA Landsbankanum formlega niðurstöður sínar. Þar kemur fram það mat FSA að áhætta útibúsins sé yfir meðallagi há. Ástæða þessa sé fyrst og fremst sú starfsemi bankans sem tengist Icesave innlánsreikningum. Þá segir jafnframt í bréfinu að á meðan ekki hafi verið gerðar frekari ráðstafanir til að draga úr áhættu vegna Icesave hafi FSA ákveðið að útibúið skuli sett á vöktunarlista stofnunarinnar. Til þess að komast af listanum þurfi Landsbankinn að sýna fram á að gerðar hafi verið úrbætur sem dragi úr áhættu. FSA lagði mikla áherslu á lausafjárstýringu útibúsins og tengdist það einkum Icesave, þ.e. að tryggt væri nægt aðgengi að lausafé ef til þess kæmi að gert yrði áhlaup á útibúið með tilheyrandi úttektum af reikningum.⁴⁰

Hinn 31. júlí 2008 funduðu Davíð Oddsson, Ingimundur Friðriksson og Tryggvi Pálsson af hálfu Seðlabanka Íslands með tveimur starfsmönnum FSA, þeim Michael Ainley og Melanie Beaman. Af drögum að fundarpunktum Seðlabankans má ráða að starfsmenn FSA hafi lagt áherslu á flutning Icesave reikninga Landsbankans í Bretlandi í dótturfélag. Fram kemur að FSA og Seðlabanki Íslands séu sammála um að stefnt skuli að slíkum flutningi.

Sama dag, þ.e. 31. júlí 2008, áttu bankastjórar Landsbankans fund með bankastjórn Seðlabanka Íslands. Af drögum Seðlabankans að fundargerð má

39. ARROW er skammstöfun á Advanced, Risk-Responsive, Operating frameWork.

40. Bréf bankastjórnar til bankaráðs Landsbanka Íslands hf. varðandi úttekt breska fjármálaeftirlitsins (FSA) á áhættuþáttum útibús Landsbanka Íslands hf. í London, Landsbanki London Branch, dags. 5. september 2008.

ráða að rætt hafi verið um flutning Icesave reikninga yfir í Heritable Bank. Haft er eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni að Landsbankinn þurfi undanþágu fyrir stórar áhættuskuldbindingar. Í drögum kemur jafnframt fram að rætt hafi verið um innstæðutryggingar í sambandi við Icesave reikningana. Haft er eftir Sigurjóni: „Hjálpar ekki að þið segið að Tryggingarsjóður eigi ekki pening.“ Síðar segir að Davíð Oddsson hafi tekið fram að hvergi sé sagt að íslenska ríkið sé skuldbundið. Í drögum að fundargerð er einnig haft eftir Halldóri J. Kristjánssyni að hann sé ekki einn um þá skoðun að 20.000 evrur séu þjóðréttarleg skuldbinding. Fram kemur að Davíð hafi verið ósammála þessu og haft er eftir honum: „Engin ríkisábyrgð sett nema með lögum.“ Fram kemur að Halldór hafi svarað því til að þá þurfi að afla slíkrar heimildar. Því næst er haft eftir Davíð: „Eruð að safna innlánnum án þess að tala við þjóðina um skuldbindinguna. Þið tveir getið ekki gert þjóðina gjaldþrota.“

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Halldór J. Kristjánsson nánar spurður út í fyrrgreindan fund með bankastjórn Seðlabankans. Halldór viðurkenndi að þá Davíð Oddsson hefði greint á um ábyrgð Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Um þetta sagði Halldór: „Ég var alltaf þeirrar skoðunar að við einhvers konar „normal“ aðstæður að þá væri „Evrópu-dírektívið“ þjóðréttarlegar skuldbindingar, svona „hobbi-lögfræðingur“ eins og ég, mér fannst það blasa við, að á bak við þessar tuttugu þúsundir. En ég er algjörlega sammála þeim í þessu sem segja að það megi draga mjög í efa hvort hún eigi við þegar kerfishrun verður og ég man eftir því að það var eitthvað sem hollenski seðlabankastjórinn hélt fram við okkur þegar við töluðum við hann að svona sjóður væri til að taka á einstökum áföllum en ekki kerfishruni. Ég var hins vegar á þeirri skoðun að samkvæmt lögum um Tryggingarsjóðinn hefur Tryggingarsjóðurinn heimild til að taka lán, sem er nýtt til þess að greiða og ég leit þess vegna þannig á að miðað við þjóðréttarlega stöðu tilskipunarinnar þá bæri sjóðnum að taka slíkt lán og reyna að uppfylla skuldbindingar sínar. Og þegar menn eru að reyna að velta fyrir sér, þegar reynir á svona sjóð, þá eru menn náttúrulega aldrei að gera ráð fyrir altjóni, heldur að það sé eitthvert endurheimtuhlutfall, vonandi sem allra mest. En það var nú bara þessi „debat“ sem við tókum um eðli þessara ábyrgða og Seðlabankinn og sérstaklega formaður Seðlabankastjórnarinnar hafði þennan skilning og mér fannst hann fullþröngur hjá honum, þótt ég viðurkenndi alveg meginsjónarmiðið.“⁴¹

Síðar sama dag, þ.e. 31. júlí 2008, fundaði samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Af drögum að fundargerð má ráða að ítarleg umræða hafi átt sér stað um Icesave reikninga Landsbankans og samskipti bankans við FSA. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, að bresk stjórnvöld telji sig ekki vita nægilega mikið um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, fjármögnun hans, útgreiðsluferli o.fl. Jafnframt er haft eftir Jónasi: „Símafundur FSA og FME var haldinn sl. mánudag en þá hafði FSA í raun verið búin að taka ákvörðun án samráðs við FME. FME hefur gert athugasemdir við takmarkað samráð og lýst efasemdum um að magntakmarkanir sem þessar væru í samræmi við „letter and spirit of European law“ og farið fram á að a.m.k væri veitt

41. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 20–21.

„BG [Baldur Guðlaugsson] lagði til að FSA sé minnt á að verið sé að vinna að yfirfærslu innlána til dótturfélaga og þá stýttist í að hugsanlegir vankantar tryggingarsjóðsins komi ekki að sök. JFJ [Jónas Fr. Jónsson] sagði FSA líka hafa ástæðu til að óttast tímann fram að yfirfærslu. Það væri heppni að engin fjölmiðla-umræða hafi orðið eftir umræðurnar í [bresku] þingnefndinni.“

Drög að fundargerð samráðshóps forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands 31. júlí 2008.

„Fannst Sigurjóni [Þ. Árnasyni] þetta sýna hugsunarhátt FSA UK í hnotskurn, þ.e. þeir litu ekki heildstætt á málið. Þeir yrðu að horfa á þetta á samstæðugrundvelli annars væri Landsbankinn dauður o.þ.m. Ísland.“

Fundargerð Fjármálaeftirlitsins frá 1. ágúst 2008.

„tolerance limit“. Hins vegar væri vafasamt fyrir Landsbankann að fara í lagaþrætur við FSA.“ Því næst er haft eftir Tryggva Pálssyni að FSA sé að vinna gott verk með því að takmarka hugsanlegar skuldbindingar íslenska ríkisins vegna Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Haft er eftir Ingimundi Friðrikssyni að á fundi Seðlabankans með fulltrúum FSA hafi komið fram að unnt væri að ljúka yfirfærslu Icesave reikninga yfir í dótturfélag á þremur mánuðum. Þá er í drögum að fundargerð haft eftir Tryggva Pálssyni að íslensk stjórnvöld ættu að leggja FSA lið og jafnframt að vinna ofan af móttöku innlána í útibúum íslensku bankanna annars staðar. Síðar er haft eftir Baldri Guðlaugssyni, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis, að það geti orðið banabiti fyrir bankana ef umræða fari af stað um veikleika Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Einnig segir að Ingimundur Friðriksson hafi sagt að Seðlabankinn setji þrýsting á Landsbankann um að ljúka yfirfærslu yfir í dótturfélag. Síðar segir að Baldur Guðlaugsson hafi lagt til að FSA verði minnt á að verið sé að vinna að yfirfærslu innlána til dótturfélaga og þá stýttist í að hugsanlegir vankantar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta komi ekki að sök. Því næst er haft eftir Jónasi Fr. Jónssyni að FSA hafi einnig ástæðu til að óttast tímann fram að yfirfærslu. Það hafi verið heppni að engin fjölmiðlaumræða hafi orðið eftir umræðurnar í bresku þingnefndinni.

Hinn 31. júlí og 1. ágúst 2008 héldu bankastjórar Landsbankans fundi með FSA á Íslandi og kynntu m.a. þau skilyrði sem bankinn taldi að yrðu að vera fyrir hendi svo hann gæti flutt innlán sín yfir í dótturfélag. Bar þar hæst undanþágu sem bankinn vildi fá samkvæmt 148. gr. VII. kafla Financial Services and Markets Act (FSMA) frá reglum um stórar áhættuskuldbindingar milli móður- og dótturfélags þannig að hægt væri að færa innlán óhindrað frá dótturfélaginu yfir til móðurfélagsins. Eftir síðari fundinn með FSA funduðu bankastjórnirnar með starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins. Í fundargerð Fjármálaeftirlitsins frá þeim fundi er haft eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni að heildareignir Heritable Bank nemi 1.000 milljónum punda. Af þeim vilji Landsbankamenn fara með 600 milljónir punda í sérvarið skuldabréf en FSA sé ekki sátt við það þar sem fulltrúar stofnunarinnar telji þetta of hátt hlutfall af heildareignum Heritable Bank. Síðan segir í fundargerðinni: „Fannst Sigurjóni þetta sýna hugsunarhátt FSA UK í hnotskurn, þ.e. þeir litu ekki heildstætt á málið. Þeir yrðu að horfa á þetta á samstæðugrundvelli annars væri Landsbankinn dauður o.þ.m. Ísland.“

Hinn 1. ágúst 2008 rituðu bankastjórar Landsbankans FSA bréf. Vísað var til funda sem haldnir hefðu verið tvo undangengna daga. Með bréfinu fylgdu tvö minnisblöð Landsbankans. Í því fyrra setti bankinn formlega fram tillögur sínar varðandi flutning Icesave reikninganna í dótturfélag. Tillaga bankans var sú að innstæður útibúsins í London yrðu fluttar yfir til Heritable Bank, dótturfélags Landsbankans, á grundvelli VII. kafla FSMA. Sú aðferð fæli í sér opinbera málsmeðferð fyrir dómstól í Bretlandi. Landsbankinn leit svo á að yrði þessi leið farin þyrfti bankinn jafnframt að njóta undanþágu á grundvelli 4. mgr. 148. gr. FSMA til þess að geta flutt innlán frá dótturfélaginu til annarra hluta bankasamstæðunnar. Í síðara minnisblaði Landsbankans eru sett fram ítarlegri rök fyrir því að fyrrnefnd undanþága verði veitt.

FSA ritaði Landsbankanum bréf 5. ágúst 2008. Af bréfinu má ráða að FSA hafi talið að samkomulag hefði náðst um 5 milljarða punda hámark á innlán í útibúi bankans í London og að fjárbinding af óbundnum innlánnum útibúsins yrði hækkuð úr 5% í 10%. FSA féllst ekki á að bankinn gæti farið

fram úr 5 milljarða punda mörkunum gegn því að leggja pund fyrir pund, þ.e. allar innstæður umfram 5 milljarða punda markið, inn á reikning hjá Seðlabanka Bretlands eða Seðlabanka Íslands. Á hinn bóginn féllst FSA á að 5% af fjárbindingu bankans yrðu lögð inn á reikning hjá Seðlabanka Íslands. Þá féllst FSA einnig á það að innlánsreikningarnir yrðu fluttir yfir í dótturfélag Landsbankans, Heritable Bank. Hins vegar var ekki fallist á að veitt yrði undanþága frá reglum um stórar áhættuskuldbindingar í viðskiptum Heritable Bank og Landsbankans. Landsbankinn var því beðinn um að endurskoða áætlun sína um flutning innlana yfir í dótturfélag með hliðsjón af þessu. Hin nýja tillaga yrði að gera ráð fyrir flutningi eigna úr öðrum hlutum Landsbankasamstæðunnar yfir í Heritable Bank. Þá setti FSA það skilyrði að staðfesting bærst eigi síðar en 12. ágúst 2008 um að Landsbankinn undirgengist að færa reikningana með þessum hætti yfir í dótturfélag. Jafnframt kom fram að FSA hefði sett það markmið að flutningi skyldi lokið 31. október 2008 en í síðasta lagi 31. desember sama ár. Tækist Landsbankanum ekki að virða þessi tímamörk eða ef ekki semdist um skilmála flutningsins myndi FSA taka til athugunar hvort beita ætti formlegum valdheimildum stofnunarinnar gagnvart bankanum.

Strax eftir móttöku fyrrnefnds bréfs FSA 5. ágúst 2008 funduðu bankastjórar Landsbankans með Davíð Oddssyni og Eiríki Guðnasyni, bankastjórum Seðlabanka Íslands. Fundarefnið voru erfiðleikar tengdir dótturfélagsvæðingu Icesave. Samkvæmt drögum Seðlabankans að fundargerð töldu bankastjórar Landsbankans FSA hafa sýnt óbilgirni varðandi dótturfélagsvæðinguna. Í fundargerð segir: „Í fyrsta lagi hefði FSA hafnað hugmyndum LÍ um að leggja fé sem safnaðist í Icesave umfram 5 ma. punda inn í Englandsbanka eða Seðlabanka Íslands (SÍ). Í öðru lagi hefði FSA hafnað tillögum Landsbankans um framkvæmdina á yfirfærslu Icesave í dótturfélagið Heritable Bank (HB), en færa þarf eignir á móti innstæðum Icesave sem fluttar verða til HB. Landsbankamenn lýstu enn fremur vonbrigðum vegna þess að samningum við FSA um lausafjárstýringu á milli LÍ og HB hefði verið sagt upp, en LÍ hefði vænst þess að hann gildi til 2011 og hagað starfsemi sinni eftir því.“ Síðar í fundargerð segir að Davíð Oddsson hafi minnt á mikilvægi þess að starfsemi Icesave í öðrum löndum væri rekin á vegum dótturfélaga. Haft er eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni að sú staða sem upp sé komin sé sú erfiðasta sem bankinn hafi „upplifað“. Síðar í drögum að fundargerð segir að Halldór J. Kristjánsson hafi reifað þá hugmynd að Seðlabankinn tæki við innstæðum frá Heritable Bank að fjárhæð 2,5 milljörðum⁴² punda en lánaði síðan sömu fjárhæð jafnskjótt til Landsbankans gegn tilteknum veðum. Eiríkur Guðnason hafi svarað því til að hugmyndin færi líklega nærri því að vera þrautavarálan. Slík fyrirgreiðsla hefði mikil áhrif á efnahagsreikning Seðlabankans og ef hún yrði veitt þyrfti opinber tilkynning að fylgja. Slíkt hefði í för með sér orðsporsáhættu fyrir íslenska bankakerfið. Í drögum að fundargerð segir að Davíð Oddsson hafi þá spurt hvort til greina kæmi að „standa í lappirnar gagnvart FSA“. Því næst segir í fundargerðinni: „SPÁ [Sigurjón Þ. Árnason] sagði að því fylgdi mikil áhætta að standa í lappirnar gagnvart FSA á þessu stigi. [...] Ákvörðun um að standa í ístaðinu væri af þeirri stærðargráðu að

„We must receive your commitment to the principle of transfer to a subsidiary that operates on a normal basis and this revised proposal by close of business 12 August 2008. We are also setting a target completion date for subsidisation on 31 October 2008 and a firm deadline 31 December 2008. If you do not meet the deadline, or we are unable to agree on a proposal for subsidisation, then as previously discussed the FSA will consider using its legal powers to take further steps to mitigate the risks to depositors.“

Bréf FSA til Landsbankans 5. ágúst 2008.

42. Í drögum að fundargerð er rætt um 2,5 milljónir punda en af samhenginu má ráða að átt sé við 2,5 milljarða punda.

fulltrúar LÍ treystu sér ekki til að taka hana upp á eigin spýtur, þar sem hún gæti haft veruleg áhrif á allt íslenska fjármálakerfið. Af þessum sökum hefðu þeir komið til fundar við SÍ. Í lok fundargerðar segir: „SPÁ sagði að lokum að hann teldi líklegt að möguleg aðstoð SÍ þyrfti að vara þar til LÍ hefði náð markaðsaðgangi á skuldabréfamarkaði á ný.“

Halldór J. Kristjánsson upplýsti við skýrslutöku að tillaga bankastjóra Landsbankans sem nefnd er í fundargerð Seðlabankans hér að framan, um að Seðlabankinn tæki við innstæðum frá Heritable Bank en lánaði sömu fjárhæð jafnskjótt til Landsbankans, hefði verið úrræði til að komast framhjá breskum reglum um stórar áhættuskuldbindingar. Við sama tækifæri upplýsti Halldór að þegar leið á ágúst 2008 hefðu borist þau skilaboð frá Seðlabankanum að ekki yrði fallist á þessa ósk bankastjóra Landsbankans.⁴³ Sigurjón Þ. Árnason kvaðst hafa útfært hugmyndina nánar í viðræðum við starfsmenn Seðlabankans þannig að Seðlabankinn þyrfti aðeins að lána Landsbankanum í íslenskum krónum. Tillagan fólst í því að Landsbankinn sem móðurfélag og Heritable Bank gerðu með sér gjaldeyrisskiptasamning þar sem Heritable Bank myndi breyta pundum sínum af Icesave reikningum yfir í íslenskar krónur. Þessar krónur legði Heritable Bank inn hjá Seðlabankanum á Íslandi. Seðlabankinn myndi síðan endurlána krónurnar til Landsbankans gegn veði í hluta af útlánasafni Landsbankans í endurhverfum viðskiptum. Á Sigurjóni var að skilja að hann hefði ekki fengið góðar undirtektir við þessari tillögu. Taldi hann að forsvarsmenn Seðlabankans hefðu ekki skilið hugmynd sína.⁴⁴ Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis ræddi Eiríkur Guðnason um framangreinda beiðni Landsbankans. Aðspurður um nánari tildrög þess að beiðni Landsbankans var hafnað svaraði Eiríkur: „Jú, sko þeir fóru fram á að fá þessa fyrirgreiðslu, fá sem sagt Seðlabankabréf gegn veði í eignum Landsbankans án þess að nokkuð yrði tilkynnt um það. Það náttúrulega kom ekki til greina því að það hefði komið í ljós strax næstu mánaðamót þegar Seðlabankinn birti efnahagsreikning, að efnahagsreikningurinn hefði stækkað, blásið upp, hvað var það 60% eða eitthvað gríðarlegt? Það var á svona fundi sem ég spurði Sigurjón: Hvers vegna þurfið þið að gera þetta svona?“ Eiríkur sagði að Sigurjón hefði þá svarað því til að eftirlitsaðilarnir úti skildu ekki umrædd útlán. Eiríkur sagðist þá hafa spurt: „Er það af því að eftirlitsaðilarnir úti eru svona vitlausir eða útlánin svona léleg?“ Sigurjón hefði svarað: „Sennilega hvort tveggja.“⁴⁵ Í þessu sambandi skal þess getið að við skýrslutöku lýsti Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans, því að í júní 2008 hefði Sigurjón Þ. Árnason sagt honum berum orðum að lánasafn Landsbankans væri þannig að bresk yfirvöld myndu ekki samþykkja það sem eign á móti Icesave skuldbindingum. Aðspurður um ástæðu þessa sagðist Sturla ekki geta skilið orð Sigurjóns með öðrum hætti en að „það sætti sig enginn við þetta nema kannski íslenska Fjármálaeftirlitið“.⁴⁶

Í þessu samhengi er vert að geta draga að minnisblaði sem sérfræðingar Seðlabankans tóku saman að beiðni bankastjórnar Seðlabankans. Þar er lagt mat á fyrrgreinda tillögu Landsbankans. Bent er á að fyrirgreiðslan sem

43. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 32–34.

44. Skýrslur Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 107–110, og 27. ágúst 2009, bls. 153. Sjá einnig minnisblað Sigurjóns Þ. Árnasonar, „Minnisblað um Icesave og mögulega ríkisábyrgð“, dags. 27. ágúst 2009.

45. Skýrsla Eiríks Guðnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. maí 2009, bls. 49–50.

46. Skýrsla Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. júlí 2009, bls. 59.

farið sé fram á nemi nær tvöföldu markaðsvirði Landsbankans miðað við skráð gengi í kauphöll. Jafnframt segir að taka verði mið af því að umrædd fyrirgreiðsla ein og sér nemi nær þriðjungi af landsframleiðslu. Þeirri spurningu er varpað fram hvort hagsmunum ríkisins og innstæðueigenda í Landsbankanum sé ef til vill betur borgið með því að Seðlabankinn eða ríkið taki yfir hlutabréf Landsbankans, a.m.k. þar til viðunandi markaðsaðstæður skapist á ný. Niðurstaða sérfræðinga Seðlabankans er að leggja til að þolmörk og sveigjanleiki FSA, Landsbankans og stærstu hluthafa Landsbankans séu reynd til hins ítrasta. Landsbankinn þurfi að semja þá áætlun sem FSA fer fram á og eigendur Landsbankans þurfi hugsanlega að styrkja bankann enn frekar til að hann geti náð viðunandi samningum við FSA. Síðan segir: „Með sama hætti er ekki fullreynt hvaða sveigjanleika FSA getur veitt til að ná höfuðmarkmiði um yfirfærslu innlána útibús L [Landsbankans] til H [Heritable Bank], t.d. að hvaða marki FSA geti fallist á lánabók L sem tryggingu, hvort hægt sé að hækka hámark skuldbindingar L hjá H og veita lengri aðlögunartíma. Ef SÍ [Seðlabanki Íslands] samþykkir strax að leysa vanda þessara aðila er hætt við að eigið framlag þeirra til lausnar verði minna en ella.“ Síðan segir að Seðlabankinn eigi í lengstu lög að hvetja til markaðslausna en jafnframt að kanna hvort „millileið“ sé fær. Fyrirgreiðsla Seðlabankans geti komið til „þegar fullreynt er með þessa kosti að því gefnu að sú niðurstaða sé hagkvæm og vilji ríkisstjórnarinnar standi til þess“.⁴⁷

„Ef SÍ [Seðlabanki Íslands] samþykkir strax að leysa vanda þessara aðila er hætt við að eigið framlag þeirra til lausnar verði minna en ella.“

Drög að minnisblaði sérfræðinga Seðlabanka Íslands til bankastjórnar Seðlabankans, dags. 26. ágúst 2008.

Hinn 11. ágúst 2008 ritaði Fjármálaeftirlitið bréf til FSA og óskaði eftir viðræðum um hugsanlegar tímabundnar undanþágur Landsbankans frá breskum reglum um stórar áhættuskuldbindingar á meðan flutningur á Icesave reikningum til Heritable Bank stæði yfir. Haldinn var fundur um málið 18. ágúst 2008.

Hinn 12. ágúst 2008 fundaði samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Í drögum að fundargerð kemur fram að í kjölfar heimsóknar FSA um undangengin mánaðamót hafi fulltrúar Seðlabanka Bretlands haft samband við Seðlabanka Íslands. Haft er eftir Ingimundi Friðrikssyni að mikill þungi hafi verið í því símtali og margítrekað að íslensku bankarnir þyrftu að smækka. Undir lok símtalsins hafi Bretarnir nefnt þann möguleika, sem ekki hefði áður komið til tals, að Landsbankinn gæti selt Icesave.

Í bréfi Landsbankans til FSA 12. ágúst 2008 áréttaði bankinn að hann þyrfti að fá aðlögunartíma fram til ársloka 2010 til þess að færa eignir yfir í Heritable Bank á móti fjárskuldbindingum vegna Icesave innlánsreikninganna. Þá hélt bankinn fast við tillögu sína um að mega fara fram úr 5 milljarða punda mörkum gegn því að leggja pund fyrir pund inn í Seðlabanka Bretlands eða Seðlabanka Íslands. Í bréfinu er sett fram þrepaskipt áætlun um flutning Icesave reikninganna. Fyrsta skrefið sé flutningur Icesave innstæðna yfir í Heritable Bank, sbr. minnisblað bankans sem fylgdi fyrri bréfi hans til FSA 1. ágúst 2008. Markmiðið sé að ljúka þessu á sem skemmstum tíma, helst fyrir lok október 2008 en ekki síðar en fyrir árslok. Annað skrefið sé yfirfærsla útlánastarfsemi útibúsins yfir til Heritable Bank. Markmiðið sé að ljúka þessu eins skjótt og kostur er á fyrri árshelmingi 2009 en ekki síðar en fyrir lok

47. Drög að minnisblaði sérfræðinga Seðlabanka Íslands til bankastjórnar Seðlabankans, „Mat á tillögum L. Tekið saman að beiðni bankastjórnar“, dags. 26. ágúst 2008.

„We are all in agreement that subsidisation is an alternative and preferable goal for the Icesave book [...] I must however reiterate our view that transfer of Icesave liabilities to Heritable Bank must be matched by assets in a way that Heritable is able to continue as a standalone bank with connected lending within the parameters of connected lending limits the FSA agrees for other firms.“

Bréf FSA til Landsbankans 15. ágúst 2008.

júní sama ár. Þriðja og síðasta skrefið felist í því að Landsbankinn muni halda áfram að tryggja jafnvægi í hlutfalli eigna og skuldbindinga Heritable Bank sem og að tryggja reglulega upplýsingagiöf til FSA. Markmið Landsbankans sé að fyrrgreint jafnvægi verði tryggt í dótturfélaginu ekki síðar en fyrir árslok 2010. Í millitíðinni þurfi Heritable Bank hins vegar hæfilegan aðlögunartíma eða undanþágu frá reglum um stórar áhættuskuldbindingar innan samstæðunnar. Landsbankinn ítrekar því fyrri ósk sína um undanþágu en fer ella fram á að FSA sýni skilning gagnvart því að tíma taki að koma jafnvægi á eignir og skuldbindingar innan Heritable Bank.

Hinn 13. ágúst 2008 sátu Jónína S. Lárusdóttir, ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytis, og Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis, fund með bankastjórum Landsbankans og forstöðumanni lögfræðisviðs bankans. Við skýrslutöku lýsti Jónína því að fundurinn hefði verið haldinn að beiðni bankans en þar hefðu bankastjórnir lýst samskiptum sínum við FSA og afhent ráðuneytisstjórum gögn, m.a. um bréfaskipti sín við FSA fram að þeim tíma.⁴⁸

Hinn 15. ágúst 2008 svaraði FSA bréfi Landsbankans frá 12. sama mánaðar og áréttaði þá skoðun sína að efnahagshorfur á Íslandi færu hratt versnandi. Í bréfinu eru taldar upp þær aðgerðir sem FSA telur nauðsynlegt að Landsbankinn grípi til en þær eru þessar:

1. Að leggja fram áætlun um hvernig dregið verði úr óbundnum innlánum fram til ársloka 2008 ásamt áætlun um fjármögnun sem komið geti í stað þeirra fjármuna sem tapist við fyrri aðgerðina. FSA áætlar til bráðabirgða að skynsamlegt sé að útbúa áætlun sem felist í því að dregið verði úr innlánnum um 50% fram til áramóta.
2. Að hætta allri markaðsstarfsemi varðandi óbundna Icesave innlánsreikninga.
3. Að breyta ekki vaxtakjörum á bundnum innlánnum nema að undangenginni tilkynningu til FSA með a.m.k. tveggja daga fyrirvara.
4. Að auka varasjóð í 20% af óbundnum innlánsreikningum.
5. Að upplýsa FSA innan þriggja vikna um það hvernig Landsbankinn hyggist endurgreiða bundin innlán sem séu á gjalddaga fram til loka júní 2009.

Loks segir í bréfi FSA að stofnunin vilji ræða flutning Icesave í dótturfélag með það að markmiði að ná bindandi samkomulagi fyrir 31. ágúst 2008. FSA ítrekar einnig sjónarmið sitt um að flutningi skuldbindinga vegna Icesave reikninga yfir til Heritable Bank verði að fylgja flutningur eigna. Undir lok bréfsins kemur fram að ef ekki náist ásættanlegt samkomulag um tilhögun flutningsins muni FSA hugleiða að beita valdheimildum sínum til að stöðva alla almenna innlánastarfsemi Landsbankans í Bretlandi.

Rannsóknarnefnd Alþingis hefur undir höndum minnisblað Seðlabanka Íslands frá 16. ágúst 2008 þar sem fjallað er um framangreint bréf FSA frá 15. sama mánaðar. Minnisblað Seðlabankans er ritað á ensku. Í því segir m.a.: „The FSA’s action seems destined to bring about the chain of events that it sets out to avoid.“ Einnig segir: „For the safety of Icesave deposits in the UK it appears essential not to do anything from an official side that might underm-

48. Skýrsla Jónínu S. Lárusdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 31. mars 2009, bls. 12.

ine confidence or trigger a liquidity crisis.“ Síðan segir: „The emphasis given to macro economic developments in Iceland is largely irrelevant to the position and operations of Landsbanki in the UK.“⁴⁹

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýsti Geir H. Haarde, forsætisráðherra, því að 16. ágúst 2008 hefði hann heyrt af framangreindu bréfi FSA til Landsbankans: „[...] þá kemur bréfið frá FSA til Landsbankans, dagsett 15. ágúst, hryllilegt bréf. Það berst til mín þarna um helgina með þeim hætti að formaður bankastjórnar Seðlabankans hringir í mig, ég var þá staddur í ráðherrabústaðnum á Þingvöllum, þetta er laugardagsmorgunn, og það endar með því að ég læt sækja bréfið og það er komið með það austur. Hann segir: „Við erum búin að setja hérna í gang vinnu strax til að svara allri vitleysunni í þessu bréfi um það sem snýr að íslenskum efnahagsmálum, því að bréfið er fullt af rangfærslum um það [...]“. Geir sagði einnig: „[...] það sem er náttúrulega þó aðalatriðið í bréfinu var ekki þetta heldur það að breska fjármálaeftirlitið er búíð að komast að þeirri niðurstöðu að bankinn sé í raun og veru kominn á leiðarenda, það er ekkert hægt að lesa þetta öðruvísi, þeim eru sett þvílík skilyrði fyrir því að geta flutt yfir í dótturfélag eða yfirleitt haldið þessu áfram að það er vandséð hvernig þeir geta uppfyllt þetta. [...] Þetta var náttúrulega mjög alvarlegt en ég hérna hef talað við bankastjórnann þarna skömmu eftir að þetta bréf kom, Halldór, og hann sem sagt sagði mér frá því að bankinn væri að bregðast við þessu mjög hart, þeir mundu senda út menn, eins fljótt og þeir gætu og þeir tækju þetta allt saman mjög alvarlega og teldu sig hafa góða möguleika í að ná einhverju samkomulagi við FSA um að gera þetta, þannig var nú alltaf talað að þetta væri einhver misskilningur á ferðinni og þeir mundu strauja þetta, finna út úr því.“ Aðspurður hvort hann hefði fundið fyrir viðhorfsmun hjá Halldóri J. Kristjánssyni og Sigurjóni Þ. Árnasyni hvað flutning innlánsreikninga í dótturfélag varðaði svaraði Geir: „Ég tók nú ekki eftir því en ég held þó að, jú, ég held að ég geti sagt það að Sigurjón hafi frekar viljað draga lappirnar en Halldór kannski skynjað nauðsyn þess að reyna að gera það eins hratt og hægt var.“⁵⁰

Hinn 17. ágúst 2008 sendi Landsbankinn Fjármálaeftirlitinu tölvubréf þar sem gerð var grein fyrir þeirri afstöðu bankans að framangreindar kröfur FSA væru óraunhæfar. Að mati bankans jafngiltu kröfur FSA um lækkun á óbundnum Icesave reikningum því að um 60% af innlánnum færu út á fjór-um mánuðum án þess að önnur innlán myndu aukast. Slíkt útlæði myndi jafnframt höggva skarð í lausafjárstöðu bankans en þetta kynni að leiða til lækkunar á lánshæfismati hans. Loks segir í bréfinu: „Eitt þeirra atriða sem Landsbankinn verður var við og sem fyrst kemur upp í umræðu erlendis er vantrú aðila á íslenska innlánstryggingarsjóðinn sem (vegna skorts á eignum) er talinn ótrúverðugur. Það væri mjög til bóta fyrir kerfið í heild ef tekinn væri af allur vafi um ábyrgð ríkisins á skuldbindingum sjóðsins og myndi auðvelda bönkunum mjög að verjast þeirri ósanngjörnu gagnrýni sem núverandi óvissa býður upp á. Ef til [vill] ætti ábending FME til stjórnvalda í þessa veru rétt á sér.“

Bankastjórar Landsbankans áttu fund með fulltrúum FSA 19. ágúst 2008 en í bréfi FSA frá 15. ágúst höfðu þeir verið beðnir um að mæta til þessa fundar.

49. Minnisblað Seðlabanka Íslands, „FSA letter dated August 15, 2008“, dags. 16. ágúst 2008.

50. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 55–56.

„En við leituðum eftir stuðningi hans [Björgvins G. Sigurðssonar] að tala okkar máli gagnvart Bretunum, vegna þess að Bretarnir voru farnir að beita sífellt þeim rökum að það væri stjórnmálalegur þrýstingur á þá. Þá hugsuðum við með okkur, ef það er stjórnmálalegur þrýstingur Bretlands megin, er þá ekki kominn tími til að honum verði mætt með einhverjum pólitískum þrýstingi frá Íslandi, þannig að íslenskir stjórnmálamenn myndu setja sig inn í málið og veita okkur atbeina í þessu.“

Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 26.

„[...] hann [Jón Sigurðsson] var að vinna með þeim að því að gera þetta, hann átti örugglega mörg samtöl við Landsbankamenn um þetta og blandaðist mjög inn í það og þess vegna fórum við Jón til London 2. september á svona fund sem við púlluðum mjög fyrirvaralítið með Darling til að reyna að fá þá til að lækka kröfugerðina um fjármagnsflutningana og leyfa þeim að fara í dótturfélag.“

Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 10.

Hinn 20. ágúst 2008 funduðu bankastjórar Landsbankans með Björgvin G. Sigurðssyni, viðskiptaráðherra, og ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins. Á fundinum, sem haldinn var að beiðni Landsbankans, óskuðu bankastjórnir eftir því að Björgvin myndi tala þeirra máli gagnvart breskum yfirvöldum og afhentu ráðherra afrit af bréfi FSA til bankans frá 15. ágúst 2008.⁵¹ Við skýrslutöku lýsti Björgvin G. Sigurðsson því að hann og Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, hefðu í kjölfarið efnt til fundar með Alistair Darling 2. september sama ár í því skyni að fá bresk stjórnvöld til „að lækka kröfugerðina um fjármagnsflutningana og leyfa þeim [Landsbankanum] að fara í dótturfélag“.⁵²

Sama dag, þ.e. 20. ágúst 2008, ritaði Fjármálaeftirlitið FSA bréf og áréttaði þar viðhorf sín, sem sett höfðu verið fram á fundi með FSA níu dögum fyrr, um að Landsbankinn þyrfti nauðsynlega að fá tímabundna undanþágu frá reglum um stórar áhættuskuldbindingar svo hann gæti flutt Icesave reikninga yfir í Heritable Bank.

Sama dag, þ.e. 20. ágúst 2008, fundaði samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Í drögum að fundargerð kemur fram að Jónas Fr. Jónsson hafi greint frá fundi sínum og Jóns Sigurðssonar, stjórnarformanns Fjármálaeftirlitsins, með FSA 18. sama mánaðar. Haft er eftir Jónasi að FSA hafi talið mikla hættu á áhlaupi á Landsbankann. Einnig hafi komið fram að FSA telji Landsbankann ekki hafa verið samvinnuþýðan og hafi bankinn m.a. staðið í auglýsingaherferð á sama tíma og FSA lagði að honum að draga úr sókn sinni. Síðar er haft eftir Jónasi að FSA telji að Landsbankinn sé að „streitast á móti“. Því næst er haft eftir Bolla Þór Bollasyni, ráðuneytisstjóra Forsætisráðuneytis, að hann telji að „Landsbankamenn“ átti sig ekki fullkomlega á stöðu málsins. Hins vegar er haft eftir Jónasi að þeir geri sér grein fyrir stöðunni en kostir þeirra séu ekki góðir.

FSA brást við bréfi Fjármálaeftirlitsins frá 20. ágúst 2008 með bréfi rituðu 27. sama mánaðar. Þar kom fram að synjun á því að veita umbeðna undanþágu byggðist á mati FSA á lausafjárahættu Landsbankans.

Hinn 29. ágúst 2008 ritaði Landsbankinn Hector Sants, forstjóra FSA, bréf þar sem fram kemur að bankinn hafi falið lögmannsstofunni Allen & Overy að kanna áhrif flutnings Icesave innlánsreikninganna í dótturfélag á skilmála í fjármögnunarsamningum bankans. Segir jafnframt að bankinn vonist eftir niðurstöðum í upphafi næstu viku. Auk þess þurfi bankinn að ráðfæra sig við Fjármálaeftirlitið. Af þessum sökum fari bankinn fram á að frestur til að skila tillögum varðandi flutninginn verði framlengdur til 8. september. Jafnframt leggi bankinn til að á þeim degi verði fundað með Hector Sants.

Tveimur dögum síðar, þ.e. 31. ágúst 2008, ritaði Landsbankinn Michael Ainley, starfsmanni FSA, bréf. Með bréfinu fylgdu tvö lögfræðialit. Annars vegar fyrrgreint álit Allen & Overy og hins vegar álit tveggja breskra lögmannna, T.A.G. Beazley og James Segan, um valdheimildir FSA, m.a. með hliðsjón af reglum Evrópuréttar. Í bréfi bankans kemur fram að Allen & Overy hafi komist að þeirri niðurstöðu að umræddar breytingar á starfsemi Landsbankans kunni að fara í bága við skilmála í fjármögnunarsamningum hans og verði því hugsanlega ekki framkvæmdar án samþykkis lánardrottna

51. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 26.

52. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 10.

bankans. Í álit T.A.G. Beazley og James Segan kemur fram að þeir telji FSA skorta valdheimild til þess að þvinga Landsbankann til að til að flytja Icesave reikninga útibús síns í dótturfélag. Jafnframt virðast lögmennirnir telja nokkurn vafa leika á því að FSA sé heimilt að gera Landsbankanum að stöðva rekstur útibús síns í Bretlandi eða draga úr innlánum. Nánar tiltekið sé hugsanlegt að ákvörðun um að Landsbankanum beri að stöðva rekstur útibús síns í Bretlandi falli utan valdheimilda FSA. Stofnuninni kunni að vera heimilt að mæla svo fyrir að dregið verði úr viðtöku innlana en það sé hugsanlega erfitt að réttlæta með hliðsjón af reglum Evrópuréttar.

Líkt og að framan greinir var tekið saman minnisblað 16. ágúst 2008 í Seðlabanka Íslands vegna bréfs FSA til Landsbankans frá 15. sama mánaðar. Í þessu samhengi skal þess getið að rannsóknarnefnd Alþingis hefur einnig undir höndum drög að bréfi Seðlabankans til Mervyn King, bankastjóra Seðlabanka Bretlands, dags. 27. ágúst og 1. september 2008. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum voru þessi drög ekki kláruð og því aldrei send út. Í drögunum frá 1. september 2008 segir m.a.: „In closing, I wish to emphasise that the Central Bank of Iceland is prepared to do its utmost so that this matter may be brought to a satisfactory conclusion for all parties. However, it can hardly support a solution that could involve a potential threat to an Icelandic bank with unforeseen consequences for the financial system. The repercussions of that development could be serious and felt widely. Therefore, we must seek to co-operate in this case and, by so doing, underpin financial stability in our respective countries. Current conditions in the global financial system add to the responsibilities of regulatory and monetary authorities in different countries to work together to strengthen the foundations of financial stability world wide and in individual countries.“ Í tölvubréfi til rannsóknarnefndar Alþingis, dags. 8. desember 2009, upplýsti Ingimundur Friðriksson að til umræðu hefði komið í bankastjórn Seðlabankans að senda Seðlabanka Bretlands framangreind drög að bréfi. Þar sem mikil samskipti hefðu á þessum tíma verið á milli FSA, Fjármálaeftirlitsins og Landsbankans hefði bankastjórn Seðlabankans hins vegar ákveðið að senda þau ekki.

Hinn 2. september 2008 funduðu Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, og Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, með Alistair Darling í London. Viðstödd fundinn voru einnig Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis, Jónína S. Lárusdóttir, ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytis, Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, Áslaug Árnadóttir, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneyti og formaður stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, og Sverrir Haukur Gunnlaugsson, sendiherra í London. Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði Björgvin að hann hefði ásamt Jóni Sigurðssyni átt frumkvæði að fundinum.⁵³ Í fyrirliggjandi gögnum er að finna skjal með þeim málflutningi sem þeir Björgvin G. Sigurðsson og Jón Sigurðsson lögðu upp með á fundinum. Jón Sigurðsson lagði áherslu á málefni Landsbankans á fundinum. Sagði hann að FSA og Fjármálaeftirlitið væru sammála um að dótturfélagsvæðing Icesave reikninga Landsbankans væri öruggasta leiðin til að leysa málið. Hins vegar væri vonast eftir því að bresk yfirvöld nálguðust málið með raunsæjum hætti og sýndu nauðsynlegan sveigjanleika með hliðsjón af aðstæðum á fjármálamörkuðum. Veita yrði Landsbankanum eðlilegan frest til skipulegs flutn-

53. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 46.

ings á eignum á móti innstæðum þannig að fjármögnunarsamningar bankans röskuðust sem minnst.⁵⁴ Jón Sigurðsson ræddi einnig almennt um íslensk efnahagsmál. Vísaði hann í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þar sem fram hefði komið að horfur í efnahagsmálum á Íslandi til lengri tíma væru öfundsverðar. Þá hefðu bankarnir þrír staðist ströng álagspróf Fjármálaeftirlitsins um mitt ár 2008. Við skýrslutöku lýsti Jón Þór Sturluson því að á fundinum hefði Darling notað orðalag á borð við: „Skiljið þið ekki hversu alvarlegt mál þetta er?“⁵⁵

Hinn 4. september 2008 fundaði samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Í drögum að fundargerð er haft eftir Jónínu S. Lárusdóttur: „JSL nefndi fund viðskiptaráðherra með fjármálaráðherra Bretlands. Áður hafði hann heimsótt Glitni og Landsbankann í London. Afstaða Landsbankans virðist enn byggjast á lögfræðilegri álitsgerð ensks lögfræðings sem Landsbankinn sendi til FSA sl. laugardag. JSL og BG [Baldur Guðlaugsson] telja Landsbankamenn sem rætt var við í London ekki átta sig fyllilega á stöðunni. BG upplýsti að um tvö bréf væri að ræða. Annars vegar um ákvæði í lánasamningum Landsbankans og hins vegar um óréttlæti krafna FSA. JSL sagði óviðkunnanlegt að í öðru bréfi bankans kæmi fram að Landsbankanum sé kunnugt um stuðningsyfirlýsingu stjórnvalda um Tryggingarsjóðinn.“ Síðar segir: „JSL sagði nánar frá fundi viðskiptaráðherra með Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands. Jón Sigurðsson, stjórnarformaður FME, hefði reifað málin mjög ítarlega. Ljóst var að fjármálaráðherrann var með allar upplýsingar um málið. Hann gerði ráð fyrir að bresk yfirlýsing myndu ábyrgjast innstæður að fullu og spurði svo hvert ætti að senda reikninginn. M.ö.o. þá tekur hann ekki mið af GBP 35.000 hámarki innstæðutryggingar í Bretlandi heldur miðar við heildarupphæðina. Rætt hefði verið um tímarammann í dótturfélagsvæðingunni en ganga þurfi í málið sem allra fyrst. Þegar nefnt var að ekki megi ganga svo hart fram að áfall yrði afleiðingin þá sagðist fjármálaráðherrann hafa skilning á því.“

Sverrir Haukur Gunnlaugsson, sendiherra í London, greindi frá því við skýrslutöku hjá rannsóknarnefndinni að seta hans á þessum fundi ráðherranna 2. september 2008 hefðu verið fyrstu afskipti hans og sendiráðsins af hugsanlegum flutningi Icesave reikninga Landsbankans í dótturfélag í London. Hann hefði að vísu fengið beiðni frá aðstoðarmanni viðskiptaráðherra á Íslandi 22. eða 23. ágúst 2008 um að koma á fundi viðskiptaráðherrans og fjármálaráðherra Breta. Það hefði vakið athygli hans að þegar hann hringdi í breska fjármálaráðuneytið hefði svarið verið skýrt hjá einkaritara ráðherra að Alistair Darling væri upptekinn alla næstu viku en íslenski ráðherrann gæti fengið fund með fjármálaráðherranum 2. september „klukkan þetta“. Sverrir sagðist hafa hváð því það væru ekki allir sem gætu fengið fund með breska fjármálaráðherranum nær fyrirvaralaust en svar ritarans hefði verið skýrt: „Já, já, þetta er alveg ákveðið, hann mun örugglega vilja hitta viðskiptaráðherra.“ Sverrir sagðist hafa borið þessi skilaboð heim til Íslands og síðan verið viðstaddur fundinn sem sendiherra en hann hefði ekki fengið nein gögn afhent. Hann hefði sent utanríkisráðuneytinu hefðbundna frásögn af fundinum.

„Ljóst var að fjármálaráðherrann [Alistair Darling] var með allar upplýsingar um málið. Hann gerði ráð fyrir því að bresk yfirlýsing myndu ábyrgjast innstæður að fullu og spurði svo hvert senda ætti reikninginn.“

Haft eftir Jónínu S. Lárusdóttur í drögum samráðshóps forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað að fundargerð 4. september 2008.

54. Sbr. svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um fund með fjármálaráðherra Breta, þskj. 214 – 113. mál 136. lögjafarþings 2008–2009.

55. Skýrsla Jóns Þórs Sturlusonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. maí 2009, bls. 29.

Nánar aðspurður sagði Sverrir að hann hefði ekki haft neina vitneskju um þetta mál fyrir fundinn og hans vitneskja um umrædda reikninga hefði fyrst og fremst verið byggð á frásögnum sem hann hefði séð í sjónvarpsþáttum og öðrum fjölmiðlum ytra. Sú umfjöllun hefði einkum verið í mars 2008. Hann hefði síðan setið fund Geirs H. Haarde, og Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, í apríl 2008 en þar hefði, eins og hann minnti, ekkert verið minnst á Icesave.⁵⁶

Premur dögum eftir fundinn, þ.e. 5. september 2008, hringdi Clive Maxwell, starfsmaður breska fjármálaráðuneytisins í Sverri Hauk Gunnlaugsson, sendiherra. Í tölvubréfi sem Sverrir Haukur sendi til Björgvins G. Sigurðssonar, Jónínu S. Lárusdóttur, Jóns Þórs Sturlusonar og Baldurs Guðlaugssonar 5. september 2008 kl. 14:58 hefur Sverrir Haukur eftir Maxwell að breski fjármálaráðherrann hafi orðið fyrir vonbrigðum með fundinn í London 2. september þar sem honum fannst fulltrúar íslenska ríkisins ekki hafa skilið alvöru málsins. Sverrir Haukur segist hafa svarað því til að íslensk stjórnvöld hefðu tekið málið mjög alvarlega og hefði það komið skýrt fram með þeirri mætingu sem var á fundinum. Því næst segir að Maxwell hafi sagt „mjög nauðsynlegt að fyrir lægju skýr viðbrögð viðkomandi aðila (einkaaðilans) næsta mánudag (8.9.) um hvernig [...] þeir hygðust halda á málum [...] en til stendur að halda fund um málið þá“. Síðan segir: „Breska fjármálaráðuneytið vonaðist til þess að íslensk stjórnvöld ynnu að því að hvetja viðkomandi aðila til að ná niðurstöðu í málinu sem fyrst.“ Loks segir í tölvubréfi Sverris Hauks: „Maxwell minntist jafnframt á það að fjármálaráðherrann (Chancellor) hefði lagt áherslu á hve pólitískt málið væri orðið þar sem stöðugt væri verið að spyrja um viðbrögð úr þinginu. Það væri mjög æskilegt að íslensk stjórnvöld gætu haft samráð við „the Treasury“ með hvaða hætti þessum fyrirspurnum yrði svarað.“

Í skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði Sverrir Haukur að eftir að hann hefði komið þessum skilaboðum til Íslands hefðu hann og sendiráðið engin frekari afskipti haft af málefnum Landsbankans og Icesave fyrr en 8. október 2008: „Það er kallað í mig niður á neðri hæðina til þess að horfa á sjónvarpið kl. 9:15. Þá byrjaði þetta og þá kom þessi yfirlýsing frá Gordon Brown sem kom okkur alveg í opna skjöldu.“⁵⁷

Hinn 3. september 2008 svaraði Michael Ainley, starfsmaður FSA, bréfi Landsbankans frá 31. ágúst sama ár. Í bréfinu er sérstaklega vikið að lögfræðilítum Landsbankans. Lýsir Ainley því að FSA sé ósammála þeirri túlkun Landsbankans á áliti Allen & Overy, að flutningur Icesave reikninganna í dótturfélag leiði sjálfkrafa til brots á fjármögnunarsamningum bankans. Jafnframt telji FSA að ákvörðun um að Landsbankanum bæri að draga úr innlánum útibús síns í Bretlandi myndi teljast hæfileg og virða meðalhóf í ljósi þeirrar hættu á áhlaupi á útibúið sem fyrir hendi sé.

Sama dag, þ.e. 3. september 2008, svaraði Hector Sants, forstjóri FSA, bréfi Landsbankans frá 29. ágúst sama ár. Í bréfinu var samþykkt að veita umbeðinn frest, þ.e. til 8. september 2008. Jafnframt sagði að FSA féllist á að fundað yrði um málið eftir að bankinn hefði skilað tillögum sínum. Var lagt til að sá fundur yrði haldinn 10. september 2008. Undir lok bréfsins kom fram að ef tillögur Landsbankans hefðu ekki borist 8. september eða ef

56. Skýrsla Sverris Hauks Gunnlaugssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 4. maí 2009, bls. 1–2.

57. Skýrsla Sverris Hauks Gunnlaugssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 4. maí 2009, bls. 4.

tillögurnar fælu ekki í sér hæfilega eða tafarlausa lausn á lausafjárahættu sem FSA hefði vakið máls á, myndi stofnunin íhuga að beita valdheimildum sínum samkvæmt XIII. kafla FSMA.

Geir H. Haarde, átti fund með bankastjórum Landsbankans 3. september 2008.

Hinn 4. september 2008 sendi Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, Geir H. Haarde tölvubréf. Í bréfinu segir Jón ljóst að bresk stjórnvöld muni leggja hart að Landsbankanum að færa „netbankareikninga“ sína í Bretlandi úr útibúi yfir í breskt dótturfélag. Jón segir að slíkri breytingu geti fylgt lausafjárerfiðleikar fyrir Landsbankann þar sem netreikningarnir séu orðnir „afar mikilvæg uppspretta lausafjár fyrir Landsbankann á Íslandi og í öðrum löndum“. Því næst segir Jón: „Það sem skiptir máli er að fá nægilega langan aðlögunartíma fyrir Landsbankann til þess að koma þessari breytingu í framkvæmd án þess að vekja upp alvarleg vandamál á markaði. Frá sjónarmiði íslenska ríkisins er „dótturfélagsvæðing“ Icesave-reikninganna í Bretlandi ekki óhagstæð, því þar með flyst innstæðutryggingarábyrgðin algjörlega til Bretlands.“

Líkt og áður segir fundaði samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað 4. september 2008. Í drögum að fundargerð er haft eftir Baldri Guðlaugssyni að ekki sé unnt að banna bönkunum að stofna útibú erlendis en það verði að finna leið til að gera það óhagstætt fyrir þá að taka þar á móti innlánum og þar með auka skuldbindingar ríkissjóðs. Síðar er haft eftir Bolla Þór Bollasyni, ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis, að Landsbankinn einblíni enn á framhald í innlánasókn sem fjármögnun fyrir bankann. Því næst segir að Jónas Fr. Jónsson hafi staðfest þetta álit Bolla.

Sama dag, þ.e. 4. september 2008, birti *Fréttablaðið* grein eftir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, utanríkisráðherra, þar sem hún fjallaði m.a. um lausafjávanda bankanna og sagði hann einkum stafa af skorti á lánsfé á alþjóðlegum mörkuðum. Síðan sagði í greininni: „Bankarnir þurfa sjálfir að halda áfram að afla sér erlends lausafjár og losa um eignir þar sem það er hægt. Þeir þurfa að halda áfram að afla sér innlána á erlendum mörkuðum.“

Á fundi bankaráðs Landsbankans 5. september 2008 var fjallað um úttekt FSA á áhættuþáttum útibús Landsbankans í London. Í bókun um málið kemur fram að Ársæll Hafsteinsson hafi gert grein fyrir málinu og að „flestir þættir [séu] í góðu lagi“. Síðan segir: „Lausafjárstýring, m.a. vegna innlánsreikninga Icesave, er áhyggjuefni FSA en bankinn hefur verið í viðræðum við yfirvöld um fyrirkomulag þeirra reikninga um nokkurt skeið í haust en nú er unnið skv. samkomulagi við FSA frá 29. maí sl. og regluleg skýrslugjöf til FSA er í föstum farvegi.“

Hinn 8. september 2008 ritaði Landsbankinn FSA bréf. Þar setti bankinn tillögur sínar fram ásamt ýmsum lögfræðilegum athugasemdum. Hvað varðar flutning í dótturfélag lagði bankinn til að því markmiði yrði náð í tveimur skrefum. Fyrra skrefinu mætti ljúka fyrir árslok 2008 en ráðgert væri að síðara skrefið yrði tekið í upphafi árs 2009. Hvort skref um sig leiddi til yfirfærslu á u.þ.b. 10% af heildareignum Landsbankans til dótturfélagsins en það taldi Landsbankinn algjört hámark þess sem hægt væri að færa á einu almanaksári vegna skilmála í fjármögnunarsamningum. Þar sem ýmsar áhættur væru fólgnar í þessu lagði bankinn einnig fram viðlagaáætlun ef til þess kæmi að lánardrottnar bankans teldu aðgerðina fara í bága við skilmála

„BÞB [Bolli Þór Bollason] kvað Landsbankann enn einblína á framhald í innlánasókn sem fjármögnun fyrir bankann og JFJ [Jónas Fr. Jónsson] staðfesti það álit.“

Drög samráðshóps forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað að fundargerð 4. september 2008.

í fjármögnunarsamningum hans. Einnig lagði bankinn til að unnið yrði eftir samkomulaginu frá 29. maí 2008 og að skoðað yrði hvernig þá mætti koma til móts við FSA. Loks setti bankinn þann fyrirvara við tillögur sínar að samþykki Fjármálaeftirlitsins fengist og að hægt yrði að afla viðunandi lögfræðialits sem sýndi fram á að tilflutningur 10% heildareigna á einu almanaksári fæli ekki í sér brot á skilmálum fjármögnunarsamninga bankans.

Hinn 10. september 2008 funduðu fulltrúar Landsbankans með FSA í Bretlandi. Í framhaldi af fundinum ritaði FSA Landsbankanum bréf, dags. 17. september 2008, og áréttaði að stofnunin hefði fallist á þá lausn annars vegar að innlán á óbundnum reikningum yrðu lækkuð úr 2,2 milljörðum punda niður í 1 milljarð punda við lok árs 2008 og hins vegar að 5 milljarða punda hámark yrði á innlán í útibúinu. Þessum markmiðum skyldi náð með þremur leiðum:

1. Breyta yrði þeirri vaxtastefnu sem fylgt hefði verið þannig að tryggt væri að vaxtakjör hinna óbundnu Icesave reikninga yrðu ekki á svonefndum skráum yfir bestu kjör (e. „best buy“ tables).
2. Öllum auglýsingum á óbundnum innlánunum skyldi hætt eins fljótt og kostur væri.
3. Markaðssetja skyldi bundna innlánsreikninga eins fljótt og hægt væri gagnvart innstæðueigendum hinna óbundnu innlána.

FSA hélt fast við þá ákvörðun sína, sem tilkynnt hafði verið 15. ágúst 2008, að Landsbankanum bæri að auka varasjóð sinn í 20% af óbundnum innlánunum. Þá krafðist FSA þess að bankinn byggði einnig upp varasjóð til að standa straum af þeirri útgreiðslu bundinna innlána sem til gæti komið á næstu sex mánuðum. Landsbankanum var síðan veittur tveggja daga frestur til þess að svara því hvort hann gengi að þessum skilyrðum. Þá tilkynnti FSA að stofnunin hefði í hyggju að beita formlegum valdheimildum sínum samkvæmt XIII. kafla FSMA og fyrirskipa bankanum að ráða bót á þessum vandamálum og yrði bankanum sent formlegt bréf þar um síðar.

Í sama bréfi er einnig rætt um flutning Icesave reikninga bankans í dótturfélag. Fram kemur að FSA hafi fullan skilning á ástæðum þess að Landsbankinn vilji framkvæma flutninginn í tveimur skrefum þar sem 10% af eignum bankans verði færðar yfir í Heritable Bank í hvort skiptið. Það hafi hins vegar þann ókost í för með sér að á tímabili muni ónógar eignir standa á móti skuldbindingum vegna innlána sem færð hafi verið yfir í Heritable Bank. Við það geti FSA ekki unað, enda engin fordæmi fyrir slíku.

Hinn 16. september 2008 fundaði samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Í drögum að fundargerð er haft eftir Jónasi Fr. Jónssyni: „[F] minnti á að ef Icesave innlánin verða færð yfir í dótturfélag þá yrði innstæðutryggingin viðráðanlegri fyrir stjórnvöld.“

Landsbankinn svaraði fyrrnefndu bréfi FSA með bréfi 19. september 2008. Fram kemur að bankinn undirgangist þau skilyrði sem FSA hafi sett varðandi lausafjárstýringu. Bankinn mótmælir þó skilyrðunum og telur þau afar harkaleg og ósanngjörn í garð bankans. Varðandi flutninginn í dótturfélag ítrekar bankinn það sjónarmið sitt að flutningur 10% heildareigna Landsbankans sé hámark þess sem bankinn sé tilbúinn til að flytja á einu almanaksári. Í bréfinu minnir Landsbankinn enn á ný á þá áhættu að lánardrottinnar bankans kunni að líta á aðgerðir hans sem tilraun til að fara í kringum ákvæði

„Við höfðum skynjað það að áherslan væri svo ofboðsleg að við yrðum að finna einhverja leið til þess að gera þetta, þeir [FSA] mundu ekki gera neinar tilslakanir, jafnvel þótt þeir hafi fulla heimild til þess. Þetta endaði með því að við sendum þetta og mætum svo á fund hjá þeim, förum yfir þetta með þeim og hlustum á þá. Í framhaldi af þeim fundi hugsuðum við að ef það kæmi bréf þar sem þeir væru neikvæðir þá vitum við ekki hvernig við eigum að leysa þetta. Ef hins vegar kemur bréf þar sem þeir eru jákvæðir, sem hlýtur eiginlega að vera, þá verður bara að leysa þetta svona. Það verður þá bara að fara þessa leið. Síðan fáum við svarbréfið [...] þar sem þeir bara hafna öllu. Og við bara, guð minn góður, hvernig á að leysa þetta? Svo nokkrum dögum seinna þegar við erum að byrja að hugsa hvernig við ætlum að leysa þetta þá byrjar nýtt að gerast, að Glitnir er tekinn og þá gleymdist þetta bara. Þá var komið nýtt vandamál sem var bara ennþá stærra.“

Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
19. ágúst 2009, bls. 126.

„Ég hef aldrei skilið hvernig á því stendur að menn [FSA] vilja svona mikið en eru ekki tilbúnir að sjá að það þarf þá að vinna saman til að leysa málið. Mig hefur oft grunað að þeir hafi í raun ekki viljað fá þessa ábyrgð, ekki þegar á reyndi.“

Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
19. ágúst 2009, bls. 127.

í skilmálum fjármögnunarsamninga bankans. Slíkt geti leitt til þess að lánardrottnar teldu samningsákvæði rofin.

Sama dag, þ.e. 19. september 2008, ritaði Landsbankinn Fjármálaeftirlitinu bréf þar sem gerð er grein fyrir bréfaskiptum við FSA. Þar er sett fram sú skoðun að eðlilegt sé að samskipti við FSA um lausafjárstýringu fari héðan í frá fram fyrir milligöngu Fjármálaeftirlitsins. Jafnframt er því lýst að svo virðist sem beiðnir og útskýringar Landsbankans séu að engu hafðar af hálfu FSA og að stofnunin virðist reiðubúin að grípa til aðgerða sem sett geti bankann í afar mikla hættu á mjög viðsjárverðum tímum. Þess er óskað að Fjármálaeftirlitið veiti Landsbankanum aðstoð í samskiptum við FSA svo tryggja megi bankanum eðlilegt starfsumhverfi í samræmi við evrópskar og breskar lagareglur.

Sama dag, þ.e. 19. september 2008, ritaði Fjármálaeftirlitið Hector Sants, forstjóra FSA, bréf þar sem fram kemur að Fjármálaeftirlitið telji FSA ekki hafa haft við sig nægilega samvinnu um málefni Landsbankans. Telur Fjármálaeftirlitið að ástandið kalli á að FSA ráðfæri sig hér eftir við Fjármálaeftirlitið um hvers kyns tillögur eða ákvarðanir varðandi Landsbankann áður en þær séu sendar bankanum. Jafnframt muni Fjármálaeftirlitið tilkynna Landsbankanum að stofnunin geri ráð fyrir að vera höfð með í ráðum áður en nokkur tillaga verði send FSA af hálfu bankans.

FSA brást við bréfi Landsbankans frá 19. september 2008 með bréfi 25. september sama ár. Í því segir að stofnunin telji að útibú bankans uppfylli ekki lausafjárreglur sem sé að finna í lið 1.2.26R í The General Prudential Sourcebook Instrument (GENPRU). Með hliðsjón af þeirri skyldu FSA að hafa eftirlit með lausafjárstöðu útibúsins sé bæði nauðsynlegt og viðeigandi að fara fram á að Landsbankinn bæti úr þessu. Áréttað er að hvorki sé farið fram á að Landsbankinn færi útibú sitt í dótturfélag né að hann hætti rekstri þess. Hins vegar hafi stofnunin verið reiðubúin til þess að skoða tillögu Landsbankans um flutning útibúsins í dótturfélag sem hugsanlega lausn á áhyggjum stofnunarinnar varðandi lausafjárstöðu. Síðan segir að FSA álíti málefni varðandi lausafjárstöðu annars vegar og flutning í dótturfélag hins vegar ótengd, enda sé stofnuninni skylt að viðhafa virkt eftirlit með lausafjárstöðu óháð samkomulagi sem náðst gæti um flutning í dótturfélag. Því næst er tekið fram að FSA áskilji sér hins vegar þann rétt að endurskoða mat á lausafjárstöðu ef seinkun verði á flutningi í dótturfélag. Fram kemur að eftir að hafa leitað lögfræðialits á valdheimildum sínum sem eftirlitsstofnun gistiríkis (e. host state) samkvæmt tilskipun 2006/48/EB um stofnun og rekstur lánastofnana sé FSA þess fullviss að kröfur stofnunarinnar séu réttmætar. Þeim skilningi Landsbankans sé hafnað að kröfur FSA séu ekki raunverulegar lausafjárkröfur. Síðan segir að á grundvelli 1. mgr. 30. gr. framangreindrar tilskipunar og 3. mgr. 199. gr. FSMA krefjist stofnunin þess nú að Landsbankinn láti af viðvarandi broti á þeirri lausafjárreglu sem fram komi í lið 1.2.26R í GENPRU. Ein helsta röksemdin sem FSA nefnir í þessu samhengi er það mat stofnunarinnar að veruleg hætta sé á því að Landsbankinn verði fyrir lausafjárálagi sem verði umfram það lausafé sem tiltækt sé útibúinu og því geti komið til greiðslufalls hjá því. FSA segir að við mat á þessu atriði hafi verið litið til þeirrar hættu sem steðji að íslenskum efnahag, íslenskum bönkum, stofnunum sem stunda almenna innlánastarfsemi í Bretlandi og fjölmiðlaumfjöllun. Á hverri stundu geti átt sér stað áhlaup á Landsbankann. Til þess að bæta úr stöðu mála telji FSA nauðsynlegt að Landsbankinn grípi til eftirfarandi aðgerða:

- a. Vaxtakjör verði endurskoðuð með eftirfarandi hætti:
 1. Innlán á óbundnum Icesave reikningum verði takmörkuð við 1 milljarð punda fyrir árslok 2008.
 2. Kjör á óbundnum innlánsreikningum verði lækkuð þannig að reikningarnir verði samstundis fjarlægðir af skráum yfir bestu vaxtakjör.
 3. Vaxtakjörum á bundnum innlánsreikningum verði ekki breytt án samráðs við FSA.
- b. Allri markaðssetningu óbundinna Icesave reikninga verði hætt fyrir 10. október sama ár.
- c. Varasjóður bankans (eða tiltekin verðbréf sem uppfylla kröfur Seðlabanka Bretlands) verði aukinn í 20% af óbundnum innlánum. Fyrir 17. október sama ár þurfi síðan að berast áætlun Landsbankans um það við hvaða aðstæður varasjóðnum verði beitt og tímaáætlun um hvernig varasjóðurinn verði aftur aukinn eftir slíka beitingu.
- d. Fyrir 17. október sama ár þurfi að afhenda áætlun um hvernig tryggja eigi uppbyggingu varasjóðs til þess að mæta útgjöldum vegna heildsöluinnlána sem séu á gjalddaga fram til loka fyrri ársheilmings 2009.
- e. Heildarinnlánum verði ávallt haldið undir 5 milljörðum punda.

Að morgni 29. september 2008 var tilkynnt opinberlega að íslenska ríkið og stærstu eigendur Glitnis banka hf. hefðu komist að samkomulagi um að ríkið myndi leggja bankanum til hlutfjárframlag að jafnvirði 600 milljóna evra vegna þröngrar lausafjárstöðu hans og einstaklega erfiðra aðstæðna á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Þar með yrði ríkið eigandi 75% hlutfjár bankans.⁵⁸ Nánar er fjallað um aðdraganda þessarar ákvörðunar og afleiðingar hennar í kafla 20.2.

Hinn 30. september 2008 fundaði starfshópur Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjarsvanda. Í fundargerð segir að stór hluti innlána Icesave hafi farið út síðustu nótt.

Daginn eftir, þ.e. 1. október 2008, sendi lögmaður hjá Allen & Overy forstjóra Heritable Bank, Mark Sismey-Durrant, tölvubréf þar sem farið er yfir þær leiðir sem komi til greina við flutning Icesave reikninga Landsbankans yfir til Heritable Bank. Lögmaðurinn vísar til fyrri álitssgerðar lögmannsstofunnar frá 22. febrúar sama ár en vísar síðan nánar að atriðum sem hann telur að vekja megi athygli FSA á:

1. Flutningur fyrir atbeina dómstóls samkvæmt ákvæðum VII. kafla FSMA myndi taka nokkurn tíma.
2. Flutning á grundvelli ætlaðs samþykkis (e. implied consent) innstæðueigenda telur lögmaðurinn bæði einfalda og gagnsæja leið. Hann telur hins vegar að FSA muni verða tortryggt gagnvart þessari leið vegna þess að hún sé lögfræðilega hæpin (e. legally imperfect). Þó álitur hann að þessi leið geti gengið.
3. Þar sem leið nr. 1 sé einfaldlega óhagkvæm og FSA verði líklega mótfallið leið nr. 2 hvetur lögmaðurinn til þess að kannað verði hvort hægt sé að sannfæra FSA um að þrýsta á breska fjármálaráðuneytið að beita neyðarheimild bankalöggjafarinnar frá 2008 (Banking (Special Provisions) Act 2008). Hann bendir á að fjármálaráðuneytið hafi síðast beitt þessu ákvæði

FSA ítrekar síðan að stofnunin, sem eftirlitsstofnun gistiríkis, beri í samstarfi við Fjármálaeftirlitið ábyrgð á eftirliti með lausafjárstöðu útibús Landsbankans. Í samræmi við það hafi framangreind ákvörðun verið tekin á grundvelli 1. mgr. 30. gr. tilskipunar 2006/48/EB og 3. mgr. 199. gr. FSMA. Síðar í bréfinu segir að FSA geti fullvissað Landsbankann um að við mat á tillögum bankans varðandi flutning í dótturfélag hafi stofnunin verið og sé enn reiðubúin til þess að hugleiða lausnir sem séu fordæmalausar hjá stofnuninni. Síðar í bréfinu segir að FSA ítreki að stofnunin taki mið af og virði mikilvægi þess að varðveita stöðugleika Landsbankans á samstæðugrundvelli. Undir lok bréfsins segir að FSA verði að ítreka að beiðni Landsbankans um 2,4 milljarða punda undanþágu frá reglum um lán til tengdra aðila sé fordæmalaus og stofnunin vilji skoða alla kosti til þess að lækka þá fjárhæð.

„This would be the simplest solution by far although I would reflect on whether this would send a negative message to the market, i.e. as soon as the market sees the involvement of the Treasury they will assume it is for all the wrong reasons whereas implied consent route would enable you to convey the right message in your letter to depositors.“

Tölvubréf lögmanns hjá Allen & Overy til Mark Sismey-Durrant 1. október 2008.

58. Sjá fréttatilkynningu forsætisráðuneytis, dags. 29. september 2008. Fréttatilkynninguna má nálgast á vef forsætisráðuneytisins, <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/3018>.

við flutning innstæðna hjá Bradford & Bingley. Síðan segir í bréfinu að þessari heimild megi einungis beita þegar slíkt er nauðsynlegt í því skyni að varðveita stöðugleika á fjármálamörkuðum. Segist lögmaðurinn álíta að í ljósi þeirra áhyggna sem FSA hafi af Icesave og þess hvaða fjárhæðir sé um að ræða yrði líklega ekki talinn leika vafi á því að heimilt væri að beita ákvæðinu. Þetta sé langeinfaldasta lausnin. Hins vegar segist hann velja því fyrir sér hvort slík aðgerð geti haft í för með sér neikvæð skilaboð gagnvart markaðnum, þ.e. um leið og markaðurinn frétti af aðkomu fjármálaráðuneytisins muni menn leggja það út á versta veg. Hins vegar telur hann að flutningur á grundvelli ætlaðs samþykkis geti gert bankanum kleift að „koma réttum skilaboðum á framfæri í bréfi bankans til innstæðueigenda“.

Í þessu samhengi má benda á að í tilefni af umræðum um hugsanlega flýti-meðferð við flutning Icesave reikninga Landsbankans yfir í dótturfélag beindi rannsóknarnefnd Alþingis nokkrum spurningum til FSA með bréfi 11. júní 2009. Michael Ainley, starfsmaður FSA, svaraði erindinu með bréfi 3. júlí 2009. Þar kemur fram að beiting Banking (Special Provisions) Act 2008 hafi ekki komið til greina. Ástæðan sé sú að þessari heimild megi einungis beita til að flytja eignir og skuldbindingar viðurkenndrar breskrar innlánaðstofnunar (e. authorised UK deposit-taker). Til að falla undir þá skilgreiningu þurfi aðilinn að teljast breskur lögaðili (e. UK undertaking). FSA virðist því álíta að leiðin sem sett er fram í 3. tölulið í tölvubréfi lögmannsins hér að framan gangi ekki upp þar sem Icesave innlánsreikningarnir voru í útibúi íslensks lögaðila en ekki bresku dótturfélagi. Rétt er að vekja athygli á ummælum FSA um leið þá sem lögmaðurinn setur fram í 2. tölulið tölvubréfs síns, þ.e. leið ætlaðs samþykkis. Í bréfi FSA frá 3. júlí 2009 segir að leið ætlaðs samþykkis sé líklega vandkvæðum bundin. Til dæmis kunni á tilteknu tímabili að vera óljóst hvaða innstæðueigendur hafi flust frá einum lögaðila til annars. Slíkt myndi leiða til óljósrar réttarstöðu á meðan á breytingum stæði. Lengd tímabilsins fari eftir atvikum en ljóst sé að um nokkurn tíma gæti verið að ræða. Þar að auki kunni flutningur á grundvelli ætlaðs samþykkis að vekja upp spurningar um sanngjarna meðferð gagnvart innstæðueigendum.

18.2.4 Bresk yfirvöld yfirtaka útibú Landsbanka Íslands hf. í London

Með bréfi 3. október 2008 tilkynnti breska fjármálaeftirlitið (FSA) um beitingu formlegra valdheimilda sinna gagnvart Landsbanka Íslands hf. með vísan til reglna Financial Services and Markets Act 2000 (FSMA). Samkvæmt ákvörðun FSA var Landsbankanum m.a. gert að hækka varasjóð sinn í 20% af óbundnum innlánum og skyldi hann geymdur í Seðlabanka Bretlands. Þessu skyldi vera lokið 6. október 2008. Þá bæri bankanum að lækka óbundin innlán útibúsins niður í 1 milljarð punda við lok árs 2008 auk þess sem sett var 5 milljarða punda hámark á innlán í útibúinu. Bankanum var gert að breyta þeirri vaxtastefnu sem fylgt hefði verið þannig að tryggt væri að vaxtakjör hinna óbundnu Icesave reikninga yrðu ekki á skráum yfir bestu kjör. Þá skyldi öllum auglýsingum á óbundnum innlánum hætt fyrir 10. október 2008.

Eftir lokun markaða sama dag, þ.e. föstudaginn 3. október 2008, tilkynnti Seðlabanki Evrópu að í stað þess að Landsbankinn gæti aukið endurhverf viðskipti sín um 400 milljónir evra næstkomandi mánudag yrði honum þvert á móti gert að draga úr þeim um sömu upphæð. Landsbankinn hafði talið

að hann gæti aukið endurhverf viðskipti sín við Seðlabanka Evrópu vegna svokallaðs Avens skuldabréfs sem lá inni hjá seðlabankanum án þess að vera fullnýtt, það er lánin á móti því voru lægri en virði veðsins.⁵⁹ Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, lýsti þessu svo: „[...] þær eignir sem við töldum að væru 2,8 milljarða [evra] virði og þeir [Seðlabanki Evrópu] höfðu fram að því metið á 2,4 [mátu þeir nú á] [...] 1,6 [milljarða evra].“⁶⁰ Röskuðust þannig áætlanir Landsbankans um 800 milljónir evra við þetta nýja áhættumat Seðlabanka Evrópu. Óhætt er að segja að þessi tíðindi hafi sett aukinn þrýsting á lausafjástöðu Landsbankans. Við skýrslutöku ræddi Sigurjón Þ. Árnason um þetta sem „rothögg“. ⁶¹

Í skýrslu Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd kom fram að þessa helgi hefðu komið upp tæknilegir örðugleikar við að millifæra af Icesave reikningunum. Bilunin hefði hins vegar verið lagfærð og hefði útstreymið af reikningunum þá haldið áfram. ⁶²

Sambærilega lýsingu er að finna í tölvubréfi Mark Sismey-Durrant, forstjóra Heritable Bank, til Sylvíu K. Ólafsdóttur, starfsmanns Seðlabanka Íslands, 27. nóvember 2008. Í bréfinu segir hann að laugardaginn 4. október 2008 hafi hann verið upplýstur um að umferð um vef Icesave hafi verið komin upp í 400% af því sem venjulegt var. Tæknilegir örðugleikar hafi komið upp og valdið því að í tölvum einhverra viðskiptavina birtust villuboð. Samkvæmt Sismey-Durrant var vandinn leystur um hádegi. Vandinn hafi hins vegar komið aftur upp að kvöldi næsta dags. Sismey-Durrant segir að um miðnætti hafi sá vandi verið leystur. Hann lýsir því einnig að næsta morgun, þ.e. mánudaginn 6. október 2008, hafi vefumferð verið 450% af því sem venjulegt var. Sú tala hafi síðan hækkað í 600% síðar sama morgun.

Á hádegi sunnudaginn 5. október 2008 funduðu bankastjórar Landsbanka Íslands með bankastjórn Seðlabanka Íslands þar sem bankastjórar Landsbankans gerðu grein fyrir þeim vanda sem upp var kominn í rekstri bankans.

Síðar sama dag, þ.e. 5. október 2008 kl. 16:11, ritaði Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins Halldóri J. Kristjánssyni, bankastjóra Landsbankans, tölvubréf. Jónas vísaði í samtalið sem hann hefði átt við Hector Sants, forstjóra FSA, og sagði m.a.: „FSA segir að þið þurfið að koma með 200 m. GBP (þ.e. viðbótar 10% af easy access) til UK branch ef þið viljið halda áfram að starfa. Verði slíkt ekki gert verður líklegast lokað hjá ykkur á morgun.“

Fimm mínútum síðar, þ.e. kl. 16:16 sama dag, svaraði Halldór J. Kristjánsson tölvubréfi Jónasar og sagði: „Voru teir ekki að bjóða fast track á dotturf.leið.“

Kl. 16:20 svaraði Jónas aftur tölvubréfi Halldórs og sagði: „Ég spurði Sants, að því gefnu að þið kæmuð með 200 m. GBP á morgun og vilduð reyna breyta ykkur hratt í dotturfélag hvort það væri möguleiki og þá hversu hratt. Hann tók vel í það og nefndi 1-2 vikur með öllum fyrirvörum.“

Laust eftir kl. 20 sama dag, þ.e. 5. október 2008, héldu bankastjórar Landsbankans símafund með Hector Sants, forstjóra FSA, og nokkrum samstarfsmönnum hans. Fundurinn var hljóðritaður og hefur rannsóknarnefnd Alþingis undir höndum handrit af samtalinu. Á fundinum kom fram að sá möguleiki hefði verið ræddur að Landsbankinn tæki yfir Glitni en við það

„[...] við fáum þetta rothögg þarna eftir lokun á föstudeginum sem er „margin-call-ið“ [...].“

Sigurjón Þ. Árnason um veðkall frá Seðlabanka Evrópu gagnvart Landsbanka Íslands hf., sbr. skýrslu Sigurjóns fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 27. ágúst 2009, bls. 123.

„Og laugardaginn 4. [október 2008] hittumst við heima hjá Sigga Einars og þá er bara hringt í okkur, Icesave-síðan er niðri, og þá var ekki að spyrja að leikslökum.“

Skýrsla Jóns Ásgeirs Jóhannessonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 18. ágúst 2009, bls. 13.

59. Sjá umræðu um Avens skuldabréfið í kaflanum 7.0 fjármögnun.

60. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 27. ágúst 2009, bls. 123.

61. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 27. ágúst 2009, bls. 123.

62. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 63.

„So we must have the 200 million or we will have to say that the retail deposit base, we will have to make it clear to UK depositors that they cannot continue using the bank which I think would cause effectively us saying, it's a failed bank. So if you want to continue as a bank I think you have to give us 200 million tomorrow morning. We have no choice, there is no money left.“

Hector Sants á símafundi FSA og Landsbankans að kvöldi 5. október 2008.

„The reality is that the London branch is now out of money and therefore you have to transfer 200 million to us tomorrow morning or otherwise we will have to shut the branch to retail activity because there is no money.“

Hector Sants á símafundi FSA og Landsbankans að kvöldi 5. október 2008.

hefði Landsbankinn til reiðu eignir sem hægt væri að færa yfir í Heritable Bank um leið og Icesave reikningar væru færðir þangað yfir. Á símafundinum barst í tal hversu langan tíma myndi taka að færa Icesave reikningana yfir í dótturfélag. Þeirri spurningu vísaði Hector Sants yfir til samstarfsmanns síns, Michael Ainley, sem svaraði því til að það tæki að lágmarki þrjá til fjóra mánuði eins og rætt hefði verið um í nýliðinni viku, þar sem ávallt þyrfti að fara dómstólaleiðina. Halldór spurði sérstaklega að því hvort ekki væri hægt að fara aðra fljótfernari leið. Michael Ainley svaraði því þá til að sinn skilningur væri sá að þetta tæki ávallt að lágmarki þrjá til fjóra mánuði. Hann myndi þó ráðfæra sig við lögfræðing og hægt yrði að ræða þetta frekar næsta dag. Hector Sants lýsti því yfir að FSA væri tilbúið að kanna hvort nokkur möguleiki væri á að fara hraðar í þessum efnum. Enginn tiltekinn tími var þó nefndur í þessu sambandi.

Í símtalinu kemur ítrekað fram af hálfu FSA að hvað sem öðru líði sé nauðsynlegt að 200 milljónir punda berist að morgni næsta dags, þ.e. 6. október 2008, vegna útlæðis af Icesave reikningum útibúsins í London. Einnig kemur fram að verði bankinn ekki við þeirri kröfu neyðist FSA til þess að tilkynna breskum innstæðueigendum að þeir geti ekki átt viðskipti við bankann og segist Hector Sants telja að þar með væri FSA að lýsa því yfir að dagar bankans væru taldir. Þar að auki þurfi 53 milljónir punda að berast vegna Heritable Bank.

Í þessu samhengi skal því haldið til haga að í bréfi sem Michael Ainley, starfsmaður FSA, ritaði rannsóknarnefnd Alþingis 3. júlí 2009 í tilefni af fyrirspurn nefndarinnar til FSA kom fram að Ainley geti staðfest fyrir hönd Hector Sants að Sants hafi ekki á nokkru stigi málsins sagt eða reynt að gefa til kynna að hefðbundinn flutningur á innlánsreikningum gæti átt sér stað á einni til tveimur vikum. Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram hjá Sigurjóni Þ. Árnasyni að hann hefði skilið orðin „fast track“ svo að flutningur reikninganna yrði byggður á ætluðu samþykki (e. implied consent) innstæðueigenda.⁶³ Við skýrslutöku virtist Halldór J. Kristjánsson sammála þessu en hann sagðist þó einnig hafa vonast til þess að bresk yfirvöld gætu einhliða flutt reikningana yfir til dótturfélags Landsbankans. Við yfirfærslu innlánsreikninga í dótturfélag hefði jafnframt þurft að færa eignir til dótturfélagsins. Halldór áréttaði að 200 milljónir punda hefðu ekki nægt í þessu sambandi. Fullyrti Halldór að á þessum tímapunkti hefðu bankastjórar Landsbankans verið tilbúnir, í ljósi þeirrar stöðu sem upp var komin, að taka þá áhættu að skilmálar í fjármögnunarsamningum bankans teldust rofnir.⁶⁴ Sigurjón Þ. Árnason tók undir það að 200 milljónir punda hefðu ekki nægt Landsbankanum. Menn hefðu hins vegar vonast eftir því að róa mætti breska innlánseigendur og koma í veg fyrir frekara áhlaup á reikninga bankans. Í því samhengi vísaði Sigurjón til þess að hann hefði skilið það svo að FSA hefði verið tilbúið til að gefa út sérstaka yfirlýsingu í þessum tilgangi. Sigurjón taldi aðspurður að ef leið ætlaðs samþykkis hefði verið farin hefði slíkt líklega tekið nokkrar vikur. Tíminn réðist algjörlega af því hvaða tíma FSA tæki sér til að skoða eignir Landsbankans.⁶⁵

63. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 131.

64. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 34 og áfram. Sjá einnig skýrslu Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 131.

65. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 132–133.

Að kvöldi 5. október 2008 bárust Landsbankanum þær fréttir að takmarkanir á endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Evrópu sem tilkynnt hafði verið um 3. október 2008 kæmu ekki til framkvæmda.

Hið sama kvöld barst Seðlabanka Íslands bréf frá bankastjórum Landsbankans. Í bréfinu segir að bankastjórnir vilji upplýsa Seðlabankann um þrjú atriði sem átt hafi sér stað sama dag: „Í fyrsta lagi hefur ECB tilkynnt Landsbankanum að takmarkanir þær á endurhverfum viðskiptum sem tilkynnt var um sl. föstudag komi ekki til framkvæmda að sinni. Þetta léttir mjög á lausafjárþörf bankans þessa viku.“ Síðan segir: „Í öðru lagi er Landsbankinn í viðræðum við forstjóra FSA um að framkvæma hraðvirka dótturfélagsvæðingu ICESAVE reikninganna í Bretlandi. Í sambandi við það er Landsbankinn að óska eftir að þeim takmörkunum sem kynntar voru á innlánastarfseminni verði breytt.“ Loks segir: „Í þriðja lagi hafa umræður nú hafist á milli Landsbanka og Kaupþings annars vegar og fulltrúa ríkisins hins vegar að yfirtaka innlán og eignir Glitnis ef það reynist fært að lögum.“

Daginn eftir, þ.e. mánudaginn 6. október 2008, rituðu bankastjórar Landsbankans Seðlabanka Íslands bréf og gerðu grein fyrir því að verulegt útlæði hefði orðið af reikningum Icesave í London um nýliðna helgi og næmi það 318 milljónum punda. Af þeim sökum hefði FSA krafist þess að Landsbankinn færði 200 milljónir punda í reiðufé til Bretlands jafnframt því að leggja fram 53 milljónir punda á varareikning hjá Heritable Bank. Í bréfinu vísar Landsbankinn til umræðna sem höfðu átt sér stað þá um helgina um endurhverf viðskipti eða gjaldmiðlaskiptasamning við Seðlabanka Íslands. Segir Landsbankinn brýna þörf á fjármunum í erlendri mynt og óskar eftir tafarlausum fundi með bankastjórn Seðlabankans. Ekki er í bréfinu minnst á flutning Icesave reikninga í dótturfélag eða flýtimeðferð í tengslum við slíkt. Sama máli gegnir um tvö bréf sem Landsbankinn sendi Seðlabanka Íslands síðar sama dag. Í öðru þeirra var fyrri beiðni bankans ítrekuð en í því síðara var farið fram á að fundartíma yrði seinkað frá kl. 14:00 til 15:00.

Klukkan 15:15 til 15:35 sama dag, þ.e. 6. október 2008, funduðu bankastjórar Landsbankans með bankastjórn Seðlabanka Íslands. Af drögum að fundargerð Seðlabankans má ráða að fyrirgreiðslu hafi verið hafnað þar sem Seðlabankinn taldi sig ekki hafa frekari fjármuni vegna þess að búið væri að lána Kaupþingi banka hf. Í drögum að fundargerð segir einnig að mat seðlabankastjóra sé að útlæði yrði svo mikið af Icesave reikningum „að verið væri að kasta peningum“. Ingimundur Friðriksson, seðlabankastjóri, hefur lýst því sem svo að á fundinum hafi komið fram að trúlega yrði um miklu hærri fjárhæð en 200 milljónir punda að ræða. Engar forsendur hafi verið til annars en að ætla að „þetta væri einhver botnlaus hit“.⁶⁶ Halldór J. Kristjánsson tjáði rannsóknarnefnd Alþingis að Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, hefði sagt að búið væri að skrapa botninn við að afla fjármuna vegna láns til Kaupþings.⁶⁷

Hinn 6. október tilkynnti FSA Landsbankanum þá ákvörðun sína að bankanum væri óheimilt að bera fyrir sig samningsbundna skilmála innlánsreikninga til þess að takmarka eða stöðva tímabundið úttektir um 60 daga skeið af reikningum útibús Landsbankans í London nema FSA yrði áður gert viðvart með minnst eins dags fyrirvara. Jafnframt setti FSA það skilyrði að stofnunin

„[...] þegar ég var á þessum símafundi þá [...]. Ég skildi það sem leið þar sem væri einhvern veginn þar sem [...] að það dygði [...] að maður sendir bréf til þín, þú ert kúnni, og segir: Landsbankinn í samvinnu við fjármálaeftirlitið í Bretlandi hefur komist að samkomulagi um það að flytja öll innlánin sem voru áður í útibúi Landsbankans yfir í dótturfélag [...] og gerirðu ekki athugasemdir við þetta þá, bara frá og með morgundegnum eða eitthvað slíkt, þá eru innlán þín orðin partur af [dótturfélaginu Heritable Bank] og þetta þýðir að nú heyrir þetta allt undir breska innlánatryggingakerfið.“

Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
19. ágúst 2009, bls. 131.

„Það er eins og enginn hafi viljað skilja eða hafi skilið að ef banki klikkar í einn dag þá skiptir engu máli þó að hann fái allan pening í heiminum daginn eftir því þá er hann farinn.“

Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
27. ágúst 2009, bls. 121.

„Vonandi látið þið ekki þessa menn fara með gjaldeyris sjóðinn fyrir björg.“

Haft eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni í drögum að fundargerð Seðlabanka Íslands 6. október 2008.

66. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 58.

67. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 56.

„[...] en ég man að við fórum upp í Seðlabanka um þrjú- eða fjögurleytið á mánudeginum og þar hittum við alla seðlabankastjórana, ég og Sigurjón, og Jón Þorsteinn held ég að hafi verið með okkur, og þar segir Davíð okkur að þeir séu búnir að skrapa botninn alveg með því að koma með þessa fjármuni.“

Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 56.

„[...] þegar Bretarnir spurðu þá hvernig ætlið þið að vera með nóg af pundum, að þá sögðu þeir bara að þeir myndu fara á swap-markað [þ.e. gjaldeyrisskiptamarkað] [...]“

Skýrsla Guðmundar Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis frá 10. ágúst 2009.

þyrfti þá að staðfesta að hún myndi ekki leggjast gegn fyrirætlun bankans. Landsbankinn mótmælti þessari ákvörðun í bréfi til FSA daginn eftir, þ.e. 7. október.

Að kvöldi 6. október 2008 var útibúi Landsbankans í London lokað.⁶⁸

Klukkan 23:18 6. október 2008 voru samþykkt lög á Alþingi sem birt voru næsta dag sem lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., eða hin svokölluðu neyðarlög. Sérstök skilanefnd tók yfir rekstur Landsbankans að morgni 7. október á grundvelli laganna. Nánar er vikið að þessum atburðum í kafla 20.4.

Um klukkan 10:00 hinn 8. október 2008 gaf breska fjármálaráðuneytið út tilskipun um frystingu eigna Landsbankans auk nánar tiltekinna eigna íslenskra stjórnvalda og ríkisstjórnar Íslands á bresku yfirráðasvæði á grundvelli hryðjuverkalaga sem sett voru árið 2001. Tilskipunin tók gildi kl. 10:10 sama dag.

STATUTORY INSTRUMENT

2008 No. 2668
BANKS AND BANKING

The Landsbanki Freezing Order 2008

Approved by both Houses of Parliament

<i>Made</i>	<i>at 10.00 a.m. on 8th October 2008</i>
<i>Laid before Parliament</i>	<i>at 12.00 noon on 8th October 2008</i>
<i>Coming into force</i>	<i>at 10.10 a.m. on 8th October 2008</i>

The Treasury believe that action to the detriment of the United Kingdom's economy (or part of it) has been or is likely to be taken by certain persons who are the government of or resident of a country or territory outside the United Kingdom.

The Treasury, in exercise of the powers conferred by sections 4 and 14 of and Schedule 3 to the Antiterrorism, Crime and Security Act 2001(1), make the following Order:

18.2.5 Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis um Icesave reikninga í útibúi Landsbanka Íslands hf. í London

Af því sem hér að framan er rakið liggur ljóst fyrir að stjórnendur Landsbanka Íslands hf. ákváðu að hafa Icesave innlánsreikningana í útibúi bankans í London fremur en í dótturfélagi svo flytja mætti fjármuni af reikningunum yfir í aðra hluta samstæðu bankans. Ástæðan var sú að breskar reglur um stórar áhættuskuldbindingar setja slíkum fjármagnsflutningum þröngar skorður þegar um dótturfélög er að ræða. Þetta fyrirkomulag hafði á hinn bóginn þær afdrifaríku afleiðingar að innlánin voru tryggð á Íslandi af Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta. Þá var einnig ljóst að þarna var stofnað til innlánskuldbindinga af hálfu Landsbankans gagnvart einstaklingum í Bretlandi og að útgreiðslum, þ.m.t. við áhlaup, yrði að mæta í pundum en Landsbankinn gat ekki vænst þess að eiga kost á þrautavaryfirgreiðslu seðlabanka í annarri mynt en íslenskum krónum. Yrði um að ræða umtalsverðar greiðslur frá Íslandi til að mæta útgreiðslum af þessum reikningum mátti vera ljóst að það gæti haft veruleg áhrif á gengi íslensku krónunnar. Icesave reikningarnir voru rafrænir og eigend-

68. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 41.

ur þeirra höfðu almennt greiðan aðgang að þeim til innleggs og úttekta nema um væri að ræða bundnar innstæður. Í boði voru háir vextir í samanburði við aðra innlánskosti í Bretlandi og fram eftir árinu 2007 voru Icesave reikningarnir í efsta sæti á töflum sem birtar eru um bestu innlánskjör þar í landi.

Af fyrirbyggjandi skýringum og upplýsingum er ljóst að af hálfu Landsbankans var fyrst og fremst litið á söfnun innlana erlendis sem lið í fjármögnun bankans á sama tíma og þrengdist um möguleika til fjármögnunar með töku erlendra lána og útgáfu skuldabréfa á markaði. Þrátt fyrir þessa breyttu fjármögnun varð engin breyting á útlánastefnu eða starfsemi Landsbankans ef undan eru skilin viðskipti sem bankinn stofnaði til í London með verðbréf sem talin voru örugg og auðseljanleg og aukin útlán í Bretlandi út á viðskipta-kröfur og vörubirgðir. Samkvæmt skilmálum síðastnefndra útlána átti að vera hægt að krefjast greiðslu á þeim innan sólarhrings. Hvort lánþegar gátu síðan staðið við þau tímamörk ef á reyndi er önnur saga. Hvað skuldabréfaviðskiptin varðaði, þá komu þau ekki til fyrir en í júní 2007 og síðla sama ár voru umrædd skuldabréf notuð í endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Evrópu. Rétt er að minna á að þessar ráðstafanir Landsbankans, sem þó vörðu aðeins í fáa mánuði, komu ekki til fyrir en innstæður á Icesave reikningunum námu um 3,6 milljörðum punda. Þeir fjármunir sem komu inn á Icesave reikninga í London og voru umfram það lausafé sem þurfti að vera tiltækt í útibúinu þar, voru fluttir og notaðir í öðrum starfsstöðvum Landsbankasamstæðunnar þ.m.t. á Íslandi. Eins og ráða má af þeim upplýsingum sem koma fram í kafla 7.0 voru þessir fjármunir einkum notaðir til endurgreiðslu á eldri lánum bankans og til nýrra útlána sem að stórum hluta til voru þó endurfjármögnun eldri útlána. Rannsóknarnefnd Alþingis leggur áherslu á að það verður ekki séð að þessi gjörbreytta fjármögnun Landsbankans á stuttum tíma, m.a. í hlutfalli við útlán, hafi leitt til þess að bankinn tæki í starfsemi eða stefnumörkun sinni mið af þeim eðlismun sem þarna varð á fjármögnun hans nema að mjög litlu leyti. Í stað þess að bankinn fjármagnaði sig að stærstum hluta til með fjármunum frá erlendum lánastofnunum og fagfjárfestum hafði nú bæst í hóp lánadrottna bankans mikill fjöldi erlendra einstaklinga sem fólu bankanum varðveislu og ávöxtun á sparifé sínu.

Rannsóknarnefnd Alþingis tekur fram að af þeim gögnum sem hún hefur fengið afhent verður ekki séð að neitt mat eða úttekt hafi farið fram af hálfu íslenskra eftirlitsaðila á því hversu stöðugir og öruggir Icesave reikningarnir voru sem fjármögnunarleið fyrir Landsbanka Íslands og hvaða áhætta kynni að fylgja þeim fyrir efnahag og fjármálakerfi Íslands, sbr. umfjöllun í kafla 7.0 um hversu kvik þessi innlán voru. Á það í reynd bæði við um þann tíma þegar markaðssetning Icesave reikninganna hófst í Bretlandi og síðar. Nefndin bendir á að með tilkomu Icesave reikninganna og þeim mikla árangri sem Landsbankinn náði strax á fyrri hluta árs 2007 með söfnun innlana á þá varð veruleg breyting á fjármögnun bankans og íslenska bankakerfisins. Til viðbótar komu síðan þau heildsöluinnlán sem Landsbankinn og hinir stóru bankarnir tveir voru þegar byrjaðir að safna erlendis. Hér var því um að ræða ákveðna grundvallarbreytingu á fjármögnun íslenska bankakerfisins sem jafnframt hafði í för með sér nýjar áhættur gagnvart íslensku fjármálakerfi.

Söfnun innlana á Icesave reikninga í Bretlandi hófst í október 2006 og um áramótin 2006/2007 var fjöldi reikninga 32.013 og innstæður alls 774,5 milljónir punda. Að meðaltali jukust innlán á Icesave reikningunum mánaðarlega um 337,8 milljónir punda á árinu 2007 og í heild um rúma fjóra

milljarða punda yfir árið. Undir lok árs 2007 voru reikningarnir orðnir fleiri en 131.000 talsins. Hæstar urðu innstæður á Icesave reikningum í Bretlandi í janúar 2008 en þá námu þær 4,9 milljörðum punda. Þrátt fyrir að mestur vöxtur á Icesave reikningum Landsbankans hafi orðið á árinu 2007 vekur það sérstaka athygli nefndarinnar að við rannsókn hennar hafa ekki komið fram nein gögn eða upplýsingar um að sú staða hafi á því ári orðið íslenskum stjórnvöldum, þ.m.t. Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu, tilefni til að bregðast við þessum auknu innstæðum á Icesave reikningunum með tilliti til áhættuþátta gagnvart íslenska fjármálakerfinu.

Rannsóknarnefnd Alþingis telur í þessu sambandi sérstaka ástæðu til að minna á að Landsbanki Íslands var það sem nefnt er kerfislega mikilvægur banki. Ef áföll yrðu í rekstri hans var ljóst að það gat haft veruleg áhrif á fjármálastöðugleika á Íslandi sem Seðlabanka Íslands bar samkvæmt lögum að varðveita. Þegar fjármálastofnanir lenda í lausafjávandræðum, án þess þó að um eiginfjárvanda sé að ræða, er Seðlabanka Íslands heimilt að veita lán til þrautavara gegn tryggum veðum. Um mitt ár 2007 námu innstæður á Icesave reikningum um 4 milljörðum punda og að viðbættum heildsöluinnlánum erlendra aðila í sama útibúi námu innlán í útibúi Landsbankans í London 5,5 milljörðum punda. Í ljósi þess að gjaldeyrisvaraforði Seðlabanka Íslands nam einungis um 1,2 milljörðum punda á þessum tíma, má telja víst að Seðlabankinn hefði ekki getað gegnt hlutverki sínu sem lánveitandi til þrautavara fyrir Landsbanka Íslands ef á reyndi. Þar sem Landsbankinn var kerfislega mikilvægur banki blasti við að áhlaup á innlánin í Bretlandi myndi ógna fjármálastöðugleika á Íslandi. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að Seðlabanka Íslands hafi mátt vera þetta ljóst eigi síðar en um mitt ár 2007. Þessi vitneskja hefði átt að vera Seðlabankanum tilefni til aðgerða til að draga úr þeirri hættu sem gat steðjað að fjármálastöðugleika Íslands.

Það er fyrst á árinu 2008 sem þess sjást merki að farið sé að ræða um flutning Icesave reikninganna frá útibúi bankans í London til dótturfélags þar. Sú umræða hófst innan Landsbanka Íslands í byrjun árs 2008 og af fyrirbyggjandi gögnum og skýringum sem nefndinni hafa verið látnar í té verður ekki annað ráðið en að með því hafi stjórnendur bankans verið að bregðast við umræðu sem komið hafði fram í fjölmiðlum í Bretlandi um stöðu íslensku bankanna, m.a. með tilliti til þróunar skuldatryggingarálags þeirra, og takmarkaðrar getu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi til að bæta tapaðar innstæður ef illa færi um rekstur þeirra. Með þessari umræðu hafði kastljósinu verið beint að hlutverki og stöðu innstæðutrygginga frá sjónarhóli innstæðueigenda en rannsóknarnefnd Alþingis ræður það af þeim skýrslum sem hún hefur tekið af stjórnendum íslensku bankanna að fram að þessum tíma hafi tilvist tryggingarsjóðanna og þýðing í hugum innstæðueigenda, sérstaklega erlendis, ekki haft mikil áhrif við ákvarðanatöku íslensku bankanna um skipulag á starfsemi þeirra. Rétt er að vekja athygli á því að þegar þetta mál var rætt á fundi bankaráðs Landsbankans 7. apríl 2008 var bókað að talið væri rétt að huga að flutningi innlánanna til dótturfélags vegna neikvæðrar umræðu í breskum fjölmiðlum um fyrirkomulag innstæðutrygginga en tekið var fram að heildsöluinnlán yrðu áfram í útibúinu „enda ekki sömu áherslur varðandi það“. Þar var greinilega vísað til þess að í þeim tilvikum væri um fáa reikningseigendur að ræða og tiltölulega háar innstæður þannig að lágmarksfjárhæð innstæðutrygginga skipti minna máli. Það sem réð því að farið var að huga að flutningi Icesave reikninganna yfir í dótturfélag var því fyrst og fremst

sú viðleitni Landsbankans að forða því að neikvæð fjölmiðlaumræða leiddi til þess að drægi úr innlánum á reikningunum.

Landsbankinn aflaði þegar í febrúar 2008 lögfræðilegrar álitsgerðar um hvaða leiðir væru færar til að flytja Icesave reikningana yfir í dótturfélag og fram kom að sú leið sem mælt var með tæki að öllum líkindum sex mánuði. Stjórnendum Landsbankans var því frá lokum febrúar 2008 ljóst hvaða leiðir komu til greina við yfirfærslu reikninganna gagnvart eigendum þeirra. Þá var líka ljóst að breska fjármálaeftirlitið (FSA) gerði kröfu um að samhliða yfirfærslu reikninganna yrðu eignir sem svöruðu til um 20% af eignum Landsbankans fluttar til dótturfélagsins. Jafnframt yrði ekki lengur hægt að flytja þá fjármuni sem kæmu inn á Icesave reikningana til annarra hluta Landsbankasamstæðunnar.

Bankastjórar Landsbankans höfðu kynnt það fyrir bankastjórum Seðlabanka Íslands á fundi 8. febrúar 2008 að af hálfu Landsbankans væri verið að skoða flutning á Icesave reikningunum yfir í dótturfélag. Formaður bankastjórnar Seðlabankans og starfsmaður stofnunarinnar höfðu þá dagana á undan verið á ferð í London og átt fundi með matsfyrirtækjum. Þar var lýst áhyggjum af stöðu íslensku bankanna, m.a. af Icesave reikningum Landsbankans, og bent á að fjármunir gætu runnið þaðan út ef vantraust skapaðist. Á sérstökum fundi 7. febrúar 2008 kynntu síðan seðlabankamenn þremur ráðherrum efni og niðurstöður funda í London. Á þessum tíma og næstu vikurnar á eftir varð umræða um stöðu íslensku bankanna og eigenda innstæða í þeim áberandi í fjölmiðlum í Bretlandi. Sams konar áhyggjur komu líka fram á fundi sem íslensku seðlabankastjórnir, Davíð Oddsson og Ingimundur Friðriksson, áttu með aðalbankastjóra Seðlabanka Bretlands, Mervyn King, 3. mars 2008 og þar var sérstaklega rætt um söfnun íslensku bankanna á innlánum í Bretlandi. Þremur dögum síðar fundaði formaður bankastjórnar Seðlabankans, Davíð Oddsson, með forsætisráðherra, Geir H. Haarde, og upplýsti hann m.a. um þessar áhyggjur forsvarsmanna Seðlabanka Bretlands. Geir átti í framhaldi af þessu þrjá fundi með Sigurjóni Þ. Árnasyni, bankastjóra Landsbankans, þar sem m.a. var rætt um Icesave reikningana og fjármögnun Landsbankans. Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið höfðu jafnframt fundað með bankastjórum Landsbankans 4. mars 2008 þar sem rætt var um innstæðutryggingar og flutning Icesave reikninganna yfir í dótturfélag.

Þrátt fyrir að framangreindar áhyggjur væru komnar fram og um þær væri rætt á vettvangi að minnsta kosti þriggja ráðherra, Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins hafa ekki komið fram við rannsókn nefndarinnar nein skjöl, gögn eða ótvíræðar staðfestingar í skýrslutökum um að íslensk stjórnvöld hafi á þessum tíma lagt formlega að Landsbankanum að flytja Icesave reikningana yfir í dótturfélag eða kallað eftir tímaáætlun um slíkt frá bankanum ef stjórnvöld litu svo á að hann væri að undirbúa flutninginn. Hvað sem leið lagalegum heimildum Landsbankans til að reka útibú bankans í London var ljóst að framvinda mála um flutning Icesave reikninganna yfir í dótturfélag gat haft verulega þýðingu um viðbrögð og aðgerðir íslenskra stjórnvalda á næstu misserum, m.a. vegna Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, og um samskipti við erlenda eftirlitsaðila og seðlabanka. Hér hefði því að lágmarki verið eðlilegt í samræmi við vandaða stjórnsýslu að þau stjórnvöld sem báru ábyrgð á þessum málum kölluðu eftir staðfestum áætlunum um tímasetningu flutnings reikninganna yfir í dótturfélag. Slíkt var líka liður í því að geta haldið uppi eftirliti og eftirfylgni með því að þessi áform bankans gengju eftir.

Áhyggjur vegna Icesave reikninganna áttu enn eftir að aukast um mánaðamótin mars/apríl 2008. Á fundi bankastjóra Landsbankans í Seðlabankanum 30. mars 2008 kom fram að útstreymi hefði verið af Icesave reikningunum þann dag og að í umræðunni gætti tortryggni vegna stöðu íslenska innstæðutryggingarsjóðsins. Í drögum Seðlabankans að fundargerð er Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, sagður hafa rætt um „tvær tímasprengur“ þ.e. Icesave og heildsöluinnlánin og haft er eftir honum að „líkurnar á að íslensku bankarnir komist í gegnum þetta [séu] mjög mjög litlar“. Hinn 1. apríl 2008 var rætt um stöðu Icesave reikninganna á vettvangi samráðshóps þriggja ráðuneyta, Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins og fram kom að nú skipti máli hvort Landsbankanum tækist að flytja innlán útibúsins yfir til dótturfélags í London. Sama dag átti bankastjórn Seðlabankans fund með Geir H. Haarde og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, utanríkisráðherra, þar sem fram kom að 193 milljónir punda hefðu runnið út af Icesave reikningunum nýliðna helgi og fram til þess dags. Haft er eftir formanni bankastjórnar Seðlabankans að Landsbankinn geti þolað slíkt ástand í 6 daga og það sé vilji FSA að Landsbankinn færi Icesave reikningana yfir í breskt dótturfélag.

Það hefur vakið athygli rannsóknarnefndar Alþingis að þrátt fyrir að þarna hafi verið lýst mjög alvarlegri stöðu Landsbankans og vanda sem augljóslega kæmi ekki bara fram á Íslandi heldur gagnvart yfirvöldum og stórum hópi einstaklinga í Bretlandi, þ.e. eigendum innstæðna á Icesave reikningunum, hafa engin gögn eða upplýsingar komið fram um sérstök viðbrögð íslenskra stjórnvalda ef undan er skilinn fundur bankastjórnar Seðlabankans með oddvitum ríkisstjórnarinnar. Ekki liggur t.d. fyrir að ráðherrarnir hafi sjálfir kallað eftir eða óskað eftir því að Seðlabankinn eða Fjármálaeftirlitið kallaði eftir tímasettum áformum Landsbankans um að færa Icesave reikningana yfir í dótturfélag og upplýsingum um hvort eitthvað stæði því í vegi að farið yrði að þeim vilja breska fjármálaeftirlitsins að reikningarnir yrðu fluttir til dótturfélags. Formlegar upplýsingar þar um hlutu að skipta máli við mat á því hvort tilefni væri til inngripa eða ráðstafana af hálfu ríkisstjórnar Íslands eða Seðlabankans til að greiða fyrir því að af flutningnum gæti orðið.

Eins og áður sagði gáfu fyrirliggjandi upplýsingar skýrt til kynna að alvarlegt ástand í málefnum Landsbankans gæti verið yfirvofandi með tilheyrandi áhrifum á stöðu íslenskra fjármálafyrirtækja og þar með íslenska hagsmuni í Bretlandi. Utanríkisráðherra hafði á fundi með bankastjórn Seðlabankans fengið upplýsingar um stöðuna. Engu að síður verður ekki séð af þeim gögnum og upplýsingum sem rannsóknarnefnd Alþingis hefur fengið afhent, m.a. frá utanríkisráðuneytinu, að neinar sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar af hálfu utanríkisþjónustunnar af þessu tilefni til að undirbúa viðbrögð eða virkja tengsl við erlend stjórnvöld ef t.d. yrði um að ræða áframhaldandi áhlaup á Icesave reikninga Landsbankans í Bretlandi en upplýst var að bankinn gæti aðeins þolað sambærilegt útlæði og orðið hafði í 6 daga.

Rannsóknarnefnd Alþingis telur í þessu sambandi ástæðu til þess að benda á að við skýrslutöku fyrir nefndinni kom fram hjá sendiherra Íslands í London að þær upplýsingar sem hann hafði um Icesave reikningana allt þar til hann sat fund viðskiptaráðherra Íslands með fjármálaráðherra Bretlands 2. september 2008 voru úr fjölmiðlum. Ef frá eru talin afskipti sendiherrans af þeim fundi, auk þess að koma honum á og fylgja eftir skilaboðum sem komu frá starfsmanni breska fjármálaráðuneytisins í kjölfar hans, var það fyrst eftir að forsætisráðherra Bretlands hafði gefið yfirlýsingu í fjölmiðlum um aðgerðir

gagnvart Landsbankanum og íslenskum fyrirtækjum 8. október 2008 sem sendiherrann og sendiráðið voru virkjuð til að gæta hagsmuna Íslands vegna stöðu og falls íslensku bankanna.

Eins og áður segir hafði það komið fram af hálfu FSA að ástæða væri til þess að færa Icesave reikningana yfir í breskt dótturfélag Landsbankans. Um þetta hafði meðal annars verið rætt á fundi FSA með bankastjórum Landsbankans 14. mars 2008. Hinn 4. apríl 2008 rituðu bankastjórar Landsbankans FSA bréf þar sem fram kom að bankinn teldi rétt að stefna að flutningi Icesave reikninganna ásamt eignum útibúsins í London yfir í Heritable Bank. Lýst var hugmyndum bankans um hvernig framkvæma ætti yfirfærsluna. Í svari FSA 16. apríl 2008 var bent á að huga þyrfti að breytingum á lausafjáreftirliti og lausafjárstýringu útibúsins enda væri ólíklegt að það tæki skamman tíma að færa Icesave reikningana yfir í dótturfélag. Þá taldi FSA nauðsynlegt að ganga betur úr skugga um hvort sú leið sem Landsbankinn hafði lagt til að farin yrði við flutninginn væri lögmæt og myndi skila árangri.

Af fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum sem nefndin hefur aflað er ljóst að þegar kom fram í apríl 2008 varð breyting á viðhorfi stjórnenda Landsbankans til þess hversu hratt ætti að framkvæma flutning á Icesave reikningunum yfir í dótturfélag í London og áherslan færðist yfir á viðræður við FSA um fyrirkomulag lausafjárstýringar og lausafjárkröfur til útibúsins í London. Ekki varð framhald á því útstreymi fjármuna sem verið hafði af Icesave reikningunum um mánaðamótin mars/apríl 2008 og þegar leið á apríl fór minna fyrir umræðu í breskum fjölmiðlum um stöðu íslensku bankanna. Icesave innlán tóku að aukast á ný. Það hafði líka komið skýrt fram á fundum t.d. bankastjóra Landsbankans með bankastjórum Seðlabankans að það yrði ekki þrautalaust fyrir Landsbankann ef þessi flutningur gengi eftir. Bæði þyrfti að flytja eignir til dótturfélagsins á móti útlánunum og við flutninginn myndi glatast, eins og haft er eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni í drögum Seðlabankans að fundargerð 8. febrúar 2008, möguleikinn á því að flytja féð til annarra hluta bankasamstæðunnar. Þetta hefði áhrif á lausafjárstöðu og fjárstýringu bankans. Rannsóknarnefnd Alþingis minnir á að það voru fyrst og fremst áhyggjur Landsbankamanna af neikvæðri umræðu um fyrirkomulag innstæðutrygginganna og óvissu um stöðu íslenska tryggingarsjóðsins sem réðu því að þeir töldu í byrjun árs 2008 rétt að flytja Icesave reikningana yfir í breskt dótturfélag. Á sama hátt verður ekki annað séð en að um leið og sú umræða hljóðnaði í Bretlandi hafi komið annað hljóð í strokkinn hjá þeim. Þannig tilkynnti Landsbankinn FSA með bréfi 24. apríl 2008 að flutningur Icesave reikninga yfir í dótturfélag væri nú á miðlungs- eða langtímaáætlun bankans og huga þyrfti vel að honum áður en nokkrar ákvarðanir væru teknar. FSA svaraði bréfinu næsta dag á þann veg að þrátt fyrir að stofnuninni væri ljóst að flutningur Icesave í dótturfélag væri ekki lengur á skammtímaáætlun Landsbankans myndi stofnunin halda áfram að huga að þeim möguleika og tók fram að starfsmenn stofnunarinnar væru reiðubúnir að ræða hann frekar. Samskipti Landsbankans og FSA vegna útibúsins í London snerust næstu vikurnar um lausafjárstýringu þess og þeim lyktaði síðan með því að FSA tilkynnti bankanum 29. maí 2008 að sú undanþága sem hann hafði á sínum tíma fengið frá lausafjáreftirliti FSA og átti að gilda til 2011 væri afturkölluð. Jafnframt gerði stofnunin ákveðnar kröfur um laust fé í útibúinu.

Það hefur vakið athygli rannsóknarnefndar Alþingis að í þeim gögnum sem nefndin hefur fengið aðgang að er ekki að finna bréf eða önnur skjöl

sem sýna að Landsbankinn hafi á þessum tíma upplýst Seðlabanka Íslands eða Fjármálaeftirlitið um þessa breyttu afstöðu bankans til þess hversu hratt skyldi unnið að færslu Icesave reikninganna yfir í dótturfélag. Í þessu samhengi er rétt að benda á að á vegum Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins sameiginlega hafði verið tekið saman skjal um möguleg úrræði stjórnvalda gegn óróleika á fjármálamörkuðum eins og lýst er nánar í kafla 19.0. Skjalið var fyrst lagt fram á fundi samráðshóps stofnananna og þriggja ráðuneyta 25. mars 2008 og rætt áfram á næstu fundum samráðshópsins. Meðal mögulegra úrræða sem nefnd eru í skjalinu er að stjórnvöld hvetji fjármálafyrirtæki til þess að bóka erlend innlán í erlendum dótturfélögum en ekki útibúum. Vísað er til þess að slíkt myndi draga úr skuldbindingum íslenska innstæðutryggingarsjóðsins og gæti einnig minnkað líkur á neikvæðri erlendri umfjöllun. Þrátt fyrir þessa umræðu á vettvangi stjórnvalda hafa ekki komið fram við athugun rannsóknarnefndar Alþingis nein gögn eða upplýsingar um að stjórnvöld hafi formlega komið framangreindri hvatningu á framfæri við bankana á þessum tíma. Þá verður ekki séð að þau hafi leitað eftir upplýsingum um hver staðan væri varðandi hugsanlegan flutning Icesave reikninganna yfir í dótturfélag. Sú var reyndar staðan að minnsta kosti í tilviki yfirstjórnar Seðlabankans allt fram í miðjan júlí 2008.

Það voru heldur ekki íslensk stjórnvöld sem næst knúðu á um að Landsbankinn flytti Icesave reikningana yfir í breskt dótturfélag. Hinn 2. júlí 2008 hélt Landsbankinn áfram viðræðum sínum við FSA um lausafjárstýringu útibúsins í London og stöðu Icesave í kjölfar bréfsins frá 29. maí 2008. Á þessum fundi setti FSA fram kröfu um að Icesave reikningarnir yrðu færðir í dótturfélag. Í tölvubréfi FSA sem barst Landsbankanum 8. júlí 2008 kom fram að FSA og bankinn hefðu komist að samkomulagi um að færa Icesave reikningana í dótturfélag í Bretlandi á eins skömmum tíma og hægt væri. Tekið var fram að markmiðið væri að þetta gæti átt sér stað við lok ársins 2008. En FSA vildi líka að heildarfjárhæð innlána yrði takmörkuð við 5 milljarða punda þar til yfirfærslan hefði átt sér stað og að bankinn fylgdi þeirri stefnu að vextir á óbundnum Icesave reikningum kæmu ekki fram á skrá sem birtar væru yfir bestu vaxtakjör á innlánnum.

Rannsóknarnefnd Alþingis vekur athygli á því að stjórnendum Landsbankans mátti vera ljóst ekki síðar en þegar komið var fram á sumarið 2008 að FSA hafði efasemdir um getu Seðlabanka Íslands til að styðja við íslenska bankakerfið ef það lenti í vanda. Áhyggjur voru einnig uppi um stöðu íslenska tryggingarsjóðsins. Bankastjóri Seðlabanka Bretlands hafði líka þegar í mars 2008 lýst áhyggjum sínum af söfnun innlána á Icesave reikningana á fundi með bankastjórum Seðlabanka Íslands. Viðbrögð stjórnenda Landsbankans á þessum tíma mótuðust hins vegar fyrst og fremst af því markmiði að Landsbankinn gæti enn um sinn haldið áfram söfnun innlána í Bretlandi í sama mæli og áður. Áhersla Landsbankamanna var á að uppfylla lausafjárreglur FSA að því er virðist í þeim tilgangi að slá á frest flutningi Icesave reikninganna. Minnt skal á að það hafði legið fyrir frá því í byrjun ársins að flutningur Icesave reikninganna yfir í dótturfélag tæki væntanlega að lágmarki fimm til sex mánuði. Þá mátti líka vera ljóst með tilliti til fyrri fjölmiðlaumfjöllunar í Bretlandi að skyndilegur flutningur Icesave reikninganna yfir í breskt dótturfélag gæti kallað á endurtekningu þeirrar umræðu og óróa meðal innstæðueigenda.

Í þessu sambandi vekur það furðu rannsóknarnefndar Alþingis að Landsbankinn hafi ekki að eigin frumkvæði gert ráðstafanir eða lagt fyrir

bresk stjórnvöld áætlanir um að gera breytingar á fyrirkomulagi þessara innlánsreikninga í áföngum og t.d. flytja vörumerkið Icesave að minnsta kosti að hluta til yfir í Heritable Bank. Slíkt hefði mátt gera með því að staðsetja nýja innlánsreikninga sem komið var á fót árið 2008 í dótturfélaginu. Þetta á sérstaklega við þegar í boði voru nýjar sparnaðarleiðir eins og t.d. reikningar tengda skattasparnaði. Auk þess hefði mátt bjóða eigendum bundinna reikninga að flytja þá yfir og ekki síður þeim sem voru með óbundna reikninga og þannig leitast við að auka hlutfall bundinna reikninga í útibúinu. Rétt er að minna á að þegar voru til staðar í útibúi Landsbankans í London útlán og eignir sem þá hefði verið hægt að flytja á móti innlánunum til dótturfélagsins. Með þessu móti hefði síðari tilflutningur verið bankanum viðráðanlegri auk þess sem reikningar dótturfélagsins hefðu fallið undir ábyrgð breska innstæðutryggingakerfisins en ekki hins íslenska. Áhyggjur af stöðu íslenska kerfisins voru einmitt það sem bresk stjórnvöld virtust setja á oddinn.

Bankastjórar Seðlabanka Íslands lýsa því að það hafi komið þeim á óvart þegar bankastjórar Landsbankans svöruðu því aðspurðir á fundi 14. júlí 2008 að undirbúningur að flutningi reikninganna yfir í dótturfélag væri ekki hafinn. Þeir hafi ekki fyrr verið látnir vita um stefnubreytingu Landsbankans að þessu leyti. Þá hefur komið fram við skýrslutökur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að áherslumunur hafi verið milli bankastjóra Landsbankans að því er varðar flutning Icesave reikninganna yfir í dótturfélag. Um það bera m.a. bankastjórar Seðlabankans og lýsa því að þegar komið var fram yfir miðjan júlí 2008 hafi virst sem Landsbankinn væri mótdrægur flutningi reikninganna yfir í dótturfélag. Rannsóknarnefnd Alþingis leggur áherslu á að hvað sem leið viðhorfum bankastjóra Landsbankans til þess hvort og hvenær bæri að flytja Icesave reikninga frá útibúinu í London yfir í dótturfélag bankans og heimildum þeirra að lögum til að ákveða fyrirkomulag á rekstri bankans var það mat bæði breskra og íslenskra stjórnvalda að mikilvægt væri út frá almannahagsmunum og hagsmunum innstæðueigenda að umræddur flutningur í dótturfélag ætti sér stað. Þetta mat stjórnvalda hafði komið fram þegar á fyrri hluta árs 2008. Þrátt fyrir þetta og endurtekna umræðu meðal íslenskra stjórnvalda um nauðsyn þessa flutnings vekur það athygli að íslensk stjórnvöld settu t.d. ekki á laggirnar sérstakan starfshóp til þess að þrýsta á um og greiða fyrir flutningi Icesave reikninganna. Þá var ekki heldur tekið af skarið um það hvaða aðili innan íslenska stjórnkerfisins ætti að hafa forgöngu um að þrýsta á um lausn málsins eða tilteknum starfsmanni eða starfsmönnum falið að vinna sérstaklega að málinu. Raunar er það svo að við skýrslutökur fyrir nefndinni kom ítrekað fram í svörum ráðherra og stjórnenda ráðuneytanna, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans að þeir töldu að það hefði ekki verið í verkahring sinnar stofnunar að þrýsta á um þetta eða hafa forgöngu í málinu en vísuðu þess í stað á aðrar stofnanir. Af fyrirliggjandi gögnum verður ráðið að bæði stjórnendur Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands ræddu þessi mál ítrekað við bankastjóra Landsbankans og voru í samskiptum við systurstofnanir sínar í Bretlandi vegna málsins. Þó virðist sem FSA hafi almennt verið í beinum samskiptum við Landsbankann en Fjármálaeftirlitið komið meira beint að málinu upp úr miðju ári 2008. Rétt er að minna á að bankastjórn Seðlabankans virðist hafa verið í villu um að Landsbankinn ynni að flutningi Icesave reikninganna yfir í dótturfélag fyrri hluta árs 2008 eða allt þar til 14. júlí það ár. Í ljósi þeirra hagsmuna sem í húfi voru fyrir stöðugleika íslenska bankakerfisins og sérstaklega fyrir Tryggingarsjóð innstæðueigenda

„Það að fara að nota bindiskyldu, auðvitað má ímynda sér eftir á [...] að ef við hefðum haft einhvern herforingja sem hefði sagt: „Ja, nú ætla ég bara að nota þau tæki, hvort sem þau eru peningapólitísk eða öðruvísi til þess að stoppa þessa starfsemi af“, þá hefði bindiskyldan hugsanlega verið tæki, ef það hefði verið hægt að segja: „Ég set bara 10–15% bindiskyldu hér á, mér er sama hvað hún er annars staðar.“ Það hefði náttúrulega bremsað bankana af en þeir hefðu örugglega, með árangri, getað sannfært stjórnmalamenn þess tíma um að með því væri verið að hindra nýja atvinnustarfsemi og reglan innan EES væri sú að menn væru á sama leikvelli.“

Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
10. mars 2009, bls. 37.

og fjárfesta vekur það óneitanlega athygli sem fram kom í skýrslu Sigurjóns Þ. Árnasonar að bresk stjórnvöld hafi gengið mun harðar fram í því að innlánsreikningarnir yrðu fluttir úr útibúi yfir í dótturfélag heldur en íslensk stjórnvöld.⁶⁹ Rannsóknarnefnd Alþingis vekur í þessu samhengi athygli á því sem lýst var hér að framan um samskipti og sjónarmið sem Fjármálaeftirlitið setti fram gagnvart FSA þegar leið á sumarið 2008. Nefndin minnir einnig á að það var hlutverk Seðlabanka Íslands að gera ráðstafanir til að varðveita fjármálastöðugleika í landinu.

Enda þótt íslensk stjórnvöld hefðu í upphafi árs 2008 lagt að stjórnendum Landsbankans að flytja Icesave reikningana yfir í breskt dótturfélag var ekki gripið til neinna þeirra stjórnækja eða úrræða sem stjórnvöld réðu yfir til að fylgja málinu eftir. Í þessu sambandi gat komið til greina að boða að innan tiltekins tíma yrði bindiskylda á erlenda innlánsreikninga íslenskra banka hækkuð verulega. Þá gat einnig skipt máli að mæla fyrir um í hvaða mynt bindiskyldan yrði, m.a. með tilliti til þess að þarna var um að ræða skuldbindingar sem íslenskur aðili hafði stofnað til að verulegu leyti í erlendum gjaldeyri. Aðgerðir af þessu tagi hefðu getað haft áhrif á hversu fýsilegt það var, t.d. fyrir Landsbankann, að taka við innlánunum í erlendum útibúum. Þvert á móti tók Seðlabanki Íslands þá ákvörðun í mars 2008 að lækka bindiskyldu á innlánsreikningum í útibúum erlendis með það fyrir augum að samræma reglur Seðlabankans reglum Seðlabanka Evrópu án þess að til þess stæði nein skylda. Ætla verður að mestu hafi ráðið um þetta að með breytingunni fengu íslensku bankarnir aðgang að auknu lausafé sem mikill skortur var þá á. Önnur úrræði stjórnvalda hefðu t.d. getað verið að gera kröfur um aukið eigið fé þeirra innlánsstofnana sem tóku við innlánunum í útibúum erlendis í ljósi þeirrar auknu áhættu sem því fylgdi. Þá má heldur ekki gleyma því að íslensku bankarnir þrýstu mjög á íslensk stjórnvöld að auka gjaldeyrisforða landsins með lántökum erlendis á fyrri hluta árs 2008. Þess sér hins vegar ekki stað að fulltrúar stjórnvalda hafi bent bönkunum á að það kynni að hafa áhrif í þessu sambandi ef þeir flyttu innlán í útibúum sínum erlendis í dótturfélög þar. Með því hefði verið dregið úr veikleika sem erlendir aðilar töldu vera fyrir hendi í fjármálakerfi Íslands.

Við skýrslutöku hjá rannsóknarnefndinni kom fram hjá bankastjóra Seðlabanka Íslands að það hefði fyrst verið eftir mitt ár 2008 sem bankastjórnin gerði sér grein fyrir að þeir peningar sem komu inn á Icesave reikningana væru í einhverjum mæli fluttir heim til Íslands. Rannsóknarnefndin telur rétt í þessu sambandi að benda á að á fundi sem tveir seðlabankastjórnanna áttu með bankastjóra Seðlabanka Bretlands í mars 2008 höfðu fulltrúar breska seðlabankans lýst því að þeir teldu að innlán sem safnað væri í Bretlandi væru meira og minna notuð til þess að fjármagna hraðan vöxt útlána á Íslandi. Í minnisblaði Seðlabanka Íslands um fundinn er þetta nefnt í framhaldi af því að seðlabankastjórnirnar töldu Bretana ekki hafa nægar upplýsingar til þess að meta rétt stöðu íslensku bankanna. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að ástæða hefði verið til þess að bankastjórn Seðlabankans aflaði glöggra upplýsinga um hvernig Landsbankinn nýtti þá fjármuni sem komu inn á Icesave reikninga útibúsins í London í fjárstýringu sinni og þá sérstaklega hvort þeir væru í einhverjum mæli fluttir til Íslands eða notaðir í tengslum við fjármögnun

69. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 127.

höfuðstöðva bankans á Íslandi. Það er þannig ekki að sjá að Seðlabankinn hafi brugðist við þeirri ábendingu sem fram kom á fyrrnefndum fundi með Seðlabanka Bretlands í mars 2008 og það þrátt fyrir að hún væri sett fram í tengslum við áhyggjur forsvarsmanna Seðlabanka Bretlands af stöðu íslensku bankanna og umræddum innlánum. Í því sambandi hlaut að skipta máli að fulltrúar Seðlabanka Íslands gætu á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga brugðist við og upplýst forráðamenn Seðlabanka Bretlands um það hver væri raunin um notkun þessara fjármuna. Rétt er einnig að benda á að þegar komið var fram í mars 2008 hófst útstreymi af heildsöluinnlánum útibúsins og því líklegt að þeir fjármunir sem komu inn á Icesave hafi að stærstum hluta verið notaðir til að mæta því útstreymi. Hér var einnig um að ræða verulega fjármuni með tilliti til möguleika bankans til að mæta útgreiðslum ef áhlaup yrði gert á Icesave reikningana.

Þegar komið var fram í ágúst árið 2008 var orðið ljóst að Landsbankanum myndi reynast afar erfitt að flytja Icesave reikningana úr útibúi sínu í London yfir til dótturfélagsins Heritable Bank. Þá höfðu efnahagshorfur versnað mjög á Íslandi og bankastjórar Landsbankans óttuðust að FSA myndi ekki sætta sig við þær eignir sem ætlunin var að flytja frá móðurfélaginu yfir til Heritable Bank. Innlánin námu á þessum tíma tæpum 5 milljörðum punda og hefði því þurft að flytja um 20% af eignum móðurfélagsins yfir til Heritable Bank svo hægt væri að mæta innlánsskuldbindingum Icesave reikninganna. Í ljósi skilmála í fjármögnunarsamningum bankans var talin hætta á að ekki væri hægt að flytja svo stóran hluta eigna bankans nema með samþykki lánardrottna hans. Landsbankinn taldi því að flutningur eigna yrði að fara fram í tveimur skrefum. Við það gat FSA ekki unað þannig að undanþága frá reglum um stórar áhættuskuldbindingar í viðskiptum Heritable Bank og Landsbankans var ekki veitt.

Jafnt forsvarsmönnum Landsbankans sem íslenskum stjórnvöldum mátti vera ljóst að í kjölfar bréfs sem FSA sendi Landsbankanum 5. ágúst 2008 leið senn að örlagastundu um hvort flutningur Icesave reikninga útibúsins í London yfir í dótturfélag tækist en það gat eins og hér var komið skipt sköpum um rekstur Landsbankans til framtíðar og þá um leið stöðugleika íslenska fjármálakerfisins. Haft var eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni, bankastjóra Landsbankans, á fundi með bankastjórum Seðlabankans að sú staða sem komin væri upp væri sú erfiðasta sem bankinn hefði „upplifað“. Landsbankinn snéri sér til Seðlabanka Íslands og setti fram hugmynd um að Seðlabankinn tæki við innstæðum frá Heritable Bank að fjárhæð 2,5 milljarðar punda (tæplega 390 milljarðar kr.) og lánaði síðan sömu fjárhæð jafnskjótt til Landsbankans gegn tilteknum veðum.

Enn vekur það athygli rannsóknarnefndar Alþingis hvernig íslensk stjórnvöld brugðust við þeirri alvarlegu stöðu sem þarna var komin upp í málefni um Landsbankans. Rannsóknarnefnd Alþingis telur í sjálfa sér ekki tilefni til athugasemda við þá afstöðu Seðlabankans að fylgja ekki eftir þeirri hugmynd að fyrirgreiðslu sem Landsbankinn setti fram, enda hefði hún verið mjög áhættusöm fyrir Seðlabanka Íslands. Auk þess voru á henni vandkvæði sem væntanlega hefðu haft áhrif á afstöðu FSA ef leitað hefði verið eftir samþykki stofnunarinnar. Þá skal minnt á að hugmynd Landsbankans gekk út á að Seðlabankinn veitti umbeðna fyrirgreiðslu án þess að um hana yrði tilkynnt opinberlega. Það verður að telja verulega hæpið að slíkt hefði samrýmt þeim

lagareglum sem gilda um starfsemi Seðlabankans og upplýsingaskyldu vegna starfsemi fjármálafyrirtækja og félaga sem skráð eru á verðbréfamarkaði.

Þessi beiðni Landsbankans og þær upplýsingar sem seðlabankastjórar og framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans segjast hafa fengið frá bankastjóra Landsbankans um, að minnsta kosti meint, viðhorf eftirlitsaðila í Bretlandi til gæða útlánasafns Landsbankans voru þess eðlis að það var brýnt að íslensk stjórnvöld gripu þegar til viðeigandi ráðstafana. Minnt skal á að þarna hafði Landsbankinn óskað eftir fyrirgreiðslu Seðlabankans sem nam tvöföldu markaðssvirði Landsbankans eins og það var þá skráð í kauphöll og nær þriðjung af landsframleiðslu. Með tilliti til hlutverks Seðlabankans við að varðveita fjármálastöðugleika, og þá eftir atvikum sem lánveitanda íslensku bankanna til þrautavara, var brýnt að annars vegar yrði gengið úr skugga um hvort rétt væri borið um viðhorf breska fjármálaeftirlitisins og hins vegar hefðu þessar upplýsingar einar og sér átt að vera tilefni til þess að Seðlabankinn kannaði sjálfur eða óskaði sérstaklega eftir því við Fjármálaeftirlitið að gæði útlána Landsbankans yrðu könnuð og þar með hvort fyrir hendi væri í reynd eiginfjárvandi hjá bankanum. Hafa verður í huga að gengið er út frá því í lögum að sérstök fyrirgreiðsla Seðlabankans til þrautavara geti aðeins komið til gegn fullnægjandi tryggingum viðkomandi banka. Hér við bætist að Seðlabankinn sjálfur hafði þegar á þessum tíma veitt Landsbankanum umtalsverða lausafjárfyrirgreiðslu beint og óbeint í formi veðlánaviðskipta og almennur lausafjárvandi íslenska bankakerfisins blasti við.

Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki séð að Seðlabankinn hafi af framan- greindu tilefni gert sérstakar ráðstafanir til að kanna eða láta kanna gæði útlána Landsbankans eða hvað væri hæft í hinni meintu afstöðu FSA til útlánanna. Vakin er athygli á því að hugmynd Landsbankans um umrædda fyrirgreiðslu var sett fram 5. ágúst 2008 en þau drög að minnisblaði starfsmanna Seðlabankans um þessa beiðni sem reifuð eru hér af framan eru dags. 26. ágúst 2008. Í drögunum kemur fram sú afstaða starfsmannanna að rétt sé að láta reyna á þolmörk og sveigjanleika FSA um yfirfærslu á lánasafninu og möguleika á því að eigendur Landsbankans leggi honum til aukið fé. Enn á ný er staðan sú að ekki verður séð að íslensk stjórnvöld hafi samhæft viðbrögð sín eða að einhverjum einum aðila hafi beinlínis verið falið í umboði stjórnvalda, t.d. með tilstyrk ráðherra eða ríkisstjórnar, að knýja á um framgang þessa máls. Fjármálaeftirlitið var að vísu í bréfaskiptum við FSA 11. ágúst 2008 og óskaði þá eftir viðræðum um hugsanlegar tímabundnar undanþágur Landsbankans frá breskum reglum um stórar áhættuskuldbindingar meðan flutningur Icesave reikninganna yfir í dótturfélag stæði yfir. Ekki liggja að öðru leyti fyrir gögn um að á þessum tíma, þ.e. fram eftir ágústmánuði 2008, hafi íslensk stjórnvöld, ráðherrar eða fulltrúar Seðlabankans eða Fjármálaeftirlitisins, haft beint samband við bresk stjórnvöld vegna þeirrar stöðu sem komin var upp í málefnum Landsbankans. Fulltrúar Seðlabanka Bretlands höfðu hins vegar samband við Seðlabanka Íslands og sagt er að mikill þungi hafi verið í því samtali af hálfu Breta og jafnvel rætt um þann möguleika að Landsbankinn gæti selt Icesave.

Þessi þungi breskra stjórnvalda kom einnig fram í bréfi FSA til Landsbankans 15. ágúst 2008. Upplýst er að formaður bankastjórnar Seðlabankans kynnti forsætisráðherra það bréf strax daginn eftir. Ef það var á annað borð stefna íslenskra stjórnvalda og vilji að Icesave reikningarnir yrðu sem allra fyrst fluttir frá útibúi Landsbankans í London yfir í dótturfélag þar, mátti forsæt-

isráðherra og stjórnendum Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins vera það ljóst þegar þetta bréf barst að, hvað sem leið væntingum Landsbankans um að ná samkomulagi við FSA, var þörf á beinni aðkomu íslenskra stjórnvalda að málinu. Sú aðkoma þurfti að beinast að því að kanna hvort og hvernig íslensk stjórnvöld gætu með fjárhagslegri fyrirgreiðslu eða öðru greitt fyrir því að flutningur reikninganna gæti átt sér stað. Í húfi voru einfaldlega verulegir hagsmunir tengdir því að varðveita fjármálastöðugleika á Íslandi og þar með almannahagsmunir. Rétt er líka að taka fram að á fundum samráðshóps þriggja ráðuneyta, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans bæði 20. ágúst og 4. september 2008 kom fram það viðhorf að Landsbankamenn áttuðu sig ekki fullkomlega á stöðu málsins. Það skal ítrekað að þess sjást ekki merki í þeim gögnum og upplýsingum sem rannsóknarnefndin hefur aflað að íslensk stjórnvöld hafi í ágúst 2008 og fram eftir september sama ár sjálf haft frumkvæði að samskiptum við bresk stjórnvöld ef frá eru talin þau bréf sem Fjármálaeftirlitið sendi 11. og 20. ágúst til FSA. Tekið skal fram að hvatinnt að fundi viðskiptaráðherra með fjármálaráðherra Bretlands 2. september 2008 var ósk Landsbankans um að viðskiptaráðherra talaði máli bankans gagnvart breskum stjórnvöldum. Bréf það sem Fjármálaeftirlitið sendi FSA 19. september 2008 var einnig ritað í framhaldi af ósk Landsbankans um aðstoð í samskiptum við FSA.

Eðli málsins samkvæmt var það fyrst og fremst á herðum stjórnenda Landsbankans að reyna að finna lausn á því hvernig haga mætti flutningi Icesave reikninganna til dótturfélags í samstarfi við FSA. Það er ljóst af fyrirbyggjandi gögnum um þessi samskipti að FSA lagði áherslu á að Landsbankinn drægi verulega úr umsvifum Icesave reikninganna og markaðssetningu þeirra þar til flutningurinn yfir í dótturfélag hefði átt sér stað. Á sama hátt voru gerðar kröfur um að auknar fjárhæðir væru tiltækar í varasjóði. Af hálfu Landsbankans virðist lengst af hafa gætt bjartsýni um að bankanum tækist að ná samkomulagi við FSA um að flytja mætti eignir til dótturfélagsins á móti innlánnum á ákveðnu tímabili eftir að innlánin hefðu verið flutt. Þegar kom að viðbrögðum Landsbankans við kröfum FSA gætti ákveðinnar tregðu við draga úr heildarinnlánnum. Landsbankinn taldi einnig rétt í lok ágúst 2008 að senda FSA tvö lögfræðialit sem bankinn hafði aflað þar sem fram kom m.a. það viðhorf að FSA skorti valdheimildir til aðgerða sinna. Áður hefur verið vísað til sjónarmiða sem komið höfðu fram innan íslensku stjórnsýslunnar um að Landsbankamenn áttuðu sig ekki fullkomlega á stöðu málsins og viðbrögð Landsbankans gagnvart kröfum FSA virðast að ýmsu leyti vera til marks um það. Landsbankamenn virðast fyrst og fremst hafa lagt áherslu á að fá undanþágu frá reglum um stórar áhættuskuldbindingar hjá FSA vegna flutnings eigna til dótturfélagsins á móti þeim innlánnum sem flutt yrðu en minna fór fyrir athöfnum sem gátu haft áhrif í þá átt að draga úr innlánunum.

Hér að framan voru settar fram athugasemdir um að á hefði skort að íslensk stjórnvöld hefðu að eigin frumkvæði nægjanleg afskipti af þeirri alvarlegu stöðu sem komin var upp í samskiptum Landsbankans og FSA, sérstaklega þegar leið á sumarið 2008. Í þessu samhengi er ástæða til að benda á hversu lítið íslenska fjármálaeftirlitið kom lengst af að þessu máli og að í þeim bréfum sem það sendi FSA undir lok ágúst og fram í september fylgdi það sérstaklega fram sjónarmiðum Landsbankans. Þannig áréttar Fjármálaeftirlitið í bréfi til FSA 20. ágúst 2008 að Landsbankinn þurfi undanþágu frá reglum um stórar áhættuskuldbindingar og er þar að fylgja eftir

bréfi Landsbankans til Fjármálaeftirlitsins 17. ágúst 2008. Þá barst stofnuninni bréf frá Landsbankanum 19. september 2008 þar sem óskað var eftir að hún veitti bankanum aðstoð í samskiptum við FSA svo að tryggja mætti bankanum eðlilegt starfsumhverfi í samræmi við evrópskar og breskar laga-reglur. Sama dag ritaði Fjármálaeftirlitið bréf til FSA þar sem sett er fram það sjónarmið að framvegis sé rétt að Fjármálaeftirlitið komi meira að samskiptum FSA og Landsbankans. Það vekur hins vegar athygli rannsóknarnefndar Alþingis að við athugun hennar hafa ekki komið fram nein gögn sem sýna að Fjármálaeftirlitið hafi sett fram formleg sjónarmið eða tillögur um mögulegar lausnir til að flutningur Icesave reikninganna yfir í dótturfélag gæti gengið fyrir sig með skjótum hætti, hvorki gagnvart Landsbankanum, FSA né öðrum íslenskum stjórnvöldum, t.d. ríkisstjórn eða Seðlabanka. Gagnvart FSA verður ekki annað séð en að Fjármálaeftirlitið hafi fyrst og fremst fært fram og stutt sjónarmið Landsbankans. Fundur viðskiptaráðherra með fjármálaráðherra Bretlands 2. september 2008 þar sem formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins hafði sérstaklega orð fyrir íslensku sendinefndinni var haldinn til að fylgja eftir óskum Landsbankans um að fá frest til flutnings á eignum yfir í dótturfélagið þótt innlánin yrðu flutt fyrir.

Af frásögnum af fundi viðskiptaráðherra og sendinefnd með fjármálaráðherra Bretlands í London 2. september 2008 verður ekki annað séð en íslensku fulltrúunum hafi mátt vera ljóst að frá sjónarhóli fjármálaráðherra Bretlands var á þessum tíma talin veruleg hætt á því að Landsbankinn gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart eigendum Icesave reikninganna. Breski ráðherrann lýsti í því efni ráðagerðum um hvernig bresk stjórnvöld myndu ábyrgjast innstæður að fullu og spurði Íslendingana einfaldlega að því hvert ætti að senda reikninginn. Þótt vissulega hafi á fundinum verið rætt um óskir Landsbankans um að fá hæfilegan umþóttunartíma til flutnings Icesave reikninganna í dótturfélag og sagt sé að breski ráðherrann hafi sýnt því skilning að ekki mætti ganga of hart fram í málinu þá mátti Íslendingunum vera ljóst að viðbrögð breskra stjórnvalda mótuðust fyrst og fremst af því að gæta hagsmuna breskra innstæðueigenda og forða því að vandkvæði í rekstri Icesave reikninganna kölluðu fram áhlaup á banka í Bretlandi og óróa hjá eigendum innstæðna. Þessi staða málsins og mat breska fjármálaráðuneytisins á alvöru þess átti að vera íslenskum stjórnvöldum enn ljósari eftir að starfsmaður ráðuneytisins hafði sett sig í samband við sendiherra Íslands í London 5. september 2008 og kynnt honum að breski ráðherrann hefði orðið fyrir vonbrigðum með fundinn 2. september 2008 þar sem honum fannst íslensk stjórnvöld ekki hafa skilið alvöru málsins. Í þessu samhengi er einnig rétt að benda á frásögn af fundi bankaráðs Landsbankans sem haldinn var 5. september 2008. Þar er áherslan fyrst og fremst á lausafjárstyringu útibúsins og því lýst að bankinn hafi um skeið átt í viðræðum við FSA um fyrirkomulag Icesave reikninganna og að regluleg skýrslugjöf til FSA sé í föstum farvegi. Á þeim bæ fór ekki mikið fyrir áhyggjum af stöðu málsins.

Hér þarf líka að hafa í huga að íslenska sendinefndin sem fundaði með fjármálaráðherra Bretlands 2. september 2008 var í reynd að óska eftir því að bresk yfirvöld féllust á að um tíma yrðu ekki nægar eignir í Heritable Bank til að mæta skuldbindingum vegna þeirra innlana sem flutt yrðu úr útibúinu. Miðað við það sem rætt hafði verið um í samskiptum Landsbankans og FSA var þarna væntanlega um að ræða allt að helmingi þeirra eigna sem FSA hafði gert kröfu um að yrðu færðar til dótturfélagsins eða um 2,5 milljarðar punda.

Íslendingar voru þannig að óska eftir að það yrði á ábyrgð Breta að mæta skakkaföllum sem af þessu leiddi.

Þrátt fyrir fundinn í London 2. september 2008 og ábendingar sem bárust frá Bretlandi í kjölfar hans um viðhorf breska fjármálaráðherrans verður hvorki séð að viðskiptaráðherra eða aðrir ráðherrar úr ríkisstjórn Íslands hafi á næstu vikum þar á eftir kannað hvaða leiðir kynnu að vera færar til að greiða fyrir flutningi Icesave reikninganna yfir í dótturfélag né fylgt þeim eftir gagnvart Landsbankanum eða breskum stjórnvöldum. Þó skal tekið fram að forsætisráðherra fundaði með bankastjórum Landsbankans 3. september 2008 en ekki liggur fyrir að þar hafi beinlínis verið rætt um tilteknar aðgerðir í þessu sambandi. Daginn eftir barst forsætisráðherra síðan tölvubréf frá formanni stjórnar Fjármálaeftirlitsins þar sem fjallað var um afstöðu breskra stjórnvalda til flutnings reikninganna.

Málefni Icesave reikninganna voru áfram umfjöllunarefni í bréfaskiptum og viðræðum Landsbankans og FSA og einnig kom Fjármálaeftirlitið að málinu. Þessar viðræður höfðu ekki skilað árangri þegar kom að mánaðamótum september/október 2008 og vandræði í íslenska bankakerfinu voru farin að koma í dagsljósið. Eftir það tók við umræða um hvort hægt væri að færa Icesave reikningana með enn skjótari hætti yfir í breskt dótturfélag. Af skoðanaskiptum sem fram fóru milli Landsbankans og FSA má ráða að í hugum bankastjóra hans hafi skilmálar í fjármögnunarsamningum bankans verið ein helsta hindrun þess að hægt væri að flytja Icesave innlánsreikningana úr útibúi yfir í dótturfélag. Bankastjórnarnir virðast hins vegar hafa skipt um skoðun eftir símafund með Hector Sants, forstjóra FSA, að kvöldi 5. október 2008. Þeir vildu þá freista þess að færa innlánsreikningana yfir í Heritable Bank sem fyrst og færa jafnframt 20% eigna samstæðunnar samtímis. Því fylgdi sú áhætta að lánardrottinnar teldu að skilmálar fjármögnunarsamninga bankans hefðu verið rofnir. Þetta var hins vegar um seinan. Til þess að geta haldið útibúi Landsbankans opnu mánudaginn 6. október 2008 þurfti Landsbankinn að reiða fram 200 milljónir punda auk 53 milljóna punda vegna Heritable Bank. Þá eru ótaldir þeir fjármunir sem ætla má að þurft hefði að hafa handbæra til að halda útibúinu opnu dagana þar á eftir, en 6. október voru 1.531 milljón pund enn inni á óbundnum Icesave innlánsreikningum í útibúi bankans í London.

Sú leið sem rætt var um undir heitinu „fast track“ fólst að mati bankastjóra Landsbankans í því að byggt yrði á ætluðu samþykki (e. implied consent) innstæðueigenda fyrir flutningi innlánsreikninga úr útibúi bankans yfir í dótturfélag. Í bréfi FSA til rannsóknarnefndar Alþingis frá 3. júlí 2009 segir að leið ætlaðs samþykkis sé líklega vandkvæðum bundin. Til dæmis verði líklega á tímabili óljóst hvaða innstæðueigendur hafi flust frá einum lögaðila til annars. Þar með skapist óvissa um réttarstöðu innstæðueigenda á meðan á breytingum stendur. Lengd tímabilsins fari eftir atvikum en ljóst sé að um nokkurn tíma geti verið að ræða. Rétt er að hafa í huga að FSA hafði ekki lagt mat á hvort það eignasafn sem Landsbankinn vildi færa á móti innlánsreikningunum væri viðhlítandi að gæðum. Þar sem útilokað var að afla lausafjár í breskum pundum til að mæta ústreymi af óbundnum Icesave reikningum þann tíma sem flutningur reikninganna með þessari leið gat tekið verður að telja afar óraunhæft að ætla að flutningurinn hefði getað átt sér stað í október 2008. Þegar Landsbankinn gat ekki einu sinni lagt fram þær 200 milljónir punda sem FSA hafði gert kröfu um var útibúi bankans í London lokað að kvöldi 6. október 2008.

Líkt og áður segir voru innlán á Icesave reikningum í útibúi Landsbankans í London í breskum pundum. Þar sem Landsbankinn var íslenskur banki var sá stóri veikleiki í rekstrarumhverfi hans að ef til þrautavaráláns kæmi af hálfu Seðlabanka Íslands yrði það almennt í íslenskum krónum. Bankinn hafði þannig ekki aðgang að þrautavaráláni í breskum pundum og í ljós var komið að væntingar um að treysta mætti á endurhverf viðskipti við Seðlabanka Evrópu til að útvega annan gjaldeyri en íslenskar krónur gengu ekki eftir. Landsbankinn hafði í júní 2007 byrjað að koma sér upp verðbréfasafni sem nam um milljarði punda til þess að geta jafnað sveiflur vegna úttekta af innlánsreikningum. Þetta átti að gera bankanum kleift að mæta útstreymi af reikningunum. Þegar harðnaði á dalnum í lausafjárkreppunni síðla árs 2007 var þetta verðbréfasafn á hinn bóginn notað í endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Evrópu.

Eins og nánar er vikið að í kafla 4.0 voru íslensku bankarnir of stórir með hliðsjón af landsframleiðslu og getu Seðlabanka Íslands til þess að koma þeim til aðstoðar. Enda þótt lausafjárstaða Landsbankans í íslenskum krónum væri góð gat bankinn ekki útvegað pund til að mæta því útstreymi af Icesave reikningum í útibúinu í London sem reikna mátti með 6. október 2008 og dagana þar á eftir. Ástæður þessa voru þær að gjaldeyrismarkaður með íslenskar krónur var lokaður á þessum tíma, að Seðlabanki Evrópu vildi ekki auka endurhverf viðskipti við dótturfélag Landsbankans í Lúxemborg og að Seðlabanki Íslands átti ekki nægan gjaldeyri til að lána bankanum fyrir úttektunum. Af þessum sökum varð Landsbankanum ekki bjargað frá falli.

18.3 Icesave reikningar Landsbanka Íslands hf. í útibúi hans í Amsterdam

18.3.1 Uppgangur og fall útibús Landsbanka Íslands hf. í Amsterdam

Landsbanki Íslands hf. hóf rekstur útibús í Hollandi árið 2006. Sama ár hóf bankinn að taka við innlánum þar í landi frá lögaðilum. Í kjölfar þeirrar velgengni sem Icesave reikningar bankans nutu í Bretlandi var ákveðið að bjóða almenningi í Hollandi einnig upp á innlánsreikninga undir sama nafni. Bankastjórar Landsbankans hafa lýst því svo að þeir hafi litið á Holland sem ákjósanlegan markað, m.a. vegna þess að innlánsvextir hafi verið lágir hjá öðrum bönkum þar í landi.⁷⁰

Í fundargerð bankaráðs Landsbanka Íslands frá 31. júlí 2007 kemur fram að unnið sé að því að opna Icesave reikninga í Hollandi.

Hinn 6. september 2007 sendi Landsbankinn Fjármálaeftirlitinu tilkynningu skv. 36. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki um að móttaka innlánsfjár og annars fjár til endurgreiðslu myndi innan skamms tíma falla undir starfsemi útibús bankans í Amsterdam. Fjármálaeftirlitið sendi síðan Seðlabanka Hollands (De Nederlandsche Bank, hér eftir DNB), sem jafnframt fer með fjármálaeftirlit þar í landi, bréf 17. september 2007 þar sem gerð er grein fyrir tilkynningu Landsbankans.

Með bréfi Landsbankans 10. mars 2008 var Fjármálaeftirlitinu tilkynnt að þar sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta veiti innstæðu-

70. Halldór Jón Kristjánsson og Sigurjón Þorvaldur Árnason: Developments leading up to the Icelandic banking crisis in October 2008. Drög 16. mars 2009, bls. 97.

eigendum einungis lágmarks-vernd hafi útibú bankans í Amsterdam sótt um aðild að hollenska innlánatryggingakerfinu hjá DNB í því skyni að tryggja innstæðueigendum í Hollandi sambærilega vernd og viðskiptavinir annarra banka þar í landi nytu.

Líkt og fram er komið voru Icesave innlánsreikningar Landsbankans í Amsterdam reknir í gegnum útibú en ekki dótturfélag. Samkvæmt hollenskum rétti giltu þó ekki reglur sambærilegar þeim sem í breskum rétti takmörkuðu verulega möguleika á að færa fjármuni frá dótturfélagi yfir í aðra hluta bankasamstæðu. Samkvæmt álitu lögmannsstofunnar Allen & Overy frá 25. mars 2008, sem Landsbankinn aflaði, hafði það í raun mjög lítil áhrif á lausafjárstýringu innan bankasamstæðunnar hvort innlánin voru tekin í útibúi eða dótturfélagi í Hollandi. Virðist því sem sjónarmið Landsbankans um lausafjárstýringu samstæðunnar hafi ekki þurft að leiða til þess að dótturfélagsform yrði fyrir valinu í Hollandi líkt og raunin varð í Bretlandi.

Á fundi bankaráðs Landsbankans 6. maí 2008 var samþykkt að stofna dótturfélag í Hollandi. Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýsti Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, viðskiptaáætlun bankans með þeim hætti að til hafi staðið að flytja innlánsreikningana yfir í dótturfélag sem fyrst og hefja síðan töku innlana í nágrannalöndum Hollands í gegnum hið nýja dótturfélag. Ástæðan fyrir því að byrjað var að taka innlán í útibúi hafi verið sú að of seint var ráðist í að stofna þar dótturfélag en það tók nokkurn tíma.⁷¹

Hinn 23. maí 2008 undirrituðu stjórnendur útibús Landsbankans í Amsterdam samning við DNB um aðild bankans að innlánatryggingakerfi Hollands. Um var að ræða svokallaðan „topping up“ samning sem fól í sér að mismunur hollenskrar lágmarkstryggingar og íslenskrar lágmarkstryggingar skyldi tryggður af hollenska tryggingakerfinu. Þar með væru innstæður útibús Landsbankans í Amsterdam tryggðar að jafn hárrí fjárhæð og innstæður í hollenskum bönkum.

Hinn 29. maí 2008 hóf Landsbankinn að taka við innlánunum á Icesave reikninga útibúsins í Amsterdam. Þetta varð tilefni umræðu á fundi samráðshóps forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað sama dag. Í drögum að fundargerð kemur m.a. fram að þetta auki enn á skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Í fundargerð fundar bankaráðs Landsbankans frá 2. júní 2008 kemur fram að markaðssetningin í Hollandi byggi á slagorðinu um gagnsæjan banka. Byrjað verði að bjóða óbundin innlán undir nafninu Icesave á veraldarvefinum í gegnum útibúið í Amsterdam en síðan verði innstæður færðar yfir í dótturfélag við fyrsta tækifæri. Í ágúst verði síðan farið að bjóða bundin innlán til sex mánaða, eins, tveggja og þriggja ára líkt og gert sé í Bretlandi. Landsbankinn bjóði nú hæstu vextina í evrum eða 5%. Næsta skref sé að bjóða Icesave reikninga í Belgíu, Lúxemborg, Þýskalandi og Noregi og á árinu 2009 sé stefnt að því að bæta við Ítalíu, Sviss, Spáni, Austurríki og Kanada. Í fundargerðinni segir einnig að æskilegt sé að hafa bankaleyfi frá Hollandi og hefja starfsemina í Þýskalandi gegnum útibú frá Hollandi fremur en frá Íslandi þar sem innstæðutryggingar séu mikilvægur þáttur gagnvart viðskiptavinum. Spurning sé hve langan tíma taki að fá hollenskt bankaleyfi.

„Liquidity requirements equally apply to separate banking institutions in the Netherlands and to branch offices of foreign banks. This means, in principle, that the liquidity requirements for Landsbanki should not fundamentally change if the branch office is converted into a subsidiary.“

Úr lögfræðialiti Allen & Overy til Landsbankans frá 25. mars 2008.


71. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 27. ágúst 2009, bls. 19.

„The finances of the Icelandic banks are basically sound, as evidenced by their 2007 annual and Q1 2008 statements. Even though the Icelandic banks, not least Landsbanki, have recently managed to increase the share of deposits in their financing, their activities abroad still depend to a great extent on access to loans from international markets. Some problems still remain, but now we can hope for better times. It is clear that the undervaluation of risk which kept interest low in recent years no longer exists. Instead, risk aversion prevails. This increases the importance of strengthening the reputation of the Icelandic financial system through responsible actions, rationalisation and transparent disclosure of its financial position. The Icelandic banks are clearly already overhauling their own affairs in this spirit. They have shown resourcefulness in dealing with the international liquidity squeeze.“

Jón Sigurðsson, *Moment* 2. tbl. júní 2008.

Mynd 5

Heildarinnlán Icesave í Hollandi
Heildsölu- og smásöluinnlán



Heimild: Landsbanki Íslands hf.

Í júní 2008 gaf Landsbankinn út 2. tbl. ritsins *Moment* þar sem rætt er við Jón Sigurðsson, stjórnarformann Fjármálaeftirlitsins. Viðtalið er á ensku. Fyrirsögn viðtalsins er „Finances of the Icelandic banks are basically sound“. Í viðtalinu ræðir Jón um stöðu íslensku bankanna. Segir hann m.a. að fjárhagur þeirra sé á heildina litið traustur. Um þetta vísar Jón til ársskýrslna bankanna frá árinu 2007 og fyrsta ársfjórðungsuppgjörs 2008. Jón segir að á undanförunum árum hafi vanmat á áhættu leitt til lágra vaxta á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum. Sú staða sé hins vegar ekki fyrir hendi lengur þar sem áhættufælni ráði nú ríkjum. Því næst segir Jón að þetta auki mikilvægi þess að styrkja orðspor íslenska fjármálakerfisins með ábyrgum aðgerðum, hagræðingu og gagnsæi við upplýsingagjöf um fjárhagsstöðu. Jón segir ljóst að íslensku bankarnir séu þegar farnir að vinna í þessum anda. Segir hann að bankarnir hafi reynst úrræðagóðir gagnvart alþjóðlegum lausafjárþrengingum.

Viðtökur Icesave í Hollandi voru mun betri en bankastjórar Landsbankans höfðu gert ráð fyrir.⁷² Annar bankastjórinn lýsti velgengni Icesave á fundi með bankastjórn Seðlabanka Íslands 14. júlí 2008. Í drögum að fundargerð Seðlabankans er haft eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni að jákvæðast sé hversu vel gangi að afla innlána í Hollandi. Viðskiptamenn telji nú 47.000 og upphæðin sé komin yfir 500 milljónir evra. Á sama fundi voru bankastjórar Landsbankans spurðir hvort til stæði að færa innstæður útibúsins í Hollandi yfir í dótturfélag. Samkvæmt drögum að fundargerð svaraði Halldór J. Kristjánsson því til að svo væri. Ætlunin væri að ráðast í þann flutning á fyrsta ársfjórðungi næsta árs.

Hinn 3. júlí 2008 óskaði DNB eftir ýmsum upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu, m.a. um lausafjárefirlit með Kaupþingi og Landsbankanum og hvort bankarnir hefðu viðlagááætlun um lausafjárstýringu. Einnig bað DNB um upplýsingar um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. DNB óskaði síðan eftir því að fundur yrði haldinn í Fjármálaeftirlitinu þar sem upplýsingarnar yrðu veittar. Fundur var ákveðinn 14. ágúst sama ár. Þann dag hélt DNB fyrst fund með Landsbankanum og sóttu fulltrúar Fjármálaeftirlitsins einnig fundinn. Þar lýstu hollensk yfirvöld áhyggjum sínum af íslenskum efnahag og Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta. Á fundinum sögðu fyrirsvarsmenn DNB að frekari aukning innlána á Icesave reikninga yrði ekki liðin. Bankastjórar Landsbankans töldu DNB ekki hafa fært fullnægjandi rök fyrir þessari afstöðu sinni og öfluðu í kjölfarið álits lögmannsstofunnar Allen & Overy um valdbærni DNB. Þeir óskuðu síðan eftir fundi með aðalbankastjóra DNB.⁷³

Síðar sama dag, þ.e. 14. ágúst 2008, funduðu fulltrúar Fjármálaeftirlitsins með DNB. Í skýrslu sem Guðmundur Jónsson, sviðsstjóri hjá Fjármálaeftirlitinu, gaf fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að á fundinum hefðu fyrirsvarsmenn DNB lýst áhyggjum af því hversu lítið fé væri í Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta og hversu vanmegnugur Seðlabanki Íslands væri til að koma bönkunum til aðstoðar ef þeir lentu í lausafjárerfiðleikum. Af þessum sökum hefðu fyrirsvarsmenn DNB lýst þeirri afstöðu sinni að þeir vildu

72. Halldór Jón Kristjánsson og Sigurjón Þorvaldur Árnason: Developments leading up to the Icelandic banking crisis in October 2008. Drög 16. mars 2009, bls. 98.

73. Halldór Jón Kristjánsson og Sigurjón Þorvaldur Árnason: Developments leading up to the Icelandic banking crisis in October 2008. Drög 16. mars 2009, bls. 98. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 27. ágúst 2009, bls. 53.

stöðva innlán á Icesave reikninga í Hollandi. Engar lagaheimildir hafi hins vegar verið fyrir hendi til að stöðva starfsemi Landsbankans vegna áhyggna DNB af Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta svo og Seðlabanka Íslands.⁷⁴

Í tölvubréfi sem Guðmundur Jónsson sendi DNB næsta dag, þ.e. 15. ágúst 2008, er fjallað um fundinn. Segir m.a. að þar hafi verið gefið til kynna að DNB hugleiddi að setja hömlur á innlánastarfsemi útibús Landsbankans í Hollandi. Í tölvubréfinu segir að þetta hafi komið Fjármálaeftirlitinu á óvart þar sem hollensk yfirvöld hafi hvorki ráðfært sig við Fjármálaeftirlitið né upplýst stofnunina um áhyggjur sínar. Þar að auki hafi engin lagarök verið færð fram. Síðar í bréfinu kemur fram að Fjármálaeftirlitinu sé ekki kunnugt um nokkur rök sem réttlætt gætu slíka aðgerð af hálfu DNB. Síðan segir: „Landsbanki's business is healthy, capital levels are strong and it performs well in various stress-tests that the FME applies.“ Loks kemur fram að af þessum sökum óski forstjóri Fjármálaeftirlitsins eftir fundi með æðstu yfirmönnum DNB svo ræða megi áhyggjur DNB og framtíðarfyrirkomulag samstarfs stofnananna tveggja. Í skýrslum Guðmundar Jónssonar og Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að þær upplýsingar sem rætt var um í tölvubréfinu hafi verið byggðar á hálfársuppgjöri Landsbankans sem hafi komið vel út. Þetta hafi verið þær upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið hafði yfir að ráða á þessum tíma.⁷⁵

Hinn 20. ágúst 2008 fundaði samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Í drögum að fundargerð er haft eftir Jónasi Fr. Jónssyni, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, að viss „draugagangur“ sé varðandi innstæðutryggingar í Hollandi og líklegt að yfirvöld þar í landi séu í samskiptum við bresk yfirvöld. Haft er eftir Jónínu S. Lárusdóttur, ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytis, að bréf hafi borist frá hollenska tryggingarsjóðnum þar sem óskað sé svara við fjölmörgum spurningum. Fari nærri að spurt sé beinlínis um opinberan stuðning. Því næst er haft eftir Tryggva Pálssyni, framkvæmdastjóra fjármálasviðs Seðlabanka Íslands, að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta þurfi ásamt öðrum stjórnvöldum að senda íslensku bönkunum þau skilaboð að þeir eigi einungis að taka við nýjum innlánnum erlendis í gegnum dótturfélög sín en ekki útibú.

Hinn 27. ágúst 2008 áttu bankastjórar Landsbankans fund með Nout Wellink, aðalbankastjóra DNB. Þar var rætt um afstöðu DNB til innlánaaukningar Landsbankans. Í skýrslu Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd kom fram að Nout Wellink hefði haft áhyggjur af því að tryggingarsjóður virkaði í raun aðeins þegar litlir bankar eða sparisjóðir gætu ekki staðið í skilum gagnvart innstæðueigendum en gengi ekki þegar um stærri banka væri að ræða. Þá hefði komið í ljós að Wellink hafi verið búinn að reikna út hvaða fjárhæð þyrfti að jafna út á hollensku bankana vegna viðbótarsamningsins (topping-up) við hollenska tryggingarsjóðinn ef illa færi fyrir Landsbankanum. Sigurjón kvaðst hafa bent Wellink á að hann yrði að ræða við íslensk stjórnvöld um veikleika innstæðutryggingakerfisins þar sem það væri ekki á forræði Landsbankans. Þá yrði hann að ræða við Fjármálaeftirlitið um þau skilyrði og

„Landsbankinn fer líklega á hausinn og munu þeir Hollendingar sem lagt hafa peninga sína inn á Icesave reikninga bankans líklega aldrei sjá þá aftur.“ Þetta segir Bert Heemskerk, bankastjóri hollenska bankans Rabobank. [...] Heemskerk lét þessi orð falla í umræðuþætti í ríkissjónvarpi þar í landi í vikunni. Sagði hann að þeir Hollendingar sem leggi sparifé sitt inn á Icesave reikninga bankans muni líklega aldrei sjá krónu af þeim peningum aftur. Heemskerk líkti Landsbankanum við tyrkneska banka sem njóti ekki trausts í Hollandi.“

Markaðsfréttir Stöðvar 2 8. júlí 2008.

„[...] einhvern tímann á miðjum fundi þá allt í einu segja þeir [starfsmenn DNB] bara: „Já, við erum að hugsa um að segja Landsbankanum að hann fái ekki að safna meiri innlánnum.““

Skýrsla Guðmundar Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis frá 10. ágúst 2009.

„At the meeting, it was indicated that the banking supervisory authorities in the Netherlands were considering to possibly restrict the deposit taking operations of Landsbanki branch in the Netherlands. These considerations came as a surprise to us, as the FME has at no time been consulted on the issue or informed about any possible concerns. Furthermore, no legal arguments were given. [...] Landsbanki's business is healthy, capital levels are strong and it performs well in various stress-tests that the FME applies.“

Tölvubréf Fjármálaeftirlitsins til DNB 15. ágúst 2008.

74. Skýrsla Guðmundar Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 10. ágúst 2009, bls. 64.

75. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. ágúst 2009, bls. 15, og skýrsla Guðmundar Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 10. ágúst 2009, bls. 64–65.

kröfur sem hann vildi leggja á útibú Landsbankans í Amsterdam og komast að samkomulagi við Fjármálaeftirlitið um lausnir. Landsbankinn myndi síðan uppfylla þær kröfur sem stofnanirnar yrðu ásáttar um.⁷⁶

Rannsóknarnefnd Alþingis hefur undir höndum kynningu sem Landsbankinn stóð fyrir á framangreindum fundi með Wellink. Í skjalinu er m.a. rætt um íslenska innstæðutryggingakerfið. Þar segir m.a. að innstæðutryggingakerfið byggist á tilskipun Evrópusambandsins sem skyldi ríkisstjórnir til þess að tryggja að „the minimum deposit insurance protection of €20.000 is provided for“. Síðar segir í skjalinu

We are aware that in a response to a request for clarification regarding the governmental backing of the Icelandic deposit guaranty scheme, the government of Iceland has at least in one instance issued a letter:

- clarifying its role in the funding of that scheme and*
- reiterating its obligations pursuant to the relevant EU directive*

We assume that a similar letter could be sent to the DNB if requested

Í tölvubréfi frá 28. ágúst 2008 til Fjármálaeftirlitsins lýsir DNB því sem fram fór á fundinum. Þar segir að DNB hafi tekið þá afstöðu að Landsbankinn verði að stöðva innlánaaukningu Icesave reikninganna í Hollandi. Styður DNB þetta með tvenns konar rökum. Annars vegar hafi DNB áhyggjur af íslenskum efnahag. Hins vegar er vísað til óljósrar stöðu íslenska ríkisins gagnvart Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta. Í bréfinu segir að óvissa ríki um hlutverk ríkisins ef til þess komi að sjóðurinn geti ekki staðið undir skuldbindingum sínum.

Sama dag, þ.e. 28. ágúst 2008, sendi starfsmaður fjármálasviðs Seðlabankans bankastjórn stofnunarinnar tölvubréf þar sem vikið var að fyrirspurn DNB til Landsbankans um lausafjárstýringu og viðlagááætlanir og þeim svörum sem Landsbankinn hafði sent DNB í kjölfarið. Fram kemur að starfsmaður Seðlabankans hafi fengið gögnin frá Landsbankanum ásamt svörum bankans við frekari spurningum. Fram kemur að um eftirfarandi gögn hafi verið að ræða:

1. Icesave Netherlands confidence crisis manual.
2. Landsbanki Amsterdam liquidity management policy.
3. Landsbanki group crisis communication plan.
4. Landsbanki liquidity contingency plan.
5. Landsbanki group liquidity management policy.
6. Niðurstöður úr lausafjárálagsprófum Landsbankans.

Því næst segir í bréfinu: „Spurningar DNB eru helst um lausafjárstýringu og álagspróf, með hvaða leiðum LÍ geti aflað fjár, hvernig bankinn hefur dregið saman í rekstri og hvernig LÍ geti tekist á við skyndilegt útstreymi innlána. Fjármálasvið hefur nú þegar fengið afrit og vikulegar sendingar um lausafjárstöðu/álagspróf LÍ og eru þær upplýsingar engu frábrugðnar þeim sem gefnar eru upp í þessum svörum.“

Hinn 2. september 2008 fundaði Nout Wellink með Jónasi Fr. Jónssyni. Við það tækifæri lýsti Wellink áhyggjum sínum af málefnum Icesave nokkuð

76. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 27. ágúst 2009, bls. 54–55 og 66.

á sömu lund og komið hafði fram í framangreindu tölvubréfi DNB frá 28. ágúst sama ár. Í skýrslu Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að þeir hefðu rætt um hálfársuppgjör bankans og að áhyggjur Wellink hefðu sem fyrr lotið að ástandi efnahagsmála á Íslandi en ekki einstökum þáttum í rekstri bankans. Þeir hefðu orðið ásáttir um að leita leiða til að „bremsa niður“ innlánaaukningu Landsbankans í Amsterdam og einnig sammælt um að fela Landsbankanum að koma með tillögur að lausnum sem DNB gæti sætt sig við. Jónas hefði í framhaldi af fundinum haft samband við bankastjóra Landsbankans og útskýrt fyrir þeim verkefnið. Jafnframt sagðist Jónas hafa lagt að þeim að hætta að auglýsa Icesave innlánsreikningana og hafi þeir orðið við því.⁷⁷

Hinn 4. september 2008 fundaði samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Af drögum að fundargerð má ráða að rætt hafi verið um heimsókn Fjármálaeftirlitsins til eftirlitssviðs DNB. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að áhyggjuefni DNB séu í meginatriðum:

1. Efnahagshorfur á Íslandi.
2. Stærð íslensku bankanna miðað við stærð þjóðarþúsins. Bankarnir hafi farið inn á aðra markaði með kappsfullum hætti.
3. Innstæðutryggingakerfi á Evrópska efnahagssvæðinu sé „klúður“. Ræða þurfi „top up“ samninginn við Ísland. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta sé veikur og óskiljanlegt hvers vegna ekki sé krafist herra iðgjalds fyrir innlán erlendis frá.
4. Íslensku bankarnir geri út á hollenska tryggingakerfið og slíkt sé ólíðandi.

Síðar í sömu drögum að fundargerð er haft eftir Jónasi að hollenskum yfirvöldum þyki ákjósanlegra að innlánastarfsemi fari fram í gegnum dótturfélag en útibú. Aðalatriðið sé því ekki yfirlýsing íslenskra stjórnvalda um opinberan stuðning við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.

Í fundargerð fundar bankaráðs Landsbankans frá 5. september 2008 kemur fram að allar auglýsingar séu nú í bið meðan rætt sé við hollensk yfirvöld en jafnframt sé áfram unnið að flutningi Icesave reikninganna í dótturfélag. Vörubróun hafi einnig verið stöðvuð og því sé nýjum reikningum með bundnum innlánnum ekki hleypt af stokkunum. Góður árangur Icesave hafi leitt af sér hörð viðbrögð erlendis frá. Bankaráðið heimili að undirbúnir verði innlánsreikningar í öðrum þeim löndum sem bankastjórn telji skynsamlegt. Markmiðið sé að dreifa áhættu í fjármögnun.

Samkvæmt upplýsingum frá DNB námu innstæður á Icesave reikningum Landsbankans í Hollandi tæplega 1,2 milljörðum evra í síðari hluta ágúst 2008. Héldu þær áfram að aukast og námu um 1,4 milljörðum evra 1. september 2008. Hinn 9. september 2008 óskaði DNB eftir reglulegri upplýsingagjöf um innstæður á Icesave reikningum bankans. Hinn 10. september 2008 námu innstæður Icesave rúmum 1,5 milljörðum evra.

Samkvæmt upplýsingum sem Wouter Bos, fjármálaráðherra Hollands, veitti hollenska þinginu ræddi Nout Wellink við Davíð Oddsson 8. september 2008. Í skýrslu Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að á umræddum fundi, sem fór fram í Basel, hefði Wellink verið hvumpinn

77. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. ágúst 2009, bls. 16–18.

og mjög stóryrtur um framgöngu íslensku bankanna við töku innlána og sagt að þeir yrðu stöðvaðir. Davíð kvaðst þá hafa spurt hvort ekki yrði farið að evrópskum reglum við það. Hefði Wellink svarað því til að enginn vandi væri að finna því stoð í evrópskum reglum að stöðva hina óábyrgu íslensku bankastarfsemi. Íslensku bankarnir gætu ekki staðið við skuldbindingar sínar ef á þá yrði gert áhlaup. Fram hefði komið að Wellink væri ekki aðeins að tala fyrir hönd Hollands heldur væri þetta „sameiginlegur skilningur þeirra þarna í Evrópu“.⁷⁸ Sagði Davíð að þessi afstaða hollenska seðlabankastjórans hefði verið af sama toga og fram hefði komið í raðu Axel Weber, þýska seðlabankastjórans, á fundi seðlabankastjóra í Basel í mars 2008 en hann hefði haldið því fram að mesta ógnin við stöðugleika bankakerfisins, til viðbótar við allt annað, væri óábyrg innrás inn á innlánamarkaði og uppbot í innstæðu-tryggingakerfinu. Davíð kvaðst hafa gert bankastjórum Landsbankans grein fyrir afstöðu hollenska seðlabankastjórans þegar til Íslands kom.⁷⁹

Hinn 23. september 2008 rituðu bankastjórar Landsbankans Fjármálaeftirlitinu bréf vegna starfsemi útibúsins í Amsterdam. Þar færa þeir fram rök gegn því að bankanum verði gert að hætta viðtöku frekari innlána á Icesave reikninga sína í Hollandi. Halda þeir því jafnframt fram að DNB hafi ekki heimildir til að þvinga bankann til slíks. Um þetta vísa þeir til álits lögmannsstofunnar Allen & Overy. Bankastjórnir lýsa hins vegar yfir vilja til þess að stuðla að því að innlán á bundna reikninga verði aukin. Þar sem slíkt feli í sér hækkun á fjárhæð heildarinnlána lýsa þeir sig fúsa til þess að undirgangast ákveðnar kvaðir til að koma til móts við áhyggjur DNB. Leggja þeir til að allar innstæður á óbundnum reikningum umfram 1.150 milljónir evra verði afhentar DNB í formi verðbréfa sem uppfylli skilyrði Seðlabanka Evrópu fyrir endurhverfum viðskiptum. Þar með telja bankastjórnir að í raun megi mæta ósk DNB um að innstæður nemi ekki hærri fjárhæð en 1.150 milljónum evra. Á sama tíma myndi lausafjárstaða Landsbankans styrkjast. Í bréfinu kemur fram að bankastjórnir telji að miðað við innstæður sem nú standi á óbundnum reikningum feli þetta í sér að DNB fái 500 milljóna evra varasjóð. Slíkt jafngildi um 30% heildarinnstæðna. Þessu til viðbótar bjóðast bankastjórnir til þess að hætta markaðssetningu óbundinna reikninga. Jafnframt segjast þeir hafa boðist til þess að afhenda DNB 5% allra óbundinna innstæðna sinna í Hollandi. Þá sé ekki meðtalið það fé sem þegar liggi fyrir hjá DNB í formi varasjóðs. Þessum fjármunum sé ætlað að mæta skyndilegum úttektum af reikningum Icesave. Í bréfinu segjast bankastjórnir ganga út frá því að framangreindar ráðstafanir myndu gilda þar til markaðsaðstæður breytist til batnaðar. Svo virðist sem fyrirvarsmenn DNB hafi talið þessar tillögur Landsbankans skref í rétta átt en ekki lausn á vandamálinu. Jónas Fr. Jónsson lýsti því við skýrslutökur að stjórnendur DNB hafi vírst fremur áhugalausir um tillögurnar.⁸⁰

Í framangreindu bréfi Landsbankans býðst bankinn einnig til þess að fylgja hollenskum lausafjárreglum gagnvart allri samstæðunni auk þess að afhenda DNB lausafjárskýrslur með reglulegu millibili svo stofnunin geti haft eftirlit með framfylgd reglnanna.

78. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. ágúst 2009, bls. 39–40.

79. Skýrslur Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 47 og 12. ágúst 2009, bls. 40.

80. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. ágúst 2009, bls. 18–20.

Fjármálaeftirlitið framsendi fyrrnefnt bréf Landsbankans til DNB með tölvupósti 24. september 2008 og sagði þar: „Eins og beðið hefur verið um, sjá viðhengi, afrit af bréfi frá Landsbanka Íslands til FME varðandi banka-starfsemi hans í Hollandi.“ Þá var tekið fram að ef DNB hefði einhverjar spurningar um málið skyldi stofnunin ekki hika við að hafa samband. Í skýrslu Guðmundar Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd kom fram að DNB hefði ekki sett fram neinar fyrirspurnir í kjölfar þessa.⁸¹

Jónas Fr. Jónsson afhenti starfsmanni DNB afrit af framangreindu bréfi Landsbankans, en Jónas var þá staddur á alþjóðlegri ráðstefnu bankaftirlitsstofnana sem haldin var í Brussel sama dag, þ.e. 24. september 2008. Í skýrslu Jónasar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að hann hefði lagt til að þeir ræddu nánar saman um málið eftir að DNB hefði kynnt sér bréfið.⁸²

Við umræður á hollenska þinginu svaraði Wouter Bos, fjármálaráðherra Hollands, síðar fyrirspurn um málefni Icesave á þann veg að Fjármálaeftirlitið hefði afhent DNB bréfið og við það tilefni gefið til kynna að það væri sam-mála afstöðu Landsbankans sem fram kæmi í bréfinu. Utanríkisráðuneytið fór í kjölfarið fram á nánari skýringu á þessari yfirlýsingu stjórnvalda. Hollensk yfirvöld svöruðu því til í tölvubréfi að Jónas Fr. Jónsson hefði afhent Arnold Schilder, starfsmanni DNB, bréf Landsbankans á alþjóðlegri ráðstefnu bankaftirlitsstofnana sem haldin var í Brussel 24. september 2008. Halda hollensk yfirvöld því jafnframt fram að Jónas hafi við sama tækifæri lýst því yfir við Schilder og Houben, annan starfsmann DNB sem einnig var við-staddur, að Fjármálaeftirlitið væri fyllilega sammála efni bréfs Landsbankans. Aðspurður um þetta atriði í skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis vís-aði Jónas Fr. Jónsson því á bug að hafa tekið nokkra efnislega afstöðu til bréfs Landsbankans. Hann hefði aðeins áréttað að þeir þyrftu að ræða saman þegar starfsmenn DNB hefðu kynnt sér efni bréfs Landsbankans, en í því legði bank-inn fram tillögur um mögulegar leiðir til þess að koma til móts við óskir DNB í samræmi við þá málsmæðferð sem Jónas taldi að Fjármálaeftirlitið og DNB hefðu orðið ásátt um á fundi sínum 2. september 2008. Rökrétt framhald hefði því verið að DNB tæki afstöðu til tillagnanna og mæti hvort einhver af þeim væri ásættanleg. Viðbrögð DNB við tillögum Landsbankans hefðu hins vegar aldrei borist.⁸³

Samkvæmt því sem fram kemur í svari fjármálaráðherra Hollands við fyrirspurn á hollenska þinginu varð vefsíða Icesave í Hollandi óvirk 6. október 2008 og lét DNB þá kyrrsetja eignir útibúsins.

Hinn 7. október 2008 ritaði DNB Landsbankanum bréf. Þar kemur fram að DNB hafi ákveðið að skipa útibúi bankans skiptastjóra. Jafnframt eru sett fram ýmis tilmæli sem Landsbankanum er ætlað að fylgja, m.a. að bankinn færi allt fé Icesave reikninganna í Hollandi inn á reikning í vörslu DNB svo gæta megi hagsmuna innstæðueigenda. Í bréfinu kemur fram að 29. september 2008 hafi innstæður Icesave reikninga í Hollandi numið 1,7 milljörðum evra.

Sama dag, þ.e. 7. október 2008, ritaði DNB Landsbankanum annað bréf. Þar kemur fram að mikil hætta sé á að DNB þurfi að greiða innstæðueigend-um umtalsverðar fjárhæðir vegna reikninga Landsbankans. Jafnframt segir að Landsbankinn hafi nokkrum sinnum veitt DNB bæði rangar og ófullnægjandi

81. Skýrsla Guðmundar Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 9. september 2009, bls. 1.

82. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. ágúst 2009, bls. 26.

83. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. ágúst 2009, bls. 26–28.

upplýsingar. Þar með hafi bankinn brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt samningi við DNB frá 23. maí 2008.

Landsbankinn svaraði bréfinu samdægurs, þ.e. 7. október 2008, og staðfesti móttöku tilmæla DNB en mótmælti þeim jafnframt. Einnig hafnaði bankinn kröfu DNB um tilfærslu fjármuna til Hollands á þeim grundvelli að slíkt væri ekki heimilt vegna fyrirmæla Fjármálaeftirlitsins.

Sama dag, þ.e. 7. október 2008, fór DNB fram á það fyrir hollenskum dómstólum að útibúi Landsbankans yrði skipaður skiptastjóri. Með úrskurði uppkveðnum 13. sama mánaðar var útibúinu skipaður skiptastjóri.

18.3.2 Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis um Icesave reikninga Landsbanka Íslands hf. í útibúi í Amsterdam

Þegar Landsbanki Íslands hf. hóf að taka við innlánum á Icesave reikninga í Amsterdam 29. maí 2008 hafði bankinn þegar reynslu af neikvæðri umfjöllun breskra fjölmiðla um íslenskan efnahag og íslenska banka. Var spjótum einkum beint að háu skuldatryggingarálagi bankanna, auk þess sem efasemdir höfðu verið uppi um getu Seðlabanka Íslands og ríkissjóðs til þess að koma íslensku bönkunum til aðstoðar lentu þeir í lausafjárerfiðleikum. Þá voru uppi efasemdir um getu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi til að mæta áföllum í rekstri bankanna. Ætla verður að áhlaup það sem varð frá febrúar 2008 fram til apríl sama ár á Icesave reikninga Landsbankans í útibúi hans í London megi rekja til þessarar umfjöllunar. Til viðbótar kom síðan áhættan af því að erfitt gæti reynst að útvega erlendan gjaldeyri til að mæta skyndilegum útgreiðslum af innlánsreikningum erlendis.

Þegar þetta er haft í huga er nær óskiljanlegt að Landsbankinn skyldi velja að hefja töku Icesave innlána í útibúi í Amsterdam í stað þess að gera það í hollensku dótturfélagi. Landsbankinn tók þannig þá augljósu áhættu að í Hollandi yrði á einhverju stigi bent á sömu atriði og breskir fjölmiðlar höfðu fjallað um mánuðina á undan. Þetta er þeim mun illskiljanlegra þegar litið er til þess að ekki er að sjá að samkvæmt hollenskum lögum hafi gilt sambærilegar reglur og þær sem í breskum rétti takmarka verulega færslu fjármuna frá dótturfélagi yfir í aðra hluta bankasamstæðu.⁸⁴ Eina skýringin sem fram hefur komið á þessu er sú að það hafi tekið lengri tíma að stofna dótturfélag en útibú og að ekki hafi verið farið að huga að stofnun dótturfélags fyrir en á fyrri hluta ársins 2008.⁸⁵

Í skýrslu Jónasar Fr. Jónssonar, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að skv. 4. mgr. 36. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki gæti Fjármálaeftirlitið ekki lagt bann við stofnun útíbús nema stofnunin hefði réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun og fjárhagsstaða viðkomandi fjármálafyrirtækis væri ekki nægilega traust. Á þeim tíma sem Landsbankinn tilkynnti um fyrirhugaða töku innlána í útibúinu í Amsterdam hefði staða bankans verið sterk, hann hefði haft lánshæfiseinkunnina Aaa og eiginfjárhlutfall hans verið 12,5%.⁸⁶ Aðspurður hvort Fjármálaeftirlitið hefði tekið afstöðu til lausafjárstýringar bankans í evrum í ljósi þess að Seðlabanki Íslands sé aðeins lánveitandi til þrautavara í krónum, kvað Jónas svo ekki hafa

84. Sjá lögfræðiálit Allen & Overy, dags. 25. mars 2008, sem unnið var fyrir Landsbanka Íslands hf.

85. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 27. ágúst 2009, bls. 15.

86. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. ágúst 2009, bls. 1. Rétt er að taka fram að lánshæfismat Moody's á Landsbankanum á þessum tíma var Aa3.

verið, enda væri lausafjárefirlit á verksviði Seðlabanka Íslands og almennt hefðu eftirlitsaðilar á þessum tíma ekki gert rannsóknir á þeim grundvelli við afgreiðslu á tilkynningum um stofnun útibús í öðru ríki.⁸⁷ Í þessu samhengi skal þess getið að fyrir liggur að Fjármálaeftirlitið hóf að þróa lausafjárefirlit á samstæðugrunni fyrir bankana þrjá á seinni hluta árs 2007. Við skýrslutöku gat Jónas þess að Fjármálaeftirlitið hefði af sjálfsdáðum tekið upp lausafjárefirlit með Landsbankanum. Upphaflega hefðu skýrsluskil Landsbankans til Fjármálaeftirlitsins verið byggð á fyrirmynd Moody's en síðan orðið ítarlegri eftir að bankinn gerði samkomulag við FSA varðandi lausafjárstýringu útibúsins í London vorið 2008.⁸⁸

Í skýrslu Guðmundar Jónssonar, sviðsstjóra hjá Fjármálaeftirlitinu, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis, kom fram að af viðræðum við fyrirsvarsmenn Landsbankans hefði verið ljóst að bankinn hafi ætlað að afla evra á gjaldeyrisskiptamarkaði til að greiða úttektir af innlánsreikningum í útibúi Landsbankans í Amsterdam.⁸⁹ Gjalddeyrisskiptamarkaður með íslenskar krónur var hins vegar á köflum nær óvirkur frá 19. mars 2008, sbr. umfjöllun í kafla 13.0. Ekki er að sjá að Fjármálaeftirlitið hafi talið það gefa tilefni til sérstakra viðbragða af sinni hálfu þrátt fyrir að um verulega hættu hafi verið að ræða fyrir Landsbankann sem var kerfislega mikilvægur banki.

Hinn 29. maí 2008, þ.e. sama dag og Landsbankinn hóf að taka við innlánum á Icesave reikninga í Amsterdam, fundaði samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Í drögum að fundargerð kemur m.a. fram að þetta auki enn á skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Vegna þeirrar miklu gagnrýni sem íslenskir bankar og efnahagskerfi landsins höfðu sætt erlendis og sérstaklega í ljósi þess áhlaups sem Landsbankinn varð fyrir í Bretlandi snemma á árinu 2008, verður að telja gagnrýniverð að samráðshópurinn skyldi ekki fara ofan í kjölinn á málinu með Landsbankanum eða leggja til að settur yrði á fót sérstakur starfshópur til þess. Þá verður ekki séð að þessi aukna sókn Landsbankans í söfnun innlána erlendis í útibúum hafi orðið ráðherrum í ríkisstjórn Íslands tilefni til beinna afskipta af málinu. Hlaut það að vekja furðu að bankastjórar Landsbankans, sem höfðu áður rætt um að flytja Icesave innlánsreikningana úr útibúi yfir í dótturfélag í London vegna áðurnefndra vandamála sem virtust bankanum illviðráðanleg, skyldu á sama tíma stofna til nýrrar innlánastarfsemi í Amsterdam sem haldin var sama annmarka, þ.e. að vera rekin í útibúi, með tilheyrandi áhættu fyrir Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.

Gagnvart Seðlabanka Íslands varð þessi aukna starfsemi Landsbankans í Hollandi enn til að auka á áhættu þegar kom að því viðfangsefni Seðlabankans að varðveita fjármálastöðugleika á Íslandi. Innan Seðlabankans var þegar fyrir hendi vitneskja um þá óánægju sem var innan seðlabanka í þeim löndum Evrópu þar sem íslensku bankarnir voru að safna innlánum með boðum um háa vexti. Seðlabankamenn segjast hafa kynnt bankastjórum Landsbankans þessi viðhorf. Óánægja Nout Wellink, aðalbankastjóra DNB, var sérstaklega rædd á fundi hans með formanni bankastjórnar Seðlabanka Íslands 8. september 2008 og segist formaðurinn hafa gert bankastjórum Landsbankans grein fyrir afstöðu hollenska seðlabankastjórans í kjölfar fundarins.

87. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. ágúst 2009, bls. 2-7.

88. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. mars 2009, bls. 10.

89. Skýrsla Guðmundar Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 10. ágúst 2009, bls. 61.

Þrátt fyrir að niðurstaða hálfársuppgjörs Landsbankans fyrir fyrri hluta árs 2008 hefði að áliti Fjármálaeftirlitsins við fyrstu sýn ekki gefið sérstakt tilefni til að takmarka starfsleyfi Landsbankans til þess að taka við frekari innlánum í útibúi bankans í Amsterdam hlaut það að vera ljóst að takmarkaðri aðgangur bankans að evrum eftir að gjaldeyrismarkaður tók að lokast, og sérstaklega eftir að áhrifa af falli Lehman Brothers tók að gæta, hefði áhrif á möguleika hans til að standa við innlánsskuldbindingar sínar. Þetta hefði átt að vera Fjármálaeftirlitinu nægt tilefni til þess að taka málefni útibúsins til sérstakrar umfjöllunar.

Líkt og að framan greinir fundaði aðalbankastjóri DNB með Jónasi Fr. Jónssyni 2. september 2008 og urðu þeir að sögn Jónasar ásáttir um að leita leiða til að „bremsa niður“ innlán bankans í Amsterdam og sammæltust einnig um að fela Landsbankanum að koma með tillögur að lausn sem DNB gæti sætt sig við. Miðað við þá miklu hagsmuni sem í húfi voru tók það of langan tíma að fá fram tillögur Landsbankans. Það er hins vegar jákvætt að Fjármálaeftirlitið skyldi leggja að bankastjórum Landsbankans að hætta að auglýsa Icesave reikningana og virðast þeir hafa orðið við þeim tilmælum.⁹⁰ Í ljósi þess að til stóð að draga úr töku innlána í útibúi Landsbankans í Amsterdam verður hins vegar að teljast aðfinnsluvert að Fjármálaeftirlitið skyldi ekki beina þeim tilmælum til bankans að hann gripi til tiltækra úrræða til að draga úr innlánum á óbundna reikninga án þess þó að skapa hættu á áhlaupi á innlánsreikningana. Það vekur óneitanlega athygli að eftir framangreindan fund jukust innlán Landsbankans í Hollandi úr 1,4 milljörðum evra 1. september 2008 í 1,5 milljarða 10. september sama ár og loks í 1,7 milljarða við fall Landsbankans. Athygli vekur að DNB skýrði eftirlitsheimildir sínar sem viðtökuríkis útibús Landsbankans á ýmsan hátt mun þrengra en breska fjármálaeftirlitið (FSA). Þannig hafði FSA eftirlit með lausafjárstýringu útibús Landsbankans í London með því að afla gagna um lausafjárstýringu samstæðu Landsbankans. Fram er komið að Landsbankinn bauð DNB að hafa sambærilegt lausafjáreftilit á samstæðugrundvelli með Landsbankanum en DNB virðist ekki hafa þekkt boðið.⁹¹ Þess utan vekur það athygli að DNB virðist ekki hafa talið sér fært að líta til þess hvort vísbendingar væru um að móðurfélagið á Íslandi hefði ekki nægt lausafé til reiðu fyrir útibúið í Amsterdam til að það gæti staðið við skuldbindingar sínar.⁹²

Í skýrslu rannsóknarnefndar á vegum hollenska fjármálaráðuneytisins frá 11. júní 2009 kemur fram að DNB taldi sig ekki hafa valdheimildir til þess að stöðva töku Landsbankans á innlánum þegar stofnunin taldi í óefni komið. Þegar litið er til valdheimilda gistiríkis samkvæmt formálsákvæðum 18 og 22, svo og 30., 31., 33. og 34. gr. tilskipunar nr. 2006/48/EB verður fallist á það með hollensku rannsóknarnefndinni að DNB hafi haft valdheimildir til að grípa til aðgerða gegn útibúi Landsbankans í Amsterdam af sjálfsdáðum, með því að gefa bankanum fyrirmæli um að hætta að sækja á innlánsmarkað og tryggja fullnægjandi lausafjárstöðu útibúsins í Hollandi, hafi umrædd ákvæði tilskipunarinnar á annað borð verið réttilega innleidd í hollenskan rétt.⁹³

90. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. ágúst 2009, bls. 18.

91. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. ágúst 2009, bls. 9. Sjá einnig bréf Landsbanka Íslands hf. til Fjármálaeftirlitsins 23. september 2008.

92. De bevoegdheden van De Nederlandsche Bank inzake Icesave. Onderzoek in opdracht van het Ministerie van Financiën. Útg. 11. júní 2009, bls. 58.

93. De bevoegdheden van De Nederlandsche Bank inzake Icesave. Onderzoek in opdracht van het Ministerie van Financiën. Útg. 11. júní 2009, bls. 67.

Að því er varðar valdheimildir Fjármálaeftirlitsins gagnvart innlánasöfnun Landsbankans í útibúi bankans í Hollandi er ástæða til að minna á að Fjármálaeftirlitinu ber samkvæmt 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir eða samþykktir sem um starfsemina gilda auk þess að fylgjast með því að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Í 10. gr. laganna er síðan m.a. mælt fyrir um úrræði Fjármálaeftirlitsins til að bregðast við ef stofnunin telur hag eða rekstur eftirlitsskylds aðila að öðru leyti óheilbrigðan og brjóta í bága við eðlilega viðskiptahætti. Minnt skal á að innstæður á Icesave reikningum útibúsins fóru á þremur mánuðum úr engu í nær 1,4 milljarða evra í lok ágúst 2008. Á sama tíma fóru heildsöluinnlån útibúsins lækkanði. Gagnvart Fjármálaeftirlitinu hlaut að þurfa að ráða til lykta það álitaefni hvernig Landsbankinn væri í stakk búinn, miðað við það ástand sem komið var upp á alþjóðlegum fjármálamörkuðum um útvegum lausafjár og gjaldeyrismarkaði, til að svara skyndilegu útlæði þessara innlána enda hafði þessara innlána verið aflað með boði um tiltölulega háa vexti miðað við innlánsvexti almennt á markaðssvæðinu. Þá hafði þessi starfsemi í för með sér að skuldbindingar íslensku og hollensku innlánstryggingakerfanna jukust mjög og það án þess að í tilviki þess íslenska yrði um að ræða greiðslu í Tryggingarsjóðinn fyrr en að liðnu árinu. Í ljósi þessara aðstæðna verður, hvað sem leið heimildum Landsbankans að lögum og samkvæmt EES-samningnum til að hefja innlánasöfnun í útibúi í Hollandi, að telja að þær aðstæður hafi verið komnar upp í rekstri Landsbankans, m.a. með tilliti til stöðu Icesave reikninganna í Bretlandi og krafna breskra stjórnvalda af því tilefni, að minnsta kosti þegar leið á sumarið, að ekki var forvaranlegt af hálfu Fjármálaeftirlitsins að láta hjá líða að hefja ekki athugun á því hvort rekstur bankans væri að þessu leyti í samræmi við þær kröfur sem lög setja um heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti banka.

Rannsóknarnefnd Alþingis bendir á að hvað sem leið starfi og skyldum eftirlitsaðila og stjórnvalda var það viðskiptaleg ákvörðun og á ábyrgð stjórnenda Landsbankans að hefja og halda áfram söfnun innlána frá almenningi á nýju markaðssvæði undir formerkjum hárri vaxta í ljósi þeirrar stöðu sem komin var upp í rekstri Landsbankans og á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og ágerðist þegar leið á árið 2008.

19. kafli

Aðgerðir og viðbrögð íslenskra stjórnvalda á árunum 2007–2008 vegna hættu á fjármálaáfalli

19.1 Inngangur

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða skal rannsóknarnefnd Alþingis varpa sem skýrustu ljósi á aðdraganda og orsakir þess vanda íslenska bankakerfisins sem varð Alþingi tilefni til að setja lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Síðastgreind lög hafa í daglegu tali verið nefnd neyðarlögin. Í samræmi við 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 verða raktir í þessum kafla ýmsir af helstu atburðum áruna 2007 og 2008 sem tengjast aðgerðum og viðbúnaði stjórnvalda. Einkum er þar um að ræða það starf sem unnið var af samráðshópi forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað, hér eftir að jafnaði nefndur samráðshópur stjórnvalda. Við frásögn af starfi hópsins er stuðst við ýmis gögn frá stjórnvöldum, t.d. vinnuskjöl sem unnin voru af öðrum stjórnvöldum og lögð fyrir hann auk draga að fundargerðum hópsins, eins og nánar er að vikið í kafla 1.0. Einnig er sérstaklega vikið að fundum sem fulltrúar bankanna áttu með bankastjórn Seðlabanka Íslands á tímabilinu auk þess sem grein er gerð fyrir fundum starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjáranda. Við frásögnina er stuðst við þær samtímaheimildir sem rannsóknarnefnd Alþingis hefur viðað að sér. Í sumum tilvikum er ekki til að dreifa fullbúnum fundargerðum heldur einungis drögum að fundargerðum sem ekki hafa verið lesnar yfir af öllum fundarmönnum. Þetta á t.d. við um frásagnir af fundum samráðshóps stjórnvalda en rannsóknarnefndin tekur fram að hún hefur þó veitt því athygli við athuganir sínar á tölvusamskiptum að þegar líða tók á árið 2008 voru umrædd drög að fundargerðum gjarnan send fulltrúum í hópnum rafrænt. Í ýmsum tilvikum hefur frekara ljósi verið varpað á fundi, þar sem ekki liggja fyrir formlegar fundargerðir, við skýrslutökur. Í eftirfarandi frásögn verður einnig getið annarra atburða sem ekki varða beinlínis viðbúnað eða aðgerðir stjórnvalda en þykir þó rétt að nefna samhengisins vegna.

Tekið skal fram að hér er að töluverðu leyti stuðst við gögn sem rannsóknarnefnd Alþingis fékk afhent frá Seðlabanka Íslands en þar virðast hafa verið skráð fleiri og fyllri upplýsingar um ýmsa atburði, á borð við fundi með bankamönnum og fulltrúum stjórnvalda, en gert var hjá ráðuneytum og Fjármálaeftirlitinu, sbr. sérstaklega umfjöllun um skjalaskráningu Fjármálaeftirlitsins í kafla 16.0. Hér skal þess þó getið að innan

Fjármálaeftirlitsins var starfandi sérstakur viðbúnaðarhópur sem settur var á laggirnar haustið 2007. Við skýrslutöku lýsti Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, því að ástæða þess að hópnum var komið á fót hefðu verið erfiðleikar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Síðan bætti hann við: „Íslensku bankarnir voru mjög alþjóðlegir, hlutabréfaverð hér hafði fallið. Ég taldi því nauðsynlegt að við hefðum þverfaglegan hóp sem væri að fylgjast með og fara yfir og kalla eftir ítarlegri upplýsingum, því að maður vildi auðvitað reyna að fylgjast með og hvort það kæmu fram veikleikar í fyrirtækjunum.“ Aðspurður sagði Jónas að ekki væri til að dreifa fundargerðum frá fundum hópsins heldur einungis fundardagskrám og hugsanlega skriflegum punktum sem Jónas hefði tekið saman og bætti hann því við að líklega væri lítið gagn að þeim.¹ Jónas sagði einnig að það hefði ekki verið almenn regla að starfsmenn Fjármálaeftirlitsins skráðu minnispunkta um fundi nema mál-efnið tengdist fyrirhugaðri ákvörðunartöku. Jónas bætti síðan við: „Það var nú þannig, það mikið vinnuálag á fólkinu þarna, yfirleitt og það lítill tími að menn urðu að vera, hugsa náttúrulega svolítið hvernig þeir nýttu tíma sinn.“² Eðli máls samkvæmt eru fundardagskrár, líkt og þær sem skráðar voru hjá viðbúnaðarhópi Fjármálaeftirlitsins, ekki jafn ítarleg og haldgóð gögn og fundargerðir. Af þeirri ástæðu kallaði rannsóknarnefnd Alþingis eftir frekari upplýsingum um viðbúnaðarhópinn frá Fjármálaeftirlitinu, sbr. bréf nefndarinnar, dags. 13. maí 2009. Fjármálaeftirlitið tók af því tilefni saman sérstaka skýrslu um viðbúnaðarhópinn 2. júlí 2009. Í henni kemur fram að hópurinn hafi að jafnaði fundað með tveggja vikna millibili. Hlutverk hópsins hafi „fyrst og fremst verið að hafa viðvarandi eftirlit með helstu áhættum í starfi fjármálafyrirtækja á fjármálamarkaði á Íslandi, bregðast við ef á þyrfti að halda og kynna niðurstöðurnar stjórn FME og eftir atvikum Seðlabanka Íslands“. Í samræmi við þetta hafi starfsmenn hópsins komið frá öllum fjór-um sviðum Fjármálaeftirlitsins. Síðan segir að fylgst hafi verið reglulega með útlánaáhættu, markaðsáhættu, lausafjárahættu, fjármögnun, eiginfjárlutfalli og orðsporsáhættu auk þess sem samskipti hefðu verið við erlenda aðila. Fundardagskrár viðbúnaðarhópsins bera með sér að hér var um frekar lauslega unnin vinnugögn að ræða. Ekki verður því frekari grein gerð fyrir fundum viðbúnaðarhópsins við umfjöllunina hér á eftir heldur vísað almennt til umfjöllunar í 16.0 kafla. Eins og fram kom í ummælum þeim sem höfð eru eftir Jónasi Fr. Jónssyni á það ekki einungis við um umræddan viðbúnaðarhóp að lítið hafi verið um að skráðar væru niður fundargerðir eða minnisatriði vegna funda eða samtala hjá Fjármálaeftirlitinu. Þetta á t.d. einnig við um ýmsa fundi sem forstjóri eða starfsmenn Fjármálaeftirlitsins munu hafa átt, m.a. með fulltrúum banka og erlendra systurstofnana, og því er ekki getið nema að takmörkuðu leyti um slíka fundi í því yfirliti sem hér fer á eftir.

Þeir atburðir sem grein verður gerð fyrir hér í framhaldinu verða raktir í tímaröð. Tímabilið sem um ræðir er 1. janúar 2007 fram til 25. september 2008, þegar stjórnarformaður Glitnis banka hf. óskaði eftir fyrirgreiðslu Seðlabanka Íslands á fundi með formanni bankastjórnar Seðlabankans. Í kafla 20 er atburðarásin síðan rakin frá þeim tíma og fram til falls bankanna.

Áður en tekið er til við lýsingu á framangreindum atburðum er rétt að víkja að aðdraganda þess að samráðshópi stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað var komið á fót.

1. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. mars 2009, bls. 3–4.

2. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. ágúst 2009, bls. 64–65.

19.2 Samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað og aðdragandi þess að honum var komið á fót

Hinn 5. júní 1998 samþykkti Alþingi lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Tóku lögin gildi 1. janúar 1999. Með lögnum var sérstakri stofnun, Fjármálaeftirlitinu, komið á fót. Stofnuninni voru falin verkefni sem áður höfðu heyrt undir Vátryggingaeftirlitið og bankaeftirlit Seðlabanka Íslands.

Hinn 26. mars 1999 gerðu Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn með sér samstarfssamning á grundvelli þágildandi 4. mgr. 14. gr. laga nr. 87/1998. Samkvæmt efni samningsins var honum m.a. ætlað að tryggja greið og fljót-virk upplýsingaskipti milli aðila, skýra verkaskiptingu og að stuðla að því að tvíverknaði yrði haldið í algjöru lágmarki. 6. hluti samningsins bar heitið „Samstarf um aðgerðir“. Í lið 6.1. sagði: „Samningsaðilar skulu í samstarfi sínu leitast við að þróa aðferðir til að sjá fyrir, eins fljótt og kostur er, erfiðleika í rekstrarumhverfi á fjármagnsmarkaði og í starfsemi einstakra fjármálafyrirtækja.“ Framangreindur samningur var síðar leystur af hólmi með samstarfssamningi sömu aðila 28. mars 2003. Sá samningur var svo endurnýj-aður með öðrum samningi sömu aðila 3. október 2006.

Í febrúar 2000 birtist í riti Seðlabankans, *Peningamálum*, grein sem bar yfirskriftina „Fjármálakerfið: styrkur og veikleikar“. Í greininni er fjallað um fjármálakreppur. Þær eru skilgreindar sem truflun eða skyndileg breyting á starfsemi fjármálastofnana eða markaða sem hefur marktæk neikvæð áhrif á efnahagsþróun. Í greininni eru síðan taldar upp þær vísbendingar af þjóðhags-legum toga sem talið er mikilvægast að fylgjast með. Í greininni segir að um þetta sé að mestu fylgt mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Síðan er birt eftirfar-andi upptalning:

- *Mikill vöxtur útlána.* Mjög ör vöxtur hefur oft verið fyrirboði alvarlegrar fjármálakreppu. Samhliða örum vexti er hætt við að gæðum eignasafns lánastofnana hraki. Ör vöxtur í veðskulda- og öðrum neyslulánum og gengistryggðum lánum getur verið undanfari almennrar uppsveiflu.
- *Vaxandi viðskiptahalli.* Fylgifiskur mikils og vaxandi viðskiptahalla er að jafnaði innstreymi erlends fjármagns sem fjármálakerfið hefur að miklu leyti milligöngu um að afla. Því eru nán tengsl á milli viðskiptahalla og útlánavaxtar. Óhóflegur viðskiptahalli kann einnig að vera vísbending um gjaldeyriskreppu, sem getur valdið lausafjárerfiðleikum fjármálastofnana, einkum ef viðskiptahallinn er að miklu leyti fjármagnaður með skammtímalánum. Aðstæður eru mjög viðkvæmar þegar saman fara mikill viðskiptahalli og lágt fjárfestingarhlutfall og ef hlutfall gjaldeyrisforða af skammtímaskuldbindingum er mjög lágt.
- *Efnahagsáföll og lítill hagvöxtur.* Efnahagslægd eða samdráttur dregur úr getu fyrirtækja og einstaklinga til að standa við fjárskuldbindingar sínar og hefur oft verið undanfari erfiðleika í fjármálakerfi.

- *Óraunhæft raungengi.* Mikil hækkun raungengis getur gert útflutningsgreinum erfitt um vik að standa við skuldbindingar sínar. Hátt raungengi eykur jafnframt hættu á skyndilegri gengislækkun sem getur kippt fótunum undan getu lántakenda sem ekki njóta tekna af útflutningi til að standa við erlendar skuldbindingar sínar.
- *Eignaverðbólga.* Peningaleg þensla getur stuðlað að óhóflegri hækkun á verði hlutabréfa og fasteigna. Þegar peningalegt aðhald er aukið getur verðið lækkað skyndilega á sama tíma og tekjur fjármálastofnana rýrna. Í því getur falist mikil áraun fyrir fjármálakerfið.
- *Samsetning fjármagnsinnstreymis.* Sé hlutfall skammtímalána og verðbréfafjárfestingar í fjármagnsinnstreymi hátt er meiri hættu á skyndilegu útstreymi en ef langtímafjármagn og bein fjárfesting eru ráðandi.
- *Afþoma í geirum sem vega þungt í lánveitingu fjármálastofnana.* Í smáum hagkerfum með fábreytta efnahagsstarfsemi verður vart hjá því komist að nokkuð stór hluti lánveitinga fari til fárra atvinnugreina. Fjármálakerfi í smárikjum getur því verið næmt fyrir áföllum sem bundin eru við ákveðna geira.
- *Hlutfall M2 og gjaldeyrisforða eða vöxtur þessara stærða.* Hátt hlutfall peningamagns M2 af gjaldeyrisforða er vísbending um innlenda peningabenslu, þ.e.a.s. vöxt peningamagns sem gjaldeyrisinnstreymi stendur ekki að baki, sem eykur hættu á gjaldeyriskreppu.
- *Mikil skuldsetning fyrirtækja.* Miklar skuldir í hlutfalli við eignir fyrirtækja auka augljóslega hættu á vanskilum.
- *Breytingar á viðskiptakjörum.* Reynslan sýnir að skyndileg breyting á viðskiptakjörum getur leitt til erfiðleika í fjármálakerfinu, einkum lítilla landa með einhæfan útflutning. Mikill bati viðskiptakjara getur leitt til verðbólgu og örrar þenslu eignaverðs, sem botninn dettur úr þegar viðskiptakjör versna skyndilega.

Síðan segir í greininni: „Meðal annarra vísbendinga sem mikilvægt er að fylgjast með eru innlent vaxtastig, opinber íhlutun í lánastarfsemi, lánveitingar bankakerfis til hins opinbera, breytileiki verðbólgu, uppsöfnun vanskila, þróun erlendra vaxta og næmi fyrir erlendum áhrifum.“

Með skipunarbréfi, dags. 5. desember 2000, skipuðu bankastjórn Seðlabankans og forstjóri Fjármálaeftirlitsins starfshóp sem falið var að móta viðbúnaðaráætlun vegna erfiðleika í rekstrarumhverfi á fjármálamarkaði og í starfsemi einstakra fjármálafyrirtækja.

Hinn 5. janúar 2001 birti Seðlabankinn fréttatilkynningu þar sem upplýst var um skipulagsbreytingar innan stofnunarinnar sem gerðar hefðu verið um undangengin áramót. Í tilkynningunni segir m.a.: „Meginmarkmið breytinganna er að skýra verkaskiptingu í bankanum, efla áhættugreiningu á öllum sviðum starfsemi hans, auka hæfni bankans til að koma í veg fyrir og mæta fjármálakreppu og síðast en ekki síst að efla umsjón með starfsmannamálum á rekstrarsviði bankans. Stofnað var nýtt svið, fjármálasvið, sem m.a. mun annast viðfangsefni bankans á sviði fjármálastöðugleika sem hingað til hafa verið í umsjá innanhússnefndar skipaðri nokkrum yfirmönnum bankans.“

Í þessu samhengi má geta eftirfarandi orða sem Eiríkur Guðnason, seðlabankastjóri, lét falla við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis: „Skömmu fyrir aldamótin þá er bankakerfið tekið út úr Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitið búið til, þar sem sameinað er bankaeftirlit og tryggingaeftir-

lit. Þetta gerist í fleiri löndum [...] og Seðlabankar fara að setja fókusinn á fjármálastöðugleika kerfisins þar sem aftur á móti eftirlitsaðilinn getur farið á vettvang og skoðað einstakar stofnanir – þessi hugsun kom upp hjá okkur og þegar Tryggva Pálsson rak á okkar fjörur, ef svo má segja, þróaðist þessi hugsun yfir í það að við sáum ástæðu til að stofna sérstakt svið sem hefði þessa hugsun, að reyna að hafa yfirsýn yfir fjármálakerfið í heild og hyggja að viðbúnaðarmálum í þeim efnum. Það er svona, ég held að 2001 höfum við formlega búið til þetta fjármálasvið.³

Afrakstur vinnu þess hóps sem skipaður var 5. desember 2000 og getið er að framan var *Afngaskýrsla vegna viðbúnaðaráætlunar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins*, dags. 31. desember 2001. Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, og Ásta Þórarinsdóttir, starfsmaður Fjármálaeftirlitsins, stjórnðu vinnu við verkefnið. Í inngangi skýrslunnar setur starfshópurinn fram tillögur sínar. Starfshópurinn leggur til að:

- hann vinni áfram að verkinu að fengnum ábendingum bankastjórnar og forstjóra.
- hann leggi sérstaka áherslu á gerð viðlagaáætlunar, þ.e. útfærslu á fyrstu viðbrögðum Seðlabankans og FME við aðstæðum sem krefjast sameiginlegra viðbragða.
- starfið á næstu mánuðum stefni að því marki að næsta vor verði hægt að kynna niðurstöðu þessa verkefnis fyrir bankaráði Seðlabankans og stjórn FME.
- síðan væri unnt að kynna forsætisráðherra, fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra stöðu verkefnisins. Hugsanlegt er að tillögur verði gerðar um einhverjar breytingar á lögum og reglum og jafnframt smíð frumvarpa sem hægt væri að grípa til ef þörf krefði.
- bankastjórn Seðlabankans og forstjóri FME gangi frá samþykktari áætlun eftir að tekið hefur verið tillit til fenginna ábendinga.
- viðbúnaðaráætlunin verði eftir það endurskoðuð með reglubundnum hætti.

Í skýrslunni segir að framundan sé að útfæra nánar einstaka þætti sameiginlegrar viðbúnaðaráætlunar og beri þar helst að nefna viðlagaáætlun. Viðlagaáætlun er í skýrslunni skilgreind sem áætlun um viðbrögð þegar fjármálakreppa er skollin á. Viðbúnaðaráætlun er hins vegar sögð áætlun um viðbúnað og viðbrögð. Viðlagaáætlun sé því hluti af viðbúnaðaráætlun.⁴

Í kafla 1.4. í framangreindri skýrslu eru rök fyrir viðbúnaði stjórnvalda talin upp. Þar segir m.a.: „Ef fjármálakerfið lendir í kerfisáfalli er nauðsynlegt að hið opinbera sé á einhvern hátt viðbúið slíkum skelli. Það er ekki nóg að treysta á þær lagalegu heimildir sem skilgreina að einhverju leyti viðbrögð við áfalli. Þegar kerfisáfall á sér stað er atburðarásin yfirleitt mjög hröð, ef enginn viðbúnaður er fyrir hendi af hálfu eftirlitsyfirvalda er mikil hætta á að viðbrögðin verði fljótfærnisleg sem á móti eykur hættuna á því að gera ástandið verra en það er [...]“.

Hinn 28. mars 2003 undirrituðu fulltrúar Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands skjal sem nefnt er „Minnisblað Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka

„Ef fjármálakerfið lendir í kerfisáfalli er nauðsynlegt að hið opinbera sé á einhvern hátt viðbúið slíkum skelli. Það er ekki nóg að treysta á þær lagalegu heimildir sem skilgreina að einhverju leyti viðbrögð við áfalli. Þegar kerfisáfall á sér stað er atburðarásin yfirleitt mjög hröð, ef enginn viðbúnaður er fyrir hendi af hálfu eftirlitsyfirvalda er mikil hætta á að viðbrögðin verði fljótfærnisleg sem á móti eykur hættuna á því að gera ástandið verra en það er [...]“.

Afngaskýrsla vegna viðbúnaðaráætlunar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, 31. desember 2001.

3. Skýrsla Eiríks Guðnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. maí 2009, bls. 12.

4. *Afngaskýrsla vegna viðbúnaðaráætlunar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins*, dags. 31. desember 2001.

Íslands um viðbúnað vegna hugsanlegra erfiðleika í rekstrarumhverfi á fjármálamarkaði“. Fram kemur að stofnanirnar hafi undanfarið unnið að styrkingu „samstarfs sín í milli og almennra ferla er varða viðbúnað vegna hugsanlegra erfiðleika á fjármálamarkaði“. Síðan eru raktar þær aðgerðir sem miðað hafi að þessu. Segir m.a. að Seðlabankinn hafi mótað starfsreglur um viðbrögð bankans við lausafjárvanda samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands. Einnig segir að Fjármálaeftirlitið hafi mótað viðlagaáætlun fyrir kerfismikilvæga banka auk sérstakrar viðlagaáætlunar fyrir sparisjóði og minni fjármálafyrirtæki. Tekið er fram að stofnanirnar tvær hafi gert með sér samstarfssamning vegna greiðslu- og uppgjörskerfa og jafnframt mótað sameiginlega viðbúnaðaráætlun um sama efni. Einnig hafi sérstakur vinnuhópur stofnananna tveggja unnið að upplýsingaöflun um aðferðir til að sjá fyrir erfiðleika í rekstrarumhverfi á fjármálamarkaði og aðgerðir við þær aðstæður. Í minnisblaðinu segir einnig að skipaðir hafi verið tveir starfshópar til að fjalla um vísbendingar um kerfisáhættu á fjármálamarkaði og efna til viðlagaæfinga árlega. Komi til kerfisáhættu skuli hóparnir tveir starfa saman og vera leiðbeinandi um sameiginlegar aðgerðir Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans og samskipti þeirra við „m.a. stjórnvöld og aðila á fjármálamarkaði“. Undir lok minnisblaðsins segir: „Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands eru sammála um að kynna í sameiningu framangreindar aðgerðir og leita samstarfs við önnur stjórnvöld um frekari útfærslu á viðbúnaði vegna hugsanlegra erfiðleika í rekstrarumhverfi á fjármálamarkaði.“

Hinn 15. janúar 2004 funduðu forsætisráðherra, fjármálaráðherra, utanríkisráðherra og viðskiptaráðherra með Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum í húsakynnum forsætisráðuneytisins. Á fundinum kynntu bankastjórn Seðlabankans og forstjóri Fjármálaeftirlitsins viðlagaáætlanir sem unnar höfðu verið í hvorri stofnun fyrir sig og sameiginlega. Niðurstaða fundarins var sú að efnt skyldi til samráðs fulltrúa forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis með fulltrúum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans um viðbúnað stjórnvalda við hugsanlegum áföllum í fjármálakerfi. Ólafur Davíðsson, þáverandi ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis, stýrði samráðinu þar til hann lét af störfum sem ráðuneytisstjóri síðla árs 2004. Þá tók Bolli Þór Bollason við starfi ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis og leiddi hann samráðið í kjölfarið. Hópurinn fundaði nokkrum sinnum á um tveggja ára starfstíma sínum. Leiddi það starf til sérstakrar greinargerðar um viðbúnað stjórnvalda vegna hugsanlegra erfiðleika á fjármálamarkaði sem hópurinn vann og skilaði af sér til stjórnvalda 17. febrúar 2006. Í henni er m.a. lagt til að komið verði á formlegum samráðshópi fulltrúa forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um aðstæður í fjármálakerfinu. Drög að samkomulagi um myndun slíks hóps voru meðfylgjandi. Á þeim tíma voru í hópnun Bolli Þór Bollason, Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis, Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta, Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Ingimundur Friðriksson, þáverandi aðstoðarbankastjóri Seðlabankans, og Tryggvi Pálsson.

Í framangreindri greinargerð frá 17. febrúar 2006 segir m.a.: „Við núverandi skipan á fjármálamarkaði er líklegt að alvarleg áföll í rekstri eins eða fleiri þriggja stærstu viðskiptabankanna gætu leitt til samráðs stjórnvalda, enda gætu áföll í rekstri eins bankanna haft alvarleg áhrif á fjármálakerfið í heild. Íslensku bankarnir starfa nú í vel á [öðrum] tug landa, heildareignir

samstæðna þeirra eru tæplega sexföld landsframleiðslan, rúmur helmingur tekna bankanna er erlendis frá og markaðsvirði þeirra er meira en helmingur virðis allra skráðra fyrirtækja í kauphöll.“ Einnig er rætt um valdheimildir Fjármálaeftirlitsins. Um þær segir: „Fjármálaeftirlitið skortir hins vegar eftirlitsheimildir sem nauðsynlegar eru í tengslum við aðgerðir í aðdraganda, upphafi eða úrlausn fjármálakreppu. Þannig hefur Fjármálaeftirlitið ekki skýrar heimildir til að grípa inn í stjórnun fjármálafyrirtækis. Ekki er sérstaklega kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti skipt um stjórnendur eða endurskoðendur fjármálafyrirtækis, eða boðað til hluthafafundar, beitt sér þar eða tekið yfir ákvörðunarvald hans. [...] Þá getur Fjármálaeftirlitið ekki lagt tímabundið bann við tiltekinni starfsemi, svo sem móttöku innlána. Ákvæði af þessu tagi þekkist sums staðar í löggjöf um starfsemi systurstofnana Fjármálaeftirlitsins erlendis.“ Síðan segir: „Þrátt fyrir að eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins séu ekki sniðnar að viðbrögðum við fjármálakreppu, eru núgildandi heimildir til þess fallnar að Fjármálaeftirlitið geti beitt sér með virkum hætti.“

Í 5. kafla greinargerðarinnar eru þau atriði nefnd sem helst er talið líklegt að „stjórnvöld á hverjum tíma leggi áherslu á í aðdraganda og úrvinnslu fjármálakreppu“. Síðan eru þau atriði talin upp:

- *Að stjórnvöld séu í stakk búin til þess að leggja á skömmum tíma mat á stöðu einstakra fyrirtækja og áhrif yfirvofandi fjármálakreppu.* Þannig sé á grundvelli bestu fáanlegra upplýsinga hægt að meta þörfina fyrir hugsanlega aðstoð stjórnvalda.
- *Að ekki þurfi að koma til aðstoðar stjórnvalda, umfram eðlilega íhlutun Fjármálaeftirlitsins og e.a. Seðlabanka Íslands.* Lagt sé mat á aðra valkosti ef þess er nokkur kostur. Ennfremur sé aðstoðin eins afmörkuð og nokkur kostur er, ef til hennar þarf að koma. Hér koma m.a. til skoðunar heimildir Fjármálaeftirlitsins til að knýja á um úrbætur, m.a. með því að gera breytingar á framkvæmdastjórn, eða stjórn fyrirtækja. (Sjá einnig skýringar með 7. gr. laga um Seðlabankann).
- *Að aðstoð standist alþjóðaskuldbindingar.* Hvernig beri m.a. að útfæra aðstoð svo að hún standist ríkisstyrkjareglur á Evrópska efnahagssvæðinu.
- *Að stjórnvöld séu í aðstöðu til að fylgja aðstoð sinni eftir með íhlutun í stjórnun viðkomandi fjármálafyrirtækja.* Þannig geti stjórnvöld gætt ítrustu hagsmuna sinna við úrlausn málsins. Hér vaknar m.a. spurningin um það hvort stjórnvöld eigi að geta tekið sér vald hluthafafundar.
- *Að almenningur og viðskiptamenn verði fyrir eins litlum skaða og frekast er kostur.* Lýtur bæði að því að takmarka fjárhagslegan skaða og því að tryggja skjóta úrlausn ef tjón skal bætt úr Tryggingarsjóði.

Í 6. kafla greinargerðarinnar eru tillögur starfshópsins settar fram. Fram kemur að starfshópurinn telji rétt að komið verði á samráðshópi fulltrúa forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um aðstæður í fjármálakerfinu. Samráðshópur þessi skuli hittast eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Hann skuli þó kallaður saman um leið og forstjóri Fjármálaeftirlitsins og/eða bankastjórn Seðlabankans leggja til að svo verði gert vegna atvika sem varða stöðu fjármálafyrirtækja. Því næst bendir starfshópurinn á að kanna megi kosti þess að sækja um aðild að samkomulagi Evrópusambandslandanna um samvinnu fjármálaeftirlita,

„Fjármálaeftirlitið skortir hins vegar eftirlitsheimildir sem nauðsynlegar eru í tengslum við aðgerðir í aðdraganda, upphafi eða úrlausn fjármálakreppu. Þannig hefur Fjármálaeftirlitið ekki skýrar heimildir til að grípa inn í stjórnun fjármálafyrirtækis. Ekki er sérstaklega kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti skipt um stjórnendur eða endurskoðendur fjármálafyrirtækis, eða boðað til hluthafafundar, beitt sér þar eða tekið yfir ákvörðunarvald hans. [...] Þá getur Fjármálaeftirlitið ekki lagt tímabundið bann við tiltekinni starfsemi, svo sem móttöku innlána. Ákvæði af þessu tagi þekkist sums staðar í löggjöf um starfsemi systurstofnana Fjármálaeftirlitsins erlendis.“

Greinargerð starfshóps forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans um viðbúnað stjórnvalda vegna hugsanlegra erfiðleika á fjármálamarkaði, dags. 17. febrúar 2006.

„Starfshópurinn telur, með hliðsjón af umfjöllun hér að framan, að liggja þurfi fyrir með skýrari hætti en nú er hvaða aðilar í stjórnkerfinu beri meginábyrgð á og annist framkvæmd á úrlausn fjármálakreppu og hvaða heimildir þeir hafi í því skyni.“

Greinargerð starfshóps forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um viðbúnað stjórnvalda vegna hugsanlegra erfiðleika á fjármálamarkaði, dags. 17. febrúar 2006.

seðlabanka og fjármálaráðuneyta í fjármálaáföllum. Þá skuli verða framhald á viðlagaæfingum sem farið hafi fram á vegum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans. Lagt er til að ráðuneytin sem unnið hafi með starfshópnum taki framvegis þátt í slíkum æfingum. Síðan segir í greinargerðinni:

Starfshópurinn telur, með hliðsjón af umfjöllun hér að framan, að liggja þurfi fyrir með skýrari hætti en nú er hvaða aðilar í stjórnkerfinu beri meginábyrgð á og annist framkvæmd á úrlausn fjármálakreppu og hvaða heimildir þeir hafi í því skyni. Í núgildandi lögum er hlutverk Seðlabanka Íslands sem lánveitanda til þrautavara í lausafjárerfiðleikum skilgreint með skýrum hætti. Starfshópurinn telur því ekki ástæðu til að gera breytingar á ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands. Hins vegar telur hópurinn að huga þurfi að breytingum á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og lögum um fjármálafyrirtæki. Ennfremur telur starfshópurinn að huga þurfi að breytingum á lögum um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Bent er á eftirfarandi atriði í þessu sambandi:

1. Æskilegt er að Fjármálaeftirlitið geti knúið fram breytingar á stjórnun og endurskoðun fjármálafyrirtækis. Þannig geti Fjármálaeftirlitið vikið stjórn, framkvæmdastjóra og eftir atvikum endurskoðanda úr starfi og skipað nýja í þeirra stað. Til greina kemur jafnframt að kveða á um einhliða heimild eftirlitsins til að taka við tilteknar aðstæður yfir vald hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda að þessu leyti. Önnur leið væri að kveða á um heimild Fjármálaeftirlitsins til að boða til hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda og leggja þar fyrir og knýja fram tillögu um breytingar á stjórn og endurskoðun. Mikilvægt gæti verið að Fjármálaeftirlitið hefði val um hvor þessara leiða væri farin m.t.t. aðstæðna hverju sinni. Heimildir af þessu tagi eiga sér fordæmi í nágrannalöndum og eru í samræmi við alþjóðlegar grunnreglur um árangursríkt bankaeftirlit. Í þessu sambandi má nefna að í úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fjármálastöðugleika hér á landi á árinu 2003 kom fram að þrátt fyrir að heimildir og úrræði Fjármálaeftirlitsins hefðu verið auknar á undanförnum misserum, væri enn skortur á að eftirlitið hefði nauðsynlegar heimildir m.t.t. kjarnareglna fyrir árangursríkt bankaeftirlit (e. Core Principles for Effective Banking Supervision, Principle 22) útgefnunum af Basel-nefnd um bankaeftirlit á árinu 1997. Í tilvitnuðu ákvæði kjarnareglanna kemur m.a. fram að til þess að verja hag innstæðueigenda og kröfuhafa og koma í veg fyrir að sá vandi sem steðjar að viðkomandi banka hafi keðjuverkandi áhrif í fjármálakerfinu, verði eftirlitsaðilar að vera í stakk búnir til að knýja fram aðgerðir til úrbóta á réttum tíma sem geri þeim kleift að beita viðeigandi úrræðum í takt við eðli þeirra vandamála sem fyrir hendi eru hverju sinni. Kveðið er á um að eftirlitsaðilar ættu að hafa heimild m.a. þess að víkja til hliðar ráðandi eigendum, stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum eða til þess að takmarka völd þeirra. Einnig kemur fram að við sérstakar aðstæður ættu eftirlitsaðilar að hafa möguleika á að skipa tilsjónarmann með banka.
2. Einnig kann að vera mikilvægt að Fjármálaeftirlitið hafi heimildir til þess að takmarka eða banna ráðstöfun eftirlitsskylds aðila á fjármunum sínum og eignum sé það liður í aðgerðum til að koma fjárhag þess

á réttan kjöl. Með þessu er t.d. átt við bann við útborgun innlána, veitingu útlána, greiðslu skulda til kröfuhafa eftirlitsskyldra aðila o.fl. Þ.h. Fjármálaeftirlitið gæti jafnframt á grundvelli slíks ákvæðis bannað eftirlitsskyldum aðila að auka við skuldbindingar sínar. Nauðsynlegt kann að vera fyrir Fjármálaeftirlitið að grípa til slíkra aðgerða á meðan unnið er að því að leysa úr erfiðleikum í rekstri eftirlitsskyldra aðila. Nefna má að Fjármálaeftirlitið hefur nú þegar slíka heimild í 90. gr. laga um váttryggingastarfsemi og samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er Fjármálaeftirlitinu heimilt að banna tiltekna starfsemi skv. IV. kafla laganna. Síðarnefnda ákvæðið kveður hins vegar á um að áður en til þess kemur að banna starfsemi skuli veittur hæfilegur frestur til úrbóta. Ef um þær aðstæður er að ræða sem ákvæði þessa töluliðar á við, kann hins vegar að vera nauðsynlegt fyrir Fjármálaeftirlitið að grípa inn með skjótari hætti. Í þessu sambandi má jafnframt nefna að í fyrrnefndum kjarnareglum fyrir árangursríkt bankaeftirlit kemur fram að eftirlitsaðilar ættu að hafa vald til þess að takmarka eða banna arðgreiðslur eða aðrar greiðslur til hluthafa og ennfremur að takmarka framsal eigna og kaup bankans á eigin hlutabréfum. Taka þyrfti afstöðu til þess hvort Tryggingarsjóður gæti greitt viðskiptavinum út á þessu tímabili. Auk framangreinds kunna aðstæður að vera með þeim hætti að nauðsynlegt sé að Fjármálaeftirlitið geti krafist þess að eftirlitsskyldur aðili sæki um greiðslustöðvun í samræmi við ákvæði laga um gjaldþrotaskipti. Ljóst er að það gæti eyðilagt tilraunir til þess að koma rekstri eftirlitsskylds aðila í betra horf ef kröfuhafar eftirlitsskylds aðila beittu fullnustuaðgerðum gagnvart honum. Huga þyrfti að því hvort jafnhliða þyrfti að gera breytingar á löggjöf um gjaldþrotaskipti.

3. Huga þyrfti að afbrigðum frá því ferli sem kveðið er á um í 86. gr. laga um fjármálafyrirtæki og varða upphafsáðgerðir vegna ónógs eigin fjár, þegar um kerfismikilvæg fyrirtæki er að ræða [...]. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að útfæra tiltekna viðlagameðferð þar sem fjárhagsstaða viðkomandi fjármálafyrirtækis yrði dregin fram með skjótari hætti en núgildandi ákvæði felur í sér. Þannig geti Fjármálaeftirlitið krafist endurskoðendur eftirlitsskylds aðila um mat á eiginfjárstöðu. Ennfremur geti Fjármálaeftirlitið boðað milliliðalaust til hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda til að fjalla um málefnið, sbr. ennfremur umfjöllun í tölul. 1 hér að framan.
4. Huga þarf að heimildum stjórnvalda til þess að taka tímabundið yfir vald hluthafafundar [eða fundar stofnfjáreigenda] í kerfismikilvægu fjármálafyrirtæki þegar skilyrði 9. gr. laga um fjármálafyrirtæki til afturköllunar á starfsleyfi eru uppfyllt, en ekki þykir ráðlegt að afturkalla starfsleyfið og taka fyrirtækið til hefðbundinna slita skv. 2. mgr. 10. gr. sömu laga [...]. Þess í stað tækju stjórnvöld tímabundið yfir vald hluthafafundar til þess að knýja fram tilteknar aðgerðir í því skyni að leysa úr rekstrarvanda fjármálafyrirtækis. Sem dæmi um slíkar aðgerðir má nefna hlutafjárukningu, samruna eða yfirtöku aðila sem stendur betur að vígi. Nærtækast er að Fjármálaeftirlitinu yrði falið að halda á formlegum valdheimildum stjórnvalda í þessu efni, en að þeim verði ekki beitt nema að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:
 - Ljóst þygi að aðstoð Seðlabanka Íslands vegna lausafjárerfiðleika

„Ég tel að menn hafi mjög fljótlega jafnað sig á þessum áhyggjum sem þarna mynduðust, ekki bara bankarnir heldur forsætisráðherrann þáverandi, hann hafði nægar áhyggjur til að biðja mig um að koma þegar í stað í bæinn og reyna að halda utan um þetta, þannig að menn vissu þetta, en mjög fljótlega upp úr því fara menn að sannfærast um það á ný að hinn nýi tími í bankaheiminum héldi áfram og hinar gömlu reglur giltu ekki lengur, þetta væri „The New Economy“, eins og þetta var kallað, lyti allt öðrum forsendum en menn hefðu áður búið við og það hrifust allir með, öll þjóðin hreift með. Alls konar hagfræðingar sem nú þykjast hafa... eru alltaf að skrifa um að þeir hafi séð þetta allt saman fyrir, þeir hrifust allir með.“

Davíð Oddsson um skýringar á því hvers vegna tillögur starfshóps stjórnvalda frá 17. febrúar 2006 voru ekki færðar í lög, sbr. skýrslu Davíðs fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 21.

eða lögheimil aðstoð Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta dugi ekki til.

- Að skilyrði 9. gr. laga um fjármálafyrirtæki til afturköllunar á starfsleyfi eru uppfyllt og ljóst þygi að önnur úrræði Fjármálaeftirlitsins komi ekki að gagni.
 - Fyrir liggi samþykki tiltekinna ráðherra eða ríkisstjórnar.
5. Huga þarf í þessu sambandi að hlutverki og aðkomu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og samspili við lög um gjaldþrotaskipti. Jafnframt þarf að skoða fyrirkomulag útgreiðslna úr Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta [...]. Nauðsynlegt er að huga að samspili aðgerða þessa sjóðs við aðgerðir Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitsins og eftir atvikum ríkissjóðs.

Líkt og að framan greinir lagði starfshópurinn til að komið yrði á fót sérstökum samráðshópi framangreindra stjórnvalda. Hinn 21. febrúar 2006 breytti matsfyrirtækið Fitch horfunum fyrir íslenska ríkið úr stöðugum í neikvæðar. Í kjölfarið lækkaði virði krónunnar verulega og innlend hlutabréf lækkuðu í verði. Sama dag var eftirfarandi samkomulag undirritað um samráðshóp.

Samkomulag forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um samráð varðandi fjármálastöðugleika og viðbúnað

Tilgangur

Frá stofnun Fjármálaeftirlitsins í ársbyrjun 1999 hafa það og Seðlabanki Íslands átt náið samstarf um viðfangsefni sem varða fjármálastöðugleika, þ.m.t. um viðbúnað við hugsanlegum áföllum í fjármálakerfinu. Undanfarin tvö ár hefur einnig átt sér stað óformlegt samráð forsætisráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, viðskiptaráðuneytisins, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans um sama efni. Tilgangur þessa samkomulags er að formbinda samráð aðila á þessu sviði. Með því er leitast við að skerpa hlutverkaskiptingu, hindra tvíverknað og auka gegnsæi. Samkomulagið takmarkar ekki svigrúm hvers um sig til sjálfstæðra ákvarðana um aðgerðir út frá hlutverki og ábyrgð sinni.

Samráðshópur

Góð almenn umgjörð í lögum, reglum og eftirliti með starfsemi fjármálafyrirtækja og markaða er grundvallarforsenda fjármálastöðugleika og traust og skilvirkt fjármálakerfi er mikilvæg forsenda fyrir vexti og velferð þjóðarbúsins. Aðilar samkomulagsins stuðla saman að því að þessar forsendur séu til staðar á grundvelli lögbundinna hlutverka og verkefna sinna. Þá leitast þeir við að samhæfa viðbrögð sín við hugsanlegu fjármálaáfalli.

Vettvangur samráðsins er samráðshópur fulltrúa forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands. Samráðshópurinn hittist eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Hann skal þó kallaður saman um leið og forstjóri Fjármálaeftirlitsins og/eða bankastjórn Seðlabankans leggja til að svo verði gert vegna

atvika sem varða stöðu fjármálafyrirtækja eða markaða. Fulltrúi forsætisráðuneytis stýrir starfi hópsins. Við undirbúning kynninga og í umræðum er gætt þeirrar þagnarskyldu sem hver aðili er bundinn.

Á fundum sínum fjallar samráðshópurinn m.a. um:

- Stöðu og horfur á fjármálamörkuðum
- Meiriháttar breytingar á lögum, reglum og starfsháttum er varða fjármálamarkaðinn
- Álitamál í alþjóðlegu samstarfi, sérstaklega innan EES.

Viðbúnaður og verklag

Samráðshópurinn er vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta. Hann er ráðgefandi og tekur ekki ákvarðanir um aðgerðir. Samráðshópurinn útbýr og heldur við lista yfir helstu tengiliði. Hann getur staðið að og tekið þátt í viðlagaæfingum eins og þeim sem hafa farið fram í samvinnu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Skapist þær aðstæður að fjármálakerfinu sé talin hætta búin vegna áfalls í fjármálafyrirtæki eða á markaði skal efnt til umfjöllunar í samráðshópnum án tafar. Viðbrögð við slíkum vanda eru háð aðstæðum hverju sinni en grundvallaratriði er að eigendur og stjórnendur fjármálafyrirtækja sem og markaðsaðilar leysi vanda sinn sjálfir.

Endurskoðun samkomulagsins

Samkomulagið skal endurskoðað þegar einhver aðila þess óskar þess.

Nánara samstarf Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands

Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn fylgjast grannt með og leitast við að stuðla að heilbrigði íslensks fjármálakerfis, hvor stofnunin með sínum hætti í samræmi við hlutverk sitt. Um samstarf þeirra gildir opinber samningur, fyrst gerður 1999 en nú frá 2003, þar sem meðal tilgreindra markmiða er að tryggja samræmd viðbrögð við hugsanlegri kerfisáhættu á fjármálamarkaði.

21. febrúar 2006

Hinn 1. júní 2006 fundaði síðan samráðshópur stjórnvalda um fjármála-stöðugleika og viðbúnað í fyrsta sinn. Ekki var rituð fundargerð.

Hinn 27. nóvember 2006 samþykkti bankastjórn Seðlabankans sérstaka samþykkt um viðfangsefni Seðlabankans á sviði fjármálastöðugleika. Samkvæmt samþykktinni er fjármálakerfi skilgreint sem fjármálamarkaðir, fjármálastofnanir og greiðslu- og uppgjörskerfi. Í samþykktinni er gert ráð fyrir því að í virku og öruggu fjármálakerfi felist eftirfarandi: „[...] að það sé virkt og geti staðist áföll í efnahagslífi og á fjármálamörkuðum, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti. Til eftirbreytni ber að hafa alþjóðlega samninga, önnur viðmið sem lúta að bestu framkvæmd og vinnu erlendra seðlabanka sem lengst hafa náð á þessu sviði. Efla skal þekkingu og vanda vel til allra verka.“ Samkvæmt samþykktinni sinnir Seðlabankinn viðfangsefnum sínum á sviði fjármálastöðugleika m.a. með eftirfarandi hætti: „Með því að beita sér fyrir breytingum á reglum og lagalegri umgjörð um

„Erlend starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja hefur lengst af farið aðallega fram í erlendum dótturfélögum sem stofnuð hafa verið eða keypt. Fjármálaeftirlitinu virðist sem breyting sé að verða á þessu, þar sem orðið hefur vart við aukinn fjölda tilkynninga um stofnun útibúa.“

Úr minnisblaði Fjármálaeftirlitsins sem dreift var á fundi samráðshóps þriggja ráðuneyta, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans 30. nóvember 2006.

starfsemi fjármálafyrirtækja og viðskipti á markaði eftir því sem hann telur tilefni til. [...] Með því að koma ábendingum bankans um úrbætur og breytingar skýrt á framfæri og fylgja þeim eftir. [...] Með útgáfu á mánaðarskýrslu um efni tengt fjármálastöðugleika sem fjármálasvið tekur saman til takmarkaðrar dreifingar í Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu.“

Hinn 30. nóvember 2006 fundaði samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Um var að ræða annan fund hópsins. Í drögum að fundargerð segir m.a.: „Kristján Skarphéðinsson sagði að viðskiptaráðherra hefði lagt fram frumvarp til að styrkja heimildir FME í samræmi við tillögur hópsins en ýmislegt er ógert. Jónas Fr. Jónsson fór yfir helstu atriði frumvarpsins en nefndi að „krísuvinnan“ væri eftir. M.a. þyrfti að vera hægt að víkja stjórnarformanni eða stjórnanda frá við sérstakar aðstæður þó hann uppfylli hæfisskilyrði.“ Á fundinum var rætt um minnisblað Fjármálaeftirlitsins sem m.a. fjallar um útibúavæðingu banka og segir í drögum að fundargerð að Jónas Fr. Jónsson hafi dreift minnisblaðinu og kynnt efni þess. Í minnisblaðinu segir m.a.: „Erlend starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja hefur lengst af farið aðallega fram í erlendum dótturfélögum sem stofnuð hafa verið eða keypt. Fjármálaeftirlitinu virðist sem breyting sé að verða á þessu, þar sem orðið hefur vart við aukinn fjölda tilkynninga um stofnun útibúa.“⁵

Loks skal hér getið þeirra breytinga sem gerðar voru á starfsemi iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta 24. maí 2007. Þá var skilið á milli starfsemi ráðuneytanna. Í framhaldinu sat fulltrúi viðskiptaráðuneytis, Jónína S. Lárusdóttir, sem skipuð var ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytis 31. ágúst sama ár, í samráðshópi stjórnvalda en ekki fulltrúi frá iðnaðarráðuneyti.

19.3 Ágrip um aðgerðir og viðbrögð íslenskra stjórnvalda og ýmsa markverða atburði frá 1. janúar 2007 til 25. september 2008

19.3.1 Janúar 2007 til og með júní sama ár

Seðlabanki Íslands sendir Fjármálaeftirlitinu bréf 23. janúar 2007

Hinn 23. janúar 2007 sendi Seðlabanki Íslands Fjármálaeftirlitinu bréf þar sem fram kemur að bankinn hafi tekið til umsagnar umræðuskjal nr. 1/2007, drög að leiðbeinandi tilmælum um viðmiðunarreglur álagsprófa fjármálafyrirtækja undir annarri stoð nýrra eiginfjárreglna. Í bréfinu segir m.a.: „Seðlabankinn vekur athygli á efni viðauka V í tilskipun 2006/48/EB þar sem m.a. er fjallað um áhættu vegna efnahagsumhverfis, fjármögnunar og lausafjár. Þar er m.a. sagt að stjórnendur skuli staðfesta og fylgjast reglulega með aðferðum og stefnu vegna áhættu sem fjármálafyrirtæki tekur, þar með talið áhættu vegna efnahagsumhverfis. Einnig skulu vera til staðar stefna og ferlar vegna mælingar og stýringar á fjármögnun og taka skal mið af breyttum en líklegum aðstæðum. Forsendur sem liggja að baki ákvörðunum um fjármögnun skulu jafnframt endurskoðaðar reglulega. Einnig skulu vera til staðar viðbúnaðarferlar til að takast á við verulega lausafjárerfiðleika (*e. liquidity crisis*). Seðlabankinn leggur mikla áherslu á að vel verði fylgst með framfylgni fjármálafyrirtækja við framangreint og er reiðubúinn til samstarfs í þeim efnum ef eftir því verður leitað.“

5. Ódagsett minnisblað Fjármálaeftirlitsins: „Útibúavæðing banka/Evrópufélög.“

Sérstök viðlagaæfing fyrir greiðslukerfi 25. janúar 2007

Hinn 25. janúar 2007 fór sérstök viðlagaæfing fyrir greiðslukerfi fram í fyrsta sinn hér á landi. Fjallað er um æfinguna í innanhússriti Seðlabanka Íslands, *Fjármálastöðugleiki: fréttir og vísbendingar*. Í ritinu segir: „Framkvæmd æfingarinnar og úrlausn þeirra vandamála er upp komu gekk í meginatriðum mjög vel. Engu að síður komu upp nokkur atriði í hverju tilviki fyrir sig sem þarfnast frekari skoðunar og aðlögunar.“

Moody's hækkar langtímalánshæfiseinkunn stóru íslensku bankanna þriggja í febrúar 2007

Í febrúar 2007 hækkaði lánshæfismatsfyrirtækið Moody's langtímalánshæfiseinkunn stóru íslensku viðskiptabankanna þriggja. Ástæðu þessa mátti rekja til breyttrar aðferðar við mat á lánshæfi. Við matið skyldi nú einnig litið til stuðnings sem banki mætti vænta frá utanaðkomandi aðila, t.d. seðlabanka. Hinni nýju framkvæmd var tekið misjafnlega. Var hún gagnrýnd af mörgum aðilum, sbr. t.d. ummæli greiningaraðila Royal Bank of Scotland sem sagði að Moody's hefði með þessari greiningu sinni gert sig óþarft (e. redundant), sbr. umfjöllun *Fréttablaðsins* 25. febrúar og *Morgunblaðsins* 27. sama mánaðar.

Forsætisráðherra flytur ræðu á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs Íslands 7. febrúar 2007

Hinn 7. febrúar 2007 flutti Geir H. Haarde, forsætisráðherra, ræðu á Viðskiptaþingi sem Viðskiptaráð Íslands stóð fyrir. Í ávarpi sínu minntist Geir á alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi og sagði m.a.: „Lögð hefur verið áhersla á að draga sem mest úr skrifræði og kostnaði í reglusetningu hins opinbera. Þar höfum við reyndar þegar tekið mörg mikilvæg skref og fleira er í undirbúningi undir merkjum aðgerðaáætlunarinnar, „Einfaldara Ísland“. Flóknar og torskildar reglur geta valdið óþarfa kostnaði og dregið úr samkeppnishæfni atvinnulífsins.“ Síðar sagði Geir: „Árið 2006 var stormasamt en jafnframt lærdómsríkt. Við lærðum hversu mikilvægt alþjóðlegt orðspor og ímynd er fyrir lítið þjóðfélag. Ég vil þakka Viðskiptaráði hér sérstaklega fyrir að hafa frumkvæði að gerð Mishkin skýrslunnar svokölluðu og einnig Tryggva Þór Herbertssyni, og auðvitað Mishkin sjálfum, fyrir að hafa með skýrslunni útskýrt fyrir umheiminum staðreyndir málsins hvað varðar íslensk efnahagsmál.“ Loks sagði Geir: „Atvinnulífið átti álfarið frumkvæði að þessu framtaki og stýrði því. Aðkoma mín sem þáverandi utanríkisráðherra fólst í því að veita aðgang að utanríkisþjónustunni til að auðvelda útbreiðslu og kynningu skýrslunnar auk þess sem ég flutti ræðu á kynningarfundum vegna útgáfu skýrslunnar í New York. Þetta verkefni er gott dæmi um það þegar samvinna atvinnulífsins og ríkisins tekst vel.“

„Lögð hefur verið áhersla á að draga sem mest úr skrifræði og kostnaði í reglusetningu hins opinbera. Þar höfum við reyndar þegar tekið mörg mikilvæg skref og fleira er í undirbúningi undir merkjum aðgerðaáætlunarinnar, „Einfaldara Ísland“. Flóknar og torskildar reglur geta valdið óþarfa kostnaði og dregið úr samkeppnishæfni atvinnulífsins.“

Geir H. Haarde í ræðu 7. febrúar 2007.

Samráðsfundur Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands 9. febrúar 2007

Hinn 9. febrúar 2007 var haldinn samráðsfundur Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans. Í drögum Seðlabankans að fundargerð segir m.a.: „Davíð Oddsson sagði það spurningu nú þegar lausafjárstaða og eiginfjárstaða væri rúm hvort menn standist freistingar að fara í sókn aftur. Hann sagði að ef vandamál koma upp getur lausafé þornað upp á einum degi.“

Fjármálastöðugleikafundur haldinn í Seðlabanka Íslands 14. febrúar 2007

Hinn 14. febrúar 2007 var fyrsti fundur þess árs um fjármálastöðugleika haldinn í Seðlabankanum. Hér var um að ræða reglubundna fundi. Um þá er sér-

staklega fjallað í bankastjórnarsamþykkt Seðlabankans um viðfangsefni stofnunarinnar á sviði fjármálastöðugleika frá 27. nóvember 2006. Þar segir m.a.: „Bankastjórn efnir eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári til funda innan bankans um stöðugleika fjármálakerfisins og skulu tímasetningar taka m.a. mið af birtingu uppgjöra helstu fjármálafyrirtækja. Fundi þessa sitja auk banka-stjórnar, framkvæmdastjóri fjármálasviðs og nánustu samstarfsmenn hans, aðalhogfræðingur og staðgengill hans, framkvæmdastjórar upplýsingasviðs og alþjóða- og markaðssviðs, og aðrir sérfræðingar bankans eftir því sem tilefni er talið til hverju sinni. Á þessum fundum skal kynnt greining á umhverfi, stöðu og áhættu fjármálastofnana, fjármálamarkaða og greiðslu- og uppgjörskerfa. Í aðdraganda útgáfu *Fjármálastöðugleika* efnir bankastjórn til fundar þar sem drög að greiningu bankans til birtingar í ritinu eru kynnt og rædd.“

Árið 2007 voru fimm fjármálastöðugleikafundir haldnir í Seðlabankanum, þ.e. 14. febrúar, 20. apríl, 12. september og 15. nóvember. Árið 2008 voru fimm slíkir fundir haldnir fyrir fall bankanna, þ.e. 10. janúar, 11. febrúar, 31. mars, 22. apríl og 16. september. Almennt sátu þessa fundi bankastjórn Seðlabankans, Arnór Sighvatsson, aðalhogfræðingur bankans, Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs, Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, auk annarra sérfræðinga stofnunarinnar af fjármála- og hagfræðisviði. Í fundargerð frá fjármálastöðugleikafundi 14. febrúar 2007 kemur fram að erlend matsfyrirtæki áliti að bankarnir séu „full viljugir til að taka áhættu“. Í umfjölluninni hér á eftir verður ekki gerð sérstök grein fyrir einstökum fjármálastöðugleikafundum nema efni fundargerða gefi tilefni til þess.

Breyting á lánshlutfalli og hámarkslánum Íbúðalánasjóðs til fasteignakaupa 28. febrúar 2007

Hinn 28. febrúar 2007 samþykkti Jón Sigurðsson, starfandi félagsmálaráðherra, reglugerð nr. 156/2007. Fól hún í sér breytingu á reglugerð um láns-hlutfall og fjárhæð ÍLS-verðbréfa nr. 540/2006. Með hinni nýju reglugerð var hámarkslánshlutfall Íbúðalánasjóðs hækkað úr 80% í 90%. Jafnframt var hámarkslánsfjárhæð hækkuð úr 17 milljónum króna í 18 milljónir. Í fréttatilkynningu frá félagsmálaráðuneyti kom fram að verið væri að færa láns-hlutfall og hámarkslánsfjárhæð í það horf sem var „áður en ríkisstjórnin greip til aðgerða í efnahagsmálum í lok júnímánaðar 2006“. Samkvæmt fréttatilkynningu forsætisráðuneytis 27. júní 2006 var markmið fyrrgreindra efnahagsaðgerða að draga úr þenslu og stuðla að hjöðnun verðbólgu. Með lögum nr. 120/2004 sem samþykkt voru á Alþingi 2. desember 2004 hafði lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál verið breytt á þann veg að Íbúðalánasjóður gæti lánað fyrir allt að 90% af matsverði íbúðar.

Í *Bláðinu* 2. mars 2007 voru fluttar fréttir af gagnrýni Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins á hækkun láns-hlutfalls Íbúðalánasjóðs. Haft var eftir fulltrúum samtakanna að breytingin væri ekki til þess fallin að koma á efnahagslegum stöðugleika.

Viðtal við fjármálaráðherra í Viðskiptablaðinu 21. mars 2007

Hinn 21. mars 2007 birti *Viðskiptablaðið* viðtal við Árna M. Mathiesen, fjármálaráðherra. Rætt var um gagnrýni sem Moody's varð fyrir er fyrirtækið hækkaði láns-hæfiseinkunn íslensku viðskiptabankanna. Fram kemur að Árni sé ósammála þeirri gagnrýni. Í greininni segir: „Árni telur þessa gagnrýni óréttmæta og bendir á að eitthvað hljóti að skýra þá staðreynd að það hafi

engin veigamikil fjármálastofnun orðið gjaldþrota í Vestur-Evrópu síðustu fimmtíu árin.“ Síðan segir Árni: „Jafnvel þótt að ekki liggi fyrir einhverjar yfirlýsingar frá stjórnvöldum eða heit um að koma bönkum til aðstoðar þá er hægt að draga ályktanir af þessari staðreynd.“ Því næst er Árni spurður hvort íslenska ríkið hafi fjárhagslegt bolmagn til þess að styðja við bakið á bönkunum. Í viðtalinu segir síðan: „[...]“ segir Árni að hingað til hafi ekki verið gefnar út neinar yfirlýsingar um það og sú stefna muni ekki breytast. Hann bendir hins vegar á að sjálfstæði Seðlabankans hafi verið aukið til muna og fjárhagsleg staða hans hafi verið styrkt til muna.“ Síðan er haft eftir Árna: „Slíkar aðgerðir eru eðlilegar samfara vexti í bankakerfinu. Hvað er lítið eða stórt í því samhengi er erfitt að segja um.“ Í viðtalinu er einnig rætt um þensluhvetjandi áhrif jöklabréfaútgáfu og tekur Árni að nokkru leyti undir viðvörunarorð Fitch vegna þessa.

Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands flytur ræðu á ársfundi stofnunarinnar 30. mars 2007

Hinn 30. mars 2007 flutti Davíð Oddsson ræðu á ársfundi Seðlabankans. Davíð ræddi m.a. um gjaldeyrisvaraforða stofnunarinnar og sagði: „En hinar miklu breytingar, sem jafnvel mætti kalla byltingar, sem hafa orðið í íslensku fjármálalífi á tiltölulega fáum árum leiddu til þess að bankastjórninni þótti eðlilegt og æskilegt að horfa nú einnig til annarra þátta, svo sem til stærðar og umfangs fjármálakerfisins.“ Davíð sagði einnig: „Á þessum stað fyrir rúmu ári höfðum við öll þungar áhyggjur af sérstæðu umtali og stundum illa grunduðum vangaveltum um íslensku bankana, stöðu þeirra og styrk. Ekki er vafi á því að sú umræða og það sem henni fylgdi gerði bönkunum erfitt fyrir um hríð. Bankarnir brugðust hart við þeirri óþægilegu stöðu sem upp var komin. Mikið átak var gert til að útskýra uppbyggingu og skipulag íslensku bankanna. Þar var ekkert fum og fát, heldur miklu fremur festa og öryggi sem skilaði árangri. Bankarnir löguðu nokkra þætti í rekstri og rekstrarumhverfi sínu að málefnalegri gagnrýni sem birst hafði og eins kváðu þeir niður þætti sem ómálefnalegri voru með skýringum, greinargerðum og hreinskilnum upplýsingum, jafnt á stórum fundum sem smáum, og maður á mann, eftir því sem gafst best. Á sama tíma þurftu bankarnir um stund að leita á önnur lánamið en hefðbundin voru og er ekki vafi á að þessar aðstæður reyndu mjög á innviði og stjórnun þeirra. Ekki verður annað sagt en að þeir sem í hlut áttu hafi staðist hið erfiða próf. Fjármögnunarvandinn eins og hann blasti við okkur um þetta leyti fyrir ári er úr sögunni og kjör á eftirmarkaði komin í eðlilegra horf á ný og traust á markaði hefur verið endurvakið. Er þetta mikið þakkar- og fagnaðarefni. Hitt stendur þó auðvitað eftir að mönnum eru nú ljósari en áður þær hættur sem víða geta leynst í framtíðinni. Alþjóðleg skilyrði á markaði geta breyst snögglega. Lánsfjáraðgengi, sem á undanfórnum misserum hefur verið með eindæmum hagfellt fyrir íslenska banka sem og aðra, kann að breytast skyndilega við óvæntar aðstæður. Mikilvægt er að vera við því búinn að slíkt geti gerst.“

Fjármálaráðherra ákveður að efla eiginfjárstöðu Seðlabanka Íslands 30. mars 2007

Hinn 30. mars 2007 sendi Árni M. Mathiesen Seðlabankanum bréf þar sem hann tilkynnti að hann hefði, að höfðu samráði við ríkisstjórnina og á grundvelli heimildar í fjárlögum, ákveðið að „efla eiginfjárstöðu Seðlabankans um 44 milljarða króna og nýta til þess hluta af innlendri innstæðu ríkissjóðs í bankanum“.

„Árni telur þessa gagnrýni óréttmæta og bendir á að eitthvað hljóti að skýra þá staðreynd að það hafi engin veigamikil fjármálastofnun orðið gjaldþrota í Vestur-Evrópu síðustu fimmtíu árin.“ Síðan segir Árni: „Jafnvel þótt að ekki liggi fyrir einhverjar yfirlýsingar frá stjórnvöldum eða heit um að koma bönkum til aðstoðar þá er hægt að draga ályktanir af þessari staðreynd.“

Úr viðtali *Vísindisblaðsins* við Árna M. Mathiesen
21. mars 2007.

Moody's lækkar lánsþæfismat stóru íslensku viðskiptabankanna þriggja

Hinn 11. apríl 2007 var sagt frá því í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins að lánsþæfismatsfyrirtækið Moody's hefði lækkað lánsþæfismat stóru íslensku viðskiptabankanna þriggja. Rætt var við Ólaf Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Sagði hann lækkunina alls ekki neitt áfall fyrir bankana. Ræddi hann um lækkunina sem leiðréttingu frá hækkingu fyrirtækisins frá því í febrúar sama ár sem tryggði bönkunum aðgang að lánamörkuðum á „mjög frambærilegum kjörum“, enda voru bankarnir allir enn með hærri lánsþæfismat en fyrir hækkinguna í febrúar þrátt fyrir þessa lækkun.

Fjármálastöðugleiki kemur út 25. apríl 2007

Hinn 25. apríl 2007 kom út árlegt rit Seðlabankans, *Fjármálastöðugleiki*. Fram kemur í ritinu að meginniðurstaða stofnunarinnar sé sú að á heildina litið sé fjármálakerfið í „meginatriðum traust“. Í beinu framhaldi segir: „Það er fært um að standast hugsanleg áföll í efnahagslífinu og á fjármálamörkuðum, miðla lánsfé og greiðslum og dreifa áhættu með viðhlítandi hætti. Það er með öðrum orðum sagt fært um að sinna hlutverki sínu með skipulegum og skilvirkum hætti. Íslenska bankakerfið uppfyllir kröfur sem gerðar eru til þess og stenst vel áhættuþróf sem Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn hafa gert.“ Um gjaldeyrisvaraforða og aukningu er rætt síðar í ritinu. Í sömu umfjöllun er einnig minnst á freistnivanda (e. moral hazard). Síðan segir: „Ljóst er að hlutverk Seðlabanka Íslands sem uppspretta lauss fjár fyrir hagkerfið er bundið við heimamýntina, þ.e. íslensku krónuna, og bankanum er aðeins heimilt að veita fjármálaþyrskotum lán gegn tryggingum.“

„[Fjármálakerfið] er fært um að standast hugsanleg áföll í efnahagslífinu og á fjármálamörkuðum, miðla lánsfé og greiðslum og dreifa áhættu með viðhlítandi hætti. Það er með öðrum orðum sagt fært um að sinna hlutverki sínu með skipulegum og skilvirkum hætti. Íslenska bankakerfið uppfyllir kröfur sem gerðar eru til þess og stenst vel áhættuþróf sem Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn hafa gert.“

Rit Seðlabankans, *Fjármálastöðugleiki*, 2007.

Fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 3. maí 2007

Samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað hélt tvo fundi á árinu 2006. 3. fund sinn hélt samráðshópurinn 3. maí 2007. Samkvæmt drögum að fundargerð var m.a. rætt um stöðu og horfur á fjármálamörkuðum. Fram kemur að rætt hafi verið um að frumvarp, sem hafi að geyma heildarendurskoðun á lögum um verðbréfavíðskipti og kauphöll, hafi dagað uppi á síðasta þingi. Loks segir að rætt hafi verið um norrænu viðlaggaefinguna sem haldin skyldi í september sama ár.

Fundur Seðlabanka Íslands með Glitni 9. maí 2007

Hinn 9. maí 2007 funduðu seðlabankastjórnir Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson auk Tryggva Pálssonar, framkvæmdastjóra fjármálasviðs Seðlabankans, með fulltrúum Glitnis banka hf., þeim Bjarna Ármannssyni og Lárusi Welding. Af fundarpunktum Seðlabankans má ráða að rætt hafi verið almennt um efnahagsmál en auk þess um Icesave innlánsreikninga Landsbanka Íslands hf. Um Icesave er haft eftir Lárusi Welding: „Stórt inn á skömmum tíma, gæti farið á skömmum tíma.“

Fundur Seðlabanka Íslands með Landsbanka Íslands 11. maí 2007

Hinn 11. maí 2007 fundaði bankastjórn Seðlabankans með stjórnendum Landsbanka Íslands hf. Af fundarpunktum Seðlabankans má ráða að rætt hafi verið almennt um efnahagsmál. Einnig kemur fram að rætt hafi verið um Lárus Welding, nýjan bankastjóra Glitnis, sem áður starfaði hjá Landsbankanum. Haft er eftir Davíð Oddssyni, formanni bankastjórnar Seðlabankans: „Mishkin

skýrslan gott framtak.“ Síðan kemur fram að Landsbankinn vilji fá bindiskyldu á erlend innlán fellda niður. Einnig segir að innlánstryggingar hafi verið ræddar. Segir að Landsbankinn vilji að heildsöluinnlán verði undanþegin innlánstryggingu. Síðan segir: „Þrýsta á þetta áfram, vilja reglugerð í haust.“

Fundur Seðlabanka Íslands með Kaupþingi 14. maí 2007

Hinn 14. maí 2007 fundaði bankastjórn Seðlabankans með stjórnendum Kaupþings banka hf. Af fundarpunktum Seðlabankans má ráða að rætt hafi verið um íbúðalán í erlendri mynt. Einnig kemur fram að rætt hafi verið um hátt skuldatryggingarálag Kaupþings. Síðan segir að rætt hafi verið um innlán. Um það segir í fundarpunktum Seðlabankans: „Gengið vel í Bretlandi og Finnlandi. Sótt í gegnum dótturfélögin en eigum eftir að auka innlán móðurfélagsins. Mest innlán frá fyrirtækjum. Ef Ísland lendir aftur í neikvæðri umræðu gætu mun fleiri lýst áhyggjum (vegna innlánanna).“ Því næst er í fundarpunktunum haft eftir Davíð Oddssyni: „Þurfum að skoða bindiskylduna. Áhyggjur af skuldugustu heimilunum.“ Loks segir í fundarpunktum að rætt hafi verið um sameiningu á bankamarkaði. Haft er eftir Hreiðari Má Sigurðssyni, forstjóra Kaupþings: „Engan áhuga á að sameinast Glitni.“

„Gengið vel í Bretlandi og Finnlandi. Sótt í gegnum dótturfélögin en eigum eftir að auka innlán móðurfélagsins. Mest innlán frá fyrirtækjum. Ef Ísland lendir aftur í neikvæðri umræðu gætu mun fleiri lýst áhyggjum (vegna innlánanna).“

Úr fundarpunktum Seðlabankans með stjórnendum Kaupþings banka hf. 14. maí 2007.

Viðskiptaráðherra skipar nefnd 30. maí 2007 til að yfirfara ákvæði laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta

Hinn 30. maí 2007 skipaði Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, nefnd til að yfirfara ákvæði laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sjá nánar umfjöllun í kafla 17.0 um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn birtir niðurstöður sendinefndar sinnar um Ísland 11. júní 2007

Hinn 11. júní 2007 birti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn niðurstöður sendinefndar sinnar sem stödd var á Íslandi dagana 31. maí 2007 til 11. júní sama ár. Niðurstaða sendinefndarinnar varðandi fjármálastöðugleika var eftirfarandi: „The financial system withstood the market stress in early 2006 admirably, but new risks may be emerging. Banks have taken important steps over the past year to reduce vulnerabilities and increase resilience. Short-term liquidity management has been strengthened. Ownership structures have been made more transparent with the sell-down of some cross-shareholdings, which is important for maintaining investor confidence. As banks continue to expand rapidly and the complexity of their operations increases, risk management practices must develop and improve commensurately.“ Síðan segir: „Looking ahead, credit risk should be a key focus for banks and supervisors. Lending growth remains very strong, and while the delinquency rate is low, it is a lagging indicator. Lending standards and the quality of loan collateral need to be monitored closely. Further, banks' foreign-currency lending to households, which has increased sharply, could potentially become an important indirect credit risk as unhedged households may underestimate the impact of currency movements on their debt-service costs. Reform of the HFF would also improve the pricing of risk in the lending market.“ Loks segir: „Stress tests conducted by the financial supervisor (FME) suggest that banks have adequate capital to withstand a combination of extreme credit and market shocks. However, these scenarios may underestimate the second-


„Further, banks' foreign-currency lending to households, which has increased sharply, could potentially become an important indirect credit risk as unhedged households may underestimate the impact of currency movements on their debt-service costs. Reform of the HFF would also improve the pricing of risk in the lending market.“

Úr álitni sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 11. júní 2007.

Mynd 1

Visitala gengisskráningar

Visitala meðalgengis - viðskiptavog þröng




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 2

OMX15 hlutabréfavisitalan

Visitala meðalgengis - viðskiptavog þröng



Heimild: Kauphöll Íslands.

„Og að stærsti banki þjóðarinnar, Kaupþing, skyldi ekki einu sinni á haustmánuðum 2007 skynja aðstæður þannig að hann ætti ekki að fara að kaupa einn bankann enn í útlöndum.“

Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 13.

round effects of such shocks and therefore improvements in stress-testing techniques should continue. Given the rapid expansion of the financial sector, the envisaged further strengthening of the FME's resources is welcome. At the same time, the authorities' emphasis on cross-border collaboration in supervision and crisis management is encouraging.“

19.3.2 Júlí til október 2007

Breyting á lánshlutfalli Íbúðalánasjóðs til fasteignakaupa 3. júlí 2007

Hinn 3. júlí 2007 samþykkti Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra, reglugerð nr. 587/2007. Reglugerðin fól í sér breytingu á reglugerð um lánshlutfall og fjárhæð ÍLS-verðbréfa nr. 540/2006 með síðari breytingum. Með hinni nýju reglugerð var hámarkslánshlutfall Íbúðalánasjóðs lækkað úr 90% í 80%.

Umfjöllun um viðbrögð Seðlabanka Íslands við breytingum á lánshlutfalli Íbúðalánasjóðs 6. júlí 2007

Hinn 6. júlí 2007 birti *Fréttablaðið* frétt þar sem haft er eftir Davíð Oddssyni að sú ákvörðun Íbúðalánasjóðs að lækka lánshlutfall úr 90% í 80% sé skynsamleg. Síðan er haft eftir Davíð: „Við gerðum athugasemdir við breytinguna í mars og teljum skynsamlegt að draga úr útlánaaukningu. Oft var þörf en nú er nauðsyn.“ Síðan segir að Davíð hafi áréttað að bankarnir yrðu að taka í sama streng.

Veiking íslensku krónunnar og lækkun hlutabréfaverðs

Frá miðjum júlí 2007 tók að bera á skarprí veikingu íslensku krónunnar. Verð hlutabréfa tók einnig að lækka. Sjá myndir til skýringar hér til hliðar.

Upphaf lausafjárkreppunnar í júlí 2007 út frá sjónarhorni fjármálafyrirtækjanna

Í stuttu máli lýsti Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, aðstæðum hjá bankanum með svofelldum hætti: „Þegar lausafjárkreppan [hófst] af alvöru, við skulum segja í júlí eða ágúst [2007], þá [hafði] það ekki svona teljandi áhrif á Landsbankann til að byrja með. Það voru enn opnir markaðir hjá okkur og okkur tókst að gefa út þá á haustmánuðum og nú það urðu lítils háttar breytingar, t.d. á okkar Icesave reikningum, en ekkert sem að svona var stórkostlegt, þannig að það var tiltölulegt jafnvægi í þeim. Við hins vegar tókum mjög fljótlega ákvörðun um það að á meðan þetta ástand mundi vara þyrftum við að hægja á öllum vexti og þegar leið á haustið að þá sáum við það að við þyrftum að huga að árinu 2008 þannig að það væri núll vöxtur. Þegar leið að áramótum vorum við [...] þess áskynja að við þyrftum að reyna að byrja að draga saman efnahagsreikning og huga að ýmsum aðgerðum en það var í sjálfu sér fyrst og fremst þá að halda öllum viðskiptum og í raun og veru meta það með öllum öðrum á markaði, hversu langvinnt þetta yrði. Það var svona það mat sem við vorum sífellt að reyna að framkvæma.“⁶ Halldór kvað það hafa verið afar óheppilegt að stærsti banki þjóðarinnar, Kaupþing, „skyldi ekki einu sinni á haustmánuðum 2007 skynja aðstæður þannig að hann ætti ekki að fara að kaupa einn bankann enn í útlöndum.“⁷

Við skýrslutöku af Sigurjóni Þ. Árnasyni, bankastjóra Landsbankans, sagði hann um upphaf lausafjárkreppunnar: „Ég held að enginn hafi átt von á því

6. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 1.

7. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 13.

hvað þetta yrði mikið og langvinnt og öfgafullt. Það átti enginn von á því. Ég man eftir því þegar þetta byrjaði þá var svona stemningin fyrst, ja, þetta lagast eftir níu mánaða uppgjörin, svo ja, þetta lagast eftir tólf mánaða uppgjörin og kannski eftir fyrsta „quarter“. [...] Eini aðilinn sem ég man eftir að var ævintýralega svartsýnn, að mörgum fannst og manni sjálfum, það var Moody's sem sagði, ég held að það hafi verið um haustið að þetta væri eitt og hálft ár, þ.e. út árið 2008.⁸

Lárus Welding hóf störf sem forstjóri Glitnis banka hf. 1. maí 2007. Að hans sögn var ástandið á fjármálamörkuðum þá ágætt. Breytingar hefðu hins vegar orðið í júlí og ágúst 2007 þegar breski bankinn Northern Rock lenti í vanda. Lárus kvaðst einungis hafa náð að taka eitt lán fyrir Glitni, en það hefði numið einum milljarði evra. Það hefði verið í september 2007. FL Group hf. hefði síðan lent í vanda í október og nóvember 2007 og hefði Glitnir þá verið búinn að setja „bremsur á öll útlán“. ⁹ Síðan hefði verið ráðist í skuldabréfaútgáfu í byrjun árs 2008 sem gengið hefði illa. Í viðræðum Lárusar við fjárfesta hefði komið í ljós að þeir voru „pirraðir“ yfir því hve lítið bankinn hefði gert í því að afla sér innlána. Ekki hefði síðan bætt úr skák að Gnúpsmálið hefði komið til umræðu á sama tíma.¹⁰

Í skýrslu Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns Kaupþings, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom eftirfarandi fram: „Á þessum tíma reyndum við að bæta lausaféð, við jukum viðmið bankans úr því að vera að mig minnir 180 laust fé yfir í það að vera 360 daga laust fé.“¹¹

Fundur RobertsWade 1. ágúst 2007

Hinn 1. ágúst 2007 stóð viðskiptaráðuneytið fyrir málþingi þar sem hagfræðingurinn Robert Wade hélt fyrirlestur um hina alþjóðlegu fjármálakreppu. Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, sagði að innan ráðuneytisins hefðu menn verið mjög meðvitaðir um það misræmi sem væri á milli stærðar bankakerfisins og stærðar myntkerfisins. Áhersla viðskiptaráðherra hefði hins vegar verið „miklu fremur á að leysa þetta með þeim hætti að stækka myntkerfið en að minnka bankakerfið“. ¹² Mönnum hefði komið mjög á óvart hversu neikvæður Wade hefði verið á þessum fundi um framhaldið og hefðu ekki lagt trúnað á orð hans. Viðskiptaráðuneytið hefði þannig ekki verið „á þessari línu á þessum tíma“. ¹³

Ummæli forstjóra Fjármálaeftirlitsins um hálfársuppgjör bankanna 8. ágúst 2007

Hinn 8. ágúst 2007 birti *Fréttablaðið* frétt þar sem rætt var við Jónas Fr. Jónsson um hálfársuppgjör bankanna. Blaðið hefur eftir Jónasi: „Hálfársuppgjör bankanna sýna að rekstur þeirra er almennt í góðu horfi og tekjugrunnur verður sífellt dreifðari.“ Jafnframt segir hann: „Innlán hafa einnig verið að aukast sem hlutfall af heildarútlánum sem styrkir fjármögnun þeirra. Í lok júní 2007 voru innlán sem hlutfall af útlánum 51 prósent samanborið við 34 prósent í lok ársins 2006.“ Loks segir hann: „En í ljósi aukinna alþjóðlegra umsvifa og mikils útlánavaxtar síðustu ár þurfa bankarnir að sýna árvekni

8. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 68.

9. Skýrsla Lárusar Welding fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. mars 2009, bls. 1–2.

10. Skýrsla Lárusar Welding fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. mars 2009, bls. 2.

11. Skýrsla Sigurðar Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 8. apríl 2009, bls. 23–24.

12. Skýrsla Jóns Þórs Sturlusonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. maí 2009, bls. 2.

13. Skýrsla Jóns Þórs Sturlusonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. maí 2009, bls. 3.

varðandi gæði eigna. Þá er mikilvægt að þeir hugi vel að samþættingu rekstrareininga í nýjum löndum.“

Viðtal við formann bankastjórnar Seðlabanka Íslands 10. ágúst 2007

Í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins 10. ágúst 2007 var rætt við Davíð Oddsson, formann stjórnar Seðlabanka Íslands. Davíð sagði: „Íslensku bankarnir eru í, eftir því sem að við vitum best, í mjög góðum málum og þeir njóta þess auðvitað að þeir tóku mjög vel til í sínum ranni þegar þeir lentu í ákveðnum erfiðleikum fyrir 16–18 mánuðum síðan. Þannig að þeir eru ekki að lenda í sömu erfiðleikum og ýmsir bankar og fjármálastofnanir og sjóðir eru að gera núna.“

Aðspurður um þessa frétt við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði Davíð Oddsson: „En menn verða náttúrulega alltaf að hafa í huga að þegar við erum að tala opinberlega og í framhaldi af alls konar svona fullyrðingum erlendis frá [að] við erum auðvitað að reyna að standa við bakið á bönkunum. [...] Við höfðum auðvitað áfram áhyggjur en ég bara man ekki eftir neinum sérstökum kaflaskiptum [þarna].“¹⁴

Tilkynnt um fyrirhuguð kaup Kaupþings á NIBC 15. ágúst 2007

Í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins 15. ágúst 2007 var sagt frá því að Kaupþing hefði undirritað samning um kaup á öllu hlutafé í hollenska bankanum NIBC fyrir um 270 milljarða króna.

Fundur Seðlabanka Íslands með Glitni um fjármögnun 22. ágúst 2007

Hinn 22. ágúst 2007 funduðu tveir starfsmenn Seðlabankans með fulltrúa Glitnis. Fundarefnið var fjármögnun Glitnis. Í minnisblaði Seðlabankans um fundinn segir m.a.: „Að lokum var rætt um stöðu á mörkuðum sem hefur verið mjög sveiflukennd og ekki vænleg til útgáfu. Skuldatryggingarálag (CDS) er í hæstu hæðum og markaðsaðilar flyja hávaxtamyntir. Útlánaaukning hefur verið mun minni en áætlað var í upphafi árs og titringur á mörkuðum nú gerir Glitni erfiðara um vik að stækka.“

Seðlabankinn fundaði einnig 24. sama mánaðar með Kaupþingi um fjármögnun bankans.

Umfjöllun um álagspróf Fjármálaeftirlitsins 22. ágúst 2007

Hinn 22. ágúst 2007 birti *Fréttablaðið* frétt um álagspróf Fjármálaeftirlitsins. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni: „Jónas segir niðurstöðu álagsprófsins sýna að undirstöður íslensku bankanna séu traustar og eiginfjárstaða þeirra sterk. Hann bendir jafnframt á að rekstrarniðurstöður bankanna á fyrri helmingi ársins hafi verið góðar.“

Fundur forsætisráðherra með stjórnarmanni og forstjóra Glitnis 3. september 2007

Samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneyti fundaði Geir H. Haarde með Þorsteini M. Jónssyni, stjórnarmanni í Glitni, og Lárusi Welding, forstjóra bankans, 3. september 2007. Rannsóknarnefnd Alþingis hafa ekki borist frekari upplýsingar um fundinn.

14. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 30.

Fundur Seðlabanka Íslands með Landsbanka Íslands 18. september 2007

Hinn 18. september 2007 fundaði bankastjórn Seðlabankans með stjórnendum Landsbankans. Af fundarpunktum Seðlabankans má ráða að rætt hafi verið um stöðuna á innlánamarkaði í Bretlandi „í ljósi Northern Rock“. Í fundarpunktunum er haft eftir Jóni Þorsteini Oddleifssyni, forstöðumanni fjárfstýringar Landsbankans: „Menn trúa ekki að allar innstæður séu tryggðar.“

Samnorræna viðlagæfingin 20.–25. september 2007

Undanfarin ár hafa Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið haldið viðlagæfingar þar sem æfð hafa verið viðbrögð stjórnvalda við sviðsettu fjármálaáfalli. Æfingarnar hafa m.a. reynt á upplýsingaflæði milli stjórnvalda ásamt því að samhæfa vinnu og ákvarðanir í mikilli tímaþröng. Meðal annars er fjallað um þessar æfingar í *Fjármálastöðugleika* 2008. Þar kemur fram að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hafi gengist fyrir slíkum æfingum árin 2004 og 2006. Þá hafi stofnanirnar ásamt fjármálaráðuneytinu tekið þátt í samnorrænni viðlagæfingu sem haldin hafi verið dagana 20.–25. september 2007. Einnig hafi stjórnvöld frá hinum Norðurlöndunum ásamt seðlabönkum Eystursaltsríkjanna tekið þátt í æfingunni. Æfinguna hafi undirbúið Andrew Gracie, sérfræðingur í fjármálastöðugleika og fyrrverandi starfsmaður Seðlabanka Bretlands.¹⁵ Æfingin hafi staðið yfir í þrjá daga og lokið með uppgjörsfundi sem haldinn hafi verið strax í kjölfarið í Stokkhólmi en þar hafi verið farið yfir viðbrögð manna og hvaða lærdóm mætti draga af þeim.¹⁶

Með töluverðri einföldun má segja að íslenska verkefnið í norrænu æfingunni hafi byggst á því að greiðslufall hefði orðið hjá mjög stórum viðskiptavini Kaupþings sem hefði orðið til þess að eigið fé bankans minnkaði í rétt rúmlega 8%. Í framhaldinu hefðu markaðsaðstæður versnað sem leitt hefði til lækkunar á lánshæfismati bankans en það hefði síðan valdið erfiðri lausafjárstöðu hans. Samkvæmt atvikalýsingu æfingarinnar fór svo að bankinn uppfyllti ekki lágmarksskilyrði laga um eigið fé og fjármálaráðuneytið þurfti að taka ákvörðun um hvort ríkið ætti að koma til aðstoðar. Í skýrslu um æfinguna er eftirfarandi skráð um viðbrögð íslenskra stjórnvalda: „In Iceland there was intense co-ordination among the Icelandic authorities to discuss the way forward with Kaupthing, picking up on the issues identified at the end of Stage 2. While the potential size of the needed assistance had been defined, a decision whether to go ahead and support Kaupthing or not was deliberately not taken.“¹⁷

Í skýrslu Ingimundar Friðrikssonar, seðlabankastjóra, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að farið hefði verið í gegnum stöðuna á þessum tíma og hefði það verið mat Fjármálaeftirlitsins að eiginfjárlutfallið þyrfti að verða 12% og þar með hefði legið fyrir hvaða fjárhæð þyrfti til svo endurreisa mætti bankann. Um hefði verið að ræða mjög háar fjárhæðir, þ.e. um 100 til 230 milljarða króna samstundis og 400 milljarða til viðbótar til þess að koma bankanum á réttan kjöl. Hefði það verið niðurstaða fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands að láta þar við sitja en þá hefði allt verið undirbúið fyrir lokaákvörðunina.¹⁸ Í skýrslu Baldurs Guðlaugssonar, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að þótt

„We are not ready to announce which route will be taken. There will be no conclusion. [...] Think it is not desirable to announce which direction the state wants to take.“

Tilkynning Baldurs Guðlaugssonar, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, um að Ísland ætlaði ekki að klára viðlagæfinguna.

15. Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 10. mars 2009, bls. 14.

16. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 10.

17. *Report on the Nordic Financial Crisis Management Exercise* (20–25 September 2007), bls. 45.

18. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 11.

æfingin hefði verið unnin í trúnaði hefðu menn óttast að ef ákvörðun yrði tekin myndu upplýsingar um viðbrögð ríkisins leka út. Ef sagt hefði verið nei hefði það getað skapað ólgu og ef sagt hefði verið já hefði það getað búið til freistnivanda (e. moral hazard) fyrir bankana þar sem þá hefði verið búið að undirstrika að ríkið ætlaði að standa við bakið á þeim. Af þeim sökum hefðu menn talið rétt að taka enga ákvörðun.¹⁹ Baldur áréttaði að hann teldi að þessi æfing hefði ekki haft neina hernaðarlega þýðingu fyrir raunverulega greiningu manna þar sem ekkert nýtt hefði komið fram. Á þessum tímamarki hefðu menn vitað að bankarnir voru orðnir stórir og ef það ætti að aðstoða þá þyrfti til háar fjárhæðir.²⁰

Í skýrslu Tryggva Pálssonar, framkvæmdastjóra fjármálasviðs Seðlabankans, kom fram það mat að æfingin hefði verið afar gagnleg. Aðspurður sagði hann að hin norrænu ríkin hefðu hegðað sér eins á æfingunni og þau hefðu síðar gert þegar harðnaði á dalnum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum tæplega ári síðar. Tryggvi sagði einnig: „Æfingin gekk framan af og reyndi á ýmsa þætti. Þegar kom að ákvörðunum, hvort stjórnvöld ættu í þessu ímyndaða dæmi að bjarga Kaupþingi eða ekki, þá er það að loknum fyrri degi sem Ingimundur og Baldur tala saman símleiðis eftir æfingu, heiman frá sér, og þeir komast að þeirri niðurstöðu að það væri skynsamlegt að opinbera ekki spilin og sýna hvort íslensk stjórnvöld myndu styðja bak við Kaupþing eða ekki, æfingin hefði náð tilætluðum árangri, að þeirra mati, og þeir ákváðu sem sagt að skila ekki svari, á prófinu. Jónas Fr. var kannski ekki sömu skoðunar og ég þurfti að eiga samtöl við Andrew Gracie sem spurði: „Hvað er eiginlega að gerast hjá ykkur? Þeir eru byrjaðir að tala saman líka [á] íslensku. Við áttum að tala allt á ensku til að allt væri augljóst, þetta var aðeins orðað á íslensku, þegar menn fóru á milli og þessi tregða til þess að sýna á spilin kom upp. Þeir tala sem sagt saman Ingimundur og Baldur um kvöldið og ákveða að hafa þetta með þessum hætti og þess vegna var skilað auðu um hvað stjórnvöld hefðu gert.“ Tryggvi sagði að sér hefði verið ljóst að forstjóri og starfsmenn Fjármálaeftirlitsins hefðu ekki verið ánægðir með að æfingin hefði ekki verið leikin til enda.²¹ Í skýrslu Jónasar Fr. Jónssonar, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að hann hefði talið það vera mistök að klára ekki æfinguna. Þegar horft væri til baka teldi hann það hafa verið mjög slæmt því að þegar vandinn jókst haustið 2008 hefðu menn ekki heldur verið til í að klára að taka ákvarðanir. Hefði því verið ágætt ef menn hefðu verið búnir að æfa einu sinni að taka ákvörðun í svona leik.²² Í skýrslu Rúnars Guðmundssonar, sviðsstjóra váttryggingasviðs Fjármálaeftirlitsins, kom fram að æfingin hefði verið afar gagnleg og að það hefði verið skaðlegt og Íslendingum til álitshnekkis að leika ekki þessa norrænu æfingu til enda og taka hina pólitísku ákvörðun um hvort koma ætti Kaupþingi til aðstoðar.²³

Í skýrslu Sylvíu Kristínar Ólafsdóttur, forstöðumanns viðbúnaðarsviðs Seðlabanka Íslands, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að það hefði leikið til fjölmiðla að viðbúnaðaræfing stæði yfir hjá Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu. Um þetta sagði Sylvía: „Já, þetta kom á Rás 2 eða í útvarpsfréttum. Ég man að Davíð kom niður og sagði að þetta hefði verið,

19. Skýrsla Baldurs Guðlaugssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. mars 2009, bls. 13.

20. Skýrsla Baldurs Guðlaugssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. mars 2009, bls. 15.

21. Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 10. mars 2009, bls. 21–22.

22. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. mars 2009, bls. 19–20.

23. Skýrsla Rúnars Guðmundssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 13. maí 2009, bls. 3–5.

að þetta hefði lekið út og þá svona, af því að í æfingunni þá eru líka notuð sko nöfn bankanna, þú veist Kaupþing, Glitnir og Nordea og allt. Og það var, leikinn var frá Íslandi, þetta var í öllum þessum löndum og það var svona... Þá kom svolítill titringur í mannskapinn man ég og þá var farið, já, þá var farið í – já, þá var farið að nota gsm-símana, ég man að það var hringt í forsætisráðuneytið, fjármálaráðuneytið, bara: „Eigum við ekki, heyrðu eigum við ekki bara að hætta þessu núna? Eigum við nokkuð að taka ákvörðun innan kerfisins, þar sem að er tekið upp, heldur frekar ræða þetta seinna“, hvað ætti að gera. [...] Það var bara, við sátum þarna öll og Ingimundur ákvað bara að: „Já, við stoppum bara hér.“ Hann kallar það bara út í kerfið. Þannig að við erum búin að læra það sem við þurfum að læra af þessari æfingu, [...] það var svona þannig póll, fannst mér, tekinn í þetta.“²⁴

Í skýrslu Árna M. Mathiesen, fjármálaráðherra, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að honum hefði verið kunnugt um viðlagaæfinguna og hvernig henni hefði lyktað.²⁵ Í skýrslu Geirs H. Haarde, forsætisráðherra, kom fram að hann hefði haft vitneskju um viðlagaæfinguna en ekki hvernig henni lyktaði.²⁶ Í skýrslu Björgvins G. Sigurðssonar, viðskiptaráðherra, kom fram að hann rámaði í að hafa heyrt um viðlagaæfinguna en virtist lítið vita annað um hana.²⁷

Fundur forsætisráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands 26. september 2007

Hinn 26. september 2007 fundaði Geir H. Haarde með bankastjórn Seðlabankans. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki undir höndum frekari upplýsingar um þennan fund.

Fundur Seðlabanka Íslands með Kaupþingi 9. október 2007

Hinn 9. október 2007 fundaði bankastjórn Seðlabankans með stjórnendum Kaupþings. Af fundarpunktum Seðlabankans má ráða að einkum hafi verið rætt um fyrirhugaða yfirtöku Kaupþings á hollenska bankanum NIBC.

Orðaskipti formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands og stjórnarformanns Kaupþings í kvöldverði eftir fund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Eftir fund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem haldinn var í Washington um miðjan októbermánuð 2007 stóð Seðlabanki Íslands fyrir kvöldverðarboði sem m.a. var sótt af íslenskum bankamönnum. Í skýrslu Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns Kaupþings, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að honum og eiginkonu hans hefði verið skipað til borðs með Davíð Oddssyni. Við það borð hefðu einnig setið utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og aðstoðarkona seðlabankastjóra. Spenna hefði verið í loftinu. Í skýrslu Sigurðar segir síðan: „Seðlabankastjóri byrjar strax að ræða það við utanríkisráðherra og fjármálaráðherra að það sé alveg nauðsynlegt að sameina Fjármálaeftirlit og Seðlabankann, bara að leggja Fjármálaeftirlitið inn í Seðlabankann. Ég sá bara að fjármálaráðherra sökk niður í sætinu, hafði einhvern tíma upplifað þessa umræðu áður. Og svo spyr seðlabankastjóri, eða hvort það var utanríkisráðherra eða seðlabankastjóri: Hvað segir þú um það Sigurður? Og ég sagði: Já, það væri kannski ágætishugmynd þegar væri búið að taka peningastjórna

24. Skýrsla Sylvíu Kristínar Ólafsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 22. október 2009, bls. 10.

25. Skýrsla Árna M. Mathiesen fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. maí 2009, bls. 26.

26. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 73.

27. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 34–35.

„Það endaði með því að ég sat þarna einn með seðlabankastjóranum og urðu langar og mjög harðar umræður á milli okkar og m.a. þar sem hann lét þessi orð falla að ef við ætluðum að halda fast við það að fara yfir í þessar evrur þá skyldi hann sjá til þess að við yrðum gjaldþrota.“

Skýrsla Sigurðar Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
8. júlí 2009, bls. 36.

af Seðlabankanum og búið að taka upp evruna, þá hefðu þeir eitthvað að gera með því að sinna Fjármálaeftirlitinu. Og þetta svar mitt mæltist ekki vel fyrir og síðan leið og beið og maturinn var búinn og það var ekki einu sinni komið kaffi, þá stóð fjármálaráðherra upp og sagði: Ah, það er best að ég fari eitthvað annað. Og utanríkisráðherra líka. Það endaði með því að ég sat þarna einn með seðlabankastjóranum og urðu langar og mjög harðar umræður á milli okkar og m.a. þar sem hann lét þessi orð falla að ef við ætluðum að halda fast við það að fara yfir í þessar evrur þá skyldi hann sjá til þess að við yrðum gjaldþrota. Þetta er í fyrsta skipti sem ég hef verið að „referera“ þessi orð og ætlaði aldrei að gera þau að neinu efni. [...] Ég man ekki en ég held að ég hafi ekki svarað neinu. Svo endaði þessi samkoma þannig að framkvæmdastjóri alþjóðasviðs sem var þarna var að toga í öxlina á seðlabankastjóra og var að reyna að koma honum heim, og konan mín togaði í öxlina á mér og var að reyna að koma mér heim og aðstoðarkonan sat bara uppgefin í horninu.“²⁸

Í skýrslu Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom eftirfarandi fram um fyrrgreind orðaskipti hans og Sigurðar Einarssonar: „Ég hef nú ekkert tjáð mig um það, menn hafa reynt að gera þetta að fjölmiðlamáli heilmiklu og reynt að „dramatisera“ það, enda hefur nú öll sú umræða, m.a.s. staðsetningin, verið vitlaus að þetta hafi farið fram í hótelanddyri eða hóteldyrum en við áttum ágætis samtöl, ég gæti bara nefnt það, þetta var á veitingastað sem heitir – þess vegna man maður það – heitir Perlan og ég man nú ekkert yfirleitt eftir veitingastöðum en ég mundi þetta út af þessu, þessari tengingu við Perluna okkar hér og það hefur verið venja á þessum fundum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að Seðlabankinn byði íslenskum þátttakendum til samkvæmis, kvöldsamkvæmis, í minni tíð hefur það gerst þarna og í Singapúr. Þetta er nú töluverður hópur manna og einnig er boðið yfirleitt íslenskum starfsmönnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans svona í þetta samkvæmi og það var einnig gert núna eftir því sem ég man best, ég man nú ekki eftir öllum sem voru þarna með mér. Og þó að ekki sé raðað til borðs þá eru svona menn pikkaðir við borð og við þetta borð, sem þarna er um rætt, sátu fyrir utan mig Sigurður Einarsson og hans kona, ég man ekki hvað hún heitir reyndar, Árni Mathiesen fjármálaráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og Lilja Alfreðsdóttir var þarna við borðið. Ég held að þetta sé upptalið svona við borðið, nú verð ég að hafa fyrirvara á því. En hérna, þar var setið og margt rætt og síðan þegar að, þegar að hinu formlega borðhaldi var lokið, þá hurfu – jú, Sturla Pálsson held ég að hafi þá komið að borðinu, minnir mig, eftir borðhaldið – og þar sátu þá eftir ég – konan mín var ekki þarna – og þessi ágætu hjón og Lilja og Sturla hafa verið við þetta borð. Og það var auðvitað margt rætt, eins og er í svona oft kvöldverðarboðum.“ Aðspurður hvort Davíð hefði viðhaft þau orð, sem til hefði verið vitnað í fjölmiðlum, um að hann myndi „taka bankann niður“ svaraði Davíð: „Ég held að ég hafi nú reyndar svarað þessu opinberlega að þetta er orðalag sem ég hef aldrei á ævi minni nefnt og notað. Því að þetta er einhver enskusletta sem að gæti verið að Sigurði sé tamt en – væntanlega „take the bank down“ væntanlega, þetta er orðalag sem ég mundi aldrei nota. [...] Skoðanaskiptin snerust aðallega um mismunandi viðhorf okkar til þess hvort að íslenskir bankar ættu að skrásetja sig í erlendum gjaldmiðli og það var búið að halda því að

28. Skýrsla Sigurðar Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 8. júlí 2009, bls. 36.

með miklum eða skrá starfrækslugjaldmiðilsins, svo maður reyni nú að vera svolítið nákvæmur í þessu.“²⁹

Umsókn Kaupþings 25. október 2007 um heimild til að færa bókhald sitt og semja ársreikning, samstæðureikning, í evrum frá og með rekstrarárinu 2008

Hinn 25. október 2007 sótti Kaupþing um heimild til ársreikningaskrár um að mega færa bókhald sitt og semja ársreikning, samstæðureikning, í evrum frá og með rekstrarárinu 2008. Ársreikningaskrá óskaði eftir umsögn Seðlabanka Íslands með bréfi 30. október 2007. Seðlabanki Íslands svaraði erindinu 3. desember 2007. Fram kom í bréfinu að Seðlabankinn væri mót-fallinn því að innlend fjármálafyrirtæki tækju alfarið upp erlendan gjaldmiðil í reikningshaldi sínu. Rétt fyrir áramót hafnaði ársreikningaskrá síðan umsókn Kaupþings. Í beinu framhaldi af því kærði Kaupþing ákvörðunina til fjármálaráðherra.

Í skýrslu Sigurðar Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom eftirfarandi fram: „Síðan í framhaldinu þá vorum við kallaðir niður í fjármálaráðuneyti á fund Árna Mathiesen, fjármálaráðherra, út af þessari umsókn og hann var augljóslega í alveg óskaplegum vandræðum með að úrskurða í þessu máli. Ég man að ég og Hreiðar sátum hjá honum lengi, inni á skrifstofunni hans og hann var nú bara einn, sem er frekar óvenjulegt, yfirleitt eru þeir með annaðhvort ráðuneytisstjóra eða aðstoðarmann eða einhvern með sér. Og það var rætt bara um alla heima og geima á þessum fundi og menn áttu mjög erfitt með að koma sér að efninu, sem var þessi umsókn. Hann bað okkur svona: „Hugsðu þetta aðeins, ég vil helst ekki þurfa að úrskurða í þessu“, o.s.frv. Já, já, við vorum náttúrulega allir af vilja gerðir eins og alltaf, til að þóknast yfirvöldum og fórum heim og hugsuðum málið. Svo vorum við kallaðir aftur á fund þremur vikum síðar þar sem hann bað okkur lengstra orða að draga þetta til baka. Og við urðum við þeirri ósk.“³⁰

Aðspurður um ástæður þess að kæra Kaupþings til ráðherra var dregin til baka svaraði Árni M. Mathiesen í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefnd Alþingis: „Ástæðan var einfaldlega sú að við erum þarna kominn í svona byrjunina á þessari krísu og það var alveg klár niðurstaða lögfræðinganna í ráðuneytinu að niðurstaða Ársreikningaskrár væri rétt, væri samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðlega reikningsskilastaðlinum og þetta var svona pólitískt viðkvæmt mál [...]. Og ég var einfaldlega að reyna að draga úr þessari spennu og þessum „conflict“, sem var þá í kerfinu, með því að fá þá, sem sagt Sigurð Einarsson og Hreiðar Má til þess að draga þetta frekar til baka heldur en að ég úrskurðaði, vitandi alveg hver úrskurðurinn yrði og vitandi það að ég hefði í sjálfu sér ekkert á móti því að þeir gerðu upp í erlendum gjaldmiðli ef þeir uppfylltu skilyrði reikningsskilastaðlanna, sem þeir gerðu klárlega ekki á þessum tíma, og að þegar og ef þeir uppfylltu skilyrðin að þá mundi ráðuneytið aldrei setja fótinn fyrir þá. En hins vegar var náttúrulega afstaða Seðlabankans önnur, en þeirra aðild að málinu var einfaldlega bara sem umsagnaraðila, þeir voru ekki ákvörðunartökuaðilar á því en höfðu aðra skoðun.“ Aðspurður hvað vantað hefði upp á að evra væri starfrækslumynt bankans þannig að hægt hefði verið að samþykkja umsókn Kaupþings svaraði Árni: „Ef við hefðum átt að gera það þá hefðum við þurft að skilgreina dönsku krónuna sem evru og þá hefði verið

„Ég held að ég hafi nú reyndar svarað þessu opinberlega að þetta er orðalag sem ég hef aldrei á ævi minni nefnt og notað. Því að þetta er einhver enskusletta sem að gæti verið að Sigurði sé tamt en – væntanlega „take the bank down“ væntanlega, þetta er orðalag sem ég mundi aldrei nota. [...] Skoðanaskiptin snerust aðallega um mismunandi viðhorf okkar til þess hvort að íslenskir bankar ættu að skrásetja sig í erlendum gjaldmiðli og það var búið að halda því að með miklum eða skrá starfrækslugjaldmiðilsins, svo maður reyni nú að vera svolítið nákvæmur í þessu.“

Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. ágúst 2009, bls. 3.

„[Árni M. Mathiesen] bað okkur svona: Hugsðu þetta aðeins, ég vil helst ekki þurfa að úrskurða í þessu, o.s.frv. Já, já, við vorum náttúrulega allir af vilja gerðir eins og alltaf, til að þóknast yfirvöldum og fórum heim og hugsuðum málið. Svo vorum við kallaðir aftur á fund þremur vikum síðar þar sem hann bað okkur lengstra orða að draga þetta til baka. Og við urðum við þeirri ósk.“

Skýrsla Sigurðar Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 8. júlí 2009, bls. 38.

29. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. ágúst 2009, bls. 3.

30. Skýrsla Sigurðar Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 8. júlí 2009, bls. 38.

á grundvelli FIH bankans verið hægt að, sennilega verið á efnahagshliðinni verið komin stærð þar sem að evran væri orðin sem sagt stærsti gjaldmiðillinn á hluta af sem sagt starfseminni. Og ég sagði nú við þá að það yrði nú kannski dálítið erfitt fyrir mann að horfa framan í danska fjármálaráðherrann eftir að vera búinn að skilgreina dönsku krónuna sem hluta af evru.³¹

19.3.3 Nóvember og desember 2007

Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands flytur erindi á morgunfundi Viðskiptaráðs Íslands 6. nóvember 2007

Hinn 6. nóvember 2007 flutti Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, erindi á morgunfundi Viðskiptaráðs Íslands. Í erindinu sagði hann m.a. um bindiskyldu: „Bindiskyldan er úr sér gengið úrræði, sem mundi að auki hafa takmörkuð og illa fyrirsjáanleg áhrif önnur en að leiða til hærri vaxta. Eftir einkavæðingu bankanna og vaxandi umsvif þeirra erlendis var óhjákvæmilegt að hafa bindiskyldu hér á landi með svipuðu sniði og annars staðar gerist, ella hefði samkeppnisstaða fjármálastofnana á Íslandi verið allt önnur og lakari en þeirra sem þeir eiga í samkeppni við. Engir seðlabankar í hinum þróaða heimi nota bindiskyldu lengur í baráttunni við verðbólgu.“ Um útrás sagði Davíð m.a.: „Hin hliðin á útrásinni er þó sú og framhjá henni verður ekki horft, að Ísland er að verða óþægilega skuldsett erlendis. [...] Allt getur þetta farið vel, en við erum örugglega við ytri mörk þess sem fært er að búa við til lengri tíma.“

Fundur viðskiptaráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands 7. nóvember 2007

Hinn 7. nóvember 2007 átti Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, fund með stjórn Seðlabanka Íslands. Með viðskiptaráðherra í för voru Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, og Jónína S. Lárusdóttir, ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins. Í skýrslu Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að fundurinn hefði hafist með miklum reiðilestri Davíðs Oddssonar út af Evrópumálum. Björgvin sagði að það hefði fokið í sig og hann hefði svarað Davíð fullum hálsi. Það hefði hvarflað að sér að ganga út en síðan hefði Davíð skyndilega stillt sig af og lent samtalinu ágætlega. Eftir þennan fund hefði hann ekki hitt Davíð Oddsson fyrr en tæpu ári seinna á ríkisstjórnarfundum.³² Björgvin benti í skýrslu sinni á að meðferð bankamála deildist á þrjú ráðuneyti, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið og það hefði verið óheppilegt fyrirkomulag „þegar jafnhörmulega árar í samskiptum manna og var í þessari ríkisstjórn“. Það sem „eitraði hana frá fyrsta degi“ hefði verið tortryggni og andúðin á milli seðlabankastjóra og Samfylkingarinnar. Um þetta sagði Björgvin: „Heftin var mjög mikil þarna og menn sniðgengu hverjir aðra greinilega kerfisbundið og ég staðhæfi það að [Davíð Oddsson] hafi með mjög yfirveguðum hætti haldið mér frá upplýsingum og atburðum og ýmsu slíku. [...] Og það var margt mjög eittrað og óheppilegt í þessu andrúmslofti og sérstaklega þegar það ber upp á jafnmiklar ögurstundir og urðu í okkar lífi þegar að alþjóðleg fjármálakreppa varð til þess að þessir alltof stóru bankar fóru á hausinn út af lausafjárskorti.“³³

„Heftin var mjög mikil þarna og menn sniðgengu hverjir aðra greinilega kerfisbundið og ég staðhæfi það að [Davíð Oddsson] hafi með mjög yfirveguðum hætti haldið mér frá upplýsingum og atburðum og ýmsu slíku. [...] Og það var margt mjög eittrað og óheppilegt í þessu andrúmslofti og sérstaklega þegar það ber upp á jafnmiklar ögurstundir og urðu í okkar lífi þegar að alþjóðleg fjármálakreppa varð til þess að þessir alltof stóru bankar fóru á hausinn út af lausafjárskorti.“

Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 7.

31. Skýrsla Árna M. Mathiesen fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. maí 2009, bls. 9–10.

32. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 30–31. Ríkisstjórnarfundurinn var 30. september 2008.

33. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 7.

Við skýrslutöku var Davíð Oddsson spurður að því hvort ekki hefði verið talið tilefni af hálfu Seðlabankans til að funda oftast með viðskiptaráðherra. Davíð sagði: „[...] við „sorteruðumst“ undir forsætisráðherrann og hann gat kallað menn til og auðvitað tókum við eftir því, og það var ekkert leyndarmál, að viðskiptaráðherra var ekki hafður með á fundum með fjármálaráðherra og utanríkisráðherra. Jóhanna Sigurðardóttir var á einum eða tveimur fundum. [...] og reyndar var það nú þannig að – það verður bara að segja það eins og er – menn treystu sér ekki til að segja neitt sem ætti að fara leynt við viðskiptaráðherrann, menn treystu sér ekki til þess. [...] Ég held að sú afstaða hafi ráðið því að forsætisráðherra og utanríkisráðherra kölluðu hann ekki á fund með bankastjórninni. Og það sem vakti nú athygli mína var að þegar utanríkisráðherra, formaður hins stjórnarflokksins, lýsti því yfir að hann hefði verið á sex, sjö fundum með Seðlabankanum – hann hafði ekki sagt viðskiptaráðherranum frá neinu sem þar gerðist sem ég hefði nú búist við að mundi gerast. En ég held að það sé sama ástæðan, það var vitað að viðskiptaráðherra átti það til að hringja í fréttamann, jafnvel bláókunnuga fréttamenn, og segja þeim fréttir „off the record“, eins og það hét. Það getur bara ekki gengið í stjórnsýslunni.“³⁴

Í þessu samhengi skal þess getið að bæði Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir voru við skýrslutökur spurð að því hvers vegna Björgvin G. Sigurðsson var ekki kallaður til á margvíslega fundi þeirra með forsvarsmönnum Seðlabankans á árinu 2008. Geir ræddi almennt um þetta með eftirfarandi orðum: „Ég tel ekki hægt að segja það að honum hafi verið haldið skipulega frá upplýsingum sem hann átti rétt á. Hann tjáði sig nú mjög oft opinberlega um þessi mál, bæði í þinginu og annars staðar, og gerði það, að því er best varð heyrt, á grundvelli þess að hann hefði upplýsingar og svo er hann náttúrulega í sömu stöðu og aðrir sem lesa gögnin frá Seðlabankanum og kynna sér það sem þeir eru að segja og gera, eins og ég hef sagt hérna nokkrum sinnum. Ég tel ekki að hann hafi verið sniðgenginn með einhverjum óeðlilegum hætti í þessu og hafi honum fundist það þá hefði hann átt að tala um það við mig, sem ég man ekki til að hann hafi gert.“³⁵

Aðspurð um hvort tortryggni hafi gætt innan ríkisstjórnarinnar gagnvart Björgvin svaraði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir: „Ekki veit ég til þess. Ég minnst þess ekki að ég hafi heyrt neitt í þá veru frá forsætisráðherra. En sko það er engin launung á því að það var kannski svona sambandið á milli seðlabankastjóra og svo aftur Samfylkingarinnar var að mörgu leyti erfitt, hafði alltaf verið erfitt. Það var bara svona þegjandi samkomulag um að láta það ekkert þvælast fyrir sér, reyna a.m.k. að láta það ekkert þvælast fyrir sér.“³⁶

Við skýrslutöku tók Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra, fram: „[...] í hvaða ríki myndi það gerast að forystumaður ríkisstjórnarinnar hafi fund með seðlabankastjóra, ekki einu sinni, ekki tvisvar, ekki þrisvar, heldur sex eða sjö sinnum, og eftir því sem seðlabankastjórinn segir að þá komi þar fram alls konar „warnings“, ég veit ekkert um það, en að viðskiptaráðherra sé ekki látinn vita?“³⁷

Við skýrslutöku lýsti Eiríkur Guðnason, seðlabankastjóri, framangreindum fundi viðskiptaráðherra með bankastjórn Seðlabankans með eftirfar-

„[...] það verður bara að segja það eins og er – menn treystu sér ekki til að segja neitt sem ætti að fara leynt við viðskiptaráðherrann, menn treystu sér ekki til þess. [...] Ég held að sú afstaða hafi ráðið því að forsætisráðherra og utanríkisráðherra kölluðu hann ekki á fund með bankastjórninni.“

Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 34.

34. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 34.

35. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 3. júlí 2009, bls. 47.

36. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 21.

37. Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. maí 2009, bls. 35.

andi orðum: „Hann var erfiður, hann var stormasamur. Þeir fóru í pólitíska umræðu, viðskiptaráðherra og formaður bankastjórnar, um upptöku evru eða inngöngu í Evrópusambandið þannig að það var erfitt að sitja þann fund.“³⁸

Samráðsfundur Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands 8. nóvember 2007

Hinn 8. nóvember 2007 var haldinn samráðsfundur Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans. Í drögum að fundargerð Seðlabankans er m.a. haft eftir Davíð Oddssyni: „Órólegir yfir falli gengis og hlutabréfa og einnig (tilbúinni) hækkun sem „allir fullvaxnir menn mættu sjá“. Undirstöður veikar og taugaveiklun í gangi. Áhyggjur af uppfærslum (viðskiptavildar) í uppgjörum.“ Einnig segir í drögunum að lagt hafi verið fram skjalið „Er íslenska fjármálakerfinu meiri hætta búin nú en var 2005/2006?“, dags. 8. nóvember 2007. Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, er höfundur skjalsins. Þar segir m.a.: „Áhættur á eignahlið bankanna hafa aukist verulega og fjármögnunarvandinn er almennari og síst betri en var 2005/2006.“

Seðlabanki Íslands sendir Fjármálaeftirlitinu bréf 13. nóvember 2007

Hinn 13. nóvember 2007 sendi Seðlabankinn Fjármálaeftirlitinu bréf. Í því segir m.a.: „Seðlabankinn vekur athygli Fjármálaeftirlitsins á því að í síðasta lausafjárútboði Seðlabankans tók Icebank 105 milljarða króna að láni gegn veði. Umtalsverður hluti veðanna eru skuldabréf og víxlar sem Glitnir og Kaupþing banki hafa gefið út. Spurningin sem vaknar er hvort umfang þessara viðskipta Icebank samrýmist ákvæðum reglna sem bankanum ber að starfa eftir.“ Rannsóknarnefnd Alþingis hafa ekki borist gögn sem gefa til kynna að þessu bréfi hafi verið svarað.

1. fundur starfshóps um viðbrögð við lausafjávanda 14. nóvember 2007

Hinn 9. nóvember 2007 sendi Tryggvi Pálsson bankastjórn Seðlabanka Íslands minnisblað þar sem hann lagði til að bankastjórnin myndi skipa starfshóp samkvæmt bankastjórnarsamþykkt nr. 1097 frá 24. mars 2006 um viðbrögð við lausafjávanda þar sem líkur væru á að óvissuástand í fjármögnun og stöðu banka yrði ekki skammvinnt. Í minnisblaðinu segir að gagnlegt sé að Seðlabankinn undirbúi viðbrögð sín ef svo fari að til hans verði leitað með yfirlýsingar eða lausafjárfyrirgreiðslu. Lagt er til að hópinn skipi Tryggvi Pálsson, Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans, Tómas Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri upplýsingasviðs Seðlabankans, og Sýlvía K. Ólafsdóttir, forstöðumaður viðbúnaðarsviðs Seðlabankans. Bankastjórn samþykkti að kalla hópinn til starfa og hélt vinnuhópur um viðbrögð við lausafjávanda sinn fyrsta fund 14. nóvember 2007. Samkvæmt fundargerð var fjallað um há skuldatryggingarálög bankanna, fjármögnun þeirra sem og endurbætur á bankastjórnarsamþykkt nr. 1097 um starfshóp um viðbrögð við lausafjávanda. Sigríður Logadóttir og Perla Ö. Ásgeirsdóttir störfuðu einnig með hópnum.

Fjármálastöðugleikafundur í Seðlabanka Íslands 15. nóvember 2007

Hinn 15. nóvember 2007 fór fram sérstakur fundur um fjármálastöðugleika í Seðlabanka Íslands. Fundinn sóttu bankastjórn og sérfræðingar Seðlabankans.³⁹ Í fundargerð segir m.a.: „Umræður fóru að þessu loknu fram um

38. Skýrsla Eiríks Guðnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. maí 2009, bls. 73.

39. Sjá almenna umfjöllun um fundi hópsins í kafla 19.3.1 hér að framan.

veð, eignir og skuldatryggingarálög, um gjaldeyrisreikninga og kaup á erlendum fjármálafyrirtækjum. Nokkuð var staldrað við innlánsþróun bankanna og umskiptin þar talin fullsnögg. Því næst segir: „Rætt var um innstæðutryggingar í Bretlandi.“ Loks segir: „Fram kom að sú sýn sem við blasti hér á landi væri önnur og verri en aðrar stofnanir hefðu nýverið haldið fram. Þeirri skoðun var haldið fram að talsverðar líkur væru á að nokkur kaflaskipti hefðu átt sér stað í rekstri fjármálastofnana, og að líklega þyrfti að stýra þeim með öðrum hætti næstu árin en gert hefði verið síðustu ár.“

4. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 15. nóvember 2007

Samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað fundaði 15. nóvember 2007. Samkvæmt drögum að fundargerð dreifði Tryggvi Pálsson og kynnti stöðumat þar sem leitast var við að svara spurningunni „Er íslenska fjármálakerfinu meiri hættu búin nú en var 2005/2006?“. Því næst segir í drögum að fundargerð: „Niðurstaða matsins er sú að hætturnar séu meiri núna þar sem áhættur á eignahlið bankanna hafa aukist verulega og fjármögnunarvandinn er almennari og síst betri en var 2005/2006. Einnig sýndi hann endurgreiðsluferil þriggja stærstu viðskiptabankanna næstu tvö árin. Lausafjárstaða bankanna er viðunandi og ekki er um bráðavanda í fjármögnun þeirra að ræða en óvíst er hvenær bankarnir geta á ný ráðist í stórar útgáfur. Skuldatryggingarálög hafa snarhækkað á síðustu mánuðum og fjármagnskostnaður bankanna og viðskiptamanna þeirra á eftir að hækka umtalsvert. Ingimundur Friðriksson bætti við að lausafjárþrengingar gætu staðið mánuðum saman og hlutabréfaverð lækkað frekar en orðið er.“ Síðan segir: „Jónas Fr. Jónsson nefndi m.a. að ef taka ætti mið af skuldatryggingarálögum sem vísbendingu um líkur á fjármálaáfalli, sbr. skýrslu Mishkin og Herbertsson 2006, þá jafngiltu 300p álag Kaupþings 55% líkum á áfalli hjá viðkomandi banka. Fram kom hjá Jónasi að hann gerði ráð fyrir því að fjármálaeftirlit Hollands og FME taki afstöðu til kaupa Kaupþings á NIBC fyrir áramót og líklegt sé að Kaupþing eigi eftir að koma með yfirlýsingu á næstunni varðandi fjármögnun kaupanna og fl. FME er að funda með bönkunum og er u.þ.b. að ljúka viðamikilli úttekt á útlánum þeirra. Um þriðjungur hlutabréfa OMXI eru veðsett en 5–10% lækkun hlutabréfaverðs ætti ekki að skapa hættuástand. Jónas nefndi einnig veðköll (e. margin call) og sagði til þessa hefði verið bætt við veðin þegar hlutabréf lækka í verði en ekki þvinguð fram sala hlutabréfanna. Hann sagði að lokum að erlend innlán væru orðin meirihluti innlána íslensku bankanna og huga þarf að Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta í því sambandi.“ Síðar er haft eftir Jónínu S. Lárusdóttur að nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins sé að störfum við að skoða stöðu sjóðsins.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði Tryggvi Pálsson: „Mín grunnskoðun er sú að íslensku bankarnir eins og þeir voru byggðir upp, með svona mikilli skuldsetningu, með starfsemi sem var sífellt meira eins og fjárfestingabankastarfsemi, [...] voru berskjaldaðir þegar vindar snerust.“ Tryggvi benti á að þetta ætti sérstaklega við þar sem þeir hefðu haft þá stefnu „að standa með viðskiptavinum sínum, taka þátt með þeim í áhættunni“. Þegar aðstæður breyttust, eins og hann hefði rakið í samantekt sinni á framangreindum fundi samráðshópsins hefði viðskiptalíkanið ekki gengið lengur upp. Þess vegna hefði mátt sjá strax um haustið 2007 „að þeir voru ekki að fá fjármögnun og ef þessar aðstæður mundu ekki breytast þá mundu þeir falla“.

„[Jónas Fr. Jónsson] sagði að lokum að erlend innlán væru orðin meirihluti innlána íslensku bankanna og huga þarf að Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta í því sambandi.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 15. nóvember 2007.

„Það er oft verið að horfa á hvaða steinar voru það í götunni svona á síðustu metrunum sem hinn drukkni datt um. En þetta byrjar á barnum og þetta byrjar þegar þeir fylla sig með öllu þessu fjármagni, fyrst og fremst erlendis frá og lána það út til lengri tíma, síðan fá þeir ekki nýtt fjármagn, þeir ná ekki að selja eignir og þá var leikurinn bara þá þegar raunverulega tapaður í eðli sínu.“

Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
10. mars 2009, bls. 9.

„Sérstaklega er þessi innlánaðlið öll grátleg, því að það kemur fram, strax þegar fundargerðir þessarar samráðsnefndar eru skoðaðar, strax á fyrsta fundi er verið að ræða hvernig Icesave kemur inn í bókhald Landsbankans. Það eru því strax uppi þá, það kemur síðan fram að það þurfi að sjá til þess að þessi innlánaðlið sé í dótturfélögum, ekki í útibúum. Það er vitað að Tryggingarsjóðurinn er engan veginn með bolmagn til þess að tryggja innstæður hér heima hvað þá sem var verið að afla erlendis.“

Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
10. mars 2009, bls. 9.

Í beinu framhaldi sagði Tryggvi: „Það er oft verið að horfa á hvaða steinar voru það í götunni svona á síðustu metrunum sem hinn drukkni datt um. En þetta byrjar á barnum og þetta byrjar þegar þeir fylla sig með öllu þessu fjármagni, fyrst og fremst erlendis frá og lána það út til lengri tíma, síðan fá þeir ekki nýtt fjármagn, þeir ná ekki að selja eignir og þá var leikurinn bara þá þegar raunverulega tapaður í eðli sínu.“⁴⁰

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði Jónas Fr. Jónsson að á framangreindum fundi samráðshópsins hefði hann lagt mikla áherslu á að lög um tryggingarsjóðinn yrðu endurskoðuð því menn yrðu að bregðast við þróuninni sem orðið hefði varðandi innlán á Icesave reikningum Landsbankans.⁴¹ Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefnd Alþingis tók Tryggvi Pálsson undir þessi viðhorf Jónasar. Tryggvi sagði m.a.: „Sérstaklega er þessi innlánaðlið öll grátleg, því að það kemur fram, strax þegar fundargerðir þessarar samráðsnefndar eru skoðaðar, strax á fyrsta fundi er verið að ræða hvernig Icesave kemur inn í bókhald Landsbankans. Það eru því strax uppi þá, það kemur síðan fram að það þurfi að sjá til þess að þessi innlánaðlið sé í dótturfélögum, ekki í útibúum. Það er vitað að Tryggingarsjóðurinn er engan veginn með bolmagn til þess að tryggja innstæður hér heima hvað þá sem var verið að afla erlendis.“⁴²

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Baldur Guðlaugsson beðinn um að gera nánari grein fyrir þeim áhyggjum sem menn hefðu rætt á framangreindum fundi samráðshópsins 15. nóvember 2007. Baldur tók fram að hafa yrdi hugfast að þessar áhyggjur hefðu komið og farið. Það hefðu komið svona rokur öðru hvoru og ekki síst frá Seðlabankanum. Svo hefðu þær bara verið gleymdar á næsta fundi.⁴³

Forsætisráðherra fundar með Hannesi Smárasyni, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Þorsteini M. Jónssyni 16. nóvember 2007

Hinn 16. nóvember 2007 fundaði Geir H. Haarde með Hannesi Smárasyni, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Þorsteini M. Jónssyni. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki undir höndum frekari upplýsingar um þennan fund.

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með forstjóra Glitnis 16. nóvember 2007

Bankastjórn Seðlabanka Íslands fundaði með Lárusi Welding, forstjóra Glitnis, 16. nóvember 2007. Við skýrslutöku sagði Lárus að þetta hefði verið fyrsti fundur sinn með Davíð Oddssyni. Samskipti þeirra hefðu byrjað brösuglega þar sem Davíð hefði greinilega ekki verið ánægður með þróun mála hjá Glitni og hefði dembt því yfir sig. Lárus sagði að sú aðferð hefði hugsanlega virkað vel því fundurinn hefði vakið sig til umhugsunar. Eftir þetta hefðu þeir átt marga fundi og sagðist hann ávallt hafa verið mjög hreinskilinn við Davíð.⁴⁴ Hefði hann gert Seðlabanka Íslands grein fyrir því að unnið væri að því að koma bankanum í „erlenda hlutabréfaeign í dreifðri áhættu“. Samskiptin hefðu batnað jafnt og þétt og hefði hann gert Seðlabanka Íslands grein fyrir því að unnið væri í 13 stórum verkefnum, fyrir utan vinnu við kostnaðar- aðhald. Þannig væri t.d. unnið að verkefni sem nefnt var „Vínlandsverkefnið“

40. Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 10. mars 2009, bls. 9.

41. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. mars 2009, bls. 22.

42. Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 10. mars 2009, bls. 9.

43. Skýrsla Baldurs Guðlaugssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. mars 2009, bls. 16–17.

44. Skýrsla Lárusar Welding fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. mars 2009, bls. 3.

sem fólst í því að skrá og fara í svokallaða aðra skráningu (e. secondary listing). Síðan væri unnið að svokölluðu „Smart-verkefni“ sem fólst í því að reyna að fá stóran erlendan fjárfesti að bankanum. Gagnvart Seðlabankanum hefðu þannig öll spil verið lögð á borðið og spurt: „Hafið þið einhverjar aðrar tilögur eða viljið þið að við gerum hlutina öðruvísi?“⁴⁵

Í drögum Seðlabankans að fundargerð segir m.a.: „Dávíð Oddsson sagði að bankastjórn Seðlabankans hefði vaxandi áhyggjur af stöðunni. Sú óvissa um verð eigna og lausafjárþurrð sem komin er fram gæti staðið lengi. Skuldabæturtryggingarlög eru með allra hæsta móti og svo virðist sem kaup Kaupþings á NIBC ráði miklu um það fyrir íslensku bankana.“ Síðar í skjalinu segir að Dávíð Oddsson hafi lýst áhyggjum sínum af „allri fjármögnun bankanna og þá ekki síður hinum nýju netinnlánunum“.

Skýrsla hagfræðinganna Richards Portes og Friðriks Mús Baldurssonar kemur út 21. nóvember 2007

Í kvöldfréttum ríkissjónvarpsins 21. nóvember 2007 kom fram að Viðskiptaráð Íslands hefði haldið sérstaka kynningu í Bretlandi sama dag. Markmiðið hefði verið að kynna nýja skýrslu dr. Richards Portes og dr. Friðriks Mús Baldurssonar um íslenskt fjármálalíf. Í fréttinni voru eftirfarandi orð höfð eftir Portes: „Að sjálfsögðu eiga menn að vera áhyggjufullir. Það er aldrei gott ef markaðurinn býr við háa stýrivexti fyrir fjárfestingar þínar, það getur dregið úr hagnaði. Ég held að menn ættu ekki að vera áhyggjufullir um grundvallar viðskiptamódel sín. Ég held að þau séu örugg og góð. Þannig að markaðsóróinn er knúinn áfram af misskilningi einhverra greiningaraðila.“ Samkvæmt kvöldfréttum Stöðvar 2 frá 22. nóvember 2007 flutti Geir H. Haarde erindi á fyrrgreindri kynningu.

Í skýrslu Portes og Friðriks, *The Internationalisation of Iceland's Financial Sector*, sem gefin var út á vegum Viðskiptaráðs Íslands, kemur m.a. fram í samantekt: „Most fundamentally, the banks exploit strong competitive advantage, arising from their entrepreneurial management, flat management structures, and unusual and strong business models.“ Síðan segir: „We conclude that the Icelandic economy and financial sector are highly resilient, as shown in their response to the mini-crisis of early 2006 and their stability in the current turmoil. With regard to both the macroeconomic situation and the characteristics and performance of the banks, we consider that the current market premium on Icelandic banks is excessive relative to their risk exposure and in comparison with their Nordic peers. If this is in fact a country risk premium, we think it is not justified by Iceland's economic situation. It is reasonable to expect the CDS spreads (for example) for Icelandic banks to return to more normal levels.“ Loks segir: „Overall, the internationalisation of the Icelandic financial sector is a remarkable success story that the markets should better acknowledge.“

Ársfundur Fjármálaeftirlitsins 27. nóvember 2007

Ársfundur Fjármálaeftirlitsins fór fram 27. nóvember 2007. Í ræðu sinni á fundinum sagði Jónas Fr. Jónsson m.a.: „Fjármálaeftirlitið leggur sérstaka áherslu á að fylgjast með reglum um fyrirgreiðslur til venslaðra aðila. Á síðasta ári setti eftirlitið tilmæli þess efnis að ytri endurskoðendur færu yfir slíkar fyrirgreiðslur og bæru saman við sambærileg viðskipti annarra við-

„We conclude that the Icelandic economy and financial sector are highly resilient, as shown in their response to the mini-crisis of early 2006 and their stability in the current turmoil. With regard to both the macroeconomic situation and the characteristics and performance of the banks, we consider that the current market premium on Icelandic banks is excessive relative to their risk exposure and in comparison with their Nordic peers. If this is in fact a country risk premium, we think it is not justified by Iceland's economic situation.“

Úr samantekt í skýrslu Richards Portes og Friðriks Mús Baldurssonar 21. nóvember 2007.

„Overall, the internationalisation of the Icelandic financial sector is a remarkable success story that the markets should better acknowledge.“

Úr samantekt í skýrslu Richards Portes og Friðriks Mús Baldurssonar 21. nóvember 2007.

45. Skýrsla Lárusar Welding fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. mars 2009, bls. 3–4.

„Óróinn sem nú er á fjármálamörkuðum mun vissulega gera siglinguna framundan vandasamari fyrir bæði fjármálafyrirtækin og eftirlitsaðila og full ástæða er til árvekni. Hins vegar hefur íslenskt fjármálakerfi sýnt að það er í grunninn sterkt og fyrirtækin eru úrræðagóð og viðbragðsfljót þegar á þarf að halda. Viðbrögð íslenskra fjármálafyrirtækja og stjórnvalda á síðasta ári sýndu glöggð hverju markvissar aðgerðir og skýr skilaboð geta skilað.“

Jónas Fr. Jónsson í ávarpi 27. nóvember 2007.

„Alþjóðavæðing íslenskra fjármálafyrirtækja hefur gert þau ónæmari fyrir sveiflum í íslensku efnahagslífi en aftur á móti eru þau nú orðin mun næmari fyrir sveiflum á alþjóðlegum mörkuðum.“

Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins frá nóvember 2007.

skiptavina og gæfu rökstutt álit um það hvort að armslengdarsjónarmið væru virt s.s. m.t.t. til kjara, endursamninga og stöðu viðkomandi. Því miður ollu þær skýrslur sem bárust frá endurskoðendum stærstu fjármálafyrirtækjanna vonbrigðum. Nánast undantekningarlaust voru þær einfaldar yfirlýsingar um að allt væri í lagi en báru ekki með sér að rökstutt mat hefði farið fram. Fjármálaeftirlitið mun sjá til þess að fullnægjandi mat fari fram.“ Loks sagði Jónas: „Það er mín skoðun að með góðum og heilbrigðum stjórnarháttum og auknu gegnsæi geti stjórnendur íslenskra fjármálafyrirtækja lagt grunninn að frekara vaxtarskeiði á íslenskum fjármálamarkaði. Í alþjóðavæddu umhverfi er trúverðugleikinn arðsamasta fjárfestingin. Hann er sjaldan jafndýrmætur og á óróatímum.“

Björgvin G. Sigurðsson ávarpaði einnig fundinn. Björgvin sagði m.a.: „Þannig má segja að Ísland hafi í raun þróast í þá átt að verða alþjóðleg fjármálamiðstöð og er sú þróun meðal annars tilkomin vegna þess frumkvæðisanda sem ríkir meðal stjórnenda og starfsmanna íslenskra fjármálafyrirtækja.“

Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins kemur út í nóvember 2007

Í nóvember 2007 gaf Fjármálaeftirlitið út ársskýrslu sína, *Íslenskur fjármálamarkaður*. Skýrslan nær til tímabilsins 1. júlí 2006 til útgáfumánaðar, þ.e. nóvember 2007. Í skýrslunni er m.a. rætt um þá gagnrýni sem beint hafi verið að bönkunum vegna þess hve innlán væru lítill þáttur í fjármögnun þeirra. Í þessu sambandi segir að frá því í desember 2005 til loka ágúst 2007 hafi sú jákvæða þróun átt sér stað að innlán hafi „nær þrefaldast, um 73% vegna erlendra aðila og 27% vegna innlendra aðila“. Síðan segir: „Ljóst er að með auknum innlánum er fjármögnun bankanna fjölbreyttari en áður. Slík fjármögnun er þó ekki áhættalaus með öllu.“ Síðar í skýrslunni segir: „Alþjóðavæðing íslenskra fjármálafyrirtækja hefur gert þau ónæmari fyrir sveiflum í íslensku efnahagslífi en aftur á móti eru þau nú orðin mun næmari fyrir sveiflum á alþjóðlegum mörkuðum.“

2. fundur starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjárvanda 28. nóvember 2007

Starfshópur Seðlabankans um viðbrögð við lausafjárvanda fundaði 28. nóvember 2007. Í fundargerð kemur fram að Seðlabankinn hafi haldið fund með Fjármálaeftirlitinu og farið yfir veðköll sem áttu sér stað frá 1.–20. nóvember 2007. Um hafi verið að ræða 600 veðköll og aðeins eitt af þeim hafi endað með þvingaðri sölu. Síðan segir að greint hafi verið frá könnun á peningamarkaðssjóðum stærstu viðskiptabankanna þriggja. Í þeirri vinnu hafi komið fram að Sjóður 9 hjá Glitni hafi í október sama ár farið umfram ytri og innri viðmið um hlutfall fjárfestingar í einu félagi, FL Group hf. (ytri 30% og innri 12%). Fjármálaeftirlitinu hafi verið gert viðvart og brugðist við með heimsóknum til bankanna. Hlutfall FL Group hf. í Sjóði 9 hafi verið komið í 10% í nóvember sama ár.

3. fundur starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjárvanda 12. desember 2007

Starfshópur Seðlabankans um viðbrögð við lausafjárvanda fundaði 12. desember 2007. Samkvæmt fundargerð nefndi Tryggvi Pálsson að nú væri kastljósið að beinast að Baugi og þegar væru danskir fjölmiðlar að taka saman tap Baugs. Einnig er haft eftir Tryggva að ef breskir fjölmiðlar fjalli á svip-

uðum nótum um Baug geti afleiðingarnar orðið alvarlegar. Síðan segir að Sýlvía Kristín Ólafsdóttir hafi spurt hvort vitað væri um lántöku Baugs hjá bönkunum. Segir að Perla Ösp Ásgeirsdóttir hafi svarað því til að stærstu áhættuskuldbindingar bankanna liggi fyrir en Fjármálaeftirlitið hafi nánari upplýsingar um einstaka viðskiptamenn.

*Forsætisráðherra fundar með formanni bankastjórnar Seðlabanka Íslands
20. desember 2007*

Geir H. Haarde fundaði með Davíð Oddssyni 20. desember 2007. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki undir höndum frekari upplýsingar um fundinn.

Bankaráð Seðlabanka Íslands fundar 28. desember 2007

Bankaráð Seðlabankans fundaði 28. desember 2007. Í fundargerð kemur fram að Eiríkur Guðnason, seðlabankastjóri, hafi sagt að met hafi verið sett í veðlánnum stofnunarinnar til bankanna „á milli hátíða, 302 milljarðar króna“. Síðan er haft eftir Davíð Oddssyni að bankastjórnin hafi átt fund með bankastjórum viðskiptabankanna. Þá segir í fundargerð: „Í þetta skipti hefði sá fundur verið þannig að allir bankastjórnir hefðu komið í einu en oftast hefðu þeir verið einn og einn á fundi í Seðlabankanum. Það væri allt annar tónn í þeim heldur en áður og þeir segðu að búið væri að skrúfa fyrir ný útlán og stoppa mannaáðningar. Vanskil væru að aukast þó að það kæmi ekki fram í mælingum. Þeir væru áhyggjufullir og spyrðu mikið um lagaskilyrði sem Seðlabankinn hefði fyrir fyrirgreiðslu.“ Í fundargerð segir einnig: „Davíð Oddsson sagði að Seðlabanki Íslands væri lánveitandi til þrautavara og þau lög fjölluðu fyrst og fremst um íslenska banka og það gætu verið lagalegar hindranir á að nota erlendar eignir banka. Mat Seðlabankans væri að ekkert væri í veginum meðan bankinn kysi og til staðar væri lausafjárvandi en það ætti ekki við ef það væri gjaldþrot. Mönnum væri ekki rótt og bankinn væri mjög varkár en varlegast væri að ætla að vandinn stæði alla vega til næsta hausts.“

„Í þetta skipti hefði sá fundur verið þannig að allir bankastjórnir hefðu komið í einu en oftast hefðu þeir verið einn og einn á fundi í Seðlabankanum. Það væri allt annar tónn í þeim heldur en áður og þeir segðu að búið væri að skrúfa fyrir ný útlán og stoppa mannaáðningar. Vanskil væru að aukast þó að það kæmi ekki fram í mælingum. Þeir væru áhyggjufullir og spyrðu mikið um lagaskilyrði sem Seðlabankinn hefði fyrir fyrirgreiðslu.“

Haft eftir Davíð Oddssyni í fundargerð bankaráðs Seðlabanka Íslands 28. desember 2007.

19.3.4 Janúar 2008

Jón Sigurðsson skipaður stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins 1. janúar 2008

Hinn 1. janúar 2008 skipaði Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, Jón Sigurðsson, hagfræðing og fyrrum bankastjóra Norræna fjárfestingarbankans, sem formann stjórnar Fjármálaeftirlitsins. Í skýrslu Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að hann hefði óskað eftir því við þáverandi stjórnarformann að hann léti af störfum svo hann gæti skipað trúnaðarmann sinn í stöðu stjórnarformanns. Eftir að Jón Sigurðsson hefði tekið við stjórnarformennskunni hefði það verið „yfirlýst markmið [Björgvins G. Sigurðssonar] og Jóns Sigurðssonar að ná utan um alvarlegustu kerfisbrestina sem voru okkur ljósir í þessu, sem voru útibú bankanna og starfsemi erlendis sem var ekki dótturfélög“. ⁴⁶ Fram kom hjá Björgvin að þetta hefði ekki gengið þrautalaust fyrir sig. Björgvin sagði: „[...] langstærsta vandamálið, þar sem mesti tíminn fór, á þessum stutta tíma, var að fá Landsbankann til að vinna með okkur í því og þeir þverskölluðust við það að breyta starfseminni yfir. Þeir sögðu: „Ef við förum eftir ýrtruðu fyrirmælum FSA [breska fjármálaeftirlitsins] um það þá setur það bankann á hausinn strax, því við getum ekki

46. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 4 og 29.

fært til fjármagn.⁴⁴⁷ Aðspurður hvort ráðherrar ríkisstjórnarinnar hefðu sett fram einhverjar hugmyndir gagnvart bönkunum um takmörk á stærð þeirra, kvaðst hann ekki minnst þess.⁴⁸

Fundur Fjármálaeftirlitsins og bankastjórnar Seðlabanka Íslands 8. janúar 2008

Bankastjórn Seðlabanka Íslands og fulltrúar Fjármálaeftirlitsins funduðu 8. janúar 2008. Samkvæmt drögum að fundargerð Seðlabankans var rætt um versnandi stöðu íslenskra fjármálafyrirtækja. Fram kemur að einnig hafi verið rætt um símtal sem Davíð Oddsson hefði átt við Hreiðar Má Sigurðsson, forstjóra Kaupþings. Haft er eftir Davíð að Hreiðar Már hafi við það tækifæri sagt: „Við erum ekki eins ríkir og við höldum.“ Ekki er að finna nánari skýringar á ummælunum í drögum að fundargerð.

4. fundur starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjárvanda 9. janúar 2008

Starfshópur Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjárvanda fundaði 9. janúar 2008. Samkvæmt fundargerð var farið yfir bankastjórnarsamþykkt nr. 1097 og breytingar lagðar til. Fram kemur að rætt hafi verið um alvarleika ástands á mörkuðum. Fregnir af Gnúpi fjárfestingafélagi hf. og Exista hf. eru sagðar hafa þýngt róður íslenska fjármálakerfisins. Fram kemur að Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, hafi rætt um fjármögnunarvanda Glitnis en sá banki er sagður vera með „roadshow“ vestan hafs í leit að kaupendum að skuldabréfaútgáfu bankans. Fram kemur að Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans, hafi sett fram hugsanleg úrræði ef til neyðarkalls kæmi frá einum af bönkunum. Því næst er orðrétt haft eftir Sturlu að tæknilega séð geti Seðlabanki Íslands útvegað:

1. 200 milljarða dollara ríkisbréf.
2. Repo-línur (tekur ekki langan tíma að útvega fjármagn).
3. Seðlabanki Íslands á skuldabréf, evrópsk ríkisbréf og „semi-government“ bréf.

Síðan er í fundargerð haft eftir Sturlu að hann telji að á heildina litið geti Seðlabanki Íslands safnað 2–3 milljörðum evra. Haft er eftir Tómasi Erni Kristinssyni, framkvæmdastjóra upplýsingasviðs Seðlabankans, að stofnunin geti lent í þeirri stöðu að lána þurfi gegn óhefðbundnum veðum og þörf sé á faglegri ráðgjöf við verðmat ef taka þurfi óhefðbundin veð. Fram kemur að Tryggvi Pálsson hafi spurt Stefán Svavarsson, endurskoðanda Seðlabankans, hvort hann geti dregið upp lista yfir hugsanlega ráðgjafa til að verðmeta eignir bankanna. Síðan segir að Sýlvía Kristín Ólafsdóttir, forstöðumaður viðbúnaðarsviðs Seðlabankans, muni hafa samband við Stefán og halda utan um þann lista. Því næst segir að Tryggvi Pálsson hafi rætt um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og mikilvægi þess að bankakerfið haldi trúverðugleika til að fyrirbyggja áhlaup á bankana. Haft er eftir Tryggva að framundan sé fundur í samráðshópi stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað þar sem Ingimundur Friðriksson, seðlabankastjóri, hyggist benda ráðuneytisstjórnunum á að hugleiða þurfi hvað sé til bragðs ef hætta skapist á innlánsfári.

47. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 5.

48. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 7.

Viðskiptaráðherra fundar með stjórnarformanni Fjármálaeftirlitsins

9. janúar 2008

Hinn 9. janúar 2008 fundaði Björgvin G. Sigurðsson með Jóni Sigurðssyni. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur hvorki undir höndum fundargerð né minnisblað um fundinn.

5. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað

10. janúar 2008

Hinn 10. janúar 2008 fundaði samráðshópur stjórnvalda. Samkvæmt drögum að fundargerð kom fram í umræðum á fundinum að áhyggjuefni fundarmanna væri ekki síst veik staða stórra hluthafa í bönkunum. Sú staða skapaði neikvætt umtal sem gæti síðar haft áhrif á lánstraust og t.a.m. innlán bankanna erlendis frá. Þá segir í drögnum að rætt hafi verið um lántöku Glitnis sem unnið væri að í Bandaríkjunum. Fram kemur að Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, hafi gert grein fyrir veðköllum og tryggingarþekju í bankakerfinu. Haft er eftir honum að tryggingarþekjan sé að meðaltali um 147% þrátt fyrir lækkanir hlutabréfaverða og það gefi borð fyrir báru. Stóru bankarnir séu með hærra hlutfall en sparisjóðirnir lægra. Fleiri úrlausnarefni en Gnúpur geti komið fram en ættu að verða viðráðanleg. Síðan er haft eftir Jónasi að Fjármálaeftirlitið sé að kalla eftir upplýsingum um vanskil stærstu aðila, markaðsáætту og bundin og óbundin innlán. Því næst segir í drögum að fundargerð að rætt hafi verið um þörfina á því að róa markaðinn og undirbúa viðbrögð við neikvæðum uppgjörum fyrir árið 2007.

Í skýrslu Ingimundar Friðrikssonar, seðlabankastjóra, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að Seðlabankinn hefði átti fundi með bönkunum um þetta leyti þar sem sífellt var verið að hamra á því að hjá Seðlabankanum sæju menn ekki þau merki um minnkun í umsvifum bankanna, sem bankamenn töluðu um. Ekki hefði hægt á útlánavexti í þeim mæli sem bankamenn hefðu sagt að væri hafinn og seðlabankastjórar hefðu þráfaldlega leitað upplýsinga og komið á framfæri viðvörðunum sínum við þessum mikla vexti sem hefði haldið verulega áfram fram á árið 2008.⁴⁹

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með forstjóra Kaupþings

12. janúar 2008

Hinn 12. janúar 2008 fundaði bankastjórn Seðlabankans með Hreiðari Má Sigurðssyni, forstjóra Kaupþings. Í drögum að fundargerð Seðlabankans er haft eftir Hreiðari að hann sjái ekki að skuldatryggingarálög séu að fara að lækka. Fréttir undanfarið af FL Group hf. og Gnúpi fjárfestingafélagi ehf. hafi verið slæmar auk fréttu um að Glitni hefði ekki tekist að afla sér fjár. Af drögum að fundargerð má sjá að rætt hefur verið um fyrirhuguð kaup Kaupþings á NIBC. Fram kemur að Davíð Oddsson hafi spurt Hreiðar hvort það yrði áfall fyrir Kaupþing ef Seðlabankinn segði við Fjármálaeftirlitið að fjármálastöðugleika yrði ógnað með kaupnum. Því næst er haft eftir Hreiðari: „Jákvæð áhrif á hlutabréfaverð og CDS [skuldatryggingarálag] okkar. [...] Neikvætt á „reputation“ Kaupþings. Þurfa þeir að fá FME til að segja þetta.“ Síðar í drögum að fundargerð er haft eftir Hreiðari: „Sama hvaða ákvarðanir verða teknar þá gæti FME vísað í „öflugan og heilbrigðan rekstur Kaupþings“.“ Því næst er haft eftir Davíð: „Má samt ekki rýra lánstraust Kaupþings þess vegna betra að vísa almennt til aðstæðna.“ Því næst er haft eftir Hreiðari: „Við færum ekki í stríð við FME eða SÍ vegna þessa.“

49. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 15.

„Jákvæð áhrif á hlutabréfaverð og CDS [skuldatryggingarálag] okkar. [...] Neikvætt á „reputation“ Kaupþings. Þurfa þeir að fá FME til að segja þetta. [...] Sama hvaða ákvarðanir verða teknar þá gæti FME vísað í „öflugan og heilbrigðan rekstur Kaupþings“.“

Haft eftir Hreiðari Má Sigurðssyni í drögum Seðlabankans að fundargerð 12. janúar 2008.

„Þolum ekki „run“ á Icesave.“

Haft eftir Halldóri J. Kristjánssyni í drögum Seðlabankans að fundargerð 12. janúar 2008.

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með bankastjórum Landsbankans 12. janúar 2008

Hinn 12. janúar 2008 hélt bankastjórn Seðlabanka Íslands fund með bankastjórum Landsbankans. Í drögum að fundargerð Seðlabankans er bókað að Davíð Oddsson hafi lýst áhyggjum af því að Glitnir komi tómhentur frá Bandaríkjunum. Í drögum að fundargerð er einnig haft eftir Halldóri J. Kristjánssyni, bankastjóra Landsbankans: „Þolum ekki „run“ á Icesave.“

Fundur Fjármálaeftirlitsins og bankastjórnar Seðlabanka Íslands 12. janúar 2008

Hinn 12. janúar 2008 var haldinn fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt drögum að fundargerð Seðlabankans var viðfangsefnið kaup Kaupþings á NIBC. Fram kemur að Davíð Oddsson hafi rætt við Hreiðar Má Sigurðsson. Hreiðar hafi sagt að hann hyggi ekki á stríð við Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið. Hann myndi því ræða við Sigurð Einarsson, stjórnarformann Kaupþings.

Drög að nýju frumvarpi um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta 13. janúar 2008

Í viðskiptaráðuneytinu liggja fyrir drög, dags. 13. janúar 2008, að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999 með síðari breytingum. Samkvæmt upplýsingum frá viðskiptaráðuneyti taldi viðskiptaráðherra að ekki væri ráðlegt að leggja frumvarpið fram. Sjá nánari umfjöllun um þetta efni í kafla 17.9.

Fundur forsætisráðherra og fjármálaráðherra með formanni bankastjórnar Seðlabanka Íslands 13. janúar 2008

Hinn 13. janúar 2008 héldu Geir H. Haarde, forsætisráðherra, og Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, fund með Davíð Oddssyni, formanni bankastjórnar Seðlabanka Íslands. Geir lýsti því við skýrslutöku að á fundinum hefði Davíð lýst áhyggjum sínum af stöðu bankanna.⁵⁰ Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki undir höndum frekari upplýsingar um fundinn.

Fundur forsætisráðherra með forsvarsmönnum Glitnis, Kaupþings og Landsbankans 14. janúar 2008

Hinn 14. janúar 2008 fundaði Geir H. Haarde með bankastjórum stóru bankanna þriggja til þess að fá upplýsingar um stöðu bankanna og hvað stjórnendur væru að gera í því að bregðast við ástandinu sem væri að versna á alþjóðlegum mörkuðum. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði Geir m.a.: „Ég hitti þá alla saman, Halldór og Sigurjón klukkan fimm, Lárus og einhvern Alexander frá Glitni klukkan fjögur og Sigurð Einarsson og Hreiðar Má klukkan sjö. Og þá eru menn mjög uppteknir af því að hollenski bankinn sé of stór biti fyrir Kaupþing, fulltrúar hinna bankanna eru það [...] en að öðru leyti bera þeir sig nokkuð vel.“⁵¹

Grein eftir Gylfa Magnússon birtist í Fréttablaðinu 15. janúar 2008

Hinn 15. janúar 2008 birti Fréttablaðið grein eftir Gylfa Magnússon, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands. Í greininni er fjallað um hlutabréfaverð á Íslandi

50. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 39.

51. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 39.

samanborið við önnur lönd. Segir Gylfi að hækkun hlutabréfa hafi að jafnaði ekki verið nærri því jafn mikil í Bandaríkjunum og á Íslandi undanfarin ár. Síðan segir Gylfi: „Það þarf talsverða bjartsýni til að ætla að íslensk hlutafélög geti árum saman skilað miklu hærri raunávöxtun en almennt gerist á öðrum mörkuðum.“ Gylfi telur líklegt að markaðir verði áfram órólegir og segir: „Einn áhættuþátturinn er gengi krónunnar. Ef hún lækkar skarpt mun gífurleg skuldsetning landsmanna í erlendri mynt valda ýmsum búsíðum, hvort sem féð hefur verið nýtt vegna kaupa á hlutafé eða öðru. Nú reynir á efnahagslífið, kunna stjórnendur þess jafn vel að vinna úr þröngri stöðu og vænlegri?“

Fundur forsætisráðherra með forsvarsmönnum Aska Capital 15. janúar 2008

Hinn 15. janúar 2008 fundaði Geir H. Haarde með Karli Wernerssýni, stjórnarformanni Milestone ehf., og Tryggva Þór Herbertssýni, forstjóra Aska Capital. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki undir höndum frekari upplýsingar um fundinn.

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands og Glitnis 15. janúar 2008

Bankastjórn Seðlabankans fundaði með fulltrúum Glitnis 15. janúar 2008. Í drögum að fundargerð Seðlabankans segir að rætt hafi verið um fjármögnunarferð (e. roadshow) Glitnis sem ekki hafi gengið vel. Haft er eftir fulltrúa Glitnis að vinda þurfi ofan af vantrausti á Íslandi og íslensku bönkunum. Haft er eftir Alexander Guðmundssýni, starfsmanni Glitnis, að fyrirhuguð kaup Kaupþings á NIBC séu slæm. Síðar er haft eftir Lárusi Welding: „Sterk persónuleg skoðun mín að við förum ekki lengra í skuldsettum yfirtökum.“ Síðar er haft eftir Davíð Oddssýni: „Tvíbent að efla gjaldeyrisvarasjóð. Betra að halda að sér höndum en skaða.“ Í drögum Seðlabankans að fundargerð er einnig haft eftir Alexander Guðmundssýni: „Sækjum innlán á viðkvæmum mörkuðum. Menn þurfa að vera viðbúnir að svara hvernig háttað er innlánatryggingu.“ Ekki er að sjá af drögum að fundargerð að þessum ummælum hafi verið svarað.

Viðtal við forstjóra Fjármálaeftirlitsins í Markaðsfréttum Stöðvar 2 15. janúar 2008

Hinn 15. janúar 2008 lét Jónas Fr. Jónsson m.a. eftirfarandi ummæli falla í viðtali í Markaðsfréttum Stöðvar 2: „Ég held að í svona þessu árferði að það sé mjög mikilvægt að halda ró sinni. Menn þurfa að greina tímabundna erfiðleika frá svona lengri tíma vandamálum og í dag eins og ég hef kannski verið að fjalla um eru undirstöður bankanna almennt traustar. Afkoma þeirra hefur verið góð síðustu árin og jafnvel þó við tökum þessar óreglulegu, innan gæsalappa, fjármagnstekjur frá og lítum eingöngu á arðsemina af kjarnastarfsemi þá standast bankarnir alveg fyllilega samanburð við norræna banka og eiginfjárlutföll eru mjög sterk, þeir geta staðist veruleg áföll og flestir þættir í útlánaáhættu eru ágætlega dreifðir og markaðsáhættu er mætt með hærri eiginfjárlutfalli. Nú, veðköll og tryggingaþekja bankanna vegna hlutabréfalána, þeir sýna að verkferlar eru virkir og almennt sé gætt að taka tryggingar fyrir lánið og síðan ef menn eru að einblína mikið á gengi hlutabréfa sem kannski svona menn eiga ekkert að gera allt of mikið. Alla vega ekki frá degi til dags að þá hefur það ekkert lækkað í neinu ósamræmi við gengi fjármálafyrirtækja í löndunum í kringum okkur.“

„Menn þurfa að greina tímabundna erfiðleika frá svona lengri tíma vandamálum og í dag eins og ég hef kannski verið að fjalla um eru undirstöður bankanna almennt traustar. Afkoma þeirra hefur verið góð síðustu árin og jafnvel þó við tökum þessar óreglulegu, innan gæsalappa, fjármagnstekjur frá og lítum eingöngu á arðsemina af kjarnastarfsemi þá standast bankarnir alveg fyllilega samanburð við norræna banka og eiginfjárlutföll eru mjög sterk, þeir geta staðist veruleg áföll og flestir þættir í útlánaáhættu eru ágætlega dreifðir og markaðsáhættu er mætt með hærri eiginfjárlutfalli. Nú, veðköll og tryggingaþekja bankanna vegna hlutabréfalána, þeir sýna að verkferlar eru virkir og almennt sé gætt að taka tryggingar fyrir lánið og síðan ef menn eru að einblína mikið á gengi hlutabréfa sem kannski svona menn eiga ekkert að gera allt of mikið. Alla vega ekki frá degi til dags að þá hefur það ekkert lækkað í neinu ósamræmi við gengi fjármálafyrirtækja í löndunum í kringum okkur.“

Jónas Fr. Jónsson í sjónvarpsviðtali 15. janúar 2008.

„Ingimundur [Friðriksson, seðlabankastjóri,] varpaði fram þeirri spurningu hvernig stjórnvöld myndu bregðast við fjármálaáfalli. Hann taldi það ekki lengur fjarstæðukenndan möguleika.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 15. janúar 2008.

„Það er í fyrsta lagi gjaldþrot eða nánast gjaldþrot fyrirtækis, sem enginn hafði nokkurn tíma eiginlega heyrt nefnt, það hét Gnúpur og hefur borið á góma hér, og fjármál þess voru leyst í samningum á milli bankanna en upplýsingamiðlun í tengslum við þá gjörð alla mistókst einhvern þannig að þetta varð að stórmáli úti í heimi. Maður las um Gnúp á síðum allra stórblaða heims þarna í nokkra daga, jafnvel vikur á eftir, þetta var alveg furðulegt mál. Ég átti einhvern tíma í förum mínum einblöðung frá stórum banka úti í heimi um Ísland þar sem orðið Gnúpur kom fyrir átta sinnum í þeirri umfjöllun, fyrirtæki sem var ekki neitt neitt. En þetta skapaði mjög vonða mynd þarna á þessum tíma úti í heimi, algjörlega eiginlega að tilefnislausu á þeim tíma.“

Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 15.

6. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 15. janúar 2008

Hinn 15. janúar 2008 fundaði samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Samkvæmt drögum að fundargerð greindi Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, frá fundi forsætisráðherra með forstjórum bankanna. Haft er eftir Baldri Guðlaugssyni, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis, að mestar áhyggjur virðist vera af yfirtöku Kaupþings á NIBC. Einnig sé vandi í fjármögnun Glitnis. Síðan segir að Jónas Fr. Jónsson hafi rætt um strangt álagspróf sem Fjármálaeftirlitið hafi nýlega gert en þrátt fyrir róttækar forsendur hafi allir bankarnir verið yfir 8% eiginfjárviðmiði. Fram kemur að Tryggvi Pálsson hafi afhent samantekt frá Seðlabankanum um kerfislegt mikilvægi íslenskra fjármálafyrirtækja m.t.t. hlutdeildar í eignum, skuldum, greiðslukerfum og viðskiptum á hlutabréfa-, skuldabréfa-, milli-banka- og gjaldeyrismarkaði. Einnig segir að Tryggvi hafi afhent minnisblað um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta sem framkvæmdastjóri sjóðsins hafi tekið saman. Þar segir að í árslok 2007 hafi heildareignir sjóðsins numið 8,3 milljörðum króna auk útistandandi ábyrgðaryfirlýsinga að fjárhæð 657 milljónir króna. Síðan segir að Ingimundur hafi varpað fram þeirri spurningu hvernig stjórnvöld myndu bregðast við fjármálaáfalli. Fram kemur að hann telji slíkt áfall ekki lengur fjarstæðukenndan möguleika.

Í skýrslu Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að það hefði einkum verið þrennt sem hefði verið ofarlega í hugum manna á þessum tíma. Það hefðu í fyrsta lagi verið áform Kaupþings um að kaupa hollenska bankann NIBC sem menn hefðu haft miklar áhyggjur af. Það hefðu einnig verið fjárhagsvandræði Gnúps, en það var fyrirtæki sem „enginn hafði nokkurn tíma eiginlega heyrt nefnt“. Vandamál þess hefðu verið leyst í samningum á milli bankanna en upplýsingamiðlun í tengslum við þá aðgerð hefði mistekist þannig að þetta hefði orðið að stórmáli erlendis: „Maður las um Gnúp á síðum allra stórblaða heims þarna í nokkra daga, jafnvel vikur á eftir, þetta var alveg furðulegt mál. Ég átti einhvern tíma í förum mínum einblöðung frá stórum banka úti í heimi um Ísland þar sem orðið Gnúpur kom fyrir átta sinnum í þeirri umfjöllun, fyrirtæki sem var ekki neitt neitt. En þetta skapaði mjög vonða mynd þarna á þessum tíma úti í heimi, algjörlega eiginlega að tilefnislausu á þeim tíma.“⁵² Við þetta bættist að fáeinum dögum seinna, á sama tíma og fjallað var um Gnúp í útlöndum, þá fóru fyrirsvarsmenn Glitnis í ferðalag til Bandaríkjanna í svokallað „roadshow“ með miklum tilkynningum. „Það var alla vega töluverð umfjöllun í kringum það að þeir væru þarna komnir til að ná í svo og svo mikla peninga sem síðan skilaði akkúrat engu. Þannig að þegar mesta Gnúpsumfjöllunin [var] kannski um garð gengin þá dettur inn þessi umfjöllun um Glitni og algjörlega misheppnaða fjárföflunarferð Glitnis til Bandaríkjanna.“ Sagði Ingimundur að í kjölfarið á þessum tveimur atburðum hefðu skuldatryggingarálögin á bankana hækkað og aðgengið að öllum mörkuðum augljóslega versnað til muna.⁵³

Fundur utanríkisráðherra og viðskiptaráðherra með stjórnarformanni Fjármálaeftirlitsins 15. janúar 2008

Björgvin G. Sigurðsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra, funduðu með Jóni Sigurðssyni 15. janúar 2008. Samkvæmt minnisblaði

52. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 15.

53. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 15 og 21.

Ingibjargar Sólrúnar var m.a. rætt um að of mikil vensl væru á lánamarkaði. Fram kemur að bankarnir eigi að geta staðið af sér óveður. Síðan segir að rætt hafi verið um kaup Kaupþings á NIBC. Segir að fundarmenn hafi verið sammála um að kaupin væru Kaupþingi ofviða. Síðan segir: „Jón Sigurðsson mun skoða hvað hann getur gert sem formaður stjórnar FME.“

Í skýrslu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis útskýrði hún fundarefni þessa fundar á eftirfarandi hátt: „Já, þetta var nú svona til að fylgja því eiginlega eftir að Jón væri að byrja sem formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins og það sem voru kannski áhyggjur okkar var þessi yfirtaka Kaupþings á hollenska bankanum NIBC [...] að þetta væri alveg gríðarlega stór biti og hættulegur fyrir íslenska fjármálakerfið og það yrði með einhverjum ráðum að koma í veg fyrir það að þetta gengi eftir, spurningin var bara hvernig það væri hægt. Mig minnir að umræðan hafi verið að í sjálfu sér væru formlegar heimildir til að koma í veg fyrir þetta mjög takmarkaðar en það sem hugsanlegt væri, væri að Jón beitti sér fyrir því að annaðhvort stjórnin eða Fjármálaeftirlitið, ég man ekki hvort heldur það var, skrifaði einhverja álitserð eða einhvers konar bréf þar sem væri svona sent út eitt-hvert signal um það að þetta yrði ekki samþykkt af Fjármálaeftirlitinu til þess að þetta gæti einhvern veginn gengið til baka án þess að það yrði formlega stoppað – þetta var aðalræðan á þeim fundi.“⁵⁴

Í bréfi Björgvins G. Sigurðssonar til rannsóknarnefndar Alþingis 24. febrúar 2010 kemur fram að hann hafi beitt sér með óformlegum hætti fyrir því að Fjármálaeftirlitið hafnaði beiðni Kaupþings banka hf. um leyfi til þess að yfirtaka NIBC.

Glitnir hættir við fyrirhugað skuldabréfaútbod í janúar 2008

Í kvöldfréttum ríkissjónvarps 17. janúar 2008 var rætt um lausafjárstöðu Glitnis. Lárus Welding, forstjóri bankans, sagði við fréttamann: „Við stöndum vel. Staða bankans er mjög sterk. Eins og komið hefur fram þá ákváðum við að sækja okkur ekki fé á markaði á þessum tímapunkti. Það var gert í samráði við þá banka sem unnu með okkur í þessu verkefni en bankinn býr yfir um 6 milljörðum evra eða 600 milljörðum íslenskra króna af lausu fé og endurfjármögnun okkar á þessu ári er kannski um helmingur af þeirri fjárhæð. Nú aðgerðir Seðlabanka nýverið, styrkja síðan þá lausafjárstöðu enn frekar, þannig að við erum í traustri stöðu.“

„Við stöndum vel. Staða bankans er mjög sterk. Eins og komið hefur fram þá ákváðum við að sækja okkur ekki fé á markaði á þessum tímapunkti. Það var gert í samráði við þá banka sem unnu með okkur í þessu verkefni en bankinn býr yfir um 6 milljörðum evra eða 600 milljörðum íslenskra króna af lausu fé og endurfjármögnun okkar á þessu ári er kannski um helmingur af þeirri fjárhæð.“

Lárus Welding í sjónvarpsviðtali 17. janúar 2008.

5. fundur starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjávanda 23. janúar 2008

Starfshópur Seðlabankans um viðbrögð við lausafjávanda fundaði 23. janúar 2008. Í fundargerð kemur fram að Sturla Pálsson hafi sagt frá skörpu falli hlutabréfavísitölnunnar síðastliðna daga. Síðan segir að Tryggvi Pálsson hafi sagt frá því að lánasérfræðingar innan Landsbankans séu í vandræðum og hafi aldrei verið jafn skelkaðir og á mánudaginn (21. janúar 2008). Búið sé að skera á lánalínur bankans. Fyrirhugað útbod Glitnis hafi ekki gengið eftir. Glitni hafi ekki heldur tekist að selja sértryggt skuldabréf hjá BN í Noregi að upphæð einum milljarði evra en bréfin hafi verið AAA og repo-hæf hjá Seðlabanka Evrópu. Hvað varði Kaupþing þá séu kaupin á NIBC í kastljósinu. Svo virðist sem helsta ástæðan fyrir háu skuldatryggingarálagi séu kaupin á NIBC. Í fundargerð segir að velt hafi verið upp þeirri stöðu sem upp geti komið ef

54. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 3.

kaupin gangi ekki eftir. Fram kemur að Tryggvi Pálsson hafi greint frá því að hafi sé vinna við samningu frumvarps um breytingu á Tryggingarsjóði innstæðueigenda. Sjóðurinn sé mjög veikur og ekki sé gott að vekja athygli á því að svo stöddu. Síðan segir að skjalið „Ljóti listinn“ hafi verið lagt fram. Fram kemur að Tryggvi Pálsson hafi lagt áherslu á að farið verði í þá vinnu að gera Seðlabankann „sjókláran“ ef allt fari á versta veg.

Drög 17. janúar 2008

Ljóti listinn

Ljóti listinn er samantekt þeirra aðfinnsla og neikvæðrar umfjöllunar um íslenskt fjármálakerfi sem birst hafa í erlendra umfjöllun á síðustu vikum:

1. **Skuldatryggingarálag bankanna hefur stóruð.**
 - a. Tvísýnt er um hvort að bankarnir geti fjármagnað sig á þessum kjörum – hversu lengi halda þeir út? (Morgan Stanley).
 - b. Samsetning skulda viðskiptabankanna, þ.e. reiða sig mjög mikið (e. exposed) á markaðsfjármögnun en ekki nægilega á innlánaöflun og annars konar stöðuga fjármögnun.
 - c. Helsta ástæðan að baki háu CDS-álagi bankanna er skuldsetning íslensku bankanna (samkvæmt Mat Olausson hjá SEB). Þegar viðskiptahalli Íslands er svo mikill líta aðstæður á lánamörkuðum illa út fyrir Ísland (Lars Christensen, Danske Bank).
2. **NIBC og áhættusækni Kaupþings.** Ein ástæða að baki háu skuldatryggingarálagi bankanna er tímasetning á samruna NIBC og Kaupþings.
 - a. **Áhættusamir skuldavafningar** (e. structured exposures). Óttast er að áhætta vegna skuldavafninga, (ABS, SCO, SIVs og conduits) sem voru í eigu NIBC sé enn til staðar (Credit Sights).
3. **Kross-eignatengsl.** Vandamál hjá einu fyrirtæki getur valdið vandamáli hjá öðru. Afdrif Gnúps höfðu neikvæð áhrif og juku trú á að fleiri eignarhaldsfélög lendi í svipuðum vanda. Fylgst er með aukningu veðkalla hjá bönkunum. (Morgan Stanley, Credit Sights).
4. **Skarpt fall og aukið flókt á hlutabréfamarkaði.**
 - a. Talið muni fæla fjárfesta frá krónubréfaútgáfu. (Enn sem komið er virðist krónubréfaútgáfa hafa haldið velli.)
 - b. Auknar áhyggjur af fjárhagslegu heilbrigði fjármálafyrirtækja.
5. **Ísland talið berskjaldað gagnvart óróa á alþjóðamörkuðum.**
 - a. Jafnvel meira en Rúmenía, Búlgaría, Kazakstan og Eystrasaltslöndin (Danske Bank), Ísland talið upp í þessum hópi.
 - b. Áhætta vegna Kaupþings smitast á hina banka tvo, „íslensk áhætta.“ Vandamál eins banka talin mundu hafa mikil áhrif á hina tvo vegna eignatengsla á íslenskum fjármálamarkaði. Íslenskir bankar stimplaðir sbr. „...“ umfjöllun Morgan Stanley „Kaupþing is... well... Icelandic.“
 - c. Skuldatryggingarálag íslenska ríkisins hækkar gríðarlega vegna stöðu bankanna og möguleika að gæti reynt á hlutverk þess sem lánveitanda til þrautavara (e. LOLR). Eru bankarnir orðnir „Too Big To Save?“

Fundur bankaráðs Seðlabanka Íslands 24. janúar 2008

Í fundargerð bankaráðs Seðlabanka Íslands frá 24. janúar 2008 er bókað eftir Davíð Oddssyni að skuldatryggingarálag bankanna hafi hækkað mjög mikið, t.d. sé álagið á Kaupþing komið í 580. Þetta þýði í raun að bankarnir fái hvergi lán. Þetta ástand sé búið að vara í þrjá til fjóra mánuði og það stýttist í að einhver vandamál geti farið að láta á sér kræla. Það bæti ekki málið að eigendur Glitnis, FL Group, og Exista hf. í Kaupþingi eigi í ákveðnum erfiðleikum.

Samráðsfundur Fjármálaeftirlitsins og bankastjórnar Seðlabanka Íslands 24. janúar 2008

Bankastjórn Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið héldu samráðsfund 24. janúar 2008. Samkvæmt drögum að fundargerð Seðlabankans var farið yfir þá vinnu sem unnin hafði verið að undanförunni í „viðbúnaðarundirbúningi“. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að viðlagahópur Fjármálaeftirlitsins hafi verið virkjaður í nóvember 2007.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Davíð Oddsson spurður að því hvort Seðlabankinn hefði litið á það sem raunverulega hættu að kerfisáfall gæti orðið hér á landi frá byrjun ársins 2008. Hann svaraði með eftirfarandi orðum: „Já, því þegar við förum að setja saman áfallalínurnar 24. janúar, þá kemur fram í gögnunum að við teljum nánast óhjákvæmilegt nema – auðvitað vorum við alltaf með þær vonir – nema allt mundi batna í heiminum, allir markaðir mundu opnast aftur [...] og jólasveinarnir mundu mæta á vettvang með poka, peningapoka, að en ef það gerðist ekki, af því að þetta var í mínum huga svo kristalsklárt, það vantaði 44 milljarða evra á þremur árum. Ef það væri lokað þá héngi yfir okkur þetta sverð. Mér fannst þetta alltaf svo kristalsklárt en það fannst ekki endilega öllum öðrum.“⁵⁵

„Já, því þegar við förum að setja saman áfallalínurnar 24. janúar, þá kemur fram í gögnunum að við teljum nánast óhjákvæmilegt [að það verði kerfisáfall] [...] þetta var í mínum huga svo kristalsklárt, það vantaði 44 milljarða evra á þremur árum.“

Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. ágúst 2009, bls. 25.

Ef allt fer á versta veg í lausafjárstöðu bankanna

Fjármálasvið [Seðlabanka Íslands], janúar 2008.

Vinnudrög, SI-38745

[...]

Ágrip

Fjármálasvið tók saman stutta greiningu á stöðu stærstu viðskiptabankanna þriggja miðað við væntanlegar endurgreiðslur og lausafjárstöðu þeirra. Lausafjárstaða bankanna var framreiknuð miðað við svartsýnustu forsendur. Einnig voru teknir saman nokkrir punktar um hugsanlegar aðgerðir Seðlabankans.

Endurgreiðsluferlar markaðsfjármögnunar og lausafjárstaða samstæðu bankanna

Helstu niðurstöður greiningarinnar eru þær að ef gert er ráð fyrir verstu aðstæðum gefur lausafjárstaða Glitnis, Kaupþings og Landsbankans þá mynd að þeir geti staðið skil á skuldum út janúar (Glitnir) og hins vegar út febrúar (Kaupþing og Landsbankinn). Tekið skal fram

55. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. ágúst 2009, bls. 25.

að þetta er mjög svartsýnn framreikningur þar sem forsendur matsins eru:

- Ekkert aðgengi að lánalínum.
- Gert er ráð fyrir að hreinar vaxtatekjur jafnist á móti rekstrarkostnaði bankans.
- Engin sala á skráðum hlutabréfum, en ætla má að þessi liður myndi ekki hafa afgerandi áhrif á lausafjárstöðu.
- Frádrag af skráðum skuldabréfum er 5%.
- Innlán á gjalddaga eru með 25% frádragi nema hjá Glitni en þá er gert ráð fyrir 20% frádragi af hluta innlánaðsins, en sá hluti er ekki gefinn upp sérstaklega.
- Ekki er gert ráð fyrir vexti bankanna.
- Ekki er gert ráð fyrir afborgunum af útlánum í útlánasafni bankans.
- Ekki er í öllum tilvikum nægilegar upplýsingar fyrir hendi, gert er ráð fyrir að afborganir gangi upp í greiðslu annarra skulda bankanna en markaðsskulda.

Lækkun lánsþæfismats

Gífurlega hátt skuldatryggingarálag á útgáfur íslensku bankanna og hækkun á líkum á væntu gjaldfalli skv. Moody's KMV gagnagrunninum gætu verið vísbendingar um yfirvofandi lækkun lánsþæfismats íslensku bankanna.

Lausafjárstaða móðurfélaga bankanna

Samkvæmt lausafjaryfirlitum fyrir móðurfélögin sem skilað er mánaðarlega til Seðlabanka Íslands eiga bankarnir allir lausar eignir umfram skuldir næsta mánuð og næstu þrjá mánuði.

Ef álag er lagt á þetta hlutfall og vægi ýmissa eignaliða lækkað auk þess sem gert er ráð fyrir auknu hlutfalli af innlánaðsins sem þarf að vera hægt að greiða innan mánaðar, þá kemur í ljós að Kaupþing og Landsbankinn standast það álag vel en Glitnir á eignir umfram skuldir næsta mánuð en ekki næstu þrjá mánuði. Glitnir stenst því ekki lágmark lausafjærhlutfalls skv. reglum Seðlabankans og þyrfti þá að beita bankann viðurlögum í formi dagsekta.

Álag á lausafjárstöðu bankanna fólst einnig í því að meta helstu áhættuþætti hvers banka fyrir sig og kanna samspil þeirra. Vegna aðstæðna á mörkuðum voru markaðsbréf og liðir utan efnahags, s.s. ónýttar lánalínur látnar rýrna og áhrif þess á bankana könnuð. Í tilviki Landsbankans eru innlán mjög stór skuldaliður. Því voru könnuð áhrif viðnáms lausafjárstöðunnar á rýrnun innlána.

Niðurstaða þessara prófa var að lausafjærhlutfall Kaupþings og Landsbankans stóðst álagið vel en lausafjárstaða Glitnis fer niður fyrir leyfileg mörk við lækkun á virði markaðsbréfa og lánalína.

Kannað var gróflega hvort smitleiðir gætu myndast vegna krafna bankanna á aðrar innlendar lánastofnanir. Svo virðist vera að smitáhrif þá leið séu hverfandi lítil. Smit sem hefur áhrif á bankana kæmi hins vegar frekar fram í gegnum greiðslukerfin eða sem ímyndaráfall fyrir íslensku bankana í heild. Næsta skref í frekari vinnu væri að kanna smitleið í gegnum greiðslukerfi.

[...]

Líkt og að framan greinir var Glitnir farinn að falla á lausafjárprófum Seðlabankans í janúar 2008. Þau gögn sem rannsóknarnefnd Alþingis hefur undir höndum gefa til kynna að ekki hafi verið haft samband við Glitni fyrr en í maí sama ár vegna þessa máls. Í kjölfarið breytti Glitnir lausafjárskýrslum sínum og stóðst í framhaldinu lausafjárpróf Seðlabankans, sbr. umfjöllun hér á eftir um fund Seðlabankans með Glitni 22. maí 2008.

6. fundur starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjávanda 29. janúar 2008.

Starfshópur Seðlabankans um viðbrögð við lausafjávanda fundaði 29. janúar 2008. Í fundargerð kemur fram að Kaupþing hafi hætt við kaup á NIBC. Einnig segir að Sturla Pálsson hafi greint frá helstu atriðum fréttatilkynningar Moody's um að láns hæfiseinkunn íslensku bankanna hefði verið tekin til endurskoðunar. Helstu ástæður endurskoðunarinnar séu léleg arðsemi, viðskiptalíkan bankanna og hversu háðir þeir séu fjárfestingarbankastarfsemi á áhættusömum markaði. Fram kemur að Moody's hyggist birta niðurstöður sínar innan mánaðar. Í fundargerðinni segir einnig að Tryggvi Pálsson hafi greint frá því að eins milljarðs evra útboð sértryggðra skuldabréfa hafi mistekist hjá Glitni. Glitnir muni hins vegar tilkynna um eins milljarðs evra lánalínu til fimm ára sama dag. Ef dregið verði á hana þá verði það á markaðskjörum. Í þessu samhengi telur rannsóknarnefnd Alþingis rétt að halda því til haga að umrædd lánalína var frá Deutsche Bank en hún miðaðist ekki við markaðskjör heldur var lánveitandanum í raun veitt sjálfðæmi um kjörin. Síðar í fundargerð segir að Sýlvía Kristín Ólafsdóttir hafi spurt hversu tryggjar samningsbundnar lánalínur séu í raun. Þá er haft eftir Sturlu Pálssyni að auðvelt sé að loka á slíkar línur ef svo beri undir. Í fundargerðinni kemur fram að fjármálasvið Seðlabankans hafi útbúið samantekt varðandi lausafjárstöðu bankanna og nefnist skjalið „Ef allt fer á versta veg í lausafjárstöðu bankanna“. Síðan segir að Tryggvi Pálsson hafi nefnt að gengi krónunnar geti farið í niðursveiflu og það þurfi að huga að fleiri þáttum en jöklabréfum, t.d. O/N stöðu á íslensku krónunni. Heildarstöðutaka erlendra aðila sé sögð 800–900 milljónir evra en útistandandi jöklabréf séu um helmingur þessarar fjárhæðar.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis ræddi Tryggvi Pálsson um niðurstöðuna úr framangreindri samantekt: „Og álagsprófið sem Glitnir ekki stenst. Reyndar er það að það er hægt að gera þau með mismunandi hætti og misalvarleg áföll en í þessum tilvikum var Glitnir veikastur miðað við þær forsendur sem við gáfum okkur, ef við gáfum okkur þær forsendur að innlán myndu renna út þá var Landsbankinn langveikastur. Allan þennan tíma standast bankarnir lausafjárreglur Seðlabankans en þeir standast ekki forsendur um útlæði skammtímalána og útlæði innlána. Við vissum að hættan og það var strax augljóst í nóvember 2007 og ýmis gögn sem komu eftir það lít ég á sem staðfestingu á þessari hættu og ekki það að þau hafi breytt, alla vega minni mynd af því hvað var að gerast. Það er þó ekki þannig að þegar Sýlvía gengur frá niðurstöðum sínum í álagsprófinu að það sé að opinberast eitthvað nýtt fyrir mann. Það var alveg klárt að þeir voru í þessari hættu og það máttu allir vita sem höfðu tekið þátt í erfiðleikunum 2005, 2006, að banki sem fær ekki endurfjármögnun mun ekki lifa.“⁵⁶

56. Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 10. mars 2009, bls. 20.

„En vandinn var sá [...] hvað átti að gera? Hvaða úrræði hafði ríkið? Ef við gefum okkur það að við höfum vitað það þarna eða í ársbyrjun 2008 að þetta myndi allt fara til andskotans, hvað áttum við að gera? Það voru engin úrræði [...]“

Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
2. júlí 2009, bls. 36.

„Efnahagsaðstæður eru þannig, og er það dregið mjög skýrt fram, að ekki er nein sérstök hætta á ferðum hérlendis jafnvel þótt kæmi til alvarlegrar fjármálakreppu sem þó er talið ólíklegt. Einnig er bent á að fjárhagsstaða bankanna sé traust þrátt fyrir þá erfiðleika sem nú eru á fjármagnsmörkuðunum og það sjáum við líka í þeim uppgjörum sem birt hafa verið á síðasta sólarhring. Ég tel mjög mikilvægt að þetta komi fram, virðulegi forseti.“

Geir H. Haarde í ræðu sinni á Alþingi 29. janúar 2008 um nýútkomna skýrslu Moody's.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýsti Geir H. Haarde því að honum hefði ekki verið kunnugt um að Glitnir væri byrjaður að falla á lausafjárprófum Seðlabankans í janúar 2008.⁵⁷ Um viðbrögð við vandanum í upphafi ársins 2008 sagði Geir: „En vandinn var sá [...] hvað átti að gera? Hvaða úrræði hafði ríkið? Ef við gefum okkur það að við höfum vitað það þarna eða í ársbyrjun 2008 að þetta myndi allt fara til andskotans, hvað áttum við að gera? Það voru engin úrræði, það var náttúrulega hægt að reyna að fá peninga að láni og ætla síðan að kasta þeim á eldinn, gjaldeyrisvarasjóðnum, eins og var beðið um. Ég er alveg viss um það [...] að þegar Glitnir bað um sína miklu lánsupphæð þarna í septemberlok að ef þeir hefðu fengið það lán þá hefði því verið kastað á glæ.“⁵⁸

Ummæli forsætisráðherra um skýrslu Moody's við umræður á Alþingi 29. janúar 2008

Í ræðu á Alþingi hinn 29. janúar 2008 fjallaði Geir H. Haarde um skýrslu Moody's sem gefin hafði verið út fyrr í mánuðinum. Geir sagði: „Þar stendur hins vegar að ef bankarnir færu úr landi mundi sú óbæina ábyrgð sem talin er hvíla á ríkissjóði vegna starfsemi þeirra minnka, og það er vissulega rétt. Með sama hætti mætti segja að sú ábyrgð mundi minnka verulega ef bankarnir hættu starfsemi sinni. Það er ekki aðalatriðið í skýrslunni. Það sem hv. þingmaður [Illugi Gunnarsson] dró fram úr skýrslunni skiptir verulegu máli. Efnahagsaðstæður eru þannig, og er það dregið mjög skýrt fram, að ekki er nein sérstök hætta á ferðum hérlendis jafnvel þótt kæmi til alvarlegrar fjármálakreppu sem þó er talið ólíklegt. Einnig er bent á að fjárhagsstaða bankanna sé traust þrátt fyrir þá erfiðleika sem nú eru á fjármagnsmörkuðunum og það sjáum við líka í þeim uppgjörum sem birt hafa verið á síðasta sólarhring. Ég tel mjög mikilvægt að þetta komi fram, virðulegi forseti.“

Kaupþing fellur frá kaupum á hollenska bankanum NIBC 30. janúar 2008

Hinn 30. janúar 2008 greindi Kaupþing frá því í fréttatilkynningu að fallið hefði verið frá kaupum á hollenska bankanum NIBC.

Í skýrslu Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, hefði hringt í sig út af þessu og hefði verið „mjög áfram“ um að Fjármálaeftirlitið benti á að þessi kaup gætu orðið bankanum að falli.⁵⁹ Í skýrslu Sigurðar Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að hann hefði rætt málið við Björgvin G. Sigurðsson í síma. Sigurður sagði að forsvarsmenn Kaupþings hefðu undir lok ársins 2007 verið að vonast til þess að Fjármálaeftirlitið tæki saman skýrslu þar sem það legðist gegn kaupunum þar sem aðstæður hefðu versnað svo mjög á mörkuðum frá því að kaupin voru gerð. Það hefði Fjármálaeftirlitið hins vegar ekki gert. NIBC hefði að langstærstum hluta verið fjármagnaður á heildsölumarkaði og því ljóst að það hefði gert fjármögnunarbyrði hins sameinaða banka miklu þyngri. Loks hefði síðan náðst samkomulag við seljandann um að kaupin gengju ekki eftir.⁶⁰

Aðspurður um það af hverju fallið var frá kaupunum á NIBC svaraði Hreiðar Már Sigurðsson við skýrslutöku: „Þetta, sem sagt, opinbera

57. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 38.

58. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 36.

59. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. maí 2009, bls. 13.

60. Skýrsla Sigurðar Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 8. júlí 2009, bls. 25–26.

skýringin sem var gefin út var sú að aðilar hefðu sammælt um þetta, við og J.C. Flowers og teldum að það væri hagkvæmast fyrir báða aðila, en Fjármálaeftirlitið íslenska spilaði stóran hlut í því [...] ég var í miklum samskiptum við Jónas Friðrik í þessu ferli og þeir gáfu svona ákveðinn tíma til að fara í gegnum þetta og skoða þetta, náttúrulega þróunin var mjög neikvæð á þessum tíma og skilaboðin sem að Fjármálaeftirlitið gaf J.C. Flowers var að þeim litist ekki mjög vel á þetta og það má segja að við höfum ekkert, við grétum það ekki. “Aðspurður um hvort málið hefði verið rætt við bankastjóra Seðlabankans svaraði Hreiðar: „Já, ég ræddi þetta við þá. [...] Ég leit nú svo á að Jónas Friðrik hafi nú verið sá maður sem skipti máli í þessu ferli og það voru í sjálfu sér samskipti mín við Jónas Friðrik sem skiptu miklu meira máli heldur en að, en ég upplýsti Seðlabankann um það hvað væri í gangi. Og þarna og já.“⁶¹

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með Kaupþingi 30. janúar 2008

Bankastjórn Seðlabankans fundaði með Kaupþingi 30. janúar 2008. Af drögum Seðlabankans að fundargerð má sjá að rætt hafi verið um viðbrögð við þeim fréttum að Kaupþing hafi horfið frá kaupum á NIBC. Haft er eftir Hreiðari Má Sigurðssyni að fyrstu viðbrögð séu þau að skuldatryggingarálag bankans hafi lækkað. Þá hafi verið hlutabréfa í bankanum hækkað. Haft er eftir Hreiðari að Sigurður Einarsson hafi rætt við seljendur NIBC fyrir 10 dögum og upplýst að málið „færi ekki í gegn“. Seljendur hafi séð sitt óvænna því þeir hefðu óttast neikvæð ummæli um NIBC „í úrskurði FME“. Því næst er haft eftir Davíð Oddssyni: „Betri lausn en úrskurður FME.“ Síðar í drögum að fundargerð er haft eftir Hreiðari: „Óttumst... Margt sem bendir til að við séum að stefna inn í fjármálakrísu. Margir fjárfestar hafa háar skuldir sem leiða til afskrifta.“

Í ljósi framangreindra ummæla sem höfð eru eftir Hreiðari Má Sigurðssyni um lækkun á skuldatryggingarálagi Kaupþings er rétt að halda því til haga að tæpum þremur vikum eftir lækkunina hafði skuldatryggingarálag Kaupþings hækkað aftur jafn mikið og sem umræddri lækkun nam.

Fundur forsætisráðherra með Samtökum fjármála- og vaxtamyndunar 31. janúar 2008

Hinn 31. janúar 2008 sótti Geir H. Haarde fund með Samtökum fjármála- og vaxtamyndunar. Við skýrslutöku lýsti Geir því að á fundinum hefði verið farið almennt yfir stöðu mála á þessum tíma.⁶²

Uppgjör íslensku bankanna fyrir árið 2007

Fram kom í skýrslu Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að ársreikningar bankanna fyrir árið 2007 hefðu út af fyrir sig litið ágætlega út þar sem arðsemi og eiginfjárlutföll hefðu verið í „þokkalegu formi“ á árinu 2007 og í lok ársins. En eins og reyndar kæmi fram í minnisblaði, sem var kynnt á fundi ráðherra 7. febrúar 2008, þá hefðu alltaf verið efasemdir meðal greinenda úti í heimi um að Kaupþing gerði nógu rækilega grein fyrir sinni stöðu í fyrirsögnunum. Þessar efasemdir hefðu bæði lotið að skýringum sem fylgdu ársreikningnum og framgöngu á kynningarfundum sem hefðu verið haldnir hér í Reykjavík og London, en á einum slíkum fundi hefðu verið

„Þetta, sem sagt, opinbera skýringin sem var gefin út var sú að aðilar hefðu sammælt um þetta, við og J.C. Flowers og teldum að það væri hagkvæmast fyrir báða aðila, en Fjármálaeftirlitið íslenska spilaði stóran hlut í því [...] ég var í miklum samskiptum við Jónas Friðrik í þessu ferli og þeir gáfu svona ákveðinn tíma til að fara í gegnum þetta og skoða þetta, náttúrulega þróunin var mjög neikvæð á þessum tíma og skilaboðin sem að Fjármálaeftirlitið gaf J.C. Flowers var að þeim litist ekki mjög vel á þetta og það má segja að við höfum ekkert, við grétum það ekki.“

Skýrsla Hreiðars Má Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 30.

„Margt sem bendir til að við séum að stefna inn í fjármálakrísu. Margir fjárfestar hafa háar skuldir sem leiða til afskrifta.“

Haft eftir Hreiðari Má Sigurðssyni í drögum Seðlabanka Íslands að fundargerð 30. janúar 2008.

61. Skýrsla Hreiðars Má Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 30.

62. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 40.

„[...] ef að það er þannig að þessir menn sem að skrifuðu upp á reikninga bankanna hafi verið í algjerri þoku um það hvað væri hér að gerast í íslenskum bankaheimi þar til í október 2008, að þá náttúrulega voru þeir ekki að vinna vinnuna sína, það er svo einfalt [...]“

Skýrsla Stefáns Svavarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
23. október 2009, bls. 19–20.

ákveðnir liðir sem Kaupþing tókst ekki að skýra með fullnægjandi hætti að mati þeirra sem fylgdust með kynningunni. Vangaveltur hefðu m.a. verið um að „Kaupþing gerði ekki nægilega grein fyrir áhættu sem bankinn bæri, beint eða óbeint, af [...] málum sem tengdust undirmálslánunum í Bandaríkjunum og það var einkum í gegnum fyrirtæki sem bankinn rak í London sem var kallað, held ég, New Bond Street Management“. Aðspurður um hvort Seðlabankinn hefði eitthvað kannað þessa hluti kvað Ingimundur svo ekki vera þar sem það hefði verið verkefni Fjármálaeftirlitsins.⁶³

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis ræddi Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi og aðalendurskoðandi Seðlabanka Íslands, almennt um starfsskyldur endurskoðenda: „Eitt af því sem okkur er áskilið að gera í endurskoðunarstöðlunum er það að þú átt að vega og meta eðlislæga áhættu, eðlislæga áhættu. Bíddu, ætla menn þá að segja mér núna að eðlislæg áhætta í stöðum bankanna á árinu 2008 hafi verið núll? Hvernig í dauðanum geta menn komist að þeirri niðurstöðu? Ég ætla ekki að láta mig dreyma um það að endurskoðendur bankanna hafi ekki vitað hvers konar stöðu bankarnir voru komnir í á árinu 2007. Ef þeir hafa verið í einhverri þoku um það hvert stefndi á árinu 2007, að þá náttúrulega er ekki mikið í þá spurnið sko. [...] ef að það er þannig að þessir menn sem að skrifuðu upp á reikninga bankanna hafi verið í algjörri þoku um það hvað væri hér að gerast í íslenskum bankaheimi þar til í október 2008, að þá náttúrulega voru þeir ekki að vinna vinnuna sína, það er svo einfalt [...]“⁶⁴

19.3.5 Febrúar 2008

För formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands til London í byrjun febrúar 2008

Í byrjun febrúar 2008 var í London haldið kvöldverðarboð International Bankers Club. Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, sótti boðið ásamt Sturlu Pálssyni, framkvæmdastjóra alþjóða- og markaðs-sviðs Seðlabankans. Þessi kvöldverðarboð eru árlegur viðburður og fulltrúar Seðlabankans hafa samhliða þessum boðum sótt fundi með fulltrúum banka og matsfyrirtækja í London. Davíð kvaðst hafa ritað hjá sér minnisblað um fundi með ýmsum aðilum sem hann og Sturla áttu í þessari ferð 2008 en minnisblaðið hafi síðan verið hreinritað 12. febrúar 2008.

Fundir í London í febrúar 2008

[Minnisblað úr Seðlabanka Íslands, hreinritað]

12. febrúar 2008

Á fundum þessum var afar vel mannað af hálfu viðmælenda Seðlabankans, bæði var fólk til staðar sem gjörkunnugt var viðskiptum við Ísland og var afar vel undirbúið og hafði iðulega gögn fram að færa, og einnig sátu háttsettir menn viðkomandi banka eða stofnana fundina að öllu leyti eða mestum hluta, svo sem í dæmi Moody's þar sem forstjóri Moody's í Evrópu og Asíu, sat allan þann fund og næstæðsti maður Citi-samsteypunnar í heiminum, sat fund hennar með Seðlabankamönnum.

63. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 23–24.

64. Skýrsla Stefáns Svavarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. október 2009, bls. 19–20.

A. Fundir með matsfyrirtækjunum

Ljóst er að áhyggjur af Íslandi litast eingöngu af áhyggjum af íslensku bönkunum, og talið að fyrirferð þeirra í fjármálalífi Íslendinga sé slík, að verði þeim hált á svelli þá detti aðrir með þeim. Eftir almennan gegnumgang með Fitch um stöðu efnahagsmála og þær breytingar sem orðið hafa og það sem snýr sérstaklega að ríkinu og verkefnum Seðlabankans, var fjallað töluvert um bankana af þeirra hálfu. Lokaspurning þeirra varð síðan sú, hvað gerist ef íslensku bankarnir komast ekki, eða ekki svo neinu nemi, á markaðina næstu 12 mánuði eða svo? Svar seðlabankamanna var efnislega það, að ef slíkt gerðist, þá væru erfiðleikarnir orðnir mjög miklir fyrir íslensku viðskiptabankana, en á það yrði að benda að við þær aðstæður hlyti bankaheimurinn allur að standa svo illa að tala mætti um bankakreppu, ef ekki heimskreppu. En þessi spurning Fitch-manna, svo ónotaleg sem hún virtist, varð Seðlabankamönnum skiljanlegri þegar leið á þessa fundarferð.

Moody's hafði með sama hætti áhyggjur af öllum bönkunum, en þó einna mest af einum þætti, sem snýr að Landsbanka Íslands, en þar er um að ræða hve hinn mikli innlánsreikningur Icesave kunni að vera kvikur og háður trausti og trúnaði á markaði og ekki aðeins trausti á Landsbanka Íslands, heldur á Íslandi og íslenska bankakerfinu, og jafnframt hve samkeppni á þessum markaði færi nú mjög harðandi vegna lokunar annarra markaða. Seðlabankamenn fóru yfir þau rök sem væru gegn því að þessi innlánsreikningur væri jafn ótraustur og Moody's hefði áhyggjur af, en ekki er líklegt að öllum efasemdum þeirra hafi verið eytt.

B. Fundir með bönkum

Annars vegar var við þá flesta nefnt að nú væri hugað að því, hverjar aðstæður og efni væru til lántöku af hálfu Íslands til forðastækkunar og hins vegar nefnt að bankinn velti fyrir sér að opna víxlaprógram sitt til þess að hafa vakandi mat á kjörum og eins hins, að nafn hans væri sýnilegt á skjám viðskiptamanna, ef svo mætti segja. Flestir bankanna, sem afstöðu tóku, voru fremur hlynntir víxlahugmyndinni og verður því ekki vikið frekar að þeim þætti í þessum punktum. Einn banki sem undirbúið hafði vel fundinn með Seðlabankamönnum sýndi þeim dæmi um hve óeðlilega kjör íslenska ríkisins hefðu þróast. Voru dregin fram kjör annarra ríkja, sem miklu lægra mat hefðu frá matsfyrirtækjum og væru fjarri því að vera t.a.m. með AAA hjá matsfyrirtæki eins og Ísland hefði. Voru það sláandi samanburðarmyndir. Það var mat þessa banka, að sjálfsagt væri hægt að fá peninga, en kjör Íslands yrðu, eins og þarna sæist, óhagfelld og gætu jafnvel verið skaðleg landinu um nokkurn tíma, ef að þeim væri gengið. Þar sem það væri óbein viðurkenning á að landið væri of hátt metið. Bankinn væri tilbúinn til þess að taka þátt í þessu með Íslandi eins og áður, en vildi nefna, hvort ekki væri skynsamlegt eins og staðan væri, að bíða þess að aðstæður yrðu hagfelldari.

Annar banki var hins vegar þeirrar skoðunar að rétt væri að taka lán og stækka forðann, þótt kjör yrðu vissulega ekki upp á það allra besta. Það væri til hagsbóta við þá aðgerð að töluverð eftirspurn væri eftir ríkisbréfum í öllu því vantrausti sem ríkti. Og í annan stað þá

mundi þessi ákvörðun íslenska ríkisins sýna vilja stjórnvalda í landinu „til að berjast“ og „til að sýna að það ætli sér ekki að gefast upp baráttulaust“.

Þriðji stóri bankinn taldi að staðan gagnvart Íslandi væri mjög erfið, jafnvel í landi eins og Þýskalandi, þar sem íslensk mál væru vel kynnt og þekkt og Ísland hefði átt athvarf um langa hríð. Nú væri það svo að margir bankar þar hefðu gengið í gegnum erfiðleika og ættu nóg með sig. Mikið vantraust ríkti á markaðnum vegna bankanna, einkum þó vegna Glitnis og Kaupþings. Talsmönnum Kaupþings væri ekki fyllilega treyst og talsmenn Glitnis bersýnilega reynslulausir og virkuðu „desperat“ eins og það var orðað og virtust hafa mjög veikt fjárhagslegt bakland. Þessir bankamenn tóku sérstaklega fram, að Seðlabankinn og ríkið væru hins vegar í góðri stöðu, hefðu jafnan komið fram af mikilli hreinskilni og á þeim væri mikið traust. Seðlabankinn hefði góða sögu að segja, sem menn myndu trúa, og því kæmi til greina að bankinn færi í svokallað „Road Show“ án samfylgdar viðskiptabankanna og án þess að ætla í þeirri lotu að bjóða út skuldaþréf í þeim tilgangi að styrkja forðann. Og kæmu þá helst til greina Bretland (London), Þýskaland (einkum Frankfurt), Bandaríkin (New York, Chicago, Los Angeles) og nokkrir aðrir staðir sem nefndir voru.

Fjórdi stóri bankinn sagði stöðu Íslands grafalvarlega. Sennilega yrðu markaðir lokaðir næstu 6–12 mánuðina almennt, og örugglega a.m.k. 12 mánuði lokaðir íslenskum bönkum. Stóru bankarnir væru mjög uppteknir af eigin hag um þessar mundir og þyrftu á öllu sínu að halda til að bjarga eigin skinni. Hefði mörgum tekist það bærilega, en heilmikið væri eftir við eigin fjármögnun þeirra, vantrú væri ennþá mjög mikil og færi vaxandi. Færi íslenska ríkið út í lántöku í þeim tilgangi að styrkja forðann um þessar mundir, yrði lítið á það sem örþrífaráð af þess hálfu, og með þeirri aðgerð send mjög röng skilaboð og jafnvel háskaleg. Þá væri til þess að líta að 1–1½ milljarður evra væri bara dropi í hafið miðað við þörf banka á markaði sem væri algerlega lokaður og þegar hugsað væri til þess fjármagns sem til þyrfti að koma yrði íslenska ríkið að hlaupa undir bagga með öllum íslensku bönkunum. Í samtölum við þessa bankamenn og fleiri kom einnig eftirfarandi fram sem að hluta til hefur þegar verið nefnt: Skýringarfundir Landsbankans voru vel heppnaðir og forustumenn hans komu fram með trúverðugum hætti og virtust geta svarað spurningum leikandi og undanbragðalaust. Landsbankinn stæði einnig að öðru leyti hvað fjármögnun varðar best, en hann væri hins vegar berskjaldaður, ef hinir færu illa. Kaupþingi væri ekki nægilega vel treyst og yfirlýsingaferill þeirra, bæði almennur og sem tengdist hollenska bankanum, væri ósannfærandi, svo ekki væri meira sagt. Almennt væri talið að íslensk yfirvöld (FME) hefðu beint eða óbeint skorið bankann niður úr snörunni eftir hin vafasömu kaup á hollenska bankanum (í sjálfu sér talið af öllum, að sú aðgerð hefði verið mjög jákvæð). Fleiri en einn banki benti á að Kaupþing hefði ekki á uppgjörsfundum getað útskýrt mál með trúverðugum hætti og t.d. hefðu þeir ekki getað gert grein fyrir því, hvernig 8,2 milljóna evra lánsfjármagnsútvegum á síðasta ári væri sundurliðuð, og þær skýringar sem gefnar hefðu verið umfram þau lán sem þekkt voru, voru fjarri því að vera fullnægjandi. Ýmsir

bankarnir töldu að Glitnir virtist í verulegum vandræðum. Íðulega var vísað í ferð þá til Bandaríkjanna, þar sem Glitnismenn komu heim auralausir, en einnig var af hálfu sumra bent á að eigendur Glitnis væru í þröngri stöðu eða gætu fljótlega lent í vandræðum, svo baklandið stæði alls ekki sterkt. Hér verður ekki sérstaklega vikið að viðræðum við íslenska bankamenn sem bankastjórninni hefur verið gerð grein fyrir munnlega, en óhætt er að segja að þær viðræður voru síst til þess fallnar að draga úr þeim áhyggjum sem þarna er lýst.

En þá niðurstöðu má draga saman af þessum viðræðum og ummælum manna, sem svo vel til þekkja, en voru auðvitað settar fram með misskýrum hætti, að íslenska bankakerfið væri í mikilli hættu, ekki síst vegna þess hvernig það hefur þanist út, skipulagslítið og ógætilega á undanförunum árum, í því trausti að lánsfjárvégun yrði ætíð leikur einn. Markaðir verði almennt lokaðir íslensku bönkunum a.m.k. næstu 12 mánuði og telja þó sumir að 24 mánuðir séu líklegri tími hvað það varðar. Auðvitað þarf að undirstrika rækilega þá óvissu sem í slíkum fullyrðingum felst. En niðurstaðan er rökstudd svo, að þegar markaður loks opnast muni stórir, öflugir og þekktir bankar fá aðganginn fyrst, en síðast kemur að minni bönkum og íslenskir bankar verði mjög aftarlega í röðinni. Og þau „módel“ að fella íslensku skuldabréfin í „vafningapakka“, sem gerði þau eftirsóknarverða vöru, eru horfin úr myndinni og munu ekki koma aftur.

Það mundi vissulega ekki hjálpa Kaupþingi á nokkurn hátt að flytja höfuðstöðvar sínar úr landi, eins og sumir viðmælendur töldu álitlegan kost, en það mundi hins vegar léttast stöðu annarra banka mikið og vera jákvætt fyrir fjármálalíf Íslands eins og staðan er, því þá mundi verða talið að íslenski Seðlabankinn og ríkið myndu geta bjargað þeim bönkum sem eftir væru frá falli, ef sú neyðarstaða yrði uppi. Það var talin ein meginskýringin á háum CDS-kjörum þessara banka, að þessi staða sem seðlabankamenn væru að kynnast til fulls núna og kyngja, væri tiltölulega vel þekkt á markaði og því hefði skortstaða verið tekin á íslensku bankana í trausti þess að markaðir yrðu þeim algerlega lokaðir lengi og til viðbótar kæmi að íslenski Seðlabankinn og ríkið væru ekki af þeirri stærð og styrk til að hafa bolmagn til að bjarga þeim frá falli, þótt vilji stæði til þess. Sumir töldu að það eina sem gæti slegið á þessi háu eftir á kjör væri ef íslenski Seðlabankinn gæti náð samningi við erlenda seðlabanka um að veita bankanum fyrirgreiðslu í nauð, sem dýgði til þess að hann gæti staðið að sínu leyti við björgunaraðgerðir á íslensku bankakerfi. Niðurstaðan er þessi: Það er ljóst að íslensku bankarnir, Kaupþing og Glitnir alveg sérstaklega, hafa stefnt sér og það sem verra er, íslensku fjármálalífi, í mikla hættu, jafnvel í hreinar ógöngur, með ábyrgðarlausri framgöngu á undanförunum árum. Hættulegt er að hafast ekkert að í þeirri von að markaðir opnast óvænt og allur vandi verði þá úr sögunni. Nauðsynlegt er að hefjast þegar handa við að vinda ofan af stöðunni svo hún verði ekki óleysanleg. Ekki er hægt að útiloka að miklu fyrr rætist úr markaðs-aðstæðum og aðgengi að fjármagni en nú er talið. Ekkert bendir þó enn til þess og ef menn láta sér nægja að lifa í voninni verður of seint að bregðast við þegar ljóst verður að vonin rætist ekki.“

Í skýrslu Halldórs J. Kristjánssonar, bankastjóra Landsbankans, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að hann og Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, hefðu sótt framangreint kvöldverðarboð International Bankers Club, tekið stöðu mála og síðan átt fund með Davíð Oddssyni og Sturlu Pálssyni.⁶⁵ Í skýrslu Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að á fundi þeirra með Davíð og Sturlu hefði verið rætt um þau viðhorf sem uppi voru til íslensku bankanna. Þá sagði Sigurjón í skýrslu sinni: „Heildarmyndin er komin, hann er búinn að skynja þetta og hann fer til ríkisstjórnarinnar og segir frá þessu. Munurinn hins vegar á Davíð og mönnum eins og mér var sá að hann vildi ekki sjá að það væri í rauninni fólgin lausn í því að innlánin væru að bjarga bankakerfinu. Í hans huga var það ekki lausn og hann sá ekki að það væri hægt að safna miklu magni af innlánum til að leysa þetta. Við fórum yfir allar tölurnar, hvað þetta væri mikið magn, hvað Glitnir ætti að borga, hvað KB ætti að borga og hvað við ættum að borga og honum sortnaði fyrir augum af því hvað þetta væru stórar tölur úr því að markaðir væru lokaðir og að menn kæmust aldrei í gegnum þetta. Ég held að hann hafi bara upplifað það þá að þetta væri óleysanlegt.“⁶⁶

Í skýrslu Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að hjá Landsbankanum hefðu þeir skynjað það frá áramótum að þörf væri á því að auka heildarviðbúnaðarstigið á Íslandi. Þetta hefðu forsvarsmenn Landsbankans í raun sannfærst um eftir viðræður við bankamenn í byrjun febrúar 2008 í tengslum við hið árlega kvöldverðarboð International Bankers Club í London. Hefðu íslensku bankarnir því sameinast um að senda ríkisstjórninni bréf 4. febrúar 2008, sbr. umfjöllun hér á eftir.⁶⁷

Í skýrslu Jónasar Fr. Jónssonar, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, kom fram að hann hefði ekki séð minnisblað frá ferð Davíðs Oddssonar til London fyrr en það var gert opinbert löngu síðar, eftir fall bankanna.⁶⁸

Forsætisráðherra ræðir í síma við bankastjóra Landsbankans 3. febrúar 2008

Hinn 3. febrúar ræddi Geir H. Haarde í síma við Halldór J. Kristjánsson. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki undir höndum frekari upplýsingar um samtalið.

Forsætisráðherra ræðir í síma við forstjóra Glitnis 3. febrúar 2008

Hinn 3. febrúar ræddi Geir H. Haarde í síma við Lárus Welding, forstjóra Glitnis. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki undir höndum frekari upplýsingar um samtalið.

Samtök fjármálafyrirtækja senda forsætisráðherra bréf 4. febrúar 2008

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýsti Geir H. Haarde því að 3. febrúar 2008 hefði hann rætt við forstjóra Glitnis og bankastjóra Landsbankans í síma. Daginn eftir hefði hann síðan fengið bréf frá Samtökum fjármálafyrirtækja sem varðaði efnahagsmálin og stöðu fjármálafyrirtækjanna.⁶⁹

Rannsóknarnefnd Alþingis hefur undir höndum framangreint bréf Samtaka fjármálafyrirtækja til Geirs H. Haarde. Um er að ræða drög að minnisblaði. Í

65. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 10.

66. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 74.

67. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 10.

68. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. mars 2009, bls. 24.

69. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 40.

skjalinu segir m.a.: „Á undanförunum mánuðum hafa aðstæður á alþjóðlegum fjármálamörkuðum snúist til hins verra og gjörbreytt þeim rekstrarforsendum sem íslensk fyrirtæki sem starfa á alþjóðamarkaði búa við. [...] Þannig hafa kjör íslenskra banka á alþjóðlegum mörkuðum gjörbreyst til hins verra á örfáum mánuðum sem þeir hafa brugðist við með því að draga úr útlánum. Þó svo að eðlilegt ástand skapist væntanlega á nýjan leik innan skamms er engu að síður nauðsynlegt að okkar mati að staldra við og styrkja innviðina til að lágmarka líkurnar á að illa fari.“ Í bréfinu er síðan lagt til að Seðlabankinn slaki á aðhaldi í peningamálum, „starfsemi Lánasýslunnar“ verði útvíkuð á þann hátt að hún yfirtaki einnig að hluta Íbúðalánasjóð, bindiskylda verði afnumin. Ef þessum hugmyndum yrði mætt lýsa Samtök fjármálafyrirtækja því yfir að bankarnir væru tilbúnir til þess að skuldbinda sig til þess að taka þátt í tveggja ára verkefni „sem byggir á upplýsingagiöf um íslenskt hagkerfi og fjármálamarkaði í samvinnu við forsætisráðuneytið og Seðlabankann“. Loks eru nokkrar fyrri hugmyndir samtakanna ítrekaðar. Undir bréfið ritaði Lárus Welding, formaður Samtaka fjármálafyrirtækja og forstjóri Glitnis.

7. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 5. febrúar 2008

Samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað fundaði 5. febrúar 2008. Í drögum að fundargerð segir að á fundinum hafi komið fram að á kynningarfundum Glitnis í London 30. janúar 2008 hefði verið sagt frá samningi þeirra um eins milljarðs evra lánalínu til fimm ára (óðregin „back stop“ lína).

Niðurstöður álagsprófa Fjármálaeftirlitsins kynntar 6. febrúar 2008

Fjármálaeftirlitið birti fréttatilkynningu 6. febrúar 2008 um að fjórir stærstu viðskiptabankarnir hefðu allir staðist álagspróf stofnunarinnar. Í fréttatilkynningu Fjármálaeftirlitsins er haft eftir Jónasi Fr. Jónssyni: „Niðurstöður álagsprófsins sýna að eiginfjárstaða íslensku bankanna er sterk og þeir geta staðið af sér veruleg áföll.“

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með ráðherrum ríkisstjórnarinnar 7. febrúar 2008

Að morgni 7. febrúar 2008 ræddi Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans við Geir H. Haarde, forsætisráðherra, en Davíð var þá nýkominn frá London. Í framhaldi af samtalinu var ákveðið að bankastjórn Seðlabanka Íslands fundaði með Geir H. Haarde, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, utanríkisráðherra, og Árna M. Mathiesen, fjármálaráðherra, síðar um daginn. Auk þeirra voru á fundinum Bolli Þór Bollason og Tryggvi Pálsson. Í skýrslu Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að þegar fundurinn var haldinn hefði Davíð Oddsson verið nýkominn frá London. Geir sagðist hafa skilið það svo að tilgangurinn með för Davíðs til London hefði verið að kanna „möguleika og markaðinn fyrir það að íslenska ríkið tæki lán sjálft [...] til þess að efla gjaldeyrisvarasjóðinn“. Á fundinum hefði Davíð lesið upp drög að frásögn af þeim fundum sem hann sótti. Geir hefði ekki fengið þessi drög afhent og hann hefði ekki séð þau fyrr en rétt fyrir skýrslutöku hjá rannsóknarnefnd Alþingis. Um skjalið sagði Geir: „Það má vera að [skjalið] hafi eitthvað breyst en það var greinilegt að þarna hélt formaður bankastjórnarinnar á penna, hans stíll var á þessu plaggi, og þar er lýst sem sagt viðhorfum bankamanna

„Við náttúrulega meðtókum þessar upplýsingar en þessum lestri fylgdi engin sérstök ráðgjöf eða tillaga um viðbrögð, þannig að, og þetta voru náttúrulega bara skoðanir einhverra manna, bankamanna, þetta var lýsing á þeirra viðhorfum. Það var ekki hægt að líta á þetta sem einhverja spá frekar en margt af því sem síðar kom fram um hvað gæti verið fram undan.“

Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
2. júlí 2009, bls. 41.

„Ég tel að það hafi þá verið bankans að meta það hvort það væri tilefni til þess að leggja fram tillögur í kjölfarið. En málið var náttúrulega það, hvað átti ríkið að gera? Átti það að skipa bönkunum að selja eignir? Þetta var alltaf sama vandamálið, það voru ekki úrræði til þess að pína bankana til að gera ákveðna hluti.“

Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
2. júlí 2009, bls. 41.

„Auðvitað töluðum við mikið saman og það má ekki gleyma því að við erum náttúrulega gamlir samstarfsmenn og það nær alveg meira en 40 ár aftur í tímann og gamlir vinir. Og það má segja að það hafi flækt okkar samstarf, vegna þess að maður gat ekki alltaf áttað sig á því hvenær var hann að tala við mann, sem hann er búinn að þekkja svona lengi og hefur sopið marga fjöruna saman með? Hvenær var hann að tala við mig sem minn forveri í starfi út af einhverju sem hann vissi? Og hvenær var hann embættismaðurinn að ráðleggja forsætisráðherranum? Þetta var flókið, sérstaklega vegna þess að honum hættir til að vera stóryrtur, taka djúpt í árinni, „dramatísera“ og gera hlutina jafnvel leikrænt þegar hann [var] í „essinu“ sínu og þetta gerði það að verkum að maður gat ekki alltaf, maður vissi ekki alltaf í hvoru hlutverkinu maður var eða hann. Honum [...] lá ekkert sérstaklega gott orð til bankanna eða bankastjóranna, þannig hafði það verið í mörg ár, honum hefur ekkert legið gott orð til embættismanna í ríkiskerfinu, alls ekki, honum hefur ekki legið mjög gott orð til ráðherra í ríkisstjórn, ég veit vel að hann hefur ekki talað alltaf fallega um forsætisráðherrann sem þá var, þennan hér. Þetta bara veit maður, þannig að ef það er síðan komið með einhver stóryrði um eitthvað tiltekið þá var svona ákveðið vandamál, átti að deila með tveimur eða fjórum eða jafnvel bara segja sem svo: „Hann er bara svona [að] mála hlutina með sínum hætti.“

Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2.
júlí 2008, bls. 24–25.

í London til ástandsins, einkum ástandsins á íslensku bönkunum.“⁷⁰ Geir var spurður hver viðbrögð ráðherranna hefðu verið við boðskap bankastjórnar Seðlabankans. Svör Geirs voru: „Við náttúrulega meðtókum þessar upplýsingar en þessum lestri fylgdi engin sérstök ráðgjöf eða tillaga um viðbrögð, þannig að, og þetta voru náttúrulega bara skoðanir einhverra manna, bankamanna, þetta var lýsing á þeirra viðhorfum. Það var ekki hægt að líta á þetta sem einhverja spá frekar en margt af því sem síðar kom fram um hvað gæti verið fram undan.“⁷¹ Aðspurður hvað menn hefðu þá ætlað að gera þegar staðið var upp frá fundinum svaraði Geir: „Ætli við höfum ekki gert ráð fyrir því að það kæmi þá eitthvað kannski í kjölfarið frá bankanum. Hvað átti að gera?“⁷² Geir var þá spurður hvort ráðherrarnir hefðu beðið Seðlabanka Íslands um tillögur. Geir svaraði: „Ég man það ekki. Ég tel að það hafi þá verið bankans að meta það hvort það væri tilefni til þess að leggja fram tillögur í kjölfarið. En málið var náttúrulega það, hvað átti ríkið að gera? Átti það að skipa bönkunum að selja eignir? Þetta var alltaf sama vandamálið, það voru ekki úrræði til þess að pína bankana til að gera ákveðna hluti.“ Aðspurður um almenn viðbrögð Geirs ef forstöðumaður ríkisstofnunar leitaði til hans og lýsti áhyggjum af málaflokki sem undir hann heyrði, svaraði Geir: „Ég hefði sennilega sagt honum að koma með það skriflega og segja mér þar með hvað hann teldi ráðlegast að gera.“ Geir var þá spurður að því af hverju það hefði ekki verið gert í umræddu tilviki gagnvart Seðlabankanum. Geir svaraði: „Já, ja, maður hefði nú kannski talið að bankinn ætti nú að finna það upp hjá sjálfum sér ef ástandið var það alvarlegt.“⁷³

Almennt lýsti Geir H. Haarde samskiptum sínum við Davíð Oddsson með eftirfarandi orðum við skýrslutöku: „Auðvitað töluðum við mikið saman og það má ekki gleyma því að við erum náttúrulega gamlir samstarfsmenn og það nær alveg meira en 40 ár aftur í tímann og gamlir vinir. Og það má segja að það hafi flækt okkar samstarf, vegna þess að maður gat ekki alltaf áttað sig á því hvenær var hann að tala við mann, sem hann er búinn að þekkja svona lengi og hefur sopið marga fjöruna saman með? Hvenær var hann að tala við mig sem minn forveri í starfi út af einhverju sem hann vissi? Og hvenær var hann embættismaðurinn að ráðleggja forsætisráðherranum? Þetta var flókið, sérstaklega vegna þess að honum hættir til að vera stóryrtur, taka djúpt í árinni, „dramatísera“ og gera hlutina jafnvel leikrænt þegar hann [var] í „essinu“ sínu og þetta gerði það að verkum að maður gat ekki alltaf, maður vissi ekki alltaf í hvoru hlutverkinu maður var eða hann. Honum [...] lá ekkert sérstaklega gott orð til bankanna eða bankastjóranna, þannig hafði það verið í mörg ár, honum hefur ekkert legið gott orð til embættismanna í ríkiskerfinu, alls ekki, honum hefur ekki legið mjög gott orð til ráðherra í ríkisstjórn, ég veit vel að hann hefur ekki talað alltaf fallega um forsætisráðherrann sem þá var, þennan hér. Þetta bara veit maður, þannig að ef það er síðan komið með einhver stóryrði um eitthvað tiltekið þá var svona ákveðið vandamál, átti að deila með tveimur eða fjórum eða jafnvel bara segja sem svo: „Hann er bara svona [að] mála hlutina með sínum hætti.““⁷⁴

70. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 40.

71. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 41.

72. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 41.

73. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 41 og 52.

74. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2008, bls. 24–25.

Í skýrslu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom þetta fram um fundinn 7. febrúar 2008: „Ég man ekki hvernig til þess kom að – ég held ég hafi verið boðuð á fundinn með tiltölulega litlum fyrirvara [...] – ég held það hafi bara verið samdægurs, hvort það var bara rétt fyrir hádegi sem ég var boðuð á þennan fund. Ég vissi í sjálfu sér ekkert hvert fundarefnið var. Þegar ég kom þá var þarna stjórn Seðlabankans og þá hafði formaður stjórnar, Davíð Oddsson, orð fyrir þeim og fór yfir þessa ferð þeirra til London og við getum sagt að hann hafi farið dálítið mikinn í sinni frásögn. Ég vissi í sjálfu sér ekki alveg hvernig ég átti að taka henni en þó var það þannig að mér fannst þetta það sko í raun alvarlegir hlutir sem hann var að segja en ég verð að játa að ég áttaði mig ekki alveg á því hvort þetta var um leið mat Seðlabankans, eða hvort hann var meira að rekja það sem menn höfðu sagt við þá og það viðmót sem þeir höfðu orðið fyrir í útlöndum en ekki að leggja fram mat Seðlabankans á stöðunni.“ Ingibjörg kvaðst síðan hafa greint þingflokki Samfylkingarinnar frá efni þessa fundar 11. febrúar 2008. Við skýrslutöku var Ingibjörg þá spurð að því hvort rætt hefði verið á fundi ráðherra um það hvort upplýsingarnar, sem bankastjórnin hafði veitt þeim, kölluðu á einhverjar aðgerðir. Ingibjörg svaraði því til: „Ekki minnst ég þess, að við höfum beðið Seðlabankann eitthvað sérstaklega um – ég gerði ráð fyrir, þetta var bara fyrsta frásögn af þessum fundi, að það yrði eitthvað unnið væntanlega áfram með þetta. Þetta voru auðvitað dálítið sláandi lýsingar sem þarna komu fram hjá formanni bankastjórnarinnar, en ég vissi, eins og ég segi, ekki alveg hvernig ég átti að taka því. Þetta var ekki hans mat eða bankastjórnarinnar heldur svona – ég vissi ekki hvort þetta var... sko ég skynjaði að það var þarna ákveðin hætta á ferðum, orðsporshætta. Ef þetta var það orðspor sem fór af bönkunum, þetta viðhorf sem var í útlöndum, þá er í því fölginn ákveðin hætta.“⁷⁵ Þegar gengið var eftir því við Ingibjörgu hvort ekki hefði verið rætt um það í ríkisstjórn að kalla eftir tillögum frá Seðlabankanum og hvort ekki hefði myndast tilefni til þess svaraði hún: „Það má auðvitað deila um það hvort það tilefni hafi myndast en kannski var það meira þannig að maður leit á það sem frumkvæðisskyldu Seðlabankans að Seðlabankinn [...] ætti að vera með eftirlitið með fjármála- stöðugleikanum, það væri hans verkefni, og ef hann teldi að það væri eitthvað sem ríkisstjórnin ætti að gera, styrkja einhverja lagaramma eða regluverk eða eitthvað slíkt, þá kæmi það frá Seðlabankanum.“⁷⁶

Í skýrslu Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að eftir fundinn í London hefði hann handskrifað minnisblað. Síðan sagði Davíð: „Okkur lá svo á að koma þessu til ríkisstjórnarinnar, því að mér var náttúrulega mjög brugðið, að hún var ennþá í handriti, í mínu handriti, sem ég las upp, því að það getur enginn lesið mín handrit með góðu móti nema ég og reyndar varla ég ef það líður of langur tími – þau eru skrifuð svona á hótélherbergjum, í flugvélum, á leiðinni heim og allt þetta eins og þarna var gert. En auðvitað hafði ég borið það undir minn samferðamann og hann var sammála því þó að hann hefði líka gert punkta sem voru svona kannski með aðrar áherslur.“⁷⁷ Davíð var spurður hvað hefði staðið upp úr af því sem fram kom á fundunum í London. Hann svaraði: „Það sem stóð upp úr fannst mér það að upplýsingum bankanna, sérstaklega reyndar Kaupþings og Glitnis á

„Ekki minnst ég þess, að við höfum beðið Seðlabankann eitthvað sérstaklega um – ég gerði ráð fyrir, þetta var bara fyrsta frásögn af þessum fundi, að það yrði eitthvað unnið væntanlega áfram með þetta.“

Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 3–4.

75. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 3–4.

76. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 17.

77. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 35.

„Þannig að ef þér er ekki treyst þá skiptir engu máli hvað þú ert með flottar möppur og virðist vera með góða og vandaða kynningu, og „okkar menn“, bankamennirnir, voru mjög flinkir í því að búa til fin glæsirit til að kynna og það allt saman. En það sem mér fannst orðið áberandi var að þessum aðilum var ekki lengur treyst og menn höfðu á tilfinningunni að þeir væru, kannski skiljanlega, að fegra sína mynd og kannski vísitandi að gefa upplýsingar sem ekki fengju staðist.“

Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
7. ágúst 2009, bls. 36.

Þessum tíma, var ekki treyst og þetta hljómar nú eins og þetta sé ekkert mjög merkilegt en þetta er rosalega alvarlegt [...] á öllum þessum fundum eru búnar til finar bækur og tölur sem eru sannar í öllum meginatriðum og svona, það eru engin bein ósannindi og allt þetta, en það sem er í og með og undir brauðinu, þú sérð það ekki. Þannig að ef þér er ekki treyst þá skiptir engu máli hvað þú ert með flottar möppur og virðist vera með góða og vandaða kynningu, og „okkar menn“, bankamennirnir, voru mjög flinkir í því að búa til fin glæsirit til að kynna og það allt saman. En það sem mér fannst orðið áberandi var að þessum aðilum var ekki lengur treyst og menn höfðu á tilfinningunni að þeir væru, kannski skiljanlega, að fegra sína mynd og kannski vísitandi að gefa upplýsingar sem ekki fengju staðist. Númer tvö var það náttúrulega að verða ljóst, sem var auðvitað að verða heilmikil breyting, að sú forsenda sem matsfyrirtækin höfðu gefið sér, að Ísland væri skuldlaust land og gæti þess vegna, ef það vildi [...] hjálpað bönkunum eða banka sem lenti í vandræðum. Skyndilega voru matsfyrirtækin að endurmeta þessa afstöðu, sem þau gerðu síðan hressilega síðar, af því að þeir voru þá orðnir svo sannfærðir um að innri tengsl þessa bankakerfis og lán til aðila, þó að því væri neitað, væru slík að ef einn banki færi færur þeir allir og þá mundi íslenska ríkið ekki, hver sem vilji þess væri, geta staðið undir því. Og ég minnst þess – ég held það sé ekki í greinargerðinni – en í þessu tali þá sögðu menn sem svo: Sviss gæti það ekki. Þeir eru búnir að vera í þessu í 500 ár. Þið eruð bara búnir að vera í 10 ár. [...] Þar var sko hlutdeild bankanna, eða stærð bankanna, af því að þið nefnduð það nú aðeins áðan, orðin gagnvart þjóðartekjum mjög svipuð og sambærileg og íslensku bankanna.“⁷⁸ Við skýrslutöku var sérstaklega rætt um viðbrögð þeirra ráðherra sem staddir voru á framangreindum fundi með bankastjórn Seðlabankans. Um þetta sagði Davíð: „Ég get bara sagt það að þegar við komum út af þessum fundi þá sagði ég svona í minn hóp: Ef þetta hreyfir ekki við þessu fólki þá er ekkert sem gerir það. Og ég sagði, og ég heyrði það á umræðunum að þetta fólk er loksins búið að sjá ljósið. Svo fengum við engin viðbrögð.“ Davíð sagðist hafa haft að fyrra bragði samband við forsætisráðherra og innt hann eftir því hvað ráðherrar ætluðu sér að gera. Síðan segir orðrétt í skýrslu Davíðs: „Og þá sagði hann: Við erum búnir að kalla til bankastjórana og þeir segja að þetta sé ekki rétt, þetta sé allt í lagi. [...] Og einhvern veginn fannst manni... bíddu, hvað getur maður meira gert. [...] Maður skilur þetta svo sem en það er þannig að ef þú trúir okkur hérna í Seðlabankanum, okkar mati, þá þarf eitthvað mikið að gerast. Ef þú trúir þessum þremur bankastjórum þá þarftu ekkert að gera. Og auðvitað er það léttu leiðin sem menn velja.“ Davíð bætti því við að ráðherrarnir hefðu ekki einu sinni talið tilefni til þess að ræða þessi alvarlegu tíðindi við viðskiptaráðherra.⁷⁹ Davíð var þá spurður að því hvort ekki hefði komið til greina af hálfu Seðlabanka Íslands að afhenda ráðherrunum skriflega skýrslu fyrst ástandið var talið svona alvarlegt. Davíð svaraði: „Það hefði þá þjónað þeim tilgangi að sanna málstað okkar eftir á, en menn voru aðallega að hugsa um hvernig menn mundu bregðast við, en ekki hvort menn mundu passa á sér rassinn upp á síðari tíma. Það hefði auðvitað verið betra ef menn hefðu gert það en við vorum búnir að koma öllu þessu á framfæri.“⁸⁰

78. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 36.

79. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 41.

80. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 42.

Í skýrslu Ingimundar Friðrikssonar, seðlabankastjóra, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að ríkisstjórninni hefði verið gert rækilega ljóst mat Seðlabankans á fundinum 7. febrúar 2008 þar sem minnisblað Davíðs Oddssonar hefði verið lesið um viðhorf markaðarins á þessum tíma.⁸¹ Minnisblaðið sem Davíð tók saman hefði verið lesið á fundinum, orð fyrir orð. Aðspurður sagði Ingimundur að Seðlabankinn hefði ekki lagt fram neinar tillögur á fundinum um hvernig ríkinu bæri að bregðast við og honum væri ekki kunnugt um að neinar ákvarðanir hefðu verið teknar á fundinum.⁸²

Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, tók niður fundarpunkta á fundinum. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefnd Alþingis vék Tryggvi að viðbrögðum ráðherra eftir að bankastjórn Seðlabanka Íslands hafði gert þeim grein fyrir efni minnisblaðs Davíðs. Aðspurður um hvort Seðlabankinn hefði komið með tillögur um aðgerðir svaraði Tryggvi: „Þarna hefði maður frekar búist við því að ráðherrar sem fá svona fréttir myndu láta stjórnkerfið undirbúa aðgerðir í samræmi við alvarleika þeirra fréttanna sem voru að koma.“⁸³

Árni M. Mathiesen var við skýrslutöku spurður að því hvað ríkisstjórnin hefði gert gagnvart bönkunum eftir að hún hafði fengið boðskap bankastjórnar Seðlabankans 7. febrúar 2008. Í skýrslu Árna kom fram að Seðlabankinn væri verkfæri ríkisstjórnarinnar í þessum efnum og það væri hans að bregðast við gagnvart bönkunum. Árni kvaðst ekki muna eftir neinu sem hefði verið nefnt af hálfu Seðlabankans um nauðsynlegar aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar.⁸⁴

Tekið skal fram að drög að fundargerðum samráðshóps stjórnvalda bera ekki með sér að rætt hafi verið um framangreindan fund á þeim vettvangi.

Í skýrslu Baldurs Guðlaugssonar, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að hann hefði ekki vitað af fundi ráðherra með bankastjórninni 7. febrúar 2008.⁸⁵

Við skýrslutöku lýsti Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis, fundinum með eftirfarandi orðum: „[...] á þessum fundi komu fram í máli Davíðs Oddssonar miklar áhyggjur af viðbrögðum og samtölum við banka í London. Og hann lýsti því yfir, sem hann taldi að hefði komið sjálfum sér og þeim seðlabankastjórum á óvart, þar kom fram af hans hálfu að viðmælendur í London hefðu verið mjög neikvæðir í garð íslensku bankanna, þeir hefðu talað um að þrengja að lánalínum og það væri ekki lengur sjálfsagt að framlengja einhver lán sem hefði annars verið eðlilegt að gera. Þetta var eiginlega mjög dramatísk lýsing af hans hálfu sem ég held að hafi komið mönnum svolítið í opna skjöldu. Og eiginlega alveg frá þeim tíma þá fer svona þetta einhvern veginn að verða svona, ekki kannski raunverulegra að því leyti að menn hafi búist við að bankarnir væru að fara, hins vegar að vandamálið væri meira en við töldum og vonuðum fram að þeim tíma. Og þannig svona, upp frá þessu hittist [samráðs]hópurinn bara nánast vikulega, kannski með einhverjum götum sem stöfuðu þá fyrst og fremst að ég var á fundum erlendis með forsætisráðherra en ekki því að vinna nefndarinnar lægi neitt niðri.“⁸⁶

81. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 16.

82. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 22.

83. Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 10. mars 2009, bls. 45.

84. Skýrsla Árna M. Mathiesen fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. maí 2009, bls. 17.

85. Skýrsla Baldurs Guðlaugssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. mars 2009, bls. 19.

86. Skýrsla Bolli Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 5–6.

Rannsóknarnefnd Alþingis hefur undir höndum drög Tryggva Pálssonar að fundargerð frá ofangreindum fundi ráðherra með seðlabankastjórum 7. febrúar 2008:

Drög að fundargerð. Fundur í Stjórnarráðinu kl. 16.30.

Fundinn sátu: Af hálfu Seðlabankans Davíð Oddsson, Eiríkur Guðnason, Ingimundur Friðriksson og Tryggvi Pálsson sem tók fundarpunkta. Geir H. Haarde, Árni Mathiesen, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Bolli Þór Bollason.

DO: Febrúar 2006 fóru Seðlabankamenn (DO og SP) til London, áhyggjur, fáum dögum síðar lækkar Fitch (rakti söguna). Þá ekki ófremdarástand á alþjóðamörkuðum. Betur settir bankar nú í upphafi óróans. Bankarnir sagðir hafa meir en 12 mánaða lausafé.

Fundir í London [í febrúar 2008]: DO fór yfir punktana sína: (*las upp ferðaskýrslu*)

Matsfyrirtæki:

Fitch og síðasta spurningin um hvað eftir 12 mánuði.

Moody's Búumst við lækkun einkunnar bankanna. Einnig áhyggjur af Icesave LÍ GBP 600 m. + fleira / Gæti runnið út ef vantraust.

Seðlabankamenn fóru yfir mótrökin, sbr. Northern Rock, Gnúpur, FL Group óróinn hafði ekki áhrif.

Síðan fundir með bönkum. Rætt tvennt:

1) Möguleg lántaka fyrir gjaldeyrisforðann.

2) Opnun víxlaprógramms (sem bankarnir virtust hrifnir af og ekki þörf á að fara nánar útí).

Banki 1: Kjör Íslands orðin verri en landa með lakara lánshæfi. Hægt væri að fá € 1–1½ ma. en kjörin ekki hagfelld og gæti skaðað álit landsins. Skynsamlegra að bíða.

Banki 2: Taldi ráðlegt að taka lánið til að sýna vilja til að berjast og gefast ekki upp.

Banki 3: Þýskir bankar ættu nóg með sig. Kaupþing ekki trúverðugt og stjórnendur Glitnis reynslulitir.

Banki 4: Staða Íslands grafalvarleg. Lokaðir markaðir 12–24 mánuði. Ef lántaka ríkisins þá litið á sem örþrifaræð og 1–1½ ma. aðeins dropi í hafið. Kynningarfundir LÍ trúverðugri. Kaupþingi ekki nægilega vel treyst. Almennt talið að FME hefði skorið Kaupþing niður úr NIBC snöru sem var jákvætt. Ekki getað skýrt 8 ma. lántöku '07.

Niðurstaða:

- Íslensku bankarnir í mikilli hættu og íslenskt efnahagslíf í hættu.
- Markaðir lokaðir (í lengri tíma en áður haldið).
- CDS álög afar há og sýna að bankarnir geta ekki tekið lán og lánað þau út.
- Telja að íslenska ríkið hafi ekki bolmagn til að bjarga og skortselja þess vegna.

Hvað væri til bóta?

- Kaupþing færi úr landi en danska FME myndi ekki samþykkja að FIH yrði móðurbanki. Þá væri hægt e.t.v. að ráða við vanda hinna.
- Bankarnir hafa stefnt (Íslandi) í þessa hættu.
- Bankastjórn ætlar að kalla forstjóra bankanna til sín:
- Er myndin rétt upp dregin?

Þegar úr rætist gerist það fyrst hjá þeim stóru og sterku. Okkur ekki skemmt.

GHH: Grafalvarlegt mál. Hef rætt við bankastjóra. Örvænting hjá ungum stjórnanda Glitnis. Mesta öryggið í Landsbankanum. Getum við hér gert eitthvað? Getum haft jákvæð áhrif á markaðinn. Eitthvað hjá SÍ – bindiskyldan? Repó?

DO: Erum að kanna en hvar er varnarlínan? Ekkert land getur varið allt sitt bankakerfi. Northern Rock er fimmti stærsti húslánabankinn og BoE engist sundur og saman við að bjarga honum. Öll útrásin „bullshit“ og þvæla. Nú sagt að þurfi 40 m. evra. Brynast að verja innstæðueigendur því annars hverfur sparnaður til langs tíma. Síður verja aðra. Þegar Útvegsbankinn lenti í vanda dugði að SÍ sendi skeyti.

GHH: Tækifæri til sameininga?

DO: Ekki víst að einn banki fái meiri lán en einn.

GHH: Vandamál með stjórnarformann í Glitni ...

DO: ... sem talinn er vera gjaldþrota.

GHH: Road show því líka ýmis þvæla uppi.

DO: Erlendir bankamenn sögðu að það eina sem dygði væri að fá lána-fyrirgreiðslu erlendra seðlabanka.

GHH: Norrænn samningur.

IF: Gamli norræni samningurinn (*um lánalínur*) ekki lengur til.

DO: Íslensku bankarnir hafa freistast.

ISG: Þakkaði fyrir. Myndin dregin upp, að láns hæfiseinkunn lækkuð og bankarnir komi að lokuðum dyrum á næstu mánuðum (> 12). Eigum við þá ekki annað en drastískan kost?

DO: Rétt.

ISG: Gætu markaðir ekki opnast og er þá réttlætanlegt að fara í drastískar aðgerðir núna?

DO: Vandinn fyrir vegna innri reglna.

ISG: Margt getur gerst á næstu 12 mánuðum.

DO: Ekki lengur 12 maí og efumst um að það fé sé laust.

GHH: Hafa hætt að lána.

DO: Höfum lítt séð það enn. Mikið enn í pípunum.

ISG: Stoppið sést á húsnaðismarkaðnum.

DO: Eru að príska sig út af markaðnum. Hafa vaðið af stað glórulaust. Íslensk bréf voru hafgelfld inn í skuldabréfasöfn. Við byggðum á þessu.

GHH: Byrjaðir að segja upp fólki. Glitnir sagði upp 15 manns um mánaðamótin.

BÞB: Álagspróf FME?

DO: Miðast við núverandi efnahag en ekki horfur í fjármögnun og stærð bankanna. Glæpsamlegt framferði þegar þeir nú riða til falls og draga landið með sér.

ÁM: Nánar um lántöku fyrir gjaldeyrisforða.

DO: Mismunandi álit en sumir hafa áhuga á að fá verkefnið. 1 ma. lágmark sem benchmark og fengum síðast boð í 1,5 ma.

ÁM: 40 ma. 2 ár?

GHH: € 5 ma. hafa sagt þörf í ár.

DO: (Dreifði Bloomberg grafi.) Þurfum að halda umræðu á lágum notum því afar viðkvæmt.

GHH: Hvað gæti skipt máli?

DO: Þið höfðuð nefnt að styrkja forðann en nú fáum við þessi viðbrögð. € 2 ma. evra.

IF: Vísaði í nýlega greinargerð Moody's. Óvarlegt að ala á því að okkur standi til boða lán frá öðrum seðlabönkum.

DO: Tryggingarsjóður kemur ekki til fyrir en fjármálafyrirtæki er komið á höfuðið, sbr. yfirlýsingu Darlings. Deilt um hvort Icesave fellur undir tryggingar þar. E.t.v. verra að fá vissu í því máli.

BþB: Yfirlýsing ríkisstjórnar um eflingu forðans þegar aðstæður batna.

DO: Tviéggjað. Fundur með bönkum næstu daga. Spyrjum um mögulega eignasölu.

ISG: Velti fyrir mér tímafaktor ef við sjálf völdum paník. Geta bankarnir farið í strúktúrbreytingar. Er hægt að leysa án þess að valda írafári.

DO: Kalla atómsprengju sem má ekki springa að óþörfu. Ef NIBC hefði gengið í gegn þá hefði bankinn farið lóðrétt á hausinn. Það má segja Kaupþingi til hróss að hafa vit á að hætta við yfirtöku NIBC.

GHH: Þurfum að vera í sambandi.

DO: Ískyggilegt en vonandi betra en horfir.

IF: Slæmt árferði erlendis.

DO: Exista, færsla upp á 100 ma. sem orkar tvímælis, hlutdeildaraðferð.

BþB: Glitnir að skrifa uppá jarðvarmaverkefni á Indlandi.

GHH: Það alvarlega, ef ekki úr rætist þá getur þetta orðið af sjálfu sér.

ÁM: Aðgerðir Fed. Reserve. HSH fjármagnaður af ECB.

GHH: Eina jákvæða er víxlaprógrammið sem endurvekur nafnið á markaði en ekkert sérstakt til að setja peningana í.

ISG: Undanfari n.k.

DO: Já.

BþB/ISG: Leggja inn bréf í SÍ gegn láni.

DO: Gerum nú að nokkru.

EG: Gæti hjálpað þeim að standa við gjaldeyrisskuldbindingar.

DO: Síðan talað um að SÍ lækki vexti en ISK lækki ekki.

DO: ISK 128. OMXI ≈ 5000. Engir peningar á kauphliðinni.

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með Landsbankanum 8. febrúar 2008

Bankastjórn Seðlabankans fundaði með bankastjórum Landsbankans 8. febrúar 2008. Í drögum að fundargerð frá Seðlabankanum segir að Halldór J. Kristjánsson hafi nefnt að Landsbankamenn séu að skoða flutning innlánsreikninga yfir í breskt félag. Haft er eftir Davíð Oddssyni að það besta sem gerst geti nú sé að FIH, dótturfélag Kaupþings í Danmörku, yfirtaki Kaupþing.

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með Glitni 8. febrúar 2008

Bankastjórn Seðlabankans fundaði með Lárusi Welding 8. febrúar 2008. Í drögum að fundargerð frá Seðlabankanum segir að Davíð Oddsson hafi farið yfir viðtökurnar á fundum sem haldnir hefðu verið í London. Haft er eftir Lárusi Welding að ríkisstjórnin þurfi að skipuleggja vörn. Því næst er haft eftir Davíð: „Höfum verið að funda og upplýsa ráðherra.“ Því næst kemur fram að Davíð hafi sagt að menn kvíði því hins vegar að slæm frétt komi fram í miðri kynningu (e. roadshow).

Drög Landsbankans að minnisblaði til ríkisstjórnarinnar og Seðlabanka Íslands í febrúar 2008

Rannsóknarnefnd Alþingis hefur undir höndum minnisblað sem ber yfirskriftina „Aðgerðir til að treysta undirstöður bankakerfisins“. Skjalið er ekki dagsett en dagsetningin 8.–10. febrúar 2008 er handrituð inn á skjalið. Skjalið stafar frá Landsbanka Íslands. Við skýrslutöku lýsti Sigurjón Þ. Arnason því að þetta skjal hefði verið afhent Geir H. Haarde og Davíð Oddssyni.⁸⁷ Í minnisblaðinu kemur fram að Ísland sé eins konar fórnarlamb óvenjulegra aðstæðna. Tvennt er sagt skipta mestu máli í þeim efnum: „Annars vegar eru íslensku bankarnir ekki komnir nógu langt í innlánfjármögnun utan Íslands og hins vegar er smæð hagkerfisins í hlutfalli við stærð íslenska fjármálamarkaðarins ákveðin hindrun.“ M.a. er lagt til að ríkið gangist í ábyrgð fyrir ákveðinni fjármögnun Landsbankans til allt að fimm ára. Einnig er lagt til að Landsbankinn yfirtaki Glitni. Í skjalinu segir loks: „Það er mun farsælla að taka á vandanum af myndugleik í tíma áður en hann verður of stór til að hægt sé að leysa úr honum á farsælan hátt.“⁸⁸

7. fundur starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjárvanda 8. febrúar 2008

Starfshópur Seðlabankans um viðbrögð við lausafjárvanda fundaði 8. febrúar 2008. Í fundargerð kemur fram að Sturla Pálsson hafi nefnt að bankarnir fái ekkert fjármagn á markaði. Hópurinn eigi því að vera viðbúinn því versta og vona það besta. Ljóst megi vera að fjármálamarkaðir séu víðs vegar að lokast og stórir og öflugir bankar hugi einungis að eigin hag. Ekki sé lengur hægt að treysta á gömul og traust bankasambönd. Haft er eftir Tryggva Pálssyni að nú þyki líklegt að Moody's lækki láns hæfiseinkunnir bankanna. Síðan segir að Sturla hafi bent á að nú geti skapast svipaðar aðstæður og á viðlagæfingum og mikilvægt sé að huga að þeim verkefnum sem inna þurfi af hendi áður en til þeirra komi. Líta þurfi betur á „repo“ línur. Sturla hafi rætt við BIS [Bank for International Settlements] um að hækka lánalínu til þeirra um 25 milljarða evra eða frá 75 upp í 100 milljarða evra. Kjörin séu 12 bp (grunnpunktar yfir LIBOR-vöxtum) á ári. Ekki þurfi mikið umstang til þess að gera þetta og verið sé að skoða hvaða ferli fari í gang til þess að hægt sé að stækka þetta enn frekar. Hvað varði gjaldeyrisforðann sé hægt að stækka hann um 1 til 3 milljarða evra á markaði. Endurfjármögnun bankanna er sögð það stór að það hafi lítil áhrif að stækka gjaldeyrisforðann. Haft er eftir Sturlu að hann telji ekki gáfulegt að svo stöddu að auka við gjaldeyrisforðann í ljósi þess hvaða umræður geti skapast eftir þess háttar aðgerð. Haft er eftir Sturlu að fjölmargir sjóðir séu að spá fjármálakreppu í öllum heiminum. Við þær aðstæður sé þægilegt fyrir stóru bankana að benda á skotmörk og að sumu leyti hafi íslensku bankarnir verið heppileg skotmörk þar sem ólíklegt þyki að íslenska ríkið sé þess megnugt að halda kerfinu gangandi. Það líti út fyrir að Ísland yrði fyrst í röðinni. Segir að Sturla telji að nú blasi sú spurning við hversu hátt menn eigi að fara til að tryggja innstæðueigendur umfram handhafa skuldabréfa (tryggingarsjóðs) ef reyndin sé sú að menn séu komnir með kerfið í fangið. Mikilvægt sé að halda hugmyndum sem þessum innan hópsins.

„Sturla Pálsson nefndi að bankarnir fái ekkert fjármagn á markaði. Við ættum því að vera viðbúin því versta og vona það besta. Ljóst er að fjármálamarkaðir eru víðs vegar að lokast og stórir og öflugir bankar hugsa einungis um sig.“

Úr fundargerð 7. fundar starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjárvanda 8. febrúar 2008.

87. Skýrsla Sigurjóns Þ. Arnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. september 2009, bls. 34.

88. Drög Landsbanka Íslands hf. að minnisblaði: „Aðgerðir til að treysta undirstöður bankakerfisins“, dags. 8.–10. febrúar 2008.

*Umræður á þingflokksfundi Samfylkingar um stöðumat bankastjórnar
Seðlabankans Íslands 11. febrúar 2008*

Í bréfi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur til rannsóknarnefndar Alþingis 24. febrúar 2008 kom fram að rætt hefði verið um alvarlegt ástand á alþjóðlegum mörkuðum og skuldsetningu bankanna á fundi þingflokks Samfylkingarinnar 11. febrúar 2008. Hefði Ingibjörg farið yfir minnispunkta sína frá fundi með stjórn Seðlabankans 7. febrúar 2008. Á fundinum hefði verið greint frá því að ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins Bolla Þór Bollasyni og aðstoðarmanni viðskiptaráðherra Jóni Þór Sturlusyni, sem báðir eru hagfræðingar, hefði verið falið að gera tillögur að aðgerðum af hálfu ríkisstjórnarinnar í ljósi stöðunnar sem uppi var.

Í fundargerð þingflokksfundarins 11. febrúar 2008, sem fylgdi fyrrnefndu bréfi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, kemur fram, að tillögur Jóns Þórs og Bolla Þórs hafi m.a. falist: „– draga til baka reglugerð fjármálaráðherra um gjaldeyri og Seðlabanka – gæti verið sterkur leikur, – fjármögnun og skráningu hlutafjár í erlendri mynt auðveldur, – styrkja Tryggingasjóð innstæðueigenda, – auka gjaldeyrisvaraforða með lántöku (ekki hagstætt núna – gert síðar er aðstæður batna), – ríkið fari með bönkunum í kynningu erlendis á íslenskri fjármálastarfsemi.“

Ræða forsætisráðherra á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs Íslands 13. febrúar 2008

Geir H. Haarde, forsætisráðherra, flutti ræðu á Viðskiptaþingi sem Viðskiptaráð Íslands stóð fyrir 13. febrúar 2008. Þar sagði Geir m.a.: „Á síðustu vikum hefur skuldtryggingarálag íslensku bankanna einnig hækkað töluvert en líklegt má telja að það stafi að hluta til af upplýsingaskorti alþjóðlegra fjárfesta um raunverulega stöðu bankanna. Sérfræðingar greiningarfyrirtækisins Credit Sights hafa til að mynda sagt að áhættan í tengslum við íslensku viðskiptabankana sé ofmetin og að skuldtryggingarálagið gefi ekki rétta mynd af raunstöðu þeirra. [...] Í síðustu viku birti Fjármálaeftirlitið niðurstöður úr nýju álagsprófi á viðskiptabönkunum þar sem könnuð var geta þeirra til að standast samtímis áföll í formi tiltekinnar lækkunar á hlutabréfum, markaðsskuldabréfum, útlánum og fullnustueignum og áhrifa af lækkun á gengi íslensku krónunnar án þess að eiginfjárhlutfallið fari niður fyrir lögboðið lágmark. Skemmst er frá því að segja að bankarnir stóðust allir þetta próf. [...] Þrátt fyrir þessar jákvæðu niðurstöður og greinargerðir Fjármálaeftirlitsins, Moody's, Credit Sights og fleiri aðila gætir enn neikvæðar umfjöllunar hjá einstaka greiningaraðilum og fjölmiðlum. Þar er iðulega farið með hreinar staðreyndavillur og lýsingar á stöðu íslenska hagkerfisins eru mjög ýktar. Það er áhyggjuefni að þessir aðilar skuli ekki taka tillit til þeirra ítarlegu upplýsinga sem öllum eru aðgengilegar og lýsa sterkri stöðu bankanna og ríkissjóðs. Hér virðast önnur öfl ráða ferðinni en leitinn að sannleikanum.“

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með Kaupþingi 13. febrúar 2008

Bankastjórn Seðlabanka Íslands fundaði með Kaupþingi 13. febrúar 2008. Í drögum að fundargerð Seðlabankans er haft eftir Davíð Oddssyni að áhyggjuefni sé að breska sjónvarpsstöðin Channel 4 muni næsta dag flytja „þátt um íslensku banka og innlánsafurðir þeirra“. Síðar segir að rætt hafi verið um láns hæfismat Moody's. Haft er eftir fulltrúa Kaupþings að hann telji að Moody's sé búinn að gera upp hug sinn um lækkun. Fram kemur að Davíð Oddsson hafi lýst fundum sínum í London með öllum matsfyrirtækjunum og

„Á síðustu vikum hefur skuldtryggingarálag íslensku bankanna einnig hækkað töluvert en líklegt má telja að það stafi að hluta til af upplýsingaskorti alþjóðlegra fjárfesta um raunverulega stöðu bankanna.“

Geir H. Haarde í ávarpi sínu á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs Íslands 13. febrúar 2008.

„Til að mæta þessu er nauðsynlegt að allir snúi bókum saman og bregðist við. Ríkisstjórnin er reiðubúin til samstarfs við hin ýmsu samtök atvinnulífsins, hvort sem það er á vettvangi Viðskiptaráðsins, Samtaka fjármálafyrirtækja eða annarra samtaka, með það að meginmarkmiði að miðla upplýsingum og greiningum um íslenskt efnahags- og atvinnulíf til erlendra greiningaraðila, fjárfesta og fjölmiðla. Jafnframt munu ráðherrar áfram verða reiðubúnir að mæta ásamt fulltrúum atvinnulífsins á fundi erlendis til að gera grein fyrir stöðu íslensks efnahags- og atvinnulífs og leiðrétta þær rangfærslur sem kunna að vera á ferðinni.“

Geir H. Haarde í ávarpi sínu á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs Íslands 13. febrúar 2008.

10–12 bönkum. Davíð hafi verið illa brugðið. Íslensku bankarnir séu spýrtir saman. Sagt sé að íslensku bankarnir þoli ekki 12–24 mánaða bið eftir að markaðir opnast og því sé ekki áhætta að taka skortstöðu gegn þeim. Síðan er haft eftir Davíð: „Spurt um úrræði, þá sagt að SÍ þurfi innhlaup í erlenda seðlabanka. Það er ekki raunhæfur möguleiki. Eigendur bankanna séu í slakri stöðu hjá Glitni og Kaupþingi. Hætta hjá LÍ ef innlánsflótti verður. Ekki hægt að bíða eftir þessari atburðarás. Er þetta rangt mat?“ Því næst er haft eftir Hreiðari Má Sigurðssyni, forstjóra Kaupþings: „Nei. Tvær hættur, lausafé og eigið fé.“

„Sagt sé að íslensku bankarnir þoli ekki 12–24 mánaða bið eftir að markaðir opnast og því sé ekki áhætta að taka skortstöðu gegn þeim.“

Haft eftir Davíð Oddssyni í drögum að fundargerð Seðlabanka Íslands 13. febrúar 2008.

Fundur ráðherra með helstu forsvarsmönnum stóru bankanna þriggja 14. febrúar 2008

Hinn 14. febrúar 2008 héldu Geir H. Haarde, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Árni M. Mathiesen og Björgvin G. Sigurðsson fund með helstu forsvarsmönnum stóru bankanna þriggja í ráðherrabústaðnum.⁸⁹ Í skýrslu Halldórs J. Kristjánssonar, bankastjóra Landsbankans, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að á fundinum hefði heildarviðbúnaðarstigið verið rætt svo og þörfin á því að efla gjaldeyrisvaraforðann verulega svo styðja mætti við bakið á bönkunum. Það yrðu fáir bankar sem gætu gengið óstuddir í gegnum haustmánuði ársins 2008 héldi lausafjárfreppan áfram. Aðspurður um hvaða skilaboð hefðu komið frá ráðherrunum kvað Halldór að þeir hefðu hvatt þá til að draga saman umfang bankanna á árinu 2008. Sjálfur hefði Landsbankinn síðan verið að umbreyta langtímaeignum þannig að þær væru hæfar til skammtímafjármögnunar. Síðan hefði verið hætt að lána út. Það eina sem hefði verið gert hefði verið að endurnýja og framlengja lán til þess að bjarga verðmætum. Samdrátturinn í efnahagsreikningi bankans hefði verið um 4% mældur í evrum. Svigrúmið til að framkvæma samdráttinn hefði hins vegar verið afskaplega lítið á árinu 2008. Halldór vísaði því algjörlega á bug að bankastjórnarnir hefðu á fyrrnefndum fundi með ráðherrum sagt að allt væri í lagi.⁹⁰ Aðspurður um hvort ekki hefði á einhverju stigi komið til umræðu að fulltrúar ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans settust niður með þeim og veltu fyrir sér hvað hægt væri að gera til að umbreyta bankastarfsemi, s.s. að skipta bönkunum upp með tilliti til áhættusamrar starfsemi, sagði Halldór að svo hefði ekki verið.⁹¹

Í skýrslu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom eftirfarandi fram um fundinn: „Hugmyndin var sú að fara yfir stöðu greinarnar og heyra í þeim öllum saman. Við höfðum auðvitað heyrt í einstökum aðilum og það var alltaf sama sagan – það var reyndar allt árið 2008 – Landsbankamenn sögðu alltaf: Það er í sjálfu sér allt í lagi hjá okkur, við stöndum tiltölulega vel, Glitnir stendur illa eða Kaupþing er um það bil að rúlla eða hvað það er – þeir voru alltaf að tala um hina, sjálfir stóðu þeir alltaf vel, en gerðu ráð fyrir því að annar hinna stæði illa. Við vildum því heyra í þeim öllum saman til þess að þeir hlustuðu þá hver á annan og segðu þá söguna sameiginlega um það hvernig bankakerfið stæði eða bankarnir stæðu.“⁹² Aðspurður hvort fyrirvarsmenn fjármálastofnananna hefðu lýst erfiðleikunum sem við var að glíma með sama hætti og stjórn Seðlabankans svaraði Ingibjörg: „Auðvitað fékk ég þá mynd – sko að það væri orðið miklu

89. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 41.

90. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 9–12.

91. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 14.

92. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 5.

erfiðara að fjármagna bankana á erlendum mörkuðum. Það var náttúrulega hækkað verulega – það var áhyggjuefni, það var annars vegar þetta vaxtaálag sem bankarnir þurftu að greiða sem gerði auðvitað kostnaðinn af lántöku miklu hærri, það var erfiðara að fá lánað á mörkuðum bara vegna stöðu á alþjóðlegum mörkuðum, og svo höfðu menn auðvitað áhyggjur af svona orðsporsmálum og stöðunni á Íslandi, ekki síður vegna gjaldmiðilsins heldur en vegna bankanna sjálfra, það var hvort tveggja rætt. Og það var dálítið mikið í umræðunni almennt á þessum tíma, það var orðsporið sem fór af bönkunum með réttu eða röngu, og sú hætta sem því gæti fylgt erlendis ef það fengi einhvern veginn að lifa og halda áfram, umræðan fengi að halda áfram í þeim hjólförum. [...] Já, en þeir voru svo sem ekkert að fara í felur með það að það væri erfitt að nálgast fjármagn á erlendum mörkuðum. En já, þeir drógu upp svólítið aðra mynd en seðlabankastjóri.⁹³

Í skýrslu Hreiðars Más Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom eftirfarandi fram um fundinn: „Ég var mjög ósáttur með þennan fund sem var haldinn og taldi hann vera mistök, þar sem við vorum allir kallaðir saman og mér fannst þessi fundur bera vott um að vera eitthvað svona „PR stunt“, að þetta væri svona, að stjórnvöld væru bara svona að reyna að senda okkur skilaboð eins og væri eitthvað að gera. Og það sem kom út úr því var að það sem helst þyrfti að gera í Íslandi væri að kynna betur þarna, þyrfti að fara í svona „campaign“ um heiminn og kynna betur stöðuna á Íslandi.“ Hreiðar sagði að að hans mati hefði hann ekki talið að það væri þetta sem þyrfti að gera.⁹⁴

Í skýrslu Sigurjóns Þ. Árnasonar kom fram að hann hefði verið reiður eftir fundinn þar sem hann hefði verið algjör fíflagangur. Hefðu ráðherrarnir viljað fara í „PR-mál“. Þá sagði Sigurjón enn fremur: „Við vorum með ákveðnar hugmyndir um hvað ætti að gera og vildum ræða þær og kynna..., en þetta snerist ekki um það, það snerist um það að fá alla fjölmiðlana, horfa á okkur labba inn, og taka síðan mynd af okkur á leiðinni út. Að sýna það að menn væru að gera eitthvað. En það var ekki verið að gera neitt. Enda vorum við hundfúlir.“⁹⁵

Í markaðsfréttum Stöðvar 2 sama kvöld var rætt við Geir H. Haarde og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Geir sagði: „Þetta var ekki fundur sem að var hugsaður til að taka neinar sérstakar ákvarðanir. Við vorum að kynna okkur sjónarmið bankanna varðandi þau mál sem að núna eru uppi og þeir voru jafnframt að hlusta á okkur.“ Ingibjörg sagði: „Og ég hef stundum verið að líkja þessu saman við bara sjávarútveginn ef að það væri eitthvað að gerast í hafinu í kringum Ísland að þá myndum við að sjálfsögðu standa saman, sjávarútvegurinn og ríkisstjórnin, og það ætlum við líka að gera núna á meðan að þetta gengur yfir á fjármálamörkuðum heimsins þessi mikilvæga atvinnugrein sem að er fjármálastarfsemi og ríkisstjórnin.“ Aðspurður hvort bankarnir hefðu brugðist hlutverki sínu svaraði Geir: „Það er alveg ljóst að þeir hafa náttúrulega stækkað mjög hratt. Þeir hafa verið mjög, hvað eigum við að segja, kалdir að sumu leyti til við að fjárfesta og, og þenja sig út en ég tel ekki að það sé nein hætta á ferð umfram það sem að annars staðar er.“

Fundur bankaráðs Seðlabanka Íslands 14. febrúar 2008

Í fundargerð bankaráðs Seðlabanka Íslands frá 14. febrúar 2008 kemur fram að Jón Sigurðsson hafi varpað fram þeirri spurningu hvernig Seðlabankinn

93. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 6.

94. Skýrsla Hreiðars Más Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 25.

95. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 77.

og ríkisstjórnin gætu stuðlað að trausti á fjármálakerfinu. Segir að hann hafi nefnt í því sambandi að álit Moody's um láns hæfiseinkunn standi á krossgötum. Í skýrslu Moody's sé að finna fjórar tillögur að úrbótum sem stuðlað geti að bættu trausti. Í fyrsta lagi að auka gjaldeyrisforða Seðlabankans, í öðru lagi aukin samvinna við seðlabanka á þeim svæðum sem íslenskir bankar starfa, í þriðja lagi að efla innstæðutryggingar og í fjórða lagi að herða opinberar reglur um lausafjárstöðu. Fram kemur að Jón telji mikilvægt að horfa til ráðlegginga Moody's í ljósi þess að fyrirtækið hafi verið vinveitt Íslendingum og sýnt góðan skilning á íslenskum efnahagsmálum. Segir að Jón hafi spurt hvaða viðleitni sé hægt að sýna í þessum efnunum. Síðan segir að Davíð Oddsson hafi bent á að skoðanir séu þó skiptar um það hvar áhættan liggir. Moody's hafi t.d., ólíkt öðrum, verulegar áhyggjur af fjármögnun Landsbanka með innstæðusöfnun. Þar sé horft til þess að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta sé ekki stór (u.þ.b. 8 ma. kr.) og ekki fjármagnaður nema að litlu leyti, en bankakerfið skuldbundið til að leggja sjóðnum til fé. Fyrirkomulagið taki engan veginn mið af núverandi stöðu. Í fundargerð kemur fram að meðal helstu verkefna sem unnið sé nú að sé að uppfæra gátlista og koma þeim á rafrænt form. Einnig sé unnið að undirbúningi álagsprófs á lausafjárstöðu o.fl.

Ummæli viðskiptaráðherra við umræður á Alþingi 19. febrúar 2008 um erfiða stöðu fjármálafyrirtækja

Björgvin G. Sigurðsson flutti ræðu á Alþingi 19. febrúar 2008. Björgvin sagði m.a.: „Það er aðallega tvennt sem veldur sérstaklega erfiðri stöðu fjármálafyrirtækjanna í dag. Það er annars vegar alþjóðleg fjármálakreppa sem hefur áhrif á þau eins og önnur fjármálafyrirtæki. Þó er staða okkar íslensku fjármálafyrirtækja í rauninni miklu betri en margra annarra, af ýmsum ástæðum. Hitt er svokallaður hlutfallsvandi, eins og Sigurjón Þ. Arnason, forstjóri Landsbankans, kallaði það, þ.e. að stærð fjármálafyrirtækjanna er orðin með þeim hætti að hlutfallsskekkinga er komin upp samanborið við stærð gjaldmiðils Seðlabanka og þjóðarinnar. Að sjálfsögðu þurfa stjórnvaldamenn að bregðast við þessari stöðu.“

Við skýrslutöku var Björgvin G. Sigurðsson inntur eftir því hvort hann hefði leitt hugann að því hvort það gæti gengið til framtíðar að hafa höfuðstöðvar bankanna hér á landi með hliðsjón af stærð þeirra. Við það tækifæri vísaði Björgvin til framangreindra ummæla sinna á Alþingi og sagði: „Já, já, ég gerði það. Ég gerði það nokkrum sinnum að umtalsefni, m.a. í þingræðu, að ég held, í febrúar 2008 þar sem ég benti á það að það sem menn kölluðu svona snyrtilega hlutfallsvandinn á milli bankakerfis og myntsvæðisins okkar, gjaldmiðilsins eða Seðlabankans, væri náttúrulega með þeim hætti að það væri aldrei við það búandi. Annaðhvort mundu bankarnir þurfa að minnka eða fara inn á stærra myntsvæði, þetta sagði ég t.d. í þingræðu 2008 og oft annars staðar. Ég fjallaði heilmikið um gjaldmiðilsmálin okkar út frá þessu sjónarhorni. Þetta var svona drifkrafturinn í Evrópuumræðunni sem að mér sneri á þessum tíma og pirraði marga í samstarfsflokknum á þeim tíma. Ég veitti því mjög mikla athygli, mér fannst þetta mjög ógnvænlegt, af því að bankar sem að gefur augaleið að eru tíu, ellefu þjóðarframleiðslur, verða aldrei varðir af þrautavarahlutverki Seðlabanka ef þeir lenda allir í vanda á sama tíma og við veittum og ræddum heilmikið þennan kerfisbrest sem er í okkar fyrirkomulagi. Við erum þarna aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, frjálst flæði fjármagns, öll íhlutun um starfsemi bankanna erlendis gat verið

erfið jafnvel og óeðlileg út frá alþjóðasamningum, þannig að það var ekkert hlaupið að því að minnka bankana með stjórnvaldsaðgerðum, alls ekki.⁹⁶

Ræða forsætisráðherra á Alþingi 21. febrúar 2008

Í ræðu á Alþingi 21. febrúar 2008 sagði Guðni Ágústsson, alþingismaður: „Ég ræddi í síðustu viku við hæstv. forsætisráðherra um aðgerðir til að kynna sterkt þjóðarþú Íslands, skuldlausan ríkissjóð, sterkt lífeyrissjóðakerfi og í rauninni sterka eignastöðu bankanna til þess að snúa umræðunni við á erlend- um vettvangi. Hæstv. forsætisráðherra ræddi þessi mál á viðskiptaþingi og boðaði daginn eftir forsvarsmenn bankanna og fjármálamenn á sinn fund. [...] Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra hvað sé fram undan í þeim efnum. Hefur einhver ákvörðun verið tekin um að fara í þann leiðangur að berjast fyrir hagsmunum Íslands og ná betri kjörum hvað fjármagn varðar? Hvert verður hlutverk Seðlabankans í þeirri för? (Forseti hringir.) og hver stýrir henni af hálfu Íslands þegar ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun í þessum efnum?“ Geir H. Haarde tók því næst til máls og sagði m.a.: „Það hefur að sjálfsögðu verið tekin ákvörðun um að berjast fyrir hagsmunum Íslands. Það er það sem við erum að gera á hverjum degi í störfum okkar. En hv. þingmaður gat réttilega um ummæli mín á viðskiptaþingi. Hann hafði vikið að svipaðri hugmynd hér í þinginu og það hefur reyndar áður verið gert og áður hafa aðilar staðið saman um að kynna stöðu lands og þjóðar í efnahagsmálum út á við. [...] Á fundinum sem ég átti með bankamönnum daginn eftir viðskiptaþing fórum við rækilega yfir þetta ásamt þremur öðrum ráðherrum og mér [er] óhætt að segja að þar er ríkur áhugi og það kom fram skilningur á því að nauðsynlegt væri að aðilar sneru bökum saman. Hugmyndin með þeim fundi var að sjálfsögðu ekki síst sú að sýna ákveðna samstöðu í þessu máli. [...] Ég hef síðan fengið til liðs við mig ágætan bankamann til að leggja hönd á plóginn í þessu máli sem er á fullri ferð í vinnslu. En hvað líður þátttöku eða aðild einstakra stofnana er of snemmt að segja til um. [...] En ég get fullvissað þingmanninn um það að við munum ekki láta neitt tækifæri fram hjá okkur fara til þess að leið- rétta rangfærslur, koma réttum upplýsingum á framfæri um stöðu mála hér sem er mjög góð í öllum grundvallaratriðum, eins og þingmaðurinn sagði. En auðvitað getum við ekki gert að því þótt olíuverð sé hærri núna en það hefur verið frá 1861 eða að ýmis önnur ytri áföll dynji á þjóðarþúi okkar eins og öðrum. Við þurfum auðvitað að laga okkur að slíkum staðreyndum sem koma erlendis frá. En í grunninn er þjóðarþúskapurinn hér mjög góður og við þurfum að koma því á framfæri.“

Í gögnum sem rannsóknarnefnd Alþingis bárust frá Samtökum fjármála- fyrirtækja er að finna tillögu til Geirs sem er dagsett deginum áður, þ.e. 20. febrúar 2008. Um er að ræða tillögu Samtaka fjármálafyrirtækja til forsætisráðherra um „Upplýsingaunit forsætisráðuneytis“. Fram kemur að Finnur Sveinbjörnsson komi til greina sem verkefnisstjóri. Hlutverk hópsins verði að safna „saman og miðla upplýsingum til erlendra aðila um íslenskt hagkerfi og fjármálakerfi“.

Í þessu samhengi skal tekið fram að bankamaðurinn sem Geir H. Haarde vís- aði til í ræðunni hér að framan var Finnur Sveinbjörnsson hagfræðingur. Í bréfi forsætisráðuneytisins, dags. 25. febrúar 2009, til rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að ráðuneytið hafi notið ráðgjafar Finns til september 2008.

96. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 4.

Samkvæmt gögnum málsins virðast störf hans einkum hafa lotið að aðstoð við ræðuskrif og samræmingu upplýsingamiðlunar um fjármálamarkaðinn.

Sendiherrastefna 22. febrúar 2008

Hinn 22. febrúar 2008 stóð utanríkisráðuneytið fyrir ráðstefnu undir heitinu „Umfjöllun um íslenska fjármálageirann – hlutverk utanríkisþjónustunnar“. Þar flutti Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra, ávarp sem nefndist „Allir á árarnar“. Í skýrslu Ingibjargar Sólrúnar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði hún: „Já, það var orðsporsmálið sem þar var verið að tala um, þ.e.a.s. hvernig við gætum – ja, kannski stutt við íslenska bankakerfið með því að koma á framfæri upplýsingum sem við töldum góðar og réttar um bankakerfið, að það stæði tiltölulega traustum fótum, það hefði ekki tekið þátt í þessum „sub-prime lánum“, eiginfjárstaðan væri góð o.s.frv. Það var kannski þetta sem var verið að koma á framfæri við okkar fulltrúa erlendis.“⁹⁷

Í skýrslu sinni lét Geir þessi orð falla um sendiherraráðstefnuna: „Um þetta leyti líka [...] kallar utanríkisráðuneytið sendiherra í útlöndum heim og það er haldin svokölluð sendiherrastefna. Ekki veit ég hvort það var eingöngu út af þessu tilefni sem ég ætla að segja frá, en alla vega það er gert og þar er meginefnið þá það að fara yfir stöðu bankanna þannig að sendiherrarnir séu upplýstir, geti svarað spurningum, geti brugðist við, blandað sér í málín ef þess gerist þörf. Það reyndar er ekki, auðvitað var það mjög mismunandi eftir löndum hvað menn þurftu að vera mikið að hafa sig í frammi. Þarna er farið yfir það að staða bankanna sé miklu betri en af er látið í erlendum fjölmiðlum, þangað mæta fulltrúar bankanna þriggja stóru, ég man nú ekki hverjir það voru, auk fulltrúa Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans til að kynna þeim þennan boðskap. Og þarna eru lögð fram skrifleg gögn [...] Þetta er svona dæmi um það sem var í gangi.“⁹⁸

Samráðsfundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins 26. febrúar 2008

Hinn 26. febrúar 2008 fundaði bankastjórn Seðlabanka Íslands með Fjármálaeftirlitinu. Samkvæmt drögum að fundargerð Seðlabankans var rætt um lausafjárstöðu bankanna á fundinum.

Viðskiptaráðherra fundar með stjórnarformanni Fjármálaeftirlitsins 28. febrúar 2008

Björgvin G. Sigurðsson átti fund með Jóni Sigurðssyni 28. febrúar 2008. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki undir höndum frekari upplýsingar um fundinn.

Aðstoð Andrew Gracie við viðlagaundirbúning Seðlabanka Íslands 27.–29. febrúar 2008

Í skýrslu Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að hann hefði lagt til við bankastjórn Seðlabanka Íslands að fá erlendan sérfræðing að nafni Andrew Gracie til ráðgjafar við viðlagaundirbúning og hefði verið fallist á það. Gracie hefði komið til landsins 27. febrúar 2008 og dvalist hér í tvo daga. Fjármálasvið Seðlabanka Íslands hefði sett hann inn í málín og hann hefði síðan unnið sérstaka greiningu og sett fram á níu glærum fyrir bankann hvað þyrfti að gera. Tryggvi kvaðst síðan að því marki sem hann gat hafa reynt

97. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 6.

98. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 42.

„Hann [Andrew Gracie] raunverulega stillti upp þeirri sviðsmynd sem við vorum búin að setja upp á fjármálasviði, að við skyldum bara reikna með því að þetta mundi enda í ógæfu, við skyldum reikna með því að fyrsti átakspunkturinn væri októberendurgreiðslan, um miðjan október, hjá Glitni, þá mundi þetta detta. Það datt áður vegna þess að bankarnir drógu að sér línur og innstæðueigendur voru hræddir og þetta gerðist áður, eins og vill verða. En þetta plan stóðst. Það sem Andrew gerði okkur gagn með var að hann sagði: „Byrjið þið á því að reikna út kostnað af fjármálaáfalli, þá fá menn það „sjökk“ sem þarf til þess að segja: „Við verðum að vinna að þessu“. Búið síðan til sviðsmyndir og útfærið þær, hvað getur gerst og hvernig á að taka á þeim málum? Þar koma kannski inn hlutir eins og með heimildir Fjármálaeftirlits og hvaða leiðir hefur Fjármálaeftirlitið og eruð þið búin að undirbúa þetta nógu vel?“ Þetta gerum við, við göngum frá því við Seðlabankann að reikna út kostnaðinn, reyndar gerðumst við það djörf, að minni tillögu, að við birtum í *Fjármálastöðugleika*⁹⁹ vissa meginpunkta úr úttektinni á því hvað fjármálaáfall kostar undir ramma sem heitir mikilvægi þess að ekki verði fjármálaáfall, eða eitthvað í þá veru. Við gerum síðan plan yfir hvað gæti gerst og erum beðin í samráðsnefndinni um að útfæra það nánar. Það gerir Seðlabanki og Fjármálaeftirlit sem hreina og klára sviðsmynd, ýmsir valkostir og hvernig megi bregðast við. Þetta er töluverð vinna þarna sem skilað er í byrjun apríl og töluverð umræða í hópnum síðan í byrjun apríl. Síðan skynja ég það þannig að síðan gerist ekki mikið og við fáum ekki næsta skref sem Andrew Gracie sagði að væri lykilatriði. Það var það að stjórnvöld ættu að koma saman og segja að ef þetta væri staðan þá þyrftum við að stilla íslensku bönkunum upp við vegg. Það er línan hans sem segir: „Fund or else.“ Fjármagnið ykkur ella fáði þið verra af. Þetta var aldrei gert. Þarna átti að þvinga fram aðgerðir, ef þeir gátu ekki fjármagnað sig þá urðu þeir að flýta eignasölu. Eins og Andrew Gracie benti á var biðtíminn ekkert nema kostnaður fyrir ríkið. Það minnka eignirnar inni í bönkunum, það aukast skuldbindingar sem ríkið þarf kannski að gangast inn í við áföll. En bankarnir vilja bíða, þeir vonast eftir því besta, þeir vilja ekki viðurkenna í uppgjörum sínum, þeir voru hræddir við það að eignirnar séu ekki eins mikils virði eins og þær voru, eins og ég var búinn að benda á í úttektum mínum í nóvember, eignaverð átti eftir að hrynja. Þeir eru að bíða með að selja eignir, vilja helst selja á hærri verðum, finnst þetta allt of lágt verð og svona. Og í stað þess að þetta sé þá þvinguð sala á sæmilegum verðum í aðdraganda áfalls, að maður gæti minnkað þá reikning bankanna, minnkað skuldbindingarnar, þá endar þetta fyrst í brunaútsölu og síðan í höndum skilanefnda seinna, fyrir miklu minna verð sem kemur ríkinu illa því þá var meiri hætt á að innlánsskuldbindingarnar verði dýrar og erlendum og innlendum kröfuhöfum illa. Þarna misstum við því frumkvæði og tíma með því að ná ekki þessari sameiginlegu stefnumótun og að stilla bönkunum upp við vegg. Þið sjáið það orðfæri [ekki] nokkurn tíma í fundargerðunum og að mínu mati sáum við of litlar aðgerðir svona síðustu sex mánuði.“¹⁰⁰

Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
10. mars 2009, bls. 15.

að halda sig við þessa áætlun í viðlagaundirbúningnum. Síðan sagði Tryggvi: „Hann raunverulega stillti upp þeirri sviðsmynd sem við vorum búin að setja upp á fjármálasviði, að við skyldum bara reikna með því að þetta mundi enda í ógæfu, við skyldum reikna með því að fyrsti átakspunkturinn væri októberendurgreiðslan, um miðjan október, hjá Glitni, þá mundi þetta detta. Það datt áður vegna þess að bankarnir drógu að sér línur og innstæðueigendur voru hræddir og þetta gerðist áður, eins og vill verða. En þetta plan stóðst. Það sem Andrew gerði okkur gagn með var að hann sagði: „Byrjið þið á því að reikna út kostnað af fjármálaáfalli, þá fá menn það „sjökk“ sem þarf til þess að segja: „Við verðum að vinna að þessu“. Búið síðan til sviðsmyndir og útfærið þær, hvað getur gerst og hvernig á að taka á þeim málum? Þar koma kannski inn hlutir eins og með heimildir Fjármálaeftirlits og hvaða leiðir hefur Fjármálaeftirlitið og eruð þið búin að undirbúa þetta nógu vel?“ Þetta gerum við, við göngum frá því við Seðlabankann að reikna út kostnaðinn, reyndar gerðumst við það djörf, að minni tillögu, að við birtum í *Fjármálastöðugleika*⁹⁹ vissa meginpunkta úr úttektinni á því hvað fjármálaáfall kostar undir ramma sem heitir mikilvægi þess að ekki verði fjármálaáfall, eða eitthvað í þá veru. Við gerum síðan plan yfir hvað gæti gerst og erum beðin í samráðsnefndinni um að útfæra það nánar. Það gerir Seðlabanki og Fjármálaeftirlit sem hreina og klára sviðsmynd, ýmsir valkostir og hvernig megi bregðast við. Þetta er töluverð vinna þarna sem skilað er í byrjun apríl og töluverð umræða í hópnum síðan í byrjun apríl. Síðan skynja ég það þannig að síðan gerist ekki mikið og við fáum ekki næsta skref sem Andrew Gracie sagði að væri lykilatriði. Það var það að stjórnvöld ættu að koma saman og segja að ef þetta væri staðan þá þyrftum við að stilla íslensku bönkunum upp við vegg. Það er línan hans sem segir: „Fund or else.“ Fjármagnið ykkur ella fáði þið verra af. Þetta var aldrei gert. Þarna átti að þvinga fram aðgerðir, ef þeir gátu ekki fjármagnað sig þá urðu þeir að flýta eignasölu. Eins og Andrew Gracie benti á var biðtíminn ekkert nema kostnaður fyrir ríkið. Það minnka eignirnar inni í bönkunum, það aukast skuldbindingar sem ríkið þarf kannski að gangast inn í við áföll. En bankarnir vilja bíða, þeir vonast eftir því besta, þeir vilja ekki viðurkenna í uppgjörum sínum, þeir voru hræddir við það að eignirnar séu ekki eins mikils virði eins og þær voru, eins og ég var búinn að benda á í úttektum mínum í nóvember, eignaverð átti eftir að hrynja. Þeir eru að bíða með að selja eignir, vilja helst selja á hærri verðum, finnst þetta allt of lágt verð og svona. Og í stað þess að þetta sé þá þvinguð sala á sæmilegum verðum í aðdraganda áfalls, að maður gæti minnkað þá reikning bankanna, minnkað skuldbindingarnar, þá endar þetta fyrst í brunaútsölu og síðan í höndum skilanefnda seinna, fyrir miklu minna verð sem kemur ríkinu illa því þá var meiri hætt á að innlánsskuldbindingarnar verði dýrar og erlendum og innlendum kröfuhöfum illa. Þarna misstum við því frumkvæði og tíma með því að ná ekki þessari sameiginlegu stefnumótun og að stilla bönkunum upp við vegg. Þið sjáið það orðfæri [ekki] nokkurn tíma í fundargerðunum og að mínu mati sáum við of litlar aðgerðir svona síðustu sex mánuði.“¹⁰⁰

Hinn 29. febrúar 2008 var haldinn lokaður fundur þar sem Andrew Gracie fjallaði annars vegar um viðlagaæfingu þá sem haldin var 20.–25. september 2007 og hins vegar um ráðgjöf hans varðandi viðlagaundirbúning Seðlabanka Íslands. Á fundinn mættu starfsmenn Seðlabanka Íslands, fulltrúar

99. Sjá bls. 34–35 í *Fjármálastöðugleika* 2008.

100. Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 10. mars 2009, bls. 15–16.

úr samráðshópi þriggja ráðuneyta, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans svo og starfsmenn Fjármálaeftirlitsins og fjármálaráðuneytisins sem þátt höfðu tekið í viðlagæfingunni.¹⁰¹

Í skjalinu sem Andrew Gracie tók saman fyrir Seðlabanka Íslands segir m.a. að vandinn sé eftirfarandi: „Icelandic banks are shut out of markets and/or the price of liquidity is prohibitive.“ Því næst segir: „No guarantee that markets will re-open in time for Glitnir to refinance (Oct 08) or Kaupthing (Q1 09).“ Síðan segir að tvær niðurstöður komi til greina, ein góð en önnur slæm. Sú fyrri er sögð sú að bankarnir endurheimti aðgang að mörkuðum af sjálfsdáðum. Sú slæma er sögð sú að bankarnir endurheimti ekki framangreindan aðgang að mörkuðum og því verði inngríp yfirvalda nauðsynlegt. Síðar í skjalinu segir: „Banks have an incentive to wait and to gamble that markets will re-open.“ Í beinu framhaldi segir: „Cost of bad outcome will increase as time passes.“

Ingimundur Friðriksson lýsti því við skýrslutöku að menn hefðu meðtekið boðskap Andrews Gracie svo að um væri að ræða sviðsmyndir sem væru teiknaðar upp og ættu að vera mönnum til leiðsagnar um framhaldið.¹⁰² Undir þessi viðhorf tók Baldur Guðlaugsson.¹⁰³

Ingimundur Friðriksson áréttaði að það efni sem Andrew Gracie hefði útbúið fyrir Seðlabankann hefði verið sent til Geirs H. Haarde.¹⁰⁴ Baldur Guðlaugsson kvaðst ekki hafa kynnt Árna M. Mathiesen vinnu Andrews Gracie.¹⁰⁵

Aðspurður um hver viðbrögð ráðherra hefðu verið við skjalinu frá Andrew Gracie, sagðist Ingimundur Friðriksson halda að engin sérstök viðbrögð hefðu komið fram af þeirra hálfu. Hann minntist ekki „sérstaklega viðbragða frá ráðherrum að neinu leyti um hvatningar í þessum efnum“. Viðbrögð Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins hefðu verið þau að setja upp sviðsmyndir í samræmi við tillögur Andrews Gracie og hefðu þær legið fyrir í endanlegri mynd í lok apríl eða byrjun maí.¹⁰⁶

Í skýrslu Bolla Þórs Bollasonar kom fram að hann væri ekki sammála þeim viðhorfum sem Davíð Oddsson hefði lýst opinberlega, um að skjal Andrews Gracie hefði verið „mikið tímamótaplagg“. Skjalið væri frá 29. febrúar 2008 en ekki hefði þótt ástæða til að kalla saman samráðshópinn af því tilefni og skjalinu hefði því ekki verið dreift innan hópsins fyrr en á fundi 18. mars 2008. Aðspurður um hvort hann hefði látið Geir H. Haarde í té afrit af skjalinu svaraði hann því til að Geir hefði sjálfur verið búinn að fá eintak beint frá seðlabankastjóra.¹⁰⁷ Geir lýsti því sjálfur við skýrslutöku að formaður bankastjórnar Seðlabankans hefði afhent sér skjalið 6. mars sama ár. Sagði Geir að því hefði ekki verið fylgt neitt „sérstaklega úr hlaði“, sbr. umfjöllun um fundinn hér á eftir.¹⁰⁸

Bæði Björgvin G. Sigurðsson og Árni M. Mathiesen lýstu því við skýrslutöku að þeim hefði verið ókunnugt um skýrslu Andrews Gracie og um komu hans til landsins.¹⁰⁹

101. Sbr. dagskrá fundarins „Visit by Andrew Gracie, CMA“ (SI-39222), 26. febrúar 2008.

102. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 23.

103. Skýrsla Baldurs Guðlaugssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. mars 2009, bls. 20.

104. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 22.

105. Skýrsla Baldurs Guðlaugssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. mars 2009, bls. 20.

106. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 25.

107. Skýrsla Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 7–8.

108. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 41.

109. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 37, og skýrsla Árna M. Mathiesen fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. maí 2009, bls. 23.

Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) gefur út skýrslu um efnahagsstöðuna á Íslandi 28. febrúar 2008

Skýrsla OECD ber heitið *Economic survey of Iceland 2008* og kom út 28. febrúar 2008. Í samantekt segir m.a.: „The international liquidity crisis has increased uncertainty about economic prospects as markets are likely to remain volatile in the foreseeable future. So far, Iceland’s financial institutions have weathered the storm well, although increased risk aversion has led to higher borrowing cost for Icelandic banks. While their rapid expansion has raised concerns about financial stability, supervisory and rating agencies consider that the financial system is broadly sound. Stress tests suggest that banks have adequate capital to withstand large credit and market shocks. However, these scenarios do not account for the second-round effects of such shocks. Hence, the authorities should continue efforts aimed at improving the risk assessment and supervision of the financial system.“

Forsætisráðherra fundar með Bjarna Ármannssyni 29. febrúar 2008

Geir H. Haarde fundaði með Bjarna Ármannssyni, fyrrverandi forstjóra Glitnis, 29. febrúar 2008. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki undir höndum frekari gögn um fundinn.

19.3.6 Mars 2008

Viðtal við Gylfa Magnússon í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins 2. mars 2008

Í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins 2. mars 2008 var sagt frá því að tæplega 400 milljarðar króna væru útistandandi í krónubréfum. Rætt var við Gylfa Magnússon, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands. Í fréttinni sagði: „Gylfi segir að Íslendingar myndu standa frammi fyrir alvarlegum vanda ef erlent fé hætti að streyma til landsins því hagkerfið hafi í sívaxandi mæli undanfarin ár verið fjármagnað með erlendum lánum. Hávaxtastefna sé eitt af því sem hafi leitt til þess að mikið sé tekið af erlendum lánum og viðskiptahallinn sé orðinn mikill. Gylfi segir það erfitt fyrir Seðlabankann að lækka stýrivexti mikið meira en erlendir seðlabankar gera. Halda verði þessum vaxtamun við útlönd.“ Síðan sagði Gylfi: „Það má eiginlega segja að Seðlabankinn sé kominn í hálfgerða sjálfheldu, hann getur eiginlega ekki lækkað vexti með góðu móti sem neinu nemur án þess að, að verðbólgan fari úr böndunum og, og að öll þessu erlendu lán fari [...] að valda skuldunautunum talsverðum vandræðum.“

Fundur Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins með Kaupþingi 3. mars 2008

Hinn 3. mars 2008 funduðu Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, og Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, með stjórnendum Kaupþings. Í drögum að fundargerð Seðlabankans er haft eftir Hreiðari Má Sigurðssyni, forstjóra Kaupþings: „Innstæðutryggingar: Fyrsta neikvæða greinin í sænsku blöðunum í dag. Ætla að færa útlánin yfir í útibúið. Byrja í Þýskalandi í dag með fundi með tryggingarsjóðnum.“ Síðar segir að Jónas Fr. Jónsson hafi rætt um fyrirhugaðan þátt á Channel 4 í Bretlandi um innlán. Því næst er haft eftir Hreiðari: „Óttast ekki þá umfjöllun. Bankastjóri Nordea með dómsdagsspá samt aukast innlánin.“ Því næst er haft eftir Jóni Sigurðssyni: „Gott form, þægindi og leti fara saman.“ Síðar í fundargerð segir:

JS [Jón Sigurðsson]: Tilbúið frumvarp um hærri iðgjöld og tryggingar.

HMS [Hreiðar Már Sigurðsson]: Sjóður smár.

TP [Tryggvi Pálsson]: Stjórnvöld gætu verið andsnúin því að flytja innlánin yfir í útibú.

JFJ [Jónas Fr. Jónsson]: Slík andstaða stenst væntanlega ekki EES.

HMS: Í lok árs á 400 m. manna markaði. Í Hollandi 30% í netinnlánnum.

Viðtal við formann bankastjórnar Seðlabanka Íslands á Channel 4

3. mars 2008

Breska sjónvarpsstöðin Channel 4 flutti þátt 3. mars 2008 þar sem sérstaklega var fjallað um innlánsreikninga íslenskra banka í Bretlandi. Fréttamaður ræddi við Davíð Oddsson, formann bankastjórnar Seðlabanka Íslands. Davíð sagði að skuldatryggingarálag á íslensku bankana væri of hátt. Jafnframt sagði hann: „The economy of this country is quite extraordinary good. [...] I think that the CDS that are so much higher on some of these banks than on the average elsewhere is not fair and should not be so high.“ Sagði hann engan banka geta staðist til lengdar skuldatryggingarálag upp á 500 til 600 punkta. Síðar í viðtalinu hafði fréttamaður eftir Davíð að íslenska ríkið hefði efni á að tryggja innstæður allra bankanna. Orðrétt sagði Davíð: „These banks are so sound that nothing like that is likely to ever happen. And if something would happen we would never be talking about the whole amount, because it is never like that, but even so Icelandic economy, the state being debtless, this would not be too much for the state to swallow, if it would like to swallow it.“

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis ræddi Davíð Oddsson um ummæli sín í framangreindu sjónvarpsviðtali: „Síðan hefur nú verið spilað í sjónvarpsþætti að einhvern tímann – ég man ekki hvenær það var – þá fór ég í Channel 4 þátt og þar hafa menn verið að segja að ég hafi verið að lýsa því yfir að íslenska ríkið tæki ábyrgð á öllum Icesave samningunum. En þar sagði ég að íslenska ríkið hefði burði til að mæta því... þá gerir maður kannski einhverju sem mundi upp á vanta hjá bankanum, kannski 30%, ef það kysir. Ég man að þegar ég kom upp – þetta var tekið niðri – sagði ég: „Ég vona nú að þetta verði ekki til þess að það verði gert run á Icesave reikningana“, af því að ég taldi að með þessu orðalagi mætti öllum vera ljóst að íslenska ríkið yrði að taka til þess afstöðu, það yrði að kjósa að greiða þetta en ekki að því væri skylt að greiða það.“¹¹⁰

Bankastjórnar Seðlabanka Íslands funda með Seðlabanka Bretlands

3. mars 2008

Hinn 3. mars 2008 funduðu Davíð Oddsson og Ingimundur Friðriksson með forsvarsmönnum Seðlabanka Bretlands. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur undir höndum minnisblað Seðlabanka Íslands frá fundinum, dags. 5. mars 2008. Í minnisblaðinu segir að bresk yfirvöld telji að hraður vöxtur banka geti verið áhyggjuefni og að hratt vaxandi innlán séu ótryggari en önnur. Fram kemur að Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, hafi lagt „áherslu á að staða bankanna væri býsna góð“ og að „lausafjárstaða þeirra væri rúm“. Haft er eftir Davíð að bankarnir þurfi jafnvel ekki að sækja á lánamarkað að öðru óbreyttu í eitt ár. Síðar í minnisblaðinu segir: „Ráða mátti af orðum for-

110. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 84.

svarsmanna Bank of England að þeir hefðu ekki nægar upplýsingar til þess að meta rétt stöðu íslensku bankanna. Þeir töldu t.d. að innlán sem safnað er í Bretlandi væru meira og minna notuð til þess að fjármagna hraðan vöxt útlána á Íslandi.“ Síðar segir eftirfarandi: „Þeir spurðu hvort Seðlabankinn myndi veita þrautavarálán ef á reyndi. Því var svarað að yfirlýsingar hefðu aldrei verið gefnar um slíkt en auðvitað myndi Seðlabankinn hugleiða slíkt í fullri alvöru. Þá væri augljóst að Seðlabankinn væri fyrst og fremst lánveitandi til þrautavara í eigin gjaldmiðli og var það m.a. tekið fram í svari við spurningu Mervyn King um hvort Seðlabankinn gæti veitt lán í öðrum gjaldmiðli líka.“ Síðan segir: „Augljóst var af orðum forsvarsmanna Bank of England að þeir voru uppteknir af mögulegum afleiðingum þess að mikið yrði tekið út af reikningum í bönkum, þ.m.t. Landsbanka Íslands í London.“¹¹¹

Fundur Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands með stjórnendum Landsbankans 4. mars 2008

Hinn 4. mars 2008 funduðu Jón Sigurðsson, Jónas Fr. Jónsson og Tryggvi Pálsson með bankastjórum Landsbankans. Af drögum Seðlabankans að fundargerð má ráða að m.a. hafi verið rætt um innlánstryggingar. Fram kemur að Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, hafi rætt um að betra væri að hafa innlánsreikninga í dótturfélagi þótt lausafé nýtist verr. Einnig segir að rætt hafi verið um þátt Channel 4 í Bretlandi. Um þann þátt segir að Landsbankinn sé ósáttur við framkomu starfsmanns FSA sem rætt hafi verið við í þættinum.

Fundur Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands með stjórnendum Glitnis 4. mars 2008

Hinn 4. mars 2008 funduðu Jón Sigurðsson, Jónas Fr. Jónsson og Tryggvi Pálsson með stjórnendum Glitnis. Í drögum Seðlabankans að fundarpunktum kemur fram að m.a. hafi verið rætt um nýlegar ábendingar Moody's til íslenska ríkisins en þær eru sagðar eftirfarandi:

1. Auka gjaldeyrisforða Seðlabankans.
2. Efla samninga Seðlabankans við seðlabanka í nálægum löndum.
3. Herða lausafjárstýringu.
4. Innlánstrygging.

Fundur forsætisráðherra með formanni bankastjórnar Seðlabanka Íslands 6. mars 2008

Hinn 6. mars 2008 hélt Geir H. Haarde fund með Davíð Oddssyni. Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði Geir: „Þá afhendir hann mér svona þetta glærusafn frá [Andrew] Gracie og segir: „Þessi maður kom hérna og er búinn að útbúa þetta, hér er þetta.“ En í millitíðinni auðvitað hafði samráðshópurinn haft þetta og notaði þetta sem grunn í frekari vinnu sinni. Hann fylgdi þessu ekkert sérstaklega úr hlaði og þegar ég fór að skoða þetta er þetta náttúrulega það sem það segist vera, þetta eru sviðsmyndir, þetta eru dæmi um það sem gæti gerst, þetta er ekki spá um að eitthvað tiltekið muni gerast. Svo verða menn að vega og meta hvernig þeir ætla að bregðast við því.“¹¹² Geir sagði að fundurinn með Davíð hefði verið mjög langur eða frá um kl. 14:30 til 18:30 og að farið hefði verið úr einu í annað. Geir sagði m.a.:

111. Minnisblað Seðlabanka Íslands: „Fundur í Bank of England“, dags. 5. mars 2008.

112. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 42.

„Það eru fjölmörg mál og það er verið að rifja upp gamalt og nýtt og sagðar miklar sögur eins og oft er. Þá tekur hann sér í munn orðið glæpahundarnir í bönkunum, ég hef skrifað það hjá mér, og segir þá að lán, þar sem Kaupþing var á þeim tíma sagt hafa tekið væri „scam“, það var orð sem einhver útlendur seðlabankastjóri hafði notað um það, það kom einhvers staðar í fréttum um þetta leyti að Kaupþing hefði útvegað sér lán á góðum kjörum [...] hann sagði mér frá fundi sínum og Ingimundar Friðrikssonar með yfirmönnum Englandsbanka, Mervyn King, bankastjóra, og yfirmanni fjármálastöðugleikadeildarinnar í bankanum, þar sem þeir voru að lýsa áhyggjum sínum af Landsbankareikningum, Icesave reikningunum, þetta er strax þá í, tiltölulega snemma árs. Og það má segja að það hafi verið svona, eins og fundurinn þarna í janúar, svona „tema“ í þessu, áhyggjur út af þessari þróun.“¹¹³

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis voru framangreind ummæli um „glæpahundana í bönkunum“ borin undir Davíð. Hann svaraði á svofelldan hátt: „Við erum á tveggja manna tali þar náttúrulega og maður getur kannski staðið við svona orð út í frá en þetta var mín afstaða þegar þarna var komið, að menn náttúrulega væru ekki, menn væru hvergi að fara að lögum eins og kom síðan á daginn, held ég.“¹¹⁴

8. fundur starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjávanda 7. mars 2008.

Starfshópur um viðbrögð við lausafjávanda fundaði 7. mars 2008. Í fundargerð kemur fram að Tryggvi Pálsson hafi dreift tillögum um áframhaldandi vinnu og ráðgjöf Andrews Gracie. Næstu skref felist í því að meta valkosti og kostnaðargreina áföll. Því næst segir í fundargerðinni: „Einnig sagði Andrew að [...] mikilvægt sé að stjórnvöld séu búin að mynda sér sameiginlega skoðun áður en að útgáfu kemur. Næsta útgáfa er í maí hjá SÍ [Seðlabanka Íslands] og júlí hjá FME [Fjármálaeftirlitinu].“ Í fundargerð kemur einnig fram að farið hafi verið yfir lista yfir þær aðgerðir sem unnið hafði verið að síðan hópurinn var virkjaður. Fram kemur að Sigríður Logadóttir, aðallögfræðingur Seðlabankans, ætli að skoða tilkynningar og formlega fjölmiðlaumfjöllun í tengslum við Northern Rock málið í Bretlandi. Einnig hyggist hún kanna þau skilyrði sem hægt sé að setja fyrir veitingu þrautavaraláns og fara yfir hvaða tilslakanir komi til greina í fjármálaáfalli. Fram kemur að Tryggvi Pálsson hyggist bera tillögur Andrews Gracie undir samráðshóp þriggja ráðuneyta, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans á næsta fundi þess hóps.

„Næstu skref væru að meta valkosti og kostnaðargreina áföll. Einnig sagði Andrew að [...] mikilvægt sé að stjórnvöld séu búin að mynda sér sameiginlega skoðun áður en að útgáfu kemur.“

Ummæli höfð eftir Tryggva Pálssyni í fundargerð starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjávanda 7. mars 2008.

Minnisblað um þær aðgerðir sem starfshópur um lausafjávanda hafði unnið að frá því hann var virkjaður 26. febrúar 2008.

- Endurskoðun á bankastjórnarsamþykkt 1097 varðandi starfshóp um lausafjávanda og endurskoðun á gátlistum.
- Reglulegt eftirlit með fjármögnun og endurgreiðsluferli þriggja stærstu íslensku bankanna.
- Eftirlit og álagspróf með lausafjárstöðu móðurfélaga þriggja stærstu bankanna.
- Staðfesting á lánalínum og/eða staðfesting á annarri fjármögnun sem Seðlabanki Íslands hefur aðgang að í fjármálakreppu.

113. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 42.

114. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 4. janúar 2010, bls. 15.

- Útvíkkun á skilgreiningu á veðhæfum tryggingum í reglulegum viðskiptum við Seðlabankann með breytingum á reglum nr. 35 um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands.
- Yfirlit yfir fréttatilkynningar og formleg samskipti við fjölmiðla hjá öðrum seðlabönkum varðandi lausafjáraðstoð.
- Samantekt „Ljóta listans“ sem er samansafn af gagnrýnum athugasemdum í erlendum fjölmiðlum og frá greiningaraðilum varðandi íslenska fjármálakerfið og íslensku bankana.
- Athuga og túlka reglur Seðlabanka Íslands með tilliti til lausafjáraðstoðar ef kemur til afbrigðilegra aðstæðna.
- Endurskoðun skilmála og skilyrða fyrir lausafjáraðstoð.

Fundur forsætisráðherra með Sigurjóni Þ. Árnasyni í mars 2008

„Hann [Sigurjón Þ. Árnason] segir undir lokin að mjög fáir í bankakerfinu skilji nákvæmlega heildarsamhengi allra hluta sem væru í gangi í hinum ólíku kerfum, Glitnir stæði sennilega verst að þessu vígi að [...] þar væri sennilega enginn með þetta allt á hreinu, sjálfur sagðist hann vera með góða yfirsýn en þó ekki upp á tíu, mundi sennilega fá átta á prófi ef á reyndi, en Kaupþing væri betur stadd að þessu leyti en Glitnir. Þetta fannst mér nú eiginlega ótrúleg frásögn.“

Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
2. júlí 2009, bls. 43.

„Hann [Jónas Fr. Jónsson] sagðist ekki telja að í bönkunum væru nein loftgöt [...] nema ef upplýsingum væri með glæpsamlegum hætti haldið frá eftirlitinu, sem hann taldi afar ólíklegt.“

Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
2. júlí 2009, bls. 42.

Í skýrslu Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að hann hefði haldið þrjá fundi í marsmánuði á heimili sínu með Sigurjóni Þ. Árnasyni, bankastjóra Landsbankans, þ.e. 9., 19. og 22. mars 2008, en Sigurjón er nágrenni Geirs. Hefðu þeir rætt um Icesave innlánin, stöðu bankanna gagnvart Seðlabanka Evrópu og loks erlenda fjármögnun þeirra. Um einn af þessum fundum sagði Geir: „Hann [Sigurjón] segir undir lokin að mjög fáir í bankakerfinu skilji nákvæmlega heildarsamhengi allra hluta sem væru í gangi í hinum ólíku kerfum, Glitnir stæði sennilega verst að þessu vígi að [...] þar væri sennilega enginn með þetta allt á hreinu, sjálfur sagðist hann vera með góða yfirsýn en þó ekki upp á tíu, mundi sennilega fá átta á prófi ef á reyndi, en Kaupþing væri betur stadd að þessu leyti en Glitnir. Þetta fannst mér nú eiginlega ótrúleg frásögn.“¹¹⁵

Við skýrslutöku lýsti Sigurjón Þ. Árnason því að á framangreindum fundum hefði hann reynt að setja fram hugsanlega lausn á vanda bankanna. Aðspurður sagðist hann ekki minnst þess að Geir H. Haarde hefði á fundunum lýst áhyggjum Seðlabankans af stöðu íslenska bankakerfisins.¹¹⁶

Fundur forsætisráðherra og fjármálaráðherra með forstjóra Fjármálaeftirlitsins 10. mars 2008

Hinn 10. mars 2008 héldu Geir H. Haarde og Árni M. Mathiesen fund með Jónasi Fr. Jónssyni, forstjóra Fjármálaeftirlitsins. Í skýrslu Geirs kemur fram að Jónas hafi látið þeim í té gögn sem hann hafði sjálfur notað á ráðstefnu nokkrum dögum áður. Geir segir að Jónas hefði sagt við sig og Árna: að staða bankanna liti ekki illa út, hvorki varðandi eignir, eigið fé, rekstrarafkomu né lausafé næsta tæpa árið. Hann sagðist „ekki telja að í bönkunum væru nein loftgöt [...] nema ef upplýsingum væri með glæpsamlegum hætti haldið frá eftirlitinu, sem hann taldi afar ólíklegt.“ Geir sagðist hafa haldið til New York á ráðstefnu Íslensk-ameríska verslunarráðsins tveimur dögum síðar með þessar upplýsingar í farteskinu.¹¹⁷

Við skýrslutöku sagði Árni M. Mathiesen að fundurinn hefði farið leynt. Síðan bætti hann við: „Já og það er allt svona svolítið viðkvæmt ef að ráðherrar eru að kalla fyrir sig forstöðumenn stofnana annarra ráðuneyta. Þannig að maður er ekkert svo sem alveg að gera, var ekki að gera það á hverjum degi, þó svo að það hafi auðvitað komið fyrir.“¹¹⁸

115. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 43.

116. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 75–76.

117. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 42.

118. Skýrsla Árna M. Mathiesen fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. maí 2009, bls. 31.

Við skýrslutöku ræddi Jónas Fr. Jónsson um framangreindan fund. Fundinum lýsti hann með eftirfarandi orðum: „En hérna það sem ég í sjálfu sér fór bara yfir var bara: Ókei, við erum með, þetta er uppgjörð þeirra, þetta er staðan, eins og hún lítur út núna miðað við eiginfjárlutfall og annað slíkt, þá virðist grunnurinn vera í lagi en við erum auðvitað með lausafjárþrengingar í heiminum, það er það sem við þurfum að búa okkur undir. [...] Ég hitti þá, eins og ég skildi, Geir var að fara á fund hjá Íslenska verslunarráðinu og hérna eitthvað að ræða það, ég held að ég hafi látið hann hafa glærur ef ég man rétt eða eitthvað svoleiðis, glærur sem við höfðum verið búin að taka saman. [...] Já, ég hafði bara áhyggjur, ég man nú eftir þessum fundi hjá honum hvað, fyrir meira en ári síðan, var einfaldlega þetta að það væri þessi lausafjárþrenging í heiminum, náttúrulega það sem við þyrftum að búa okkur undir. Það voru svona þessar almennu áhyggjur. Við fórum hins vegar, eins og ég segi, aðeins í gegnum glærurnar og við fórum í gegnum hvernig uppgjör þeirra hefði verið.“¹¹⁹

Erindi utanríkisráðherra í Kaupmannahöfn 11. mars 2008

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra, flutti erindi á ráðstefnu um íslenskt efnahagslíf í Kaupmannahöfn 11. mars 2008. Heiti erindisins var: „Íslands økonomi, stærk og fleksibel“. Í erindinu segir Ingibjörg m.a.: „De islandske banker hviler på et solidt grundlag. Indtægter fra deres kernevirksomhed voksede sidste år til trods for subprime-krisen. Bankernes stærke likviditet bekræftes blandt andet af nylige kreditvurderinger fra Moody's. De tre største banker har gentagne gange bestået Finanstilsynets tryktest med gode resultater.“ Síðar segir hún: „Der er blevet spurgt hvordan regeringen agter at reagere på en eventuel bankkrise. Jeg opfatter spørgsmålet som yderst hypotetisk, da bankerne lever og har det godt i øjeblikket, men jeg vil gerne tilføje at både regeringen og Nationalbanken har ressourcer til at afværge en likviditetskrise, beskytte indskyderne og undgå forstyrrelser i betalingssystemerne. Vi har de værktøjer der skal til, og jeg kan forsikre jer om at den islandske regering naturligvis vil reagere som enhver anden ansvarlig regering ville gøre hvis en sådan situation opstod.“

Í skýrslu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis vék hún að framangreindu erindi sínu með þessum orðum: „Mig langar aðeins að segja út af Danmerkurferðinni og þeim fundi. Sko ég var náttúrulega að fara í sjálfu sér í opinbera heimsókn til Danmerkur, að hitta starfsbróður minn þar. En ég upplifði líka svolítið að ég væri að fara til að tala á þessum fundi til þess að gera grein fyrir því að íslensk fyrirtæki væru mismunandi, það mætti ekki setja öll íslensk fyrirtæki undir einn hatt. Ég var náttúrulega búin að vera námsmaður í Danmörku og ég þekki alveg viðhorf – og það var kannski svolítið í mér – þetta viðhorf Dana, Stór-Danans, til Íslendinga, [...] það eru ákveðnir fordómar hjá Dönun og allir sem hafa verið í lengri tíma eða búid í Danmörku hafa, held ég, fundið það á sínu eigin skinni. Og mér fannst ég svolítið vera að fara þarna til að tala um þessa hluti, að það yrði að meta hvert og eitt íslenskt fyrirtæki á eigin forsendum og Danir mættu ekki segja bara: „Íslendingarnir, hvort sem það væri Baugur eða Kaupþing eða hvað þau hétu nú öll, það yrði að skoða hvert fyrirtæki fyrir sig og meta þau á eigin forsendum því að þau væru eins mismunandi og þau væru mörg.“ Mér fannst

„Forsætisráðherra og utanríkisráðherra fara í þessa frægu kynnisferð í [mars]. Og maður verður bara að spyrja, ég meina, gerði fólk þetta gegn betri vitund eða hvað var á ferðinni? Eða töldu menn sér leyfilegt að gera þetta vitandi af veikari stöðu af því að það væri liður í því að ná einhverjum árangri eða afstýra hruni, ég bara, það er erfitt að segja.“

Skýrsla Steingrims J. Sigfússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 16. október 2009, bls. 16.

„[...] men jeg vil gerne tilføje at både regeringen og Nationalbanken har ressourcer til at afværge en likviditetskrise, beskytte indskyderne og undgå forstyrrelser i betalingssystemerne.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir í ávarpi sínu í Kaupmannahöfn 11. mars 2008.

„Ég var náttúrulega búin að vera námsmaður í Danmörku og ég þekki alveg viðhorf – og það var kannski svolítið í mér – þetta viðhorf Dana, Stór-Danans, til Íslendinga, [...] það eru ákveðnir fordómar hjá Dönun og allir sem hafa verið í lengri tíma eða búid í Danmörku hafa, held ég, fundið það á sínu eigin skinni.“

Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 29.

119. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. ágúst 2009, bls. 39–40.

þetta svolítið vera erindi mitt og það sem ég kannski lagði inn sjálf, svolítið persónulega, í þennan fund. Svo er auðvitað kafla – það er náttúrulega eins og gerist þegar við erum að fara að við semjum þetta ekki sjálf, allt sem þar er, og þar er kafla einmitt um bankakerfið og ef ég man rétt þá kemur það innlegg m.a. frá Finni Sveinbjörnssyni, sem var þá að vinna eitthvað fyrir forsætisráðherra í efnahagsmálum. Það bara kemur svona sem partur í því sem maður segir.¹²⁰

Ingibjörg var spurð að því hvort ekki hefði verið ástæða til þess að fara ítarlegar yfir skýrslur greiningardeildar Danske Bank og brjóta það til mergjar hvort einhver hætta væri á ferðum. Í skýrslu sinni svaraði Ingibjörg: „Eflaust hefði verið full ástæða til þess að gera það, en ég held að menn hafi kannski svolítið afgreitt það með Danske Bank að þetta væri samkeppnisaðili við íslensku bankana og svona áhöld um það hvað ætti að taka það, ég veit ekki hvað ég á að segja, alvarlega, eða kannski hver væri trúverðugleiki þeirrar úttektar. Við horfðum náttúrulega líka til þess að það voru menn – ég ítreka aftur Mishkin og Portes, sem voru sjálfstæðir fræðimenn á þessu sviði, sem höfðu unnið ásamt með íslenskum fræðimönnum skýrslu varðandi þetta, áttu engna hagsmuna að gæta og maður tók þá trúanlega.“¹²¹ Þá áréttaði Ingibjörg síðar í skýrslu sinni: „Svo líka hitt, sem kannski er ástæða til að segja hér, af því að eftir á koma menn og segjast hafa varað við og séð hvað var að gerast – tveir sem hafa gert það, annar Robert Wade og hinn Þorvaldur Gylfason. Þetta voru báðir menn sem höfðu mjög greiðan aðgang að mér, sem ég var í persónulegum samskiptum við, og að þeir kæmu á framfæri þeim upplýsingum við mig að bankakerfið okkar væri komið að fótum fram, eða í mikilli hættu, það gerðu þeir ekki.“¹²²

Ræða forsætisráðherra í New York á ráðstefnu Íslensk-ameríska viðskiptaráðsins 13. mars 2008

Geir H. Haarde, forsætisráðherra, flutti ræðu í New York á fundi Íslensk-ameríska viðskiptaráðsins 13. mars 2008. Geir fjallaði um íslenska fjármálakerfið og sagði m.a.: „During this time, the industry's assets have grown to about eight times Iceland's GDP. Privatization of state-owned banks and mergers among Iceland's largest banks some years ago as well as sweeping tax cuts released new energy in the sector. The banks have found growth opportunities outside Iceland and transformed themselves from purely local deposit institutions to truly international banks. This has been a welcome development and has added an important pillar to the economy, a pillar that the Government wants to do its utmost to preserve and strengthen even further. The Icelandic Government is fully committed to ensuring that the conditions for a continued success of the financial sector remain favorable.“

Fundur bankaráðs Seðlabanka Íslands 13. mars 2008

Í fundargerð bankaráðs Seðlabanka Íslands frá 13. mars 2008 kemur m.a. fram að Davíð Oddsson hafi upplýst að mikill stígandi hafi verið í vísitölu gengisskráningar og þurfi að fara allt aftur til ársins 2001 til að finna svipaðar hæðir og nú. Hlutabréfavisitölur séu að falla þó að smá hnykkir séu öðru hvoru upp á við. Skuldatryggingarálög séu ekki góð og búið sé að staðfesta þessi álög

„The Icelandic banks have certainly felt the effects of the current turmoil in international financial markets, which has made access to funding more difficult and costly for most international banks. However, the banks remain strong according to the Icelandic Financial Supervisory Authority (FME), which points to their relatively high capital adequacy ratios, good liquidity position, increased proportion of deposits in their funding profile and their ability to withstand severe stress tests that the authority performs regularly. All indications are that the Icelandic banks are healthy and I am confident that they will weather the current storm in international financial markets.“

Geir H. Haarde í ræðu sinni á fundi Íslensk-ameríska viðskiptaráðsins 13. mars 2008.

120. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 29.

121. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 7.

122. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 25.

hjá Kaupþingi með viðskiptum á genginu 735 sem sé hæsta álag til þessa. Haft er eftir Davíð að staðan sé erfið og spurning hversu lengi þetta fái staðist. Erlendir stýrivextir hafi verið að hækka sums staðar en lækka annars staðar. Fram kemur að Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans, hafi komið inn á fundinn. Haft er eftir honum að erlendir aðilar sem hafi gefið út krónubréf hafi selt þau til endurfjárfesta og fengið krónur fyrir. Þeir hafi síðan gert gjaldeyrisskiptasamninga við íslenska banka og íslensku bankarnir látið þá fá evrur í staðinn fyrir íslensku krónurnar. Erlendi útgefandinn fái af þessu góða vexti og losni þar með við gengisáhættu. Nú hafi þetta breyst vegna þess að íslenskir bankar hafi ekki sama aðgang að evrum og séu hættir að vilja gera svona gjaldeyrisskiptasamninga við erlendu aðilana. Innlend fyrirtæki virðist hafa góð tök á sinni gjaldeyrissáðhættu og til skamms tíma hafi bankarnir stórgrætt á gengisfallinu. Haft er eftir Davíð Oddssyni að sá orðrómur gangi að þeir séu með þessu að reyna að bjarga fyrsta ársfjórðungi. Haft er eftir Sturla Pálssyni að það vanti tilfinnanlega evrur inn í kerfið. Erlendir aðilar geti, tæknilega séð, keypt ríkisskuldabréf beint til að verja sig en flokkarnir séu mjög litlir, u.þ.b. 15 milljarðar hver flokkur á móti því að jöklabréfin séu áætluð um 1.000 milljarðar. Á meðan ekki sé aukið framboð á þessum bréfum, sé vaxtataekið nánast óvirkt.

Vandræði Bear Stearns í mars 2008

Í mars 2008 var upplýst um veruleg fjárhagsleg vandræði bandaríska fjárfestingarbankans Bear Stearns en hann var seldur J.P. Morgan 16. mars 2008 eftir að gengi hlutabréfa hins fyrrnefnda höfðu lækkað umtalsvert á skömmum tíma.

Í skýrslu Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom m.a. fram: „Um miðjan mars 2008 fellur Bear Stearns en honum er bjargað af bandaríska ríkinu. Þeir taka hann og smella honum inn í J.P. Morgan eða eitthvað svoleiðis. Hvað gerist? Allir hluthafar þurrkast út en öllum skulda-bréfaeigendum er bjargað. Það sem gerðist á þeim punkti var að allir horfðu og hugsuðu, já það er Bear Stearns, það er nú minnsta málið, honum var bara bjargað, þá verður bara öllum bjargað. Það verður viðsnúningur á markaði hjá öllum heiminum, öll „credit spread“ lækka um allan heim – nema á þrjá banka. Þrír íslenskir bankar. En hvar er ekki verið að bjarga? [...] Hverja eigum við þá að skortselja? Íslenska banka. Og það myndaðist bara skriða á okkur. Og rosaleg neikvæðni og þarna upplifðu menn að það væri verið að gera árás á okkur. [...] Þarna var ég hræddur, Guð minn góður, allur heimurinn skynjar það núna að það sé hægt að drepa okkur vegna þess að okkur verði ekki bjargað, öllum öðrum verði bjargað af því að sá sem á að bjarga okkur hann getur það ekki, hann hefur ekki samning við neinn til að hjálpa sér og hefur ekki gert neitt í því.“¹²³

„Hverja eigum við þá að skortselja? Íslenska banka. Og það myndaðist bara skriða á okkur. Og rosaleg neikvæðni og þarna upplifðu menn að það væri verið að gera árás á okkur. [...] Þarna var ég hræddur, Guð minn góður, allur heimurinn skynjar það núna að það sé hægt að drepa okkur vegna þess að okkur verði ekki bjargað [...]“

Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 46.

Vöngum velt yfir hugsanlegri þjóðnýtingu íslenskra banka 16. mars 2008

Í Reykjavíkurbréfi *Morgunblaðsins* 16. mars 2008 sagði m.a.: „Nú gæti stefnt í alvarlegri vandamál í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar en við höfum áður kynnt. Ástæðunnar er ekki að leita í okkar atvinnulífi heldur hinu, að bankarnir á Íslandi og raunar nokkur íslensk stórfyrirtæki eru orðin háð því, sem gerist á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Vonandi breytist sú staða

123. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 44–47.

til batnaðar. Það getur margt óvænt gerzt á fjármálamörkuðum en við lifum ekki á voninni einni. Í umræðum hér hefur komið fram sú skoðun, að aðild að Evrópusambandinu gæti bjargað okkur í þessum efnum. Menn ættu að líta til Írlands í þeim efnum. Þar er nú rætt um að hugsanlega þurfi að þjóðnýta írsku bankana eða alla vega einhverja þeirra. Sú skoðun hefur skotið upp kollinum í umræðum hér að það sama gæti gerzt undir lok þessa árs eða snemma á næsta ári í okkar samfélagi.“

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með Kaupþingi 17. mars 2008

Hinn 17. mars 2008 fundaði bankastjórn Seðlabanka Íslands með stjórnendum Kaupþings. Í drögum Seðlabankans að fundargerð segir að Tryggvi Pálsson hafi spurt hvar Kaupþing hyggist „stoppa við í yfirtökum lána erl. banka?“. Haft er eftir Hreiðari Má Sigurðssyni að þetta sé „million dollar question“. Því næst er haft eftir Hreiðari: „Okkur grunar að ein aukning peningamarkaðs- sjóða sé að Lí og Glitnir hafi verið að fjárfesta í eigin sjóðum til þess að geta lánað tengdum aðilum stærri lán.“ Varðandi lánveitingar Kaupþings er haft eftir Hreiðari: „Við á bremsunni og starfsfólk veit af því.“ Síðar í drögum að fundargerð er haft eftir Davíð Oddssyni: „Var að koma frá Basel. Kollegarnir sótsvartir með bauga undir augum.“ Síðar er haft eftir Hreiðari: „Höfum ekki fengið inni hjá þýska tryggingarsjóðnum, þ.e. eingöngu treyst á íslenska tryggingarsjóðinn => búast síður við árangri.“ Því næst er haft eftir Davíð Oddssyni: „Ef fært í dótturfélag þá Sí rólegri.“

8. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 18. mars 2008

Samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað fundaði 18. mars 2008. Í drögum að fundargerð segir að Jónas Fr. Jónsson hafi upplýst að hjá stærri íslenskum bönkum væri orðið þröngt um laust fé í erlendri mynt en smærri íslensku fjármálafyrirtækin væru einnig áhyggjuefni vegna lausafjárstöðu sinnar. Búa þyrfti til laust fé fyrir þá. Helstu áhyggjuefnin nú væru lækkun gengis íslensku krónunnar, lækkun hlutabréfa kjölfestufjárfesta og veikari staða eignarhaldsfélaga. Síðan er haft eftir Tryggva Pálssyni að lausafjárvandinn sé meira knýjandi en áður var talið. Neikvæður tónn berist frá erlendum bönkum og fjárfestum. Íslensku bankarnir hefðu þurft að koma í stað erlendra banka sem draga úr lánveitingum sínum til íslenskra fyrirtækja. Hættan væri orðin veruleg og brád. Fram kemur að Ingimundur Friðriksson hafi sagt að til greina komi að heimila Íbúðalánasjóði að kaupa fasteignabréf af bönkum og sparisjóðum. Síðan segir að Jónas Fr. Jónsson hafi þá sagt að slíkt yrði að rúmast innan áhættustýringar sjóðsins. Fjármálaeftirlitið hafi verið að kanna möguleika á að lífeyrissjóðirnir gætu lánað verðbréf sín. Því næst er í drögum að fundargerð haft eftir Baldri Guðlaugssyni, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis, að slíkur möguleiki sé inni í frumvarpi sem stefnt sé að afgreiðslu á um vorið. Síðan segir að Jónas Fr. Jónsson hafi nefnt að Fjármálaeftirlitið hafi skoðað hvort lífeyrissjóðirnir gætu aukið hlut sinn í fjármálafyrirtækjum. Svigrúm virðist verulegt. Síðan segir að Ingimundur Friðriksson hafi farið yfir ábendingar Moody's til stjórnvalda í skýrslu sinni frá því í janúar sama ár. Í fyrsta lagi hafi verið talið nauðsynlegt að efla gjaldeyrisforðann. Verið sé að kanna það mál en það virðist erfitt. Í öðru lagi sé verið að skoða að koma á samstarfi við aðra seðlabanka. Fram kemur að upplýst hafi verið að Davíð Oddsson og Ingimundur hafi átt fund með Mervyn King

„Tryggvi Pálsson sagði að lausafjárvandinn væri meira knýjandi en áður var talið. Neikvæður tónn berist frá erlendum bönkum og fjárfestum. Íslensku bankarnir hefðu þurft að koma í stað erlendra banka sem draga úr lánveitingum sínum til íslenskra fyrirtækja. Hættan væri orðin veruleg og brád.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 18. mars 2008.

og Sir John Gieve, aðstoðarbankastjóra og yfirmanni fjármálasviðs Seðlabanka Bretlands, fyrir þremur vikum. Vonast sé til að sú umleitan skili árangri en fyrstu viðbrögð veki hóflega hjartsýni. Í þriðja lagi hafi Moody's nefnt eflingu lausafjárstýringar og eftirlits. Síðar í drögnum segir að upplýst hafi verið að Fjármálaeftirlitið sé með leiðbeinandi reglur í undirbúningi þar að lútandi. Því næst segir að Tryggvi Pálsson hafi farið yfir niðurstöður Andrews Gracie, ráðgjafa frá Crisis Management Analytics, sem Seðlabankinn hafi fengið til aðstoðar við sig. Andrew hafi skilað álitinu sínu, dags. 29. febrúar 2008, með tillögu um aðgerðaáætlun fyrir stjórnvöld til að draga úr hættu á fjármála-áfalli. Einnig segir að Tryggvi Pálsson hafi dreift skýrslu um tillögur breskra yfirvalda um úrbætur í viðlagamálum. Fram kemur að nánari umræða hafi síðan farið fram um möguleika á sameiningu fjármálafyrirtækja og breytingu á útibúum bankanna erlendis í dótturfélög. Loks segir að Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, hafi ákveðið að hópurinn skyldi funda eftir eina viku. Fyrir þann tíma skyldi Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið taka saman „yfirlit um mögulegar aðgerðir og kostnað“. Síðan þyrfti að ákveða hvaða ákvörðunum væri hægt að koma á framfæri opinberlega.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Baldur Guðlaugsson spurður að því hvernig menn hefðu tekið þeim viðvörunarorðum Tryggva Pálssonar á fundi samráðshópsins 18. mars 2008 að lausafjávandinn væri meira knýjandi en áður hefði verið talið. Svar Baldurs hljóðaði svo: „Sko, auðvitað má segja, voru menn að reyna bara að átta sig á því hvað væri að ske, en ég held ekki sko að menn hafi á þessum tíma svona talið að við værum komnir í einhverja þarna læsta stöðu. Enda gerist það enn og aftur, svo maður bara skauti nú yfir, að einhverju nokkru seinna er svona aftur farið að birta til. [...] þá gerist það þarna um vorið að þá eru menn aftur, virðast vera komnir í meira jafnvægi og svona á lygnari sjó.“¹²⁴

9. fundur starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjávanda 18. mars 2008

Starfshópur Seðlabankans um viðbrögð við lausafjávanda fundaði 18. mars 2008. Í fundargerð kemur fram að Tryggvi Pálsson hafi sagt frá fundi samráðshóps þriggja ráðuneyta, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans sem átt hefði sér stað fyrr sama dag. Á þeim fundi hafi verið farið yfir stöðuna almennt á fjármálamörkuðum. Segir að Tryggvi Pálsson hafi farið yfir tillögur Andrews Gracie á umræddum fundi og að samþykkt hafi verið að fara að hans ráðum varðandi næstu skref. Samráðshópurinn myndi síðan hittast aftur eftir viku. Því næst er vikið að fundarefni starfshóps um viðbrögð við lausafjávanda. Í fundargerðinni kemur fram að Tryggvi Pálsson hafi lagt áherslu á að helstu úrræðum yrði safnað saman og þau sett upp á skipulagðan hátt. Einnig kemur fram að greint hafi verið frá því að fjölmiðlafulltrúar bankanna hefðu haldið símafund í framhaldi af því að bankarnir hefðu myndað nefnd sem færi með kynningarmál.

Fundur forsætisráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands 18. mars 2008

Í minnisblaði Ingimundar Friðrikssonar er getið fundar 18. mars 2008 sem bankastjórn Seðlabankans mun hafa átt með Geir H. Haarde.¹²⁵ Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki undir höndum frekari upplýsingar um fundinn.

124. Skýrsla Baldurs Guðlaugssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. mars 2009, bls. 20.

125. Minnisblað Ingimundar Friðrikssonar: „Fundir með ráðherrum og þingnefndum Alþingis skráðir í dagbók Ingimundar Friðrikssonar árin 2007 og 2008“, dags. 23. janúar 2009.

*Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með stjórnendum Landsbankans
19. mars 2008*

Hinn 19. mars 2008 fundaði bankastjórn Seðlabankans með stjórnendum Landsbankans. Af drögum Seðlabankans að fundargerð má ráða að m.a. hafi verið rætt um sameiningu á íslenskum bankamarkaði. Haft er eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni að slíkt hafi verið í skoðun en sú hugmynd sé nú „komin í skúffuna“ þar sem menn óttist að lánveitendur muni reyna að fara fram á endurgreiðslu lána ef til samruna komi. Einnig er haft eftir Sigurjóni: „Á skömmum tíma getur staðan orðið óviðráðanleg ef trúverðugleikinn tapast. Raunveruleg hættu núna að verið sé að taka ákvarðanir sem ekki verður snúið við þó aðstæður lagist. Svo auðvelt að hætta að lána íslenskum bönkum. Fáir raunverulegir vinir Íslands og ekki í aðstöðu til að bæta við sig. Þess vegna gríðarlega mikilvægt að ná inn erlendum gjaldeyri í kerfið sem fyrst. Er að hugsa í vikum.“ Því næst er haft eftir Davíð Oddssyni að það kunni að vera hagsmunir erlendra seðlabanka að hindra áfall á Íslandi.

*Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með stjórnendum Glitnis
19. mars 2008*

Sama dag, þ.e. 19. mars 2008, fundaði bankastjórn Seðlabankans með stjórnendum Glitnis. Í drögum Seðlabankans að fundargerð er haft eftir Davíð Oddssyni að unnið sé að samstarfi við erlenda seðlabanka um eflingu gjald-eyrisforða. Fram kemur að Lárus Welding hafi spurt um stærðargráðu slíks samkomulags. Haft er eftir Davíð Oddssyni að um gæti verið að ræða 6–7 milljarða evra til viðbótar við það sem fyrir sé. Síðan er haft eftir Lárusi Welding: „Held að sú tala sem nefnd var sé lágmark.“ Þó segir að Lárus sé feginn að heyra að slíkar viðræður eigi sér stað.

Skýrsla J.P. Morgan um Ísland 21. mars 2008

Hinn 21. mars 2008 kom út sérstök skýrsla um Ísland á vegum J.P. Morgan. Í kaflanum „What is the risk to the credit outlook from here?“ segir m.a.: „At this juncture, it is difficult to identify where Iceland lies with respect to the event horizon, but our banking analysts believe the fundamentals for Icelandic banks remain weak.“

Fundur forsætisráðherra með stjórnarformanni Glitnis 22. mars 2008

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýsti Geir H. Haarde því að 22. mars 2008 hefði hann átt fund með Þorsteini Má Baldvinsyni, stjórnarformanni Glitnis. Í skýrslu sinni sagði Geir: „[Þorsteinn] sagðist vera í heilmiklu sjokki eftir að hann var nýkominn þarna inn í bankann, hann hafði ekkert gert sér grein fyrir því hvernig staðan væri í raun og veru og hann mundi núna fara í það að draga þarna úr kostnaði eins og hægt væri. Hann mundi vilja beina sínum kröftum að því að lækka kostnað og lækka laun og annað eftir því.“¹²⁶

Lagt til að ríkisstjórnin komi á fót varaáætlun 23. mars 2008

Í Reykjavíkurbréfi *Morgunblaðsins* 23. mars 2008 sagði m.a.: „Ríkisstjórnin verður hins vegar að horfast í augu við þann möguleika, að alvarleg fjármálakreppa geti blasað við hér vegna fjármögnunarvanda einhverra íslensku bankanna undir lok þessa árs og á næsta ári. Hún getur ekki leitt hjá sér þá staðreynd, að þessi vandi geti komið upp. Hún verður að vera undir það

126. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 44–45.

búin og þarf að hafa gert sér grein fyrir, hvernig hún muni bregðast við tilteknum aðstæðum, ef þær kæmu upp. Hún þarf með öðrum orðum að hafa varaáætlun.“

Fundur forsætisráðherra með aðstoðarmanni viðskiptaráðherra 25. mars 2008

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýsti Geir H. Haarde því að 25. mars 2008 hefði hann fundað með Jóni Þór Sturlusyni, aðstoðarmanni viðskiptaráðherra. Í skýrslu Geirs kom fram að Jón hefði verið góður samstarfsmaður og setið í bankaráði Seðlabanka Íslands og tekið virkan þátt í fjárlagavinnu sem fulltrúi Samfylkingarinnar. Geir sagði: „Hann kemur til mín þarna snemma að morgni 25. til að segja mér frá því sem hann kallaði „ástandið í Seðlabankanum“, sem hann taldi að væri þá orðið mjög erfitt vegna þess að bankastjórinn sniðgengi sérfræðingana, hann væri svona og hinsegin og hann talaði illa um ríkisstjórnina, þar á meðal mig, illa um ráðherrana og tæki ekkert mark á, skammaði menn fyrir fræðilegar niðurstöður og eitthvað svona og svona. [...] þetta var eitt af því sem var verið að koma til manns.“¹²⁷

10. fundur starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjárvanda 25. mars 2008

Starfshópur Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjárvanda fundaði 25. mars 2008. Í fundargerð kemur fram að lagt hafi verið fram skjalið SI-39591, „Úrræði stjórnvalda gegn óróleika á fjármálamörkuðum“. Skjalinu, sem í þeirri útgáfu var 7 bls. á lengd en varð síðar 12 bls. í útgáfu dags. 1. apríl 2008, var ætlað að draga saman helstu úrræði sem stjórnvöld hefðu til að bregðast við lausafjárþrengingum á íslenskum fjármálamarkaði. Fram kemur í fundargerð að farið hafi verið yfir skjalið og breytingar og endurbætur gerðar á því svo leggja mætti það fram á fundi samráðshópsins sem funda skyldi síðar sama dag. Síðan segir að Tómas Örn Kristinsson hafi farið yfir helstu forsendur sem hann sé að nota í kostnaðargreiningu á fjármálaáfalli. Hyggist hann kanna kostnað áfalls miðað við gengislækkun og hækkun vaxta. Fram kemur að Tryggvi Pálsson hafi greint frá því á fundinum að miklar viðræður hafi átt sér stað um páskana. Komið hafi fram að skilyrði í erlendum lánasamningum hefti möguleika á sameiningu bankanna. Því næst segir að Tryggvi hafi greint frá því að Sigurjón Þ. Árnason hafi sagt að í þessu samhengi sé munur á bandarískum og evrópskum lánasamningum. Bandarískir mótaðilar bíði færiss á að rifta samningum og feli samruni í sér tækifæri til þess.

9. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 25. mars 2008

Samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað fundaði 25. mars 2008. Í drögum að fundargerð kemur fram að Ingimundur Friðriksson hafi lagt fram fréttatilkynningar Seðlabanka Íslands um hækkun vaxta og breytingar á reglum bankans. Sem ástæðu þessara aðgerða hafi hann nefnt að milli-bankamarkaður í krónum hafi þrengst og smærri fjármálafyrirtæki finni helst fyrir því. Síðan segir að rifjað hafi verið upp að á síðasta fundi hefði formaður samráðshópsins, Bolli Þór Bollason, falið Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands að taka saman yfirlit um helstu aðgerðir sem til greina komi. Síðan segir að Jónas Fr. Jónsson hafi dreift þremur skjölum frá Fjármálaeftirlitinu og skýrt þau nánar. Um hafi verið að ræða nokkra umræðupunkta, greiningu

127. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 45.

„[...] ákveðið [var] að [Fjármálaeftirlitið] og Seðlabankinn skyldu vinna áfram að gerð tveggja yfirlita, þ.e. um mögulegar aðgerðir stjórnvalda og kostnaðarmat. Bolli Bollason boðaði til fundar eftir viku og sagði nauðsynlegt að enda með plan sem væri tiltækt.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 25. mars 2008.

á innlánnum viðskiptabanka og sparisjóða og loks yfirlit yfir stærðardeifingu innstæðna hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Því næst segir að Tryggvi Pálsson hafi dreift tveimur skjölum frá Seðlabankanum og skýrt þau nánar, þ.e. annars vegar úrræði stjórnvalda gegn óróleika á fjármálamörkuðum og hins vegar dæmi um kostnaðaraukningu erlendra lána. Fram kemur að í umræðunum sem á eftir hafi fylgt hafi m.a. verið rædd nánar hugmyndin um kaup Íbúðalánasjóðs á fasteignabréfum til að létta á lausafjárvanda. Að loknum umræðum hafi skjölunum verið skilað aftur en ákveðið að Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn skyldu vinna áfram að gerð tveggja yfirlita, þ.e. um mögulegar aðgerðir stjórnvalda og kostnaðarmat. Fram kemur að Bolli Þór Bollason hafi boðað til fundar að viku liðinni og sagt nauðsynlegt að enda með „plan“ sem sé tiltækt. Síðan kemur fram að Jónas Fr. Jónsson hafi sagt að auk framlagðra gagna sé hann með frumvarpsdrög sem hann hafi í huga að sýna Áslaugu Árnadóttur, settum ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins, og geti e.t.v. nýst í aðgerðaáætlun.

Í skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Ingimundur Friðriksson spurður af hverju skjölum hefði verið safnað saman eftir fundinn 25. mars 2008. Í því samhengi var hann sérstaklega inntur eftir því hvort trúnaðarbrestur hefði verið innan hópsins. Hann áréttaði að enginn trúnaðarbrestur hefði verið innan hópsins. Á hinn bóginn sagði hann: „[...] láku bara [upplýsingar], að því er virtist, alveg í stríðum straumum út úr viðskiptaráðuneytinu. [...] Það var bara þannig, maður bara las í blöðum hluti sem að áttu ekki að vera þar og svo voru hérna yfirlýsingar sem ég nefndi áðan um NIBC og Kaupþing að þegar það mál var í vinnslu í miklum trúnaði hvort hægt væri að stoppa það gaf viðskiptaráðherra ákveðnar yfirlýsingar sem gerðu það að verkum að maður var alveg á taugum um hvað mundi gerast úti í heimi.“ Ingimundur áréttaði þó að fulltrúar viðskiptaráðuneytisins í samráðshópnum hefðu notið fyllsta trausts.¹²⁸

Í skýrslu Áslaugar Árnadóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að eftir að hún tók sæti í samráðsnefndinni um miðjan desember 2007, hefðu farið „oft heilu og hálfu fundirnir í það að ræða um persónu viðskiptaráðherra sem þótti lausmáll og var ekki mikil trú á honum [...] það var iðulega lögð fram opnugrein, viðtal við viðskiptaráðherra [og síðan spurt] getur maðurinn ekki haldið kjafti“. Hún sagðist hafa lýst þeim viðhorfum af sinni hálfu að hún teldi það skyldu sína að upplýsa ráðherra um það sem fram kæmi á fundum og veita honum aðgang að gögnum ef hann óskaði eftir því. Af þeim sökum hefði komið til þess að fundarmönnum í samráðshópnum hefði verið gert að skila framlögðum skjölum.¹²⁹

Seðlabanki Íslands breytir reglum um bindiskyldu 25. mars 2008

Hinn 25. mars 2008 tilkynnti Seðlabanki Íslands að reglum bankans um bindiskyldu hefði verið breytt. Breytingarnar gerðu ráð fyrir því að skuldbindingar erlendra útibúa íslenskra banka myndu framvegis ekki mynda grunn bindingar. Í fréttatilkynningu bankans kom fram að breytingin tæki gildi þegar reglulegri upplýsingaöflun um efnahagsliði erlendra útibúa íslenskra fjármálafyrirtækja hefði verið komið á. Jafnframt sagði að tilgangur breytingarinnar væri að samræma reglurnar þeim sem giltu hjá Seðlabanka Evrópu svo sem verða mætti. Þótt tölur lægju ekki fyrir mætti ætla að breytingin létti talsvert á bindiskyldu þeirra banka sem starfræktu útibú erlendis.

128. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 26.

129. Skýrsla Áslaugar Árnadóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. mars 2009, bls. 26.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýsti Eiríkur Guðnason, seðlabankastjóri, aðdraganda þess að reglum um bindiskyldu var breytt: „Það er undir lok árs 2007, að ég held, sem í símtali einn Landsbankamaður segir við mig segir að það sé ekki rökrétt hvernig við framkvæmum bindiskylduna gagnvart innstæðum sem útibú safna erlendis. Þetta er Yngvi Örn Kristinsson sem segir mér þetta. „Þetta er ekki rökrétt“, segir hann, „þið þurfið ekkert að leggja bindingu á þetta því að þetta fé sem útibúið safnar þarna erlendis streymir ekkert hingað upp til Íslands“, sagði það beinlínis. Ég viðra þessa skoðun, kem þessum upplýsingum á framfæri innanhúss, og við látum málið í vinnuhóp. Sigríður Logadóttir, aðallögfræðingur, stýrir þeim vinnuhópi, aðallega af því að við vildum að reglur evrópska seðlabankans yrðu skoðaðar, hvað varðar bindiskyldu í útibúi sem er utan svæðisins, á banka sem hefur höfuðstöðvar á svæðinu. Og það kemur í ljós að nákvæmlega þetta sem við gerðum, að evrópski seðlabankinn leggur ekki bindingu á fé sem safnast í útibúi utan evrusvæðisins þó að bankinn hafi höfuðstöðvar á evrusvæðinu. Og það er eindregin tillaga frá þessum vinnuhópi innanhúss að við förum í sama farveg, við ætlum að fylgja evrópsku reglunum, sem þýðir að bindiskylda lækkar heilmikið, þegar við gerum þetta.“ Aðspurður kvaðst Eiríkur telja að þessi aðgerð hefði skapað Landsbankanum um 20 milljarða króna í lausu fé.¹³⁰

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með stjórnendum Landsbankans 25. mars 2008

Bankastjórn Seðlabanka Íslands fundaði með stjórnendum Landsbankans 25. mars 2008. Í drögum Seðlabankans að fundargerð segir að Sigurjón Þ. Árnason telji Kaupþing hafa „sogað til sín allan gjaldeyri í des/jan og mars, þeir geymi hann að hluta í Exista eða sérstöku félagi“. Einnig segir að Sigurjón telji að Kaupþing sé að búa til eigið fé en eyðileggja íslensku krónuna og markaði í leiðinni. Fram kemur að einnig hafi verið rætt um útstreymi af Icesave innlánsreikningum. Loks segir að rætt hafi verið um skilmála í lána-samningum Landsbankans. Fram kemur að Sigurjón Þ. Árnason hafi afhent Sigríði Logadóttur, aðallögfræðingi Seðlabankans, drög að yfirliti um skilmála varðandi m.a. „change of control“ í tengslum við hugsanlega yfirtöku á Glitni.

Fundur bankaráðs Seðlabanka Íslands 28. mars 2008

Bankaráð Seðlabanka Íslands fundaði 28. mars 2008 til undirbúnings á árs-fundi bankans. Geir H. Haarde sat fundinn. Í fundargerð er haft eftir Davíð Oddssyni, formanni bankastjórnar Seðlabankans: „Miklar áhyggjur væru í bankakerfinu og mikilvægt væri að vera í samtökum við aðila úti í heimi við lausn á vandanum. Hann ítrekaði þakkir fyrir gott samstarf á liðnum 12 mánuðum og vonaði að vel rættist úr og að ríkissjóður, bankinn og Fjármálaeftirlitið næðu að vinna sig fram úr vandanum.“

Ársfundur Seðlabanka Íslands 28. mars 2008

Ársfundur Seðlabankans fór fram 28. mars 2008. Á fundinum fluttu bæði Davíð Oddsson og Geir H. Haarde ræður.

Í ræðu Davíðs Oddssonar sagði m.a.: „Því er rétt að ganga út frá því sem vísu, að ástandið muni lítið lagast í bráð og þótt það kunni að lagast fer því fjarri að allt verði eins og áður. Hafi menn ekki þegar tekið sér tak er ekki lengur neins að biða. Leita þarf allra leiða til að styrkja lausafjárstöðu fyrir-

„Þrátt fyrir það andstreymi sem víða sést, ekki síst í tengslum við hina alþjóðlegu fjármálamarkaði og þau miklu áhrif sem það kann að hafa á svipaða starfsemi hér, þá er ekki endilega líklegt að íslenska þjóðin sé að sigla inn í kreppu. Miklu líklegra er að nú hægi nokkuð á og í versta falli tókum við nokkra dýfu, sem ætti þó ekki að þurfa að standa lengi. [...] En hitt er rétt að hafa í huga, að ef menn draga það að laga sig að aðstæðum og rífa seglin, þá er ekki ómögulegt að tiltölulega lítil dýfa geti breyst úr því fyrirbæri í eitthvað sem kalla mætti kreppu. [...] Gjaldeyrisforði bankans hefur aldrei verið stærri en nú og eigið fé Seðlabankans aldrei hærra. Á móti er bent á að bankarnir hafi stækkað mikið og því sé forðinn hlutfallslega minni en áður, eins og það er orðað. Rétt er að athuga að bankar hér sem annars staðar reka starfsemi sína á eigin ábyrgð og þurfa að sýna fyrirhyggju og trausta áhættustýringu.“

Davíð Oddsson í ávarpi sínu á ársfundi Seðlabanka Íslands 28. mars 2008.

130. Skýrsla Eiríks Guðnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. maí 2009, bls. 33–34.

„Fyrir rúmu ári tók ríkissjóður erlent lán og nýtti andvirðið til að efla gjaldeyrisforða Seðlabankans. Ég hef áður sagt að eðlilegt sé að halda áfram á þeirri braut og ítreka það nú. Eins er verðugt að kanna hvort Seðlabankinn geti tekið upp samstarf við seðlabanka í þeim ríkjum þar sem íslensku bankarnir eru umsvifamiklir. Þessi atriði eru til skoðunar í Seðlabankanum. Þá tel ég mikilvægt að bankinn hefur tvisvar sinnum á þessu ári rýmkað reglur um aðgang fjármálafyrirtækja að lánsfé í bankanum, nú síðast fyrr í þessari viku. Með þessu undirstrikar bankinn vilja sinn til að grípa til nauðsynlegra aðgerða á meðan óróleikinn á alþjóðamörkuðum gengur yfir. Fjármálafyrirtæki um allan heim glíma um þessar mundir við tímabundið andstreymi. Íslensk fjármálafyrirtæki finna fyrir þessum aðstæðum en til viðbótar hafa stóru bankarnir þrír þurft að glíma við það vandamál að svokallað skuldatryggingarálag hvers þeirra hefur rokið upp úr öllu valdi. Að mínu mati er þetta fullkomlega órökrétt því tölur úr rekstri og efnahag bankanna gefa ekkert tilefni til þessarar þróunar.“

Geir H. Haarde í ávarpi sínu á ársfundi Seðlabanka Íslands 28. mars 2008.

„Það er því engum vafa undirorpið að ríkissjóður og Seðlabankinn gætu hlaupið undir bagga ef upp kæmi alvarleg staða í bankakerfinu. Ég hef ítrekað verið spurður um þetta af erlendum aðilum á liðnum vikum og hef ávallt svarað því til að íslensk stjórnvöld muni við slíkar aðstæður hiklaust grípa til sömu aðgerða og ábyrg stjórnvöld annars staðar. Þetta vil ég áréttá nú.“

Geir H. Haarde í ávarpi sínu á ársfundi Seðlabanka Íslands 28. mars 2008.

tækjanna, ekki síst fjármálafyrirtækjanna og samhliða þarf að skoða markaðsmódelin rækilega upp á nýtt. Það má segja að á knattsþyrnumáli myndi þetta þýða, að nú sé rétt að pakka í vörn og láta sér nægja marksvon með hraðaupphlaupi ef tækifæri bjóðast þrátt fyrir allt. [...] Og því er ekki að neita að sú atlaða sem nú er gerð að íslenskum bönkum og íslenska ríkinu, en tryggingarálög á það hækkuðu í dag yfir 400 punkta sem er fráleitt, lyktar óþægilega af því að óprúttir miðlarar hafi ákveðið að gera úrslitatilraun til að brjóta niður íslenska fjármálakerfið. Þeim mun ekki takast það.“

Í ræðu Geirs H. Haarde sagði m.a.: „Neikvæð umfjöllun um íslensk efnahagsmál eins og birst hefur í nokkrum erlendum dagblöðum að undanfögnu hefur komið okkur í opna skjöldu. [...] Fjármálaþjónusta er skýrasta dæmið um atvinnugrein sem hefur blómstrað við nýjar aðstæður. Stóru íslensku bankarnir þrír hafa breyst úr því að vera staðbundnir bankar sem buðu nánast eingöngu upp á hefðbundin inn- og útlán og greiðslumiðlun yfir í að vera alþjóðlegir bankar sem veita víðtæka þjónustu í fjölda landa. Og vöxturinn hefur verið ör. Samanlagðar eignir stóru bankanna þriggja eru nú meira en áttíð landsframleiðsla íslensku þjóðarinnar.“ Loks sagði Geir: „Það er því engum vafa undirorpið að ríkissjóður og Seðlabankinn gætu hlaupið undir bagga ef upp kæmi alvarleg staða í bankakerfinu. Ég hef ítrekað verið spurður um þetta af erlendum aðilum á liðnum vikum og hef ávallt svarað því til að íslensk stjórnvöld muni við slíkar aðstæður hiklaust grípa til sömu aðgerða og ábyrg stjórnvöld annars staðar. Þetta vil ég áréttá nú.“

Fundur forsætisráðherra og fjármálaráðherra með formanni bankastjórnar Seðlabanka Íslands 30. mars 2008

Hinn 30. mars 2008 héldu Geir H. Haarde og Árni M. Mathiesen fund með Davíð Oddssyni. Ekki var rituð fundargerð eða minnisblað fyrir ráðherra. Umræðuefnið var staðan á fjármálamörkuðum. Geir lýsti því við skýrslutökur að Davíð hefði lýst áhyggjum á fundinum af stöðu Glitnis sem hann sagðist telja reka sig frá viku til viku. Davíð hefði einnig haft áhyggjur af Icesave reikningunum sem hann sagði hættulega. Upplýst hefði verið að Seðlabankinn hefði útvegað lán frá Alþjóðagreiðslubankanum í Basel (Bank for International Settlements, hér eftir einnig nefndur BIS). Loks hefði Davíð sagt að hann teldi bankana ekki skýra satt og rétt frá sinni stöðu og hefði hann einkum nefnt Kaupþing í því sambandi.¹³¹

Varðandi framangreinda lánalínu BIS skal tekið fram að í drögum Ingimundar Friðrikssonar að minnisblaði segir að undir lok mars hafi Davíð Oddsson haft samband við bankastjóra Alþjóðagreiðslubankans í Basel og fál-ast eftir eins milljarðs evra lánalínu. Beiðninni hafi verið vel tekið og samningurinn gerður. Hins vegar hafi verið um mánaðarsamning að ræða, en tilkynna þurfi mánaðarlega um ósk um framlengingu slíkra samninga. Síðan segir í drögum Ingimundar: „Vegna ókunnugleika á nýju fyrirkomulagi misförst það í fyrsta sinnið (í byrjun maí) og þegar það uppgötvaðist var tafarlaust óskað eftir framlengingu. Þá var komið annað hljóð í strokkinn í Basel og var BIS með öllu ófáanlegur til þess að framlengja samninginn.“¹³² Við skýrslutöku sagði Davíð að lánalínan hefði numið 500 milljónum evra en ekki einum milljarði evra. Jafnframt sagði Davíð: „[...] ég hringdi í Malcolm Knight,

131. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 45.

132. Drög að minnisblaði Ingimundar Friðrikssonar: „Minnisatriði úr samskiptum við erlenda seðlabanka á árinu 2008 og fleira“, dags. 13. október 2008.

forstjóra bankans, við vorum þarna með lánin þarna upp að 100 milljónir eitthvað þess háttar, var 200 komið niður í 100, og ég hringdi [...] og fékk hann til að hækka þetta í 500 og þetta þurfti síðan bara að endurnýjast, ég held mánaðarlega eða þess háttar. Alþjóðadeildin átti að sjá um það hjá okkur, alþjóðasviðið. Það taldi sig hins vegar hafa falið það bókhaldinu, bókhaldssviðinu, og bókhaldssviðið síðan endurnýjar þetta ekki einhver mánaðamótin og síðan, þegar við heyrum af þeirri handvömm, sem við töldum vera, og felum þeim að endurnýja þetta þegar í stað, þá er komið annað hljóð í BIS-strokkinn.“¹³³ Nánar er um þetta fjallað í kafla 4.0.

Fundur bankastjórnar Seðlabankans með bankastjórum Landsbankans *30. mars 2008*

Hinn 30. mars 2008 fundaði bankastjórn Seðlabankans með bankastjórum Landsbankans. Í drögum Seðlabankans að fundargerð er haft eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni, bankastjóra Landsbankans: „Tvær Tímasprengjur: Icesave og heild-söluinnlánin. [...] Eftir að krónan féll hefur tónninn breyst og hef ekki trú á að ísl. bankarnir bjargi sér.“ Síðar er haft eftir Sigurjóni: „Líkurnar á að íslensku bankarnir komist í gegnum þetta eru mjög, mjög litlar.“

„Líkurnar á að íslensku bankarnir komist í gegnum þetta eru mjög, mjög litlar.“

Haft eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni í drögum Seðlabanka Íslands að fundargerð 30. mars 2008.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Sigurjón beðinn um að skýra síðastgreind orð sín. Sigurjón sagði: „[Það] var [...] þannig, ef þið skoðið gögnin, þá er Landsbankinn alltaf að tala við þessa menn og við erum alltaf að reyna að segja hvernig þetta sé og tala við þá og reyna að útskýra. Við erum ekki að fela neitt eða að segja að allt sé í góðu lagi. [...] En hvernig er þetta leyst? Jú, þetta er leyst þannig, það er væntanlega verið að gera einhverja árás, það er erfitt að sanna það og ég held að íslenska Fjármálaeftirlitið hafi samband við fjármálaeftirlitið í Bretlandi og fjármálaeftirlitið í Bretlandi fer í gang með að kanna hvort það sé markaðsmisnotkun. Það veldur því að þeir sem eru að reyna að drepa okkur á þessum tímapunkti þeir hugsa [...] bremsa aðeins. Á sama tíma segjum við við alla sem vilja hlusta á..., íslenska ríkið er með yfirlýsingar um að þeir ætli að styðja við okkur, þeir gerðu það á þessum tíma, haldið þið að evrópski seðlabankinn ætli að láta þá bara vera eina í þessu? Við erum partur af EES, þeir hljóta að hjálpa. Það eru stórir aðilar á bak við þetta. Ég man bara eftir að ég sat á fundi með Morgan Stanley, það var einhver kynning sem við vorum á, og ég er að segja, það er bara pottþétt, heldurðu að ríkisstjórnin sé að segja þetta án þess að hún sé með stuðning frá Evrópusambandinu, þeir hljóta að vera með eitthvað á bak við þetta, trúir þú því ekki? Þá svona almennt séð, byrjaði jafnt þessi myndasögu mynd á markaði: „Já, það er nú kannski eitthvað á bak við þetta hjá Íslendingum, þeir eru kannski með eitthvað á bak við sig“ [...] Ég man að ég hitti [starfsmann frá] Deutsche Bank og þá sagði hann: „Já það er svona komin stemning inn á markaðinn að menn trúa því að Evrópusambandið sé á bak við ykkur.““¹³⁴

Forsætisráðherra ræðir í síma við formann bankastjórnar Seðlabanka Íslands *31. mars 2008*

Í gögnum frá forsætisráðuneyti til rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að Geir H. Haarde og Davíð Oddsson hafi ræðst við í síma 31. mars 2008 um afstöðu Seðlabanka Evrópu til íslensku bankanna. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki frekari upplýsingar undir höndum um samtalið.

133. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 50.

134. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 44–47.

19.3.7 Apríl 2008

10. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 1. apríl 2008

„Áslaug Árnadóttir benti á mikilvægi þess að Kaupþing skrái innlánin í dótturfélagi sínu en Icesave er í útibúi Landsbankans.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 1. apríl 2008.

Hinn 1. apríl 2008 fundaði samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Í drögum að fundargerð kemur fram að rætt hafi verið um þá ákvörðun lánshæfismatsfyrirtækisins Fitch að setja neikvæðar horfur á bankana og ríkið. Einnig segir að rætt hafi verið um hreyfingar á innlánnum Landsbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf. í Bretlandi. Haft er eftir Tryggva Pálssyni, framkvæmdastjóra fjármálasviðs Seðlabankans, að svo virðist sem Kaupþing Edge sé enn í vexti en bæði heildsölu- og smásöluinnlán Landsbankans hafi verið að minnka. Fram kemur að Áslaug Árnadóttir, sem þá var settur ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytis, hafi bent á mikilvægi þess að Kaupþing skrái innlán í dótturfélagi sínu en Áslaug hafi einnig nefnt að Icesave sé í útibúi Landsbankans. Haft er eftir Áslaugu að hún hafi sem stjórnarformaður Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta fundað í undan-genginni viku með sendinefnd frá breska tryggingarsjóðnum sem heimsótt hafi Ísland. Í undirbúningi sé að breyta reglum breska tryggingarsjóðsins. Slíkt geti gert samanburðinn við íslenska tryggingarsjóðinn enn óhagstæðari sem og stöðu innstæðueigenda í útibúum íslensku bankanna erlendis. Fram kemur að dreift hafi verið tveimur vinnuskjölum. Annars vegar „Úrræði stjórnvalda gegn óróleika á fjármálamörkuðum“ sem Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hafi tekið saman og hins vegar „Mat á kostnaði vegna breyttra skilyrða á fjármálamarkaði“ sem Seðlabankinn hafi unnið. Í drögum að fundargerð segir að Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis, hafi spurt hversu mikil vinna sé eftir í því að koma með frumvarp um breytingar á lagaákvæðum varðandi Fjármálaeftirlitið. Því næst segir að Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, hafi sagt að frumdrög séu tilbúin og hafi verið sýnd viðskiptaráðuneyti. Nokkur vinna sé eftir. Haft er eftir Baldri Guðlaugssyni, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis, að slíkt frumvarp þurfi helst að leggja fram á rólegum tíma eða þá þegar krísa sé skollin á. Fram kemur að Baldur Guðlaugsson, Jónas Fr. Jónsson og Ingimundur Friðriksson, seðlabankastjóri, hafi fundað daginn áður og rætt um samræmda stefnu stjórnvalda. Þeir leggi áherslu á að halda þurfi þétt að stjórnendum fjármálafyrirtækja að þeir bjargi sér sjálfir, s.s. með róttækri sölu eigna. Haft er eftir Bolla Þór Bollasyni að stjórnendur bankanna eigi að gera sér grein fyrir að stjórnvöld vilji verja innstæðueigendur en ekki hluthafa eða lánardrottna. Því næst segir að Baldur Guðlaugsson hafi sagt vandann vera þann að menn vilji einfaldar lausnir. Það skipti nú m.a. máli hvort Landsbankanum takist að flytja innlán útibúsins yfir í dótturfélag í Bretlandi. Haft er eftir Tryggva Pálssyni að breska fjármálaeftirlitið setji það skilyrði að eignir færast samhliða til dótturfélagans, þ.m.t. viðeigandi lausafjárstaða. Fram kemur að Bolli Þór Bollason hafi bætt því við að tilflutningur innlana þar sem samband sé haft við alla innstæðueigendur hljóti að vera viðkvæm aðgerð. Því næst er haft eftir Jónasi Fr. Jónssyni að hann telji þau skilaboð nauðsynleg að fyrirgreiðsla stjórnvalda yrði gegn ströngum skilyrðum. Meðal annars geti þurft að sameina rekstur fjármálafyrirtækja í tengslum við opinbera aðstoð. Loks segir að Bolli Þór Bollason hafi sagt að setja þurfi á blað aðgerðaáætlun.

„[Bolli Þór Bollason] sagði að setja þyrfti á blað aðgerðaáætlun.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 1. apríl 2008.

Við skýrslutöku af Bolla Þór Bollasyni var hann spurður að því hvort á fundinum 1. apríl 2008 hefði verið ágreiningur um það hversu mikla áherslu ætti að leggja á lagafrumvarpið sem verið var að vinna að. Bolli svaraði:

Seðlabanki Íslands
Fjármálaeftirlitið

TRÚNAÐARMÁL

Vinnuskjal
Drög 1. apríl 2008

002274

Úrræði stjórnvalda gegn óróleika á fjármálamörkuðum

Minnisblaðinu er ætlað að draga saman helstu úrræði sem stjórnvöld hafa til að bregðast við lausafjárþrengingum á íslenskum fjármálamarkaði. Samantektin er gerð í samræmi við tillögur Andrews Gracie, sérfræðings frá fyrirtækinu *Crisis Management Analytics*, sem sérhæfir m.a. í ráðgjöf til stjórnvalda sem hafa á hendi stefnumörkun og eftirlit á fjármálamarkaði. Hafa skal í huga að auk þeirra úrræði sem hér verður lýst, lagði Gracie áherslu á að lögfræðivinna og kynningarstarf yrðu eflað í þessu sambandi.

Úrræðunum sem hér eru til umfjöllunar má skipta í tvö stig: Annars vegar eru úrræði sem miða að því að losa um þær lausafjárþrengingar sem nú ríkjá á fjármálamörkuðum. Hins vegar eru úrræði sem kunna að vera til taks vegna verulegs lausa- eða eiginfjárvanda fjármálafyrirtækis. Hér verða fyrst talin upp úrræði Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins á fyrra stiginu og síðan þeir kostir sem stjórnvöld eiga sameiginlega til að mæta vanda á þessu stigi. Í kjölfarið verða talin upp með samsvarandi hætti þau úrræði sem Seðlabankinn, Fjármálaeftirlitið og stjórnvöld hafa sameiginlega til að bregðast við vanda á stigi 2.

	Seðlabankinn	Fjármálaeftirlitið	Stjórnvöld
Stig 1	Úrræði sem miða að því að losa um lausafjárþrengingar á fjármálamörkuðum og almennt versnandi stöðu		
Stig 2	Möguleg úrræði vegna lausa- eða eiginfjárvanda fjármálafyrirtækis		

Hér er ekki tekin efnisleg afstaða til þess hvort og þá hvaða úrræði séu öðrum fýsilegri, auk þess sem talning er ekki tæmandi. Við mat á hverju úrræði verður að hafa í huga sjónarmið um freistnivanda (e. moral hazard), jafnræði og meðalhóf.

„Nei, það voru allir algjörlega sammála um að það þyrfti að undirbúa svona frumvörp og ég held að menn hafi líka verið sammála því að tímasetningin væri náttúrulega mjög viðkvæm. Það var að sumu leyti okkar Akkilesarhæll í þessu öllu. Á þessum tíma vorum við komin inn í krísuumhverfi. Þarna var mjög neikvæð umræða um íslensku bankana og að ætla sér að fara fram með einhver lagafrumvörp sem fælu í sér hert ákvæði Fjármálaeftirlitsins, eða víðtækari heimildir til inngripa. Ég held að allir hafi verið sammála því að það gæti hreinlega bara framkallað hrun bankanna. En menn voru alveg sammála um að það þyrfti að herða á þessum ákvæðum og að Fjármálaeftirlitið hefði ekki nógu víðtækar heimildir, eins og er í mörgum öðrum löndum.“¹³⁵

Í skýrslu Geirs H. Haarde, forsætisráðherra, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að hann hefði fyrst þá við skýrslutökuna séð skjalið „Úrræði stjórnvalda gegn óróleika á fjármálamörkuðum“ sem merkt er drög frá 1. apríl 2008 og sama ætti við um skjalið „Mat á kostnaði vegna breyttra skilyrða á fjármálamarkaði“, dags. 1. apríl 2008, en það stafar frá Seðlabankanum.¹³⁶

Fundur forsætisráðherra og utanríkisráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands 1. apríl 2008

Bankastjórn Seðlabankans fundaði með Geir H. Haarde og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, utanríkisráðherra, 1. apríl 2008. Í minnisblaði Ingibjargar Sólrúnar frá fundinum segir að Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, hafi haft orð fyrir bankastjórninni. Davíð hafi nefnt að 193 milljónir punda hafi runnið út af Icesave reikningum um helgina og fram til þessa dags. Fram kemur að Davíð hafi sagt að Landsbankinn geti þolað slíkt útstreymi í um sex daga. Einnig segir að fram hafi komið í máli Davíðs að breska fjármálaeftirlitið vilji að Landsbankinn færi Icesave reikningana yfir í breskt dótturfélag.

Í skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Ingibjörg Sólrún Gísladóttir spurð hvaða áhætta hafi verið talin fyrir hendi varðandi orðspor Íslands erlendis ef illa hefði farið fyrir Landsbankanum. Ingibjörg svaraði því til að málið hefði ekki verið rætt á þeim nótum.¹³⁷

11. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 2. apríl 2008

Hinn 2. apríl 2008 fundaði samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Í drögum að fundargerð kemur fram að Bolli Þór Bollason hafi sagt að tími sé kominn til að taka saman aðgerðaáætlun og draga mörkin. Hann skilji málið ráðherra megin þannig að taka eigi á stóru bönkunum þremur og innlánstryggingum. Fram kemur að rætt hafi verið nánar um þessar áherslur og þörfina á að setja sérstaka vinnu í gang. Síðan segir að ákveðið hafi verið að skipa tvo starfshópa. Annars vegar muni Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið setja á blað trúverðuga sviðsmynd sem geti falið í sér að einn af stóru bönkunum þremur lendi í vanda. Í samræmi við þá stöðu séu tilgreindar þær aðgerðir stjórnvalda sem helst komi til greina og þau skilyrði sem helst verði sett fyrir opinberum inngripum. Hins vegar verði skipaður

„[Bolli Þór Bollason] sagði í upphafi að tími væri kominn til að taka saman aðgerðaáætlun og draga mörkin. Hann sagðist skilja málið ráðherra megin þannig að taka ætti á:

- stóru bönkunum þremur
- innlánstryggingum

[...] [Bolli Þór Bollason] spurði hversu hratt væri hægt að vinna verkið og var ákveðið að hefjast handa samdægurs og samráðshópurinn yrði látinn fylgjast með framvindu verksins.

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 2. apríl 2008.

135. Skýrsla Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 9.

136. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 75.

137. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 12.

starfshópur sem greini álitamál í innlánstryggingum og dragi upp tillögu að yfirlýsingu stjórnvalda sem grípa megi til ef þörf sé talin á. Því næst segir að í umræðum á fundinum hafi komið fram að bankarnir verði sjálfir að grípa til allra nauðsynlegra aðgerða. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að kalla megi bankamenn í forsætisráðuneytið þegar stefnan liggir fyrir til að gera þeim þetta ljóst og hvaða takmarkanir verði á opinberri aðstoð. Væntingar séu á markaðnum um að yfirlýsingar stjórnvalda sé að vænta.

Í skýrslu Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom eftirfarandi fram um tilvísun hans til afstöðu ráðherra: „[...] það var ekki gerð nein ríkisstjórnarsamþykkt, en ráðherrarnir voru alveg sammála um að það bæri að leggja megináherslu á að bjarga þessum þremur [bönkum]. Það væri viðfangsefnið. En þegar að þessu kæmi, þegar menn sæju og óttuðust að þetta væri yfirvofandi, þá þyrfti þessi ákvörðun að koma fram.“ Þessi afstaða hefði komið fram í samtölum hans við forsætisráðherra.¹³⁸ Bolli var þá spurður að því hvað hefði legið því til grundvallar að það ætti að bjarga stóru bönkunum þremur. Hann svaraði: „Eiginlega bara sú afstaða að annars mundi kerfið hrynja, það væri ekki inni í myndinni að bjarga bara einum. Viðfangsefnið væri alltaf að þeir [færu] allir þrír. Menn voru allan tímann klárir á að það væri vandamálið. Ef við stæðum frammi fyrir vandamálum, þá væri það vandamálið.“¹³⁹

Við skýrslutöku hjá rannsóknarnefnd Alþingis var Baldur Guðlaugsson beðinn um að lýsa þeirri pólitísku stefnumótun sem vikið var að í drögum að fundargerð samráðshópsins frá 2. apríl 2008 þar sem Bolli Þór Bollason var sagður hafa vísað til stöðunnar „ráðherra megin“. Baldur svaraði því til að hann vissi ekki hversu formleg umfjöllunin hefði verið ráðherra megin. Um gæti verið að ræða að oddvitar stjórnarflokkanna hefðu hist eftir ríkisstjórnarfund og rætt málin.¹⁴⁰

Bréf starfsmanns fjármálaráðuneytis til fjármálaráðherra og ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis 2. apríl 2008

Hinn 2. apríl 2008 ritaði Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, Árna M. Mathiesen, fjármálaráðherra, og Baldri Guðlaugssyni bréf varðandi fund sinn með J.P. Morgan. Í bréfinu kemur fram að Finnur Sveinbjörnsson, sem þá starfaði á vegum forsætisráðuneytisins, hafi boðað til fundarins. Fyrir J.P. Morgan hafi farið Michael Ridley. Ráða má af bréfinu að rætt hafi verið um stöðu mála og horfur í fjármálaheiminum. Í bréfinu er m.a. haft eftir Ridley: „[...] og viðurkenndi hann að þótt undirstöður væru góðar í íslenskum bönkum væri ímyndin einfaldlega sú að þeir væru í sjálfheldu hvað fjármögnun varðar og að aðeins aðgerðir ríkissjóðs geti leyst þá úr þeirri stöðu og hjálpað þeim að endurheimta lánstraustið sem þeir nutu áður.“ Haft er eftir Ridley að til staðar séu tvö meginvandamál. Í fyrsta lagi sé Seðlabanki Íslands ekki álitinn trúverðugur lánveitandi til þrautavara. Hann sé ekki talinn hafa sýnt að hann búi yfir aðgengi að nægu erlendu lánsfé. Í öðru lagi séu bankarnir með hluta af efnahagsreikningum sínum í erlendum gjaldmiðli. Seðlabankinn sé ekki talinn búa yfir nægu erlendu lánsfé til að fjármagna bankana ef þörf krefji. Í bréfinu segir Þorsteinn að lausn vandans að

„[...] og viðurkenndi hann að þótt undirstöður væru góðar í íslenskum bönkum væri ímyndin einfaldlega sú að þeir væru í sjálfheldu hvað fjármögnun varðar og að aðeins aðgerðir ríkissjóðs geti leyst þá úr þeirri stöðu og hjálpað þeim að endurheimta lánstraustið sem þeir nutu áður.“

Haft eftir Michael Ridley í bréfi Þorsteins Þorgeirssonar til Árna M. Mathiesen og Baldurs Guðlaugssonar, dags. 2. apríl 2008.

138. Skýrsla Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 10 og 12.

139. Skýrsla Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 11.

140. Skýrsla Baldurs Guðlaugssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. mars 2009, bls. 30.

„Í fyrsta lagi sé Seðlabanki Íslands ekki álitinn trúverðugur lánveitandi til þrautavara. Hann er ekki talinn hafa sýnt að hann sé með aðgengi að nægu erlendu lánsfé. Í öðru lagi eru bankarnir með hluta af efnahagsreikningum sínum í erlendum gjaldmiðli. Seðlabankinn er ekki talinn búa yfir nægu erlendu lánsfé til að fjármagna bankana ef þörf krefur.“

Úr bréfi Þorsteins Þorgeirssonar 2. apríl 2008 til Árna M. Mathiesen og Baldurs Guðlaugssonar varðandi samskipti við J.P. Morgan.

mati J.P. Morgan sé talin þríþætt. Í fyrsta lagi kynning, þ.e. þjóðhagslega hagkvæm aðgerð sem miði að því að tryggja fjármálastöðugleika. Í öðru lagi að tryggja aðgengi að nægu fjármagni, þ.e. samningur Seðlabankans við nokkra erlenda seðlabanka um aðgengi að fjármagni þeirra. Eftir að aðgengi að fjármagni hafi verið kynnt þurfi Seðlabankinn loks að fjármagna „stærri hluta lengri tíma á almennum skuldabréfamarkaði (terming out), til ca. 10 ára“. Það fjármagn verði síðan notað til að endurfjármagna bankana. Síðan segir Þorsteinn: „Í stuttu máli. Tryggja þarf aðgengi að 10 ma. evra með aðgengi að fjármagni seðlabanka, byggja upp gjaldeyrissvarasjóðinn á skuldabréfalánum á almennum markaði, og með stóran hluta þeirra lána til lengri tíma. Síðan er fjármagnið að stærstum hluta endurfjárfest og vaxtamunurinn er hinn raunverulegi kostnaður. Sá kostnaður er miklu mun minni en kostnaðurinn fyrir þjóðfélagið af hruni bankakerfisins.“

Seðlabanki Íslands sendir Fjármálaeftirlitinu bréf 2. apríl 2008

Hinn 2. apríl 2008 sendi Seðlabankinn Fjármálaeftirlitinu bréf þar sem fjallað var um vísbendingar um markaðsmisnotkun. Í bréfinu segir: „Óstaðfestar upplýsingar eru um að Kaupþing banki og stærsti eigandi hans, Exista, kunni að hafa nýtt stöðu sína á gjaldeyrismarkaði til að stuðla að og hagnast á gengislækkun íslensku krónunnar.“ Síðan segir: „Erfitt er að staðfesta áreiðanleika þessara upplýsinga. Hins vegar telur bankinn að þær séu þess eðlis að rannsaka verði málið og beinir því til Fjármálaeftirlitsins [að] svo verði gert. Seðlabankinn er fús til samstarfs þar um.“

Fjármálaeftirlitið svaraði bréfi Seðlabankans 7. ágúst sama ár. Fram kemur að niðurstaða Fjármálaeftirlitsins sé sú að ekki hafi „komið fram vísbendingar um brot á þeirri löggjöf sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með.“ Því næst segir í bréfinu: „Fjármálaeftirlitið lítur svo á að rannsókn þessa máls sé lokið.“

Tafla 1. Mat á kostnaði vegna breyttra skilyrða á fjármálamarkaði

		Lengd áfalla, (ár) að meðaltali	Vaxtafryst lán (% af heildar- útlánum) meðaltal (b)	Bankalán/ VLF á ári (%) meðaltal (c)	VLF á haus (USD 1000) PPP grunnur við upphaf áfalls, meðaltal	Heildar- kostnaður við lausn áfalls (% af VLF) (meðal- tal) (d)	Hag- vaxtartap 1 (% af VLF) miðgildi (e)	Hag- vaxtartap 2 (% af VLF) miðgildi (e)	
Öll lönd	Fjöldi áfalla	33	4,3	26,7	44,2	6,6	15,0	7,1	23,1
Þrautavaralán (án takmarkana) (f)									
Já		21	4,8	31,1	47,1	6,7	17,3	13,9	37,0
Nei		12	3,4	19,3	39,1	6,4	10,9	3,8	9,1
Ótakmörkuð innstæðutrygging (f)									
Já		22	4,3	29,3	47,8	7,9	16,6	9,8	28,7
Nei		11	4,3	17,3	37,0	4,0	11,8	5,0	15,7
Einungis bankaáfall		10	4,6	23,7	44,9	7,3	7,8	2,4	15,7
Banka- og gjaldeyrisáfall (g)		23	4,2	28,2	43,9	6,3	17,4	11,6	32,2
Með þrautavaralánum		16	4,5	32,9	45,1	5,9	18,9	17,0	43,9
Án þrautavaralána		7	3,4	17,5	41,3	7,3	14,1	4,8	13,2
Ótakmörkuð innstæðutrygging		16	3,9	29,7	46,9	7,5	19,4	17,0	37,2
Án innstæðutryggingar		7	4,9	19,5	37,1	3,6	12,8	4,8	24,7

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Vinnuskjal Seðlabankans, „Mat á kostnaði vegna breyttra skilyrða á fjármálamarkaði“, dags. 3. apríl 2008

Í gögnum frá Seðlabankanum er að finna vinnuskjalið „Mat á kostnaði vegna breyttra skilyrða á fjármálamarkaði“, dags. 3. apríl 2008. Höfundur skjalsins er Tómas Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri upplýsingasviðs Seðlabankans. Í skjalinu er farið yfir sögulegan kostnað vegna fjármálaáfalla erlendis. Þessi könnun tók ekkert mið af íslenskum aðstæðum. Tafla 1 er birt við þá umfjöllun.

*11. fundur starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjárvara
3. apríl 2008.*

Starfshópur Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjárvara fundaði 3. apríl 2008. Í fundargerð kemur fram að Tryggvi Pálsson hafi greint frá vinnu samráðshóps þriggja ráðuneyta, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Á síðustu dögum hafi sá hópur fundað tíðar en áður, bæði undangenginn dag og muni funda aftur næsta dag. Fram kemur í fundargerð að dreift hafi verið vinnuskjali um möguleg úrræði Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins og stjórnvalda (í hópnum SI-39591). Segir að samráðshópurinn hafi nú ákveðið að fylgja tillögu Andrews Gracie varðandi áframhaldandi vinnu og nú sé komið að því að stjórnvöld myndi sér stefnu. Segir að Tryggvi Pálsson hafi í því sambandi nefnt að setja þurfi tvennt í gang. Í fyrsta lagi þurfi að skoða aðkomu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og eiga til ábyrgðaryfirlýsingu. Jónas Þórðarson frá Seðlabankanum og Áslaug Árnadóttir séu að vinna að því verkefni. Í öðru lagi hafi samráðshópurinn beðið um að sett yrði upp sviðsmynd af fjármálaáfalli ef allt færi á versta veg ásamt því að setja fram hvaða skilyrði stjórnvöld geti sett fyrir aðstoð. Samkvæmt fundargerð var Sylvía Kristínu Ólafsdóttur, forstöðumanni viðbúnaðarsviðs Seðlabankans, og Tómasi Erni Kristinssyni, framkvæmdastjóra upplýsingasviðs Seðlabankans, falið að starfa í vinnuhóp með Ragnari Hafliðasyni, aðstoðarforstjóra Fjármálaeftirlitsins, og Rúnari Guðmundssyni, sviðsstjóra hjá Fjármálaeftirlitinu, og vinna að þessu verkefni. Fram kemur að Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans, hafi spurt hvaða tímaramma menn gefi sér fyrir slíkt verkefni og lagt áherslu á að mikilvægt sé að þær aðgerðir og úrræði sem lögð verði til taki mið af raunverulegum aðstæðum. Því næst er haft eftir Tómasi Erni Kristinssyni að mikilvægt sé að hafa samráð við Sturlu í þessu verkefni.

Haft er eftir Sturlu Pálssyni að ástandið sé betra í þessari viku en þeirri síðustu. Bankarnir séu að gefa út bréf og „swap-a“ sín á milli og koma því svo inn í Seðlabanka Evrópu. Síðan segir að Sigríður Logadóttir, aðallögfræðingur Seðlabankans, hafi farið yfir vinnuskjal Landsbanka Íslands varðandi skilmála í lánasamningum sem eigi við ef til samruna eða yfirtöku komi. Samkvæmt þeim upplýsingum sem veittar hafi verið sé ljóst að endurfjármagna þurfi meirihluta af lánum ef til samruna eða yfirtöku komi. Um þetta er síðan haft eftir Tryggva Pálssyni að erlendir lánardrottinnar bíði eftir að geta endursamið á hærri vöxtum. Loks kemur fram að Sylvía Kristín Ólafsdóttir hafi dreift skjali sem bar nafnið „Lausafjárstaða innlánsstofnana – þróun og þolmörk“, SI-39700. Fram kemur að í skjalinu sé lagt mat á þróun og þolmörk lausafjárstöðu helstu viðskiptabankanna. Um þetta segir í fundargerð að lausafjárstaða Glitnis banka hf. sé hvað veikust og treysti bankinn í auknum mæli á samningsbundnar lánalínur. Einnig kemur fram í fundargerð að helsta áhætta Landsbankans sé tengd innlánunum.

„Samráðshópurinn hefur ákveðið að fylgja tillögu Andrew Gracie varðandi áframhaldandi vinnu og nú er komið að því að stjórnvöld myndi sér stefnu.“

Haft eftir Tryggva Pálssyni í fundargerð 11. fundar starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjárvara sem haldinn var 3. apríl 2008.

Í fundargerð starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjárvara 3. apríl 2008 segir að skýrslan „Lausafjárstaða innlánsstofnana – þróun og þolmörk“ sem tekin var saman í Seðlabanka Íslands hafi verið lögð fram. Síðan segir: „Fram kemur að lausafjárstaða Glitnis er hvað veikust og treysta þeir á samningsbundnar lánalínur í auknum mæli en helsta áhætta Landsbankans er tengd innlánunum.“

„[Baldur Guðlaugsson] fór yfir minnispunkta sem hann hafði tekið saman og varaði við óábyrgu blaðri. Ekki mætti lofa meiru en hægt væri að standa við.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 4. apríl 2008.

„[Jónas Fr. Jónsson] sagði að vandinn byrjaði sem lausafjörvandi sem gæti gerst innan þriggja mánaða.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 4. apríl 2008.

12. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 4. apríl 2008

Hinn 4. apríl 2008 fundaði samráðshópur stjórnvalda. Í drögum að fundargerð segir að Ingimundur Friðriksson hafi dreift skeyti sem barst frá Halldóri J. Kristjánssyni, bankastjóra Landsbankans, þar sem fram komi staðfesting breskra blaðamanna á að fulltrúar vogunarsjóða hafi reynt að koma af stað neikvæðri umræðu um Ísland og íslensku bankana. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að vinnuhópur Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans sé tekinn til starfa en honum sé ætlað að bregða upp sviðsmynd af áfalli og benda á vænlegustu aðgerðir stjórnvalda ásamt skilyrðum sem setja meg. Fram kemur að Bolli Þór Bollason hafi lagt áherslu á að hóparnir skili niðurstöðum sínum sem fyrst. Síðan segir að Tryggvi Pálsson hafi minnt á aðgerðaaætlun Andrews Gracie en hún geri ráð fyrir að bönkunum verði stillt upp við vegg þegar hið opinbera sé búið að marka stefnu (e. „fund or else“). Fram kemur að Baldur Guðlaugsson hafi farið yfir minnispunkta sem hann hafi tekið saman og varað við óábyrgu blaðri. Ekki mætti lofa meiru en hægt væri að standa við. Því næst segir að Jónas Fr. Jónsson hafi sagt að vandinn muni byrja sem lausafjörvandi en það geti gerst innan þriggja mánaða. Það sem núna beri að gera sé að tala ekki kerfið niður heldur þrýsta á fjármálafyrirtækin að grípa til róttækra aðgerða eins og sölu stórra eigna. Fram kemur að Ingimundur Friðriksson hafi bætt við að betra sé að lifa minni en að deyja stór.

Við skýrslutöku af Bolla Þórs Bollasyni fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var rætt um drög samráðshópsins að fundargerð frá 4. apríl 2008 og Bolli inntur eftir því hvort eitthvað sérstakt hefði verið gert í því af hálfu ríkisstjórnarinnar að stilla bönkunum upp við vegg, eins og þar væri rætt um. Bolli svaraði á eftirfarandi veg: „[Það var] almenn afstaða [að] hinn eðlilegi farvegur til þess að reyna að fá bankana til þess að svona bregðast við væri í gegnum annars vegar samtöl seðlabankastjóra og hins vegar Fjármálaeftirlitið. Ég man að við ræddum það [...] ég spurði hvort ekki væri eðlilegt að blanda forsætisráðherra inn í þessi samtöl. Og á þeim fundi var niðurstaðan alla vega sú að það væri rétt að halda þessu áfram innan veggja Seðlabanka og Fjármálaeftirlitsins. Einhverjir svona formlegir fundir með bönkunum þar sem forsætisráðherra og hugsanlega utanríkisráðherra stilltu mönnum upp við vegg, þeir voru ekki haldnir. En auðvitað kom fram í óformlegum samtölum, eða alla vega á þeim fundum sem ég sat, þá voru menn auðvitað að ræða þessi mál af mikilli alvöru og það sem umræðurnar svölítið, eða svona ef maður reynir að endursegja þessi samtöl, annars vegar við seðlabankastjóra og hins vegar við bankastjórana, þá er nokkuð til í því sem ég sá einhvers staðar haldið fram, að seðlabankastjórar, þetta á náttúrulega fyrst og fremst við um Davíð, hann kom með mjög dökka mynd og eftir því sem leið á árið þá dökknaði hún, og taldi að bankarnir væru smám saman að sigla inn í hættulega tíma. Síðan voru haldnir fundir með bankastjórunum, þá voru seðlabankastjórar ekki viðstaddir, það voru bæði fundir sem ég man eftir bæði með forsætisráðherra einum, og kannski honum og utanríkisráðherra eða fjármálaráðherra. Þá voru málín rædd á þessum nótum, að við hefðum fengið upplýsingar, eða hann, um erfiða stöðu og svörin sem ég, eins og ég upplifði þessi samtöl voru yfirleitt á þann veg að annaðhvort væri þetta ekki rétt eða þetta væru gamlar upplýsingar og það væri búið að bregðast við og taka á þeim vandamálum sem seðlabankastjóri hefði verið að lýsa. Ef maður einfaldar þetta þá er þetta svona almenni tónninn í samtölum.“¹⁴¹

141. Skýrsla Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 12.

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með bankastjórum Landsbankans 4. apríl 2008

Bankastjórn Seðlabankans fundaði með bankastjórum Landsbankans 4. apríl 2008. Í drögum að fundarpunktum Seðlabankans kemur fram að rætt hafi verið um innlánsreikninga Landsbankans í Bretlandi og almennt um aðstæður á fjármálamörkuðum.

Fundur seðlabankastjóra með félagsmálaráðherra 8. apríl 2008

Rannsóknarnefnd Alþingis hefur undir höndum minnisblað Ingimundar Friðrikssonar þar sem greint er frá fundi hans með Jóhönnu Sigurðardóttur, félagsmálaráðherra.¹⁴² Við skýrslutöku lýsti Jóhanna því að hún hefði kallað Ingimund til fundar við sig til þess að fá mat hans á stöðu mála á íslenskum fasteignamarkaði; „[...] við fórum bara almennt yfir stöðuna á fasteignamarkaðnum sem þá var orðinn mjög þröngur og ég var að velta fyrir mér ýmsum breytingum þar, hvort það ætti að breyta lánakerfinu, útvíkka þar heimildir, m.a. var ég að fara yfir þetta með honum út af ESA sem var búin að kalla eftir breytingum á húsnæðislánakerfinu út af ríkisábyrgðinni og ég var bara að fara yfir stöðuna með honum. Og ég kalla, ég, það var, ég held að það hafi verið alveg öruggt að ég hafi kallað í hann. Fórum mikið yfir svona veðhæfni, hvernig það stæði, hvað mikið eignir væru veðsettar og svona almennt án þess að það kæmi nokkur niðurstaða út úr því. Og þetta var bara í tengslum við vinnuferil þar sem að ég var að vinna þetta mál.“¹⁴³

Bréf stjórnarformanns Kaupþings til forsætisráðherra 9. apríl 2008

Hinn 9. apríl 2008 ritaði Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, Geir H. Haarde, forsætisráðherra, bréf. Í því segir m.a.: „Ég tel að þér og Seðlabankanum hafi orðið vel ágengt með yfirlýsingum ykkar um íslenskt efnahagslíf síðustu vikur. Til að fylgja því eftir hef ég áhuga á að koma á framfæri þeim viðbrögðum sem ég hef fengið í samtölum við fjölmarga erlenda banka- og fjölmiðlamenn að undanförunu. Ég mundi kjósa að gera það á fundi fremur en að bætast í hóp álitsgjafa og aftursætisbílstjóra sem eru ósparir á ráð þessa dagana. [...] Það sem mér liggur helst á hjarta er, að ég tel að sá árangur sem nú hefur náðst í að reisa við orðspor íslensks fjármálamarkaðar sé brothættur. Þeir aðilar sem gengið hafa harðast fram í söguburði um Ísland hafa vissulega orðið fyrir skráveifum með hækkandi verði íslenskra eigna og það hefur tekist að minnka trúverðugleika þeirra á meðal margra erlendra fjölmiðla og þar af leiðandi aðgang þeirra að þessum sömu fjölmiðlum. [...] Kveikjan að því að þróunin gæti snúist við á ný þarf ekki að vera stór, við sáum í janúar hversu mikil áhrif fjárhagsvandráði Gnúps höfðu á alþjóða fjármálamörkuðum þótt fæstir hafi álitid það stóra frétt hér heima. Á næstu vikum og mánuðum eru frekari gjaldþrot og fjárhagsvandráði íslenskra fyrirtækja óhjákvæmileg og ómögulegt að spá fyrir um hvaða áhrif slíkar fréttir kunni að hafa á erlendum vettvangi. Ég tel því afar brýnt að nýta það skjól sem við njótum nú til að vinna á þeim veikleikum sem skortsalar virðast helst hafa getað gert sér mat úr. [...] Það sem ég tel að þurfi að gera til að fylgja eftir vel heppnuðum yfirlýsingum er að Seðlabankinn nái samkomulagi við

„Á næstu vikum og mánuðum eru frekari gjaldþrot og fjárhagsvandráði íslenskra fyrirtækja óhjákvæmileg og ómögulegt að spá fyrir um hvaða áhrif slíkar fréttir kunni að hafa á erlendum vettvangi.“

Úr bréfi Sigurðar Einarssonar til Geirs H. Haarde, dags. 9. apríl 2008.

142. Minnisblað Ingimundar Friðrikssonar: „Fundir með ráðherrum og þingnefndum Alþingis skráðir í dagbók Ingimundar Friðrikssonar árin 2007 og 2008“, dags. 23. janúar 2009.

143. Skýrsla Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. janúar 2010, bls. 1–2.

trúverðugan aðila um lánalínur. Ýmsir hafa velt vöngum yfir hversu stórar slíkar lánalínur þurfi að vera til að teljast trúverðugar. Ég tel æskilegt að það einfaldlega náist samningar um samvinnu við trúverðugan aðila og að ekki verði gefið upp hversu stór slík lína sé. Til að slíkt sé hægt þarf aðilinn sem samið er við að hafa trúverðugleika sem einungis evrópski eða jafnvel bandaríski seðlabankinn hafa og án þess að skrifstofustjórar þessara stofnana séu að tjá sig um merkingu samkomulagsins við fjölmiðla. [...] Ef það tekst ekki held ég að ríkissjóður þurfi að tilkynna um skuldabréfaútboð að upphæð 3–4 milljarða evra til að tryggja fjárhagslegan stöðugleika.“

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði Sigurður Einarsson m.a.: „Síðan kemur 2008, febrúar og mars og forsætisráðherra fer nú aðeins fram og lætur taka við sig viðtöl og er með yfirlýsingar og Seðlabankinn sömuleiðis og allir virðast álíta að þetta sé nú bara komið í býsna gott horf. Og við höfðum af því miklar áhyggjur í bankanum að svo væri ekki. Í kjölfar þess skrifaði ég bréf til Geirs Haarde og sendi afrit á Davíð Oddsson seðlabankastjóra.“¹⁴⁴ Í skýrslu Sigurðar kom fram að hann hefði ritað forsætisráðherra bréfið þar sem hann hafði áhyggjur af því að gert yrði annað áhlaup á svokölluðum CDS-markaði og að í þriðja sinn yrði mjög erfitt að hrinda því áhlaupi. Sigurður sagði að hann hefði síðan átt fund með Davíð Oddssyni um málið í Seðlabankanum stuttu síðar. Engin skýr viðbrögð hefðu komið við ábendingum hans frá stjórnvöldum.¹⁴⁵

Fundur bankaráðs Seðlabanka Íslands 10. apríl 2008

Í fundargerð bankaráðsfundar Seðlabanka Íslands frá 10. apríl 2008 kemur fram að Davíð Oddsson hafi upplýst að bankastjórn hefði hækkað stýrivexti bankans þá um morguninn. Margir haldi því fram að tæki bankans dugi ekki til vegna mikillar alþjóðavæðingar og smæðar krónunnar og vissulega sé „okkur margt öndvert“. Síðan er haft eftir Eiríki Guðnasyni, seðlabankastjóra, að bankarnir hafi safnað gjaldeyri á nokkrum mánuðum til að verja eiginfjárlutfall sitt fyrir mögulegri lækkun gengis íslensku krónunnar og því hafi verið spáð að slíkt væri yfirvofandi. Bankarnir hafi fengið undanþágu frá Seðlabankanum í þessu skyni en mörkin séu rúm og þeir hafi nýtt sér þau talsvert. Það sé í skoðun að takmarka þau. Því næst segir að Davíð Oddsson hafi sagt að orðrómur sé um að einverjir séu að stuðla að falli á gengi krónunnar. Einn banki hafi farið að mörkum reglnanna og þar að auki keypt fyrir viðskiptamenn. Spurt sé hvort viðskiptamennirnir séu einnig eigendur bankans. Þannig sé hugsanlega hægt að handstýra fallinu. Skýrsla hafi verið send til Fjármálaeftirlitsins um þetta mál og þar sé það í skoðun. Haft er eftir Ragnari Arnalds að ástæða sé til að óttast um innstæður í íslenskum bönkum erlendis þegar birtar séu áskoranir um að forðast allt sem íslenskt sé. Haft er eftir Davíð Oddssyni að það sé ólíkt hvernig þessu víki við hjá Landsbankanum og Kaupþingi. Kaupþing sé með innstæður í dótturfélögum í viðkomandi löndum og þar gildi innstæðutrygging í viðkomandi landi. Landsbankinn sé með innstæður í útibúi og þá gildi íslenskar innstæðutryggingar. Umrædd skrif hafi haft áhrif og eitthvert fé hafi runnið af reikningum í febrúar og mars. Um 100 milljarðar króna af 650 milljörðum hafi horfið. Um 30% af innstæðum séu bundnar til 6–12 mánaða. Ástandið hafi róast eitthvað. Seðlabankinn hafi

144. Skýrsla Sigurðar Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 8. júlí 2009, bls. 24.

145. Skýrsla Sigurðar Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 8. júlí 2009, bls. 31.

átt viðræður við breska seðlabankann og vonandi fari þær vel. Mögulegt sé að samkeppnisaðilar standi að baki þessum skrifum og samkeppni á þessum markaði sé mikil.

*Ummæli forstjóra Fjármálaeftirlitsins á degi Samtaka fjármálafyrirtækja
10. apríl 2008*

Hinn 10. apríl 2008 ávarpaði Jónas Fr. Jónsson fund Samtaka fjármálafyrirtækja. Í ræðu sinni sagði Jónas m.a.: „Eins og ég vék að áðan er svokallað skuldtryggingarálag íslensku bankanna langt fyrir utan öll skynsemismörk. [...] Að mínu mati eru orsakir þessa háa álags sálræn, tæknileg og hátternisbundin. Það sem um er að ræða er almenn áhættufælni á alþjóðamörkuðum, tæknilegir ágallar á óskipulegum og grunnum markaði og afleiðing illskeyttar umræðu um bankana og íslenskt efnahagslíf.“

*13. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað
13. apríl 2008*

Hinn 13. apríl 2008 fundaði samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Í drögum að fundargerð kemur fram að Áslaug Árnadóttir hafi greint frá því að neikvæð frétt hafi birst sama morgun í *Aftenposten* í Noregi um íslensku innlánstryggingarnar. Klukkan 10 um morguninn hefði verið búið að taka út 23 milljónir norskra króna af innlánsreikningum í útibúi Kaupþings í Noregi. Fram kemur að í umræðum sem fram fóru undir dagskrárliðnum „Aðgerðaaætlun“ hafi verið farið yfir skjal, dags. 10. apríl 2008, og ábendingar komið fram um að draga betur saman lýsingar á áhrifum aðgerða og aðgerðaleysis, draga saman þau skilyrði sem stjórnvöld geti sett og fjalla um þá möguleika sem kunni að vera á því að slá skjaldborg um ákveðna þætti í starfsemi bankanna. Haft er eftir Bolla Þór Bollasyni að viðfangsefnið sé staða þriggja stærstu bankanna sem kerfislega mikilvægra banka. Fram kemur að Jónas Fr. Jónsson hafi upplýst að Fjármálaeftirlitið sé að taka saman yfirlit um bankana en utanaðkomandi aðilar geti aldrei séð öll þau úrræði sem þeim kynnu að nýtast. Því næst segir að Áslaug Árnadóttir hafi dreift skjali, dags. 10. apríl, sem nefnist „Greiðslur úr innstæðudeild Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta“. Í viðaukum þess skjals séu drög að auglýsingu um frest til að lýsa kröfum og tvær útgáfur af mögulegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Sjá nánar um þetta í kafla 17.10.2. Síðan segir að Jónas Fr. Jónsson hafi óskað eftir því að skoðaðir yrðu möguleikar á skuldajöfnun. Álíka ákvæði séu í Bretlandi sem ætlunin sé að fella út í þeirri endurskoðun sem hafin sé. Ekkert slíkt ákvæði sé í íslensku lögunum. Loks segir að Jónas hafi afhent minnisblað um fjármögnun íbúðaveðlána banka og sparisjóða og lánasamninga við Íbúðalánasjóð, dags. 9. apríl 2008.

*Viðræður Seðlabanka Íslands við erlenda seðlabanka um gerð
gjaldeyrisskiptasamninga í apríl 2008*

Hinn 17. mars 2008 vakti Seðlabanki Íslands máls á því í tölvubræfi til Seðlabanka Bretlands hvort til greina kæmi að gera gjaldeyrisskiptasamning við Seðlabanka Íslands. Í kjölfarið áttu sér stað viðræður milli stofnananna tveggja sem héldu áfram fram í apríl sama ár. Í apríl setti Seðlabankinn sig einnig í samband við seðlabanka Evrópu, Bandaríkjanna, Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs með sama markmið fyrir augum. Samhliða fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins dagana 11.–14. apríl 2008 í Washington áttu full-

„Eins og ég vék að áðan er svokallað skuldtryggingarálag íslensku bankanna langt fyrir utan öll skynsemismörk. [...] Að mínu mati eru orsakir þessa háa álags sálræn, tæknileg og hátternisbundin. Það sem um er að ræða er almenn áhættufælni á alþjóðamörkuðum, tæknilegir ágallar á óskipulegum og grunnum markaði og afleiðing illskeyttar umræðu um bankana og íslenskt efnahagslíf.“

Jónas Fr. Jónsson í ræðu sinni á fundi Samtaka fjármálafyrirtækja 10. apríl 2008.

„[Bolti Þór Bollason] tók fram að viðfangsefnið væri staða þriggja stærstu bankanna sem kerfislega mikilvægra banka.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 13. apríl 2008.

trúar Seðlabanka Íslands marga fundi með einstökum bankastjórum framan- greindra seðlabanka. Í drögum Seðlabankans að fundargerðum kemur m.a. fram að á fundi með Timothy Geithner, forseta Seðlabanka New York, hafi Geithner lýst því að fjárhæð gjaldeyrisskiptasamnings þyrfti að vera mjög há ef aðgerðin ætti að skila tilætluðum árangri. Ella myndi markaðurinn túlka hana sem veikleikamerki. Síðan segir að Geithner hafi vísað til samtala sinna við bankastjóra seðlabanka Evrópu, Bretlands, Svíþjóðar og bankastjóra Alþjóðagreiðslubankans og sagt að honum þætti sem þeir „hefðu einnig efasemdir“. Í drögum að fundargerð er skotið inn því áliti fulltrúa Seðlabanka Íslands að hér sé Geithner öðru fremur að vísa í samtal sitt við Jean-Claude Trichet, bankastjóra Seðlabanka Evrópu. Síðar segir að Geithner hafi ekki úti- lokað þátttöku Seðlabanka New York en hann væri „vantrúður á strategíuna“.

Við skýrslutöku lýsti Ingimundur Friðriksson, seðlabankastjóri, því að hann og Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans, hefðu átt marga fundi þessa daga í Washington, m.a. einn við Mervyn King, bankastjóra Seðlabanka Bretlands, laugardaginn 12. apríl 2008. Sjá frekari umfjöllun um gjaldmiðlaskiptasamningana í kafla 4.0. Ingimundur sagði að sá fundur hefði verið mjög vinsamlegur: „Við höfðum átt mjög vin- samleg samtöl við Bank of England um skiptasamning og raunar voru það það vinsamleg samskipti að þegar ársfundur bankans fór fram, sem var einhvern allra síðustu daganna í mars, þá sat ég uppi á minni skrifstofu og beið við sím- ann eftir að fá grænt ljós eða „signal“ frá London sem hægt væri að segja frá í ársfundarræðu [...]. Við töldum að við værum komnir svo langt á þeim tíma, en var ekki, svo fórum við þarna til Washington og áttum mjög fínan fund með Mervyn King [12. apríl 2008] og engin ástæða til að ætla annað eftir þann fund en að þetta væri allt í þessu jákvæða ferli og við mundum fylgja þessu eftir, þessum gögnum sem fóru, annars vegar með sjóðsinnstæðum og svo því sem við tækjum saman í Seðlabankanum. Svo var haldinn fundur G10 bankastjóranna í Washington sem ég veit nú lítið af [...].“ Ingimundur lýsti því síðan að á framangreindum fundi seðlabankastjóra G10 ríkjanna hefðu orðið straumhvörf og hefði sér þótt erlendir seðlabankastjórar mun neikvæðari gagnvart Íslandi í kjölfarið: „[Fundurinn] er einhvern tíma þarna þessa helgi [12.–13. apríl 2008], þetta er nú alveg gríðarleg fundahelgi þessi – hann var ekki búinn þegar við hittum Mervyn King. En svo komu Svíarnir, já, og það var liður í því að undirbúa sænska seðlabankastjóran, sem situr í G10 – Svíar sitja í þessum G10-hópi af gamalli hefð – liður í því að undirbúa hann fyrir þann fund og undirbúa hann til þess að tala okkar máli þar. En svo gerðist eitthvað á þeim fundi sem við vitum aldrei, þetta eru fundir sem engir utan- aðkomandi sitja og þeir eiga sér langa, langa sögu og eitt af því sem þeir eru stoltir af í sögu sinni samtals er að það má aldrei neitt leggja út af fundum og við vitum ekkert hvað gerðist nema bara það að tónninn varð annar.“¹⁴⁶

Nánar er fjallað um tilraunir Seðlabanka Íslands til þess að fá gjaldeyris- skiptasamninga við erlenda seðlabanka hér á eftir.

Forsendur Seðlabanka Evrópu fyrir gjaldeyrisskiptasamningi í apríl 2008

Samkvæmt drögum að minnisblaði Ingimundar Friðrikssonar, seðlabanka- stjóra, greindi Jean-Claude Trichet, bankastjóri Seðlabanka Evrópu, Davíð Oddssyni, formanni bankastjórnar Seðlabanka Íslands, frá því á fundi

146. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls 34.

vorið 2008 að forsenda fyrir gjaldeyrisskiptasamningi Seðlabanka Evrópu við Seðlabanka Íslands væri sú að Ísland semdi um lánaþyrngreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.¹⁴⁷ Við skýrslutöku lýsti Jón Þ. Sigurgeirsson, sérfræðingur á skrifstofu bankastjórnar Seðlabankans, því að þetta hefði líklegast verið um miðjan apríl 2008.¹⁴⁸ Af bréfi Seðlabanka Íslands til erlendra seðlabankastjóra, dags. 15. apríl 2008, sem fjallað er um hér á eftir má ráða að bankastjórar seðlabanka Evrópu og Bretlands hafi óskað eftir úttekt á efnahagsmálum á Íslandi fyrir miðjan apríl 2008, sbr. einnig skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, dags. 14. sama mánaðar.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var framangreind frásögn Ingimundar Friðrikssonar borin undir Davíð Oddsson. Davíð sagði: „Ég hef síðan samband við Mervyn King og þá segir hann: „Þetta er algjör misskilningur hjá Jean-Claude [Trichet], hann er bara að misskilja þetta eitthvað, það sem þið þurfið bara að gera er að fá... að gera það í gegnum þetta... búa til... skjöl.... búa til 10 svona skýrslur... svo fara þeir yfir þetta sem hittu hann aftur... ég var þá ekki... úti í Bandaríkjunum... þetta eru Ingimundur og [...] Sturla er með honum já, og þar er hann mjög jákvæður og „pósítívur“ og allt það og þeir segja: „Eigum við þá að skila einhverri greinargerð upp á 2 til 3 síður?“ „Ja, svona 10 síður“, segir hann, það hljómar vel [...] og allt virkar þetta vera á mjög jákvæðum nótum. Geithner hafði nú unnið hjá... verið hjá Gjaldeyrissjóðnum og þegar ég hitti hann segi ég við hann að ég hefði átt þessu ágætu samskipti við Trichet en allt í einu snúi hann við blaðinu og heimti að við förum í „prógramm“ hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á þessu stigi máls. Og þá segir Geithner: „Ah, he offered you the Kiss of Death.“ Hann skildi það alveg að um leið og við mundum tilkynna það kæmi bara „run“ á allt þetta system og ég sagði þetta nú seinna við einhverja menn þarna í Gjaldeyrissjóðnum og hann sagði nú þessi maður: „Er hann að kalla okkur „Kiss of Death“, hann vann með okkur, þetta er nú ekki loyalt.“ Þannig að það var mikill pirringur en hann mat þetta á þessu augnabliki svona.“¹⁴⁹

Skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 14. apríl 2008

Hinn 14. apríl 2008 kom út skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem árituð var sem algjört trúnaðarmál. Skýrslan var send Seðlabanka Íslands. Samandregnar niðurstöður skýrslunnar hljóða svo: „First, it will be key that the facility's safeguards are credible and effectively induce the banks to reduce the size of their balance sheets and thereby increase confidence in the system. Steps that could be taken to achieve this objective include requesting each bank to: (i) prepare a plan on how it will downsize, (ii) stop paying dividends in the near term, to improve its liquidity position, (iii) present plans on how quickly it could raise liquidity by selling assets, if needed; and by (iv) restricting the granting of licenses to open branches abroad. [...] Second, the contingency planning process should continue, notably to incorporate a definitive plan (including draft legislation on the bank resolution framework) on how to address a potential bank failure. [...] Third, it will be important to ensure that the fiscal stance contributes to confidence building. Unlike the high level of private sector indebtedness (with external debt close to 500 percent of

„Second, the contingency planning process should continue, notably to incorporate a definitive plan (including draft legislation on the bank resolution framework) on how to address a potential bank failure.“

Óopinber skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 14. apríl 2008.

147. Drög að minnisblaði Ingimundar Friðrikssonar: „Minnisblað -- óklárað“, dags. 20. júní 2008.

148. Skýrsla Jóns Þ. Sigurgeirssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 16. júlí 2009, bls. 7.

149. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 54–55.

GDP), gross and net public debt levels are currently low, at 28 percent and 7½ percent of GDP at end-2007, respectively. But present fiscal plans imply a strong deterioration in the fiscal balance in 2008-10, reflecting higher public investment, lower taxes, and higher benefits. There is a need to reassess fiscal plans, and act accordingly, in light of the necessity to maintain confidence in the banking system, including by keeping public debt very low in case contingent liabilities materialize. [...] In order to provide an early assessment and timely policy advice on the basis of fuller information, it has been agreed to conduct an FSAP update and Iceland's Article IV consultation discussions in a couple of months."

Við skýrslutöku sagði Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans: „[...] við töldum að ef við fengjum þessa „special mission“ frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til að koma og leggja... og í rauninni lýsa því yfir að það plan sem við vorum að leggja fram væri trúverðugt og gengi upp að þá gætum við fengið að hina að borðinu líka og gætum fengið meira af swap-línum.“¹⁵⁰ Nánar er vikið að aðdraganda þess að skýrslan var unnin í umfjöllun um bréf Seðlabanka Íslands til erlendra seðlabankastjóra, dags. 15. apríl 2008, hér aftar.

Við skýrslutöku af Geir H. Haarde var hann spurður um viðbrögð við skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, ekki síst þeim viðhorfum að bankarnir yrðu að selja eignir. Í skýrslu sinni sagði Geir: „Já, já, það var auðvitað það sem þeir áttu að gera, en hverjir áttu að minnka bankana? Og hverjir áttu að selja úr bönkunum? Þeir sjálfir. Það voru engir aðrir til að gera það og við höfðum ekki úrræði eða vald til að fyrirskipa þeim og bara hérna aðeins út af þessu með, Seðlabankinn var með viðvaranir, eða var með áhyggjur, og það kemur fram í „privatsamtölum“, það kemur ekki mikið fram opinberlega, en það sem kemur fram opinberlega er það að þeir eru að halda áfram að lána þessum bönkum, ef þeir voru sannfærðir um það að þeir væru að fara á hausinn, af hverju var það þá gert? Nýjustu tölurnar núna um þessi veðlán, endurhverfu viðskipti sem falla á ríkið eru eitthvað á milli 240 og 300 milljarðar og maður spyr sjálfan sig: Af hverju er það?“¹⁵¹

Í skýrslu Baldurs Guðlaugssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að hann kannaðist ekki við að framangreind skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefði verið lögð fram á fundi samráðshópsins og hann kvaðst aldrei hafa séð hana.¹⁵² Jónas Fr. Jónsson kvaðst heldur ekki hafa séð skýrsluna.¹⁵³

Í skýrslu Lárusar Welding, forstjóra Glitnis, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að honum hefðu verið borin skilaboðin um þær aðgerðir sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn taldi rétt að grípa til. Lárus sagði m.a.: „[...] við fengum náttúrulega skilaboðin en þau eru almenn og við vorum að vinna í þeim. Ég veit ekki hvernig aðrir bankar túlkuðu það en ég fékk ekki reglugerð sem sagði: „Þú verður að vera innan þessara marka, þú verður að vera búinn að selja eignir innan þessara marka á þessum tíma ellegar verður þú sviptur starfsleyfi eða þú færð fáviti.““¹⁵⁴

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis voru tilmæli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 14. apríl 2008, um að minnka bæri bankana, borin undir

„Já, já, það var auðvitað það sem þeir [bankarnir] áttu að gera, en hverjir áttu að minnka bankana? Og hverjir áttu að selja úr bönkunum? Þeir sjálfir. Það voru engir aðrir til að gera það og við höfðum ekki úrræði eða vald til að fyrirskipa þeim og bara hérna aðeins út af þessu með, Seðlabankinn var með viðvaranir, eða var með áhyggjur, og það kemur fram í „privatsamtölum“, það kemur ekki mikið fram opinberlega, en það sem kemur fram opinberlega er það að þeir eru að halda áfram að lána þessum bönkum. Ef þeir voru sannfærðir um það að þeir væru að fara á hausinn, af hverju var það þá gert? Nýjustu tölurnar núna um þessi veðlán, endurhverfu viðskipti sem falla á ríkið eru eitthvað á milli 240 og 300 milljarðar og maður spyr sjálfan sig: Af hverju er það?“

Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 37.

150. Skýrsla Sturla Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. júlí 2009, bls. 54.

151. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 37.

152. Skýrsla Baldurs Guðlaugssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. mars 2009, bls. 33.

153. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. mars 2009, bls. 37.

154. Skýrsla Lárusar Welding fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. mars 2009, bls. 24.

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans. Sigurjón sagði: „Þetta er eins og að menn komi á lakkskónum þegar þú ert úti á ballarhafi, búinn að vera að berjast í einhverju hrikalegu óveðri, þá koma einhverjir menn á lakkskóm: „Ég held að þú ættir kannski að minnka, ég held að þú ættir kannski að sigla í land.“ – Já, já, ég veit allt um það, en hvernig á ég að gera það? Það er ekki hægt núna, núna verð ég bara að þakka fyrir að halda mér á floti og að koma mér í gegnum með öllum hinum skipunum sem öll eru hérna á kafi á sjó í óveðrinu. Það er ekki bara þannig að maður geti bara stefnt á þessa höfn og bara komist í höfn einn, tveir og þrír. Það eru draumórar.“¹⁵⁵

Bréf Seðlabanka Íslands til erlendra seðlabanka 15. apríl 2008

Hinn 15. apríl 2008 ritaði Davíð Oddsson bankastjóri seðlabanka Evrópu, Bretlands, Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs bréf þar sem rætt var um gerð gjaldeyrisskiptasamninga við Seðlabanka Íslands. Afrit af bréfinu var einnig sent Timothy Geithner, forseta Seðlabanka New York. Í bréfinu segir að í samræmi við ósk bankastjóra seðlabanka Evrópu og Bretlands hafi Davíð Oddsson rætt við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og farið fram á að unnin yrði skýrsla um stöðu mála á Íslandi og mögulegan gjaldeyrisskiptasamning. Síðan segir að af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafi verið brugðist vel við beiðni Seðlabankans og er vísað til skýrslu sjóðsins, dags. 14. apríl 2008, sem fylgdi með bréfinu.

Með bréfi Seðlabankans fylgdi einnig skjal Seðlabankans „Background Memorandum“. Í því skjali er rætt um íslensk efnahagsmál, fjármálakerfið og skiptisamninga (e. swap arrangements) seðlabanka. Í skjalinu segir m.a.: „In the recent spate of market turmoil, banks that rely on wholesale funding sources have been under considerable market pressure. Most likely, few have been under more pressure than the Icelandic banks. However the lessons learned from 2006 made them better prepared to deal with sudden adversity. Available financial indicators show a solvent and liquid banking system, but market confidence is the key.“ Síðar segir: „Given the circumstances in the international financial markets and the global nature of the operations of the Icelandic banks, the Central Bank of Iceland aims to demonstrate its ability to provide liquidity in all of their major operational currencies. Shortage of liquidity is not yet a serious issue for the domestic banks (and hopefully will not be), and a swap facility should be seen as a precautionary arrangement that is likely to boost confidence in the Central Bank’s ability to perform its mandatory functions.“

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýsti Jón Þ. Sigurgeirsson því að hann hefði unnið framangreint „Background Memorandum“ fyrir Seðlabanka Íslands.¹⁵⁶

Fundur fjármálaráðherra og utanríkisráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands 16. apríl 2008

Hinn 16. apríl 2008 funduðu Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra, með bankastjórn Seðlabankans. Af minnisblaði Ingibjargar um fundinn má ráða að rætt hafi verið um

„Þetta er eins og að menn komi á lakkskónum þegar þú ert úti á ballarhafi, búinn að vera að berjast í einhverju hrikalegu óveðri, þá koma einhverjir menn á lakkskóm: Ég held að þú ættir kannski að minnka, ég held að þú ættir kannski að sigla í land. – Já, já, ég veit allt um það, en hvernig á ég að gera það? Það er ekki hægt núna, núna verð ég bara að þakka fyrir að halda mér á floti og að koma mér í gegnum með öllum hinum skipunum sem öll eru hérna á kafi á sjó í óveðrinu. Það er ekki bara þannig að maður geti bara stefnt á þessa höfn og bara komist í höfn einn, tveir og þrír. Það eru draumórar.“

Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 82.

155. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 82.

156. Skýrsla Jóns Þ. Sigurgeirssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 16. júlí 2009, bls. 7.

lántökur af hálfu Seðlabankans fyrir hönd ríkisins til eflingar gjaldeyrisforðans. Í minnisblaðinu segir: „Evrópubankinn gerði kröfu um meðferð hjá IMF [Alþjóðagjaldeyrissjóðnum]. Breski bankinn fór fram á að fengið yrði álit hjá IMF um að allt væri í lagi þ.e. að það stæðist sem sagt væri um íslenskt efnahagslíf. IMF brást vel við og sendi strax fólk til landsins. Komið er mat frá IMF sem verður sent áfram ásamt greinargerð frá Seðlabankanum til breska og evrópska bankans. [...] Viðræður hafa verið við norrænu bankana og samningar við þá líklega komnir um borð.“ Síðar segir að fram hafi komið að skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og norrænu bankanna séu eftirfarandi:

- 1) Hækka þarf gjaldeyrisforðann um 1–2 milljarða evra.
- 2) Vald Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins verði notað til þess að draga úr umfangi bankanna (down-size).
- 3) Stefna þarf að breytingu á Íbúðalánasjóði.
- 4) Draga þarf úr eða halda aftur af ríkisútgjöldum og skoða ákvæði í kjarasamningum um verðtryggingu.
- 5) Vegna viðkvæmni fjármálakerfisins þarf að gera úttekt á því á vegum IMF (FSAP).

Því næst segir í minnisblaði Ingibjargar: „Fram kom á fundinum að Seðlabankinn telji ekkert því til fyrirstöðu að hann geti uppfyllt þau skilyrði sem að honum snúa og jafnframt kom fram að við hljótum að fagna úttekt á vegum IMF (article IV).“¹⁵⁷

Framkvæmdastjóri Evrópusambandsins á sviði efnahags- og gjaldmiðlamála sendir forsætisráðherra bréf 17. apríl 2008

Hinn 17. apríl 2008 sendi Joaquin Almunia, framkvæmdastjóri Evrópusambandsins á sviði efnahags- og gjaldmiðlamála, Geir H. Haarde bréf varðandi hugsanlega aðild Íslands að samkomulagi fjármálaráðuneyta, fjármálaeftirlita og seðlabanka Evrópusambandsins um viðbúnað við fjármálaáföllum. Í bréfinu bendir Almunia á að 6. mgr. inngangsorða samkomulagsins heimili EES-ríkjum sérstaklega að undirrita samkomulagið.

Í kjölfarið áttu sér stað frekari samskipti sem leiddu til þess að 6. maí 2008 ritaði Árni M. Mathiesen erindi til ráðs Evrópusambandsins þar sem þess var formlega farið á leit að Ísland fengi aðild að framangreindu samkomulagi.

Ávarp forsætisráðherra á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins 18. apríl 2008

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins fór fram 18. apríl 2008. Geir H. Haarde ávarpaði fundinn. Í ræðu sinni sagði hann m.a.: „Sannleikurinn er sá að á vegum ríkisstjórnarinnar, en þó sérstaklega Seðlabankans, hefur að undanförnu verið unnið baki brotnu að því að greiða úr þeim vanda sem hinar alþjóðlegu aðstæður hafa skapað. Slíkar aðgerðir eru þess eðlis að undirbúningur þeirra tekur langan tíma og ekki er hægt að flytja af þeim fréttir frá degi til dags. Mikil opinber umræða getur verið óheppileg, skapað óraunhæfar væntingar og þar með jafnvel haft neikvæð áhrif. Stuttar boðleiðir og skjót ákvarðanatata eru óumdeilanlega meðal helstu styrkleika íslensks viðskiptalífs og stjórnsýslu. Þetta getur á hinn bóginn líka verið veikleiki þegar við

„Mér hefur á stundum fundist að fjallað sé um þessi mál af nokkurri léttúð og jafnvel skilningsleysi hér heima. Þar á ég meðal annars við framgöngu ákveðinna stjórnmalamána og fjölmiðla og staðhæfingar um að ekkert sé verið að gera, eins og það heitir. Stundum er talað eins og stjórnvöld ráði yfir töfralausnum sem ekki séu til annars staðar þegar vandinn er aftur á móti sá að alþjóðlegir vindar skekja okkar eigið hagkerfi án þess að við höfum mikið um það að segja.“

Geir H. Haarde í ræðu 18. apríl 2008.

157. Ódagsett minnisblað Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur: „Minnisatriði af fundum með banka- stjórn Seðlabankans á árinu 2008 og annað efni og minnisatriði sem þeim tengjast.“

gerum kröfu um sama hraða í mun stærri kerfum og leyfum okkur að verða óþolinmóð gagnvart lengri boðleiðum og seinvirkari ákvarðanaferlum en við erum vön.“

12. fundur starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjárvanda 21. apríl 2008

Starfshópur Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjárvanda fundaði 21. apríl 2008. Í fundargerð kemur fram að Tómas Örn Kristinsson og Sýlvía Kristín Ólafsdóttir hafi undanfarið verið að undirbúa sviðsmynd um fjármálaáfall í vinnuhópi með Ragnari Hafliðasyni, aðstoðarforstjóra Fjármálaeftirlitsins, og Rúnari Guðmundssyni, sviðsstjóra hjá Fjármálaeftirlitinu, (SI 40371). Fram kemur að ráðgert sé að leggja þessa vinnu fyrir samráðshópinn og byggja á þessu sem grunni fyrir áframhaldandi vinnu við aðgerðaáætlun stjórnvalda.

Sviðsmynd fjármálaáfalls Álitaefni, mögulegar aðgerðir og skilyrði

Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands 21. apríl 2008

[...]

Niðurstaða

Ljóst er að lausafjár-/eiginfjárvandi kerfislega mikilvægra banka er mjög alvarlegur fyrir íslenska hagkerfið. Það að slíkur banki verði gjaldþrota er ávisun á mun verri kreppu en annars yrði. Kostnaður þjóðfélagsins og sá tími sem færi í að byggja upp á ný yrði verulegur og sennilega meiri en ella. Sá valkostur virðist því nánast útilokaður. Bankarnir sjálfir hljóta ávallt að vera í fremstu víglínu en gera þarf þeim grein fyrir að ef yfirvöld þurfa að koma að björgunaraðgerðum, þá muni það verða þeim dýrkeypt.

Stjórnvöld þurfa að hafa heimild til að yfirtaka rekstur kerfislega mikilvægs banka sem á í vanda og því þarf að vera tilbúin (eða þegar afgreidd), tillaga að lagabreytingum sem fljótlegt væri að lögfesta ef aðstaður krefðust.

Æskilegt væri að skilja að innlendan og erlendan rekstur hið fyrsta og losa um erlenda hlutann, en gæta þarf þess að lánardrottnum sé ekki mismunad því að slíkt hefði langtímaáhrif á lánskjör íslenskra aðila, þ.m.t. ríkisins, á erlendum fjármagnsmörkuðum. Í sumum tilvikum þar sem innlend bankastarfsemi er afmarkaðri en sú erlenda gæti sú leið verið farin að innlenda starfsemin yrði seld.

Yfirvöld þurfa að yfirfara viðlagaáætlanir og útbúa heildstæða aðgerðaáætlun, t.d. að setja upp lista yfir aðila sem gætu komið að tímabundinni stjórnun viðkomandi starfsemi, þá valkosti sem yfirvöld standa frammi fyrir, t.d. yfirtöku eigna/skulda, brúunarbanka, sölu eigna, útskiptingar á starfsmönnum o.þ.h. Einnig þyrfti samhliða yfirtöku eigna/skulda að hafa heildstæða áætlun um samskipti við lánardrottna. Yfirvöld þurfa einnig að hefja fjármögnun vegna mögulegra björgunaraðgerða sem allra fyrst og ljóst er að öflun gjaldeyris eða trygg leið til öflunar hans í þessu skyni er bráðnauðsynleg. Huga þarf að almannatengslum til að styrkja áhrifamátt og trúverðuleika aðgerða, m.a. að leita eftir ráðgjöf á þessu sviði.

Næstu verkefni

1. Tryggja nauðsynlegar lagaheimildir
– Ráðuneytin
2. Sameinast um heildstæða aðgerðaáætlun yfirvalda
– Ráðuneytin, SÍ, FME
3. Efla gjaldeyrisforða og tryggja fjármögnun vegna aðgerða
– SÍ og ráðuneytin

14. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 21. apríl 2008

Hinn 21. apríl 2008 fundaði samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Í drögum að fundargerð kemur fram að Bolli Þór Bollason hafi sagt að félagsmálaráðherra hafi lokið könnun sinni á hugmyndum um að Íbúðalánasjóður kaupi þegar útgefin fasteignaveðbréf. Að áliti Íbúðalánasjóðs þurfi að skoða þrennt áður en ákvörðun sé tekin, þ.e. hvort heimildin brjóti í bága við samkeppnisákvæði EES, hvort hún sé í samræmi við núgildandi lagaramma og hvort fram geti komið neikvæð áhrif á lánshæfismat Íbúðalánasjóðs. Síðan segir að Ingimundur Friðriksson hafi eindregið mælt með að farið yrði strax í að kanna þessa þætti. Haft er eftir Baldri Guðlaugssyni að fjármálaráðuneytið þurfi að koma að þeirri athugun. Síðan segir að Jónas Fr. Jónsson hafi nefnt að e.t.v. þurfi að breyta lögum til að heimila Íbúðalánasjóði kaupin. Fram kemur að Baldur Guðlaugsson hafi tekið að sér að fara í verkefnið í samstarfi við aðra. Í umræðum um dagskrárliðinn „Sviðsmyndir fjármálaáfalls“ segir að lagt hafi verið fram endurbætt vinnuskjal, dags. 21. apríl, en starfshópur Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins hafi unnið verkið. Fram kemur að farið hafi verið lauslega yfir skjalið og rætt sérstaklega um niðurstöðurnar. Bolli Þór Bollason hafi síðan tilgreint fjögur næstu skref í viðbúnaðarstarfinu:

1. Móta sameiginlega stefnu stjórnvalda og setja þrýsting á bankana (ráðherrar og stjórnendur Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands)
2. Undirbúa lagafrumvörp (viðskiptaráðuneyti og fjármálaráðuneyti)
3. Íbúðalánasjóður (fjármálaráðuneyti)
4. Aðgerðaáætlun útfærð.

„Bolli Þór Bollason taldi nauðsynlegt að móta afstöðu fyrir næsta fund um það hvernig staðið yrði að gerð aðgerðaáætlunar.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 21. apríl 2008.

Varðandi 4. tölulið segir að Bolli hafi talið nauðsynlegt að móta afstöðu fyrir næsta fund um það hvernig staðið verði að gerð aðgerðaáætlunar.

Við skýrslutöku lýsti Geir H. Haarde því að hann hefði ekki séð skjal Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins frá 21. apríl 2008 sem ber heitið „Sviðsmynd fjármálaáfalls“ fyrr en við skýrslutöku hjá nefndinni.¹⁵⁸ Árni M. Mathiesen og Björgvin G. Sigurðsson báru á sama veg í skýrslutökum fyrir nefndinni.¹⁵⁹

Fjármálastöðugleikafundur haldinn í Seðlabanka Íslands 22. apríl 2008

Hinn 22. apríl 2008 var haldinn fundur um fjármálastöðugleika í Seðlabankanum. Í fundargerð kemur fram að Tómas Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri upplýsingasviðs Seðlabankans, hafi rætt um hvers virði það sé að forðast fjármálaáfall, m.a. í formi hagvaxtarávinnings, með hliðsjón af sögulegri reynslu.

158. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 75.

159. Skýrsla Árna M. Mathiesen fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. maí 2009, bls. 23. Sjá einnig skýrslu Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 36.

Bréf bankastjóra Seðlabanka Bretlands til Seðlabanka Íslands 23. apríl 2008

Mervyn King, bankastjóri Seðlabanka Bretlands, ritaði Davíð Oddssyni bréf 23. apríl 2008. Í bréfinu segist King ekki vera reiðubúinn til að gera skipta-samning við Seðlabanka Íslands. King lýsir áhyggjum af stöðu íslenska banka-kerfisins. Segir hann m.a.: „It is clear that the balance sheet of your three banks combined has risen to the level where it would be extremely difficult for you to act as a lender of last resort. International financial markets are becoming more aware of this position and increasingly concerned about it.“ Í bréfinu kemur fram að eina lausnin að mati King sé að draga verulega úr stærð íslenska bankakerfisins.

Samkvæmt drögum Ingimundar Friðrikssonar að minnisblaði kvaðst Stefan Ingves, bankastjóri Seðlabanka Svíþjóðar, reiðubúinn til þess að taka málið upp á fundi seðlabankastjóra svokallaðra G10 ríkja 4. maí sama ár. Fyrst hafi hann þó óskað eftir því að fá að senda sína sérfræðinga til Íslands til þess að „taka út stöðuna“.¹⁶⁰

„It is clear that the balance sheet of your three banks combined has risen to the level where it would be extremely difficult for you to act as a lender of last resort. International financial markets are becoming more aware of this position and increasingly concerned about it.“

Mervyn King í bréfi til Seðlabanka Íslands 23. apríl 2008.

Símafundur forsætisráðherra og formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands 23. apríl 2008

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýsti Geir H. Haarde því að 23. apríl 2008 hefði Davíð Oddsson hringt í sig og tilkynnt sér að Seðlabanki Bretlands hefði hafnað því að veita Seðlabanka Íslands „fyrirgreiðslu“.¹⁶¹ Aðspurður um það hvaða viðhorf seðlabankastjórar í Evrópu hefðu haft gagn-vart Íslandi svaraði Geir í skýrslu sinni: „Ég hef ekkert fyrir mér í því annað en það sem Davíð Oddsson sagði mér [...] og hann [...] dró ekkert undan með það að álit manna á íslensku bönkunum væri mjög af skornum skammti og færi minnkandi.“¹⁶²

Fundur forsætisráðherra með forsætisráðherra Bretlands 24. apríl 2008

Hinn 24. apríl 2008 fundaði Geir H. Haarde með Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, í Downing-stræti 10. Í frétt á vefsíðu forsætisráðuneytisins sagði um fundinn: „Á fundinum var fjallað um ástand og horfur í alþjóðlegum efnahags- og fjármálum og áhrif breyttra aðstæðna á fjármálamarkaði á Íslandi og í Bretlandi.“ Rannsóknarnefnd Alþingis hefur undir höndum skjal frá forsætisráðuneytinu sem nefnt er „Frásögn“ af fundinum. Í því segir m.a.: „GB [Gordon Brown] vék að efnahagsmálunum og spurði hvort væru miklir erfiðleikar á Íslandi. GHH [Geir H. Haarde] sagði að helsta vandamál Íslands væru truflanir á lánsfjárstreymi. Íslensku bankarnir væru orðnir nokkuð stórir miðað við íslenskan þjóðarþúskap. Grundvöllur efnahagslífsins væri góður en sökum smæðar væri Ísland ákjósanlegt fórnarlamb alþjóðlegra braskara og ljóst að ákveðnir aðilar hefðu reynt að hagræða markaðsaðstæðum. Samt væri útlitið betra nú en fyrir nokkrum vikum. Til að tryggja áframhaldandi betrun hefðu íslensk stjórnvöld áhuga á samstarfi varðandi lánalínur á milli Seðlabanka Íslands og Englandsbanka eða á milli fjármálaráðuneyta ríkjanna. Ljóst væri að ríkisstjórn Íslands stæði mjög vel og því væri þetta ekki spurning um lánaþyrirgreiðslu heldur traustvekjandi aðgerð. Vandinn snerist fyrst og fremst um ímynd og traust.“ Því næst kemur fram í skjalinu að Geir og Brown hafi rætt um lánalínu frá Seðlabanka Bretlands. Fram kemur að Brown

160. Drög Ingimundar Friðrikssonar að minnisblaði: „Minnisblað – óklárað“, dags. 20. júní 2008.

161. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 46.

162. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 50.

„GHH [Geir H. Haarde] kvaðst því miður hafa það á tilfinningunni að Englandsbanki væri fremur tregur í taumi og það væri miður því vandi Íslands væri aðallega ímyndarvandi.“

Haft eftir Geir H. Haarde í minnisblaði forsætisráðuneytisins frá fundi Geirs með Gordon Brown 24. apríl 2008.

„GHH [Geir H. Haarde] kvaðst vilja víkja aftur að efnahagsmálunum og sagði það skipta íslensk stjórnvöld miklu að hægt yrði að eiga einhvers konar samstarf við bresk stjórnvöld um ráðstafanir vegna núverandi tímabundinna erfiðleika. GB [Gordon Brown] sagði að þá væri fyrrnefnt samkomulag aðila í ESB [samkomulag um samstarf seðlabanka, fjármálaeftirlita og fjármálaráðherra Evrópusambandsríkja vegna hugsanlegra efnahagsáfalla] mikilvægt og síðan yrði að sjá hverju viðræður Englandsbanka og Seðlabanka Íslands myndu skila. Jafnframt mætti velta fyrir sér hvort Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gæti ekki orðið að liði með því að staðfesta góða stöðu íslenskra efnahagsmála.“

Frásögn af fundi Geirs H. Haarde og Gordon Brown 24. apríl 2008 úr skjali frá forsætisráðuneytinu.

„Ég held að hann hafi verið að tala um þetta af mjög jákvæðum hug, farið til sjóðsins og biðjið hann að gera það fyrir ykkur sem getur orðið ykkur að gagni, ef að staðan er svo góð að þetta er allt í fina lagi þá er fínt að hann segi það. Ef það er ekki í lagi þá er fínt að hann leggi ykkur hjálparhönd.“

Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 47.

hafi ekki talið tímabært að gefa sér hver yrði niðurstaða viðræðna Seðlabanka Íslands og Seðlabanka Bretlands. Síðan segir: „GHH kvaðst því miður hafa það á tilfinningunni að Englandsbanki væri fremur tregur í taumi og það væri miður því vandi Íslands væri aðallega ímyndarvandi.“ Síðar í skjalinu segir: „GHH kvaðst vilja víkja aftur að efnahagsmálunum og sagði það skipta íslensk stjórnvöld miklu að hægt yrði að eiga einhvers konar samstarf við bresk stjórnvöld um ráðstafanir vegna núverandi tímabundinna erfiðleika. GB sagði að þá væri fyrrnefnt samkomulag aðila í ESB [samkomulag um samstarf seðlabanka, fjármálaeftirlita og fjármálaráðherra Evrópusambandsríkja vegna hugsanlegra efnahagsáfalla] mikilvægt og síðan yrði að sjá hverju viðræður Englandsbanka og Seðlabanka Íslands myndu skila. Jafnframt mætti velta fyrir sér hvort Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gæti ekki orðið að liði með því að staðfesta góða stöðu íslenskra efnahagsmála. GHH sagði að það væru í gangi viðræður við seðlabanka hinna Norðurlandanna, Seðlabanka Evrópu og Englandsbanka og ljóst að Ísland gæti einskis krafist af þeim en um leið yrðu þessir aðilar að átta sig á stærð íslensku umsvifanna og hættunni á smiti ef illa færi. GB ítrekaði að hann myndi hafa samband við Englandsbanka og ýta áfram aðild Íslands að tittnefndu samkomulagi aðila í ESB. Á hinn bóginn væri erfitt að sjá hvernig fjármálaráðuneyti ríkjanna gætu unnið saman þannig að gagn yrði af. GHH sagði að þar sem um traustvekjandi aðgerð yrði að ræða skipti miklu máli að hægt yrði að gera opinberlega grein fyrir henni.“

Við skýrslutöku ræddi Geir H. Haarde um framangreindan fund með Gordon Brown. Varðandi ummælin hér að ofan um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hafði Geir þetta að segja: „[...] það var einmitt á vettvangi IMF sem við hittumst fyrst og kynntumst aðeins þegar við vorum báðir fjármálaráðherrar og hann var formaður þarna í nefnd sem ég sat í. En já, já, hann svona nefndi það og auðvitað voru menn svo sem byrjaðir að velta því fyrir sér hvort að það gæti verið innlegg í mál hér, en það var náttúrulega alltaf þetta sjónarmið uppi að það geri ekki nema þeir sem eru virkilega í miklum vanda, það hefur ekkert Evrópuríki gert það síðan 1976 þegar Bretarnir fóru. Og Davíð var með frásögn af því að einhver af þessum köllum í Evrópu, ég man nú ekki hvort að það var Trichet, sennilega var það nú hann, sem stakk upp á þessu við hann, hann nefndi það við Geithner þegar hann talaði við hann næst í síma, bankastjóra „Fed-ans“ í New York, sem nú er fjármálaráðherra Bandaríkjanna, að þetta hefði verið nefnt, þá hafði Geithner sagt: „No, they want to give you the kiss of death.“ Því þetta var nú svona – ég var aldrei hins vegar sammála þessu, mér fannst þessi gjaldeyrissjóður aldrei vera ljóti kallinn í sögunni, yfirleitt voru þeir að leggja eitthvað til sem var skynsamlegt, en það náttúrulega var, a.m.k. þá talið svona fylgja því einhver vandræðastimpill að gangast undir það. Nú er þetta náttúrulega miklu fleiri sem eru, hafa fengið hann í sína þjónustu. [...] Og þeir voru náttúrulega hér að gera úttektir og þetta Article IV úttektirnar sem komu alltaf reglulega, þeir voru hér um sumarið og svo komu þeir aftur um haustið.“ Aðspurður hvort undirliggjandi kunni að hafa verið sjónarmið um að Ísland leitaði aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins svaraði Geir: „Ég held að hann hafi verið að tala um þetta af mjög jákvæðum hug, farið til sjóðsins og biðjið hann að gera það fyrir ykkur sem getur orðið ykkur að gagni, ef að staðan er svo góð að þetta er allt í fina lagi þá er fínt að hann segi það. Ef það er ekki í lagi þá er fínt að hann leggi ykkur hjálparhönd. Þetta var mjög vinsamlegt samtal og eins og kemur þarna fram þá bauðst hann til að hafa samband við Mervyn King og nefndi það tvisvar [...].“ Aðspurður

hvort Geir hefði fylgt þessu máli eftir varðandi Alþjóðagjaldeyrissjóðinn svaraði Geir: „Nei, ég gerði það nú ekki, ekki á þeim tíma. [...] Mér fannst það ekki tilefni til þess. Þeir voru hér hvort eð er, það var mikið samstarf við þá sem hann kannski vissi ekkert nákvæmlega um þegar hann er að segja þetta og hann var sjálfur náttúrulega háttskrifaður hjá IMF og hafði unnið þar mikið og vildi svona halda þeim fram. Við vorum auðvitað allan tímann í mjög góðu sambandi við þá, við erum náttúrulega stofnaðili og öll þessi ár hef t.d. ég alltaf haft mjög gott samband við fólk þarna og mér fannst ekkert vanta upp á það, það var ekkert þannig eins og við vissum ekkert hvað sjóðurinn væri og þyrftum að fara að kynna okkur það.¹⁶³

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins með stjórnendum bankanna 25. apríl 2008

Hinn 25. apríl 2008 var haldinn fundur bankastjórnar Seðlabankans og Jónasar Fr. Jónssonar með stjórnendum bankanna. Í drögum að fundargerð Seðlabankans kemur fram að Jean-Claude Trichet, bankastjóri Seðlabanka Evrópu, hefði hringt um kl. 14:00 sama dag og verið hálfæstur því íslensku bankarnir hefðu átt í endurhverfum viðskiptum fyrir 4 milljarða evra í gegnum Seðlabanka Lúxemborgar. Hefði hann krafist fundar með fyrirvars-
mönnum íslensku bankanna, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. Nánar er um þetta fjallað í kafla 7.0.

Samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneyti hringdi Davíð Oddsson í Geir H. Haarde eftir að hafa rætt við Trichet. Mun Davíð við það tækifæri hafa greint Geir frá símtali sínu við Trichet og jafnframt að Seðlabanki Íslands hefði boðað til fundar með bankamönnum og Fjármálaeftirlitinu samdægurs til þess að ræða endurhverf viðskipti bankanna við Seðlabanka Lúxemborgar.

15. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 28. apríl 2008

Hinn 28. apríl 2008 fundaði samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Í drögum að fundargerð segir að Ingimundur Friðriksson hafi greint frá samtali Jean-Claude Trichet, bankastjóra Seðlabanka Evrópu, við Davíð Oddsson föstudaginn 25. apríl 2008. Trichet hefði hringt með umkvörtun um endursölu verðbréfa íslensku viðskiptabankanna til Seðlabanka Evrópu í gegnum Seðlabanka Lúxemborgar og haldið því fram að seld skuldabréf væru að hluta til málamyndagerningar milli íslensku bankanna. Viðbrögð Seðlabankans hafi verið þau að boða stjórnendur stóru íslensku viðskiptabankanna samstundis á fund en Jónas Fr. Jónsson hafi einnig setið fundinn. Endurkaup Seðlabanka Evrópu af íslensku bönkunum hafi hlaupið á nokkrum milljörðum evra en þar af séu rúmlega 1,5 milljarðar evra í bréfa-
viðskiptum þeirra á milli. Seðlabanki Lúxemborgar hafi boðað bankana til fundar 28. og 29. apríl sama ár til að ræða þessi mál að viðstöddum fulltrúum Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Niðurstaða málsins sé ekki fengin en alvarlegur fjármögnunarvandi steðji að ef vinda þurfi ofan af endurkaupum þessum í skyndi. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að bankarnir telji sig vera innan reglna Seðlabanka Evrópu. Því næst segir að Tryggvi Pálsson hafi sagt að skuldabréfaskipti milli banka til að nýta í endursölu til seðlabanka séu ekki bundin við íslensku bankana. Viðbrögð Seðlabanka Evrópu geti verið vísbend-

163. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 46–47.

ing um neikvæða afstöðu hans til þreifinga Seðlabankans að undanfögnu. Afar mikilvægt sé að ekkert spyrjist út um núverandi stöðu málsins og sameinast verði um hlutlausu frásögn ef fréttir fari að berast út. Síðan segir í drögum að fundargerð að á meðan á fundinum stóð hafi starfsmaður Fjármálaeftirlitsins, sem staddur var á fundi í Lúxemborg, hringt í Jónas. Fram hafi komið að umfang og gagnkvæmni í bréfasafni íslensku viðskiptabankanna hefði vakið athygli. Síðar segir að Bolli Þór Bollason hafi gert grein fyrir fundi sem Geir H. Haarde hafi nýlega átt með Gordon Brown í Downing-stræti 10 þar sem rætt hafi verið um stöðu íslensku bankanna. Því næst segir í skjalinu: „Geir lýsti stöðunni og nefndi m.a. að íslensku bankarnir væru álitnir veikustu hlekkirnir í keðjunni.“ Síðar segir að á fundi samráðshópsins hafi áfram verið rætt um möguleika Íbúðalánasjóðs til að koma litlu bönkunum til aðstoðar. Fram kemur að Baldur Guðlaugsson hafi spurt hvort Seðlabankinn geti ekki beitt 2. mgr. 7. gr. gildandi laga um Seðlabanka Íslands við kaup á fasteignabréfum. Síðan segir að Ingimundur Friðriksson telji að slíkt sé yfirlýsing um að menn séu komnir í þrot. Fram kemur einnig að á fundi samráðshópsins hafi verið rætt um samningu lagafrumvarpa. Áslaug Árnadóttir hafi vísað í fyrri umfjöllun þar sem gerð hafi verið grein fyrir frumvarpssmíð viðskiptaráðuneytisins í samráði við Fjármálaeftirlitið. Einnig hafi hún nefnt sérstakt frumvarp til breytingar á lögum um sértryggt skuldabréf. Breytingin felist í skýrari stöðu afleiðusamninga við gjaldþrotaskipti og röð skuldara. Undir dagskrárliðnum „Stefnumarkandi ákvarðanir stjórnvalda“ segir að Jónas Fr. Jónsson hafi lagt fram lista sem dragi fram helstu stefnumarkandi ákvarðanir sem stjórnvöld þurfi að taka í aðdraganda fjármálaáfalls. Skjalið ber heitið „Ólystugi matseðillinn“.

„Ólystugi matseðillinn“

[Skjal sem tekið var saman af Jónasi Fr. Jónssyni.]

Möguleg ákvarðanatöki á undirbúningsstigi

1. Á að auka möguleika fjármálafyrirtækja til þess að selja fjármálagerninga til opinberra aðila?
2. Fjárhæð (umfram lágmarkstryggingavernd) sem ríkið er reiðubúið að ábyrgjast.
3. Heildarfjárhæð mögulegs eiginfjárstuðnings.
4. Skýr afmörkun aðila sem munu njóta stuðnings – fjárhagsleg viðmið og kerfislegt mikilvægi.
5. Meginskilyrði sem sett yrðu fyrir eiginfjárstuðningi (stjórnendur, þynning hluta, sala eigna).
6. Hafa reiðubúin lagafrumvörp um eiginfjárstuðning (þynningu hluta), þvingaðan samruna, brúunarbanka.
7. „Val“ á almannatengslafyrirtæki.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Bolli Þór Bollason spurður hvort hann hefði kynnt forsætisráðherra „Ólystuga matseðilinn“. Það kvaðst Bolli hafa gert. Á þessum tíma hefði hins vegar þótt mjög fjarlægt að bankarnir féllu: „Þetta var eitthvað svo ótrúlegt að þetta gæti gerst að ég held að fæstir ef nokkrir hafi verið farnir að gíra sig inn á að við lentum

í þessu, á þessum tíma.“ Um sama efni sagði Bolli einnig: „Nei, ég held að, auðvitað var þetta möguleiki en innst inni hafi menn eiginlega neitað að trúa að þetta myndi gerast. Þetta var kannski, svona umræðan á alþjóðavettvangi var auðvitað þannig að sumir voru bjartsýnir, aðrir svartsýnir, sumir töldu að hið versta væri yfirstaðið.“ Aðspurður hvenær menn hafi yfirleitt talið að fall bankanna gæti orðið að veruleika sagðist Bolli telja að það hefði verið eftir fall Lehman Brothers um miðjan september 2008.¹⁶⁴

Í skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Geir H. Haarde sýnt skjalið „Ólystugi matsæðillinn“ og hann spurður hvort honum hefði verið kynnt efni skjalsins. Geir svaraði því neitandi.¹⁶⁵

Greinargerð Seðlabanka Svíþjóðar um íslenska banka 30. apríl 2008

Í apríl 2008 vann Seðlabanki Svíþjóðar sérstaka greinargerð um íslenska banka. Seðlabanka Íslands barst eintak af þessari greinargerð sem ber heitið „An assessment of Icelandic banks“. Í samantekt á bls. 1 segir m.a.: „Despite this, as long as investor risk aversion remains high the banks run a risk that liquidity concerns will become self-fulfilling. It is crucial to retain investor confidence in Sedlabanki's ability to act as the ultimate provider of liquidity in both local and foreign currency. Swap agreements between Sedlabanki and other central banks may be an efficient way to ensure such confidence, by showing that Iceland has international support. [...] Sedlabanki has currently foreign reserves amounting to EUR 2.5 Bn, and plans to increase this by EUR 1–2 Bn in the near future. Swap agreements guaranteeing an additional EUR 5–6 Bn would mean that available FX amounts to some 40 percent of the banks' foreign deposits, or roughly twice of the banks' maturing debt in foreign currency in 2008.“

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýsti Eiríkur Guðnason aðdraganda þess að Seðlabanki Svíþjóðar og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn unnu sérstakar skýrslur um stöðu mála á Íslandi: „En við skiluðum hins vegar göngum, af því að þeir báðu um, um stöðu hagkerfisins og greinargerð og þeir báðu um að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn yrði látinn meta stöðuna hérna og meta hvort það væri gagn að skiptasamningum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn brást fljótt við og sendi hingað fólk og skrifaði skýrslu sem var jákvæð í okkar garð, eins og þið þekkið sjálfsagt. Svíar fóru líka fram á að fá að senda sína sérfræðinga hingað sem þeir gerðu og þeir skrifuðu skýrslu og hún var líka jákvæð í okkar garð. Niðurstaðan varð sem sagt, það er gagnlegt að svona skiptasamningar verði gerðir, gagnlegt fyrir íslenska þjóðarbúið og það hefur smitáhrif á önnur þjóðarbú, það væri gagnlegt fyrir önnur þjóðarbú að það fari ekki illa hér á Íslandi. Þetta voru svona, ef ég man rétt, sjónarmiðin í Alþjóðagjaldeyrissjóðsskýrslunni og sænsku skýrslunni.“¹⁶⁶

Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, ræddi einnig um aðdraganda þess að skýrsla Seðlabanka Svíþjóðar var unnin: „[...] Stefan Ingves sagði, fyrir hönd kolleganna: „Áður en við göngum frá skiptasamningum við ykkur vil ég senda sérfræðinga mína til að skoða stöðuna.“ Þeir koma undir forystu Mattias Person, sem er kollegi minn hjá Riksbanken, og þeir tóku saman skýrslu og síðan vorum við að senda rafrænt efni til þeirra

„Nei, ég held að, auðvitað var þetta möguleiki en innst inni hafi menn eiginlega neitað að trúa að þetta myndi gerast. Þetta var kannski, svona umræðan á alþjóðavettvangi var auðvitað þannig að sumir voru bjartsýnir, aðrir svartsýnir, sumir töldu að hið versta væri yfirstaðið.“

Skýrsla Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 16.

164. Skýrsla Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 16.

165. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 75.

166. Skýrsla Eiríks Guðnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. maí 2009, bls. 24.

„Og Aliber var ekki hjartsýnn á stöðu og framtíð íslensku viðskiptabankanna þriggja, svo að ekki sé nú fastar að orði kveðið. Þeir hefðu ekki lengur aðgang að lánsfé. Útlán þeirra hefðu nánast stöðvast og þeir myndu neyðast til að selja eignir sínar erlendis við lægra verði en þeir hefðu keypt þær á. Aliber sagði engar líkur á að íslensku bankarnir gætu staðist áhlaup og þótt vogunarsjóðir væru vondir þá flýttu þeir aðeins fyrir þróun sem væri óhjákvæmileg. Aliber gekk reyndar svo langt að stinga upp á að skipta bönkunum upp í tvo banka, annan sem halda myndi greiðslumiðluninni í landinu gangandi en hinn sem myndi þá halda utan um eignir bankanna sem hefðu lækkað í verði og ættu eftir að lækka enn meira.“

Frétt *Viðskiptablaðsins* 6. maí 2008 af fyrirlestri Robert Z. Aliber sem haldinn var 5. sama mánaðar.

„Á fundi G10 landanna í Basel virðist hafa komið fram alveg einstaklega neikvæð afstaða til Íslands og íslenskra banka sérstaklega. Mjög erfitt hefur verið að fá upplýsingar um hvað var nákvæmlega sagt og hver fór fyrir þeirri umræðu. Þó hafa upplýsingar fengist um að róta þeirra vondu umsagna sé að leita á fundi G10 landanna í tengslum við fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington í apríl. Þessi afstaða G10 landanna í Basel varð til þess að mjög súrnaði í afstöðu seðlabankastjóra Svíþjóðar og gætti þess hins sama í kjölfarið í afstöðu seðlabankastjóra Danmerkur og Noregs. Viðræður við þá urðu mun erfiðari í kjölfarið á þessum fundum og viðmót þeirra allt kólnaði til mikilla muna. Það var einungis fyrir harðfylgi formanns bankastjórnar Seðlabankans að samningar tókust á endanum og má segja að norrænu seðlabankastjórnarnir hafi verið teymdir að undirskriftarborðinu.“

Drög að minnisblaði Ingimundar Friðrikssonar, dags. 13. október 2008.

í framhaldinu og gögnin voru „uppdateruð“ þannig að Riksbanken var með nokkuð góða mynd af þessu.“¹⁶⁷

19.3.8 Maí 2008

Fyrirlestur Roberts Z. Aliber 5. maí 2008

Hagfræðingurinn Robert Z. Aliber, prófessor emeritus við Chicago-háskóla, flutti erindi í Háskóla Íslands 5. maí 2008. Í frétt *Viðskiptablaðsins* af fyrirlestrinum er Aliber sagður hafa málað „ansi dökka mynd af stöðu efnahagsmála á Íslandi“. Hafi hann líkt ástandinu við bólu sem missir loftið úr sér. Síðan segir í fréttinni: „Og Aliber var ekki hjartsýnn á stöðu og framtíð íslensku viðskiptabankanna þriggja, svo að ekki sé nú fastar að orði kveðið. Þeir hefðu ekki lengur aðgang að lánsfé. Útlán þeirra hefðu nánast stöðvast og þeir myndu neyðast til að selja eignir sínar erlendis við lægra verði en þeir hefðu keypt þær á. Aliber sagði engar líkur á að íslensku bankarnir gætu staðist áhlaup og þótt vogunarsjóðir væru vondir þá flýttu þeir aðeins fyrir þróun sem væri óhjákvæmileg. Aliber gekk reyndar svo langt að stinga upp á að skipta bönkunum upp í tvo banka, annan sem halda myndi greiðslumiðluninni í landinu gangandi en hinn sem myndi þá halda utan um eignir bankanna sem hefðu lækkað í verði og ættu eftir að lækka enn meira.“

Neikvæð afstaða erlendra seðlabankastjóra til Íslands 4. maí 2008

Í drögum að minnisblaði Ingimundar Friðrikssonar frá 20. júní 2008 segir að á lokuðum fundi seðlabankastjóra svokallaðra G10-ríkja í Basel 4. maí 2008 hafi Stefan Ingves, bankastjóri Seðlabanka Svíþjóðar, greint frá mati sínu á stöðu mála á Íslandi með hliðsjón af nýlegri úttekt sérfræðinga stofnunarinnar og úttekt sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Í drögum Ingimundar segir því næst: „Enginn var tilbúinn að gera samning við Seðlabanka Íslands. Viðhorf til hugsanlegrar samningagerðar við Seðlabankann virðast hafa verið sérstaklega neikvæð á fundinum sem olli því m.a. að afstaða sænska seðlabankans varð mun neikvæðari en áður.“¹⁶⁸

Í drögum að öðru minnisblaði Ingimundar Friðrikssonar frá 13. október 2008 er vikið að sama fundi. Í drögum Ingimundar segir um þetta: „Á fundi G10 landanna í Basel virðist hafa komið fram alveg einstaklega neikvæð afstaða til Íslands og íslenskra banka sérstaklega. Mjög erfitt hefur verið að fá upplýsingar um hvað var nákvæmlega sagt og hver fór fyrir þeirri umræðu. Þó hafa upplýsingar fengist um að róta þeirra vondu umsagna sé að leita á fundi G10 landanna í tengslum við fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington í apríl. Þessi afstaða G10 landanna í Basel varð til þess að mjög súrnaði í afstöðu seðlabankastjóra Svíþjóðar og gætti þess hins sama í kjölfarið í afstöðu seðlabankastjóra Danmerkur og Noregs. Viðræður við þá urðu mun erfiðari í kjölfarið á þessum fundum og viðmót þeirra allt kólnaði til mikilla muna. Það var einungis fyrir harðfylgi formanns bankastjórnar Seðlabankans að samningar tókust á endanum og má segja að norrænu seðlabankastjórnarnir hafi verið teymdir að undirskriftarborðinu [varðandi skiptasamningana sem gerðir voru við norrænu seðlabankana um miðjan maí 2008].“¹⁶⁹

167. Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 10. mars 2009, bls. 30.

168. Drög Ingimundar Friðrikssonar að minnisblaði: „Minnisblað – óklárað“, dags. 20. júní 2008.

169. Drög að minnisblaði Ingimundar Friðrikssonar: „Minnisatriði úr samskiptum við erlenda seðlabanka á árinu 2008 og fleira“, dags. 13. október 2008.

Það var síðan 7. maí 2008 sem Seðlabanki Íslands sendi bankastjórum seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs bréf þar sem því var lýst að orðið væri ljóst að seðlabankar Evrópu og Bretlands myndu ekki gera gjaldeyris-skiptasamninga við Seðlabanka Íslands. Hins vegar hefði Seðlabankinn enn áhuga á gerð slíks samnings við hina norrænu seðlabanka. Vísað væri til draga að slíkum samningi sem útbúin hefðu verið af Seðlabanka Svíþjóðar í apríl sama ár og farið fram á að sá samningur yrði undirritaður sem fyrst. Nánar er fjallað um samningaviðræður Seðlabanka Íslands við Seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs hér síðar.

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með forsætisráðherra, fjármálaráðherra, utanríkisráðherra, og embættismönnum í forsætisráðuneytinu 7. maí 2008

Hinn 7. maí 2008 fundaði bankastjórn Seðlabankans með Geir H. Haarde, forsætisráðherra, Árna M. Mathiesen, fjármálaráðherra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, utanríkisráðherra, og embættismönnum í húsakynnum forsætisráðuneytisins. Samkvæmt minnisblaði Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur var rætt um lántöku af hálfu hins opinbera til eflingar gjaldeyrisforðans. Síðar í minnisblaðinu segir: „Fram kom hjá Davíð Oddssyni að það færi í taugarnar á breska [seðla]bankanum að íslensku bankarnir séu farnir að auka innlána-starfsemi og þeir séu að bjóða betri kjör en þeir bresku. Bretar telji að þeir séu að sprengja upp markaðinn og þetta sé næsta vandamál. Íslensku bankarnir geri þetta til að fjármagna sig.“¹⁷⁰ Einnig er haft eftir Davíð að vonandi komi ekki „bakslag í norrænu bankana“ varðandi gjaldeyris-skiptasamninga.

Ritið Fjármálastöðugleiki kemur út hjá Seðlabanka Íslands 8. maí 2008

Hinn 8. maí 2008 kom út ritið *Fjármálastöðugleiki* sem Seðlabankinn gefur út. Þar segir m.a.: „Í Fjármálastöðugleika fyrir ári var niðurstaða greiningar Seðlabanka Íslands sú að fjármálakerfið væri í meginatriðum traust. Sú niðurstaða er óbreytt.“ Þeir þættir sem helst treysta viðnámsþrótt fjármálakerfisins eru að mati Seðlabankans: „Það eru góðar langtímahorfur í íslensku efnahagslífi, viðunandi staða bankanna, traust opinber umgjörð og eftirlit sem og örugg greiðslu- og uppgjörskerfi og ekki síst sterk staða ríkissjóðs. [...] Á heildina litið er niðurstaða Seðlabankans enn sú að fjármálakerfið sé í meginatriðum traust. Íslenska bankakerfið uppfyllir kröfur sem gerðar eru til þess og stenst álagsspróf sem Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn hafa gert.“

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði Geir H. Haarde m.a.: „Í maí kemur stöðugleikaskýrsla Seðlabankans og það hefur nú oft verið vitnað í hana og hún er náttúrulega mikilvægt plagg í þessu öllu. Hana má lesa þannig að það sé ekki mikil hætta á ferðum, þó að það sé þarna ein eða tvær setningar um nauðsyn þess að fara varlega og allt það. Þetta er aftur bankinn sem er síðan að greiða fyrir frekari útlánum til bankanna, bindiskyldan, veðlánareglurnar, lausafjárvaðirnar, þetta er allt viðleitni til þess að hjálpa bönkunum að verða sér úti um íslenskt lausafé. En mér datt ekki í hug að gagnrýna Seðlabankann fyrir þetta, vegna þess að þetta var það sem allir bankar voru að gera, það voru allir að reyna að hjálpa sínum bönkum á eigin vettvangi til að gera þetta. En þetta stemmir ekki, þetta er ekki aðgerð þeirra aðila sem

170. Ódagsett minnisblað Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur: „Minnisatriði af fundum með bankastjórn Seðlabankans á árinu 2008 og annað efni og minnisatriði sem þeim tengjast.“

eru síðan í hina röndina að tala um það að þetta sé allt hvort eð er vonlaust. Þá hefðum við kannski gert eitthvað annað.¹⁷¹

Í skýrslu Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis vék hann að þessari gagnrýni. Þar sagði hann m.a.: „Seðlabankinn, a.m.k. svona á hinum pólitíska vettvangi, hefur verið sakaður um tvíræðni, að hann hafi sagt, og það liggur náttúrulega fyrir, að hann hafi margoft varað ríkisstjórnina við en á sama tíma skrifi hann svo [...] stöðugleikaskýrslu þar sem hann telji að bankakerfið muni standa þetta af sér. Þetta er náttúrulega þannig að það er algjörlega útilokað að nokkur Seðlabanki segi í opinberri skýrslu að bankakerfið muni ekki standa þetta af sér, daginn eftir fer bankakerfið, þá þyrfti enga rannsóknarnefnd, þá væri þetta bara: „Seðlabankinn einn drap það.“ Það er ekki flóknara en það. Þannig að það er mjög auðvelt að segja: „Seðlabankinn, jú, jú, hann var eitthvað að vara menn við en svo tók hann þátt í því að breiða yfir þetta allt saman.“ Það var auðvitað ekki þannig. Og númer tvö, að Seðlabankinn, eins og allir aðrir, hafði auðvitað miklar áhyggjur því að menn sögðu: „Ef þessar fjármagnsprengingar halda áfram þá mun þetta hrynja.“ Hann var auðvitað að vona, eins og allir aðrir, að þessum þrengingum mundi ljúka – þær væru á einhverjum misskilningi byggðar, sumir héldu það – og þess vegna mætti ekki eyðileggja fyrir bönkunum að lifa þetta af.“¹⁷²

Við skýrslutöku var rifjuð upp framangreind niðurstaða Seðlabankans um að á heildina litið væri fjármálakerfið í meginatriðum traust og að íslenska bankakerfið uppfyllti kröfur sem gerðar væru til þess og að það stæðist álagspróf sem Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn hefðu framkvæmt. Davíð Oddsson var spurður hvort þessi niðurstaða samræmðist þeirri mynd sem hann hefði áður lýst fyrir rannsóknarnefndinni. Davíð svaraði: „Þetta hefur töluvert verið dregið upp á Alþingi til að sýna að Seðlabankinn hafi nú ekki verið heill í sinni afstöðu og þess háttar og ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst nú ekki mikið til um það. Reyndar er það í þessum texta að þá er nú þarna orð sem við vorum svolítið hræddir við að hafa inni: „Er enn traust í megindráttum.“ Og svo eru nú fyrirsagnir þarna sem gefa til kynna heilmiklar áhyggjur og ég man til þess að ég spurdist einmitt fyrir um það einhvern tímann þarna í þessum umræðum, það voru nú heilmiklar fjármálastöðugleika-umræður sem að fylgdu þessu, hversu langt mundum við einhvern tíma ganga til að segja hug okkar gagnvart þessum, í skýrslu af þessu tagi? Og auðvitað verður niðurstaðan sú að menn geta ekki gengið mjög langt því þá mundi það hafa, sjá til þess að spádómarnir mundu rætast.“¹⁷³

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis: „Það voru frá Seðlabankanum sjálfum, fjármálastöðugleikaskýrslur, og það voru þær sem maður horfði kannski frekar á en skýrslur eins og frá Danske Bank. Það getur vel verið að maður hafi afgreitt það um of sem bara samkeppnisaðila.“ Ingibjörg bætti síðan við: „[...] ég leit svo á að það væri einfaldlega bara verið að vinna í þessum málum [þ.e. að minnka efnahag bankanna] og það væru Seðlabanki og Fjármálaeftirlit og líka sérstaklega... eins og Seðlabankinn talaði þá væri hann að taka á bönkunum og engin ástæða til að ætla það að það væri verið að sýna þeim einhverja linkind.“¹⁷⁴

171. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 51.

172. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 23.

173. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. ágúst 2009, bls. 14.

174. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 7–8.

Við skýrslutöku lét Björgvin G. Sigurðsson eftirfarandi ummæli falla um skýrslur Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika: „Svo fer maður náttúrulega að greina hlutina betur þegar maður kemst betur inn í þetta og fer svona að velkjast meira í þessu öllu saman, en stöðugleikaskýrsla Seðlabankans frá því í maí 2008. „Staða bankanna er viðunandi“, segir þar orðrétt, og ef horfur á erlendum mörkuðum verða ekki verri eða alvarlegri þá eiga þeir að vera alveg í sæmilegum málum.“¹⁷⁵

Viðtal við formann bankastjórnar Seðlabankans í kvöldfréttum ríkissjónvarpsins 8. maí 2008

Í kvöldfréttum ríkissjónvarpsins 8. maí 2008 var rætt við Davíð Oddsson. Davíð sagði: „En það sem menn eru auðvitað að horfa, horfa til að skyndilega hefur það gerst að, að, að þegar að fjárþurrð skapast að þá kemur upp sú kenning að seðlabankar eigi að vera einhvers konar ábyrgðarsjóður banka í hvaða stærð sem þeir fara. Þetta hefur maður nú aldrei heyrt um, um áður. Að bankar eigi, eigi að stækka eins og þeim hentar og taka þá áhættu sem þeim hentar. En síðan beri almenningi fyrir meðalgöngu síns seðlabanka að vera einhvers konar ábyrgðarsjóður út í það óendanlega fyrir slíka starfsemi. Hann er ekki einhvers konar afskriftarsjóður sjálfvirkur fyrir bankakerfi sem að þurfi þá ekki lengur að taka ábyrgð á sínum [...] eigin gerðum enda væru það afar óholl skilaboð og myndi hvergi í heiminum vera gefin.“

16. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 9. maí 2008

Hinn 9. maí 2008 fundaði samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Í drögum að fundargerð er haft eftir Baldri Guðlaugssyni, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis, að Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra, hafi fyrir sitt leyti fallist á að Íbúðalánasjóði verði veitt heimild sem geti nýst til að létta á lausafjárvanda, sérstaklega minni fjármálafyrirtækja. Baldur hafi leitað eftir aðstoð Fjármálaeftirlitsins og jafnvel Seðlabanka Íslands við undirbúning lagafrumvarps sem þurfi að vera tilbúið næsta mánudag. Fram kemur að Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, hafi kynnt skýrslu Seðlabanka Íslands. Síðan segir að hann hafi vakið sérstaka athygli á rammagrein um mikilvægi þess að forðast fjármálaáfall og viðauka um gæði útlána samstæðna bankanna. Fram kemur að Áslaug Árnadóttir, settur ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytis, hafi lagt fram og kynnt skjal, dags. 9. maí, sem nefnist „Ábyrgð á innstæðum“. Þar komi m.a. fram að ef ríkissjóður eigi að ábyrgjast allar innstæður nemi upphæðin 2.318 milljörðum króna en í Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta séu um 10 milljarðar króna.

„[Áslaug Árnadóttir] lagði fram og kynnti skjal, dags. 9. maí, sem nefnist „Ábyrgð á innstæðum“. Þar kemur m.a. fram að ef ríkissjóður ætti að ábyrgjast allar innstæður næmi upphæðin 2.318 ma. kr. en í Tryggingarsjóði væru um 10 ma. kr.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 9. maí 2008.

Fundur forsætisráðherra, utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra 9. maí 2008

Hinn 9. maí 2008 hélt Geir H. Haarde fund með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur og Árna M. Mathiesen. Fundarefnið var aðkoma Íbúðalánasjóðs að fjármögnun fjármálafyrirtækja, einkum hinna smærri.

175. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 7.

*Fundur forsætisráðherra, utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og
félagsmálaráðherra vegna skiptasamnings við norrænu seðlabankana
15. maí 2008*

Hinn 15. maí 2008 hélt Geir H. Haarde fund með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur og Árna M. Mathiesen um þau skilyrði sem seðlabankar Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar vildu setja fyrir gerð skiptasamninga við Seðlabanka Íslands. Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði Geir H. Haarde að hinir norrænu seðlabankarnir hefðu sett skilyrði. Þeir hefðu ekki viljað „láta okkur hafa peninga nema að þeir [teldu] að það [væri] verið að gera rétta og skynsamlega hluti“. Þetta hefði borið að með þeim hætti að Davíð Oddsson hefði verið búinn að tala við ýmsa kollega sína og þeir hefðu ekki sýnt því neinn áhuga að „hjálpa okkur“, að undanskildum seðlabönkum hinna norrænu þjóðanna. Davíð hefði hringt í Geir 14. maí 2008 og sagt: „Ég er hérna með sænska kollega mínum, Stefan Ingves, ég vil gjarnan að þú talir við hann, við erum að reyna að klára hér ákveðin mál og hann verður að heyra í þér um það hvað það er sem þeir setja fyrir sig.“ Geir kvaðst hafa rætt við Stefan Ingves sem hefði sagt: „Við getum ekki bara verið að láta peninga hér af hendi, við verðum að fá einhverja fullvissu um það að þið séuð að gera réttu hlutina og ég fer fram á það við þig sem forsætisráðherra að þú gefir út yfirlýsingu í framhaldi af þessu samkomulagi þar sem þetta kemur fram.“ Þetta hefðu verið tvö atriði; annars vegar ábyrg stefna í ríkisfjármálum og hins vegar Íbúðalánasjóður: „[...] vegna þess að allir útlendingar sem höfðu eitthvað stúderað hér ástandið, þeir höfðu sent hingað sérfræðinga, settu fingurinn á útlán hjá Íbúðalánasjóði, og að við mundum gera eitthvað í því sem skipti máli.“ Í framhaldi af þessu símtali hefði Geir haldið fund með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur og Árna M. Mathiesen þar sem samkomulagið var undirritað og það afhent Seðlabanka Íslands. Geir bætti því við að Jóhanna Sigurðardóttir hefði ritað undir samkomulagið en hún hefði „jafnan tregðast mjög við öllum breytingum á Íbúðalánasjóði“. Í raun hefði ekkert breyst þegar Samfylkingin tók við af Framsóknarflokknum í félagsmálaráðuneytinu þar sem rekin hefði verið sama stefnan. Sjálfstæðismenn hefðu þannig talið sig fá „ákveðna viðspyrnu“ frá sænska seðlabankastjóranum, Stefan Ingves, með því að fara í þetta mál. Ekki hefði hins vegar unnist tími til að ljúka því almennilega, en „þetta var svokallað leyniplagg“ sem lægi fyrir í skjalasafni Seðlabanka Íslands.¹⁷⁶

Tekið skal fram að framangreint skjal var reyndar undirritað af Geir H. Haarde, Árna M. Mathiesen, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og bankastjórum Seðlabankans en ekki Jóhönnu Sigurðardóttur. Við skýrslutöku ræddi Jóhanna um fundinn: „En ég kem ekki inn í þetta öðruvísi heldur en það, í minni vinnu í ráðuneytinu, og síðan þessi fundur sem ég var að byrja að segja ykkur frá sem ég var kölluð á [...]. Og það var á miðjum fundi og þá var ég kölluð gagngert til að spyrja að því, af því gefna tilefni að þeir voru að reyna að fá lánaþyrngreiðslu frá Norðurlöndunum og það hefur komið ósk frá einhverjum af þessum Norðurlöndum, hvort það var seðlabankinn þar, um það hvort það væri einhver fyrirstaða í því að breyta lánakerfinu í samræmi við það sem að ESA var að biðja um, þ.e.a.s. að afnema þessa ríkisábyrgð og hvort það væri einhver fyrirstaða þar af minni hálfu. Og ég svaraði því til, og þau vissu

176. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 21 og 53.

það náttúrulega, Ingibjörg og Geir, að ég var alveg opin fyrir því og auðvitað bar okkur skylda til þess, af því að þarna var verið að gagnrýna okkur fyrir ólögmeða ríkisábyrgð, að visu ekki komin niðurstaða í það, en við vorum að vinna út frá þeim sjónarhóli að skipta upp Íbúðalánasjóði í almennt lánakerfi sem bæri ekki ríkisábyrgð og síðan félagslega íbúðakerfið. Það greindi ég honum frá og þeim og það var engin fyrirstaða af minni hálfu, það var verið að kalla eftir því hvort að ég mundi standa í vegi fyrir slíkri breytingu og það lá alveg ljóst fyrir og var raunverulega farið að byrja að vinna eftir þeim plönum. Og 17. maí þá kemur einmitt [...] yfirlýsing hérna Geirs Haarde sem var þá í samræmi eða út af þessum erfiðleikum að fá hér lán inn í landið, eða opna lánalínur, að þar kemur hann inn á þetta, að til þess að bæta virkni peningamálastefnunnar mun ríkisstjórnin m.a. þegar undirbúa og birta trúverðuga áætlun um umbætur og breytingar á skipulagi Íbúðalánasjóðs. Þetta er 16. maí og hérna er það 17. maí sem ég er með yfirlýsingu um þetta, og síðan var farið að vinna í samræmi við það. Og þetta var á málaskrá þingsins um haustið, að ég mundi leggja þetta fram, en lengra komst það svo ekki, út af hruninu þá var þetta mál bara hreinlega lagt til hliðar. En lengra sat ég ekki þann, þennan fund, ég bara fór yfir þetta og greindi frá að ég mundi ekki vera með neina fyrirstöðu við þetta, lýsti því hvernig það væri, hafði auðvitað verið áður skiptar skoðanir milli flokkanna þegar við vorum að byrja þetta stjórnarsamstarf, hvort það ætti að einkavæða Íbúðalánasjóð og hvort að fjármögnun ætti að vera í fjármálaráðuneytinu eða hjá mér. En svo voru menn komnir niður á þessa niðurstöðu.¹⁷⁷

Við skýrslutöku lýsti Davíð Oddsson því að við gerð samninganna við norrænu seðlabankana hefðu hinir erlendu seðlabankastjórar efast um að ríkisstjórn Íslands myndi takast á við aðsteðjandi vanda. Davíð hafði eftir þeim: „Við vitum að þið skilið þetta og þið viljið þetta en við verðum bara að hafa „uppáskrift“ ráðherra.“ Davíð kvaðst hafa verið orðinn vonlítill um að samningar næðust og því hefði hann að lokum sagt: „Ég fullyrði það að forsætisráðherra er búinn að lofa mér því að hann muni fylgja þessu fast eftir. Og þá kemur allt í einu: „Ég vil heyra það frá hans munni.“ Og ég segi: „Bíddu, hvenær? Af því að við erum að klára þetta í kvöld.“ Þeir hefðu svarað: „Núna.“ Hefði þá verið hringt í Geir H. Haarde, forsætisráðherra, og farið fram á það að ráðherrar í ríkisstjórninni undirrituðu yfirlýsingu þar sem veitt væru loforð annars vegar um ábyrga stefnu í ríkisfjármálum og hins vegar um Íbúðalánasjóð.¹⁷⁸ Til er minnisblað Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur vegna þessa fundar. Fram kemur að bankastjórar Seðlabanka Íslands hafi sótt fundinn. Í minnisblaðinu segir að fram hafi komið að bankakerfi Íslands sé áttföld þjóðarframleiðsla. Bankakerfi Svíþjóðar sé á hinn bóginn fjórföld þjóðarframleiðsla. Í skjalinu segir einnig: „Fram kom að norrænu bankarnir vilji fá einhverja yfirlýsingu frá Seðlabankanum sem gefi til kynna einhverja viðleitni til að taka á ákveðnum málum sbr. það sem fram kom á fundi 16. apríl.“ Í minnisblaði Ingibjargar segir síðan að fram hafi komið á fundinum að bankastjóri Seðlabanka Finnlands „muni líka segjast styðja þessar aðgerðir“ og koma að málinu á síðara stigi.¹⁷⁹

177. Skýrsla Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. janúar 2010, bls. 2–3.

178. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 60–61.

179. Ódagsett minnisblað Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur: „Minnisatriði af fundum með bankastjórn Seðlabankans á árinu 2008 og annað efni og minnisatriði sem þeim tengjast.“

„[Áslaug Árnadóttir] greindi frá því að enn væri unnið að frumvarpsdrögum sem fyrr hefðu verið rædd. Þau væru langt komin og unnt ætti að vera að ljúka gerð þeirra mjög hratt ef á þyrfti að halda.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 15. maí 2008.

17. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 15. maí 2008

Samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað fundaði 15. maí 2008. Í drögum að fundargerð segir að á fundinum hafi komið fram að álit lögfræðinga félagsmálaráðuneytisins og Íbúðalánasjóðs sé að lagabreytingar gerist ekki þörf til þess að Íbúðalánasjóður geti „keypt“ fasteignaveðlán af fjármálafyrirtækjum. Síðar í drögum að fundargerð segir að Áslaug Árnadóttir hafi greint frá því að enn sé unnið að frumvarpsdrögum sem fyrr hafi verið rædd. Þau séu langt komin og unnt eigi að vera að ljúka gerð þeirra mjög hratt ef á þurfi að halda. Loks segir að upplýst hafi verið að frumvarp um sérvarin skuldabréf sé orðið að lögum.

18. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 21. maí 2008

Samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað fundaði 21. maí 2008. Í drögum að fundargerð segir að Ingimundur Friðriksson hafi vikið að skiptasamningum Seðlabanka Íslands. Hann hafi gert grein fyrir lyktum samninga bankans við seðlabanka Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur. Þá hafi verið vikið að nýju mati Moody's á láns hæfi ríkissjóðs. Einkunnin hafi verið lækkuð en jákvætt þyki að horfur séu nú stöðugar en slíkt sé talið auðvelda lántöku. Fram kemur að tilkynnt verði samdægurs um viðbótarútgáfu ríkisskuldabréfa en sú útgáfa komi til framkvæmda síðar. Um þetta segir að vænst sé eftirspurnar erlendis frá en um leið geti dregið úr innlendu lausafé. Að því er varðar málefni Íbúðalánasjóðs, sem komið hafi til umræðu á síðustu fundum samráðshópsins, segir í drögum að fundargerð að Jónas Fr. Jónsson efist um að ekki þurfi lagabreytingu með tilliti til hlutverks og verkefna Íbúðalánasjóðs ef sjóðurinn eigi að fara í það að kaupa fasteignaveðbréf frá fjármálastofnunum.

Fundur Seðlabanka Íslands með stjórnendum Glitnis 22. maí 2008

Hinn 22. maí 2008 var haldinn fundur með fyrirsvarsmönnum Seðlabanka Íslands um lausafjárstöðu Glitnis í höfuðstöðvum Glitnis að Kirkjusandi. Í drögum Seðlabankans að fundargerð segir að fram hafi komið hjá Lárusi Welding að unnið sé virkt í eignasölu svo og að vinnu að viðbúnaðaráætlun. Allir angar séu hafðir úti við fjármögnun. Fram kemur að farið hafi verið yfir glærur um lausafjárstöðu Glitnis. Að því búnu hafi verið farið yfir aðgerðaáætlun um fjármögnun. Fram kemur að Tryggvi Pálsson hafi áréttað mikilvægi þess að bankarnir leysi sjálfir úr stöðunni og ekki sé búist við að ríkisvaldið eða Seðlabankinn grípi inn í nema að verulega alvarleg staða sé komin upp. Síðan segir að Tryggvi hafi hvatt til aðgerða í fjármögnun nú þegar virðist lag því að aftur geti syrt í álinn síðar um sumarið.

Tekið skal fram að í kjölfar þessa fundar breyttust lausafjárskýrslur Glitnis þannig að bankinn féll ekki lengur á lausafjárprófum Seðlabankans.

Fundur bankaráðs Seðlabanka Íslands 23. maí 2008

Í fundargerð af fundi bankaráðs Seðlabanka Íslands sem haldinn var 23. maí 2008 kemur fram að Davíð Oddsson hafi bent á að veðlán séu mjög mikil og hafi fjórfaldast á rúmlega ári. Bankastjórn sé hugsandi yfir þessu, meðal annars yfir því hvernig þau séu tryggð. Allstór hluti þeirra sé tryggður með gagnkvæmum bréfum bankanna og þetta sé í skoðun. Fram kemur að Jónas

Hallgrímsson hafi spurt hvaða tryggingar það séu sem Seðlabankinn sé að skoða fyrir veðlánunum. Davíð Oddsson hafi sagt að um 170 milljarðar króna af tryggingum séu bréf sem bankarnir gefi hver til annars til að leggja fram í veðlánunum. Þau séu ótryggð að öðru leyti og geti verið „froða“. Stefán Svavarsson, aðalendurskoðandi bankans, sé að skoða þessi mál. Icebank taki til að mynda 190 milljarða króna veðlán og endurláni síðan til hinna bankanna. Þarna sé líklega verið að prenta peninga. Seðlabanki Evrópu hafi haft fyrirvara gagnvart slíkum pappírnum. Því næst er haft eftir Davíð: „Veðlán Seðlabankans næmu nú u.þ.b. sömu fjárhæðum og fjárlög ríkisins í hverri viku. Menn veltu því fyrir sér hvort tryggingarnar væru nægjanlegar og hvort ekki ætti að hægja á.“

13. fundur starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjávanda 26. maí 2008

Starfshópur Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjávanda fundaði 26. maí 2008. Í fundargerð kemur fram að Tryggvi Pálsson hafi sagt frá því að lausafjáhluftfall Glitnis hafi farið í 1,05 og líklegt sé að það muni lækka á næstu mánuðum. Af þeim sökum hafi verið fundað með Glitni í síðustu viku. Þar hafi mætt, auk forstjórans, nýir framkvæmdastjórar samkvæmt nýju skipuriti Glitnis en þó sé ekki búið að ganga endanlega frá skipuritinu. Líkt og fram komi í ráðgjöf Andrews Gracie og gert sé ráð fyrir í viðbúnaðarvinnu stjórnvalda liggja stór gjalddagi fyrir hjá Glitni í október 2008 og aftur í mars 2009. Einnig séu drjúgar endurgreiðslur hjá Glitni fram til október nk. Haft er eftir Tómasi Erni Kristinssyni, framkvæmdastjóra upplýsingasviðs Seðlabankans, að örðugleikar hafi verið við gagnaöflun hjá Glitni og svo virðist sem mikil mannekla sé hjá bankanum, sérstaklega í bókhaldsdeildinni. Haft er eftir Tryggva Pálssyni að Rósant M. Torfason, fjármálastjóri hjá Glitni, hafi fundað með starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins og sagt að lögð verði áhersla á góð samskipti varðandi upplýsingar.

Síðar í fundargerð kemur fram að Tryggvi Pálsson hafi sagt frá því að samráðshópur þriggja ráðuneyta, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans hittist nú vikulega á fundum og sjái Tryggvi um að halda utan um fundargerðir. Haft er eftir Tryggva að „Ólystugi matseðillinn“ hafi verið ræddur í samráðshópunum. Næst á dagskrá sé að fara yfir kerfislegt mikilvægi og innlánstryggingar og ræða hverju ríkið sé tilbúið að lýsa yfir í því sambandi ef á þurfi að halda. Síðan segir að lögð hafi verið fram drög að skjali þar sem dregin sé upp sviðsmynd af lausafjávanda hjá einum banka. Fram kemur að Tryggvi Pálsson hafi lagt til að þessari vinnu verði haldið áfram og jafnframt verði gerðir gátlistar vegna þeirra álitaefna og atriða sem framfylgja þurfi í kjölfarið. Einnig sé mikilvægt að láta forskriftir að fréttatilkynningum varðandi aðstoðina fylgja með tillögunni. Í fundargerð segir einnig að Jón Þ. Sigurgeirsson, sérfræðingur á skrifstofu bankastjórnar Seðlabankans, hyggist kanna hvaða forskriftir séu til auk þess að athuga í samráði við Sigríði Logadóttur, aðallögfræðing Seðlabankans, hvaða lærdóm megi draga af reynslu Northern Rock sl. haust.

Frumvarp um heimild ríkissjóðs til lántöku 26. maí 2008

Hinn 26. maí 2008 mælti Árni M. Mathiesen fyrir frumvarpi á Alþingi sem skyldi heimila ríkissjóði að taka allt að 500 milljarða króna erlent lán. Heimildina ætti að nýta til að auka gjaldeyrisvaraforða Seðlabanka Íslands. Í kvöldfréttum Stöðvar 2 28. sama mánaðar var rætt við Árna og sagði hann

„Davíð Oddsson sagði að um 170 ma. kr. af tryggingum [fyrir veðlánunum Seðlabankans] væru bréf sem bankarnir gæfu út hver til annars til að leggja fram í veðlánunum. Þau væru ótryggð að öðru leyti og gætu verið froða. Hann sagði að Stefán Svavarsson aðalendurskoðandi bankans væri að skoða þessi mál. Icebank tæki t.a.m. 190 ma. kr. veðlán og endurlánaði síðan til hinna bankanna. Þarna væri líklega verið að prenta peninga. Seðlabanki Evrópu hefði haft fyrirvara gagnvart slíkum pappírnum. Veðlán Seðlabankans næmu nú u.þ.b. sömu fjárhæðum og fjárlög ríkisins í hverri viku. Menn veltu fyrir sér hvort tryggingarnar væru nægjanlegar og hvort ekki ætti að hægja á.“

Fundargerð bankaráðs Seðlabanka Íslands 23. maí 2008.

„Líkt og fram kemur í ráðgjöf Andrew Gracie og gert er ráð fyrir í viðbúnaðarvinnu stjórnvalda liggur fyrir stór gjalddagi hjá Glitni í október 2008 og aftur í mars 2009.“

Úr fundargerð 13. fundar starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjávanda 26. maí 2008.

aðspurður að aðgerðin væri ekki neyðarúrræði. Fréttamaður spurði þá hvort verið væri að bjarga bönkunum. Árni svaraði: „Auðvitað hefur hlutfallsleg stærð bankakerfisins miðað við stærð efnahagskerfisins og að, með þetta að gera. En í þeim skilningi að það sé verið að bjarga einhverjum sem að sé í vandræðum að þá er það ekki staðan. Við teljum ekki að bankarnir séu í einhverjum, einhverjum vandræðum sem að þurfi að bjarga þeim úr.“ Frumvarpið var samþykkt 29. maí sem lög nr. 60/2008 um heimild ríkissjóðs Íslands til sérstakrar lántöku á árinu 2008. Með lögunum var fjármálaráðherra veitt heimild til að taka allt að 500 milljarða króna lán til eflingar gjald-eyrisvaraforðans. Lögin öðluðust gildi 7. júní sama ár.

Framangreint mál hafði verið tekið til umræðu á fundi ríkisstjórnarinnar 23. maí 2008. Á þeim fundi hafði Árni M. Mathiesen lagt fram frumvarpið og minnisblað um efni þess. Í minnisblaðinu segir m.a.: „Sú stefna var mörkuð af hálfu stjórnvalda fyrri hluta árs 2006 að gjaldeyrisforðinn yrði eflur. Veigamikið skref í þá átt var stigið í árslok 2006 með lántöku ríkissjóðs að fjárhæð einum milljarði evra sem endurlánað var Seðlabankanum. Vegna þeirrar erfiðu stöðu sem ríkt hefur á fjármálamörkuðum að undanförun þykir rétt að haldið verði áfram á þessari braut. Nú nýlega gerði Seðlabankinn tvíhliða gjaldeyriskiptasamninga við seðlabanka Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur sem hver um sig veitir Seðlabankanum aðgang að allt að 500 milljónum evra gegn íslenskum krónum og eykur þannig verulega aðgang Seðlabankans að erlendu lausafé. Erlend lántaka ríkissjóðs í því skyni að efla gjaldeyrisforðann enn frekar er til athugunar. [...] Ekki liggur fyrir á þessu stigi hvenær á árinu, að hvaða marki, í hvaða áföngum eða í hvaða hlutföllum erlendar og innlendar lántöku heimildin verður nýtt, enda mun það ráðast af aðstæðum. Rétt þykir hins vegar að til staðar sé sérstök lántökuheimild sem geri kleift að ráðast á þessu ári með litlum fyrirvara í verulegar erlendar eða innlendar lántökur umfram þær lántökur sem fjárlög ársins 2008 gerðu ráð fyrir.“

„Rætt var um tilkynningu Landsbankans um markaðssetningu á lcesave innlánunum í Hollandi gegnum útibúið í Amsterdam en það eykur enn skuldbindingar Tryggingarsjóðsins. [Jónas Fr. Jónsson] upplýsti að tíu umsóknir um útibú íslenskra banka erlendis liggja fyrir hjá FME.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 29. maí 2008.

19. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 29. maí 2008

Samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað fundaði 29. maí 2008. Í drögum að fundargerð kemur fram að Baldur Guðlaugsson hafi nefnt nýlega frétt í *The Financial Times* um væntanlega sölu Glitnis á „hæfum bréfum“ til Seðlabanka Evrópu. Því næst segir að Ingimundur Friðriksson og Tryggvi Pálsson hafi talið að í þessu felist hætta fyrir Glitni sem standi veikast bankanna og treysti á „skuldabréfun“ sem fjármögnun. Seðlabankar geti hvenær sem er ákveðið að þrengja hæfisskilyrðin fyrir kaupum á bréfum. Nú sé tækifærið til að létta á fjármögnunarvandanum en þrengt geti að aftur hvenær sem er. Búast eigi við að uppgjör bankanna á næstu ársfjórðungum verði slök. Síðan segir að Jónas Fr. Jónsson hafi bent á aukin vanskil, vanda smærri fjármála fyrirtækja og að haustið geti orðið erfitt. Því næst segir að dreift hafi verið línuriti sem sýni þróun skuldatryggingarálaga. Álögin hafi verið að færast upp á síðustu vikum fyrir Kaupþing og Glitni. Fram kemur að á fundinum hafi verið vikið að mögulegri ákvarðanatöku á undirbúningsstigi, hinum svokallaða „Ólystuga matseðli“. Framhald hafi síðan verið á umræðu síðasta fundar um spurningarnar fimm á þeim lista sem Jónas Fr. Jónsson hefði lagt fram. Á þeim fundi hefði verið umræða um liði 1 og 6. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að nauðsynlegt sé að fá afstöðu til spurninga 2, 4 og 5 til að undirbúa viðbrögð. Einnig er haft eftir Jónasi að hann staldri við

5 milljóna króna viðmiðið í innlánum sem dekki 95% innlána, sbr. skýrslu viðskiptaráðuneytisins, dags. 9. maí 2008, um ábyrgð á innstæðum. Því næst segir í fundargerð að Baldur Guðlaugsson telji að ekki sé hægt að hafa mótaða skoðun, allt sé háð aðstæðum. Síðan er haft eftir Jónasi Fr. Jónssyni að stuttur tími gefist til að bregðast við, sbr. Northern Rock og Bear Stearns. Tveggja sólarhringa fyrirvari sé lúxus og því sé nauðsynlegt að vera undirbúin. Spurningin snúist um að einangra vandamál og koma í veg fyrir útbreiðslu skaðans. Því næst segir í drögum að fundargerð að Áslaug Árnadóttir hafi bent á að í útreikningum skýrslunnar á upphæð ábyrgðar sé ekki tekið með í reikninginn að „top-up cover“ kæmi væntanlega frá erlendum tryggingarsjóðum vegna innlána þar. Síðan segir að Baldur Guðlaugsson hafi sagt að fráleitt væri að hægt sé að marka stefnu nú. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að það hafi tekið bresk stjórnvöld marga daga að átta sig á stöðunni og undirbúningur þeirra hafi reynst ónógur. Hver dagur í töf geti aukið skaðann verulega. Því næst segir að Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis, hafi sagt meira talnaefni vanta. Gagnlegt væri að sjá hversu fjárhæðin breyttist við mismunandi viðmið, hversu stór erlendu lánin séu og hve mikið fé geti komið frá erlendum tryggingarsjóðum. Fram kemur að Áslaug Árnadóttir og Jónas Fr. Jónsson muni taka það saman. Einnig segir að Bolli Þór Bollason hafi viljað fá skriflega lýsingu á hugsanlegum smitáhrifum í áfalli. Baldur Guðlaugsson hafi síðan bætt því við að einnig þyrftu að koma fram kostir og gallar við aðgerðir. Fram kemur að Jónas Fr. Jónsson hafi minnt á útreikninga Seðlabankans á mögulegum kostnaði við lausn fjármálaáfalls og hagvaxtartap en þeir útreikningar hafi áður verið lagðir fram í samráðshópnum. Síðan segir að Ingimundur Friðriksson hafi sagt að unnt eigi að vera að taka ákvörðun eftir að fyrir liggi umbeðnar upplýsingar frá Áslaugu Árnadóttur og Jónasi Fr. Jónssyni. Því næst segir að Bolli Þór Bollason hafi bætt við beiðni um að fá einnig hugleiðingar um smitáhrif fjármálaáfalls. Varðandi spurningu nr. 4 er haft eftir Ingimundi Friðrikssyni að útreikningar á kerfislegu mikilvægi liggi fyrir og hafi áður verið afhentir hópnum. Loks er haft eftir Tryggva Pálssyni að kristaltært sé að stóru bankarnir þrír séu kerfislega mikilvægir sem og ímyndaráfall tengdra aðila. Fram kemur að beðið hafi verið um að umræddir útreikningar verði aftur sendir til fundarmanna.

Í tilefni af drögum samráðshópsins að fundargerð 29. maí 2008 var Bolli Þór Bollason spurður að því hvort bankarnir hefðu skilið það alvarlega ástand sem þá var í raun komið upp, þegar litið væri til þess að Fjármálaeftirlitið hafði þá 10 umsóknir frá þeim um að opna útibú erlendis. Bolli Þór Bollason svaraði í skýrslu sinni: „Í mínum huga er það algjörlega augljóst að bankarnir skildu málið en vildu ekki bregðast við. Það kemur ennþá betur fram þegar kemur fram í september og októberbyrjun hver ástæðan var, að bankarnir voru auðvitað á fleygiferð að reyna að bjarga sér fyrir horn. Það var verið að taka innlán í London, Amsterdam og alls staðar og færa pening heim. Og ef þú breyttir þessu í dótturfélag þá var almenna reglan sú að þú gast ekki flutt nema brot heim. Þá var auðvitað alveg klárt í mínum huga að, alla vega þegar leið á haustið að bankarnir væru greinilega í miklu meiri fjármögnunarvandamálum en þeir höfðu gert okkur grein fyrir. Þetta er kapítuli út af fyrir sig og meira að segja þegar komið er fram í september þá og þegar eru komnar af stað einhverjar viðræður milli Landsbankans og breska fjármálaeftirlitsins [...] þá sáu bankastjórar Landsbankans ástæðu til að fagna því að þeir höfðu fengið tveggja vikna frest til að svara einhverju bréfi, mig minnir

Í umræðum um dagskrárliðinn „Möguleg ákvarðanatöki á undirbúningsstigi (ólystugi matseðillinn)“ er eftirfarandi m.a. bókað um það sem fram kom: „[Baldur Guðlaugsson] taldi að ekki væri hægt að hafa mótaða skoðun, allt væri háð aðstæðum. [Jónas Fr. Jónsson] nefndi að stuttur tími gæfist til að bregðast við, sbr. Northern Rock og Bear Stearns. Tveggja sólarhringa fyrirvari væri lúxus og því væri nauðsynlegt að vera undirbúin. Spurningin væri um að einangra vandamál og koma í veg fyrir útbreiðslu skaðans. [Áslaug Árnadóttir] benti á að í útreikningum skýrslunnar á upphæð ábyrgðar væri ekki tekið með í reikninginn að „top-up cover“ kæmi væntanlega frá erlendum tryggingarsjóðum vegna innlána þar. [Baldur Guðlaugsson] sagði að fráleitt væri að hægt sé að marka stefnu nú.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 29. maí 2008.

að það hafi verið breska fjármálaeftirlitið, og þeir sögðu: „Þá getum við safnað meiri innlánnum, í þessar tvær vikur.“ Þetta var bara „attitjúðið“.“¹⁸⁰ Bolli var þá spurður hvort íslensk stjórnvöld hefðu þá ekki þurft að taka málin fastari tókum. Hann svaraði: „Mín skoðun var [...] alla vega þegar var farið að líða á haustið að það yrði að taka á þessu fastari tókum og þetta var auðvitað gert í þessum óformlegu samtölum við einstaka bankastjóra, þá var auðvitað vakin athygli á þessum áhyggjum manna. En viðbrögð þar voru alltaf: „Ja, þetta er í gangi, við erum að undirbúa dótturfélagavæðingu.““¹⁸¹

19.3.9 Júní 2008

Erindið „Ræður Seðlabankinn við verðbólguna?“ flutt 2. júní 2008

Arnór Sighvatsson, aðalhafnæðingur Seðlabanka Íslands, flutti erindi í Háskóla Íslands 2. júní 2008. Erindið bar heitið „Ræður Seðlabankinn við verðbólguna?“. Í erindi sínu sagði Arnór m.a.: „Hafi stjórnvöld áhyggjur af því að Seðlabankinn hafi með stýrivöxtum sínum of fá vopn í vopnabúri sínu gætu þau einnig íhugað að færa honum fleiri vopn í hendur. Þróun á íbúðamarkaði gegndi lykhlutverki í þeirri einkaneyslu- og lánabylgju sem hér hefur ríkt undanfarin ár. Hækkun hámarks lána og veðhlutfalla áttu ásamt lágum alþjóðlegum vöxtum ríkan þátt í að kynda undir henni. Vilji stjórnvöld læra af reynslunni gætu þau íhugað að fela Seðlabankanum reglugerðarvald til þess að takmarka veðhlutföll, ekki bara íbúðalánasjóðs heldur bankakerfisins í heild, líkt og gert hefur verið í Hong Kong og Suður-Kóreu. Þá hefði Seðlabankinn væntanlega lækkað veðhlutföll þegar stjórnvöld og bankarnir ákváðu að hækka þau.“

Áskorun um að bankarnir stofni dótturfélög utan um hefðbundna bankastarfsemi 2. júní 2008

Morgunblaðið birti grein hagfræðingsins Roberts Z. Aliber 2. júní 2008. Aliber lagði þar til að bankarnir myndu stofna dótturfélög utan um hefðbundna bankastarfsemi sína á Íslandi. Þessi nýju félög myndu tryggja að peningaflæði og greiðslukerfi innanlands væri öruggt. Þessi félög yrðu jafnframt af þeirri stærð að það yrði Seðlabanka Íslands ekki fyrirbúið að koma þeim til bjargar.

Fundur Seðlabanka Íslands með fyrirsvarsmönnum Glitnis 4. júní 2008

Hinn 4. júní 2008 fundaði Seðlabankinn með fulltrúum Glitnis banka hf. um lausafjárstöðu Glitnis. Samkvæmt drögum Seðlabankans að fundargerð var farið yfir mánaðarlegt lausafjárfirlit móðurfélagsins og segir að þá hefðu nokkrir liðir sem rangir voru í þeirri skýrslu sem skilað var í lok apríl 2008 verið leiðréttir. Þar er átt við að atriði sem telja mátti til lauss fjár en höfðu fram að því ekki verið talin með lausu fé voru þá í framhaldinu talin fram. Fram kemur að farið hafi verið yfir lausafjárfirlit samstæðu Glitnis (0–8 daga) svo og innri viðmið lausafjárstýringar bankans.

Forsætisráðherra fundar með stjórnarformanni Glitnis 10. júní 2008

Hinn 10. júní 2008 átti Geir H. Haarde, forsætisráðherra, fund með Þorsteini Má Baldvinssyni, stjórnarformanni Glitnis.¹⁸² Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki undir höndum frekari gögn um þennan fund.

180. Skýrsla Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 19.

181. Skýrsla Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 19.

182. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 53.

Fundur bankaráðs Seðlabanka Íslands 10. júní 2008

Í fundargerð af fundi bankaráðs Seðlabanka Íslands frá 10. júní 2008 segir að Davíð Oddsson hafi bent á að verð hlutabréfa hafi verið að láta undan og OMX vísitalan sé nú á svipuðu stigi og þegar svokölluðum botni hafi verið náð um miðjan mars sama ár. Mörg fjármála- og eignarhaldsfyrirtæki hafi lækkað um meira en helming. Skuldatryggingarálög bankanna hafi jafnframt snúist til verri vegar. Fram kemur að Eiríkur Guðnason hafi upplýst að aftur virðist kominn vöxtur í innstæður erlendis á síðustu vikum og jafnframt hafi orðið fjölgun á bundnum innstæðum á þessum markaði. Nettóstaða gjald-eyrisjafnaðar bankanna hafi vaxið á síðustu 12 mánuðum. Misvægið nemi nú 800 milljörðum króna sem sé um 70% af eigin fé bankanna. Nýjar reglur Seðlabankans um gjaldeyrisjöfnuð fjármálafyrirtækja sem birtar hafi verið 4. júní sl. taki gildi 1. júlí nk.

Minnisblað Seðlabanka Íslands 18. júní 2008 um réttaráhrif lækkunar á lánsþæfiseinkunnum bankanna

Hinn 18. júní 2008 var tekið saman minnisblað innan Seðlabanka Íslands um athugun sem gerð hafði verið á því hvort lækkun á lánsþæfiseinkunnum bankanna hefði áhrif á skilyrði í lánasamningum þeirra. Í skjalinu segir að hjá Kaupþingi banka hf. leiði lækkun á lánsþæfi almennt ekki til gjaldfellingar lána eða til þess að greiða þurfi þau upp fyrir tímann. Hjá bankanum séu tvö lán þar sem lækkun á lánsþæfi hafi áhrif á kjör lánsins. Samtals séu lánin að upphæð u.þ.b. einn milljarður evra en fari einkunnagjöf hjá Moody's í A3 eða neðar versni kjörin um ca. 8 bp (grunnpunkta yfir svokölluðum LIBOR-vöxtum).

Fram kemur að í lánasamningum Landsbanka Íslands hf. séu engir skilmálar um gjaldfellingu sem tengist lánsþæfismati bankans. Á hinn bóginn geti lánsþæfismat bankans haft áhrif á lánakjör hans í gildandi samningum.

Að því er Glitni varðar kemur fram í skjalinu að í lánasamningum bankans séu almennt ekki svokallaðir „rating triggers“. Lækkun á lánsþæfiseinkunnum hafi áhrif á tvær lánalínur. Þá sé kveðið á um að vaxtakjör hækki ef lánsþæfiseinkunni lækki. Lækki lánsþæfiseinkunni Glitnis í Baa hjá Moody's gjaldfalli lánalína við KfW banka í Þýskalandi.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um aðgerðir á fasteigna- og fjármálamarkaði 19. júní 2008

Hinn 19. júní 2008 birti ríkisstjórnin yfirlýsingu um aðgerðir á fasteigna- og fjármálamarkaði. Í yfirlýsingunni segir m.a.: „Jafnframt glímur íslenski fjármálamarkaðurinn við lausafjárskort sem hamlar mjög getu bankanna til að stunda eðlileg lánaviðskipti. Þá hefur lítið framboð áhættulausra krónubréfa valdið vaxandi þrýstingi á skuldabréfa- og gjaldeyrismarkaði. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að grípa til sérstakra aðgerða til að bregðast við þessari stöðu. Þær eru í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um umbætur og breytingar á skipulagi íbúðalánasjóðs og til þess ætlaðar að bæta virkni peningamálastefnunnar.“ Síðan segir að stofnaðir verði tveir nýir lánaflokkar hjá Íbúðalánasjóði. Um það segir í yfirlýsingunni: „Annar flokkurinn varðar lánveitingar til banka, sparisjóða og annarra fjármálafyrirtækja til endurfjármögnunar á íbúðalánum sem þessar lánastofnanir hafa þegar veitt gegn veði í íbúðarhúsnæði. Hinn flokkurinn varðar lánveitingar til banka, sparisjóða og annarra lánastofnana til fjármögnunar á nýjum íbúðalánum þeirra.“ Í yfirlýsingunni segir einnig: „Til að draga úr miklum þrýstingi á skuldabréfa- og gjaldeyris-

markaði hefur, á grundvelli heimildar frá Alþingi, verið ákveðið að auka við útgáfu stuttra ríkisbréfa. Fjármálaráðuneytið mun undirbúa slíkar útgáfur í samráði við Seðlabankann.“

Ljóti listinn 24. júní 2008

Í gögnum Seðlabankans er að finna uppfærða útgáfu af skjalinu „Ljóti listinn“, dags. 24. júní 2008, en fyrri útgáfa er frá 17. janúar sama ár:

24. júní 2008

Ljóti listinn (2)

Ljóti listinn er samantekt þeirra aðfinnsla og neikvæðrar umfjöllunar um íslenskt fjármálakerfi sem birst hafa í erlendri umfjöllun á síðustu vikum:

1. Krónan í frjálsum falli og verðbólga ekki hærri í 18 ár

- a. Krónan hefur fallið um 30% gagnvart evru síðan frá áramótum. Ein ástæðan er vangaveltur um það hvort Seðlabankinn geti bjargað bönkunum ef þeir lenda í lausafjárvandræðum. Samkvæmt Bloomberg 23. júní féll krónan þann dag vegna fréttar um að hægt hafi á vexti launa og það gefi enn sterkari vísbendingu um að samdráttarskeið sé í vændum.
- b. Stýrivextir hafa aldrei verið hærri, en þó hafa þeir ekki náð að snúa við falli krónunnar. Verðbólgan er komin í 12,3% og hefur ekki verið hærri í 18 ár.

2. Lánshæfismat bankanna og ríkisins lækkar.

- a. Lánshæfismat bankanna og ríkissjóðs voru lækkuð.
- b. Icesave ekki stöðug innlán og því hugsar Moody's um að lækka lánshæfismat Landsbankans (Credit Sights). Glitni og Kaupþingi gengur illa að auka hlutfall innlána.

3. Hátt skuldatryggingarálag

- a. Bankarnir áhættumeiri en aðrir evrópskir eins A-matsbankar (single A-rated).
- b. Bankarnir treysta of mikið á fjármagn frá erlendum mörkuðum. Markaðurinn er hræddur um að hagnaður minnki á þessu ári.

4. Endurfjármögnun erfið

- a. Hærri endurfjármögnunarkostnaður fyrir bankana, þó ekki mikil endurfjármögnun 2008 en mikil 2009 sem bankarnir þurfa að líta til seinni hluta þessa árs.
- b. Menn hafa áhyggjur af því að íslenskir bankar og fyrirtæki hafi stækkað of hratt, þau tóku lán þegar auðvelt var að nálgast þau og eigi því í erfiðleikum með að endurfjármagna þessar miklu skuldir núna.
- c. Ísland er nýjasti blikkandi punkturinn í heimsfjármálakreppunni. Gagnrýnendur hafa borið landið saman við „eitraðan vogunarsjóð“ byggðan á skuldum sem gætu farið að fara illa (Guardian).

5. Seðlabankinn

- a. Gjalddeyrisvarasjóður Seðlabankans er lítill, því hafa menn áhyggjur af því að bankarnir séu of stórir til að Seðlabankinn geti bjargað þeim.
- b. Peningastefnan hefur ekki verið að skila sér en bankinn hefur ekki mörg önnur tæki. Ef verðbólga hækkar er aðeins eitt sem bankinn getur gert en það er að hækka vexti (Eileen Zhang, Standard & Poors).

6. Fall á hlutabréfamarkaði

- a. Íslenski hlutabréfamarkaðurinn hefur lækkað næst mest í heiminum árið 2008.
- b. Mikið af veðum bankanna eru hlutabréf, einnig eiga bankarnir mikið af hlutabréfum.

7. Hagkerfið

- a. Hagkerfið er í miðri efnahagslegri bráðnun (Financial Post).
- b. Hækkandi olíuverð og mikil verðbólga ógna hagkerfum landa eins og Úkraínu, Víetnam, Ungverjalandi og Íslandi.
- c. Mikill vöruskiptahalli.

För seðlabankastjóra á ársfund Alþjóðagreiðslubankans í Basel í síðari hluta júní 2008

Í drögum að minnisblaði Ingimundar Friðrikssonar er því lýst að „seinna partinn í júní“ hafi tveir bankastjórar Seðlabankans sótt ársfund Alþjóðagreiðslubankans í Basel. Í minnisblaðinu kemur fram að seðlabankastjórunum hafi verið mjög brugðið við viðmót norrænna seðlabankastjóra á þeim fundum. Ingimundur segir síðan: „Engu var líkara en að þeir forðuðust eins og heitan eldinn að hitta þá íslensku eða sjást nokkurs staðar nálægt þeim. Meira að segja var það svo að bankastjóri eins norrænu seðlabankanna forðaðist að heilsa þeim íslensku með handabandi þar til hann gat ekki annað þegar hann lenti í lyftum með öðrum þeirra og var þá ekki kveðjan hlýrri en svo að hann rétti vinstri höndina.“¹⁸³

Við skýrslutöku sagði Davíð Oddsson að viðmót Stefan Ingves, bankastjóra Seðlabanka Svíþjóðar, hefði gjörbreyst til hins verra að loknum svokölluðum G10 fundi sem fram hefði farið um vorið 2008. Síðan bætti Davíð við: „Og svo hafði hann – ég held að það hafi nú verið seinna sem hann heilsaði ekki Eiríki.“¹⁸⁴

Í framangreindum drögum Ingimundar Friðrikssonar að minnisblaði kemur einnig fram að á ársfundi Alþjóðagreiðslubankans hafi bankastjóri Seðlabanka Lúxemborgar óskað eftir fundi með „íslenska og öðrum norrænum seðlabankastjórum“. Síðan segir í skjalinu: „Á þeim fundi gerði hann grein fyrir því að íslensku viðskiptabankarnir hefðu nýtt sér fyrirgreiðslu Seðlabanka Evrópu fram úr öllu hófi og sagði að engir bankar vildu lengur eiga viðskipti við íslenska viðskiptabanka út í heimi. Þeir væru eins og holdsveikisjúklingar sem enginn vildi koma nálægt. Í kjölfarið bauð formaður

183. Drög Ingimundar Friðrikssonar að minnisblaði: „Minnisatriði úr samskiptum við seðlabanka á árinu 2008 og fleira“, dags. 13. október 2008.

184. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 52.

bankastjórnar Seðlabanka Íslands bankastjóra Seðlabanka Lúxemborgar að koma til Íslands svo fljótt sem verða mætti til frekari viðræðna um málið. Eftir Baselferðina gerðist það sömuleiðis að bankastjóri Seðlabanka Evrópu hringdi í formann bankastjórnar Seðlabankans og gerði honum grein fyrir hinu sama og var mjög mikið niðri fyrir. Hann sagði íslensku bankana hafa lagt fram algjörlega ónýt veð í Seðlabanka Evrópu, jafnvel gervipappíra eins og því var lýst.¹⁸⁵

Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands funda 27. júní 2008

Hinn 27. júní 2008 funduðu Ingimundur Friðriksson, seðlabankastjóri, og Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, með Jónasi Fr. Jónssyni, forstjóra Fjármálaeftirlitsins. Í drögum Seðlabankans að fundarpunktum kemur fram að rætt hafi verið um vanda smærri fjármálafyrirtækja. Einnig segir að staða Glitnis hafi verið rædd. Haft er eftir Tryggva Pálssyni: „Upplýsingar Rósants. (Bankinn) situr eins og önd á vatni sem hægt sé að plaffa niður. (Nú þarf að:) Vinna eins og bankinn færi niður [...]“

19.3.10 Júlí 2008

The Financial Times birtir greinina „Iceland pays price for financial excess“ 1. júlí 2008

Hinn 1. júlí 2008 birti *The Financial Times* greinina „Iceland pays price for financial excess“ eftir Robert Wade, prófessor við London School of Economics. Í greininni segir m.a.: „The banks were privatised around 2000 in a hasty and politically driven process. Ownership went to people with close connections to the parties in the conservative coalition government, which had scant experience in modern banking. The central bank and the finance ministry were staffed at the top by people who preferred as light a regulatory touch as possible.“ Síðan segir: „The banks soon extended their operations from commercial banking to investment banking. Neither they nor the regulators separated the implicit guarantees they received as commercial banks from their operations as investment banks. The extension of the safety net allowed them to take big bets at home and abroad. They operated like hedge funds, financing their expansion largely from foreign borrowings rather than domestic deposits.“ Því næst segir: „The central bank tied its own hands so as to leave only the interest rate as its control instrument. It gave up reserve requirements on grounds that the banks did not want them; and it also failed to exercise moral suasion. Its efforts to restrain inflation by raising short-term rates (to 15 per cent by 2008) had the effect of sucking in more “carry trade” capital, undermining the intended curbing of demand and leading the krona to appreciate despite the huge external deficit.“ Loks segir: „During the 2000s, Icelandic companies and households have taken to borrowing as though there is no tomorrow.“

„The central bank and the finance ministry were staffed at the top by people who preferred as light a regulatory touch as possible. [...] The banks soon extended their operations from commercial banking to investment banking. Neither they nor the regulators separated the implicit guarantees they received as commercial banks from their operations as investment banks. The extension of the safety net allowed them to take big bets at home and abroad. They operated like hedge funds, financing their expansion largely from foreign borrowings rather than domestic deposits.“

Úr grein Robert Wade í *The Financial Times* 1. júlí 2008.

Fundur bankaráðs Seðlabanka Íslands 3. júlí 2008

Í fundargerð af fundi bankaráðs Seðlabanka Íslands frá 3. júlí 2008 kemur fram að Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, hafi bent á að krónan hafi farið í 170 stig 23. júní. Skuldatryggingarálög íslensku bank-

185. Drög Ingimundar Friðrikssonar að minnisblaði: „Minnisatriði úr samskiptum við seðlabanka á árinu 2008 og fleira“, dags. 13. október 2008.

anna séu áfram í hæstu hæðum. Álagið hafi náð 300 punktum [á íslenska ríkið]. Í þessu samhengi má nefna að um þetta leyti nam skuldatryggingarálag Landsbanka Íslands hf. 550 punktum en álagið á Glitni banka hf. og Kaupþing banka hf. nam 760 punktum. Síðar í fundargerð er haft eftir Davíð að söfnun gjaldeyris hjá bönkunum hafi líklega ekki verið eins mikil á öðrum ársfjórðungi og í lok þess fyrsta. Hins vegar sé nokkuð ljóst að bankarnir hafi nýtt sér þetta á fyrri ársfjórðungi. Útkoma bankanna og tengdra aðila á fyrsta fjórðungi hafi sýnt að þeir hagnist á þessum leik. Hvort þetta sé ólögmætt sé hins vegar vafamál. Innlánssókn bankanna hafi gengið vel en á móti komi að þeir hafi fengið marga upp á móti sér, bæði banka og seðlabanka í Evrópu. Þessi sókn þeirra sé tvíeggjuð en þeir séu að reyna að bjarga sér. Einnig er haft eftir Davíð að kjör hafi almennt versnað, en mestur kippur hafi verið á álaginu fyrir íslensku bankana. Þetta muni reynast bönkunum erfitt, en nú sé einnig farið að þrengjast um aðgang þeirra að Seðlabanka Evrópu. Það sé ýmis áhyggjuefni, t.d. hvernig bankarnir fari fram á mörkuðum, hvernig sé með lán til tengdra aðila, krosseignarhald, veika stöðu eigenda og gæði útlána. Erfitt sé að átta sig nákvæmlega á því, en bankarnir segi að sæmilega hafi gengið að fjármagna gjalddaga lána fram að þessu m.a. með innlánnum í Evrópu. Hins vegar virðist lánalínur, sem standi bönkunum til boða, fara minnkandi. Bankarnir segist hafa lokið fjármögnun að mestu fyrir þetta ár, en erfitt sé að lesa í stöðuna, t.d. hafi Bear Stearns verið talinn í lagi þremur dögum fyrir lokun. Það sé áhyggjuefni að bankarnir séu með 5 milljarða evra í endurhverfum viðskiptum í Lúxemborg. Ef eitthvað þrengi að þá verði bankarnir ekki vel staddir. Í ljós hafi komið að eitthvað virðist bankarnir hafa verið að ávísá hver á annan í gegnum Seðlabanka Lúxemborgar og Seðlabanki Evrópu kunni ekki að meta það. Síðar í fundargerð er haft eftir Jóni Sigurðssyni að Seðlabanki Íslands fylgist með lausafjárhlutfalli bankanna í samstarfi við Fjármálaeftirlitið. Sjónir alþjóðlegra eftirlitsaðila hafi í auknum mæli beinst að lausafjárstýringu fjármálastofnana. Síðar í fundargerð er haft eftir Jóni að bankarnir séu þó vissulega í vanda staddir og reyna muni á gæði eigna, þ.m.t. eignatengslin og veika stöðu eigenda. Fram kemur að Eiríkur Guðnason, seðlabankastjóri, hafi lýst því að helsta niðurstaða ársfundar Alþjóðlegra greiðslubankans (BIS) 30. júní hafi verið sú að ljóst sé að áhætta hafi á undanförunum árum verið mjög vitlaust metin og ekki sjái fyrir endann á erfiðleikum á fjármálamörkuðum.

Fundur Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins með Seðlabanka Lúxemborgar og Fjármálaeftirliti Lúxemborgar 4. júlí 2008

Hinn 4. júlí 2008 funduðu Davíð Oddsson, Ingimundur Friðriksson, seðlabankastjóri, Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðs- sviðs Seðlabankans, Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, og Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, með Seðlabanka Lúxemborgar og Fjármálaeftirliti Lúxemborgar. Í drögum Seðlabankans að fundargerð er m.a. haft eftir Yves Mersch, bankastjóra Seðlabanka Lúxemborgar: „Our concern is that the banks have been increasing their liabilities and that it has recently been growing every week. We are also worried that they remain the highest bidders in the euro system. Your banks started in January with small amounts and in February we started to see significant amounts which we consider cross issuance. The amount reached 3 bn. and we became concerned and so did we with our collateral management.“

„Our exposure is far beyond the capital of the lender of last resort. The government has not borrowed. All is going in the same direction and time is running out. [...] If you say – we are taking over – then that would be a solution. If you cannot take over, then we have a serious problem [...]“

Haft eftir Yves Mersch í drögum Seðlabankans að fundargerð 4. júlí 2008.

Í framhaldinu kemur fram hörð gagnrýni á íslensku bankana og ýmis dæmi reifuð í því sambandi. Síðan er haft eftir Mersch: „I am not sure that this is a liquidity situation – maybe something different. I have talked with our Nordic colleagues and know that this is not a feeling I have alone – that either the banks are not liquid or do not want to restructure. We have thought that this has been a liquidity issue but I have heard that the IMF will say something different.“ Því næst er haft eftir Mersch: „Right now the situation is such that no bank wants the Icelandic banks as counterparty and we have the swaps with them! [...] Our exposure is far beyond the capital of the lender of last resort. The government has not borrowed. All is going in the same direction and time is running out. [...] The solution is to scale down [...]“ Síðar er haft eftir Mersch: „I am concerned that we do not have the presence of a lender of last resort. I also come from a small country and have full understanding of your situation. The government needs to borrow now than later.“ Síðar í drögum að fundargerð er haft eftir Mersch: „Then we have the Board – I feel a sense of toughness within the system against Iceland right now. If you say – we are taking over – then that would be a solution. If you cannot take over, then we have a serious problem [...]“

Síðar í drögum að fundargerð kemur fram að Jónas Fr. Jónsson hafi spurt: „Have the banks breached the rules or have they breached the spirit of the rules or does it have to do with magnitude?“ Fram kemur að Mersch hafi svarað: „They may respect the letter – but not the spirit [...]“

Í öðru skjali Seðlabankans er að finna fundarpunkta frá framangreindum fundi. Undir lok þess skjals kemur fram að Mersch hafi spurt hvort aukning gjaldeyrisvaraforða sé fyrirhuguð af hálfu Seðlabanka Íslands. Því næst er haft eftir Mersch: „We will not be comfortable as long as reserves of CBI [Central Bank of Iceland] less than banks exposure. Even your paper could become unacceptable.“

Nánar er fjallað um þennan fund í kafla 7.0.

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með ráðuneytisstjórum forsætisráðuneytis og fjármálaráðuneytis 4. júlí 2008

Í drögum að fundargerð bankastjórnar Seðlabankans af fundi með Bolla Þór Bollasyni, ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins, og Baldri Guðlaugssyni, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, 4. júlí 2008 kemur fram að Davíð Oddsson hafi farið yfir skilaboð Yves Mersch, bankastjóra Seðlabanka Lúxemborgar. Þegar Davíð hafi áður verið staddur í Lúxemborg hafi Mersch sagt að bankarnir væru í raun komnir á hausinn. Nýjar reglur verði kynntar í október eða nóvember og taki þær gildi í desember sama ár. Mersch telji að lántökukostnaður ríkisins muni versna og skiptasamningar norrænna seðlabanka verði ekki virkir. Því næst segir í fundargerð að Davíð hafi áréttað að hann hafi á tilfinningunni að samstaða sé orðin hjá Seðlabanka Evrópu og norrænu seðlabönkunum um að betra sé að setja íslensku bankana á hausinn en að þeir valdi skaða í innlánstryggingakerfi Evrópu. Loks segir í skjalinu: „DO [Davíð Oddsson]: Sagði einn bankann (Glitni) hafa aðeins 6 mánuði.“

The Financial Times birtir grein Richards Portes og Friðriks Mús Baldurssonar 4. júlí 2008

The Financial Times birti grein eftir hagfræðingana Richard Portes og Friðrik Mús Baldursson 4. júlí 2008. Í greininni gagnrýna þeir grein Roberts Wade frá

1. júlí sama ár. Í greininni segja þeir: „And Icelanders, now the fourth richest people in the Organisation for Economic Co-operation and Development (PPP-corrected GDP per capita), will survive.“ Loks segja þeir: „The rest of Prof Wade’s comments are political, including rumour-mongering. This and his carelessness with the data are regrettable in the fragile conditions of today’s international financial markets. He would prefer that the Icelanders adopt “a more Scandinavian model”. The advice is doubtless well-intentioned, but we should not be surprised if they ignore it.“

Frumdrög Tryggva Pálssonar að vinnuskjali, „Aðkallandi ákvarðanataka stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli“, 7. júlí 2008

Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans tók saman skjalið „Aðkallandi ákvarðanataka stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli“ sem lagt var fyrir samráðshópin 7. júlí 2008. Skjalið er birt hér að neðan:

Frumdrög að vinnuskjali

Viðtakandi: Samráðshópur

Sendandi: Tryggvi Pálsson

Dags. 7. júlí 2008

Efni: Aðkallandi ákvarðanataka stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli.

Hætta á fjármálaáfalli hérlendis fer stöðugt vaxandi. Úrræðum íslensku bankanna við fjármögnun fer fækkandi þrátt fyrir að þeir hafi enn jákvæða afkomu og eiginfjárlhutföll yfir lágmarki laganna. Þrengt hefur einnig að fjármögnun ríkissjóðs erlendis þrátt fyrir afar sterka stöðu hans.

Unnið hefur verið að margháttuðum viðlagaundirbúningi stjórnvalda á liðnum misserum og árum en vonast hafði verið til þess að á hann þyrfti ekki að reyna. Heldur virtist rofa til upp úr miðjum maí og framan af júní sl. eftir að Seðlabanki Íslands greindi frá skiptasamningum sínum við seðlabanka Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur samtímis því sem frekar hagstæð þróun var á erlendum mörkuðum. Slegið hefur í bakseglin og fullyrða má að ástandið hafi aldrei verið jafn alvarlegt og nú. Tíminn virðist ekki vinna með íslensku bönkunum og stjórnvöldum. Ákvarðanataka stjórnvalda um hvort og þá með hvaða hætti þau ætla að takast á hendur frumkvæði og aukna ábyrgð er orðin aðkallandi.

Eftirfarandi samantekt er í þremur köflum, þ.e. stöðumat, helstu leiðir fyrir stjórnvöld og hugmynd um næstu skref.

I. Stöðumat

1. Senn er ár liðið frá því að lausafjárþrengingar hófust erlendis en frá þeim tíma hafa íslenskir bankar átt í erfiðleikum með fjármögnun sína.
2. Lausafjárstaða íslensku bankanna uppfyllir enn lausafjárreglur Seðlabanka Íslands en vandamál eru fyrir sjáanleg á næstu mánuðum.
3. Af 419 milljarða króna lánveitingum Seðlabankans til fjármálafyrirtækja eru 106 milljarðar króna einungis tryggðir með verðbréfum sem tveir bankanna hafa gefið út og framselt sjálfir, 24 milljarðar króna sem allir bankarnir þrír nýta sem gagnkvæm veð og 136 milljarðar króna í veðhæfum bréfum bankanna sem endurseld eru af Icebank. Seðlabankinn er vel meðvitaður um þá tapshættu sem í þessari stöðu felst og þarf að grípa til aðgerða til að draga úr mögulegu tapi.

4. Til endurgreiðslu á erlendum langtímalánum móðurfélaga bankanna falla 194 milljarðar króna (1.562 milljónir evra) á þessu ári, 905 milljarðar króna (7.292 milljónir evra) á árinu 2009 og 837 milljarðar króna (6.747 milljónir evra) árið 2010. Skammtímalánalínur bankanna eru um 538 milljarðar króna (4.334 milljónir evra).
5. Erlendar lántökur bankanna hafa verið afar takmarkaðar og svo virðist sem að skuldabréfun verðbréfasafna þeirra sé vaxandi vandkvæðum bundin vegna skilyrða lánardrottna.
6. Bankarnir hafa leitað eftir innlánum erlendis frá og nýtt sér lántökmöguleika hjá seðlabönkum í Evrópu (um 5 milljarða evra í seðlabanka Lúxemborgar). Afleiðing þessa er að:
 - a. Innlán sem bókuð eru í útibúum bankanna erlendis auka skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.
 - b. Endursala verðbréfa til evrópskra seðlabanka, aðallega í Lúxemborg, hefur valdið því að stjórnarráð (governing council) ESCB hefur gagnaðgerðir í huga. Væntanlega verður bönkunum gert að endurgreiða lán sem fengin hafa verið frá ECB út á gagnkvæm skuldabréf íslenskra banka og endurgreiða lán út á önnur verðbréf sem ekki uppfylla nýjar kröfur sem verða settar. Í versta falli yrðu íslensku bankarnir og jafnvel íslenska ríkið ekki taldir hæfir gagnaðilar í samningum við ESCB.
 - c. Innlánaðsóknin og endursalan til ESCB hafa magnað upp andstöðu við íslensku banka og stjórnvöld hér. Leiða má að því líkur að sú skoðun sé orðin ríkjandi innan ESCB að smitáhrifin á Evrópu af fjármálaáfalli hérlandis sé minni áhætta en áframhaldandi starfsemi íslensku bankanna í óbreyttri mynd.
7. Seðlabankar Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur gerðu skiptasamninga við Seðlabanka Íslands en hugsanlegt er að þeir takmarki nýtingu samninganna, t.d. setja sameiginlega ný skilyrði ef Seðlabankinn vill notfæra sér samningana.
8. Lántaka fyrir ríkissjóð er ekki að skila viðunandi árangri í magni og kjörum.
9. Niðurstaða stöðumatsins er sú að lausafjárstaða bankanna verður orðin óviðunandi á næstu mánuðum að öðru óbreyttu og hætta er á innlánsflóttu. Afl ríkissjóðs er takmarkað í erlendum gjaldeyri og bandamönnum fer fækkandi.

II. Leiðir fyrir stjórnvöld

Í meginatriðum virðist vera um þrjár leiðir að ræða sem stjórnvöld hafa úr að velja, þ.e. 1) hrein markaðslausn, 2) markaðslausn með opinberum stuðningi eða 3) opinber yfirtaka. Engin þessara leiða er góð en betra er fyrir stjórnvöld að hafa frumkvæði og láta ekki hagsmunaaðila eina um að stjórna atburðarásinni. [Í textanum er hér að finna neðanmálsgrein. Þar segir: „Sjá samantekt á ráðgjöf Andrew Gracie, dags. 29. febrúar 2008, „Conclusions after discussions 27.-29. February 2008“. Í samræmi við tillögur Andrew Gracie tók starfshópur FME og SÍ saman annars vegar yfirlit um mögulegar aðgerðir stjórnvalda og hins vegar mat á kostnaðaráhrifum af mismunandi sviðsmyndum fjármálaáfalls. Samráðshópurinn hefur fylgt tillögum Andrew Gracie í starfi sínu.“]

Leiðirnar hafa ekki verið kortlagðar né heldur lagt mat á kosti þeirra og galla. Sú vinna er orðin brýn. Viss atriði má þó strax nefna.

1. *Hrein markaðslausn*

- a. Ef þessi leið yrði farin tækju stjórnvöld ekki á sig nokkrar frekari skuldbindingar en þegar liggja fyrir.
- b. Tryggingarsjóðnum, sem er sjálfseignarstofnun, ber skv. lögum að ábyrgjast innlán að lágmarki 20.887 evrur. Í sjóðnum eru 11 milljarðar króna auk ábyrgðaryfirlýsinga fjármálafyrirtækja upp á rúmlega 6 milljarða króna. Lágmarkstryggingarverndin er á hinn bóginn áætluð meir en 115 milljarðar króna (miðað við gengi 8. maí sl.) [Í textanum er að finna eftirfarandi neðanmálsgrein: „Sjá vinnuskjal viðskiptaráðuneytisins, dags. 9. maí sl. „Ábyrgð á innstæðum“. Í skjalinu er einnig að finna áætlaðar skuldbindingar við bætur til innstæðueigenda umfram lagaskyldu Tryggingarsjóðsins. Í hreinræktaðri markaðslausn væri útilokað að sjóðurinn tæki á sig frekari skuldbindingar en tilgreint lágmark skv. lögum.“]
- i. Ekki verður séð að Tryggingarsjóðurinn hafi nokkra burði til að brúa mismuninn með eigin lántöku. Lánstraust sjóðsins er væntanlega afar takmarkað. Óvíst er með endurgreiðslu tekinna lána sjóðsins með iðgjöldum til hans í framtíðinni ef afleiðing fjármálaáfalls yrði sú að verulega drægi úr umsvifum innlendra fjármálafyrirtækja.
- ii. Enginn greinarmunur er gerður á innlánum hérlandis og í útibúum bankanna erlendis en gert hefur verið ráð fyrir að Tryggingarsjóðurinn reyndi að greiða innstæðueigendum í sama gjaldmiðli og innlánin eru í. Það gerir strax kröfu til erlendra lántöku ef kröfur lenda á sjóðnum. Til greina gæti komið að Tryggingarsjóðurinn velji að greiða út bætur einungis í íslenskum krónum, sbr. lögskipaða framkvæmd í Svíþjóð. Þá þarf sjóðurinn að afla sér láns í íslenskum krónum en bótagreiðslurnar hefðu óhjákvæmilega áhrif til lækkunar á gengi krónunnar.

2. *Markaðslausn með opinberum stuðningi*

- a. Í fræðilegri umfjöllun er fullyrt að hrein markaðslausn sé nánast útilokuð. Eðlilegt sé að stjórnvöld komi hvergi nærri stuðningi við fjármálafyrirtæki sem ekki séu kerfislega mikilvæg. Á hinn bóginn sé skaði af fjármálaáfalli svo verulegur að stjórnvöld hafi undantekningarlausn afskipti af atburðarásinni og neyðist til að hlaupa undir bagga. [Í textanum er síðan að finna eftirfarandi neðanmálsgrein: „Sameiginlegt vinnuskjal FME og SÍ, dags. 21. apríl s.l. „Sviðsmynd fjármálaáfalls: Álitafni, mögulegar aðgerðir og skilyrði“.“]
- b. Hagsmunaaðilar reyna að minnka áhættu sína með því að fá stjórnvöld til að takast á herðar skuldbindingar. Þrýstingurinn á erlenda lántöku ríkissjóðs til að efla gjaldeyrisforðann er dæmi um slíkt. (Sama gildir um viðleitni ESCB til að fá stjórnvöld til að stuðla að því að íslensku bankarnir endurgreiði fjármögnun sína í Seðlabanka Lúxemborgar og dragi úr umsvifum erlendis.)
- c. Þegar leitað er markaðslausnar er gjarnan reynt að fá nýtt hlutafé og/eða nýja eigendur að fjármálafyrirtækjum. Til greina gæti komið að þrýsta á íslenskan banka að flytja höfuðstöðvar sínar úr landi eða að einn banki yfirtaki annan, innlendur sem erlendur. Í öllum tilvikum gætu komið fram kröfur frá málsaðilum að stjórnvöld liðkuðu fyrir

samningum með því að taka á sig skuldbindingar. Með sama hætti þurfa stjórnvöld að setja skilyrði fyrir aðkomu sinni.

3. *Yfirtaka hins opinbera*

- a. Í ljósi aðstæðna er viðbúið að FME krefjist þess að fjármálafyrirtæki, þ.m.t. stóru íslensku bankarnir, auki eigið fé sitt. [Í textanum er síðan að finna eftirfarandi neðanmálsgrein: „Sjá tillögu í álit sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, dags. 4. júlí 2008.“] Slík krafa leiðir í ljós hvort núverandi eigendur geta staðið að baki bönkunum eða hvort aðrir þurfa að koma til.
- b. Ef markaðslausn með/án opinbers stuðnings gefst ekki standa stjórnvöld frammi fyrir ákvörðun um hvort hægt sé að yfirtaka einn eða fleiri banka en úrræði stjórnvalda til yfirtöku, þ.e. fyrst og fremst FME, eru takmörkuð. Samningsstaðan við lánardrottna kann að vera betri fyrir yfirtöku en eftir hana en óvíst er hvort nokkur tími fæst til að nýta þá stöðu.
- c. Ef ríkissjóður yfirtekur einn eða fleiri af stóru íslensku bönkunum fær hann allan vanda þeirra í fangið. Ef illa tekst til gæti komið upp sú staða að ríkissjóður gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar.

III. Næstu skref

1. Stjórnvöld þurfa á næstu vikum að marka stefnuna í grundvallaratriðum, þ.e. hvaða meginleið á að fara ef til fjármálaáfalls kemur. Eftir því sem lengur dregst að marka stefnuna er hættara við því að trúverðugleiki minnki, úrræðum fækki og kostnaður stjórnvalda og þjóðarbúsins aukist.
2. Þær spurningar sem hvað áleitnastar eru snúa að kerfislægum mikilvægum bönkum og innstæðutryggingum. Á hið opinbera að taka á sig skuldbindingar vegna stóru íslensku bankanna þriggja og þá hvernig og að hvaða marki? Á hið opinbera að veita Tryggingarsjóði aðstoð til að hann geti staðið við lágmarksbætur laganna eða jafnvel eitthvað umfram það? Að hvaða marki geta stjórnvöld tekið á sig auknar skuldbindingar án þess að stefna greiðsluhæfi ríkissjóðs í voða?
3. Samráðshópur ráðuneyta, FME og Seðlabanka Íslands er vettvangur fyrir upplýsingaskipti og samvinnu við útfærslur. Stórlega þarf að auka viðbúnaðarvinnuna og fá aðstoð faglegra ráðgjafa.
4. Á vegum stjórnvalda/samráðshópsins þarf án tafar að kalla til aðgerðahóp í fullu starfi. Velja þarf stjórnanda og fá ráðgjafa til aðstoðar.

*20. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað
7. júlí 2008*

Samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað fundaði 7. júlí 2008. Í drögum að fundargerð er bókað að frestað hafi verið fundi hópsins sem boðaður var 19. júní 2008 en þá hafi ætlunin verið að fara yfir þau atriði sem snúi að „Ólystuga matseðlinum“. Fram kemur að Áslaug Árnadóttir, sem þá var settur ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytis, hafi dreift og skýrt vinnuskjal viðskiptaráðuneytisins, dags. 7. júlí, með áætlun um innstæður í bönkum og sparisjóðum sem eru innan 2, 3, 4 og 5 milljóna króna viðmiða fyrir einstaklinga og lögaðila í september 2007. Síðan er haft eftir Jónasi Fr. Jónssyni að logn hafi verið á mörkuðum þegar hópurinn hittist síðast en nú

ríki aftur kaldir vindar. Nýleg grein prófessors Roberts Wade í *The Financial Times* hafi haft neikvæð áhrif m.a. á FSA. Stjórnendur Landsbankans hf. muni fara til London til að ræða við FSA. Brestir séu komnir í stöðu sparisjóðanna. Síðan segir að Jónas hafi, aðspurður um mögulega sameiningu Glitnis banka hf. og Byrs sparisjóðs, svarað því að margt hafi verið rætt óformlega hjá sparisjóðunum en tíminn hafi verið illa nýttur. Fram kemur einnig að Tryggvi Pálsson hafi lagt fram og lesið upp frumdrög að vinnuskjali um aðkallandi ákvarðanatöku stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli (SI-42334). Skjalið geymi stöðumat, helstu leiðir fyrir stjórnvöld og hugmynd um næstu skref. Síðan segir að Ingimundur Friðriksson hafi gert grein fyrir heimsókn bankastjóra Seðlabanka Lúxemborgar 4. júlí sl. en hann hafi fundað hér á landi ásamt forstöðumanni hjá bankanum og framkvæmdastjóra bankaeftirlits Fjármálaeftirlits Lúxemborgar. Fram kemur að Ingimundur hafi sagt frá skilaboðum þessara manna og m.a. vísað til bréfs bankastjórans til íslensku bankanna, dags. 30. júní sl. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að honum þyki tónn skilaboðanna grimmur í ljósi þess að íslensku bankarnir hafi ekki brotið reglur Seðlabanka Evrópu. Skilaboðin séu þessi: „Þið eruð ekki í klúbbnum og hann getur ákveðið það sem hann vill.“ Síðan segir í drögum að fundargerð að Ingimundur hafi bætt því við að skírskotun í samkeppnislöggjöf Evrópuréttarins sé tilgangslaus að mati þessara manna. Ætlunin í Noregi sé að breyta reglum um innlánstryggingar til að erlendir aðilar geti ekki aflað innlána í skjóli þeirra. Síðan segir að Baldur Guðlaugsson hafi spurt hvort bankarnir skilji alvarleika málsins. Fram kemur að Jónas Fr. Jónsson hafi sagt það nokkuð mismunandi milli banka. Lúxemborg vilji beita afli til að losna við útlánaáhættuna vegna endurkeyptra verðbréfa. Haft er eftir Tryggva Pálssyni að stjórnendur bankanna geri sér grein fyrir stöðunni en þeim hafi ekki verið stillt upp við vegg af stjórnvöldum. Stjórnvöld hafa ekki gert upp við sig hversu langt þau vilja ganga. Síðan segir að Bolli Þór Bollason hafi sagt að nú sé meiri hættu á að allir stóru bankarnir þrír lendi í vanda. Þá segir að Baldur Guðlaugsson hafi spurt hvort innlend hættu sé að aukast og hvað sé að valda því. Haft er eftir Tryggva Pálssyni að lánveitingar Seðlabankans sem einungis séu tryggðar með verðbréfum íslensku bankanna séu komnar í 266 milljarða króna. Spurningin sé hversu langt stjórnvöld vilji að bankinn gangi í þessum lánveitingum. Fram kemur að Jónas Fr. Jónsson hafi minnt á að áfallið geti gerst á morgun. Þá þurfi annaðhvort að róa innstæðueigendur með yfirlýsingu eða láta allt fara í rúst. Haft er eftir Baldri Guðlaugssyni að stilla þurfi bönkunum upp við vegg ef þeir séu ekki að gera nóg til að bæta stöðuna. Því næst segir að Tryggvi Pálsson telji að bankarnir eigi eftir að sýna viðunandi afkomu í hálfársuppgjörinu vegna verðbólgu og lækkunar gengis krónunnar. Samt geti Fjármálaeftirlitið þurft að gera kröfur um aukið eigið fé. Ef núverandi eigendur geti ekki bætt við eigið fé verði þeir að hleypa öðrum að. Fram kemur að Baldur Guðlaugsson hafi spurt hvort samruni Kaupþings banka hf. og SPRON sé jákvæður. Því næst segir að Jónas Fr. Jónsson hafi svarað því til að svo sé tvímælalaust. Fjármálaeftirlitið vilji sjá markaðslausn fyrir smærri aðila. Síðan segir að Bolli Þór Bollason hafi sagt að engin auðveld lausn sé til. Upphæðirnar séu gígantískar og erfitt að meta hvort t.d. skuldbinding um að tryggja fimm milljóna króna innstæður muni hafa nægilega róandi áhrif eða ekki. Sama gildi um samtöl við bankastjórana. Ný staða sé komin upp eftir skilaboðin frá Seðlabanka Evrópu með milligöngu seðlabankastjóra Lúxemborgar. Öll skref séu áhættusöm en hann sé sammála þeim sjón-

„[Tryggvi Pálsson] sagði að stjórnendur bankanna geri sér grein fyrir stöðunni en þeim hefur ekki verið stillt upp við vegg af stjórnvöldum. Stjórnvöld hafa ekki gert upp við sig hversu langt þau vilja ganga.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 7. júlí 2008.

„[Jónas Fr. Jónsson] minnti á að áfallið gæti gerst á morgun. Þá þyrfti annað hvort að róa innstæðueigendur með yfirlýsingu eða láta allt fara í rúst.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 7. júlí 2008.

armiðum sem fram hafi komið í fyrrnefndu vinnuskjali Tryggva Pálssonar og athuga þurfi hvort aðgerðahópur verði settur af stað. Síðan er haft eftir Baldri Guðlaugssyni að fyrst þurfi að koma því til vitundar bankanna hver staðan sé og hvaða skorður ríkissjóður búi við. Í drögum að fundargerð segir síðan að Ingimundur Friðriksson hafi ítrekað hversu mikilvægt það sé að Seðlabanki Evrópu sjái að bankarnir séu að bregðast við. Seðlabankar Lúxemborgar og Noregs hafi jafnframt lýst yfir miklum áhyggjum af eigendum bankanna. Seðlabankinn muni fylgja málinu eftir og eiga áframhaldandi samtöl við banka. Síðan er haft eftir Jónasi Fr. Jónssyni að æskilegt sé að eigið fé bankanna verði aukið og eigendahópurinn breikkaður. Einnig þurfi að liggja fyrir drög að yfirlýsingu um innlánstryggingar. Fram kemur að Bolli Þór Bollason telji eðlilegt að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið fylgi málum eftir við banka í þessari viku en ráðherra komi að málinu í næstu viku. Haft er eftir Baldri Guðlaugssyni að hann hugleiði hvort bíða megi með seinna skrefið ef hið fyrra skili nægum árangri. Síðan segir að Bolli Þór Bollason telji nauðsynlegt að stjórnvöld segi hvað þau hyggist ekki gera, m.a. það að hjálpa ekki eigendum. Fram kemur að Jónas Fr. Jónsson hafi nefnt að fundur með ráðherrum eigi að vera fámennur; einn til tveir ráðherrar. Síðan segir að Tryggvi Pálsson hafi sagst telja að stjórnendur bankanna séu meðvitaðir um stöðuna, hafi velt fyrir sér öllum kostum en veigri sér við að taka erfiðar ákvarðanir. Þeir hafi engar töfralausnir til að endurgreiða Seðlabanka Lúxemborgar heldur sé hætt við að vandinn færist yfir á Seðlabanka Íslands. Spurning sé hvort hægt sé að takmarka áhættuna með því t.d. að Kaupþing flytji höfuðstöðvar sínar til útlanda og innlán í útibúum íslenskra banka erlendis verði færð yfir í dótturfélög. Því næst segir í fundargerð að Baldur Guðlaugsson hafi lagt til að hugsað verði til næsta fundar hver stjórnandi aðgerðahópsins gæti verið og hvert yrði hlutverk hópsins. Fram kemur að Bolli Þór Bollason hafi spurt hvar frumvarpssmiðin um breytingar á lagaákvæðum á fjármálamarkaði sé stödd. Síðan kemur fram í drögum að fundargerð að viðskiptaráðuneytið og Fjármálaeftirlitið hafi verið að fara aftur yfir áður unnin drög. Loks segir að Ingimundur Friðriksson hafi óskað eftir því að meðlimir hópsins fengju að sjá drögin og segir að Áslaug Árnadóttir hafi sent þau til hópsins í kjölfar fundarins.

Í skýrslu Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að hann hefði velt því fyrir sér hvort hægt hefði verið að fela samráðshópnum ákvörðunarvald. Hann hefði komist að þeirri niðurstöðu að það gengi ekki þar sem þeir einstaklingar sem í hópnum sátu væru ekki þeir hershöfðingjar sem þyrfti í það starf. Af þessum sökum hefði hann gert það að tillögu sinni á fundi 7. júlí 2008 að stofnaður yrði aðgerðahópur. Í skýrslu sinni segir Tryggvi: „Það er ekki nóg að embættismenn hittist, þó að allir séu af vilja gerðir, af og til, og eftir því sem staðan var alvarlegri þá þyrfti raunverulega að taka þetta allt öðrum tökum. Og ég nefni að það þurfi menn í fullt starf í þetta. Núna erum við að borga himinháar upphæðir til erlendra ráðgjafa og ekkert að vanbúnaði við það. En í aðdraganda þessa áfalls var ekki hægt að skipa aðgerðahóp.“ Tryggvi sagðist hafa lesið upp allt minnisblaðið sem hann lagði fram. Bolli hefði tekið undir það í lok fundar en að öðru leyti hefði skjalið fengið litla umræðu. Jónas Fr. Jónsson hefði líka reynt að móta umræðuna með skjali sem hann nefndi „Ólystuga matseðilinn“ þannig að á málum yrði tekið en honum hefði heldur ekki orðið ágennt.¹⁸⁶ Aðspurður um það hvort hann hefði fengið sam-

186. Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 10. mars 2009, bls. 16.

ráðshópin til þess að leggja skýrslu sína fyrir ráðherra og knýja á um að þeir tækju ákvarðanir svaraði Tryggvi: „Það vantar ákvarðanatökuna og ég upplifði það í þessum hópi að við værum að vinna undir forustu Bolla Þórs, sem ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis og forsætisráðuneytið sem yfirvald, ekki bara ríkisstjórnar heldur líka faglega efnahagsmála og Bolli vel hæfur, að það væri hans að ákveða fyrir samráðsnefndina. Samráðsnefndin var ekkert að greiða atkvæði um hvort ætti að gera hitt eða þetta heldur var umræða um málin og síðan var það þá frekar Bolli ef hann vildi að samráðsnefndin, eins og þið eruð að segja að samráðsnefndin hefði átt að tala við ráðherrana beint, þá var það frekar að frumkvæði Bolla að hafa forustu um slíka fundi. En ég segi fyrir mig að á þessum tíma treysti maður því nokkuð að ráðuneytisstjórnarnir væru í sambandi við sína ráðherra.“¹⁸⁷ Tryggvi var að því búnu spurður um afstöðu Baldurs Guðlaugssonar til ákvarðanatöku í málinu. Tryggvi svaraði því til að Baldur væri afar hæfur maður en „hann sækir ekki beint í ákvarðanatökuna“.¹⁸⁸

Bolli Þór Bollason var við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis spurður hvert hefði verið framhaldið á verkum samráðshópsins eftir að Tryggvi Pálsson lagði fram minnisblað sitt þar sem fram komu m.a. tillögur um hver næstu skref þyrftu að vera. Bolli svaraði: „Framhaldið á þessu er í rauninni bara það að vinna áfram þessi frumvarpsdrög og reyna enn og aftur að „konkretisera“ hvernig vandamálið gæti litið nákvæmlega út og auðvitað stendur eftir að ég hafði lýst því yfir þarna eitthvað fyrr að ég teldi að við þyrftum að fara að setja þetta meira niður á blað fyrir okkur. Það var alla vega mín skoðun að mér fannst erfitt að vera alltaf að ræða þetta svona akademískt og hafa ekkert á blaði fyrir framan mig. Og aftur bara mín skoðun, mér fannst þessi vinna ganga hægt en auðvitað þarf að hafa í huga að menn voru að vinna á fullu í sinni vinnu og allir voru upp fyrir haus, en mitt sjónarmið var það að mér fannst þetta vinnast hægt.“ Aðspurður hvort afstaða manna í hópnum hefði valdið því að vinnan gekk hægar svaraði Bolli að þetta hefði einungis verið vinnuálag, allir hefðu verið upp fyrir haus.¹⁸⁹ Þá var Bolli spurður hvort með minnisblaði sínu hefði Tryggvi Pálsson ekki í rauninni verið að kalla eftir því að tekin yrði ákvörðun um það hvernig stefnan ætti að vera. Í skýrslu sinni svaraði Bolli: „Það var svona þessi blæbrigðamunur á skoðunum, klárlega milli mín og Baldurs annars vegar og eigum við kannski að segja Seðlabanka hins vegar. Það voru allir sammála um að við þyrftum að undirbúa þetta og að við þyrftum að vera klár á hvaða efnisatriði það væru sem þyrfti að taka afstöðu til. Hvað varðar stjórnvöld voru þetta nokkur atriði, þegar að því kæmi hugsanlega, þá væri það tiltölulega klárt. En aftur afstaða Seðlabankans, og jafnvel ef maður persónugerir hann þá var það sérstaklega Tryggvi var mjög ákaft á þeirri skoðun að þetta yrði bara allt að liggja fyrir, við þyrftum að setja þetta allt á blað núna. Hvað ætla stjórnvöld að setja mikinn pening? Hvað ætla stjórnvöld að ábyrgjast hátt hlutfall af innstæðunum? Því það var eitt af því sem við ræddum líka, þar var Fjármálaeftirlitið líka á sömu skoðun, að fá fram afstöðu ríkisstjórnarinnar til þess: Ætla íslensk stjórnvöld að tryggja allar íslenskar innstæður? Eða eingöngu lágmarkið? Eða eitthvað annað mark? Þetta endurspeglast svolítið í, við sögðum alltaf, þegar að þessu kemur þá er þessi ákvörðun tekin á skömmum tíma. Við, og þá er ég eiginlega

187. Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 10. mars 2009, bls. 47–48.

188. Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 10. mars 2009, bls. 48.

189. Skýrsla Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 21.

að tala um okkur Baldur, við vorum algjörlega sammála í þessu. Við sögðum: „Það þarf ekkert að setja niður á blað um þessar tölur, við ætlum ekki að stilla ríkisstjórninni upp við vegg og segja: „Þið verðið að segja okkur hvort þið ætlið að tryggja allt að fimm milljóna króna innstæðu, eða inneign, eða fjórar, eða bara lágmarkið, þrjár?““ Við sögðum að ef og þegar þyrfti að taka þessa ákvörðun þá yrði hún tekin bara svona. Sem var auðvitað gert, en að vísu þegar allt var hrunið. Það kemur svolítið í þessu sá skoðanamunur, hvað þyrfti að „konkretisera“ þetta á pappír. Þá er ég fyrst og fremst að tala um afstöðu stjórn mála. Ég var hins vegar alltaf að reka á eftir að frumvarpið yrði klárt. Ef það má gagnrýna, það sem mér fannst seinagangur í var að mér leið illa að hafa ekki frumvarpstexta fyrir framan mig sem við gætum farið betur yfir og tekið til umræðu betur í hópnum. En þetta var svona þessi skoðanamunur.“ Þegar Bolli var spurður að því hvort þessi viðhorf þeirra Baldurs hefðu jafnframt verið skoðanir forsætis- og fjármálaráðherra svaraði hann: „Já, allavega var mín afstaða klárlega byggð á samtölum við forsætisráðherra og ég upplifði afstöðu Baldurs alveg eins gagnvart fjármálaráðherra.“¹⁹⁰ Þá var Bolli spurður um tillögu Tryggva um að kalla þyrfti án tafar til aðgerðahóp í fullu starfi og fá ráðgjafa til starfa. Bolli svaraði: „Við vorum ekki sammála þessu, við töldum að það væri ígildi aðgerðahóps að starfi. Þetta er að einhverju leyti væntanlega byggt á hugmyndum Andrew [Gracie] og kannski aftur, mín rök fyrir því að þetta mundi auka hættuna á því að það færi að spyrjast eitthvað út um áhyggjur stjórnvalda af íslensku bönkunum. Því þarna var verið að tala um að kalla að og búa til sérstakan hóp, sem væri ekki samsettur af sama fólki og væri að vinna í þessu. Mín afstaða var klárlega sú að á þessum tímapunkti væri verið að vinna að frumvarpsdrögum, við ættum ekki að stækka þann hóp, halda þessu í þessu fjögurra, fimm manna teymi.“¹⁹¹

Í skýrslu Geirs H. Haarde, forsætisráðherra, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kannaðist hann við að honum hefði verið kynnt skjalið „Aðkallandi ákvarðanatöku stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli“ fljótlega eftir að það skjal var lagt fyrir samráðshópinn.¹⁹²

Baldur Guðlaugsson var við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis spurður hvort skort hefði á að stjórnvöld tækju ákvarðanir og í því sambandi vísað til draga að fundargerð samráðshópsins 7. júlí 2008 þar sem fram kæmi að Tryggvi Pálsson hefði fjallað um aðkallandi ákvarðanatöku og bent á að stjórnvöld hefðu ekki gert upp við sig hversu langt þau vildu ganga. Baldur svaraði því til að sú hefði raunin ekki verið: „Á meðan þú vissir ekki hvaða staða gæti komið upp og hvert nákvæmlega – frammi fyrir hverju menn stæðu [væri] erfitt að marka einhverja endanlega stefnu.“¹⁹³

Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, kvaðst aðspurður við skýrslutöku hjá nefndinni ekki áður hafa séð vinnuskjal Tryggva Pálssonar um aðkallandi ákvarðanatöku stjórnvalda frá 7. júlí 2008. Þá var hann spurður hvort komið hefði verið til hans í framhaldi af fundi samráðshópsins 7. júlí 2008 og við hann sagt að nú þyrfti að taka ákvarðanir. Hann svaraði því til að það hefði ekki verið gert, enda ættu þær ákvarðanir sem þurft hefði væntanlega að taka undir forsætisráðherra og viðskiptaráðherra.¹⁹⁴

190. Skýrsla Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 22.

191. Skýrsla Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 23.

192. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 75.

193. Skýrsla Baldurs Guðlaugssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. mars 2009, bls. 35.

194. Skýrsla Árna M. Mathiesen fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. maí 2009, bls. 24.

Samráðsfundur Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands 7. júlí 2008

Samráðsfundur Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans var haldinn 7. júlí 2008. Í drögum Seðlabankans að fundargerð er haft eftir Davíð Oddssyni að bankarnir hafi ekki notað góðærið til að byggja upp eigið fé. Óefnislegar eignir séu of stór hluti af eigin fé fyrirtækja. Íslenska fjármálakerfið standi á brauðfötum. Fram kemur að á fundum seðlabankastjóra í Basel sé sú skoðun ríkjandi að allir íslensku bankarnir fari á hausinn en frekar sé deilt um það hvort það gerist innan hálfis árs eða ekki. Bankana vanti 44 milljarða evra á næstu árum og margir séu í afneitun. Síðan er haft eftir Davíð að „við værum ekki undir það búnir að taka á vanda bankanna“. Einnig segir að Davíð sé í meginatriðum sam-mála álitum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Síðar í drögum að fundargerð er haft eftir Davíð að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta ráði ekki einu sinni við Sparisjóð Mýrasýslu og að stöðva hefði þurft innlánssókn íslensku bankanna gegnum útibú erlendis. Fram kemur að Jónas Fr. Jónsson hafi nefnt að framlögin í tryggingarsjóðinn væru líka allt of lág. Síðan segir að Davíð hafi bent á að bankarnir skuldi 5 milljarða evra í Seðlabanka Lúxemborgar og þurfi í besta falli að lækka sig um 2 milljarða evra sem þeir eigi ekki. Haft er eftir Ingimundi Friðrikssyni að hann telji þörf á að ræða hvernig fylgt verði eftir heimsókninni frá Lúxemborg. Fram kemur að Davíð hafi vísað til bréfs Seðlabanka Lúxemborgar til íslensku bankanna frá 30. júní sl. Bankarnir séu að vinna að úrlausn en helst sé Landsbankinn enn í afneitun. Fram kemur að Ragnar Hafliðason hafi sagt að Landsbankinn sé að sækja um viðbótarinnláns-tryggingu (e. top-up) í Noregi. Síðan segir að Jónas Fr. Jónsson hafi ítrekað að brýnast sé að Landsbankinn flytji innlán sín í Bretlandi yfir í dótturfélag úr útibúi sínu. Að lokum segir að Tryggvi Pálsson hafi fullyrt að ríkissjóður geti ekki tekið á sig innlánstryggingar án þess að hætta á gjaldþrot ríkissjóðs.

Fundur forsætisráðherra og utanríkisráðherra með formanni bankastjórnar Seðlabanka Íslands 8. júlí 2008

Hinn 8. júlí 2008 funduðu Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir með Davíð Oddssyni. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur undir höndum minnisblað Ingibjargar þar sem fjallað er um fundinn. Í minnisblaðinu segir m.a.: „Davíð Oddsson sagði frá því að íslensku bankarnir ættu 5.1 milljarð evra í skuldabréfum í evrópska seðlabankanum. Bréfin þyrftu að fara niður um 3 milljarða evra strax þannig að markið um að bréf í bönkunum fari niður í 25% náist fyrir áramót. [...] Sagði jafnframt frá því að hann hafi átt samtal við seðlabankastjóra Lúxemborgar sem hafi farið hörðum orðum um íslensku bankana. [...] DO sagði bankana illa liðna. Sagði að þegar Seðlabanki Bretlands hafi kippt að sér hendinni hafi það verið vegna þess að ekki megi hjálpa íslensku bönkunum. Þeir þyki skúrkar og teygja lagarammann til hins ítrasta. [...] Sagði að „ástarbréfin“ sem bankarnir gæfu út hver á aðra hafi mátt vera ca 25% af skuldabréfum bankanna. Þeim hafi verið gert að koma því í lag en í stað þess að fækka þeim er sagt að þeir hafi hækkað allan stabbann til að ná þessu niður í 25%. „They are playing games with us“ sagði DO að sagt hafi verið. “Síðar segir að Davíð hafi rætt um lántöku með 180 punktum sem stæði til boða. Því næst segir í minnisblaðinu: „Mikilvægt væri að fara í lántöku vegna þess að það skapaði vaxandi trú á að kerfið standist. Þetta lán ætti að ávaxta í auðseljanlegum bréfum og tryggum. Ekki ætti að lána það aftur en það gæti auðveldað bönkunum að fara út á markað og sækja sér fé.“¹⁹⁵

„Davíð Oddsson sagði frá því að íslensku bankarnir ættu 5.1 milljarð evra í skuldabréfum í evrópska seðlabankanum. Bréfin þyrftu að fara niður um 3 milljarða evra strax þannig að markið um að bréf í bönkunum fari niður í 25% náist fyrir áramót. [...] Sagði jafnframt frá því að hann hafi átt samtal við seðlabankastjóra Lúxemborgar sem hafi farið hörðum orðum um íslensku bankana. [...] DO sagði bankana illa liðna. Sagði að þegar Seðlabanki Bretlands hafi kippt að sér hendinni hafi það verið vegna þess að ekki megi hjálpa íslensku bönkunum. Þeir þyki skúrkar og teygja lagarammann til hins ítrasta.“

Haft eftir Davíð Oddssyni í ódagsettu minnisblaði Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.

195. Ódagsett minnisblað Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur: „Minnisatriði af fundum með banka-stjórn Seðlabankans á árinu 2008 og annað efni og minnisatriði sem þeim tengjast.“

14. fundur starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjárvanda 10. júlí 2008

Starfshópur Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjárvanda fundaði 10. júlí 2008. Samkvæmt fundargerð höfðu fulltrúar Fjármálaeftirlits Lúxemborgar og Seðlabanka Lúxemborgar komið til landsins fyrir skömmu. Fram kemur einnig að Tryggvi Pálsson hafi rætt þá vinnu sem samráðshópurinn hafi verið að vinna. Ljóst sé að málin séu komin á alvarlegra stig og unnið sé að stefnumótun stjórnvalda. Bankastjórn Seðlabanka Íslands muni funda með bankastjórnnum Glitnis, Kaupþings og Landsbankans á næstu dögum. Haft er eftir Sigríði Logadóttur, aðallögfræðingi Seðlabankans, að draga megi þann lærdóm af Northern Rock að stjórnvöld í Bretlandi hafi verið mjög svífasein að marka stefnu varðandi upplýsingagjöf (e. Communication strategy). Loks kemur fram að Sigríður Logadóttir hyggist útbúa minnisblað þar sem dregin verði fram helstu atriði í lánasamningum bankanna sem geti haft hugsanleg áhrif á veitingu þrautavaráláns, t.d. veðlánabann. Einnig hyggist hún skoða ákvæði varðandi samruna og yfirtökur.

Loks kemur fram í fundargerð að Sylvía Kristín Ólafsdóttir, forstöðumaður viðbúnaðarsviðs Seðlabankans, muni taka að sér að tryggja að drög að fréttatilkynningum verði sett upp á skipulegan hátt eftir stigum.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands fundar með stjórnarformanni Kaupþings 11. júlí 2008

Hinn 11. júlí 2008 fundaði bankastjórn Seðlabankans með Sigurði Einarssyni, stjórnarformanni Kaupþings. Í minnisblaði Seðlabankans frá fundinum er haft eftir Davíð Oddssyni: „Annað áhyggjuefni væri fjandsamleg afstaða í garð okkar. Í upphafi fengust jákvæð viðbrögð frá Mervyn King sem síðan sneri við blaðinu. Þetta finnum við víðar t.d. í Noregi þar sem ríkir reiði vegna innlánstilboða sem kalla á skuldbindingar tryggingarsjóðs þeirra. Þeir segjast ætla að stöðva þetta og trúa því að íslensku bankarnir fari á hausinn.“ Síðar segir í umræðum um vanda bankanna: „DO [Davíð Oddsson] bætti því við að fari einn þá færur þeir allir saman.“ Síðar segir: „SE [Sigurður Einarsson] nefndi í lokin spurninguna um hvort bankinn ætti að finna sér aðra heimilisfesti. Hann hefur ráðið færa aðila til að skoða það mál en það hefur enn ekki verið rætt við stjórn bankans. DO sagði að önnur heimilisfesti kæmi vel út fyrir Ísland en spurði hver áhrifin yrðu fyrir bankann. Það þyrfti að skoða mjög vel.“ Fram kemur að Sigurður eigi von á svari frá sérfræðingum sínum eftir fjórar vikur.¹⁹⁶

Kynning Buiter og Sibert á skýrslu sinni 11. júlí 2008

Hinn 11. júlí 2008 boðaði Landsbankinn til fundar þar sem hagfræðingarnir Anne Sibert og Willem Buiter kynntu skýrslu sem þau höfðu unnið fyrir bankann. Til fundarins bauð bankinn m.a. starfsmönnum úr Seðlabanka Íslands, ráðuneytum, einkageiranum og loks fræðimönnum. Skýrslan var hins vegar ekki birt að öðru leyti á þessum tíma.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýsti Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, aðdraganda þess að hagfræðingarnir Buiter og Sibert unnu framangreinda skýrslu. Hann og annar starfsmaður Landsbankans höfðu upphaflega hitt Buiter erlendis þar sem hann flutti fyrirlestur um mögu-

196. Minnisblað Tryggva Pálssonar: „Fundur bankastjórnar með Sigurði Einarssyni, stjórnarformanni Kaupþings banka 11. júlí 2008, kl. 10–11:20“, dags. 17. júlí 2008.

leika seðlabanka til að bregðast við kreppunni og í framhaldinu hefði verið rætt við hann um að skrifa skýrslu fyrir Landsbankann. Upphaflega hefði verið talað um gjaldeyrismál við hann en síðan hefði þetta þróast yfir í að hann vildi frekar skrifa um bankamarkaðinn. Sigurjón lýsir þessu nánar: „[...] það var í raun leið okkar til þess að koma því [að krónan væri of lítill gjaldmiðill] í umræðuna án þess að við værum að gera það sjálfir. Það er ekki einfalt fyrir þig sem bankastjóra að taka þessa umræðu um evruna og allan þakann, því það er líka þannig að sjávarútvegurinn, sem eru náttúrulega stóru kúnnarnir á Íslandi yrðu sko ekki hrifnir af því. Þetta er því ekkert auðvelt. Ef þið sæjuð viðtöl við mig í fjölmiðlum þá talaði ég alltaf um þessa evru svona að ég sagði alltaf að mér þætti nauðsynlegt að skoða þetta og síðan þyrfti bara að gera hagsmunamat. Og ef það væri þannig að hagsmunir sjávarútvegs væru svo miklir að þetta væri bara vonlaust þá yrði bara að hafa það, þá yrðu bankarnir bara að setta sig við það. [...] Þess vegna boðuðum við þennan fund þar sem allir ákvörðunaraðilarnir sem skipta máli voru boðaðir, akademíkerarnir, Seðlabankinn og allir þessir gaurar voru boðaðir og fengu þetta í æð, og svo hitti hann líka einhverja ráðherra og svona, Björn Rúnar sá um þetta, hann getur útskýrt þetta betur hvernig þetta var nákvæmlega skipulagt, og... Það eins og allir sögðu, að við hefðum stungið henni undir stól, það var akkúrat öfugt, við vorum að reyna að koma á framfæri því sem skipti máli. Því þú „blastar“ ekki skýrslu þar sem stendur: „Það er enginn vandi að drepa Ísland.“ Það væri landráð að blasta henni. Það varð að gera þetta svona, að láta þá sem vita það sem skiptir máli, það mátti ekki segja frá því almennt þá varstu að láta alla fatta hvað kerfið var ofboðslega veikt. Það voru auðvitað aðilar úti í heimi sem voru búnir að átta sig á því. Þess vegna var alltaf verið að möndla svona eitthvað í þessu, að við teljum. En það mátti ekki segja að þú sért varnarláus, þótt þú vitir það. Þú verður einhvern veginn að hjálpa og reyna að búa til varnirnar frekar en að segja frá þessu því það var það hættulegasta sem þú gast gert. Þess vegna, það er ég sem ber ábyrgð á því að Willem Buiter vildi fá að birta þetta en ég sagði alltaf: bíddu nú, það má alls ekki birta þetta, alls ekki. Þó að hann sé akademíker og finnist þetta rosalega flott að komast að þessari niðurstöðu þá má ekki birta þetta vegna þess að það er að láta alla óvinina fá vopnin. Við verðum að, markmið okkar er að reyna að láta þá sem bera ábyrgð á því að búa til varnirnar fá upplýsingarnar þannig að þeir reyni að búa til varnir frekar en að láta óvinina fá vopnin.“¹⁹⁷

Sigurjón var að síðustu spurður um hvort það efni sem fram kom hjá Buiter og Sibert á fundinum í júlí hefði verið samhljóða þeirri skýrslu sem þau birtu síðan um þessa athugun sína í október 2008. Sigurjón svaraði því neitandi og sagði að þar hefði ekki verið um sömu útgáfuna að ræða og það hefði ekki verið rétt að þau hefðu talið stöðu íslensku bankanna þá jafn erfiða og þau gerðu í útgáfunni sem birtist síðan í október. Það væri því ekki verið rétt sem Buiter héldi fram „að hann hafi í raun verið búinn að segja þetta allan tímann. Síðan sagði Sigurjón: „[...] en þá breytir hann aðeins um stemningu og segir að hlutir sem hann hafi sagt að væri hægt að bjarga en mjög erfitt og hættulegt, eins og staðan væri, en þetta væri leysanlegt. [...] Síðan breytir hann yfir í þetta, að þetta hafi bara verið vonlaust. Hann breytir algjörlega um skoðun.“¹⁹⁸

„Það eins og allir sögðu, að við hefðum stungið henni [skýrslu hagfræðinganna Buiter og Sibert] undir stól, það var akkúrat öfugt, við vorum að reyna að koma á framfæri því sem skipti máli. Því þú „blastar“ ekki skýrslu þar sem stendur: „Það er enginn vandi að drepa Ísland.“ Það væru landráð að blasta henni. Það varð að gera þetta svona, að láta þá sem vita það sem skiptir máli, það mátti ekki segja frá því almennt þá varstu að láta alla fatta hvað kerfið var ofboðslega veikt. Það voru auðvitað aðilar úti í heimi sem voru búnir að átta sig á því. Þess vegna var alltaf verið að möndla svona eitthvað í þessu, að við teljum. En það mátti ekki segja að þú sért varnarláus, þótt þú vitir það. Þú verður einhvern veginn að hjálpa og reyna að búa til varnirnar frekar en að segja frá þessu því það var það hættulegasta sem þú gast gert. Þess vegna, það er ég sem ber ábyrgð á því að Willem Buiter vildi fá að birta þetta en ég sagði alltaf: Bíddu nú, það má alls ekki birta þetta, alls ekki. Þó að hann sé akademíker og finnist þetta rosalega flott að komast að þessari niðurstöðu þá má ekki birta þetta vegna þess að það er að láta alla óvinina fá vopnin.“

Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 51–52.

197. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 50–52.

198. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 52.

Í skýrslunni segir m.a. svo: „The Central Bank of Iceland cannot act either as a lender of last resort if the banks cannot refinance their maturing short-term foreign currency liabilities, or as market maker of last resort for any illiquid foreign currency-denominated assets the banks may wish to sell. This means that the Icelandic financial business model is not viable. Either the country will have to abandon international financial intermediation through the use of foreign-currency denominated instruments, or it will have to give up its national currency and join a larger currency area to find a viable lender of last resort and market maker of last resort. The only realistic option in that case is to join the EU to become a full participant in the Eurosystem.“¹⁹⁹

Aðspurður kvaðst Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, hvorki hafa verið viðstaddur kynningu skýrslu Buiter og Sibert né fengið hana í hendur. Hann hefði hins vegar frétt af henni.²⁰⁰ Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, sagðist hins vegar hafa farið á fundinn sem Buiter og Sibert héldu til kynningar á skýrslu sinni í Húsi verslunarinnar. Hann kvaðst síðan hafa haft milligöngu um að þau hittu Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, utanríkisráðherra. Hann sagði að Ingibjörgu hefði þótt skýrslan mjög áhugaverð og hefði hún gefið henni tilefni til viðræðna við forsætisráðherra.²⁰¹

Í skýrslu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom m.a. fram að hún hefði hitt skýrsluhöfundana. Ingibjörg sagði: „Ég átti stuttan fund með þeim, þau komu og voru á vegum Landsbankans og þau létu mig fá þessar glærur sem þau voru með í kynningunni hjá Landsbankanum. Það sem við vorum kannski aðallega að ræða var [...] hvað þyrfti til þess að svona bankakerfi gæti verið í svona litlu landi. Og þá vorum við ekki síst að ræða gjaldmiðilmálin og Evrópusambandsmálin, [...] þegar til framtíðar væri lítið yrðum við að gefa frá okkur þetta alþjóðlega bankakerfi, að Ísland væri bara einfaldlega of lítið með sjálfstæðri mynt til að hýsa svona alþjóðlegt bankakerfi, nú eða þá að stefna að Evrópusambandsaðild og upptöku evru og við þær aðstæður gætum við verið með þetta kerfi. Það voru samræðurnar sem ég átti fyrst og fremst við þau.“ Ingibjörg var einnig spurð hvort hagfræðingarnir hefðu lýst fyrir henni áhyggjum sínum af stöðu mála. Ingibjörg svaraði: „Nei, ekki í okkar samræðum á þeim tíma. Reyndar töluðum við aðeins um stöðuna á mörkuðum og þessa bankakreppu sem væri í heiminum og það var reyndar athyglisvert sem fram kom hjá þeim, og ég man bara eftir þó að það væri svona alveg til hliðar, að þau sögðu að menn hefðu einfaldlega ekki stundað neinar rannsóknir á bankakreppum á undanförunum árum, það væri mjög lítið fræðilegt efni til um slíkt, menn hefðu bara einhvern veginn lagt það alveg til hliðar, slíkar stúdíur. Ég man eftir því að það kom fram í okkar samtölum.“ Aðspurð hvort hún hefði komið glærum hagfræðinganna á framfæri, t.d. við Geir H. Haarde, svaraði Ingibjörg: „Já, ég gerði það, og skýrslunni, ég sendi honum – hann sendi mér hana og sagði við mig, hann Buiter, að hún væri unnin fyrir Landsbankann og hann ætti eftir að ganga endanlega frá henni. En ég fékk leyfi til þess að dreifa henni meðal svona einhverra aðila og m.a. dreifði ég henni á einhverja aðila í utanríkisráðuneytinu og til forsætisráðherra – það man ég vegna þess að mér fannst í rauninni þetta vera

199. Willem H. Buiter og Anne C. Sibert: *The Icelandic banking crisis and what to do about it: The lender of last resort theory of optimal currency areas*. Útgáfa frá 4. júlí 2008. (Tilvitnun úr samantekt í upphafi skýrslu.)

200. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. maí 2009, bls. 41.

201. Skýrsla Jóns Þórs Sturlusonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. maí 2009, bls. 20.

athyglisverðasti punkturinn hjá honum, eða umræðan, hún var aðallega um það að svona stórt og alþjóðlegt bankakerfi ætti ekki framtíð fyrir sér ef við höldum áfram með íslenska krónu og stæðum utan við Evrópusambandið.²⁰²

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, spurður um það hvort hann hefði kynnt Björgvin G. Sigurðssyni skýrsluna. Jón svaraði: „Hann var bara í frí þarna akkúrat á þessum tíma og við höfum farið yfir þetta, ég, hann man ekki eftir því að ég hafi kynnt honum þessa skýrslu, ég get ekki, man ekki hvenær það átti að vera en ef ég hef gert það þá er ég ekki viss um að það hafi verið endilega svo neikvætt, því ég túlka þessa skýrslu á sínum tíma með allt öðrum hætti en hún er túlkuð í fjölmiðlum í dag. Að einhverju leyti er það vegna þess að henni hefur verið breytt örlítið eftir hrúnið, sett í annað svona „perspective“. [...] umfjöllun um aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, í kynningu þeirra á þessum tíma var með allt öðrum hætti heldur en síðar, þau voru ekki að leggja til að Ísland leitaði til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, heldur voru þau með svona bara „worst case scenario“ hvað getum við gert? Og það var eitt af því sem ætti að vera til athugunar ef í hart fer og þá bentu þau bæði á kosti og galla þess að leita til gjaldeyrissjóðsins.“²⁰³

Fundur forsætisráðherra með stjórnarformanni og bankastjóra Kaupþings 12. júlí 2008

Hinn 12. júlí 2008 átti Geir H. Haarde fund með Sigurði Einarssyni, stjórnarformanni Kaupþings, og Hreiðari Má Sigurðssyni, bankastjóra Kaupþings. Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýsti Geir H. Haarde því að á fundinum hefði m.a. verið rætt um hvort Kaupþing gæti komið þeim sparisjóðum sem væru illa staddir til aðstoðar.²⁰⁴

21. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 14. júlí 2008

Samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað fundaði 14. júlí 2008. Samkvæmt drögum að fundargerð var nokkuð rætt um áhyggjur af stöðu ýmissa sparisjóða. Fram kemur að Bolli Þór Bollason hafi greint frá því að Sigurður Einarsson hafi hitt Geir H. Haarde um undangengna helgi og sagt honum að Kaupþing geti ekki tekið við öllum vanda. Menn megi ekki reikna með því. Sparisjóður Mýrasýslu lifi ekki af næstu mánuði. Síðan segir að Jónas Fr. Jónsson hafi bætt því við að Sparisjóður Mýrasýslu sé kominn undir lágmarksviðmið um eigið fé. Sparisjóður Keflavíkur geti lent í vandræðum og Icebank dansi línudans. Lausafjárstaða þessara aðila sé að versna samkvæmt lausafjárfirlitum Seðlabankans. Samkeppnisefirlitið muni vonandi ekki þvælast fyrir hagræðingu á fjármálamarkaðnum. Það hafi sent langa spurningalista til bankanna og hætt sé við að almenn skoðun á markaðnum geti torvelað tímabærar lausnir. Fram kemur að afstaða Jónasar sé sú að valkostirnir séu helst þessir:

- Láta Sparisjóð Mýrasýslu fara og tæma Tryggingarsjóðinn við það.
- Kaupþing taki yfir alla, þ.m.t. Sparisjóð Mýrasýslu.
- Reyna að tala við Landsbankann a.m.k. um Sparisjóð Keflavíkur.
- Reyna að búa til banka með sameiningu allra eða einhverra umræddra aðila með víkjandi lánum frá öðrum.

„[...] ég túlka þessa skýrslu [Buiter og Sibert] á sínum tíma með allt öðrum hætti en hún er túlkuð í fjölmiðlum í dag. Að einhverju leyti er það vegna þess að henni hefur verið breytt örlítið eftir hrúnið, sett í annað svona „perspective“. [...] umfjöllun um aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, í kynningu þeirra á þessum tíma var með allt öðrum hætti heldur en síðar, þau voru ekki að leggja til að Ísland leitaði til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, heldur voru þau með svona bara „worst case scenario“ hvað getum við gert? Og það var eitt af því sem ætti að vera til athugunar ef í hart fer og þá bentu þau bæði á kosti og galla þess að leita til gjaldeyrissjóðsins.“

Skýrsla Jóns Þórs Sturlusonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. maí 2009, bls. 20.

202. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 15.

203. Skýrsla Jóns Þórs Sturlusonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. maí 2009, bls. 20.

204. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 53.

Síðar í drögum að fundargerð er haft eftir Jónasi Fr. Jónssyni að Byr standi vel og geti farið með Glitni. Haft er eftir Ingimundi Friðrikssyni að bankastjórn Seðlabankans hafi fundað með Sigurði Einarssyni undangenginn föstudag. Síðar segir að Jónas Fr. Jónsson hafi nefnt að hann hafi lagt að stjórnendum Kaupþings og Landsbankans að styrkja eigið fé sitt. Fram kemur að Baldur Guðlaugsson hafi spurt hvort Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið leiði þessar athuganir á uppstokkun. Því næst er haft eftir Jónasi Fr. Jónssyni að það sé ekki beinlínis þeirra hlutverk en Fjármálaeftirlitið komi að mörgum málum þessara aðila. Síðan segir að Ingimundur Friðriksson hafi minnt á þá miklu hagsmuni sem Kaupþing hafi af farsælli lausn vegna erlendrar fjármögnunar. Haft er eftir Tryggva Pálssyni að ekki sé seinna vænna að ganga frá stefnumörkun hins opinbera, sbr. fyrri ummæli Bolla Þórs Bollasonar um að styðja kerfislega mikilvæga banka og standa við innstæðutryggingar án þess að stofna ríkissjóði í hættu. Fram kemur að Bolli Þór Bollason hafi rennt yfir ræðu Stefan Ingves, seðlabankastjóra Svíþjóðar, sem segi m.a. að allar upphæðir reynist hærri þegar í krísu sé komið. Haft er eftir Tryggva Pálssyni í þessu samhengi að áætluð upphæð til að standa við lágmarkstryggingarvernd innlána sé hærri en 420 milljarðar króna samkvæmt töflu sem Jónas Fr. Jónsson hafi lagt fram í upphafi fundarins en í samantekt viðskiptaráðuneytisins um ábyrgð innlána hafi verið gert ráð fyrir 115 milljörðum króna en sú áætlun miði við 1,7 milljarða króna innlán í september 2007 á gengi 8. maí 2008. Ekki sé ljóst hvort ríkissjóður ráði við þá skuldbindingu. Fram kemur að Baldur Guðlaugsson hafi spurt hver geti leitt vinnu markaðsaðilanna. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að Fjármálaeftirlitið sé að vinna í málum „kanarifuglanna í búrinu“. Síðan segir að Baldur Guðlaugsson hafi sagt Fjármálaeftirlitið vera í kjörstöðu til að ræða við aðila. Fram kemur að Jónas Fr. Jónsson velti fyrir sér skilaboðum Sigurðar Einarssonar þegar hann taki málið upp á stig stjórnmalanna. Sparisjóður Mýrasýslu geri það sem þeim sé sagt að gera í ljósi stöðunnar. Loks er haft eftir Ingimundi Friðrikssyni að það verði áfall í Borgarnesi þegar þetta vitnist.

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með forstjóra Glitnis 14. júlí 2008

Hinn 14. júlí 2008 fundaði bankastjórn Seðlabankans með Lárusi Welding, forstjóra Glitnis. Í minnisblaði Seðlabankans um fundinn kemur fram að einkum hafi verið rætt um fund Seðlabankans með Seðlabanka Lúxemborgar vegna endurhverfra viðskipta íslenskra banka. Einnig segir að rætt hafi verið um mikilvægi góðra samskipta við Seðlabanka Lúxemborgar.²⁰⁵

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með bankastjórum Landsbankans 14. júlí 2008

Hinn 14. júlí 2008 fundaði bankastjórn Seðlabankans með bankastjórum Landsbankans. Í minnisblaði Seðlabankans um fundinn segir m.a.: „DO [Davíð Oddsson] fór í upphafi yfir skilaboð frá seðlabankastjóra Lúxemborgar og sagði að íslensku bankarnir yrðu að ná sátt við ECB því þeir mættu ekki við því að lokað verði á endurkaup íslensku bankanna.“ Síðar segir: „SÁ [Sigurjón Þ. Arnason] sagði ekki langt í næsta áhlaup á Ísland. Skuldatryggingarálag Kaupþings væri komið nærri 1000 p en vísitala fjármálafyrirtækja almennt

205. Minnisblað Tryggva Pálssonar: „Fundur bankastjórnar með forstjóra Glitnis 14. júlí 2008, kl. 15:00–16:00“, dags. 18. júlí 2008.

hefði lækkað. JPO [Jón Þorsteinn Oddleifsson] sagði mikið rætt um Lehman Brothers. HJK [Halldór J. Kristjánsson] sagði að aftur væri farið að skrifa um íslensku innlánin. Einhver væri að róta í málinu. SÁ [Sigurjón Þ. Árnason] bætti við að verið væri að spyrja breska þingmenn um málið og það bendir til þess að um skipulagða aðför sé að ræða.“ Síðar er haft eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni: „Jákvæðast væri hjá bankanum hversu vel gengur að afla innlána í Hollandi. Nú eru komnir 47 þús. viðskiptamenn og upphæðin yfir 500 m. evra. Allar innstæðurnar eru lausar.“ Síðar segir: „DO spurði um flutning innstæðna yfir í dótturfélag. HJK svaraði að ætlunin væri að gera það í Hollandi á 1. ársfjórðungi næsta árs. Málið er í skoðun í Bretlandi en þá þarf jákvæða umsögn FSA og 5–6 mánaða frest eftir það. SÁ sagðist ekki vera viss um að flutningurinn borgi sig nema fyrir Tryggingarsjóð innstæðueigenda.“ Síðar segir: „IF [Ingimundur Friðriksson] spurði hvort hafinn væri undirbúningur að flutningi innlána úr útibúinu í Bretlandi í dótturfélag og var því svarað að svo væri ekki.“ Undir lok fundargerðar segir: „SÁ sagði verðmætt ef Tryggingarsjóður innstæðueigenda nái samningi við breska tryggingarsjóðinn um að sá síðarnefndi borgi út ef til kæmi. Stjórn sjóðsins væri búin að samþykkja þetta og þetta virkaði eins og lánalína til Íslands.“²⁰⁶

22. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 15. júlí 2008

Samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað fundaði 15. júlí 2008. Í drögum að fundargerð segir að rætt hafi verið um breytingar á reglum Íbúðalánasjóðs. Bolli Þór Bollason hafi sagt frá fundahöldum ráðherra og hugmyndum um lendingu, þ.e. 30 milljörðum króna til kaupa á nýjum lánum og 30 milljörðum króna til kaupa á gömlum lánum. Ólíklegt virtist að Glitnir og Kaupþing hefðu áhuga á skiptasamningum við Íbúðalánasjóð. Fram kemur að Jónas Fr. Jónsson hafi greint frá fyrstu vísbendingum úr vettvangsathugun Fjármálaeftirlitsins á Sparisjóði Keflavíkur. Svo virðist sem eiginfjárlutfallið hafi lækkað úr 15% í lok mars í um 12% nú. Hins vegar virðist sem undirliggjandi rekstur skili ekki nokkru lengur. Vettvangsathugun standi yfir í Icebank. Þar sé lítið borð fyrir báru í eigin fé. Vettvangsathuganir verði hjá Öskum, Sögu og VBS síðar í sumar. Þar hafi ekki birst nein ný hættumerki að undanförmu. Fram kemur að greint hafi verið frá viðhorfum annarra banka til mikilvægis þess að sparisjóðurinn fari ekki á hlið. Síðan segir að rætt hafi verið um frumvarpsdrög sem Áslaug Árnadóttir hafi dreift fyrir nokkru og að rætt hafi verið um almenna löggjöf og sértæka. Fram kemur að Bolli Þór Bollason hafi talið nauðsynlegt að vinna textana áfram þótt ólíklegt sé að slíkar breytingar geti náð fram að ganga við núverandi aðstæður. Hins vegar sé rétt að undirbúa frumvarp eða bráðabirgðalagatexta sem taki á hugsanlegum vanda eins af stóru bönkunum undir forystu fjármálaráðuneytis með liðsinni lögfræðinga úr öðrum stofnunum. Loks segir að Baldur Guðlaugsson hafi sagst ætla að koma því í farveg.

Tillögur utanríkisráðherra um að koma á fót hópi reyndra sérfræðinga 15. júlí 2008

Hinn 15. júlí 2008 lagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fram tillögu við Geir H. Haarde um að koma á fót fámennum hópi reyndra sérfræðinga sem hefði

206. Minnisblað Tryggva Pálssonar: „Fundur bankastjórnar með bankastjórum Landsbanka Íslands 14. júlí 2008, kl. 16:00–17:15“, dags. 18. júlí 2008.

það hlutverk að móta tillögur að úrbótum í kyrrþey og semja heildstæð drög að efnahagsaðgerðum og skipulagsbreytingum á sviði efnahagsmála og leggja síðan tillögur sínar fyrir ríkisstjórnina. Gengið var út frá því að verkið skyldi taka skamman tíma. Tillögur Ingibjargar koma fram í skjali sem ber heitið „Efnahagsstefna á krossgötum“.

Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýsti Ingibjörg aðdragandanum að tillögu sinni með eftirfarandi orðum: „Mér fannst að við þyrftum kannski að taka fastar á þessum málum [...], ég var með það sem ég kallaði fjármálaráð þar sem voru svona ýmsir aðilar sem maður leitaði ráða hjá, en að ríkisstjórnina vantaði sjálfa einhverja aðila sem gætu sagt henni og greint fyrir hana stöðuna eins og hún væri á hverjum tíma og þetta þyrfti ekkert endilega að vera opinbert. Þetta þyrftu þá að vera einhverjir sem við gætum treyst og sem treystu sér líka til að segja okkur nákvæmlega hvernig þeir litu á málin án þess að það væri endilega í opinberri umræðu þannig að við fengjum sem sannasta og réttasta mynd og við fengjum tillögur um það sem þessir aðilar teldu þá að við þyrftum að gera án þess að það væri þá endilega í hinni opinberu umræðu [...]“. Aðspurð hver viðbrögð Geirs H. Haarde hefðu verið svaraði Ingibjörg: „Hann svaraði því svo sem engu en vildi þá byrja með því – eða lagði það þá til að við reyndum þá að byrja með því að halda einn fund með hagfræðingum og sæjum svona til hvernig það gengi. Við boðuðum til þess fundar [7. ágúst 2008] [...] það var Már Guðmundsson, Gauti Eggertsson, Friðrik Már Bald[ursson], fengum þá til fundar við okkur til þess svona að greina stöðuna. Síðan var meiningin þá að sjá hvað úr þessu yrði en í millitíðinni réði [...] forsætisráðherra sér efnahagsráðgjafa sem var Tryggvi Þór Herbertsson [...] hann tók [því] aldrei afstöðu til þessara tillagna minna.“ Ingibjörg ræddi einnig um það við skýrslutöku að hún hefði „ekkt [verið] hrifin“ af þeirri ráðningu. Síðan sagði Ingibjörg: „Það var nú reyndar þannig að ég var á Vestfjörðum þannig að þetta fór meira og minna fram í gegnum síma, þessi hugmynd um það hvaða hagfræðingar ættu að koma á þennan fund með okkur, og ég sá það þá fyrir mér að þeir sem kæmu á fundinn, að það væri þá einhver svona upptaktur að þessu ráði sem ég var að tala um, þessu vísra manna ráði, og einn af þeim sem hann nefndi í okkar símtölum var Tryggvi Þór Herbertsson og þá sagði ég við hann að mér litist ekki alveg á það, mér fyndist hann, og ég notaði það orð, of mikill „maverick“ og síðan var það kannski ekki mjög heppilegt því að hann hringir í mig bara nokkrum klukkutímum seinna og segir að hann sé búinn að ráða Tryggva sem efnahagsráðgjafa, en þá var hann búinn að því. Hann leit svo á að þar með væri búið að uppfylla þetta, það veit ég ekki.“²⁰⁷

Efnahagsstefna á krossgötum

15. júlí 2008

Að mörgu leyti eru aðstæður í íslensku efnahagslífi sérstakar um þessar mundir. Leggjast þar á eitt neikvæðar horfur í innra og ytra efnahagsumhverfi. Enn er við að glíma eftirköstin af uppgangi þensluáranna 2003 til 2007, sem einkenndust af mikilli skuldasoðnun og innflutningi vinnuaflds. Nú er ljóst að verðbólur mynduðust á flestum eignaverðsmörkuðum, einkum hlutabréfa-

207. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 12–15.

og fasteignamarkaði. Einnig var gengi krónunnar afar hátt skráð í sögulegu samhengi. Allar þessar bólur hafa sprungið og hjaðnað verulega síðastliðið ár.

Eftir stendur mjög há verðbólga og gríðarlega hátt vaxtastig sem reynir verulega á þolmörk fyrirtækja sem mörg hver búa við bága eiginfjárstöðu og heimila. Enn virðist langt í land í baráttunni við verðbólguna og áætlað Seðlabanki Íslands að vaxtalækkunarferli hefjist ekki fyrr en um mitt næsta ár og að vextir muni haldast háir fram á þarnaesta ár (2010).

Á sama tíma má glöggst greina vísbendingar um hraðan viðsnúning í efnahagshorfum og engum eða jafnvel neikvæðum hagvexti er spáð næstu tvö ár. Mestum samdrætti er spáð í fjárfestingu og einkaneyslu, en aukning útflutningstekna og minnkandi innflutningur dregur eitthvað úr áhrifum.

Ljóst má vera að það fyrirkomulag sem nú er við lýði í hagstjórn hefur ekki megnað að lægja öldur í efnahagslegu tilliti.

Dökkar horfur

Dökkar efnahagshorfur stafa ekki síst af neikvæðum ytri aðstæðum. Annars vegar þeirri víðtæku lausafjárþurrð og áhættufælni fjárfesta um allan heim og hins vegar hækkun verðs á nokkrum helstu hrávörumörkuðum. Saman leggjast þessir þættir þungt á efnahag margra ríkja og munu án efa draga úr hagvexti víða um heim með tilheyrandi áhrifum hér á landi.

Horfur fyrir fjármálageirann eru sérstaklega tvísýnar. Áðurnefndir ytri þættir, mikil skuldsetning íslenskra fyrirtækja og óvissa um aðgang íslenskra banka að lánveitanda til þrautavara í erlendri mynt hefur leitt til þess að mjög hefur dregið úr trausti á íslenska fjármálakerfið, sem meðal annars lýsir sér í háu skuldatryggingarálagi.

Sérstakar aðstæður kalla á sérstakar úrlausnir

Af þessum sökum er hagstjórn næstu missera og ára sérstaklega vandasöm og krefst meiri yfirlegu en öllu jafna, enda í mörgum tilvikum um stórar og erfiðar ákvarðanir að ræða sem munu hafa áhrif til framtíðar. Af mikilvægum álitaefnum má nefna aðgerðir til að efla samkeppnishæfni til lengri og skemmri tíma, aðgerðir til að styrkja umhverfi fjármálastofnana svo sem er varðar lausafé, leiðir til að draga úr skuldsetningu innlendra aðila og framtíðarfyrirkomulag í hagstjórn.

Á sviði hagstjórnar er víða pottur brotinn og brýnast að taka margendurtekna gagnrýni erlendra greiningaraðila og alþjóðastofnana alvarlega. Svo sem, um skort á samræmingu á milli fjármála- og peningamálastefnu og samhæfingu hagstjórnar almennt, vantraust gagnvart seðlabankanum (verðskuldað eður ei) og útgjaldaþenslu í fjármálum hins opinbera.

Framtíðarfyrirkomulag í gengismálum er án efa mikilvægasta úrlausnarefnið um þessar mundir. Mikill vaxtamunur er viðvarandi á milli Íslands og stærri myntsvæða og verðbólguvæntingar eru viðvarandi háar hér. Þetta endurspeglar skýrt þá vantrú sem ríkir á krónunni í alþjóðlegum viðskiptum. Umfjöllun um framtíðarmynt er þó ekki hægt að taka úr samhengi við efnahagsmál almennt [og] horfur um fjármálastöðugleika.

Til að leggja heildstæð drög að efnahagsaðgerðum og skipulagsbreytingum á sviði efnahagsmála er lagt til að settur verði á fót fámennur hópur reyndra sérfræðinga, sem móti tillögur að úrbótum í kyrrþey og leggi síðan tillögur sínar fyrir ríkisstjórnina innan skamms tíma. Við úrvinnslu tillagnanna verði haft náið samráð við aðila vinnumarkaðar og fleiri eftir atvikum.

Seðlabanki Íslands sendir bönkunum samhljóða bréf 17. júlí 2008

Hinn 17. júlí 2008 ritaði Seðlabanki Íslands bönkunum samhljóða bréf um viðskipti Seðlabankans við fjármálafyrirtæki. Í bréfinu segir m.a.: „Veðlán Seðlabanka Íslands til fjármálafyrirtækja hafa aukist mikið undanfarna mánuði. Stór hluti þessara lána hefur verið gegn veðum í óvörðum skuldabréfum og víxlum þeirra innlendu fjármálafyrirtækja sem hafa láns hæfismat, þ.e. stóru viðskiptabankanna þriggja. Þessi þróun er að hluta skiljanleg í ljósi erfiðra aðstæðna á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum.“ Síðan segir: „Seðlabankinn þarf að huga að gæðum veðbókar sinnar, eignadreifingu og mótaðilaáhættu gagnvart hverju fjármálafyrirtæki fyrir sig. Nú er svo komið að bregðast þarf við. Ekki er eðlilegt að fjármálafyrirtæki geti með skuldabréfaútgáfu sín á milli stýrt lausafjárþingreiðslu Seðlabankans.“ Því næst segir í bréfinu: „Frá og með 17. júlí verða engin ný óvarin skuldabréf á innlend fjármálafyrirtæki samþykkt veðhæf nema að undangenginni sérstakri athugun. Sett verða fjárhæðamörk á hvern útgefanda fyrir sig og fjármálafyrirtækjum gefinn ákveðinn tími til að laga sig að breyttum reglum. Seðlabankinn mun einnig breyta reglum um veð til þess að auðvelda fjármálafyrirtækjum notkun varinna skuldabréfa í viðskiptum við bankann.“ Loks segir í bréfinu: „Samkvæmt 7. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands er bankanum óheimilt að veita fjármálafyrirtækjum fyrirreiðslu nema gegn tryggingum sem bankinn metur gildar. Þær reglur sem gilda um regluleg viðskipti eru hliðstæðar þeim reglum sem gilda almennt meðal seðlabanka. Sérstaklega hefur verið horft til Seðlabanka Evrópu (ECB) í þessu sambandi. Sé mat Seðlabanka Íslands á tryggingarhæfi rýmra en almennt gerist kynni fyrirreiðsla hans að verða túlkun sem lán til þrautavara sem eru háð strangari skilyrðum um tryggingar auk annarra ráðstafana. Seðlabankinn mun kappkosta að greina skýrt á milli fyrirreiðsluforma.“

Við skýrslutöku lýsti Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans, því að um þetta leyti hefði Seðlabankinn haft 250 til 300 milljarða króna veð í óvörðum bankabréfum. Aðspurður hvort ekki hefði komið til tals að lækka þá fjárhæð svaraði Sturla: „Jú, en þá hefði ég alveg eins getað farið að loka bönkunum.“ Sturla var þá spurður hvort ekki hefði komið til greina að taka einhverjar lánabækur bankanna að veði í stað framangreindra óvarinna skuldabréfa. Sturla svaraði: „Nei, nei, nei. Við vorum búnir að opna á allt, við vorum, kjallarinn í Seðlabankanum er fullur af brettum með handhafaskuldabréfum. Við vorum búnir að taka af þeim, við tókum af þeim allt sem þeir gátu afhent. [...] Reyndar ekki á þessum tíma, bara aðeins seinna sem við vorum að taka þetta [...]. Það sem við reynum að gera með því að opna á þessa ABS-a og þetta erlenda er að byrja á að opna á allt sem þeir geta afhent okkur rafrænt. Það er bara svo rosalega mikið vesen að taka við einhverju sem er „fysískt“ skuldabréf. Og það er í rauninni ekki fyrr en held ég bara í september sem við erum farnir að taka þetta á brettum, þarna [fasteignaveðin]. Við eigum meira og minna öll fasteigna... já, við eigum alveg risastóran hluta af fasteignalánasafni bankanna. Ég gæti trúað að það séu kannski um 250–300 milljarðar sem að Seðlabankinn á af fasteignaveðbréfum.“ Sturlu var þá bent á að Seðlabankinn hefði samt sem áður haft 250 til 300 milljarða króna í óvörðum skuldabréfum sem Seðlabanki Evrópu hefði lýst að væru ekki nægilega góð veð. Sturla var í framhaldi af því spurður hvort ekki hefði komið til greina að vinda ofan af þessu eða líta á þessar lánveitingar sem lán til þrautavara. Sturla svaraði: „Jú, það kom alveg til tals og við vorum

búnir að segja þeim það að við myndum ekki taka meira af þessu, reyndar ekki fyrr en í júlí/ágúst, eitthvað svoléiðis, að þessu yrði að linna, en málið þarna var „do or die“. Sturlu var í beinu framhaldi af því bent á að fjármálafyrirtæki á borð við Icebank sem hafði 13,3 milljarða króna í eigin fé hefði verið með lán í endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Íslands sem næmu 150 milljörðum króna. Sturla brást við því með því að segja: „Já. Einmitt. Sko, þegar, ef þú skoðar veðlánareglur í heiminum og þær breytingar sem menn hafa verið að gera á veðlánareglum þá er það þannig, við ákváðum að halda okkur bara við reglurnar eins og þær voru. Við vissum það að við þyrftum að koma lausafé út í kerfið, „no matter what“. Eina leiðin til þess að það væri smuga að þetta kerfi lifði þetta af væri að það fengi lausafjárfyrirgreiðslu. Í staðinn fyrir að gera t.d. eins og við hefðum getað gert, eins og danski seðlabankinn sem lánaði bara án trygginga út á það eigið fé sem var umfram 8 prósentin, menn, hefðum alveg getað gert eins og bandaríski seðlabankinn, að lána út á hlutabréf og alls konar hluti. Við ákveðum það, þetta er í rauninni ekki spurning hvort að þú lánað þessum bönkum laust fé, heldur hvernig þú ætlar að gera það. Við ákváðum að halda okkur bara við þessar reglur eins og þær eru og gera það með þessum hætti.“²⁰⁸

Í þessu samhengi má einnig minna á orð Davíðs Oddssonar sem var við skýrslutöku spurður að því hvort ekki hefði komið til greina að taka önnur og traustari veð fyrir lánum Seðlabankans til bankanna en óvarin skuldabréf þeirra. Davíð svaraði: „Mínar skýringar eru þessar: Það var auðvitað vitað, og það kemur fram í fundargerðum í bankaráðinu, ég sagði frá því í bankaráðinu, að þessi ástarbréf – eins og ég kalla þau, ég bjó nú til það nafn – væru, ef allt færi á versta veg, í eðli sínu ákveðin froða [sjá fundargerð bankaráðs Seðlabanka Íslands frá 23. maí 2008] og því gerði ég ríkisstjórninni auðvitað grein fyrir. En um leið og við segðum að Sparisjóður Reykjavíkur eða Sparisjóður Keflavíkur eða Sparisjóðabankinn – við tækjum ekki mark á bréfi sem Landsbankinn ábyrgðist af því að við teldum að hann mundi fara á hausinn þá færi hann á hausinn, ekki daginn eftir heldur síðdegis þann sama dag. Svona var þetta.“ Aðspurður hvort ekki hefði verið hægt að taka veð í öðru en bankabréfum svaraði Davíð: „Það hefði verið miklu flóknara, já og erfiðara, að ég hyggt. Mitt fólk hafði farið yfir það, en ég er ekki með það á takteinunum, það hefði orðið miklu flóknara og erfiðara og þurfti mikinn mannskap.“²⁰⁹

„Það [að taka veð í öðru en óvörðum skuldabréfum bankanna] hefði verið miklu flóknara, já og erfiðara, að ég hyggt. Mitt fólk hafði farið yfir það, en ég er ekki með það á takteinunum, það hefði orðið miklu flóknara og erfiðara og þurfti mikinn mannskap.“

Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. ágúst 2009, bls. 67.

Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands sendir bankastjóra Seðlabanka Lúxemborgar bréf 17. júlí 2008

Hinn 17. júlí 2008 sendi Davíð Oddsson Yves Mersch bréf. Í bréfinu vísar Davíð til heimsóknar Mersch til Reykjavíkur 4. sama mánaðar. Síðan segir: „I wish to emphasize the importance which the Central Bank of Iceland attaches to the Icelandic banks being accorded fair and sufficient time to bring their use of ECB facilities to an acceptable level, and that they are not subjected to restrictions beyond those that apply in general, that there is a level playing field. Abrupt changes could lead to difficulties that might have contagious effects in other countries.“ Því næst segir í bréfinu: „It might also be useful for you to know that the Icelandic banks continue their process of down-sizing.“ Síðar segir: „As far as the Republic itself is concerned, the Central Bank

208. Skýrsla Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. júlí 2009, bls. 72–73.

209. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 67.

continues to prepare a further bolstering of its international reserves. We expect to see progress in the coming weeks.“

Forsætisráðherra fundar með Karli Wernerssyni 18. júlí 2008

Hinn 18. júlí 2008 fundaði Geir H. Haarde með Karli Wernerssyni, stjórnarformanni Milestone ehf. og Aska Capital hf. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki frekari upplýsingar undir höndum um fundinn. Karl hafði fundað með Geir 15. janúar sama ár en í millitíðinni var Karl kjörinn stjórnarformaður Aska Capital.

23. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 22. júlí 2008

Samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað fundaði 22. júlí 2008. Í drögum að fundargerð kemur fram að rætt hafi verið ítarlega um erfiðleika sparisjóða og smærri fjármálafyrirtækja. Haft er eftir Bolla Þór Bollasyni að næsta verkefni samráðshópsins sé að láta vinna drög að texta bráðabirgðalaga eða frumvarpi. Tilgangurinn sé að fá fram svör við „Ólystuga matseðlinum“. Síðan segir að Áslaug Árnadóttir hafi sagt að sér hafi fundist fundargerð fyrri fundar villandi um þetta. Þar sé fyrst fjallað um frumvarpsdrögin sem Áslaug lagði fram og í beinu framhaldi sagt að fjármálaráðuneytið ætli að vinna textann áfram í samvinnu við lögfræðinga annarra ráðuneyta. Haft er eftir Áslaugu að þau lög sem gera þurfi breytingar á séu öll á mál-efnasviði viðskiptaráðuneytisins og því geti fjármálaráðuneytið ekki stýrt vinnuhópi sem breyta eigi þeim ákvæðum. Í drögum að fundargerð kemur fram að niðurstaða umræðunnar hafi orðið sú að fjármálaráðuneytið myndi stýra vinnuhópi sem undirbúa ætti texta frumvarps til laga eða bráðabirgðalaga um aðkomu ríkisins ef það þyrfti að grípa inn í eða hafa afskipti af rekstri fjármálafyrirtækja. Þá þyrfti viðskiptaráðuneytið jafnframt að kanna hvort breyta þyrfti lögum á verkefnasviði þess, þá sérstaklega lögum um fjármálafyrirtæki, váttryggingastarfsemi, lögum um hlutafélög og einkahlutafélög og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi vegna frumvarpsdraga þeirra sem starfshópur á vegum fjármálaráðuneytisins ynni að. Síðan segir að á fundinum hafi eftirfarandi fulltrúar verið tilnefndir í vinnuhópin: Þórhallur Arason, fjármálaráðuneyti, sem skyldi stýra honum, Sigríður Rafnar Pétursdóttir, fulltrúi viðskiptaráðuneytisins, Rúnar Guðmundsson, fulltrúi Fjármálaeftirlitsins og Sigríður Logadóttir, fulltrúi Seðlabanka Íslands. Því næst segir að Jónas Fr. Jónsson hafi minnt á áður framlagt yfirlit Fjármálaeftirlitsins um upphæðir sem innstæðutryggingin geti kallað á, þ.e. áætlaður 421 milljarður króna samtals fyrir lágmarkstryggingarverndina. Samt sé í útreikningunum aðeins miðað við 2 milljónir króna sem lágmark en það sé nú hærra eftir lækkun gengis íslensku krónunnar. Einnig segir að Jónas hafi sagt frá umræðum fyrir nefnd breska þingsins um innstæðutryggingar og stærð íslenska tryggingarsjóðsins. Fram kemur að Jónas Fr. Jónsson hafi varpað fram þeirri hugmynd að íslensk fjármálafyrirtæki myndu greiða meira fyrirfram inn í sjóðinn til að efla hann. Síðan segir að Ingimundur Friðriksson hafi vikið að móttöku innlána í útibúum íslenskra banka en FSA hefði hvatt Landsbankann til að flytja innlánasafn sitt yfir í þarlent dótturfélag. Það ferli sé ekki hafið og Landsbankinn virðist því mótdrægur. Fram kemur að Ingimundur Friðriksson hafi spurt hvort þessari breytingu sé hægt að koma á með reglusetningarvaldi. Því næst segir að Áslaug Árnadóttir

„[Ingimundur Friðriksson] vék að móttöku innlána í útibúum íslenskra banka en FSA hefur hvatt Landsbankann til að flytja innlánasafn sitt yfir í þarlent dótturfélag. Það ferli er ekki hafið og Landsbankinn virðist því mótdrægur. [Ingimundur Friðriksson] spurði hvort þessari breytingu væri hægt að koma á með reglusetningarvaldi. [Áslaug Árnadóttir] sagði að stofnun útibúa og móttöku innlána þar væri ekki hægt að banna heldur aðeins tefja. Ferlið væri einfalt.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 22. júlí 2008.

hafi sagt að stofnun útibúa og móttöku innlána þar sé ekki hægt að banna heldur aðeins tefja. Ferlið sé einfalt. Síðan segir að Jónas Fr. Jónsson hafi nefnt að e.t.v. sé hægt að beita kröfum um aukið eigið fé eða stighækkandi framlögum í sjóðinn sem tryggingarsjóðurinn geti tekið upp. Síðan segir í skjalinu: „Tryggvi Pálsson sagði að bankarnir, sérstaklega Landsbankinn, hafi með innlánssókn sinni í útibúum erlendis meira en tvöfaldað skuldbindingar Tryggingarsjóðsins. Ef allt fer á versta veg gæti þurft að sniðganga þessar auknu skuldbindingar, t.d. með þeim hætti að stjórnvöld aðstoði við lántökur sjóðsins gegn skilyrðum svo sem að láta íslenska sparifjáreigendur hafa forgang eða að greitt verði út í íslenskum krónum. Þó slíkt færi á svig við EES samninginn þá yrði að sjá til þess að ríkið tæki ekki á sig skuldbindingar sem stefndu ríkissjóði í þrot. Eins og staðan væri í dag þá væri ekki hægt að standa við lágmarksskuldbindingar um innstæðuvernd.“ Síðan segir að Jónas Fr. Jónsson hafi bætt því við að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar ef Sparisjóður Mýrasýslu færi en um leið tæmist sjóðurinn. Því næst segir að Ingimundur Friðriksson hafi staðfest að jafnvel stærstu bankar geti ekki tekið stór lán á alþjóðlegum lánsfjármarkaði við núverandi aðstæður. Norsk yfirvöld segist ekki ætla að leyfa innlánssókn íslenskra banka þarlendis í skjóli norska tryggingarsjóðsins. Þetta hafi þau í huga þrátt fyrir að það samræmist ekki EES-skuldbindingum. Loks segir að Jónas Fr. Jónsson hafi ítrekað að þrýsta verði á flutning innlána yfir í dótturfélög.

Við skýrslutöku hjá rannsóknarnefnd Alþingis var Ingimundur Friðriksson, seðlabankastjóri, beðinn um að útskýra ummæli sín varðandi Icesave innlánin sem höfð eru eftir honum í drögum að fundargerð samráðshópsins frá 22. júlí 2008. Ingimundur sagði að bankastjórn Seðlabankans hefði haldið fund með bankastjórum Landsbankans í júlí 2008 og þá hefði komið fram að flutningur innlána yfir í dótturfélag væri ekki hafinn. Bankastjórn Seðlabankans hefði eindregið hvatt þá til þess og hefðu bankastjórar Seðlabankans reyndar verið „furðu lostnir á þessum fundi í júlí þegar kom fram að þetta væri ekki hafið“. Aðspurður um hvort Seðlabankinn hefði beitt Landsbankann virkum þrýstingi, s.s. með því að lýsa því að Seðlabankinn myndi setja háa bindiskyldu á erlenda innlánsreikninga kvað Ingimundur að slíkt hefði ekki verið gert.²¹⁰

Fundur Seðlabanka Íslands með stjórnarformanni Glitnis 23. júlí 2008

Hinn 23. júlí 2008 funduðu Ingimundur Friðriksson og Tryggvi Pálsson með Þorsteini Má Baldvinssyni, stjórnarformanni Glitnis. Í drögum Seðlabankans að fundargerð kemur fram að Þorsteinn hafi áhyggjur og staða mála fari ekki batnandi. Haft er eftir Ingimundi Friðrikssyni að brotalamir hafi verið í upplýsingagjöf Glitnis til Seðlabankans, jafnvel í reglulegri mánaðarskýrslu Glitnis frá júní 2008. Fram kemur að rætt hafi verið um hugsanlegan samruna Glitnis og Byrs. Í skjalinu segir einnig: „IF [Ingimundur Friðriksson] rifjaði upp að Glitnir hefði líka verið í viðræðum við erlenda fjárfesta. ÞMB [Þorsteinn Már Baldvinsson] sagði það í gangi og þeir eyða fullt af peningum í þetta verkefni. Glitnir eyðir líka í upplýsingakerfin í tengslum við skoðunina en það á eftir að koma sér vel. IF spurði hvenær búast megi við að málið klár-ist. ÞMB svaraði september-október og sagði málið alla vega halda áfram.“ Síðan kemur fram að rætt hafi verið um eignasölu í Noregi. Því næst segir í skjalinu: „IF spurði hvernig hann sæi erlenda fjármögnun bankans nú. ÞMB

210. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 28.

sagðist vera að horfa á þessa sölu og væri ekki með varaplan. Framhaldið fer eftir því sem ríkisstjórnin og Seðlabankinn gera.“ Síðar segir: „ÍF vék talinu að Glitni og stóru endurgreiðslunni á erlendum langtímalánum í haust. Spurði hvort norska salan gæti leyst það mál. PMB svaraði að það færi eftir hvenær söluandvirðið yrði greitt. Menn Glitnis séu eins og landafjandi út um allt að finna fé. Hann leggi áherslu á að klára norsku söluna og fá þá um leið fjármögnun hjá þeim sem sjá um söluna.“ Síðar í minnisblaðinu segir: „ÍF spurði TP hvort hann vildi bæta einhverju við. TP nefndi þörfina fyrir neyðaráætlun í fjármögnun. Um tíma fannst honum að Glitnir standa [sic] hinum bönkunum að baki varðandi úrræði og treyst um of á innpökkun skuldabréfa. Það væri haldreipið en takmörk væru fyrir því hversu langt væri hægt að ganga í slíkri fjármögnun því matsfyrirtækin gætu lækkað láns hæfiseinkunn bankans. Nauðsynlegt væri að hafa varaplan. Aðstoð hins opinbera gæti ekki verið varaáætlun því stjórnvöld vilja sjá markaðslausn.“

Gagnrýni sérfræðinga Merrill Lynch 24. júlí 2008

Í kvöldfréttum ríkissjónvarps 24. júlí 2008 var sagt frá gagnrýni sérfræðinga Merrill Lynch í tengslum við skuldatryggingarálag á íslensku bankana. Álagið var sagt sýna vantrú markaðarins á að bankarnir myndu standa við skuldbindingar sínar. Með aðgerðaleyfi sínu væru stjórnvöld sögð senda þau skilaboð út „að þau vilji helst keyra bankana í þrot og taka þá svo í sína eigu“. Richard Thomas hjá Merrill Lynch sagði: „Hvað er Seðlabankinn á Íslandi eiginlega að gera? Hvað gerir forsætisráðherrann? Enginn á markaðnum skilur aðgerðir þeirra. Það að þeir hafa ekkert gert íslensku bönkunum til hjálpar bendir til þess að við færumst í átt að stefnustýrðu vanskilaástandi og þjóðnýtingu bankanna. Við vitum ekki hvort það séu skilaboðin sem stjórnmalameinn og Seðlabankinn vilja gefa. Þess vegna hefur skuldatryggingarálagið hækkað upp úr öllu valdi. Markaðurinn telur að þetta séu skilaboðin sem Íslendingar senda. Við viljum ekki styðja bankana okkar og við erum ánægðir með greiðslufall þeirra því fjárfestar gætu fengið helming upp í skuldina. Þetta þarf að leiðrétta.“

Næsta dag, þ.e. 25. júlí 2008, var í kvöldfréttum ríkissjónvarpsins rætt við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra, en hún var á þeim tíma starfandi forsætisráðherra í fjarveru Geirs H. Haarde. Fréttamaður bar undir Þorgerði ummæli starfsmanns greiningardeildar Merrill Lynch annars vegar um að hátt skuldatryggingarálag íslensku bankanna gæfi til kynna að markaðurinn teldi þá ekki færa um að endurgreiða skuldir sínar sem og hins vegar um að íslensk stjórnvöld hefðu með aðgerðaleyfi sínu sent út þau skilaboð að þau vildu helst keyra bankana í þrot og taka þá svo til sín aftur. Um þetta sagði Þorgerður m.a.: „Ég er eiginlega alveg undrandi. Mér finnst þetta makalaus ummæli og hjá svona virtum fjárfestingarbanka og ég, það hvarflaði að mér um tíma, sko hvaða annarlegu sjónarmið búa þarna að baki því að þetta á ekki við nein rök að, að styðjast og, og ég spyr líka sem menntamálaráðherra þarf þessi maður ekki á endurmenntun að halda? [...] Okkar bankar standa ekki verr heldur en allir aðrir bankar á, í hinum alþjóðlega heimi. Þannig að það sé sagt skýrt og, og klárt.“

Fundur Seðlabanka Íslands með stjórnendum Kaupþings 28. júlí 2008

Hinn 28. júlí 2008 fundaði Seðlabanki Íslands með stjórnendum Kaupþings. Í drögum Seðlabankans að fundarpunktum kemur fram að einkum hafi verið

rætt um vandræði smærri fjármálfyrirtækja á borð við Sparisjóð Mýrasýslu og hugsanlega aðkomu Kaupþings að lausn á slíkum vanda.

Fundur Seðlabanka Íslands með bankastjórum Landsbankans 31. júlí 2008

Hinn 31. júlí 2008 fundaði bankastjórn Seðlabankans með bankastjórum Landsbankans. Nánar er fjallað um fundinn í kafla 18.0.

24. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 31. júlí 2008

Samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað fundaði 31. júlí 2008. Í drögum að fundargerð er fyrst vikið að heimsókn FSA, breska fjármálaeftirlitsins, og skilaboðum stofnunarinnar. Fram kemur að Ingimundur Friðriksson hafi dreift ljósrítum af bréfa- og skeytaskiptum FSA og Landsbankans vegna mögulegrar yfirfærslu innlána frá útibúi yfir í dótturfélag. Haft er eftir Ingimundi að FSA sé búið að setja 5 milljarða punda hámark á Icesave innstæður þar til yfirfærslan hafi farið fram. Fram kemur að Michael Ainley og Melanie Beaman frá FSA muni funda á Íslandi dagana 31. júlí og 1. ágúst með Fjármálaeftirlitinu, Seðlabanka Íslands, stjórnarformanni tryggingarsjóðsins og stærstu bönkunum. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að órói hafi komið fram í breska fjármálaráðuneytinu í kjölfar umræðu í Treasury Committee breska þingsins nýverið þar sem öryggi innlána breskra sparifjáreigenda var til umræðu og FSA sat fyrir svörum. Í síðasta hluta umræðnanna hafi sérstaklega verið spurt um innlán í íslenskum bönkum. Þessi mál hafi verið tekin fyrir í þríhliða viðlagasamstarfi breska fjármálaráðuneytisins, FSA og Seðlabanka Bretlands. Bresk stjórnvöld telji sig ekki vita nægilega mikið um íslenska tryggingarsjóðinn, mögulega fjármögnun hans, útgreiðsluferli og fleira. Síðan segir að Jónas hafi rakið langan aðdraganda málsins. Landsbankinn hafi haft þrjá mánuði til að uppfylla samkomulag sitt við FSA um fyrirkomulag lausafjárefirlits og Icesave. Sá tími sé ekki liðinn en engu að síður hafi FSA sett fram nýjar kröfur í síðustu viku með mikilli hörku. Símafundur FSA og Fjármálaeftirlitsins hafi verið haldinn sl. mánudag en þá hafi FSA í raun verið búið að taka ákvörðun án samráðs við Fjármálaeftirlitið. Fjármálaeftirlitið hafi gert athugasemdir við takmarkað samráð og lýst efasemdum um að magntakmarkanir sem þessar séu í samræmi við „letter and spirit of European law“ og farið fram á að a.m.k. sé veitt „tolerance limit“. Hins vegar sé varasamt fyrir Landsbankann að fara í lagaþrætur við FSA. Því næst er haft eftir Tryggva Pálssyni að FSA sé að vinna gott verk að því leyti að takmarka hugsanlega skuldbindingar íslenska ríkisins vegna tryggingarsjóðsins. Fram kemur að Ingimundur Friðriksson hafi greint frá því að á fundi Seðlabankans með fulltrúum FSA hafi þeir upplýst að unnt sé að ljúka yfirfærslunni á þremur mánuðum. Í beinu framhaldi segir að Jónas Fr. Jónsson hafi minnt á að slíkt þurfi að undirbúa vel og auglýsa opinberlega. Síðan segir að Ingimundur hafi vitnað til orða fulltrúa FSA um að gætt verði jafnræðis gagnvart íslensku bönkunum. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að varast beri „ring fencing“ í Bretlandi og skoða þurfi vel allar afleiðingar yfirfærslunnar. Fram kemur að Baldur Guðlaugsson hafi spurt hvenær tilkynnt hafi verið um 5 milljarða punda hámarkið. Síðan segir að Jónas Fr. Jónsson hafi svarað því til að FSA hafi áður haft áhyggjur af markaðssetningu Landsbankans og þ.m.t. auglýsingum en um 8. júlí 2008 hefði 5 milljarða punda þakið verið nefnt sem hugmynd í samskiptum FSA og bankans. Síðan segir í drögum að

„Tryggvi Pálsson gat þess að FSA væri að vinna gott verk að því leyti að takmarka hugsanlega skuldbindingar íslenska ríkisins vegna Tryggingarsjóðsins.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 31. júlí 2008.

„[Tryggvi Pálsson] sagði að íslensk stjórnvöld ættu að leggja FSA lið og jafnframt snúa ofan af móttöku innlána í útibúum íslensku bankanna annars staðar. [Jónas Fr. Jónsson] sagði pirrandi að ekki væri gætt meðalhófs [hjá FSA], sbr. ákvörðun um hámark innlána.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 31. júlí 2008.

„BBB [Bolli Þór Bollason] velti fyrir sér hvort ráðherrar ættu að leggjast á sveifina en talið var heppilegra á þessu stigi að Fjármálaeftirlitið sæi um skilaboðin.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 31. júlí 2008.

Í drögum að fundargerð samráðshóps kemur fram að FSA, þ.e. breska fjármálaeftirlitið, hafi haft áhyggjur af íslenska tryggingarsjóðnum og hvernig það megi vera að aðeins einn starfsmaður sjái um sjóðinn og það í hlutastarfi?

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 31. júlí 2008.

fundargerð að Ingimundur hafi minnt á mikilvægi þess að gæta vel að trúnaðarupplýsingum sem þessum. Fram kemur að Tryggvi Pálsson hafi sagt að íslensk stjórnvöld eigi að leggja FSA lið og jafnframt snúa ofan af móttöku innlána í útibúum íslensku bankanna annars staðar. Því næst kemur fram að Jónas Fr. Jónsson hafi sagt pirrandi að ekki sé gætt meðalhófs, sbr. ákvörðun um hámark innlána. Því næst er haft eftir Áslaugu Árnadóttur að gæta verði jafnræðis og koma eins fram við aðra. Síðan segir að Baldur Guðlaugsson hafi sagt að það geti orðið banabiti fyrir bankana ef umræðan fari af stað um veikleika tryggingarsjóðsins. Því næst segir að Jónas Fr. Jónsson hafi vikið að vinnu Fjármálaeftirlitsins við myndun samráðsnefnda fjármálaeftirlita um eftirlit (supervisory colleges) sem komið verði á um haustið. Þau eftirlit þar sem bankarnir hafi markverða starfsemi taki þátt í hópstarfinu en þetta viðmið sé nokkuð teygjanlegt. Fram kemur að Bolli Þór Bollason hafi spurt hvernig málið eigi eftir að þróast á næstu vikum. Því næst er haft eftir Jónasi Fr. Jónssyni að Landsbankinn hafi í grundvallaratriðum fallist á kröfur FSA. Nú þurfi að útfæra viðskiptaáætlun fyrir dótturfélagið með viðmiðum um eigið fé, lausafjáreign og fleira. Síðan segir að Baldur Guðlaugsson hafi spurt hvort Landsbankinn vinni með FSA. Haft er eftir Jónasi að svo sé en útfærslan sé eftir. Því næst segir að Bolli Þór Bollason hafi spurt hvað gerist hjá Seðlabankanum í þessu máli. Ingimundur Friðriksson er sagður hafa lýst því að boltinn sé hjá Landsbankanum sem hafi frumkvæði að heimsókn fulltrúa FSA. Seðlabankinn setji þrýsting á Landsbankann um að klára yfirfærsluna. Bolli Þór Bollason er þá sagður hafa spurt um nálgun gagnvart Kaupþingi og Glitni. Hver eigi að tala við þá? Fram kemur að Jónas hafi boðist til að hafa samband við þá banka um yfirfærslu innlána frá útibúum erlendis til dótturfélaga. Síðan segir að Bolli Þór Bollason hafi velt fyrir sér hvort ráðherrar eigi að leggjast á sveifina en talið hafi verið heppilegra á þessu stigi að Fjármálaeftirlitið sjái um skilaboðin. Síðan segir að Jónas Fr. Jónsson hafi gert grein fyrir áhyggjum FSA af íslenska tryggingarsjóðnum. Hann hafi nefnt fjögur atriði:

1. Hvað er í sjóðnum?
2. Hvernig á að standa við skuldbindingar hans?
3. Hvaða varaáætlun hefur sjóðurinn?
4. Hver er starfsemin og ferlarnir? M.a. upplýsingagiöf, hvernig hann virkar út á við, hvernig verða kröfur á sjóðinn settar fram og afgreiddar, hvernig það má vera að aðeins einn starfsmaður sjái um sjóðinn og það í hlutastarfi?

Í framhaldinu segir að Áslaug Árnadóttir hafi nefnt að sjóðurinn sé að undirbúa gerð eyðublaðs. Haft er eftir Ingimundi Friðrikssyni að gott sé ef hægt verði að segja FSA frá því sem sé í undirbúningi. Fram kemur að Áslaug Árnadóttir hafi sagt breska tryggingarsjóðinn vera „risabatter“ sem auk þess geti kallað til starfskrafta þeirra fyrirtækja sem í hlut eigi. Í drögum að fundargerð er síðan rætt um vinnu við drög að lagafumvarpi, sbr. nánari umfjöllun í kafla 20.0.

19.3.11 Ágúst 2008

Efnahagsráðgjafi forsætisráðuneytisins hefur störf 1. ágúst 2008

Hinn 18. júlí 2008 var greint frá því að Tryggvi Þór Herbertsson, hagfræðingur, hefði verið ráðinn, eins og sagði í frétt á heimasíðu forsætisráðuneytisins, tímabundið til ráðuneytisins til að sinna ráðgjöf í efnahagsmálum, einkum á sviði peninga- og fjármálamarkaðar. Tryggvi hóf síðan störf 1. ágúst 2008. Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að Tryggvi hefði hafist handa við að kanna hvort íslenska ríkið gæti fengið lán hjá Rússum eða Kínverjum. Þá hefði hann kannað hvort mögulegt væri að sameina tvo af stóru bönkunum.²¹¹

Símafundur Seðlabanka Íslands með Seðlabanka Bretlands 1. ágúst 2008

Ingimundur Friðriksson, seðlabankastjóri, og Jón Þ. Sigurgeirsson, sérfræðingur á skrifstofu bankastjórnar Seðlabankans, áttu símafund 1. ágúst 2008 með yfirmönnum í Seðlabanka Bretlands. Í minnisblaði Seðlabanka Íslands kemur fram að Bretarnir hafi endurtekið „í sífelli meginboðskap sinn um að íslensku bankarnir þyrftu að draga saman seglin“. Í minnisblaðinu segir að fram hafi komið að óróleika gæti innan Seðlabanka Bretlands vegna íslensku bankanna, einkum Landsbanka Íslands hf. Einkum sé þrennt sem valdi þessum áhyggjum. Í fyrsta lagi sé skuldatryggingarálag bankanna afar hátt. Í öðru lagi hafi bankarnir vaxið hratt og séu nú svo stórir að stjórnvöld geti ekki komið þeim til bjargar. Í þriðja lagi séu bankarnir háðir fjármögnun með söfnun innstæðna í Bretlandi í gegnum veraldarvefinn. Því næst segir í minnisblaðinu: „Fjárhæð þeirra næmi nú um 7,5 ma. sterlingspunda og væru innstæðutryggingar að baki þeim takmarkaðar.“ Síðar í minnisblaðinu kemur fram að af hálfu Seðlabanka Bretlands hafi verið lögð áhersla á að innstæður í Bretlandi verði fluttar í dótturfélög. Einnig er haft eftir fulltrúum Seðlabanka Bretlands að óráð sé að bíða lengur með eignasölu, bankarnir þurfi að draga saman seglin.²¹²

Forsætisráðherra fundar með Björgólfi Thor Björgólfssyni 6. ágúst 2008

Hinn 6. ágúst 2008 fundaði Geir H. Haarde, forsætisráðherra, með Björgólfi Thor Björgólfssyni. Við skýrslutöku lýsti Geir aðdraganda fundarins með eftirfarandi orðum: „Í ágúst þá förum við yfir þetta aðeins, við Tryggvi Þór Herbertsson, sem þá er kominn í vinnu hjá mér sem ráðgjafi, förum við yfir á hverju hann ætti að byrja sem starfsmaður og niðurstaðan er sú að hann fer og talar við sem sagt sem sagt alla yfirmenn í bönkum og alls staðar þar sem talið var að skipti máli, Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann, þeir eru nú tregir til að tala við hann þar í Seðlabankanum, töldu að ef þeir ættu vantalað við forsætisráðuneytið þá mundu þeir nú tala um það bara við mig, það voru svolítið svona stælar í þessu, eins og gengur. En hann fór og ræddi einkanlega við forsvarsmenn Landsbankans og Glitnis banka hf. um hugsanlega sameiningu. Og það var þarna ákveðin hugmynd á floti um það að það væri hægt að sameina þessa banka tiltölulega hratt og ríkið legði inn í það ákveðna upphæð, sem á þeim tíma var verið að tala um, 30 milljarða króna, sem mér fannst nú mikið, af því að ég var nískur síðan ég var fjármálaráðherra, en þetta var nátt-

211. Skýrsla Tryggva Þórs Herbertssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 30. mars 2009, bls. 4, 12 og 16.

212. Ódagsett minnisblað Seðlabanka Íslands: „Símafundur með Bank of England um fjármálastöðugleika.“

úrulega ekki neitt miðað við þann kostnað sem síðan hefur fallið til og heldur ekki miðað við það tjón sem almennt í fortíðinni hefur skapast í öðrum löndum vegna bankahruns. Þannig að ef það hefði getað afstýrt bankahrununu að leggja 30 milljarða hlutafé inn í nýjan banka, þá er það náttúrulega bara mjög gott mál. Þeir voru ekkert alltof ginnkeyptir fyrir þessu.“ Því næst sagði Geir: „6. ágúst talaði ég við Björgólf Thor, sem kom þá á minn fund og sérstaklega um þetta og þá segir hann það: „Ja, það er kannski hægt að undirbúa þetta á Q þrjú og ljúka því á Q fjögur.“ Þetta man ég það vel, þetta er svona bankamannatal, en hann taldi ekki tímabært og alls ekki nauðsynlegt að vera eitthvað að hraða þessu og ljúka því á einni helgi eða eitthvað svoliðis, sem maður hefði nú náttúrulega helst viljað, að ljúka því í ágústmánuði.“²¹³

Minnisblað Seðlabanka Íslands til ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins 7. ágúst 2008

Í minnisblaði frá bankastjórn Seðlabankans til Baldurs Guðlaugssonar, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, dags. 7. ágúst 2008, kemur fram að undanfarna mánuði hafi Seðlabankinn leitað leiða til að útvega ríkissjóði erlend lán til að styrkja gjaldeyrisforða bankans samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Aðstæður á erlendum fjármálamörkuðum séu í dag þær erfiðustu sem verið hafi í áratugi. Erfiðleikarnir hafi komið sérstaklega hart niður á íslenskum lántakendum á alþjóðamarkaði. Þegar lánsfjárkreppan hafi hafist í ágúst 2007, hafi erfiðleikarnir náð fyrst og fremst til íslensku bankanna, en frá nóvember 2007 hafi orðið ljóst að möguleikar íslenska ríkisins hafi einnig þrengst. Mjög miklar erlendar skuldir íslenskra fjármálastofnana miðað við stærð hagkerfisins og forsenda sem menn gefi sér um óbeina ábyrgð ríkissjóðs á þeim valdi því að efasemdir séu um getu bankanna, Seðlabankans og ríkissjóðs til að ráða við þær aðstæður sem nú séu uppi. Reyndar sé það svo að skuldabréfamarkaðir hafi verið meira og minna lokaðir og gildi það einnig um aðra íslenska aðila. Vantrú ríki á íslenska bankakerfinu. Markaðir geri ráð fyrir að yfirgnæfandi líkur séu á að vandamál þess verði fyrir eða síðar vandamál ríkissjóðs. Þessi vantrú sé þrándur í götu þessa máls.²¹⁴

Lokaður fundur ráðherra með hagfræðingum 7. ágúst 2008

Hinn 8. ágúst 2008 héldu fjórir ráðherrar lokaðan fund með hagfræðingunum Má Guðmundssyni, Gauta B. Eggertssyni, Friðriki Má Baldurssyni og Jóni Þór Sturlusyni. Fundinn sóttu Geir H. Haarde, forsætisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra, Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, og Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra. Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, var ekki meðal fundarmanna. Um ástæður þessa upplýsti Jón Þór Sturluson við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að þetta hefði verið „superráðherrahópurinn“. Hagfræðingarnir Friðrik, Gauti og Már hefðu á fundinum haldið framsögu um lausafjárvandann.²¹⁵

Við skýrslutöku sagði Friðrik Már Baldursson að aðdragandi fundarins hefði verið sá að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefði sent sér tölvubréf einni viku áður þar sem hann var beðinn um að mæta 7. ágúst 2008 og vera með „stutt innlegg“ ásamt framangreindum hagfræðingum. Sagði Friðrik að Ingi-

213. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 54.

214. Minnisblað bankastjórnar Seðlabanka Íslands: „Staðan í erlendum lánamálum ríkissjóðs“, dags. 7. ágúst 2008.

215. Skýrsla Jóns Þórs Sturlusonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. maí 2009, bls. 22.

björg hefði nefnt að ætlast væri til að hagfræðingarnir myndu greina „stöðuna og hvað sé helst til ráða til að koma á langtíma stöðugleika og sjálfbærum hagvexti“. Friðrik lýsti því að hann hefði ekki fengið nein gögn eða upplýsingar í hendur frá stjórnvöldum til að vinna erindi sitt, að undanskilinni skýrslu hagfræðinganna Buiters og Siberts sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefði afhent honum. Friðrik sagði að á fundinum 7. ágúst hefði fyrst og fremst verið rætt um stöðu bankanna og hálfársuppgjör þeirra. Friðrik bætti síðan við: „[...] þetta sneri fyrst og fremst að því [...] hvernig hægt væri að leysa úr vanda, þessum fjármögnunarvanda bankanna, ég held að ég hafi, það sem ég sagði, jú, ég hlýt að hafa verið með, farið og skoðað einhver hálfársuppgjör vegna þess að það sem að voru mjög mikilvægar upplýsingar í þeim voru sem sagt upplýsingar um „greiðsluróflinn“, það sást sem sagt hvernig bankarnir, hvernig hérna framtíðin var hjá þeim – ekki fullkomnar upplýsingar en þeir gáfu svona ákveðna hugmynd og hérna, þeir stóðu mjög misjafnlega að þessu leytnu, það var alveg ljóst þegar maður skoðaði þær upplýsingar að Kaupþing væri í langskástu stöðunni, Glitnir í þrengstu stöðunni. En sem sagt umræðurnar gengu fyrst og fremst út á það að með hvaða hætti væri hægt að hérna, hvernig ætti að bregðast við. Ég meina, það er sem sagt, staðan í raun og veru var alltaf bara að verða þrengri og þrengri og hvernig ætti þá að bregðast við því [...].“²¹⁶

Forsætisráðherra fundar með stjórnarformanni Glitnis 10. ágúst 2008

Hinn 10. ágúst fundaði Geir H. Haarde með Þorsteini Má Baldvinssyni, stjórnarformanni Glitnis, um möguleika á sameiningu Glitnis og Landsbankans. Við skýrslutöku lýsti Geir fundinum með eftirfarandi orðum: „[...] þá er ég staddur fyrir norðan og geri ráðstafanir til að hitta hann Þorstein Má heima hjá honum á sunnudagsmorgni og það er sennilega heldur [ekki] í þessum skráum því það fór ekki inn í neina dagbók. Ég var á fiskideginum mikla á Dalvík og gisti á Akureyri og við sem sagt hittumst og töluðum lengi saman þarna milli svona hálf ellefu og tólf á sunnudagsmorgni. Og hann er áhugasamur um að gera eitthvað svona og sér sjálfan sig svona sem ákveðinn aðila sem mundi fara í að reyna að draga úr kostnaði nýja bankans, sama og hann hafði áður sagt við mig gagnvart Glitni, en taldi að hlutur Glitnis [í sameiningu með Landsbankanum] þyrfti að vera stærri heldur en að Tryggvi hafði svona áhugað, sem var náttúrulega bara eitthvað lauslegt, og að hlutur ríkisins þyrfti að vera miklu meiri heldur en þessir þrjátíu [milljarðar], kannski nær hundrað [milljörðum], eitthvað svoléiðis. Þannig að ég var sem sagt sjálfur búinn að tala við tvo lykilmenn í þessu þarna fyrir miðjan ágúst um hugsanlega sameiningu þessara tveggja banka og ég tel að ef það hefði verið hægt að drífa í því þarna í ágúst mánuði þá hefði kannski eitthvað farið öðruvísi en ég veit ekki hvort að það hefði bjargað stöðunni.“²¹⁷

25. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 12. ágúst 2008

Samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað fundaði 12. ágúst 2008. Á þessum fundi tók Jónína S. Lárusdóttir, ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytis, aftur sæti í hópnum, en Áslaug Árnadóttir, skrifstofustjóri

„Og hann [Þorsteinn Már Baldvinsson] er áhugasamur um að gera eitthvað svona og sér sjálfan sig svona sem ákveðinn aðila sem mundi fara í að reyna að draga úr kostnaði nýja bankans, sama og hann hafði áður sagt við mig gagnvart Glitni, en taldi að hlutur Glitnis [í sameiningu með Landsbankanum] þyrfti að vera stærri heldur en að Tryggvi hafði svona áhugað, sem var náttúrulega bara eitthvað lauslegt, og að hlutur ríkisins þyrfti að vera miklu meiri heldur en þessir þrjátíu [milljarðar], kannski nær hundrað [milljörðum], eitthvað svoléiðis.“

Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 54.

216. Skýrsla Friðriks Mús Baldurssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 28. ágúst 2009, bls. 19–20.

217. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 54.

„[Ingimundur Friðriksson] upplýsti jafnframt að Bank of England hefði fylgt heimsókn FSA eftir með upphringingu til sín frá Sir John Gieve og Nigel Jenkinson. Mikill þungi hefði verið í því samtali og viðmælendur sínir hefðu margítrekað að íslensku bankarnir þyrftu að smækka. Undir lok samtalsins hefðu þeir nefnt þann möguleika sem ekki hefur áður komið til tals að Landsbankinn gæti selt Icesave afurð sína.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 12. ágúst 2008.

í viðskiptaráðuneyti, hafði fyllt í skarð hennar á meðan á leyfi Jónínu frá störfum stóð. Í drögum að fundargerð kemur fram að undir dagskrárliðnum „Erindisrekstur FSA“ hafi Bolli Þór Bollason spurst fyrir um eftirmál heimsóknar breska fjármálaeftirlitsins, FSA. Ingimundur Friðriksson hafi einnig spurt Baldur Guðlaugsson hvernig símafundur hans með fulltrúa breska fjármálaráðuneytisins hafi gengið. Haft er eftir Baldri Guðlaugssyni að hann hafi upplýst viðmælendann um að ráðuneytinu væri kunnugt um samskipti Landsbankans og fjármálaeftirlita varðandi innlán útibús Landsbankans í Bretlandi. Fundurinn hafi verið formlegur og jákvæður. Því næst segir í fundargerð að Ingimundur Friðriksson hafi nefnt að fulltrúar FSA hafi verið ánægðir með samtöl sín við Áslaugu Árnadóttur, stjórnarformann tryggingarsjóðsins. Einnig hafi Seðlabanki Bretlands fylgt heimsókn FSA eftir með upphringingu til sín frá Sir John Gieve og Nigel Jenkinson. Mikill þungi hafi verið í því samtali og viðmælendur hans hafi margítrekað að íslensku bankarnir þyrftu að minnka. Undir lok samtalsins hafi þeir nefnt þann möguleika, sem ekki hafi áður komið til tals, að Landsbankinn gæti selt Icesave afurð sína. Í framhaldinu segir að Baldur Guðlaugsson hafi spurt hvort komið sé samkomulag í grundvallaratriðum þótt enn séu lausir endar. Jónas Fr. Jónsson hafi sagt að ýmsar vendingar hafi verið í málinu og FSA komið fram með nýjar kröfur. Áður hafi verið rætt um möguleika Landsbankans á að færa fjármagn til móðurfélagsins en FSA hafi síðan ákveðið að ekki væri hægt að veita meira svigrúm til þess en rúmist innan 75% af eigin fé. Stórar áhættuskuldbindingar vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila megi almennt ekki fara fram yfir 25% af eigin fé fjármálafyrirtækis nema veitt sé sérstök undanþága. Rætt hafi verið um að auka eigið fé Heritable Bank í um 600 milljónir breskra punda en engu að síður veiti 75% hámarkið of lítið svigrúm fyrir Landsbankann í fjárstýringu fyrir samstæðuna. Eigið fé Heritable Bank þurfi helst að vera hátt í tífalt meira til að þrengja ekki að miðað við ætlað hámark FSA. Einnig hafi FSA hafnað hugmynd Landsbankans um að leggja það innlánsfé sem hugsanlega fari yfir 5 milljarða punda hámarkið inn í seðlabanka. Fram kemur í fundargerð að FSA hafi veitt Landsbankanum frest fram til 12. ágúst 2008 til að bregðast við kröfum sínum. Fjármálaeftirlitið vilji ekki að útkoman verði veikari banki og einnig sé mikilvægt að lausafjárstýring hans verði áfram á samstæðugrundvelli. Fjármálaeftirlitið vilji að lengri frestur verði veittur og efasemdir séu um lögmæti innlánaþaksins og aðgerðanna. Fjármálaeftirlitið telji tillögur Landsbankans mæta sjónarmiðum FSA. Jónas Fr. Jónsson og Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, fari til fundar við æðstu menn FSA næsta mánudag. Síðan er haft eftir Jónasi að FSA geti með kröfum sínum nánast neytt Landsbankann til að flytja meginstarfsemi sína. Komið sé að þolmörkum Landsbankans fyrir hversu langt þeir geti teygst sig. Því næst kemur fram að Bolli Þór Bollason hafi spurt hvort Landsbankinn hafi í dag ótakmarkaðan aðgang að umræddum innlánum sem lausafé. Jónas hafi sagt að Landsbankinn hafi geymt hluta þeirra í Bretlandi og á það hafi reynt þegar innlánin hafi lækkað í lok mars sl. og byrjun apríl. Landsbankinn telji sig þurfa að geta fært u.þ.b. 3,8 milljarða punda af 4,8 milljarða punda innlánum til lausafjárstýringar. Haft er eftir Baldri Guðlaugssyni að Landsbankinn geti lent í þeirri stöðu að ganga að óásættanlegum kröfum við yfirfærslu innlána í dótturfélag eða halda þeim áfram í útibúi sem sé erfitt fyrir íslensk stjórnvöld. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að FSA fullyrði að stofnunin gæti jafnræðis en íslenskir bankar séu hættulegri en

aðrir. Verið sé að taka á undanþágum. Síðan kemur fram að Jónas Fr. Jónsson telji FSA á gráu svæði lögfræðilega séð. Haft er eftir honum að hann skynji að óróinn sé af pólitískum toga og hafi komið upp eftir vitnisburð fyrir breskri þingnefnd. Fram kemur að Baldur Guðlaugsson telji að Landsbankinn verði væntanlega að samþykka 75% hámark FSA en semja þurfi um eðlilegan aðlögunartíma. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að áhyggjur FSA beinist að vernd fyrir breska sparifjáreigendur. Síðan segir að Tryggvi Pálsson hafi nefnt að bundin innlán geti í vissum skilningi verið meira áhyggjuefni en óbundin. Vera megi að innstæður á bundnum reikningum bíði þess að verða innleystar þegar binditíminn renni út. Óróinn að undanfögnu geti valdið því sem og líkur á að Landsbankinn fái ekki að bjóða bestu vexti áfram. Haft er eftir Ingimundi Friðrikssyni að innlán að fjárhæð tveir milljarðar breskra punda verði laus í maí og júní nk. og að FSA finnist Landsbankinn hafa gengið of hart fram í vaxtaboðum og auglýsingum.

Undir dagskrárliðnum „Málefni Tryggingarsjóðsins – innstæðuvernd“ kemur fram að Baldur Guðlaugsson hafi spurt hvaða úrræði íslensk stjórnvöld hafi til að ýta innlánunum yfir í dótturfélög erlendis, sbr. hærri iðgjöld. Þetta sé stórt áhyggjuefni og ástæða til að skoða möguleikana í heild, ekki bara vegna Landsbankans. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að tveir möguleikar komi upp í hugann, þ.e. „de-facto“ hærri iðgjald fyrir innlán í útibúum erlendis með stighækkandi hlutfalli eða hærri eiginfjárfkra vegna þessa. Fjármálaeftirlitið hefði heimild til hins síðarnefnda. Fram kemur að Tryggvi Pálsson hafi sagt fyrri möguleikann styrkja tryggingarsjóðinn en að hinn síðari dragi úr skuldbindingum hans. Síðan segir að Jónína S. Lárusdóttir hafi spurt hvort skynsamlegt sé að frumvarp um tryggingarsjóðinn verði tilbúið í framlagningarpakka næsta haust? Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að það sé hárfínt mat. Bretar hafi verið að undirbúa slíkar breytingar en óvíst sé um framlagningu frumvarps. Sama gildi um Evrópulönd almennt. Gagnlegt geti verið að kanna afstöðu bankanna til tímasetningar á framlagningu frumvarps. Síðan segir að Tryggvi Pálsson velti fyrir sér hvort stjórn tryggingarsjóðsins og aðstandendur hans geti ákveðið að greiða meira en lögbundið lágmark í sjóðinn. Fram kemur að Jónas Fr. Jónsson hafi minnt á fyrri hugmynd sína um að greiða megi fyrirfram. Síðan segir að Jónína S. Lárusdóttir hafi minnt á texta laganna en segist geta kannað þessa möguleika. Fram kemur að Baldur Guðlaugsson hafi tekið undir að rétt sé að kanna allar leiðir en ef breyta eigi „strúktúr“ sjóðsins þurfi væntanlega að gera það með lagabreytingu. Haft er eftir Tryggva Pálssyni að ganga þurfi frá drögum að yfirlýsingu um innstæðutryggingu. Síðan segir að Bolli Þór Bollason hafi vikið að þeim þætti á „Ólystuga matseðlinum“. Fram kemur að Ingimundur Friðriksson hafi sagst taka heilshugar undir þörf fyrir drög að yfirlýsingu. Jafnframt segir að Jónas hafi sagt að slíkur texti þurfi að liggja fyrir. Sjóðurinn geti tæmst ef meðalstór sparisjóður geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Semja þurfi drög sem miðist við þrjá valkosti, þ.e. tryggja öll innlán, tryggja lágmarksinnstæðu eða ekkert. Síðan segir að Bolli Þór Bollason hafi minnt á að fyrir liggi yfirlýsingar forsætis- og fjármálaráðherra í þá veru að stjórnvöld standi við bakið á stóru bönkunum. Fram kemur að Tryggvi Pálsson hafi spurt hvort ríkissjóður geti staðið við slíkar yfirlýsingar án hættu á eigin greiðsluþroti. Síðan segir að Ingimundur Friðriksson hafi bent á að undirliggjandi vandi geti staðið lengi. Seðlabanki Bretlands búist við að þrengingarnar standi í a.m.k tvö ár í viðbót. Haft er eftir Jónínu S. Lárusdóttur að orðalag og framsetning yfirlýsingar geti

„BG [Baldur Guðlaugsson] spurði hvaða úrræði íslensk stjórnvöld hafi til að ýta innlánunum yfir í dótturfélög erlendis, sbr. hærri iðgjöld. Hann sagði þetta stórt áhyggjuefni og ástæða væri til að skoða möguleikana í heild, ekki bara vegna Landsbankans. JFJ [Jónas Fr. Jónsson] kvað tvo möguleika koma upp í hugann, þ.e. de-facto hærri iðgjald fyrir innlán í útibúum erlendis með stighækkandi hlutfalli eða hærri eiginfjárfkra vegna þessa. FME hefur heimild til hins síðarnefnda.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 12. ágúst 2008.

skipt miklu máli og því sé einnar messu virði að leggja í þessa vinnu. Fram kemur að Jónas Fr. Jónsson hafi sagt sviðsmyndir fjármálaáfalls liggja fyrir og setja þurfi fram meginvalkosti. Einnig segir að Ingimundur Friðriksson hafi stungið upp á því að ráðuneytin vinni að þessu. Fram kemur að Baldur hafi sagt að enn sé óljóst hver viðmið fjárhæða innlánaverndar séu. Síðan segir að Jónas Fr. Jónsson hafi sagt Fjármálaeftirlitið verða með tölu fljótlega og hægt sé að binda útgreiðslur við íslenskar krónur. Síðan segir að Ingimundur Friðriksson telji gagnlegt að byrja á textasmíðinni þó tölur liggi ekki fyrir. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að 5 milljóna króna innlánsvernd nái til 95% innstæðueigenda og myndi þannig ná að skapa ró. Það sé sú tala eða lágmarkið. Fram kemur að Jónína S. Lárusdóttir hafi minnt á að fyrir liggi drög að yfirlýsingu um innstæðuvernd. Hún hafi fylgt skýrslu viðskiptaráðuneytisins, dags. 10. apríl 2008, um greiðslur úr innstæðudeild tryggingarsjóðsins. Jónína muni ræða við Áslaugu Árnadóttur, formann sjóðsins. Undir lok fundargerðarinnar kemur fram að Ingimundur Friðriksson hafi upplýst að samskipti bankanna við Seðlabanka Lúxemborgar séu komin í gott horf eftir uppgreiðslur bankanna.

Í skýrslu Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að eftir að Bolli Þór Bollason hefði á fundinum 12. ágúst 2008 minnt á yfirlýsingar forsætis- og fjármálaráðherra í þá veru að stjórnvöld stæðu við bakið á stóru bönkunum hefði komið upp „smápirringspunktur“. Tryggvi hefði sótt fram og síðan hann sjálfur. Hann sagðist hafa bent á að sviðsmyndir lægju fyrir og setja þyrfti fram þessa valkosti. Þá hefði Baldur Guðlaugsson sagt að það væri enn óljóst hver viðmið um innlánsfjárhæðir væru. Hefði Baldur þannig ekki talið tímabært að taka á þessu.²¹⁸

Tillaga viðskiptaráðherra um skipun nefndar 12. ágúst 2008

Á fundi ríkisstjórnarinnar 12. ágúst 2008 lagði Björgvin G. Sigurðsson fram minnisblað, dags. sama dag, samhliða tillögu sinni um skipun sérstakrar nefndar sem nánar var vikið að í minnisblaðinu. Í því er fjallað um fjármálastöðugleika og skipun nefndar í því skyni að vinna tillögur sem miði að því að auka stöðugleika fjármálakerfisins, draga úr líkum á því að fjármálafyrirtæki lendi í erfiðleikum en jafnframt draga úr áhrifum þess ef fjármálafyrirtæki lendi í erfiðleikum. Björgvin lagði til að hann myndi skipa formann nefndarinnar en að í nefndinni ættu jafnframt sæti fulltrúar forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans. Í fundargerð ríkisstjórnarinnar segir eftirfarandi um málið: „Málið rætt en afgreiðslu þess frestað.“

Í skýrslu Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að enginn hefði stutt hugmyndina í ríkisstjórninni. Ljóst hefði verið að Baldur Guðlaugsson hefði lagst gegn skipun nefndarinnar. Aðspurður hvort einhver valdabarátta hefði verið á milli ráðherra, kvað Björgvin að svo hefði ekki verið. Hins vegar hefði Baldur Guðlaugsson haldið öllum hlutum mjög hjá sér „og drottnaði mjög yfir þessu öllu saman, bæði fyrir og eftir hrún“. Björgvin skýrði ástæðu þess að hann setti fram tillögu sína með eftirfarandi orðum: „Tilfnið var óróleikinn á alþjóðlegum fjármálamörkuðum sem var náttúrulega búinn að vera þarna nokkuð lengi og í sjálfu sér alveg frá því náttúrulega, kannski má bara segja að hann var náttúrulega búinn að standa

218. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. mars 2009, bls. 49.

þarna mánuðum saman og mikil umræða um það að það vissi enginn til hvers hann mundi leiða, hvort það yrði alheimskreppa eins og varð, eða einhverra minni háttar áfalla. Og okkur, þetta bara spratt af hugmynd uppi í ráðuneyti, trúlega í samtali okkar Jóns Þórs, kannski átti hann hugmyndina, hann fylgdist mjög vel með þessum málum sem fagmaður og okkur þótti þetta – það var eitthvað sem gekk á á mörkuðum á sama tíma þannig að mönnum þótti þetta ekki heppilegt signal að stofna slíka nefnd. [...] Já, mér fannst nauðsynlegt – viðbragðshópurinn er viðbragðshópur, hann er vakt og samráðsvettvangur en hann er ekki endilega fagleg úttekt á einhverju, þannig að ég vildi, mér fannst að það væri ástæða og tilefni til að fara í gegnum það hvernig mætti efla þessa hluti ef ég man það rétt.²¹⁹

Í minnisblaði Björgvins G. Sigurðssonar segir m.a.:

Minnisblað

[...]

Órói sá sem hefur ríkt á fjármálamörkuðum heimsins á undanförunum mánuðum hefur haft veruleg áhrif á fjármálafyrirtæki. Nauðsynlegt er að bregðast við og nýta sér þá þekkingu og reynslu sem eftirlitsaðilar og aðrir hafa fengið síðasta árið. Því er lagt til að skipuð verði nefnd sem skila á tillögum sem er ætlað að ná eftirfarandi markmiðum:

- Auka stöðugleika fjármálakerfisins.
- Draga úr líkum á því að fjármálafyrirtæki lendi í erfiðleikum.
- Draga úr áhrifum þess, ef fjármálafyrirtæki lenda í erfiðleikum.
- Lagt er til að viðskiptaráðherra skipi formann nefndarinnar, en að í nefndinni eigi einnig sæti fulltrúar forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands.

Í skýrslu Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að hann minnti að þessu máli hefði verið frestað á nokkrum fundum og að lokum hefði það ekki verið afgreitt. Ástæður þess hefðu verið þær að þau vildu „mjög ógjarnan gera hluti sem út á við hefðu verið túlkaðir sem einhver taugaveiklun eða ótti af okkar hálfu um það að hlutirnir væru að fara úr böndum hvað bankana varðaði“.²²⁰

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis hafði Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra, þetta um málið að segja: „[...] minnir mig m.a.s. að eftir þann ríkisstjórnarfund að ég hafi sagt honum, eins og ég gerði alltaf, að ég kom með einhver mál, ég „garderaði“ mig áður, ég talaði við einhverja lykilmenn og svona, að hann hefði kannski átt að tala við formann Samfylkingarinnar, hugsanlega fjármálaráðherrann, en svona það litla sem eimir af umræðu um þessa nefnd, eða þessa tillögu, er að mönnum hafi eitt-hvað fundist það hálfgerð framhleypti.“²²¹

Jónína S. Lárusdóttir sagðist hafa kynnt minnisblað viðskiptaráðherra í samráðshópnum og þar hefðu menn í rauninni hneykslast á því og talið að þetta væri alls ekki tímabært því það væru önnur verkefni brýnni á þeim tímapunkti.²²²

„[...] en svona það litla sem eimir af umræðu um þessa nefnd, eða þessa tillögu, er að mönnum hafi eitthvað fundist það hálfgerð framhleypti.“

Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. maí 2009, bls. 34.

219. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 41–42.

220. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 3. júlí 2009, bls. 7.

221. Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. maí 2009, bls. 34.

222. Skýrsla Jónínu S. Lárusdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 31. mars 2009, bls. 26.

Fundur ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytis og fjármálaráðuneytis með bankastjórum Landsbanka Íslands 13. ágúst 2008

Hinn 13. ágúst 2008 héldu Jónína S. Lárusdóttir og Baldur Guðlaugsson fund með bankastjórum Landsbankans. Að auki sat forstöðumaður lögfræðisviðs Landsbankans fundinn. Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýsti Jónína fundinum m.a. með eftirfarandi orðum: „[...] fóru þeir bara yfir samskipti sín við fjármálaeftirlitið breska og báru sig að sumu leyti aumlega, þeir töldu sig hafa verið komna með ákveðið samkomulag við fjármálaeftirlitið breska og fannst þeir vera að koma svolítið aftan að sér. Þannig að þeir voru bara að útskýra það og útskýra sem sagt sína hlið á þessum kröfum fjármálaeftirlitsins breska á dótturfélagavæðingunni. Sem sagt að þeir þyrftu í rauninni meiri tíma alla vega, þeir voru kannski aðeins að streitast á móti, það var eins og þeir vildu kannski reyna að ná einhverri annarri lendingu. En voru líka að tala um að ef til þessarar dótturfélagavæðingar kæmi, þá þyrftu þeir meiri tíma til að færa eignir á móti innlánnum. [...] Sem sagt þeir höfðu áhyggjur af því að það yrðu settar kröfur á þá sem þeir gætu ekki náð tímalega séð. Og það var í raun og veru ástæðan fyrir því að ráðherra síðan ákveður að fara þarna út, það var til að reyna að komast að samkomulagi um að innlánin yrðu strax færð yfir í dótturfélag til þess að koma þeim undan tryggingarsjóðnum, en það yrði þá aðeins meiri tími hvað varðar flutning eignanna. Eða veitt eitt-hvað svigrúm hvað varðar stóru áhættuskuldbindingarnar, það er að það yrði veittur tímafrestur til þess að þessi dótturfélagavæðing mætti eiga sér stað.“²²³ Nánar er fjallað um stöðu Landsbankans og frekari aðkomu viðskiptaráðuneytis í kafla 18.0.

Viðskiptaráðherra fundar með stjórnarformanni Fjármálaeftirlitsins 14. ágúst 2008

Hinn 14. ágúst 2008 fundaði Björgvin G. Sigurðsson með Jóni Sigurðssyni, stjórnarformanni Fjármálaeftirlitsins. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki undir höndum frekari upplýsingar um fundinn.

Afstæða forsætisráðherra til bréfs sem FSA hafði sent Landsbanka Íslands 15. ágúst 2008

Hinn 16. ágúst 2008 barst Geir H. Haarde í hendur afrit af bréfi FSA, dags. 15. ágúst 2008, til Landsbankans. Í skýrslu Geirs fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði hann m.a.: „[...] þá kemur bréfið frá FSA til Landsbankans, dagsett 15. ágúst, hryllilegt bréf. Það berst til mín þarna um helgina með þeim hætti að formaður bankastjórnar Seðlabankans hringir í mig, ég var þá staddur í ráðherrabústaðnum á Þingvöllum, þetta er laugardagsmorgunn, og það endar með því að ég læt sækja bréfið og það er komið með það austur. Hann segir: „Við erum búin að setja herna í gang vinnu strax til að svara allri vitleysunni í þessu bréfi um það sem snýr að íslenskum efnahagsmálum, því að bréfið er fullt af rangfærslum [...]“. Geir sagði einnig: „[...] það sem er náttúrulega þó aðalatriðið í bréfinu var ekki þetta heldur það að breska fjármálaeftirlitið er búið að komast að þeirri niðurstöðu að bankinn sé í raun og veru kominn á leiðarenda, það er ekkert hægt að lesa þetta öðruvísi, þeim eru sett þvítík skilyrði fyrir því að geta flutt yfir í dótturfélag eða yfirleitt haldið þessu áfram að það er vandséð hvernig þeir geta uppfyllt þetta. Þetta er náttúrulega eitt af því sem maður er búinn að vera að tala um við þá allt árið á öllum þessum

„[...] þá kemur bréfið frá FSA til Landsbankans, dagsett 15. ágúst, hryllilegt bréf.“

Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
2. júlí 2009, bls. 55.

223. Skýrsla Jónínu S. Lárusdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 31. mars 2009, bls. 12 og 15.

fundum: „Reynið að koma þessu yfir í dótturfélag, reynið að vera ekki svona „agressívir“ með að fá inn innstæður“, en það er ekkert á það hlustað og maður veitir því fyrir sér, af hverju var ekkert á það hlustað: Jú, það er vegna þess að það er verið að nota þessa peninga hér innanlands, eins og þetta sé banka-útibúið að Laugavegi 77, og það er ekkert verið að lána þetta kannski í neitt sérstaklega góð útlán, það er ekki hægt að kalla þetta inn og nota þetta til þess að standa skil á þessum hlutum. Þetta var náttúrulega mjög alvarlegt en ég hérna hef talað við bankastjórnann þarna skömmu eftir að þetta bréf kom, Halldór, og hann sem sagt sagði mér frá því að bankinn væri að bregðast við þessu mjög hart, þeir mundu að senda út menn, eins fljótt og þeir gætu og þeir tækju þetta allt saman mjög alvarlega og teldu sig hafa góða möguleika í að ná einhverju samkomulagi við FSA um að gera þetta, þannig var nú alltaf talað að þetta væri einhver misskilningur á ferðinni og þeir mundu strauja þetta, finna út úr því.“²²⁴ Nánar er fjallað um þetta í kafla 18.0.

26. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 20. ágúst 2008

Samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað fundaði 20. ágúst 2008. Undir dagskrárliðnum „Erindisrekstur FSA og málefni Tryggingarsjóðsins“ í drögum að fundargerð hópsins kemur fram að Jónas Fr. Jónsson hafi gert grein fyrir fundi sínum og Jóns Sigurðssonar með stjórnendum FSA í London 18. sama mánaðar. Viðmælendur þeirra hafi sagst telja mikla hættu á áhlaupi á innlán hjá Landsbankanum. Þeir hafi einnig nefnt að Landsbankinn hafi ekki verið samvinnuþýður og m.a. staðið í auglýsingaherferð þegar FSA hafi lagt að bankanum að draga úr sókn sinni. FSA haldi fast við álit sitt að aðgerðir þeirra standist Evrópurétt. Haft er eftir Jónasi að jákvæðu punktarnir séu þeir að FSA segist skilja sjónarmið Fjármálaeftirlitsins um að Landsbankasamstæðan verði ekki veikari eftir yfirfærslu innlána frá útibúi í dótturfélag. Forstjórar Landsbankans hafi fundað með fulltrúum FSA 19. ágúst. Skilaboðin séu skýr. Krafist sé færslu innlána yfir í Heritable Bank en slíkur flutningur sé ýmsum erfiðleikum háður. Að mörgu þurfi að hyggja í samningum og yfirfærslu eigna samhliða yfirfærslu skulda. Framundan sé að Landsbankinn stilli upp dæmi um yfirfærslu eigna og greini hvar þolmörk bankans séu. FSA hafi spurt um lögfræðialit á ákvæðum í lánasamningum en mismunandi ákvæði séu í lánasamningum bankans sem geti valdið því að lánin rakni upp eða lánskjörin breytist. Tæknilega sé hægt að hugsa sér að Heritable Bank kaupi Landsbankann. Fram kemur að Baldur Guðlaugsson hafi spurt hvort það sé ekki rétt munað að Landsbankinn hafi áður verið búinn að lýsa yfir samþykki við yfirfærslu innlána. Því næst er haft eftir Jónasi Fr. Jónssyni að yfirfærsla slíkra fjármuna sé ekki einföld og tímarammi skipti miklu en kröfur FSA hafi farið stigmagnandi. Nú sé gerð krafa til þess að Landsbankinn samþykki yfirfærslu án skilyrða. Þá segir að Baldur Guðlaugsson hafi spurt hver vandkvæðin séu hjá Landsbankanum í þessari stöðu. Jónína S. Lárusdóttir hafi svarað að óljóst sé hvernig FSA eigi eftir að meta þau útlán og aðrar eignir sem ætlunin sé að yfirfæra til Bretlands. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að um helmingur lánabókar Landsbankans sé erlendur. Fram kemur að Ingi-mundur Friðriksson velti fyrir sér hvort Landsbankinn sé ekki að mikla fyrir sér vandann við mat útlána. Því næst segir að Tryggvi Pálsson hafi minnt á að

224. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 55.

„[Tryggvi Pálsson] minnti á að auk óljóss mats á útlánum og vanda við yfirfærslu innlána sé óleystur lausafjárvandinn. FSA ætlist til þess að Heritable verði með sterka lausafjárstöðu og láti ekki umfram jafnvirði 75% af eigin fé til móðurfélagsins.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 20. ágúst 2008.

auk óljóss mats á útlánunum og vanda við yfirfærslu innlána sé óleystur lausafjárvandinn. FSA ætlist til þess að Heritable verði með sterka lausafjárstöðu og láti ekki umfram jafnvirði 75% af eigin fé til móðurfélagsins. Á síðasta fundi hafi komið fram hjá Jónasi Fr. Jónssyni að Landsbankinn þyrfti helst að geta millifært um 3,8 milljarða breskra punda í lausafjárstýringu samstæðunnar. Í framhaldi af þessu segir að Jónas Fr. Jónsson hafi upplýst að eigið fé Heritable bankans sé innan við 300 milljónir breskra punda og ætlunin sé að hækka það en takmörk séu fyrir svigrúmi eigenda til þess. Fram kemur að Jónína S. Lárusdóttir hafi spurt hvort stjórnendur Landsbankans hafi ekki verið byrjaðir að vinna í þessum málum. Síðan segir að Jónas hafi staðfest það. Hörðu kröfurnar í síðasta bréfi FSA til Landsbankans eigi við ef yfirfærslan verði ekki samþykkt. Haft er eftir Ingimundi Friðrikssyni að augljóst sé að auglýsingar Icesave séu áreiti fyrir FSA. Síðan segir að Jónas Fr. Jónsson hafi nefnt að annar möguleiki sem hafi komið fram sé stöðvun á móttöku nýrra innlána í útibúinu. Þá hafi Ingimundur Friðriksson spurt hvort minnst hafi verið á þann möguleika sem Sir John Gieve nefndi í samtali við hann, þ.e. að Icesave yrði selt öðrum. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að ekki hafi verið minnst á þá hugmynd á fundi Fjármálaeftirlitsins með FSA í London. Síðan segir að Jónína S. Lárusdóttir hafi upplýst að bankastjórar Landsbankans komi til fundar við viðskiptaráðherra kl. 10:30 sama dag. Fram kemur að Baldur Guðlaugsson hafi spurt um tímafrest og Jónas Fr. Jónsson svarað að FSA krefjist svara fyrir lok þessa mánaðar. Þá er haft eftir Ingimundi Friðrikssyni að bankastjórar Seðlabankans hafi verið að velta fyrir sér að skrifa bréf til bankastjóra Seðlabanka Bretlands. Fyrir liggja drög að slíku bréfi sem hugsanlega verði sent í dag eða á morgun.²²⁵ Síðan segir að Jónas Fr. Jónsson telji það jákvætt að senda slíkt bréf með sjónarmiðum Seðlabankans. Skýrt komi fram í öllum samskiptum að málið sé til umfjöllunar á vettvangi þríhliða samstarfsins í Bretlandi. Því næst segir að Bolli Þór Bollason hafi spurt hvort enn sé tilfinningin sú að FSA sé jákvæðast í þríeykinu en Seðlabanki Bretlands og fjármálaráðuneytið stýri ferðinni. Fram kemur að Jónas Fr. Jónsson hafi nefnt að í síðasta bréfi FSA til Landsbankans sé beint vísað til þríhliða samstarfsins. Afleiðingar Northern Rock málsins brenni á þeim öllum. Síðan segir að Bolli Þór Bollason telji ljóst að menn séu að tryggja sig. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að FSA finnist að Landsbankinn sé að streitast á móti. Þá segir að Bolli Þór Bollason hafi sagt það sitt mat að Landsbankamenn séu ekki algjörlega að átta sig á stöðu málsins en þeir hafi verið að fara fram á yfirlýsingar frá íslenskum stjórnvöldum. Því næst er haft eftir Jónasi Fr. Jónssyni að Landsbankamenn geri sér grein fyrir stöðunni en kostir þeirra séu ekki góðir. Síðan segir að Jónína S. Lárusdóttir hafi bent á vandkvæði í samskiptum því bréf FSA vísi lítið til ramma laga og reglna, ólíkt því sem gert sé í íslenskri stjórnsýslu. Velti hún því fyrir sér hvort það sé sérstakt fyrir þetta mál. Fram kemur að Jónas telji svo ekki vera heldur hafi Bretar aðra hefð að þessu leyti. Síðan segir að Bolli Þór Bollason hafi sagt auðvelt að setja sig í spor breskra yfirvalda og hann sjái ekki að Landsbankinn sé í nokkurri stöðu til að andmæla. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að aðgerðirnar verði samt að vera innan þolmarka fyrir Landsbankann. Því næst kemur fram að Tryggvi Pálsson hafi sagt hugsanlegt að bresk stjórnvöld séu að þrýsta á lausn þeirra mála sem snúi að breskum spari-

225. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands voru umrædd drög að bréfi ekki send, sbr. umfjöllun í kafla 18.0.

fjáreigendum af meiri krafti en ella svo að takmarkaðir möguleikar íslenskra stjórnvalda til aðstoðar séu nýttir til að leysa þeirra vanda áður en komi að öðrum. Spurningin sé um forgangsöröðun íslenskra stjórnvalda vegna þess margþætta vanda sem framundan sé. Síðan segir að Bolli Þór Bollason hafi ítrekað að búið sé að hugsa þá hugsun og niðurstaðan sé að stóru bankarnir þrír verði studdir ef á þurfi að halda. Þá er haft eftir Jónasi Fr. Jónssyni að viss „draugagangur“ sé varðandi innlánstryggingarnar í Hollandi. Jónína S. Lárusdóttir hafi þá sagt að bréf hafi borist frá hollenska tryggingarsjóðnum þar sem óskað sé svara við fjölmörgum spurningum. Gengið sé eins nærri því og kostur sé að spyrja beint um opinberan stuðning. Haft er eftir Tryggva Pálssyni að íslenski tryggingarsjóðurinn og stjórnvöld þurfi að senda íslensku bönkunum þau skilaboð að þeir eigi að taka við nýjum innlánnum erlendis í dótturfélögum en ekki útibúum. Því næst segir að Ingimundur Friðriksson hafi spurt hvort búið sé að svara bréfi Clive Maxwell til Áslaugar Árnadóttur frá 7. ágúst 2008 og hvernig verði með fund hennar og Jónasar Þórðarsonar með breska tryggingarsjóðnum. Jónína S. Lárusdóttir hafi svarað og sagt það mál í undirbúningi. Ráðuneytið muni svara bréfinu og jafnframt sé tilbúin yfirlýsing í drögum sem varði afstöðu stjórnvalda til hugsanlegs stuðnings við tryggingarsjóðinn ef á þurfi að halda. Fram kemur að Jónína hafi sýnt fundarmönnum drögin. Síðan segir að Baldur Guðlaugsson hafi bent á að í drögnum komi fram að leysa megí lausafjár vanda á fyrri stigum með aðstoð Seðlabankans sem ríkið standi að baki. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að boltinn sé hjá Landsbankanum en FSA hafi vonandi samstæðuna í huga. Hann hafi nefnt árið 2010 sem aðlögunartíma fyrir stórar áhættuskuldbindingar milli Heritable og móðurbankans. Fram kemur að Baldur Guðlaugsson hafi sagt að e.t.v. sé auðveldara fyrir FSA að setta sig við aðlögunartíma ef fallist sé á meginkröfuna sem sé yfirfærsla innlána. Í drögum að fundargerð segir að Jónína hafi lagt fram skjal frá viðskiptaráðuneytinu, dags. 19. ágúst 2008, um greiðslur í tryggingarsjóðinn, til upplýsingar vegna umræðna á síðasta fundi samráðshópsins. Ef hækka eigi greiðslur í sjóðinn eða setja hærra hlutfall fyrir innlánunum eftir því hversu há þau séu þurfi að breyta lögum. Loks segir að Tryggvi Pálsson hafi afhent minnisblað um stefnu stjórnvalda og viðlagaundirbúning.

Í skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Ingimundur Friðriksson, seðlabankastjóri, spurður hver viðbrögð samráðshópsins hefðu verið við ásökunum FSA um að Landsbankinn væri að þráast við að flytja Icesave reikningana yfir í breska lögsögu og hvort rætt hefði verið um að beita Landsbankann beinskeyttum aðgerðum til að þrýsta á um tilflutninginn. Ingimundur svaraði því til að það hefðu verið mjög tíð fundarhöld á milli Landsbankans og Fjármálaeftirlitsins í þessu skyni. Í ljósi þess að fyrir lá að bresk yfirvöld voru orðin áhyggjufull yfir Icesave innlánunum, var Ingimundur spurður hvort ekki hefði verið tilefni til þess að Seðlabankinn, sérstaklega í ljósi þess hlutverks stofnunarinnar að varðveita fjármálastöðugleika, að hefðist eitthvað frekar heldur en að vísa málinu til Fjármálaeftirlitsins. Ingimundur svaraði því til að Seðlabankinn hefði beitt sér með þeim hætti „að styðja mjög eindregið þær hugmyndir sem voru uppi á fyrri hluta [ársins 2008] að flytja þetta í dótturfélagið í London og það var nú kannski fyrst og fremst það sem við gerðum“.²²⁶

226. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 29–31.

Minnisblað

Viðtakandi: Samráðshópur

Sendandi: Tryggvi Pálsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Dags: 15. ágúst 2008

Efni: Stefna stjórnvalda og viðlagaundirbúningur

Grunnforsenda er að stefna stjórnvalda sé í samræmi við yfirlýsingar ráðherra og umræður í samráðshópi, þ.e.:

1. Kerfislega mikilvægir bankar fái opinberan stuðning eða verði yfirteknir ef greiðsluhæfi þeirra brýsti ella.
2. Tryggingarsjóði verði gert kleift að standa við
 - a. lágmarks tryggingarvernd á innstæðum,
 - b. vernd upp að x. m. kr. hámarki eða
 - c. vernd fyrir alla innstæðueigendur.
3. Greiðsluhæfi ríkissjóðs verði ekki stefnt í hættu.

Ef þetta er stefna stjórnvalda ætti í viðlagaundirbúningi að leggja raunhæft mat á hámarksþol ríkissjóðs við lausn og afleiðingar fjármálaáfalls og draga eins og kostur er úr mögulegum skuldbindingum vegna innstæðuverndar og annars opinbers stuðnings. Meðal hugmynda vegna innstæðuverndar skuldbindinga eru eftirfarandi:

1. Kaupþing, Landsbanki Íslands og Glitnir:
 - a. Höfuðstöðvar eins eða tveggja þessara banka verði fluttar úr landi.
 - b. Bankarnir selji eignir og dragi úr starfsemi til að minnka umfang sitt.
2. Tryggingarsjóður:
 - a. Draga úr skuldbindingum sjóðsins með því að færa innlán í útibúum íslenskra banka erlendis yfir í dótturfélög þeirra erlendis.
 - b. Auka eignir sjóðsins með hækkun iðgjalda eða fyrirframgreiðslum.
 - c. Lokið verði við allan undirbúning sjóðsins varðandi:
 - i. Skjóta vinnslu upplýsinga um innstæðueigendur.
 - ii. Skoða valkosti við útgreiðslur, þ.e.
 1. í erlendum gjaldeyri vegna innlána erlendis,
 2. eingöngu í íslenskum krónum eða
 3. í öðrum skuldaviðurkenningum ríkissjóðs.
 - iii. Lántökur með/án milligöngu Seðlabankans.
 - iv. Útgreiðsluferli
 - v. Kynningarefni með auðskiljanlegum skilaboðum og orðalagi.

Fundur viðskiptaráðherra með bankastjórum Landsbankans 20. ágúst 2008

Hinn 20. ágúst 2008 fundaði Björgvin G. Sigurðsson með bankastjórum Landsbankans. Í gögnum frá viðskiptaráðuneytinu kemur fram að bankastjórnir hafi á fundinum lýst samskiptum sínum við FSA og hafi bréf FSA frá 15. sama mánaðar verið lagt fram. Einnig kemur fram að fundurinn hafi verið haldinn að frumkvæði Landsbankans. Nánar er vikið að þessum fundi í kafla 18.0.

Bréf viðskiptaráðuneytisins til breska fjármálaráðuneytisins 20. ágúst 2008

Hinn 20. ágúst 2008 sendi Áslaug Árnadóttir, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneyti og formaður Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, Clive Maxwell, starfsmanni breska fjármálaráðuneytisins, bréf varðandi tryggingarsjóðinn, sbr. sérstaka umfjöllun í kafla 17.0.

Fundur fyrirvarsmanna Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta með fyrirvarsmönnum breskrar systurstofnunar sjóðsins 21. ágúst 2008

Hinn 21. ágúst 2008 funduðu Áslaug Árnadóttir og Jónas Þórðarson, framkvæmdastjóri Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, með starfsmönnum hins breska tryggingarsjóðs (FSCS).

15. fundur starfshóps Seðlabanka Íslands um viðbrögð við lausafjárvanda 22. ágúst 2008

Starfshópur Seðlabankans um viðbrögð við lausafjárvanda fundaði 22. ágúst 2008. Samkvæmt fundargerð var farið yfir vinnu sem unnin hafði verið um sumarið varðandi Svörtu bókina (viðbúnaðarhandbókina). Síðan segir að fram hafi komið að töluvert hefði verið um spurningar um innlánstryggingar frá stjórnvöldum í Bretlandi og Hollandi. Verið sé að undirbúa yfirfærslu innlána útibúa í dótturfélög. Því næst segir að farið hafi verið yfir minnisblað um þau verkefni sem lokið hafi verið og verkefni sem unnið sé að. Fram kemur að Sigríður Logadóttir hafi upplýst að hún sé í nefnd lögfræðinga sem vinni fyrir samráðshópinn undir forystu fjármálaráðuneytisins og verið sé að skoða mögulegar lagabreytingar. Fram kemur að Sigríður hafi lagt áherslu á að hópar sem vinni á milli stjórnvalda að viðbúnaðarmálum verði að vera samræmdari.

Fjármálaráðherra og starfsmenn Seðlabanka Íslands funda með fulltrúa Bayerische Landesbank 28. ágúst 2008

Hinn 28. ágúst 2008 funduðu Árni M. Mathiesen, Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans, og Jón Þ. Sigurgeirsson, sérfræðingur á skrifstofu bankastjórnar Seðlabankans, með Rudolf Hanisch, starfsmanni Bayerische Landesbank, um stöðu efnahagsmála og lánamöguleika. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki undir höndum frekari upplýsingar um fundinn. Nánar er fjallað um þetta efni í kafla 4.0.

19.3.12 September 2008

Fundur íslenskra ráðamanna með fjármálaráðherra Bretlands í London 2. september 2008

Í skýrslu Sverris Hauks Gunnlaugssonar, sendiherra Íslands í London, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, hefði hringt í Sverri 22. eða 23. ágúst og spurt hann hvort hann gæti komið á fundi Björgvins G. Sigurðssonar, viðskiptaráðherra, og Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, í vikunni þar á eftir. Hægt hefði verið að koma á fundi 2. september 2008 og hefði fundurinn verið haldinn kl. 10:00 þann dag. Með viðskiptaráðherra hefðu mætt Jónína S. Lárusdóttir, ráðuneytisstjóri, Jón Þór Sturluson, Áslaug Árnadóttir, formaður stjórnar tryggingarsjóðsins og skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneyti, Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, og loks Sverrir sjálfur. Jón Sigurðsson hafði, samkvæmt samkomulagi þeirra stjórnvalda sem komu að málinu, forgöngu um að taka saman svonefnda talpunkta fyrir fundinn um það efni sem komið yrði á framfæri af hálfu íslensku fulltrúanna. Sverrir Haukur lýsti því við skýrslutöku að Björgvin hefði hafið mál sitt á því að kynna hópinn frá Íslandi og síðan veitt Jóni Sigurðssyni orðið. Hefði Jón farið yfir öll samskipti stjórnvalda við breska fjármálaeftirlitið, FSA, í tilefni af flutningi Icesave reikninga

Landsbankans úr útibúi yfir í dótturfélag. Fundurinn hefði í raun nánast verið tvítal milli Jóns Sigurðssonar og Alistair Darling. Sá síðarnefndi hefði ekki talað eins mikið og Jón en ljóst hefði verið af orðum hans að hann var vel inni í stöðu málsins um Icesave reikningana.²²⁷ Nánar er vikið að þessum fundi í kafla 18.0.

Í skýrslu Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að ljóst hefði verið að Darling þekkti málið vel. Þá sagði Björgvin: „[...] maður fann það að þeim var kappsmál að bankinn færi með þetta inn í dótturfélag, inn í breskan banka, þannig að þá væri starfsemin betur tryggð, því íslenska bankakerfið væri viðkvæmara fyrir áföllum út af veikum grunni og lítilli aðstöðu okkar til að verja kerfið.“²²⁸

Í skýrslu Jóns Þórs Sturlusonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að honum hefðu þótt sérstök viðbrögð breska fjármálaráðherra sem hefði sagt: „Skiljið þið ekki hversu alvarlegt mál þetta er?“ Íslenska sendinefndin hefði einmitt gagngert verið komin til London vegna þess hversu alvarlegt málið væri.²²⁹

Í skýrslu Geirs H. Haarde, forsætisráðherra, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom m.a. fram: „[...] viðskiptaráðherra lét vel af [fundinum], ég held að ráðuneytisstjóranum í fjármálaráðuneytinu hafi nú þótt menn kannski hafa gengið fulllangt, verið full borginmannlegir í því að svona líka að telja sig geta staðið við allar skuldbindingar og það væri ekki hérna mikið til að hafa áhyggjur af.“²³⁰

Í skýrslu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að henni hefði ekki verið kunnugt um fundinn í London fyrr en eftir á. Sagðist hún ekki minnst þess að Björgvin hefði gert sér grein fyrir að til stæði að halda fundinn.²³¹

Fundur norrænna fjármálaráðuneyta, seðlabanka og fjármálaeftirlita fer fram 3. september 2008

Hinn 3. september 2008 fór fram í Stokkhólmi fundur norrænna fjármálaráðuneyta, seðlabanka og fjármálaeftirlita. Af hálfu Íslands sóttu fundinn Baldur Guðlaugsson, Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, og Ingimundur Friðriksson, seðlabankastjóri. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki undir höndum frekari upplýsingar um fundinn.

Fundur forsætisráðherra með bankastjórum Landsbankans 3. september 2008

Samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneyti fundaði Geir H. Haarde með bankastjórum Landsbankans 3. september 2008. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki undir höndum frekari upplýsingar um fundinn.

27. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 4. september 2008

Samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað fundaði 4. september 2008. Í drögum að fundargerð segir að Jónas Fr. Jónsson hafi lagt fram töflur frá Fjármálaeftirlitinu sem sýni samanteknar niðurstöður um tölur fyrir rekstur og efnahag fjármálafyrirtækja 30. júní 2008 og 31.

227. Skýrsla Sverris Hauks Gunnlaugssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 4. maí 2009, bls. 1–2.

228. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 47–48.

229. Skýrsla Jóns Þórs Sturlusonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. maí 2009, bls. 29.

230. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 57.

231. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 18.

desember 2007. Ljóst sé að eiginfjárlutföll fjármálafyrirtækja fari lækkandi og vænta megi vandkvæða hjá nokkrum minni fyrirtækjum með haustinu við að halda hlutfallinu yfir 8%. Fram kemur að Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis, hafi spurt um sameiningarviðræður en Jónas Fr. Jónsson hafi sagt að ekkert sé fast í hendi og viðræðurnar séu frekar þreifingar en alvara. Einnig er haft eftir Jónasi að betur sé hægt að meta stöðu fjármálafyrirtækja þegar Fjármálaeftirlitið hafi farið yfir allar skýrslur þeirra. Þá verði þeim sem ekki standist álagsprófin skrifað og farið fram á úrbætur. Undir dagskrárliðnum „Erindisrekstur FSA og málefni Tryggingarsjóðsins“ kemur fram að Bolli Þór Bollason hafi spurt um aðgerðir bankanna. Síðan segir að Tryggvi Pálsson hafi sagt að of lítið sé að gerast og klukkan tifi. Þá hafi Jónas Fr. Jónsson sagt Kaupþing enn vera með áform um innlánasókn í útibúum erlendis og að hann ætli að funda með Hreiðari Má Sigurðssyni. Síðan segir að Baldur Guðlaugsson hafi sagt að ekki sé unnt að banna bönkunum að stofna útibú erlendis en það verði að finna leið til að gera óhagstætt fyrir þá að taka þar á móti innlánunum og þar með auka skuldbindingar ríkissjóðs. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að Kaupþing muni lenda í erfiðleikum með að fara inn í Holland með þessum hætti vegna afstöðu þarlendra yfirvalda. Síðan segir að Bolli Þór Bollason hafi sagt Landsbankann enn einblína á framhald í innlánasókn sem fjármögnun fyrir bankann. Því næst segir að Jónas Fr. Jónsson hafi staðfest það álit. Hann hafi síðan gert grein fyrir heimsókn sinni til eftirlitssviðs hollenska seðlabankans. Áhyggjuefni þeirra séu í meginatriðum eftirfarandi:

1. Efnahagshorfur á Íslandi.
2. Stærð íslensku bankanna miðað við stærð þjóðarbúsins. Þeir hefðu farið inn á aðra markaði með kappsfullum hætti.
3. Innlánstryggingakerfi EES væri klúður og ræða þurfi „top-up“ samninginn við Ísland. Tryggingarsjóður Íslands væri veikur og óskiljanlegt væri hvers vegna ekki sé krafist herra iðgjalds fyrir innlán erlendis frá.
4. Íslensku bankarnir gerðu út á hollenska kerfið og það væri ólíðandi. Seðlabankinn hefði lent í vanda með hollenskan banka fyrir um tveimur árum og ekki væri ætlunin að lenda í því aftur.

Síðan segir í drögum að fundargerð að Jónas Fr. Jónsson hafi sagst hafa farið yfir stöðu íslensku bankanna á fundinum með Hollendingunum og tekið fram að bankarnir hafi ekki brotið Evrópureglur í innlánasókn sinni. Viðmælendur hans hafi þá tekið fram að þeir telji sig ekki heldur vera að brjóta reglur með því að stöðva íslensku bankana af. Þeir álíti að ekki sé aðeins um lausafjávanda að ræða heldur einnig mögulegan eiginfjávanda. Það sé algengur misskilningur meðal þarlendra sparifjäreigenda að innlendi tryggingarsjóðurinn borgi fyrst út en rukki síðan heimasjóð bankans. Ef þessi misskilningur verði leiðréttur opinberlega kunni það eitt og sér að valda útstreymi innlána frá íslensku bönkunum. Hollendingar vilji ekki veita Kaupþingi heimild til innlánatöku í útibúi og ætli að stöðva Landsbankann í að auka við innlánin. Haft er eftir Bolli Þór Bollasyni að þetta sé það sama og FSA krefjist. Því næst segir að Jónas Fr. Jónsson hafi sagt að Hollendingum líði betur með starfsemi í dótturfélagi. Yfirlýsingin um opinberan stuðning við tryggingarsjóðinn sé ekki aðalatriðið. Viðmælendur hans hafi fallist á að stjórna þurfi niðurbremsuninni. Menn muni aftur ræða saman innan tveggja

„JFJ [Jónas Fr. Jónsson] sagði Kaupþing enn vera með áform um innlánasókn í útibúum erlendis. Hann ætlar að funda með Hreiðari Má Sigurðssyni. BG [Baldur Guðlaugsson] sagði ekki unnt að banna bönkunum að stofna útibú erlendis en það yrði að finna leið til að gera óhagstætt fyrir þá að taka þar á móti innlánunum og þar með auka skuldbindingar ríkissjóðs.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 4. september 2008.

vikna. Fram kemur að Bolli Þór Bollason hafi spurt hvort lánan sé stöðvun innlánssóknar uns unnt sé að færa innlánin yfir í dótturfélag. Segir að Jónas hafi sagt svo vera.

Síðar í drögum að fundargerð segir að Jónína S. Lárusdóttir hafi nefnt fund viðskiptaráðherra með fjármálaráðherra Bretlands. Áður hafi viðskiptaráðherra heimsótt Glitni og Landsbankann í London. Afstaða Landsbankans virðist enn byggjast á lögfræðilegri álitsgerð ensks lögfræðings sem Landsbankinn sendi til FSA undangenginn laugardag. Síðan segir að Jónína S. Lárusdóttir og Baldur Guðlaugsson telji að Landsbankamenn sem rætt hafi verið við í London átti sig ekki fyllilega á stöðunni. Fram kemur að Baldur Guðlaugsson hafi upplýst að um tvö bréf sé að ræða. Annars vegar um ákvæði í lánasamningum Landsbankans og hins vegar um óréttlæti krafna FSA. Haft er eftir Jónínu S. Lárusdóttur að óviðkunnanlegt sé að í öðru bréfi bankans komi fram að Landsbankanum sé kunnugt um stuðningsyfirlýsingu stjórnvalda um tryggingarsjóðinn.

Síðar í drögum að fundargerð segir að Jónína S. Lárusdóttir hafi sagt nánar frá fundi viðskiptaráðherra með Alistair Darling. Jón Sigurðsson hafi reifað málin mjög ítarlega. Ljóst hafi verið að Darling sé með allar upplýsingar um málið. Hann geri ráð fyrir að bresk yfirvöld muni ábyrgjast innstæður að fullu og hafi spurt hvert síðan ætti að senda reikninginn. Með öðrum orðum þá taki hann ekki mið af 35.000 punda hámarki innstæðutryggingar í Bretlandi, heldur miði við heildarupphæðina. Rætt hafi verið um tímarammann í dótturfélagsvæðingunni en ganga þurfi í málið sem allra fyrst. Þegar nefnt hafi verið að ekki megi ganga svo hart fram að áfall verði afleiðingin þá hafi Darling sagst hafa skilning á því.

Síðar í drögum að fundargerð er haft eftir Baldri Guðlaugssyni að nú sé kominn frestur fyrir Landsbankann. Fram kemur að Jónas Fr. Jónsson hafi upplýst að tvö bréf frá FSA til Landsbankans, dags. 3. september 2008, hafi verið að berast Fjármálaeftirlitinu en þar sé þrýst enn frekar á um flutning í dótturfélag. Því næst segir að Baldur hafi sagt ljóst að FSA gefi hvergi eftir. Þá hafi Jónas Fr. Jónsson nefnt að það sé helst jákvætt að FSA virðist tilbúið til að skoða tillögur vegna stöðu samstæðu bankans og ákvæða í samningum. Svigrúm sé veitt varðandi tímafresti en þeim mun meiri aðgerða krafist eftir því sem fresturinn sé lengri. Fram kemur að Jónas Fr. Jónsson hafi sagt Landsbankann vera að taka saman tillögur sínar til FSA og Fjármálaeftirlitið fylgist með því. Haft er eftir Bolla Þór Bollasyni að Landsbankinn sé enn að þráast við að skilja alvörupunga breskra og hollenskra stjórnvalda. Síðan segir að Jónas Fr. Jónsson hafi minnt á opnanir í bréfum FSA sem reyna megi að vinna með. Haft er eftir Baldri Guðlaugssyni að tvær leiðir séu við áfangaskiptingu. Sú fyrri sé að flytja eignir í áföngum yfir í dótturfélag eftir því sem skilmálar þeirra leyfi en hin síðari sé að flytja eignirnar hratt yfir en fá aðlögun í skilmálum.

Síðar í drögum að fundargerð segir að Jónas Fr. Jónsson hafi lagt fram yfirlit Fjármálaeftirlitsins um innstæður banka og sparisjóða 30. júní 2008 og áætlaða tryggingarvernd. Í heild nemi upphæð innan tveggja milljóna króna marksins 542 milljörðum króna. Fram kemur að Jónína S. Lárusdóttir hafi óskað eftir því að Fjármálaeftirlitið tæki saman yfirlit miðað við þá lágmarks-tryggingarvernd sem sjóðnum sé áskilið að veita, þ.e. 2,5 milljónir kr.

Því næst segir í drögum að fundargerð að Bolli Þór Bollason hafi sagt það athyglisvert að enn séu sparifjäreigendur að draga fé sitt út úr danska bank-

anum Roskilde Bank þrátt fyrir að danski seðlabankinn sé ásamt öðrum búinn að yfirtaka bankann. Einnig segir að Bolli Þór Bollason hafi stungið upp á því að Jónína og Jónas tækju saman möguleika á takmörkun innlána í útibúum íslenskra banka erlendis. Fram kemur að Baldur Guðlaugsson hafi áréttað að í lagi sé að starfrækja útibú erlendis en ekki að taka við innlánunum í þeim.

Fram kemur að á síðasta fundi hafi Jónína óskað eftir athugasemdum við drög að yfirlýsingu um innstæðuvernd sem hafi verið fylgiskjal með greinargerð viðskiptaráðuneytisins, dags. 10. apríl 2008. Síðan segir að Tryggvi Pálsson hafi lagt fram tillögu að fyrirsögn og inngangsorðum yfirlýsingar með þremur valkostum. Þá hafi Jónína S. Lárusdóttir upplýst að í samningi Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og Seðlabanka Íslands um þjónustu bankans við sjóðinn sé ákvæði um að vinna við útgreiðslur sé undanskilin. Nauðsynlegt sé að skipuleggja til hvaða úrræða megi grípa ef til slíks komi. Einnig segir að Jónína hafi boðað að lagðar verði fram tillögur til lausnar á þessum vanda.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Baldur Guðlaugsson spurður að því hvort rætt hefði verið um þann möguleika á fundi samráðshópsins 4. september 2008 að beita bindiskyldu til þess að gera það ófýsilegt að safna innlánunum í útibúum erlendis. Baldur kvaðst ekki minnst þess að það hefði borið á góma.²³²

Grein utanríkisráðherra í Fréttablaðinu 4. september 2008

Hinn 4. september 2008 birti *Fréttablaðið* grein eftir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Í greininni segir m.a.: „Við stöndum frammi fyrir þríþættu verkefni. Í fyrsta lagi lausafjávanda bankanna sem stafar einkum af skorti á lánsfé á alþjóðlegum mörkuðum.“ Síðar segir: „Bankarnir þurfa sjálfir að halda áfram að afla sér erlends lausafjár og losa um eignir þar sem það er hægt. Þeir þurfa að halda áfram að afla sér innlána á erlendum mörkuðum.“

Vonbrigði fjármálaráðherra Bretlands vegna fundar með íslenskum stjórnvöldum 2. september 2008

Hinn 5. september 2008 hélt Sverrir Haukur Gunnlaugsson símafund með Clive Maxwell, starfsmanni breska fjármálaráðuneytisins, að frumkvæði þess síðarnefnda en aðdraganda samtalsins er nánar lýst í kafla 18.0. Í minnisblaði Sverris er m.a. haft eftir Maxwell: „The Chancellor was somewhat disappointed with the meeting [on September 2] since he felt that the Icelandic side did not appreciate the seriousness of the issue at hand.“ Sverrir segist hafa svarað því til að „þvert á móti tækju íslensk stjórnvöld málið mjög alvarlega enda hefði það komið skýrt fram með þeirri mætingu sem var á fundinum þ.e.a.s. auk ráðherra hefðu verið til staðar ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins og ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins auk stjórnarformanns fjármálaeftirlitsins, sendiherra og annarra embættismanna“. Síðan segir í minnisblaði Sverris: „Clive Maxwell sagði mjög nauðsynlegt að fyrir lægju skýr viðbrögð viðkomandi aðila (einkaaðilans) næsta mánudag (8.9.) um hvernig þeir hygðust halda á málum – “what are their plans?” en til stendur að halda fund um málið þá. [...] Breska fjármálaráðuneytið vonaðist til þess að íslensk stjórnvöld ynnu að því að hvetja viðkomandi aðila til að ná niðurstöðu í málinu sem

„BDB [Bolli Þór Bollason] stakk upp á því að JSL [Jónína S. Lárusdóttir] og JFJ [Jónas Fr. Jónsson] tækju saman möguleika á takmörkun innlána í útibúum íslenskra banka erlendis. BG [Baldur Guðlaugsson] áréttaði að í lagi væri að starfrækja útibú erlendis en ekki að taka við innlánunum í þeim.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 4. september 2008.

232. Skýrsla Baldurs Guðlaugssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. mars 2009, bls. 28.

fyrst.²³³ Í kjölfar fundarins sendi Sverrir tölvubréf, m.a. til Geirs H. Haarde, þar sem hann lýsti því sem gerst hefði á fundinum með Maxwell.

28. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 9. september 2008

Samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað fundaði 9. september 2008. Í drögum að fundargerð kemur fram að Jónas Fr. Jónsson hafi dreift töflu frá Fjármálaeftirlitinu með fyllri upplýsingum um rekstur og efnahag fjármálafyrirtækja. Nokkrir sparisjóðir hafi farið undir lágmark eiginfjárhlutfalls við álagspróf hjá Fjármálaeftirlitinu. Um umræður um dagskrárliðinn „Erindisrekstur FSA og málefni Tryggingarsjóðsins“ segir að Jónas hafi sagt skuldbindingar vegna innstæðna nema 543 milljörðum króna væri tryggingarfjárhæðin miðuð við 2 milljónir kr. í stað 2,5 milljóna kr. Fram kemur að Jónas hafi rætt við Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóra Landsbankans, rétt fyrir fundinn. Landsbankinn hafi sent bréf til FSA 8. september með til-lögum sínum um framkvæmd á yfirfærslu í tveimur áföngum til dótturfélags. Fjármálaeftirlitið hafi fengið afrit af bréfinu en eftir sé að fara ítarlega yfir það. Haft er eftir Baldri Guðlaugssyni að færa þurfi yfir miklar eignir til að geta haldið því „uppstreymi“ fjármagns sem eftir verði. Haft er eftir Jónasi að Landsbankinn setji ýmis skilyrði fram í bréfinu. Bankastjóri Landsbankans muni funda með FSA 10. september. Fram kemur að Jónína S. Lárusdóttir hafi sagt frá símafundi Clive Maxwell, starfsmanns breska fjármálaráðuneytisins, og Sverris Hauks Gunnlaugssonar, sendiherra í London, sl. föstudag. Maxwell hafi lýst vonbrigðum með fundinn hjá breska fjármálaráðherranum því íslensk stjórnvöld hafi ekki virst taka málið nógu alvarlega og áriðandi sé að Landsbankinn setji fram raunhæfar tillögur. Kaupþingsmenn hafi komið á fund viðskiptaráðuneytisins daginn áður en tilefnið hafi verið að forstjóri sænska fjármálaeftirlitsins hafi lýst yfir áhyggjum af íslenska tryggingarsjóðnum. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að augljóst sé að yfirvöld í Evrópu ræði saman um þessi mál. Síðan segir að Bolli Þór Bollason hafi spurt hvernig menn meti stöðuna ef Landsbankinn nái að leysa sín mál gagnvart FSA. Jónas hafi sagt það langstærsta höfuðverkinn og spurning sé hvort lánardrottinn Landsbankans geri kröfur vegna fyrirhugaðrar yfirfærslu. Fram kemur að Ingimundur Friðriksson hafi sagt að FSA hafi ekki minnst á Kaupþing til þessa. Þá segir að Jónas Fr. Jónsson telji það byggjast á stöðu Kaupþing Singer & Friedlander sem dótturfélags. Því næst segir að Ingimundur hafi bætt því við að það sem snúi að Kaupþingi sé í Hollandi, Svíþjóð og Noregi.

Síðar í drögum að fundargerð segir að Jónína S. Lárusdóttir hafi spurt hvort málefni tryggingarsjóða hafi verið rædd á nýlegum fundi norrænna fjármálaeftirlita. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að það hafi ekki verið neitt sérstakt. Síðan segir að Tryggvi Pálsson velti fyrir sér hver staðan yrði ef bresk stjórnvöld myndu greiða út að fullu innstæður í útibúum íslenskra banka og gera endurkröfu á ríkissjóð, sbr. yfirlýsingu breska fjármálaráðherrans á fundi með viðskiptaráðherra nýlega. Ef erlendu innstæðurnar yrðu þannig varðar að fullu gæti það sett íslensk stjórnvöld í erfiðari stöðu gagnvart innlendum innstæðueigendum. Síðan segir að Jónína S. Lárusdóttir hafi spurt

„[Tryggvi Pálsson] velti fyrir sér hver staðan yrði ef bresk stjórnvöld myndu greiða út að fullu innstæður í útibúum íslenskra banka og gera endurkröfu á ríkissjóð, sbr. yfirlýsingu breska fjármálaráðherrans á fundi með viðskiptaráðherra nýlega. Ef erlendu innstæðurnar yrðu þannig varðar að fullu gæti það sett íslensk stjórnvöld í erfiðari stöðu gagnvart innlendum innstæðueigendum.“

Drög samráðshóps stjórnvalda að fundargerð 9. september 2008.

233. Minnisblað Sverris Hauks Gunnlaugssonar: „Minnisblað vegna ráðherrafundar um Icesave málið í London 2.9.2008“, dags. 10. febrúar 2009.

hvað Landsbankinn sé með af innstæðum í Hollandi. Jónas Fr. Jónsson hafi svarað að upphæðin nálgist 1,6 milljarða evra. Fram kemur að Ingimundur Friðriksson hafi spurt hvort búið sé að fastsetja fund Fjármálaeftirlitsins og hollenska seðlabankans. Jónas Fr. Jónsson hafi sagt svo ekki vera en hann hafi lagt til að hist verði að nýju eftir hálfan mánuð. Síðan segir að Ingimundur Friðriksson hafi sagt vísbendingar frá fundum seðlabankastjóra í Basel sýna að „óvinsamlegheit“ hollenska seðlabankastjórans hafi ekki minnkað. Loks er haft eftir Jónasi Fr. Jónssyni að litið sé á fjármálakerfið á Íslandi sem veikan kanarífugl í námunni.

Fundur bankaráðs Seðlabanka Íslands 11. september 2008

Bankaráð Seðlabankans fundaði 11. september 2008. Í fundargerð kemur fram að Ragnar Arnalds hafi spurt um ábyrgð íslenskra stjórnvalda á innstæðum erlendis. Davíð Oddsson hafi sagt að ábyrgðin sé talin mismunandi eftir því hvort um sé að ræða dótturfélag eða útibú. Dótturfélag sé hluti af viðkomandi kerfi, en varðandi innstæður í útibúum sé gert ráð fyrir því að íslenski sjóðurinn komi til varnar ásamt því sem kallað sé „top-up“. Landsbanki Íslands hafi orðið fyrir „semi run“ í vor, en þá hafi 900 milljónir punda runnið út. Landsbankinn hafi staðið þetta af sér, en ekki hafi miklu mátt muna. Landsbankinn hafi verið að auka hlut bundinna innlána t.d. 1-3-6 og 12 mánuði, en þau nemi nú um helmingi innstæðna í Bretlandi. Af tæplega 5 milljörðum punda séu 2,8 milljarðar óbundin innlán. Landsbankinn sé með þetta í útibúi í London. Í fundargerðinni segir einnig: „Davíð Oddsson sagði að fjármálayfirvöld í Evrópu beittu valdi sínu af mikilli hörku. Til dæmis hafi hollensk yfirvöld stöðvað Icesave Landsbanka Íslands og Kaupþing EDGE og norsk yfirvöld hefðu hafnað ósk Kaupþings um stærri hlut í Storebrand án nokkurra skýringa.“

Fundur forsætisráðherra með formanni bankastjórnar Seðlabanka Íslands 11. september 2008

Geir H. Haarde fundaði með Davíð Oddssyni 11. september 2008. Forsætisráðuneytið hefur lýst því að umræðuefni fundarins hafi verið staða á fjármálamörkuðum. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki undir höndum frekari upplýsingar um fundinn.

Minnisblað efnahagsráðgjafa forsætisráðherra 14. september 2008

Rannsóknarnefnd Alþingis hefur undir höndum minnisblað Tryggva Þórs Herbertssonar til Geirs H. Haarde, dags. 14. september 2008. Minnisblaðið er nefnt „Drög að efnahagstillögum“. Þar eru settar fram tillögur sem ætlað er að mæta efnahagsvanda Íslendinga. Fram kemur að aðgerðum sé skipt í þrennt, bæði varðandi tíma og tegund aðgerða. Síðan segir: „Brýnt er að til skamms tíma beinist aðgerðir að því að tryggja bönkunum lausafé, til meðallangs tíma að treysta fjármálastöðugleika í landinu og tryggja heimilum og fyrirtækjum í landinu lánsfé og til langs tíma að efla hagvöxt og grunn atvinnulífsins.“ Síðan eru taldar upp aðgerðir sem sagðar eru til skamms tíma:

1. Sett verði upp sérstakt tímabundið lausafjárplan þar sem fjármálastofnunum verði gefið færi á að skipta tímabundið á eignum á efnahagsreikningi sínum við hið opinbera og láta í skiptum ríkisskuldabréf sem gefin væru út í erlendri mynt sem þær síðan gætu notað í endurhverfum viðskiptum.

2. Eignir Íbúðalánasjóðs verði verðbréfaðar með það í huga að hægt verði að selja þær og/ eða nýta í endurhverfum viðskiptum erlendis.
3. Áfram verði haldið að styrkja gjaldeyrisvarasjóð Seðlabanka Íslands.
4. Gerð verði úttekt á umgjörð peningamálastefnunnar og árangrinum af henni frá upptöku verðbólguþröðvarkmiðs í mars 2001. Úttektin taki um tvo mánuði og í framhaldi af henni verði gerðar nauðsynlegar breytingar á umgjörðinni ef þurfa þyki.
5. Stuðlað verði að hagræðingu í fjármálakerfinu.

Síðan eru taldar upp aðgerðir sem sagðar eru til meðallangs tíma:

6. Sjóðstreymi orkuvera Landsvirkjunar verði verðbréfað og það selt á alþjóðlegum markaði. Andvirðið verði annars vegar notað til að greiða skuldir Landsvirkjunar og hins vegar til að styrkja enn frekar gjaldeyrisvarasjóð Seðlabanka Íslands.
7. Íbúðalánasjóði verði breytt í heildsölubanka í þeim tilgangi að virkja betur miðlanaferli peningastefnunnar og tengja betur saman hagsveifluna og magn útlána til fasteignakaupa. Samið verði um félagsleg úrræði beint við hefðbundnar lánastofnanir.
8. Ráðist verði í breytingar á fjármálastefnu hins opinbera til að veita peningamálastefnunni betri stuðning en nú er.

Loks eru taldar upp aðgerðir sem sagðar eru til lengri tíma:

9. Gerð verði á næstu tveimur mánuðum orkunýtingarstefna fyrir Ísland sem miði að því að kortleggja hvernig nýta megi sem best orkuauðlindir Íslands, með (hógvær) náttúruverndarsjónarmið að leiðarljósi.
10. Gerð verði áætlun til næstu tveggja ára um hvernig bjóða megi fjárfestum aðgang að orku og í tengslum við það verði sett fram víðtæk virkjanaáætlun.
11. Leitað verði erlendra fjárfesta í sem flestum geirum atvinnulífsins til að tryggja undirstöður þess sem best.
12. Leitast verði við að fjárfesta sem mest í innviðum samfélagsins, s.s. upplýsingaflutningi við umheiminn og samgöngum innanlands. Þetta verði gert í samstarfi við einkaaðila.
13. Gerð verði úttekt á því hvernig auka megi hagkvæmni þeirrar umgjarðar sem hið opinbera býr atvinnulífinu. Úttektin verði gerð í samráði við aðila vinnumarkaðarins og taki hún ekki lengri tíma en þrjá mánuði. Í framhaldi af því verði ráðist í nauðsynlegar breytingar.
14. Hugað verði að einkavæðingu stofnana eða hluta þeirra.
15. Fjármálaeftirliti verði skipt upp í tvennt. Annars vegar verði um að ræða sjálfstæða stofnun sem sjái um neytendavernd og hins vegar stofnun sem hafi eftirlit með öðrum þáttum fjármálakerfisins og heyrir hún beint undir Seðlabanka Íslands.²³⁴

Lehman Brothers í Bandaríkjunum sækir um greiðslustöðvun

15. september 2008

Hinn 15. september 2008 sótti bandaríski fjárfestingarbankinn Lehman Brothers um greiðslustöðvun.

234. Minnisblað Tryggva Þórs Herbertssonar til forsætisráðherra: „Drög að efnahagstillögum“, dags. 14. september 2008.

Tölvubréf Tryggva Pálssonar til bankastjórnar Seðlabanka Íslands

15. september 2008

Kl. 12:58 15. september 2008 sendi Tryggvi Pálsson bankastjórn Seðlabankans tölvubréf. Í því er rætt um hvenær hægt sé að funda næst með bankastjórum íslensku viðskiptabankanna. Í bréfinu segir m.a.: „Lárus [Welding] hringdi til mín og sagði ástandið aldrei hafa verið jafn alvarlegt áður. Bein áhætta Glitnis vegna skiptasamninga við Lehman og skuldabréfa er takmörkuð. Ég spurði hvort þeir gætu ráðið við gjalddagana í október. Hann sagði svo vera ef þeirra áætlanir gengju eftir. Þrengri reglur SÍ væru ekki að hjálpa þeim en Glitnir eigi hæfar eignir til endurkaupa sem mætti nýta.“

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með Kaupþingi 15. september 2008

Kl. 13:30 15. september 2008 fundaði bankastjórn Seðlabankans með Kaupþingi. Af drögum Seðlabankans að fundargerð má ráða að rætt hafi verið um fall Lehman Brothers og flutning höfuðstöðva Kaupþings frá Íslandi. Haft er eftir Hreiðari Má Sigurðssyni, forstjóra Kaupþings, að bankinn hafi aflað sér lögfræðialits varðandi flutning höfuðstöðva. Slíkt muni líklega einfalda flutninginn.

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með Landsbankanum

15. september 2008

Kl. 17:30 15. september 2008 fundaði bankastjórn Seðlabankans með Landsbankanum. Af drögum Seðlabankans að fundargerð má ráða að rætt hafi verið um málefni XL Leisure, Eimskip og áhrif af falli Lehman Brothers. Einnig kemur fram að rætt hafi verið um afstöðu breskra og hollenskra yfirvalda gagnvart Icesave innlánsreikningum Landsbankans.

Fundur ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis með forsætisráðherra og utanríkisráðherra um miðjan september 2008

Um miðjan september 2008 fundaði Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis, með Geir H. Haarde og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, utanríkisráðherra. Bolli Þór Bollason lýsti því við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að á fundinum hefði hann farið yfir þær fjárhæðir „sem hugsanlega væru í spilu, sem sagt eftir því hvort menn tækju þrjár, fjórar eða fimm milljónir“ varðandi ábyrgð á innstæðum.²³⁵ Um fundinn er einnig rætt í drögum samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað að fundargerð frá 16. september 2008.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýsti Geir H. Haarde fundinum með eftirfarandi orðum: „Þá erum við að ræða bara sem sagt svona einhverjar „akút“ sviðsmyndir, ef að hlutirnir fara á versta veg. Ég man nú ekki til þess að það hafi verið lögð fram einhver skjöl þá um þetta. Og eins og gjarnan þá er þetta ekki rætt eins og eitthvað sem sé yfirvofandi, þetta er rætt meira sem svona fjarlægur möguleiki.“²³⁶

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýsti Ingibjörg Sólrún Gísladóttir því að hún minntist ekki framangreinds fundar og að hún hefði örugglega skráð slíkan fund hjá sér ef um hann hefði verið að ræða. Hún hefði fundað með forsætisráðherra 14. september 2008 en þar hefði ekki verið rætt um viðbragðsáætlanir. Hins vegar hafi þar verið rætt um „efnahagsmál, gengismál og vinnumarkaðsmál út frá minnisblaði frá Tryggva Þór [Herbertssyni], dagsettu 14. september.“²³⁷

235. Skýrsla Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 29.

236. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 79.

237. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 18.

29. fundur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 16. september 2008

Samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað fundaði 16. september 2008. Samkvæmt drögum að fundargerð fór Jónas Fr. Jónsson yfir áhættu íslenskra banka vegna gjaldþrots Lehman Brothers. Áætlað endurheimtuhlutfall sé 50–60% af því sem sé í hættu. Áhættan virðist vera 0,5–1,3% af eiginfjárgrunni stóru viðskiptabankanna en meiri hjá Straumi og Icebank. Því næst segir í fundargerð að Bolli Þór Bollason hafi vikið umræðum að málefnum tryggingarsjóðsins og spurt hvernig staðan sé varðandi samskipti Landsbankans og breska fjármálaeftirlitsins, FSA. Fram kemur að Jónas Fr. Jónsson hafi upplýst að stjórnendur FSA fundi samdægurs um málið. Síðan segir að Bolli Þór Bollason hafi spurt um stöðuna varðandi hollenska seðlabankann. Haft er eftir Jónasi Fr. Jónssyni að Kaupþing ætli ekki í átök við bankann en ætli þó að reyna að sækja um leyfi fyrir útibú frá dótturfélagi sínu í Lúxemborg. Síðan segir að Bolli Þór Bollason hafi spurt um önnur lönd, á borð við Austurríki. Fram kemur að Ingimundur Friðriksson hafi nefnt að yfirvöld allra þessara landa ræði saman. Síðan segir að Baldur Guðlaugsson hafi sagt að ef hollensk stjórnvöld geti samþykkt útibú frá dótturfélagi í Lúxemborg geti falist í því afstaða til mismunandi innlánstrygginga í Lúxemborg og á Íslandi og þá vantraust á „okkar kerfi“. Í umræðum undir dagskrárliðnum „Ólystugi matseðillinn“ var greint frá því að Bolli Þór Bollason hefði farið að beiðni forsætisráðherra yfir stöðuna með honum og utanríkisráðherra. Rætt hefði verið m.a. um viðbragðsáætlanir. Fyrsta spurningin sé um hugsanlegar yfirlýsingar um vernd innstæðueigenda. Þrjár útgáfur liggi fyrir sem gangi mislangt. Reynt sé að átta sig á stærðargráðum. Ef miðað sé við vernd innstæðna allt að 5 milljónum kr. þá sé verið að tryggja um 90% innstæðna. Ráðherrarnir séu helst að horfa á síðari kostina tvo, þ.e. meira en lágmarksvernd. Farið hafi verið yfir hverjar séu viðbragðsáætlanir ef stór banki fari í greiðsluþrot. Ráðherrarnir hafi báðir verið á þeirri skoðun að stjórnvöld myndu helst koma að stuðningi við stærstu bankana þrjá. Líklegt sé að þeir komist allir í vanda ef það hendi einn þeirra. Draga þurfi upp útfærslur sem svör við „Ólystuga matsaðlinum“. Þetta þurfi að vinna hratt því hættan hafi aukist í kjölfar atburða síðustu helgar.

Síðar í drögum að fundargerð segir að Bolli Þór Bollason hafi spurt Baldur Guðlaugsson hversu langt „lögfræðingahópurinn“ sé kominn. Haft er eftir Baldri Guðlaugssyni að hann ætli að fara að fylgjast betur með hópnum. Flækjurnar séu fjölmargar og óljóst með áhrif atburða á valkosti stjórnvalda. Fá þurfi meiri upplýsingar um starfsemi bankanna. Spurning sé hvort gera þurfi mun á innlendum og erlendum skuldbindingum. Síðan er haft eftir Baldri: „Getur það verið að ríkið standi nú lítið betur en bankarnir á erlendum lánamörkuðum? Getum við staðið við þessar skuldbindingar þótt við vildum það?“ Þá hafi Jónas Fr. Jónsson sagt það mikilvæga forsendu að fá ákvörðun um hvaða mörk eigi að miða við í innstæðuvernd, þ.e. 5 milljónir króna frekar en allt. Því næst er haft eftir Baldri Guðlaugssyni að nauðsynlegt sé að fara í gegnum þessi flækjustig. Fram kemur að Jónas Fr. Jónsson hafi sagt að ekki sé annars úrkosti en að bjarga stóru bönkunum þremur. Ef ríkið þurfi að yfirtaka banka geti þurft að taka þá afstöðu að takmarka og fresta greiðslum. Haft er eftir Ingimundi Friðrikssyni að setja þurfi lagalega þáttinn á blað. Því næst segir að Baldur Guðlaugsson hafi sagt sjálfan textann vera aukaatriði en ná þurfi utan um málið með því að teikna upp valkostina. Síðan

segir að Jónas hafi lagt áherslu á mikilvægi góðs undirbúnings. Haft er eftir Baldri Guðlaugssyni að ekki verði tekin ákvörðun nú um fjárhæð aðstoðar. Því næst segir að Bolli Þór Bollason hafi sagt að ráðherrarnir hafi einnig rætt um hverjum eigi að bjarga. Ekki sé ætlunin að bjarga hluthöfum og ekki sé sjálfgefið að taka eigi tillit til allra skuldbindinga. Tímaröðin sé eftirfarandi: Fyrst verði að liggja fyrir drög að yfirlýsingum um innstæðuvernd og fleira. Þess megi vænta að sama sólarhring geti þurft drög að lagafrumvörpum um m.a. yfirtöku og aðkomu nýrra fjárfesta. Ef til vill gefist lengri tími fyrir önnur atriði. Haft er eftir Baldri Guðlaugssyni að ef eignir og skuldir verði færðar yfir á annan lögaðila sé auðveldara að skilja eftir ákveðnar skuldbindingar. Fram kemur að Jónas Fr. Jónsson hafi bætt því við að væntanlega þurfi að færa niður kröfur og búast megi við að hagsmunaaðilar höfði dómsmál. Taka þurfi tillit til margra ákvæða svo sem „change of control“ ákvæða. Síðan segir að Bolli Þór Bollason hafi nefnt að eins og staðan sé nú finnst væntanlega ekki margir viljugir kaupendur. Því næst segir að Tryggvi Pálsson hafi spurt hvort „lögfræðingahópurinn“ geti útfært hvernig færa megi eignir og skuldir yfir til nýs lögaðila og hvort ekki sé nauðsynlegt að fá ráðgjöf endurskoðenda. Einnig þurfi að setja hópnum tímafrest. Fram kemur að Baldur Guðlaugsson hafi sagst setja hópnum tímamörk. Hann hafi látið fulltrúa ráðuneytisins fá skjalið um sviðsmynd fjármálaáfalls. Haft er eftir Jónínu S. Lárusdóttur að hún hafi afhent fulltrúa viðskiptaráðuneytisins sama gagn. Síðan segir að Jónas Fr. Jónsson velti því fyrir sér hvort Lárus Finnbogason, fyrrverandi stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, geti sem endurskoðandi verið hópnum til aðstoðar. Því næst segir að Jónas hafi farið yfir „Ólystuga matseðilinn“ frá 25. apríl 2008. Liðir 5 og 6 í skjalinu séu taldir tengjast viðfangsefni „lögfræðingahópsins“, þ.e. meginskilyrði fyrir eiginfjárstuðningi og texti lagafrumvarps um m.a. þynningu hluta, þvingaðan samruna og brúunarbanka. Í drögum að fundargerð segir að rætt hafi verið um eðli innstæðu-tryggingar, þ.e. föst mörk miðað við ákveðna tímasetningu eða ótímabundin. Reikna megi með því að hvort tveggja geti valdið viðbrögðum innstæðueigenda sem geti hugsanlega aukið skuldbindingar ríkisins. Þetta þurfi að hugsa og komast að niðurstöðu um tilhlýðilegt orðalag í drögum að yfirlýsingu um innstæðuvernd. Síðan segir að Jónas Fr. Jónsson hafi minnt á að ef Icesave innlánin verði færð yfir í dótturfélag þá verði innstæðu-tryggingin viðráðanlegri fyrir stjórnvöld. Fram kemur að Jónína S. Lárusdóttir hafi spurt hvort ekki sé nauðsynlegt að ráðast aftur í útreikninga á fjárhæðum innstæðu-trygginga m.t.t. hugsanlegra viðbragða. Einnig segir að Jónas Fr. Jónsson hafi sagt að Fjármálaeftirlitið kanni stöðuna aftur í næsta mánuði. Loks segir að Jónína S. Lárusdóttir hafi upplýst að hafin sé að nýju vinna að auknum heimildum Fjármálaeftirlitsins en unnið hafi verið að þessu verki síðast árið 2006.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Björgvin G. Sigurðsson spurður að því hvort honum hefði verið kunnugt um að ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins hefði farið yfir stöðu mála með forsætisráðherra og utanríkisráðherra, eins og lýst er í fundargerð samráðshóps stjórnvalda frá 16. september 2008. Björgvin svaraði því til að hann hefði ekki vitað um þennan fund.²³⁸

Við skýrslutöku var Geir H. Haarde spurður að því hvaða skilaboð hann og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefðu sent inn á fund samráðsnefndarinnar

238. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. maí 2009, bls. 37.

16. september 2008. Geir svaraði: „Þau voru ekki „konkret“ að því leytnu til að það væri lagt fyrir menn eitthvert ákveðið í þessum skilningi og ég held að við höfum ekki verið að ræða þetta vegna þess að við óttuðumst að þetta myndi gerast innan 10 daga, þetta er kannski almennara en það.“²³⁹ Í skýrslu Geirs H. Haarde kom einnig fram að honum hefði skilist að það hefði verið fremur rólegt á fundi samráðshópsins 16. september 2008. Þá hefðu legið fyrir álagspróf Fjármálaeftirlitsins sem ekki hefðu gefið tilefni til sérstakra viðbragða. Þegar hann hefði haldið til New York 20. september 2008 hefði hann verið grandalaus um það sem í vændum var.²⁴⁰

Fundur bankastjórnar Seðlabanka Íslands með Glitni 16. september 2008

Kl. 15:30 16. september 2008 fundaði bankastjórn Seðlabankans með Glitni. Í drögum Seðlabankans að fundargerð segir að Lárus Welding, forstjóri Glitnis, hafi rætt um „dramatísk áhrif“ af falli Lehman Brothers. Haft er eftir Vilhelm Má Þorsteinssyni, framkvæmdastjóra fjárfstýringar Glitnis, að munnlegt samkomulag sé um að tvö lán til Glitnis sem séu á gjalddaga í mánuðinum verði framlengd. Varðandi gjalddaga á lánum bankans í október 2008 er haft eftir Vilhelm að Glitnir sé „á fullu að pakka eignum“. Síðar er haft eftir Lárusi Welding að unnið sé að því að bjóða upp á innlánsreikninga í Bretlandi. Breska fjármálaeftirlitið, FSA, sætti sig ekki við að slíkt verði í útibúi. Síðan er haft eftir Davíð Oddssyni: „Áköf innlánasala mætir andstöðu og blásið á Evrópurétt ef þeim sýnist. Þeir vilja ekki láta rugga innlánasamkeppni, sbr. í Hollandi.“ Síðar í skjalinu segir að Ingimundur Friðriksson hafi spurt um aðkomu fjárfesta að Glitni. Því næst er haft eftir Lárusi Welding: „Með J.P. Morgan og Credit Suisse í málinu en fjárfestirinn missti kjarkinn vegna Washington Mutual o.fl. sem þeir eiga í. Búum við betri gæði eigna, bæði hér og í Noregi. Verðum við og Kaupþing að fara? Ef við fengjum heimamund. Komið vel út úr áreiðanleikakönnunum.“ Síðar er haft eftir Lárusi að viðræður við Byr sparisjóð um sameiningu gætu hafist um næstu helgi. Slíkt gæti styrkt heildina. Undir lok skjalsins er síðan haft eftir Lárusi að hann muni hitta Geir H. Haarde um næstu helgi.

Fundur forsætisráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands 18. september 2008

Hinn 18. september fundaði Geir H. Haarde með bankastjórn Seðlabanka Íslands. Samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneyti var á fundinum rætt um stöðuna á fjármálamörkuðum.

Fundur viðskiptaráðherra með efnahagsráðgjafa forsætisráðherra 19. september 2008

Hinn 19. september 2008 funduðu Björgvin G. Sigurðsson og Jón Þór Sturluson með Tryggva Þór Herbertssyni, efnahagsráðgjafa forsætisráðherra. Samkvæmt upplýsingum frá viðskiptaráðuneyti var m.a. rætt um stöðu bankakerfisins á fundinum.

Skýrsla Seðlabanka Svíþjóðar um íslenska banka 22. september 2008

Seðlabanki Svíþjóðar vann sérstaka skýrslu um íslenska banka, „An assessment of Icelandic banks: Update September 2008“, dags. 22. september 2008.

239. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 3. júlí 2009, bls. 2.

240. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 67.

Seðlabanki Íslands fékk í hendur afrit þessarar skýrslu. Á bls. 2 í skýrslunni segir: „Assuming business as usual - i.e., that loans keep being renewed, deposits are intact, and no securitization of assets - Kaupthing and Landsbanki have at current about 10–12 months of positive cash flow, and Glitnir about 5 months. The deterioration in Glitnir's case since April (then 9 months' positive cash flow) is mainly due to larger redemptions now being closer in time. In October Glitnir faces debt redemptions of about EUR 900 Millions, or 25% of its funding need for 2008.“ Í 5. kafla um eignarhald og lánveitingar segir m.a.: „In FME's on-site inspection of the six largest financial undertakings in 2007, substantial risks were identified in four undertakings with respect to large exposures and exposures to related parties. Also, policy, credit rules, supervision and internal review were largely found unsatisfactory.“ Því næst segir: „Given the degree of cross-ownership and related lending in the Icelandic financial sector, implementation of the Financial Conglomerates Directive (FCD) would be desirable. Iceland has adopted but not yet implemented the directive, and the FME has not yet evaluated how the assessment of banks and their owner groups would be affected.“

Við skýrslutöku sagði Tryggvi Pálsson um þessa skýrslu: „Já, þeir gerðu úttekt hjá okkur, dagsetta 30. apríl og síðan september. Í september var vísað til..., við höfðum reyndar í millitíðinni verið að senda þeim ýmis gögn, uppfærðar tölur. Perla hafði haft milligöngu um það og Ragnar Hafliðason sem sendu þeim viðbótargögn. Ríkisbankan óskaði eftir því að fá tölur yfir, eða að fá að sjá hverjir væru stærstu skuldarar. Seinni skýrslan er 22.9. hjá þeim, „update“. [...] ég [minnst] samtals við Jónas Fr. þar sem hann sagði að þeir vildu gefa Svíunum þetta ekki með nöfnum fyrirtækjanna heldur með númerum, en Svíarnir vildu fá meira. Og við vorum þá ekki með neitt ítarlegri upplýsingar en Svíarnir voru, við vorum ekki með nöfn þessara aðila. Fjármálaeftirlitið var með þessi gögn og það var af okkar hálfu, kannski ekki litið svo á að við ættum að vera að grafa ofan í sömu dæmi og eftirlitið. Þarna er svona dæmi sem við teljum að betri samvinna og betri upplýsingaskipti milli Seðlabanka og Fjármálaeftirlits hefðu verið mjög til bóta.“²⁴¹

Við skýrslutöku lýsti Ragnar Hafliðason, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, ástæðu þess að upplýsingar til Seðlabanka Svíþjóðar voru takmarkaðar: „Það voru bara alls konar upplýsingar um stóra lánþega og við bara reyndum að svara þeim eftir bestu getu. Við töldum okkur reyndar ekki stætt á að gefa þeim upp alveg nafnalista á þessum stærstu skuldurum, bara út af bankaleynd [...]“.“²⁴²

19.4 Nánar um samráðshóp stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað

19.4.1 Hlutverk samráðshópsins að mati þeirra sem skýrslur gáfu fyrir rannsóknarnefnd Alþingis

Eins og fram kemur í þeim samningi um samráðshóp stjórnvalda frá 21. febrúar 2006 sem lýst er í kafla 19.2 átti samráðshópurinn að vera vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta. Tekið var fram að hann væri ráðgefandi en tæki ekki ákvarðanir um aðgerðir. Það er fróðlegt að velta fyrir sér skoðunum þeirra sem sæti áttu í samráðshópnum um það hvert hlutverk hans var. Í skýrslu Bolla Þórs Bollasonar, ráðuneyttisstjóra forsætisráðuneytisins, fyrir

„Viðbúnaður og verklag

Samráðshópurinn er vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta. Hann er ráðgefandi og tekur ekki ákvarðanir um aðgerðir. Samráðshópurinn útbýr og heldur við lista yfir helstu tengiliði. Hann getur staðið að og tekið þátt í viðlagæfingum eins og þeim sem hafa farið fram í samvinnu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Skapist þær aðstæður að fjármálakerfinu sé talin hætta búin vegna áfalls í fjármálafyrirtæki eða á markaði skal efnt til umfjöllunar í samráðshópnum án tafar. Viðbrögð við slíkum vanda eru háð aðstæðum hverju sinni en grundvallaratriði er að eigendur og stjórnendur fjármálafyrirtækja sem og markaðsaðilar leysi vanda sinn sjálfir.“

Úr samkomulagi forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um samráð varðandi fjármálastöðugleika og viðbúnað frá 21. febrúar 2006.

241. Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 10. mars 2009, bls. 31.

242. Skýrsla Ragnars Hafliðasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. september 2009, bls. 19.

rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að tildrög þess að samráðshópurinn var settur á fót hefðu verið að þörf var á því að „fara að vinna að viðbragðsáætlun sem gæti þá verið til staðar og stjórnvöld væru þá tiltölulega fljót að grípa til aðgerða til þess að bregðast við yfirvofandi fjármálaafalli“.²⁴³

Áslaug Árnadóttir, skrifstofustjóri viðskiptaráðuneytis, gegndi stöðu setts ráðuneytisstjóra frá því um miðjan desember 2007 fram til 1. ágúst 2008 og sat á því tímabili í samráðshópnum. Í skýrslu Áslaugar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að hópurinn hefði aðallega verið upplýsinga- og samráðsvettvangur og að hennar mati hefði „verið mjög eðlilegt að hann hefði komið með einhvers konar áætlanir, viðbragðsáætlanir“. Ekki hefði hins vegar komið til þess að slíkar áætlanir væru lagðar fyrir ráðherra.²⁴⁴

Í skýrslu Jónínu S. Lárusdóttur, ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins, kom fram að samráðshópurinn hefði verið „vettvangur upplýsingagjafar, að skiptast á upplýsingum og ráða ráðum sínum hvað þessi mál varðar, en hann var ekki ákvörðunaraðili“.²⁴⁵

Í skýrslu Baldurs Guðlaugssonar, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, kom einnig fram að samráðshópurinn hefði „fyrst og fremst bara [verið] vettvangur þar sem að menn komu saman og miðluðu upplýsingum“. Þannig hefði gagnsemin legið í því að það var reynt að draga saman upplýsingar á einn stað. Á hinn bóginn hefðu því verið takmörk sett hvaða upplýsingum mátti miðla til samráðshópsins og hefði Fjármálaeftirlitið talið sig bundið trúnaði um ýmislegt. Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið hefðu síðan haft ákveðna sérstöðu í samráðshópnum þar sem stofnanirnar hefðu gert með sér sérstakan samstarfssamning.²⁴⁶ Aðspurður hvort það hefði ekki verið hlutverk samráðshópsins að setja fram tillögur til að leggja fyrir ráðherra til ákvörðunar, svaraði hann því til að það hefði sjálfsagt getað komið til þess, en það hefði ekki orðið nema að því leyti sem samráðshópurinn setti af stað vinnu við gerð viðbragðsáætlunar.²⁴⁷

Athygli vekur að viðhorf Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins til samráðshópsins voru nokkuð önnur en fulltrúa ráðuneytanna. Í skýrslu Davíðs Oddssonar kom fram að samráðshópurinn hefði átt „að vera með puttann á púlsinum“. Þannig hefði samráðshópurinn verið söfnunaraðili fyrir upplýsingar og með honum ætti að vera tryggt að ekki yrði misskilningur um verkaskiptingu þannig að verkefni féllu niður á milli stofnana. Hefði Seðlabankinn talið samráðshópinn afar mikilvægan þar sem bankastjórnin teldi að sjónarmið Seðlabankans, sem sett voru fram við ráðherra, hefðu oft mátt sín lítils gegn sjónarmiðum fjármálastofnana á þessum tíma. Þess vegna hefði skipt miklu máli að ráðuneytisstjórar fengju aðgang að upplýsingum og væru upplýstir um stöðu og gang mála þannig að þeir gætu miðlað réttum upplýsingum til ráðherra sinna. Þegar á liði tortryggðu pólitískir ráðherrar flesta ef ekki alla nema helst ef þeir treysta ráðuneytisstjóranum og „sínum mönnum“ og því væri þýðingarmikið að þeir uppgötvuðu sjálfir stöðu mála frá þeim.²⁴⁸

Í skýrslu Jónasar Fr. Jónssonar, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, kom fram að samráðshópurinn hefði verið upplýsinga- og samráðsvettvangur stjórnvalda.

243. Skýrsla Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 3–4.

244. Skýrsla Áslaugar Árnadóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. mars 2009, bls. 38–39.

245. Skýrsla Jónínu S. Lárusdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 31. mars 2009, bls. 5.

246. Skýrsla Baldurs Guðlaugssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. mars 2009, bls. 11–12.

247. Skýrsla Baldurs Guðlaugssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. mars 2009, bls. 11.

248. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 32–33.

Þar hefði verið metið hvert kerfið væri að þróast og hvaða breytinga á reglum og starfsháttum þyrfti að grípa til. Mikilvægt hlutverk hópsins hefði falist í því að skilgreina þær ákvarðanir sem þyrfti að taka þótt það heyrði síðan undir hverja valdbæra stofnun að taka ákvarðanirnar sem undir hana heyrðu. Hefði þetta ekki síst átt við um þær ákvarðanir sem væru pólitískar og ráðherrar þyrftu að taka.²⁴⁹

Í skýrslu Geirs H. Haarde, forsætisráðherra, kom fram að hann hefði litið svo á að ef samráðshópurinn teldi það nauðsynlegt við einhverjar aðstæður að koma með beinar tillögur þá ætti hann að gera það annaðhvort sem hópur eða þá einhverjir úr honum sem bæru fram tillögur við hlutaðeigandi ráðherra. Það hefði verið hlutverk samráðshópsins að gera tillögu um stefnu varðandi aðgerðaáætlun.²⁵⁰

Í skýrslu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra, kom fram að hún hefði ekkert heyrt frá samráðshópnum, enda hefði ekkert borist inn á ríkisstjórnarfund frá honum, hvorki minnisblað, tillögur eða greining.²⁵¹

Í skýrslu Össurar Skarphéðinssonar, iðnaðarráðherra, kom fram að hann hefði heyrt um samráðshópinn á ríkisstjórnarfund frá forsætisráðherra fyrir páskana 2008 og honum hefði skilist að hlutverk hans væri að semja við-bragðsáætlun.²⁵²

Í skýrslu Árna M. Mathiesen, fjármálaráðherra, kom fram að samráðshópurinn hefði haft fullt umboð til þess að vinna þá viðlagavinnu sem hann teldi nauðsynlega. Ef það þyrfti atbeina ríkisstjórnarinnar til hefði hlutaðeigandi stofnun borið að bera málið upp við fagraráðherra sinn. Hann kannaðist ekki við að samráðshópurinn hefði sent ráðherrum skriflegar tillögur til afgreiðslu. Árni var einnig spurður hvort það væri rétt skilið að þeir ráðherrar, sem áttu fulltrúa í samráðshópnum auk utanríkisráðherra, hefðu aldrei komið saman til fundar þar sem farið hefði verið yfir þau skjöl og áætlanir sem samráðshópurinn hafði útbúið og vann að. Í skýrslu sinni sagði Árni að slíkur fundur hefði ekki verið haldinn.²⁵³

Í skýrslu Björgvins G. Sigurðssonar, viðskiptaráðherra, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að samráðshópurinn hefði verið mikill leynihópur, sem ekki hefði mátt upplýsa að til væri og að hópurinn hefði aldrei komið með neinar skriflegar skýrslur.²⁵⁴ Aðspurður kannaðist Björgvin ekki við að ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytis hefði nokkurn tímann borið undir hann tillögur af vettvangi samráðshópsins sem hann hefði þurft að taka ákvörðun um.²⁵⁵

Í skýrslu Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns Kaupþings banka hf., kom fram að hann hefði ekkert heyrt um samráðshópinn á meðan hann var að störfum og ekkert vitað um viðlagaundirbúning ríkisins varðandi bankakerfið.²⁵⁶

Í skýrslu Hreiðars Más Sigurðssonar, forstjóra Kaupþings, kom fram að hann hefði vitað um tilvist samráðshópsins en ekkert um vinnu hans.²⁵⁷

249. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. mars 2009, bls. 9.

250. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 73 og 77.

251. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 2–3.

252. Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. maí 2009, bls. 4–5.

253. Skýrsla Árna M. Mathiesen fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. maí 2009, bls. 24–27.

254. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 8.

255. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 38.

256. Skýrsla Sigurðar Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 8. júlí 2009, bls. 29.

257. Skýrsla Hreiðars Más Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 34.

Rétt er að geta þess að hinn 4. maí 2006 svaraði forsætisráðherra fyrirspurn frá Jóhönnu Sigurðardóttur, alþingismanni, um viðbúnað við áföllum í fjármálakerfinu. Þar var starfi samráðshóps stjórnvalda lýst og jafnframt var þess getið að sú skýrsla sem lá til grundvallar því að stofnað var til starfs hópsins hefði verið birt á heimasíðu forsætisráðuneytisins.²⁵⁸

19.4.2 Hvernig var upplýsingum miðlað af fundum samráðshópsins til viðeigandi aðila?

Í skýrslu fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði Ingimundur Friðriksson, seðlabankastjóri, að hann hefði ekki gert hinum bankastjórum Seðlabanka Íslands sérstaka grein fyrir þeim upplýsingum sem fram komu í samráðshópnum þar sem þeir hefðu þekkt þessar upplýsingar og sjálfir verið að vinna með þær frá degi til dags. Þannig hefði ekki verið mikið nýtt sem þar var rætt.²⁵⁹

Í skýrslu Davíðs Oddssonar, formanns bankastjórnar Seðlabankans, kom fram að hann hefði fengið fundarpunkta frá samráðshópnum sem þeir hefðu farið yfir og hefði honum fundist starfið ganga hægt hjá hópnum.²⁶⁰

Jónína S. Lárusdóttir, ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytis, var í leyfi frá störfum frá því um miðjan desember 2007 fram til 1. ágúst 2008. Þegar hún mætti aftur til starfa tók hún jafnframt aftur sæti í samráðshópi stjórnvalda. Við skýrslutöku lýsti Jónína því að hún hefði jafnan gert viðskiptaráðherra munnlega grein fyrir því sem fram hefði farið á fundum í samráðshópnum.²⁶¹ Í skýrslu Áslaugar Árnadóttur, skrifstofustjóra viðskiptaráðuneytis, sem var settur ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins í fjarveru Jónínu S. Lárusdóttur, kom fram að Áslaug hefði eftir hvern fund rætt við ráðherra og eftir atvikum aðstoðarmann hans.²⁶² Í skýrslu Björgvins G. Sigurðssonar, viðskiptaráðherra, kom fram að hann hefði ekki séð skjöl sem voru lögð fram á fundum samráðshópsins. Hins vegar hefði hann rætt við ráðuneytisstjóra um fundina.²⁶³

Í skýrslu Baldurs Guðlaugssonar, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, kom fram að hann hefði gert fjármálaráðherra grein fyrir „stærstu þáttunum“ af fundum samráðshópsins. Það hefði „svona verið upp og ofan“ hvort það hefði verið eitthvað „sem í rauninni kallaði á það að menn hefðu áhyggjur“. Þannig hefði hann ekki sest niður með ráðherra eftir hvern fund og gert honum grein fyrir efni þeirra.²⁶⁴ Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, var spurður hvernig ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins hefði kynnt honum það sem fram kom á fundum samráðshópsins. Árni svaraði: „Það var mjög lítið.“ Árni og Baldur hefðu ekki sest niður eftir hvern fund samráðshópsins.²⁶⁵

Í skýrslu Bolla Þórs Bollasonar, ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins, kom fram að hann hefði kynnt forsætisráðherra þau meginatriði sem voru til umfjöllunar í samráðshópnum á hverjum tíma.²⁶⁶ Í skýrslu Geirs H. Haarde kom fram að þegar Bolli hefði séð ástæðu til hefði hann gert honum grein

258. Alþt.2005–2006, A-deild, bls. 5175–5176 (pskj. nr. 1271).

259. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 9.

260. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. ágúst 2009, bls. 22.

261. Skýrsla Jónínu S. Lárusdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 31. mars 2009, bls. 3 og 5.

262. Skýrsla Áslaugar Árnadóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. mars 2009, bls. 26.

263. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 35.

264. Skýrsla Baldurs Guðlaugssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. mars 2009, bls. 12.

265. Skýrsla Árna M. Mathiesen fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. maí 2009, bls. 22.

266. Skýrsla Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 3.

fyrir störfum samráðshópsins. Regluleg upplýsingagjöf eftir hvern fund hefði hins vegar ekki farið fram.²⁶⁷

19.4.3 Hvernig var starfið í samráðshópnum?

Í skýrslu Tryggva Pálssonar, framkvæmdastjóra fjármálasviðs Seðlabankans, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að samráðshópur stjórnvalda væri að breskri fyrirmynd. Aðild að breska hópnum ættu hins vegar aðeins þrjár stofnanir.²⁶⁸ Hér á landi væri þetta byggt upp með þremur ráðuneytisstjórnunum, forstjóra Fjármálaeftirlitsins og seðlabankastjóra. Íslenski hópurinn væri umgjörð utan um umræður. Tryggvi sagði einnig: „Það sem vantaði allan tímann voru aðgerðir, ráðherrarnir voru í allmikilli fjarlægð og maður fékk ekki almennilega skynjun fyrir því hvort þeir fengju öll gögn úr nefndinni, né heldur hvaða skoðanir ráðherrarnir hefðu.“ Tryggvi áréttaði að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hefðu verið að leggja að ráðuneytisstjórnunum að grípa til vissra aðgerða.²⁶⁹ Tryggvi benti einnig á að fundargerðir samráðshópsins gæfu þá mynd af starfinu að þetta hefði verið skipulagðari vinna en hún var í raun. Fundirnir hefðu oft hafist á því hvað væri nýjast í fréttum og sú umræða hefði oft staðið lengi. Þá hefðu margir fundir verið án dagskrár. Tryggvi hefði skráð alla fundi eins og það hefði verið dagskrá en dagskráin hefði oft verið búin til eftir fundinn þannig að það væri skipulega hægt að sjá hvað rætt hefði verið á fundinum. Mikill tími hefði farið í að ræða um hvað væri að gerast hverju sinni, en stóru málin sem krefðust „viss andlegs álags og hugrekkis voru gjarnan skilin eftir fyrir það síðasta eða átti að ræða á næsta fundi“. Þannig hefði aðgerðaáætlunin, sem ítrekað var á dagskránni, ekki verið rædd fund eftir fund og síðan hefði aldrei formlega verið tekin afstaða til þeirrar tillögu sem hann hefði lagt fram 7. júlí 2008 um skipun aðgerðahóps.²⁷⁰

Í skýrslu fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði Ingimundur Friðriksson, seðlabankastjóri, að fulltrúum Seðlabankans í samráðshópnum hefði fundist fulltrúar ráðuneytanna í nefndinni vera dálítið þungir í taumi. Tekið hefði óralangan tíma að koma í gang vinnu við frumvarpssmiðuna sem síðar hefði orðið að neyðarlögum í október 2008.²⁷¹ Þá benti Ingimundur einnig á að gengið hefði verið eftir því að ríkið gerði upp við sig hvað það væri tilbúið til að leggja að mörkum til að bjarga fjármálafyrirtækjunum, en það mat hefði ekki legið fyrir. Eftir slíku mati hefði verið kallað oftar en einu sinni en engin svör borist.²⁷²

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, að sér hefði þótt að alltaf væri verið að slá málum á frest í samráðshópnum. Aðspurður hvort það hefðu verið ákveðnir einstaklingar í hópnum sem höfðu þau viðhorf svaraði hann því til að það hefði verið sérstaklega Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis, sem vildi bíða með flest. Viðhorf Bolla Þórs Bollasonar, ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins, hefði frekar verið að það mætti ræða málin seinna. Þetta hefði leitt til þess, að sögn Jónasar, að hann hefði velt því fyrir sér hvort ráðherrarnir hefðu í raun viljað bíða með að taka ákvarðanir um hvað ríkið gæti gert.²⁷³

267. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 73.

268. Þar er um að ræða fjármálaráðuneyti, fjármálaeftirlit (FSA) og loks Seðlabanka Bretlands.

269. Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 10. mars 2009, bls. 15.

270. Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 10. mars 2009, bls. 18.

271. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 9–10.

272. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 18.

273. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. mars 2009, bls. 41.

Jónína S. Lárusdóttir, ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytis, sagði í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að fundargerðir gæfu ekki rétta mynd af störfum samráðshópsins. Fundir hópsins hefðu verið mjög óformlegir og þeir hefðu bæði byrjað og endað í „einhverju flæði“. Þörf hefði verið á að hafa formlega dagskrá fyrir fundi, skýra verkaskiptingu og ábyrgð á framkvæmd verkefna.²⁷⁴ Af hálfu starfsmanna viðskiptaráðuneytisins hefði verið beðið eftir að teknar væru einhverjar ákvarðanir og málin kæmust á rekspól. Á fundum samráðshópsins hefðu allar hugmyndir verið stöðvaðar. Aðspurð sagðist Jónína telja að ástæðan hefði verið tregða og léleg verkstjórn.²⁷⁵

Í skýrslu Áslaugar Árnadóttur, skrifstofustjóra í viðskiptaráðuneyti, kom fram að ákveðnir fulltrúar í nefndinni hefðu verið mjög „konservatívir“ og „sögðu að það væru ekki forsendur til að gera hlutina núna, við vissum ekki hvernig þetta yrði, það væri ekkert hægt að taka neina ákvörðun og þetta á sérstaklega við um innstæðurnar“. Síðan sagði Áslaug: „Það var aðallega fulltrúi fjármálaráðuneytisins og fulltrúi forsætisráðuneytisins sem „bakkaði“ það mjög oft upp.“²⁷⁶

Við skýrslutöku var Baldur Guðlaugsson spurður að því hvort skort hefði á að stjórnvöld tækju ákvarðanir. Í því sambandi voru nefnd drög að fundargerð samráðshópsins frá 7. júlí 2008 þar sem fram kæmi að Tryggvi Pálsson hefði fjallað um aðkallandi ákvarðanatöku og bent á að stjórnvöld hefðu ekki gert upp við sig hversu langt þau vildu ganga. Svaraði Baldur því til að sú hefði raunin ekki verið: „Á meðan þú vissir ekki hvaða staða gæti komið upp og hvert nákvæmlega – frammi fyrir hverju menn stæðu [væri] erfitt að marka einhverja endanlega stefnu.“ Síðan sagði Baldur: „Það var svo bara spurningin um að það væri allt til taks og hægt að grípa til þess um leið og aðstæður, eins og ég segi, kölluðu á það. En þú gætir ekki tekið hina endanlegu ákvörðun fyrr en þú stæðir frammi fyrir því.“²⁷⁷

Í skýrslu Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að skiptar skoðanir hefðu verið innan samráðshópsins. Ráðuneytisstjórar forsætisráðuneytis og fjármálaráðuneytis hefðu haft þá afstöðu eftir viðtöl við ráðherra sína „að það væri ekki hægt að vera með neinar yfirlýsingar um aðkomu ríkisins“ um tryggingar á innstæðum. Það hefði verið ágreiningur í hópnum um þetta, sumir hefðu talið að stjórnvöld yrðu að gefa út slíkar yfirlýsingar. Bolli og Baldur hefðu talið „að það yrði að fara mjög varlega í allar svona yfirlýsingar“. Á hinn bóginn hefði „auðvitað alveg [verið] sjálfsagt að taka og gera og undirbúa svona áætlun“.²⁷⁸

Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, lýsti því í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að ekki hefðu verið teknar þær ákvarðanir í samráðshópnum sem Seðlabankinn hefði verið að kalla eftir. Davíð var þá spurður hvernig brugðist hefði verið við þessu af hálfu bankastjórnar Seðlabankans. Davíð svaraði því til að málunum hefði verið fylgt eftir í samtölum við ráðherra, sem aftur hefðu svarað því til að þeir þekktu til málanna og ljóst hefði verið að forsætisráðherra hefði vitað hvað var að gerast þar sem bersýnilegt var að Bolli Þór Bollason hefði sagt honum undan og ofan af því.²⁷⁹ Davíð var þá spurður hvort það væri rétt skilið að þegar fjármálaáfallið

274. Skýrsla Jónínu S. Lárusdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 31. mars 2009, bls. 21.

275. Skýrsla Jónínu S. Lárusdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 31. mars 2009, bls. 25.

276. Skýrsla Áslaugar Árnadóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. mars 2009, bls. 39.

277. Skýrsla Baldurs Guðlaugssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 25. mars 2009, bls. 35–37.

278. Skýrsla Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 5.

279. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. ágúst 2009, bls. 24.

dundi yfir þá hefði ekki legið fyrir nein aðvörun frá þessum samráðshópi. Davíð svaraði: „Nei, nei [...] það er líka alveg hárrétt, enda sýndi sig þegar í kringum þarna mánaðamótin [september/október 2008] að þá setjum bara við niður okkar eigin hóp, Seðlabankinn. Og ég sagði ríkisstjórninni frá því á þessum fræga [ríkisstjórnar]fundi að við værum komnir með viðbótahóp og þar vorum við búnir að kalla inn viðbótarmenn.“ Í kjölfarið hefðu ráðherrar farið fram á að senda jafnframt eigin fulltrúa til fundar við hóp Seðlabankans, sbr. nánari umfjöllun í kafla 20.0.²⁸⁰

19.4.4 Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis

Samráðshópi stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað var komið á fót með samkomulagi þeirra aðila, sem í hann skipa, 21. febrúar 2006. Í kafla 19.2 hér að framan er samningurinn birtur í heild. Þar er hlutverk samráðshópsins tilgreint sem „vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta“. Samráðshópurinn er sagður „ráðgefandi og tekur ekki ákvarðanir um aðgerðir“. Athygli vekur að í samkomulaginu er ekki sérstaklega tekið fram að það sé hlutverk samráðshópsins að semja tillögu að sameiginlegri viðbúnaðaráætlun stjórnvalda. Eins og rakið er í kafla 19.4.1 virðist þó skilningur margra þeirra sem skýrslu gáfu fyrir rannsóknarnefnd Alþingis hafa verið sá að hlutverk samráðshópsins hafi verið, sem ráðgefandi aðila, að gera tillögu að sameiginlegri viðbúnaðaráætlun stjórnvalda, væntanlega til að tryggja tímabær, samhæfð og undirbúin viðbrögð við fjármálaáfalli og koma í veg fyrir misskilning um verkaskiptingu stjórnvalda. Afar gagnrýnisvert er að hlutverk samráðshópsins varðandi gerð tillögu um viðbúnaðaráætlun skuli ekki hafa verið skýrt og ótvírætt í fyrrnefndu samkomulagi.

Augljóst er að samráðshópurinn skorti sem heild upplýsingar til þess að byggja ráðgjöf sína á þótt slíkar upplýsingar hafi, a.m.k. að einhverju marki, verið til staðar hjá einstökum stofnunum sem áttu aðild að samráðshópnum. Samráðshópnum var ekki komið á fót með lögum. Um miðlun nauðsynlegra trúnaðargagna til hans er heldur ekki mælt fyrir í lögum. Af þessum sökum hafði samráðshópurinn ekki aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum sem ákvarðanir um samhæfingu og viðbrögð við fjármálaáfallum urðu óhjákvæmilega að geta byggst á. Þannig hafði samráðshópurinn ekki glögga yfirsýn yfir stórar áhættuskuldbindingar, krosseignatengsl og yfirleitt veikleika íslensks fjármálakerfis. Að mati rannsóknarnefndar Alþingis var hér um að ræða alvarlegan ágalla á starfsskilyrðum samráðshópsins sem hlaut að koma niður á gæðum vinnu hans.

Samráðshópnum var formlega komið á fót í upphafi árs 2006. Um sama leyti stöðjaði mikill vandi að íslenskum fjármálafyrirtækjum en lausafjárskortur gekk þá mjög nærri þeim. Almennt hefur tímabilið gengið undir nafninu „mini-krísan“. Það vekur athygli að samráðshópurinn skuli ekki hafa hafist handa strax í upphafi við að bregðast við þeim vanda sem þá var fyrir hendi og benda á leiðir til að koma í veg fyrir að slíkur vandi myndi endurtaka sig. Þess í stað fundaði hópurinn einungis tvisvar á árinu 2006, fyrst 1. júní og því næst 30. nóvember það ár.

Þegar farið er yfir skýrslur þeirra sem sæti áttu í samráðshópnum fyrir rannsóknarnefnd Alþingis ásamt drögum að fundargerðum samráðshópsins verður ekki séð að áhersla hafi verið lögð á gerð viðbúnaðaráætlunar af hálfu

„Viðbúnaður og verklag

Samráðshópurinn er vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta. Hann er ráðgefandi og tekur ekki ákvarðanir um aðgerðir. Samráðshópurinn útbýr og heldur við lista yfir helstu tengiliði. Hann getur staðið að og tekið þátt í viðlagaæfingum eins og þeim sem hafa farið fram í samvinnu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Skapist þær aðstæður að fjármálakerfinu sé talin hætta búin vegna áfalls í fjármálafyrirtæki eða á markaði skal efnt til umfjöllunar í samráðshópnum án tafar. Viðbrögð við slíkum vanda eru háð aðstæðum hverju sinni en grundvallaratriði er að eigendur og stjórnendur fjármálafyrirtækja sem og markaðsaðilar leysi vanda sinn sjálfir.“

Úr samkomulagi forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um samráð varðandi fjármálastöðugleika og viðbúnað frá 21. febrúar 2006.

280. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. ágúst 2009, bls. 26.

Ummæli Tryggva Pálssonar hér til hliðar um ágreining innan samráðshópsins voru borin undir Bolla Þór Bollason sem svaraði: „Ég mótmæli þessari fullyrðingu algjörlega og tel hana rakalaus. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga [...] undirbúning viðbragðsáætlunar sem var unnið að á vegum bæði Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins, að mínu frumkvæði sem formaður samráðshópsins. Vegna þessara tillagna höfðu bæði Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið allt frá því í mars 2008 verið með í gangi vinnu sem sneri að gerð viðbragðsáætlunar. Umrætt minnisblað frá 7. júlí 2008 er hluti af þessari vinnu sem samráðshópurinn hafði lagt drög að mörgum mánuðum áður. Á þeim fundum samráðshópsins sem í hönd fóru í júlí og þar til yfir lauk í októberbyrjun snerust umræðurnar fyrst og fremst um inntak viðbragðsáætlunar og tengdra aðgerða. Var þannig mörkuð áfram viðbragðsáætlun stjórnvalda ef til fjármálaáfalls kæmi. Það er því fráleitt að halda því fram að þessi mál sem tengjast viðbragðsáætlun stjórnvalda hafi hlotið litla umræðu eða dræmar undirtektir í samráðshópnum. Staðreyndin er þvert á móti sú að öll þessi vinna reyndist mjög vel við frágang neyðarlaganna í októberbyrjun og aðgerða sem gripið var til samhliða gildistöku þeirra til að bregðast mjög hratt við falli bankanna og halda fjármálamarkaðnum og greiðslukerfum gangandi við afar erfiðar og fordæmalausar aðstæður.“

Úr bréfi Bolla Þórs Bollasonar til rannsóknarnefndar Alþingis 24. febrúar 2010.

hópsins fyrr en á 8. fundi hans 18. mars 2008. Eftir það fór samráðshópurinn að hittast mun oft. Dagana 18. mars til 21. apríl 2008 hélt hópurinn sjö fundi en á þeim var m.a. fjallað um gerð viðbúnaðaráætlunar. Með hliðsjón af því sem fram kemur í drögum hópsins að fundargerðum virðist sem síðan hafi dregið úr þeirri áherslu á gerð viðbúnaðaráætlunar sem ríkt hafði í vinnu hópsins frá 18. mars 2008. Á næstu fimm fundum, dagana 28. apríl til 29. maí, er ýmist lítið eða ekkert fjallað um gerð hennar.

Á fundi samráðshópsins 29. maí 2008 kom fram viðhorfsmunur á milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans annars vegar og ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins hins vegar. Þessi viðhorfsmunur átti eftir að setja mark sitt á starf hópsins. Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn kölluðu eftir því að pólitísk stefna yrði mótuð um ákveðin atriði en ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins áréttaði að ótímabært væri að taka ákvörðun um þessi atriði. Á meðan virðist dýrmætur tími hafa farið til spillis þar sem ekki var unnið skipulega og af krafti að því að skilgreina þær leiðir sem á raunhæfan hátt gat komið til álita að fara, greina kosti þeirra og galla svo og að skrá til hvaða ráðstafana þyrfti að grípa og undir hvern það heyrði, ef ákveðið yrði að velja tiltekna leið. Svo virðist sem ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins sem jafnframt stýrði starfi samráðshópsins hafi oft en ekki tekið undir sjónarmið ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins í þessum efnum. Athygli vekur einnig að samráðshópurinn hélt engan fund í júní 2008, en fundurinn sem var fyrirhugaður 19. júní það ár féll niður, og verður ekki séð annað en að þar hafi einnig dýrmætur tími farið til spillis. Næsti fundur var ekki haldinn fyrr en 7. júlí 2008. Á þeim fundi og þeim næsta þar á eftir (þ.e. 20. og 21. fundi) kom fyrirnefndur viðhorfsmunur aftur í ljós en að þessu sinni voru það fulltrúar Seðlabankans sem kölluðu eftir pólitískri stefnumörkun.

Í skýrslu Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að bæði Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hefðu reynt að kalla eftir því að mótuð yrði stefna um ákveðin atriði. Sagði hann að minnisblaðið sem hann lagði fram 7. júlí 2008 um aðkallandi ákvarðanatöku stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli hefði t.a.m. hlotið litla umræðu.²⁸¹

Í skýrslu Bolla Þórs Bollasonar kom fram að hann og Baldur Guðlaugsson hefðu ekki viljað stilla ríkisstjórninni upp við vegg því þeir hefðu talið að ekki þyrfti að taka ákvarðanir fyrr en síðar. Viðhorfsmunurinn hefði falist í því hvað þyrfti að „konkretisera“ þetta mikið á pappír. Hann hefði hins vegar talið að það þyrfti að vinna mun hraðar að samningu lagafrumvarps sem hægt væri að grípa til ef áföll yrðu í rekstri bankanna.²⁸²

Í samræmi við framangreind ummæli Bolla Þórs Bollasonar virðist aðaláhersla samráðshópsins í framhaldinu hafa verið sú að klára umrædd frumvarpsdrög en ekki verður séð að unnið hafi verið að formlegri viðlagaáætlun í samráðshópnum í þeim anda sem tillögur Seðlabanka Íslands gerðu ráð fyrir samkvæmt frumdrögum að vinnuskjali 7. júlí 2008 svo og öðrum gögnum sem lögð höfðu verið fram af hálfu Seðlabankans. Nánar er vikið að gerð fyrirnefnds frumvarps í kafla 20.3.11

Líkt og vikið er að í kafla 19.4.3 kom fram í skýrslu Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að fyrirmyndin að samráðshópnum væri sótt til Bretlands. Að breska hópnum eiga hins vegar aðeins þrjár stofnanir

281. Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 10. mars 2009, bls. 16.

282. Skýrsla Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 22.

aðild en að þeim íslenska fimm. Þessi munur hlaut að kalla á að verkstjórn í íslenska samráðshópnum yrði að vera öguð og skipulögð ef ná ætti viðhlítandi árangri við undirbúning formlegra og skipulegra viðbragða stjórnvalda til að forða fjármálaáfalli og takast á við greiðslubrot bankanna ef til þess kæmi. Af skýrslu þeirra sem sæti áttu í hópnum verður ekki séð að slíku hafi verið að heilsa. Dagskrá funda lá ekki alltaf fyrir við upphaf þeirra. Fundirnir voru sagðir byrja í ákveðnu flæði og enda á sama hátt. Í þessu samhengi má minna á ummæli Tryggva Pálssonar um að stóru málin sem hefðu krafist „viss andlegs álags og hugrekki [hefðu] gjarnan [verið] skilin eftir fyrir það síðasta eða [átt] að ræða á næsta fundi“ og þannig hefði aðgerðaáætlun, sem ítrekað var á dagskrá, ekki verið rædd fund eftir fund. Skort hefði á skýra verkaskiptingu og ábyrgð á framkvæmd verkefna. Þá hefði allan tímann vantað aðgerðir en ráðherrar hefðu verið í mikilli fjarlægð.²⁸³ Þegar þessi ummæli eru virt er vart hægt að komast að annarri niðurstöðu en að um óvönduð vinnubrögð hafi verið að ræða í ljósi þess hversu þýðingarmikil verkefni samráðshópsins voru, enda fór það svo að þegar fjármálaáfall dundi yfir var samráðshópurinn langt frá því að ljúka fyrstu drögum að tillögu að viðbúnaðaráætlun. Það eina sem hönd er á festandi um afrakstur af starfi samráðshópsins og kom að beinum notum voru drög að 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sem síðar voru notuð við vinnslu neyðarlaganna.

Allir þeir sem sæti áttu í samráðshópnum voru störfum hlaðnir. Það var því ekki við því að búast að þeir hefðu mikinn tíma aflögu til þess að semja viðbúnaðaráætlun. Samráðshópurinn varð því að treysta á Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið um slíka aðstoð. Til þess að inna þá vinnu af hendi töldu bæði Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að fá pólitíska stefnumótun um ákveðin atriði og af hálfu Seðlabankans var jafnframt lagt til að fenginn yrði einstaklingur eða einstaklingar til að stýra undirbúningi að viðbúnaðarstarfi stjórnvalda. Eins og vikið er að í kafla 19.4.2 var miðlun upplýsinga frá samráðshópnum til ráðherra ekki í föstum skorðum og hlutaðeigandi ráðherrar héldu ekki reglulega fundi til þess að fara yfir verkefni og afrakstur af vinnu samráðshópsins og sinna yfirstjórn verkefnisins að því leyti sem það heyrði undir þá, en hér var um afar mikilvægt verkefni að ræða fyrir íslensku þjóðina. Tillögur og skjöl um nauðsyn viðbúnaðar sem lögð voru fram í samráðshópnum af hálfu einstakra stofnana fengu ekki formlega afgreiðslu t.d. hjá ráðherrum sem áttu fulltrúa í hópnum. Verður því ekki annað séð en að mjög hafi skort á að vinnu samráðshópsins hafi verið stýrt á markvissan hátt bæði innan samráðshópsins og af hálfu ráðherra. Í því samhengi bendir rannsóknarnefnd Alþingis sérstaklega á að þegar á hólminn var komið og bankarnir riðuðu til falls var ekki fyrir hendi sameiginleg viðbúnaðaráætlun stjórnvalda sem sárlega þurfti þó á að halda.

19.5 Aðgerðir ráðherra og ríkisstjórnar

19.5.1 Hvað var rætt í ríkisstjórn um stöðu bankanna og lausafjáarkreppuna?

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Geir H. Haarde, forsætisráðherra, spurður að því hvort hann hefði gert grein fyrir þeim upplýsingum sem hann hefði fengið á fundum með bankastjórum Seðlabanka Íslands og því sem honum barst úr samráðshópnum eða frá stjórnendum

283. Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 10. mars 2009, bls. 18.

fjármálafyrirtækja á fundum ríkisstjórnar. Hann svaraði því til í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að hann minntist þess ekki að hafa gert það.²⁸⁴

Aðspurður sagði Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, að það hefði verið „ofboðslega fátæklegt“ hvað rætt var í ríkisstjórninni um stöðu bankanna og lausafjárkreppuna. Besta dæmið væri að eftir fall krónunnar í mars 2008 og hræðslubylgjuna sem gengið hefði í gegnum samfélagið hefði ekkert verið rætt í ríkisstjórninni vikum saman. Kristján Möller, samgönguráðherra, og Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra, hefðu orðið mjög óþreyjufullir út af því og spurt hvort ekki ætti að fara að ræða stöðu efnahagsmála. Það hefði hins vegar ekki verið gert fyrr en löngu síðar.²⁸⁵ Björgvin sagði einnig að hann hefði ekki fengið upplýsingar um alla þá fundi eða efni þeirra sem nú væri komið á daginn að forsætisráðherra hefði átt með formanni bankastjórnar Seðlabankans á árinu 2008.²⁸⁶

Á fundi ríkisstjórnarinnar 12. ágúst 2008 lagði Björgvin G. Sigurðsson fram minnisblað, dags. sama dag, þar sem fjallað er um fjármálastöðugleika og skipun sérstakrar nefndar. Lagði Björgvin til að skipuð yrði nefnd sem myndi skila tillögum sem ætlað væri að ná þeim markmiðum að auka stöðugleika fjármálakerfisins, draga úr líkum á því að fjármálafyrirtæki lendi í erfiðleikum og jafnframt draga úr áhrifum þess ef fjármálafyrirtæki lendi í erfiðleikum. Björgvin lagði jafnframt til að hann skipaði formann nefndarinnar en að í nefndinni ættu einnig sæti fulltrúar forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Tillaga Björgvins fékk engar undirtektir í ríkisstjórninni. Nánar er um þessa tillögu Björgvins fjallað í kafla 19.3.11.

Í skýrslu Össurar Skarphéðinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að hann hefði haft áhyggjur af því að frá upphafi ársins 2008 og fram að páskum sama ár hefði nánast ekkert verið rætt um stöðu bankanna og lausafjárkreppu á fundum ríkisstjórnarinnar nema þegar hann og Kristján Möller hefðu tekið þau mál upp undir dagskrárliðnum „Önnur mál“. Kvaðst Össur hafa haft miklar áhyggjur af því hvernig málin væru að þróast. Þá sagði hann: „Ég var þeirrar skoðunar í nægilega ríkum mæli að seðlabankastjórinn væri að grafa undan ríkisstjórninni til þess að ég tók það upp á ríkisstjórnarfundi undir „önnur mál“, þ.e.a.s. að ég spurði forsætisráðherra hvort það væri nægilega gott samband á milli Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar eða forystu ríkisstjórnarinnar.“²⁸⁷ Aðspurður sagði Össur að fyrir hefði legið um nokkurn tíma að bankakerfið væri of stórt. Hann sagðist sjálfur hafa verið farinn að hafa alvarlegar áhyggjur af stærðinni frá því í apríl 2008 en um þetta hefði ekkert verið rætt í ríkisstjórn.²⁸⁸ Össur taldi að verulega hefði skort á að ríkisstjórnin væri upplýst um gang mála. Þannig hefði Geir ekki miðlað þeim alvarlegu upplýsingum sem komið hafi á daginn að seðlabankastjórar veittu honum munnlega á fundum. Hann hefði ekki heldur miðlað þessum upplýsingum til Björgvins G.

„Ég var þeirrar skoðunar í nægilega ríkum mæli að seðlabankastjórinn væri að grafa undan ríkisstjórninni til þess að ég tók það upp á ríkisstjórnarfundi undir „önnur mál“, þ.e.a.s. að ég spurði forsætisráðherra hvort það væri nægilega gott samband á milli Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar eða forystu ríkisstjórnarinnar.“

Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. maí 2009, bls. 1–2.

284. Skýrslur Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 53, og 3. júlí 2009, bls. 8.

285. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 43.

286. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 8.

287. Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. maí 2009, bls. 1–2.

288. Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. maí 2009, bls. 38.

Sigurðssonar sem þó var ráðherra bankamála. Össur bætti síðan við: „[...] í hvaða ríki myndi það gerast að forystumaður ríkisstjórnarinnar hafi fund með seðlabankastjóra, ekki einu sinni, ekki tvisvar, ekki þrisvar, heldur sex eða sjö sinnum, og eftir því sem seðlabankastjórinn segir að þá komi þar fram alls konar „warnings“, ég veit ekkert um það, en að viðskiptaráðherra sé ekki látinn vita?“ Í þessu samhengi má nefna að Össur sagði einnig: „[...] mér þykir vænt um drenginn [Björgvin G. Sigurðsson] og við erum gamlir samstarfsmenn, en hann var náttúrulega bara hengdur upp á snúru til þerris, skilurðu. Ég meina, í hans stöðu, að hann sé ekki látinn vita af þessum fundum, ekki bara að hann sé ekki látinn vita, skilurðu, honum, þeim bar skylda til þess að hann væri þar, til þess að hann gæti þá a.m.k. fengið tækifæri til að standa undir þeirri ábyrgð sem á honum hvíldi. Og ég tel að hann hafi ekki fengið það. Og ég meina, þið getið spurt þau bæði, Ingibjörgu Sólrúnu og Björgvin, um það en mér er til efs að hún hafi nokkru sinni hringt í hann, kannski einu sinni, tvisvar, til þess að konferera hann, allan tímann, fyrir og eftir hrun. Og ég meina, þessir fundir, ég bara held að hann hafi ekkert vitað um þessa sex eða sjö seðlabankafundi. Klárt er að ekki vissi ég um þá, við töluðum mikið saman.“²⁸⁹

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, spurður að því af hverju Björgvin G. Sigurðsson hefði ekki verið hafður með á ráðherrafundum þegar rætt var um málefni bankanna við bankastjórn Seðlabankans. Hann svaraði því til að það hefði verið ákvörðun formanns Samfylkingarinnar. Árni sagðist halda að Björgvin hefði bara ekki verið treyst. Árni sagði: „Menn treystu því ekki [...] að það sem væri verið að tala um á þessum fundum mundi ekki einhvern tímann og einhvers staðar endurspeglast í því sem hann segði í fjölmiðlum.“²⁹⁰ Aðspurður hvað hefði verið rætt í ríkisstjórninni um stöðu bankanna svaraði Árni því til að forsætisráðherra og utanríkisráðherra hefðu með reglulegu millibili, sem hann gæti þó ekki nefnt nánar, farið yfir stöðu mála. Aðspurður kvaðst hann ekki minnst þess að Seðlabankinn hefði kallað eftir afstöðu ríkisstjórnarinnar varðandi málefni bankanna.²⁹¹

Í skýrslu Áslaugar Árnadóttur, skrifstofustjóra í viðskiptaráðuneyti, kemur fram að viðskiptaráðherra og ráðuneyti hans hefðu oft ekki verið höfð með í ráðum við stefnumótun um lausn á vandamálum bankanna. Þar hefði ekki aðeins ráðið tortryggni Sjálfstæðisflokksins í garð Björgvins G. Sigurðssonar, því engir kærleikar hefðu heldur verið á milli Björgvins og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra.²⁹²

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Geir H. Haarde spurður að því hvort hann liti svo á að honum bæri ekki embættisskylda til að upplýsa viðskiptaráðherra um þau málefni er lytu að málaflokki viðskiptaráðuneytis. Geir svaraði: „Það var náttúrulega fyrst og fremst þessi sunnudagur, eða þetta sunnudagskvöld, sem þarna skipti máli, Glitnishelgina sem svo er kölluð. Hann hafði sinn fulltrúa þarna, svo kom hann heim til mín á mánudagsmorgninum eins og ég nefndi áðan. En auðvitað ef þessir hlutir sem undir hann heyrðu voru honum á móti skapi þá hefði hann á grundvelli þess sem þú segir, á grundvelli þess að hver ráðherra er húsbóndi í sínu ráðu-

„[...] mér þykir vænt um drenginn [Björgvin G. Sigurðsson] og við erum gamlir samstarfsmenn, en hann var náttúrulega bara hengdur upp á snúru til þerris, skilurðu. Ég meina, í hans stöðu, að hann sé ekki látinn vita af þessum fundum, ekki bara að hann sé ekki látinn vita, skilurðu, honum, þeim bar skylda til þess að hann væri þar, til þess að hann gæti þá a.m.k. fengið tækifæri til að standa undir þeirri ábyrgð sem á honum hvíldi.“

Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. maí 2009, bls. 34–35.

289. Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. maí 2009, bls. 34–35.

290. Skýrsla Árna M. Mathiesen fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. maí 2009, bls. 15.

291. Skýrsla Árna M. Mathiesen fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. maí 2009, bls. 30.

292. Skýrsla Áslaugar Árnadóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. mars, bls. 26 og 24.

neyti, stoppað hluti og sagt: Ég sætti mig ekki við þetta. Þetta er gert án þess að ég hafi verið aðili að þessu þó að ég hafi haft þarna samflokksmenn mína og samstarfsmenn mína. Ég vil þetta ekki og ef því verður ekki breytt þá er ég farinn. Þetta var náttúrulega eitt af því sem – þetta er svona úrræði sem menn hafa í þessari stöðu.“ Geir var þá bent á að spurningin varðaði ekki einungis upplýsingar um fyrirhugaða yfirtöku ríkisins á Glitni banka hf. heldur einnig aðra atburði, s.s. upplýsingar sem fram komu á fundum með bankastjórn Seðlabanka Íslands sem viðskiptaráðherra sat ekki. Geir brást við með eftirfarandi orðum: „Ég tel ekki hægt að segja það að honum hafi verið haldið skipulega frá upplýsingum sem hann átti rétt á. Hann tjáði sig nú mjög oft opinberlega um þessi mál, bæði í þinginu og annars staðar, og gerði það, að því er best varð heyrt, á grundvelli þess að hann hefði upplýsingar og svo er hann náttúrulega í sömu stöðu og aðrir sem lesa gögnin frá Seðlabankanum og kynna sér það sem þeir eru að segja og gera, eins og ég hef sagt hérna nokkrum sinnum. Ég tel ekki að hann hafi verið sniðgenginn með einhverjum óeðlilegum hætti í þessu og hafi honum fundist það þá hefði hann átt að tala um það við mig, sem ég man ekki til að hann hafi gert.“²⁹³

Í skýrslu Jóns Þórs Sturlusonar, aðstoðarmanns viðskiptaráðherra, kom fram að oftast hefði „súper-ráðherrahópurinn“ komið fyrst að umfjöllun um stærri mál, s.s. ríkisfjármál og kjarasamningsráðstafanir og annað slíkt, og mótað stefnuna áður en aðrir ráðherrar hefðu komið að máli. Í þessum hópi hefðu verið forsætisráðherra, utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra.²⁹⁴

Aðspurð um hvort tortryggni hefði ríkt innan ríkisstjórnarinnar gagnvart viðskiptaráðherra svaraði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir: „Ekki veit ég til þess. Ég minnst þess ekki að ég hafi heyrt neitt í þá veru frá forsætisráðherra. En sko það er engin launung á því að það var kannski svona sambandið á milli seðlabankastjóra og svo aftur Samfylkingarinnar var að mörgu leyti erfitt, hafði alltaf verið erfitt. Það var bara svona þegjandi samkomulag um að láta það ekkert þvælast fyrir sér, reyna a.m.k. að láta það ekkert þvælast fyrir sér.“ Í skýrslu sinni vék Ingibjörg einnig að starfsháttum í forsætisráðuneytinu og ríkisstjórn og sagði þá m.a.: „Það sem kom mér auðvitað mjög á óvart þegar ég kem þarna var hvað forsætisráðuneytið var vanburðugt og faliðað og lítið ráðuneyti farandi með stjórn efnahagsmála. Það var tvennt sem vakti kannski athygli mína þegar ég geng þarna inn, það er annars vegar þetta, hvað forsætisráðuneytið er vanburðugt og lítið, og hins vegar þessi skortur á formlegheitum hjá ríkinu – sem birtist í því hvað það er lítið skráð af fundargerðum, hvað það er lítið lagt fram af minnisblöðum, hvað það er lítil formfesta í kringum allt hjá ríkinu [...] og svo er líka það að hver ráðherra er í raun ríkisstjórn út af fyrir sig.“

Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 29.

Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 3. júlí 2009, bls. 46–47.

294. Skýrsla Jóns Þórs Sturlusonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. maí 2009, bls. 22.

heima og það er eins og enginn líti á það sem sína skyldu að gera eitthvað með það sem þarna á sér stað.²⁹⁵

Rannsóknarnefnd Alþingis hefur kynnt sér fundargerðir ríkisstjórnarinnar frá síðustu árum. Óhætt er að segja að fundargerðirnar séu knappar. Í dæmaskyni má nefna nokkrar færslur úr fundargerðum frá árinu 2008 sem varða efnahagsmál. Í fundargerð frá 8. febrúar 2008 segir að samgönguráðherra hafi spurt um gang kjaraviðræðna og iðnaðarráðherra hafi spurt um þróun efnahagsmála. Síðan segir í fundargerðinni: „Málin rædd ítarlega.“ Í drögum að fundargerð ríkisstjórnarinnar frá 12. febrúar 2008 kemur fram að Geir H. Haarde hafi greint frá því að hann og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir muni síðar sama dag ákveða hvort tímabært sé að gefa einhverjar yfirlýsingar um efnahagsmál. Í endanlegri útgáfu fundargerðarinnar hefur þessi liður verið fjarlægður. Í fundargerð ríkisstjórnarinnar frá 18. mars 2008 segir að samgönguráðherra hafi tekið upp umræður um stöðu efnahagsmála í landinu og beint „fyrirspurn til forsætis- og fjármálaráðherra um gjaldeyrismarkaðinn, áhrif á gengi og efnahagsmálin“. Síðan segir í fundargerðinni: „Forsætisráðherra fór yfir stöðu mála.“ Í fundargerð ríkisstjórnarinnar frá 16. maí 2008 segir m.a.: „Forsætisráðherra kynnti gjaldmiðlaskiptasamninga sem Seðlabanki Íslands gerði við Seðlabanka Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur.“ Því næst segir í fundargerðinni: „Málið rætt.“ Eins og fram kemur í kafla 19.3.8, sbr. einnig kafla 4.0, gáfu þeir ráðherrar ásamt bankastjórum Seðlabanka Íslands út sérstaka yfirlýsingu í aðdraganda þessara gjaldmiðlaskiptasamninga þar sem lýst var áformum um ráðstafanir sem ætlunin væri að gera af hálfu íslenska ríkisins varðandi tiltekna þætti efnahagsmála, starfsemi Íbúðalánasjóðs og gagnvart bönkunum. Í fundargerð ríkisstjórnarinnar er ekkert bókað um þessa yfirlýsingu og hún finnst ekki meðal þeirra gagna sem lögð voru fram á ríkisstjórnarfundum.

Í fundargerð ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2008 segir: „Fjármálaráðherra lagði fram og kynnti frumvarp til laga um heimild ríkissjóðs Íslands til sérstakrar lántöku á árinu 2008 ásamt minnisblaði, dags. 23. maí 2008, og lagði til að málið verði sent þingflokki stjórnarflokkanna til meðferðar.“ Síðan segir: „Málið rætt og samþykkt.“ Í fundargerð frá 22. júlí 2008 segir m.a.: „Starfandi forsætisráðherra upplýsti að beiðni Vinstri grænna um að kalla saman Alþingi í ágúst hefði hlotið afgreiðslu og að ekki væri ástæða til þess að verða við þeirri beiðni.“ Því næst segir í fundargerð: „Fleira gerðist ekki.“ Í fundargerð frá 12. ágúst 2008 segir m.a.: „Viðskiptaráðherra lagði fram og kynnti minnisblað, dags. 12. ágúst 2008, um skipun nefndar um fjármálastöðugleika, og lagði til að fallist yrði á þartilgreindar tillögur.“ Síðan segir í fundargerð: „Málið rætt en afgreiðslu þess frestað.“

19.5.2 Tilraunir Stjórnarráðsins til þess að leggja mat á hugsanlega fjárhagslega áhættu íslenska ríkisins vegna starfsemi fjármálafyrirtækja hér á landi

Rannsóknarnefnd Alþingis sendi forsætisráðherra, fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra bréf, dags. 23. janúar 2009, og óskaði eftir því að upplýst yrði hvort af hálfu þeirra eða ráðuneyta þeirra hefði á tímabilinu 1. janúar 2007 til 7. október 2008 verið gerð úttekt eða lagt mat á hugsanlega fjárhagslega áhættu

295. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 21 og 29.

íslenska ríkisins og ríkissjóðs vegna starfsemi íslensku fjármálafyrirtækjanna hér á landi og erlendis, eða einstakra þátta í starfsemi þeirra, annars vegar með tilliti til umfangs þeirrar starfsemi í hlutfalli við stærð íslensks efnahagslífs og hins vegar ef breytingar yrðu á rekstrarumhverfi fjármálafyrirtækjanna eða í ljósi breytinga sem þegar hefðu orðið, svo sem með stofnun innlánsreikninga erlendis. Lægi slík úttekt eða mat fyrir var óskað eftir afriti af því.

Í svari forsætisráðuneytis, dags. 25. febrúar 2009, var vísað til gagna sem ekki vörðuðu umrætt efni.

Í bréfi fjármálaráðuneytis, dags. 20. mars 2009, var því svarað til að fjármálaráðuneytið kannaðist ekki við að hafa gert úttekt á fjárhagslegri áhættu fjármálakerfisins á þeim grundvelli sem lýst var í bréfi nefndarinnar til ráðuneytisins.

Í bréfi viðskiptaráðuneytis, dags. 4. mars 2009, kom fram að ekki hefði verið unnið að gerð slíkrar áætlunar á vegum ráðuneytisins. Hins vegar hefði ráðuneytið tekið þátt í starfi samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað og þannig tekið þátt í gerð slíks mats og lagt þar til gögn, sérstaklega að því er varðaði innlán íslenskra banka erlendis og tryggingakerfi fyrir innstæðueigendur og fjárfesta. Þá hefði gögnum verið safnað í ráðuneytinu um innlán íslenskra banka innanlands og erlendis haustið 2007 í tengslum við starfsemi nefndar um endurskoðun laga um tryggingakerfi fyrir innstæðueigendur og fjárfesta. Sjá nánari umfjöllun um þetta í kafla 17.0.

Rétt er að taka fram að í gögnum Seðlabankans er að finna skjal sem fjallað er um í kafla 19.3.7 hér að framan og varðar sögulegt yfirlit yfir kostnað erlendra ríkja af fjármálaáföllum. Ekki er að sjá að sérstaka greiningu sé þar að finna á hugsanlegum kostnaði vegna slíks áfalls á Íslandi.

19.5.3 Yfirlýsingar ráðherra varðandi stuðning við bankana

Í skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Ingimundur Friðriksson, seðlabankastjóri, spurður hvort bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði gengið eftir því við ráðherra í ríkisstjórninni hvernig þeir ætluðu að standa við yfirlýsingar um að ríkið stæði við bakið á bönkunum. Hann svaraði því til að það hefðu þeir ekki gert. Hann var þá spurður hvort hann teldi að ráðherrar hefðu búið yfir nægum upplýsingum til að meta hversu dýr slík aðgerð gæti orðið. Hann svaraði því til að þetta væri ágæt spurning, menn hefðu verið haldnir þeirri bjartsýni að til þess myndi ekki koma. Ingimundur var þá spurður um samskipti Seðlabanka Íslands við erlend láns hæfismatsfyrirtæki og hvort Seðlabankinn hefði þar gefið til kynna að hann myndi koma hinum þremur stóru íslensku bönkunum til aðstoðar lentu þeir í vanda. Hann svaraði því til að Seðlabankinn hefði aldrei gefið matsfyrirtækjunum í skyn að stofnunin myndi bjarga bönkunum. Slíkt hefði aldrei verið gert.²⁹⁶

Í skýrslu Jónasar Fr. Jónssonar, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis áréttaði hann að nauðsynlegt hefði verið að fylgja eftir stóru orðunum sem ráðherrar hefðu viðhaft með því að efla gjaldeyrisforðann. Í upphafi ársins 2008 hefði Moody's talið að ríkið hefði enn burði til að bjarga bönkunum lentu þeir í vanda. Síðan hefði liðið langur tími án þess að gjaldeyrisforðinn væri styrktur. Þegar síðan var komið fram í júlí og ágúst 2008 hefðu matsfyrirtækin bent á að „íslenska ríkið [væri] ekki búið að gera neitt til að

296. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 16–17.

fylgja eftir öllum stóru orðunum“.²⁹⁷ Þótt efling gjaldeyrisforðans væri í eðli sínu aðeins skilaboð um traustleika skipti það miklu máli því „á mörkuðum getur traustið í raun og veru skipt öllu [um það] hvort menn lifa eða deyja“.²⁹⁸

Aðspurður tók Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, undir það í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að yfirlýsingar ráðherra í fjölmíðlum um að íslenska ríkið myndi standa við bakið á bönkunum hefðu fyrst og fremst verið byggðar á pólitískri afstöðu, fremur en að búið væri að velta fyrir sér raunverulegri getu ríkissjóðs. Þær hefðu verið settar fram fyrst og fremst til að „rýra ekki „confidence“ kerfisins, [...] til að orsaka ekki hrun með því að viðurkenna að þrautavahlutverkinu yrði ekki sinnt ef reyndi á það“.²⁹⁹

Geir H. Haarde, forsætisráðherra, viðurkenndi við skýrslutöku að yfirlýsingar sínar um stuðning ríkisins við bankakerfið hefðu ekki verið byggðar á neins konar formlegu mati. Síðan bætti hann við: „En auðvitað reiknaði ekki nokkur maður með því að það mundi reyna á það gagnvart öllum þremur bönkunum, en ég held að svona óformlegt mat manna hafi verið að menn mundu ráða við einn, allavegana einn og kannski tvo.“ Aðspurður hvaða fjárhæðir menn hefðu miðað við í þeim efnum svaraði Geir: „Það náttúrulega veit maður ekki, það sem gerðist með Glitni var náttúrulega það að það var reynt að bjarga honum. [...] Nei, ég get ekki nefnt fjárhæðirnar, það er ekki nokkur leið, en maður veit aldrei hvað svona áfall er stórt [...]“.³⁰⁰

Við skýrslutöku var Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra, spurð að því hvort einhverjir útreikningar hefðu legið fyrir um það hvaða fjármuni þyrfti til þess að standa við bakið á bönkunum þegar hún og aðrir ráðherrar gáfu yfirlýsingar um að það yrði gert. Svar hennar var: „Nei. Það lá ekkert slíkt fyrir. Það sem umræðan var um á þessum tíma var að það væri mikilvægt að styrkja gjaldeyrisvarasjóðinn og það var náttúrulega líka talað um að það væri mikilvægt bara að senda þessi skilaboð út, það var aftur þetta, svona að reyna að reka þessar hýenur frá, og að ef eitthvað annað yrði sagt þá væri það í sjálfu sér mjög hættulegt fyrir íslenska bankakerfið. Ef það væri einhvern veginn látið í veðri vaka að íslensk stjórnvöld stæðu ekki á bak við bankakerfið, eða treystu sér ekki til þess, þá væri það í sjálfu sér mjög hættulegt, það væri mikilvægt að segja það skýrt að við mundum auka gjaldeyrisvaraforðann til þess að auka þessar varnir innanlands, styrkja þessar varnir innanlands. En það lá engin greining fyrir á því og það verður bara að segja það eins og er að eitthvert hættumat varðandi bankana það hafði mér vitanlega aldrei verið unnið, eða ég hafði aldrei séð það. Það var reyndar eitt af því sem ég ákvað fljótlega eftir að ég varð utanríkisráðherra að láta vinna hættumat fyrir Ísland og útfæra þá hættumatshugtakið, að það næði ekki bara til þessara hefðbundnu varna heldur ekki síður til varna á sviði tölvumála, fjármálakerfa o.s.frv. Sú hættumatsskýrsla kom reyndar ekki út fyrr en í byrjun [2009] en slíkt hættumat sá ég aldrei hvað varðaði fjármálakerfið.“³⁰¹

Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, var við skýrslutöku spurður að því hvort yfirlýsingar ráðamanna um stuðning við bankakerfið hefðu stuðst við útreikninga eða könnun fjármálaráðuneytisins á því álítaefni. Árni svaraði: „Ég held að það hafi ekki verið gert í þessu samhengi. Orðalagið sem við

„[...] á mörkuðum getur traustið í raun og veru skipt öllu [um það] hvort menn lifa eða deyja.“

Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
23. mars 2009, bls. 13.

297. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. mars 2009, bls. 12.

298. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 23. mars 2009, bls. 13.

299. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 21.

300. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 68–69.

301. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 7.

notuðum bæði ég og forsætisráðherrann, þá Geir, var það að Ísland mundi gera það sem aðrar ábyrgar, vestrænar þjóðir mundu gera undir svona kringumstæðum.“ Árni bætti síðan við að í janúar 2008 hefði lítið verið hægt að gera: „Ég held að við séum á þeim punkti komin langt fram yfir þann tímapunkt að við hefðum getað gert eitthvað til að breyta raunverulega því sem að gerðist. Það er þá í árum talið, ef við hefðum átt að gera eitthvað í þessu, þá hefðum við þurft að gera það 2005, 2006.“³⁰²

Í drögum að fundargerð frá 25. fundi samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað 12. ágúst 2008 segir að Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, hafi minnt á að fyrir liggi yfirlýsingar forsætis- og fjármálaráðherra í þá veru að stjórnvöld standi við bakið á stóru bönkunum. Fram kemur að Tryggvi Pálsson hafi þá spurt hvort ríkissjóður geti staðið við slíkar yfirlýsingar án þess að hætta á eigið greiðsluprot. Haft er eftir Ingimundi Friðrikssyni að undirliggjandi vandi geti staðið lengi. Í drögum að fundargerð er ekki að sjá að nokkur niðurstaða hafi verið færð til bókar úr þessari umræðu og ekki virðist samráðshópurinn hafa talið ástæðu til þess að gefa ráðherrunum til kynna hvaða kostnaður kynni að falla á ríkið ef efna ætti yfirlýsingar ráðherra.

Í skýrslu Sigurjóns Þ. Árnasonar, bankastjóra Landsbanka Íslands hf., fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði hann m.a.: „Það fara allir að halda að þegar ríkisstjórnin fer að tala um að þeir standi með bönkunum þá trúa menn því að það sé eitthvað á bak við það. Markaðurinn trúir því og menn trúa því að það hljóti að vera Evrópusambandið. Og þegar menn segja eitthvað svona við okkur þá erum við ekki að segja: „Nei, örugglega ekkert á bak við það.“ Við segjum að það hljóti að vera, það er alveg „lógískt“, skiljið þið? Það er engin lygi á bak við það, maður veit ekki betur og á von á það sé þannig [...] þegar fer að líða fram á sumarið, þá upplifa menn bara: „Það er bara ekki neitt, það er ekki neitt á bak við þetta. Það mun ekki gerast neitt hjá ríkinu.““ Sigurjón sagði einnig að síðan hefði myndast sú saga á markaðnum að ríkið hefði hafnað láni sem því hefði staðið til boða hjá J.P. Morgan.³⁰³ Sigurjón var spurður að því hvað Seðlabanki Íslands hefði þurft að taka hátt lán að hans mati miðað við stærð bankakerfisins. Hann svaraði því til að gjaldeyrisvarasjóður Seðlabanka Íslands hefði þurft að vera 5 til 10 milljarðar evra.³⁰⁴ Til samanburðar má nefna að samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands nam gjaldeyrisforði Seðlabankans 190 milljörðum króna í lok maí 2008 eða um 1,6 milljörðum evra.

Við skýrslutöku sagði Davíð Oddsson að um vorið hefði vissulega verið skoðað hvort auka mætti við gjaldeyrisforða þjóðarinnar. Seðlabankinn hefði haft samráð við þrjá erlenda banka um það mál og hefði J.P. Morgan verið þar á meðal. Ráðgjafarnir hugðust hins vegar ekki sjálfir veita lán heldur hafa umsjón með lánveitingunni. Í skýrslu Davíðs kom fram að hinir erlendu ráðgjafar hefðu sagt Seðlabankanum að varasamt gæti verið að taka lán á þeim kjörum sem ríkinu stæðu til boða á fjármálamörkuðum þar sem slíkt gæti fremur virst merki um veikleika en styrkleika.³⁰⁵

302. Skýrsla Árna M. Mathiesen fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. maí 2009, bls. 5–6.

303. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 47–48.

304. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 88.

305. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 4. janúar 2010, bls. 16–17.

19.5.4 Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis

Samkvæmt framansögðu er ljóst að í ríkisstjórn Íslands var lítið rætt um stöðu bankanna og lausafjárkreppuna sem hófst undir loks sumars 2007 og ágerðist eftir því sem á leið. Hvorki verður séð af fundargerðum ríkisstjórnarinnar né frásögnum þeirra sem skýrslur gáfu fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að þeir ráðherrar ríkisstjórnarinnar sem fóru með efnahagsmál (forsætisráðherra), bankamál (viðskiptaráðherra) eða fjármál ríkisins (fjármálaráðherra) hafi gefið ríkisstjórninni sérstaka skýrslu um vanda bankanna eða hugsanleg áhrif hans á efnahag og fjármál ríkisins frá því að þrengja tók að bönkunum og þar til bankakerfið riðaði til falls í október 2008. Á tímabilinu hafði þó birst neikvæð umfjöllun um bankana í innlendum sem erlendum fjölmiðlum, íslenska krónan hafði veikst verulega auk þess sem skuldatryggingarálag bankanna fór hækkandi. Fullt tilefni var því til að ræða málefni bankanna ítarlega í ríkisstjórn.

Eins og áður segir hittust þeir ráðherrar, sem áttu fulltrúa í samráðshópi forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað, heldur ekki sérstaklega, og hvað þá með reglulegu millibili, til þess að fara yfir verkefni og afrakstur af vinnu samráðshópsins og sinna yfirstjórn verkefna hópsins að því leyti sem það heyrði undir þá.

Forsætisráðherra átti allmarga fundi með formanni bankastjórnar Seðlabankans og bankastjórum bankanna. Bankastjórn Seðlabankans átti einnig á tímabilinu febrúar til maí 2008 a.m.k. fimm fundi með forsætisráðherra, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra. Félagsmálaráðherra sótti einn þessara funda þegar rætt var um málefni Íbúðalánasjóðs. Af skýrslu Björgvins G. Sigurðssonar, viðskiptaráðherra, verður ráðið að hann hafi ekki verið boðaður á neinn þessara funda þar sem þó var m.a. rætt um vanda bankanna og lausafjárkreppuna en málefni bankakerfisins heyrðu undir málefna svið ráðuneytis hans. Að auki virðist viðskiptaráðherra hvorki hafa verið gerð grein fyrir því að fundirnir fóru fram né upplýstur um það sem þar fór fram. Í kafla 21 er fjallað um það hvort skylt hafi verið að upplýsa viðskiptaráðherra um efni þessara funda.

Dæmi úr fundargerðum ríkisstjórnarinnar sem rakin voru í kafla 19.5.1 leiða í ljós að sá háttur hefur almennt verið hafður á að hafa fundargerðirnar yfirborðskenndar. Nánar er ályktað um þetta í kafla 21.0.

Samkvæmt svörum forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis við fyrirspurnum rannsóknarnefndar Alþingis voru engar úttektir gerðar á árunum 2007 og 2008 fram að falli bankanna á vegum þeirra eða mat lagt á hugsanlega fjárhagslega áhættu íslenska ríkisins og ríkissjóðs vegna starfsemi íslensku fjármálafyrirtækjanna hér á landi og erlendis, eða einstakra þátta í starfsemi þeirra, annars vegar með tilliti til umfangs þeirrar starfsemi í hlutfalli við stærð íslensks efnahagslífs og hins vegar ef breytingar yrðu á rekstrarumhverfi fjármálafyrirtækjanna eða í ljósi breytinga sem þegar höfðu orðið, svo sem með stofnun innlánsreikninga erlendis. Rannsóknarnefnd Alþingis átelur að þetta hafi farist fyrir.

Loks liggur fyrir að yfirlýsingar ráðherra um að staðið yrði við bakið á bönkunum voru ekki byggðar á útreikningum sem sýndu að ríkið hefði bolmagn til þess. Eins og fram kom í skýrslu Björgvins G. Sigurðssonar voru þessar yfirlýsingar fyrst og fremst settar fram „til að rýra ekki traust kerfisins og til

að orsaka ekki hrun með því að viðurkenna að þrautavarahlutverkinu yrði ekki sinnt ef á það reyndi“.³⁰⁶ Rannsóknarnefnd Alþingis átelur að ekki hafi verið lagt faglegt mat á það hvort og eftir atvikum hversu bær ríkissjóður væri til að styðja fjárhagslega við bak fjármálafyrirtækja landsins, eins eða fleiri.

Nánari ályktanir nefndarinnar um þessar niðurstöður er að finna í kafla 21.0.

19.6 Aðgerðir stjórnvalda til að draga úr stærð bankakerfisins

19.6.1 Flutningur höfuðstöðva einhvers af stóru bönkunum úr landi

Eins og nánar er að vikið í kafla 5.0 var það yfirlýst stefna þeirrar ríkisstjórnar sem tók við vorið 2007 að bankarnir hefðu höfuðstöðvar sínar áfram á Íslandi. Ekki er að sjá að ráðherrar hafi lagt að bönkunum að flytja höfuðstöðvar sínar úr landi fyrir fall bankanna. Reyndar orðaði Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, það þannig í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að það hefði ekki verið til umræðu á þessum tíma „að reka bankana úr landi“.³⁰⁷

Við skýrslutöku voru eftirfarandi ummæli úr stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar borin undir Geir H. Haarde, forsætisráðherra: „Ríkisstjórnin stefnir að því að tryggja að slík starfsemi geti áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði og að útrásarfyrirtæki sjái sér áfram hag í að hafa höfuðstöðvar á Íslandi.“ Geir svaraði: „Sko, þetta held ég að hafi verið mjög ríkjandi viðhorf í stjórnmalum og áreiðanlega í þjóðféluginu öllu, eins og Kaarlo Jännäri lýsir nú ágætlega í sinni skýrslu. Það var almenn ánægja með það sem hafði verið að gerast í bankaheiminum og með flest þessi svokölluðu útrásarfyrirtæki. Og þarna er verið að tala um það að frekar að hlúa að þessu, styðja við bakið á þessari starfsemi, eins og t.d. var gert með því að lækka skatthlutfall tekjuskatts fyrirtækja úr 18 í 15 nokkru síðar, frekar heldur en að vinna gegn þeim og eins og ég rakti nú í minni ræðu á landsfundi Sjálfstæðisflokksins að þá voru nú allir, flokkarnir voru frekar í samkeppni um það að vera vinir bankanna og þessara stóru fyrirtækja, það var enginn sérstakur aðili í pólitíkinni nema kannski VG, sem hafði eitthvað sérstakt horn í síðu þessara aðila og það sem þarna er verið að undirstrika er bara það að við viljum þá halda áfram á sömu braut, frekar að leggja þessu lið og gera það sem stjórnvalda, það sem þau stendur til þess svona að hafa starfsgrundvöllinn í lagi.“ Geir var þá spurður hvort ekki hefði verið rétt, með hliðsjón af stærð íslensku bankanna, að leggja frekari áherslu á að dregið yrði úr stærð þeirra fremur en frekari vöxt. Geir svaraði: „Ég held að það hafi nú ekki verið almenn stemning fyrir því. Jännäri lýsir þessu ágætlega, bankarnir voru vinsælir, þeir voru að borga fólki há laun hérna, það voru alls kyns menn með undarlegar prófgráður, stærðfræðingar og slíkir menn að fá fína vinnu í bönkunum og þeir voru náttúrulega að borga hér gríðarlega mikla skatta. Það er ekki fyrr en í ágúst, og við náttúrulega gerum okkur ekki grein fyrir því strax, sem fer að halla undan fæti alþjóðlega í bankaheiminum, eða með haustinu þarna 2007 og ætli við verðum ekki að ganga út frá því að við höfum verið að tala þarna um ábyrgan vöxt og ábyrgt framferði en ekki hitt.“³⁰⁸

306. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 21.

307. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 3–4.

308. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 30–31.

Í bréfi Geirs til rannsóknarnefndar Alþingis 24. febrúar 2010 kemur fram að allir opinberir aðilar, sem komu að þessum málum, ráðuneyti og stofnanir, hefðu lagt hart að bönkunum sjálfum að grípa til ráðstafana til að styrkja stöðu sína, t.d. með því að losa um eignir erlendis og skapa sér með því erlent lausafé. Nokkuð hefði borið á góma í samtölum, Geirs og formanns bankastjórnar Seðlabankans, hvort verið gæti raunhæft að einhver banki flytti höfuðstöðvar sínar til útlanda. Við það hefði íslenska ríkið misst skatttekjur en jafnframt hefði hin óbeina ábyrgð sem margir töldu hvíla á ríkinu vegna bankans flust annað sem og eftirlit með þeim. Ákvörðun um slíkan flutning hefði hins vegar verið bankanna sjálfra og ekki unnist ráðrúm til að fylgja þessu eftir.

Þegar stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá árinu 2007 var borin undir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, utanríkisráðherra, svaraði hún: „Ég held fyrst og fremst að það hafi verið litið svo á að þarna væri komin ný atvinnugrein í landinu sem væri fjármálastarfsemi, það væri ný atvinnugrein, sem jú hefði á undanförunum árum búið til heilmörg vel launuð störf og það væri mikilvægt að halda þeirri atvinnugrein í landinu og hún gæti átt sér möguleika í landinu áfram, þess vegna vaxtarmöguleika því að ég held við höfum bara litið svo á að þetta væri í eðli sínu alþjóðleg starfsemi þó að hún væri með höfuðstöðvar á Íslandi og það væri mikilvægt að hún gæti verið það – þannig var umræðan á þessum tíma.“ Ingibjörg var þá spurð hvort ekki hefði verið nein áhersla lögð á það hvort einhverjar leiðir væru tiltækar til að draga úr stærð bankakerfisins. Ingibjörg svaraði: „Nei, ég minnst þess ekki að það hafi verið rætt sérstaklega um það, ég held menn hafi einmitt litið svo á að bankakerfið – þó að það væri með höfuðstöðvar á Íslandi væri þetta alþjóðlegt bankakerfi, bankar sem störfuðu á alþjóðlegum mörkuðum og þetta væru fyrirtæki sem í eðli sínu væru kannski útrásarfyrirtæki, vegna þess að það eru auðvitað takmörk fyrir því hvað hægt er að lána á Íslandi eða stunda þessa starfsemi á Íslandi. Ef þessi fyrirtæki ætluðu að vaxa, þessi eins og önnur, þá yrði það fyrst og fremst í útlöndum.“³⁰⁹

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis viðurkenndi Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, að hann hefði komið að því að semja stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 2007. Þegar ummæli yfirlýsingarinnar um að „tryggja að [fjármálastarfsemi] [gæti] áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði og að útrásarfyrirtæki [sæju] sér áfram hag í að hafa höfuðstöðvar á Íslandi“, voru borin undir Árna og hann spurður hver fyrirætlun stjórnvalda hefði verið í þessum efnum svaraði Árni: „Já, ég held að það sé eiginlega skýrslan sem að nefndin sem Sigurður Einarsson stýrði, að það hafi verið hún sem menn höfðu í huga varðandi fjármálafyrirtækin og þá þegar þeir eru að tala um ný svið þá eru það þessi, það sem tengdist svona lífeyrissparnaði, þetta er nú svona, og einhverjir sérstakir svona „trust“ sjóðir, held ég að það hafi verið kallað. Og hvað varðar það þá að útrásarfyrirtækin sjái sér hag í að vera hérna áfram þá snýr það auðvitað að skattaumhverfinu að það væri þannig að þau væru frekar hér en annars staðar og raunverulega væri skattaumhverfið hérna þannig að það tæki því ekki að vera að fara í þessar æfingar sem maður er síðan að sjá að var farið samt í. Og maður er auðvitað svona svekktur yfir að sjá hvað menn voru að flækja sig í fyrir, að manni finnst, svona litla peninga í þessu samhengi, 10%

309. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 1–2.

fjármagnstekjuskattur, að það sé verið að fara þessa ofboðslegu hringi til þess að komast hjá því.³¹⁰

Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, var við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis spurður að því hvað gert hefði verið af hálfu Seðlabankans til þess að stuðla að því að höfuðstöðvar einhvers af bönkunum yrðu fluttar úr landi. Davíð svaraði: „Við ræddum þetta við-horf okkar nokkrum sinnum [...] þannig að í júlí [2008] þá er ég að spyrja Sigurð að því Einarsson hvernig þetta gangi og þá svarar hann eitthvað á þá lund að hann sé þegar eða fyrir allnokkru búinn að setja niður hóp manna, sérfræðinga, lögfræðinga og aðra þess háttar, til að vinna að málefnum og ég held að ég hafi sagt eitthvað á þá leið að það væri alveg hægt að gera þetta án þess að það, með tortryggilegum hætti og þetta var hins vegar dálítið flókið, því þetta hafði verið í opinberri umræðu og stjórnmalamenn höfðu lýst því mjög ákaflega yfir að þeir væru algjörlega andvígir því að bankarnir flyttu sig.“ Davíð var þá spurður að því hvort Seðlabanki Íslands hefði verið hlynntur því að Kaupþing banki hf. flytti höfuðstöðvar sínar. Hann svaraði: „Ég var það persónulega [...] það kom fram mjög stíft þegar við vorum í þessum swap-viðræðum [...] þá var eitt megináhersluatriðið af hálfu erlendra aðila að bankarnir væru það sem kallað var „downsize-aðir“, svo maður sletti því, og m.a.s. er mér sagt núna að því sé haldið fram að við höfum ekki fylgt þessu nægilega eftir frá þessum mánuðum frá því í maí, þar til að bankarnir féllu, en það kemur glögggt fram í pappírnum frá t.a.m. frá J.P. Morgan, sem var auðvitað á því að menn ættu að minnka umfang bankarekstursins, að þetta yrði að gerast á allmörgum misserum, því að þú selur ekki 50–60% af bönkunum í versta árferði sem um getur á tveimur, þremur mánuðum, það er bara óeðlileg krafa. En þá sá maður fyrir sér að besta eða tvö bestu úrræðin í þessari bókhaldslegu „downsizing“ a.m.k. væri að Kaupþing flytti sínar höfuðstöðvar burtu, að Glitnir seldi BN bankann í Noregi, sem þeir voru komnir áleiðis með, og að Icesave-reikningarnir, eins og Landsbankinn virtist hafa lofað okkur, [yrðu fluttir í dótturfélag] [...]. Þessar þrjár aðgerðir mundu hafa verið mikil „downsizing“ á umfangi bankakerfisins. En ég reyndar man nú ekki hvort að við fengum nokkurn tímann niðurstöðu úr þessum hópi sem Sigurður nefnir til sögunnar og nefndi þarna í punktunum frá því í júlí, ég man það ekki, en það getur verið að þið hafið séð það einhvers staðar.“ Davíð var einnig spurður að því hvort stjórnvöld hefðu lagt fram áætlun um það hvernig ætti að draga saman bankakerfið, hvaða möguleikar þar væru fyrir hendi, þýðing þess og áhrif. Davíð svaraði: „Það [...] var hreinlega sagt í þessum punktum að ég teldi að áhrifin yrðu þau að ef að Kaupþing mundi flytja sig þá mundi skapast trúnaðartraust á því að það væri möguleiki fyrir Seðlabanka og stjórnvöld að hugsanlega bjarga eftirstandandi bankakerfi. Ég taldi að [...] það væru jákvæð áhrif gagnvart okkur.“ Davíð sagði hins vegar að bæði Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbanka Íslands hf., og Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, hefðu virst hafa áhyggjur af því að við tilfærslu höfuðstöðva færu þeir undir eftirlit annars fjármálaeftirlits sem kynni að taka miklu harðar á málum. Þetta hefði beinlínis verið orðað með eftirfarandi hætti: „[...] þá lendum við í alvöru fjármálaeftirliti.“ Aðspurður hvort Seðlabankinn hefði útbúið formlegt skjal yfir þýðingu þess að Kaupþing flytti höfuðstöðvar sínar kvað hann svo ekki hafa verið enda hefði verið undir-

310. Skýrsla Árna M. Mathiesen fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. maí 2009, bls. 4.

liggjandi ágreiningur við ríkisstjórn um það þar sem hún vildi ekki að bankarnir flyttu höfuðstöðvar sínar. Aðspurður hvort bankastjórn Seðlabankans hefði átt viðræður um þetta efni við fulltrúa ríkisstjórnarinnar svaraði Davíð: „Viðhorf mitt kom fram í samtali mínu við forsætisráðherra, að ég teldi að það væri mikið hjálpraði í því ef banki eins og Kaupþing færi og ég teldi það vera engan álitshnekki fyrir Ísland, nema síður væri, það var einhver, það sem ég vil kalla, bábilja uppi um það að þetta væru miklir álitshnekkir fyrir Ísland ef að bankarnir þyrftu að fara frá landinu, ég sá það ekki.“³¹¹

Samkvæmt drögum að fundargerð samráðshóps stjórnvalda um fjármála-stöðugleika og viðbúnað frá 7. júlí 2008 var rætt á fundi hópsins hvort hægt væri að takmarka áhættu bankakerfisins með því t.d. að Kaupþing flytti höfuðstöðvar sínar til útlanda. Ekki verður séð að þessari umræðu hafi á neinn hátt verið fylgt eftir.

Í skýrslu Sigurðar Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom m.a. fram: „Ef menn töldu að bankarnir væru of stórir og að þeir væru orðnir hætta fyrir þjóðfélagið þá áttu menn að segja það, þá áttu menn að kalla mig sem stjórnarformann, eða stjórn bankans inn á teppi í ráðuneytinu eða í Seðlabankanum og segja: „Þið eruð orðnir of stórir, þið verðið að gera eitthvað í þessu.“ Og þá hefðum við gert eitthvað í þessu [...]. En það var ekki eitt orð um þetta hvorki frá Seðlabanka, eftirliti eða ráðuneyti. [...] svona eftir á að hyggja, þá áttum við auðvitað að vera búin að koma þessum banka úr landi.“³¹² Í skýrslu Sigurðar kom fram að frá vorinu 2008 hefði verið unnið að því að flytja höfuðstöðvar Kaupþings frá Íslandi og hefði fyrirtækið Sullivan & Cromwell verið fengið til að aðstoða við mat á kostum sem í boði voru.³¹³

Í minnisblaði Seðlabankans er sagt frá fundi bankastjórnarinnar með Sigurði Einarssyni 11. júlí 2008. Fram kemur þar að Sigurður hafi kynnt bankastjórn framangreinda áætlun Kaupþings. Í minnisblaðinu segir að Davíð Oddsson hafi sagt að önnur heimilisfesti bankans komi vel út fyrir Ísland.³¹⁴

Í skýrslu Hreiðars Mús Sigurðssonar, forstjóra Kaupþings, kom fram að unnið hefði verið að „project Hans“ í bankanum sem fól í sér að flytja ætti höfuðstöðvar bankans frá Íslandi. Þannig hefði átt að setja starfsemina á Norðurlöndum undir FIH bankann í Danmörku og starfsemina annars staðar í Evrópu undir Kaupthing Singer & Friedlander í Bretlandi. Einnig kom fram í skýrslu Hreiðars: „[...] við ætluðum að fara að fjármagna eignirnar á þeim mörkuðum þar sem að þær voru og þar sem uppruni þeirra eigna var og við sáum ekki fyrir okkur að íslenskir bankar væru að fara að gefa út mikið af skuldabréfum á komandi misserum, við töldum að þetta mundi ekki lagast þetta ástand á þessum mörkuðum, svo við vorum ekki með í okkar plönunum það að íslenska einingin færi að endurfjármagna sig með útgáfu skuldabréfa.“ Einnig kom fram hjá Hreiðari að búið hefði verið að kynna þessa áætlun fyrir fjármálaeftirlitum Danmerkur, Svíþjóðar, Noregs, Bretlands og Íslands.³¹⁵ Hinn 25. september 2008 var samþykkt á stjórnarfundi Kaupþings að veita stjórnendum bankans heimild til þess að hrinda í framkvæmd framan- greindum skipulagsbreytingum.

311. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. ágúst 2009, bls. 5–7.

312. Skýrsla Sigurðar Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 8. júlí 2009, bls. 20.

313. Skýrsla Sigurðar Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 8. júlí 2009, bls. 42.

314. Minnisblað Tryggva Pálssonar til bankastjórnar Seðlabanka Íslands: „Fundur bankastjórnar með Sigurði Einarssyni, stjórnarformanni Kaupþings banka 11. júlí 2008, kl. 10-11:20“, dags. 17. júlí 2008.

315. Skýrsla Hreiðars Mús Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 11.

Í skýrslu Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að menn hefðu velt því fyrir sér að færa höfuðstöðvar Landsbankans frá Íslandi. Ekki væri þó mikið til skrifað um það hjá bankanum. Sigurjón sagði m.a.: „Hér erum við staddir og til lengri tíma séð, ef bankinn á að geta haldið áfram að vaxa og dafna [...] þá dugar ekki að menn séu búnir að finna leiðir til að leysa fjármögnunina sem er þar af leiðandi „innlánskoneptið“ og að það að maður sé búinn að finna leið til þess að framleiða eignir, sem er eitthvað annað en íslenskar eignir sem er þá auðvitað að eiga útibú og dótturfélög erlendis. Og að ráða inn fólk til þess að búa til eignir. Maður þarf auðvitað til lengri tíma séð að finna einhverja sem geta hjálpað okkur með eigið fé. Við þurfum einhvern veginn að komast í þá stöðu að það séu einhverjir útlendingar sem vilji eiga í íslenskum bönkum og við verðum einhvern veginn þessir raunverulegu evrópsku bankar sem við vildum vera. Komast frá því að vera í 95% í eigu Íslendinga. Hvernig gerum við það? Það gerist ekki nema með því að við komumst út úr þessari krónu því að krónan er einhvern veginn í vegi þegar þú ert að kynna þetta. Maður er búinn að kynna bankana og svo segja þeir: „Hvaða króna er þetta? Nei, ég ætla ekkert að fara í það.“ Það gekk bara ekki að reyna að selja þetta. Annars vegar það, og hins vegar hitt: Við verðum að ná að skrá okkur á markað úti og þá er auðvitað miklu betra að við séum komin í erlenda mynt og til þess að við séum í erlendri mynt þá er auðvitað betra að við séum búnir að flytja þetta alla leið. Á sama tíma og við segjum þetta erum við einhvern veginn með Íslendingahjartað sem veldur því að maður er ekki alveg tilbúinn til þess að hlaupa heldur vill maður einhvern veginn að skattarnir séu borgaðir á Íslandi. Vonin var sú að maður gæti einhvern veginn náð að komast yfir í erlenda mynt með allt eigið fé, komast inn á skráningu í erlendum markaði en samt ná að borga skattana til Íslands. Það var undirliggjandi hugsun, alla vega í Landsbankanum, menn vildu reyna að borga skattana á Íslandi. [...] Við ræddum þetta fram og til baka og partur af því, fyrstu skrefin til þess að geta komist til útlanda [...] er að þú þarft að breyta eigin fénu yfir í erlent, skref tvö er að til þess að geta komist og skráð þig á erlendan markað þá verðurðu að láta erlenda þáttinn vera orðinn mjög stóran hluta af bankanum. Það þýðir ekki að vera íslenskur banki að hálfu og erlendur að hálfu. Þú þarft að komast enn þá lengra með erlenda þáttinn. Svo þarftu náttúrulega að geta komið bókhaldinu þínu yfir í erlent, þess vegna voru menn spenntir fyrir því, Kaupþing var náttúrulega komið lengst í þessu, og að vilja skrá hlutabréfin í erlendu til þess fyrir rest að geta komist út. [...] Á síðustu stigunum árið 2008 þá er maður farinn að hugsa: „Vá, það er bara orðið hættulegt að vera íslenskur banki“, vegna þess að heimurinn upplifir það að það sé ekkert „back up“. Þetta er bara orðið hættulegt, það þarf einhvern veginn að komast út úr þessu.“³¹⁶ Aðspurður hvort stjórnvöld hefðu ýtt á Landsbankann að flytja höfuðstöðvar sínar úr landi svaraði hann því neitandi. Þvert á móti hefði verið ljóst að stjórnvöld hefðu ekki viljað að þeir flyttu höfuðstöðvar bankans úr landi. Aðspurður kvaðst Sigurjón ekki hafa rætt þetta mál við bankastjórn Seðlabanka Íslands. Þetta hefði verið rætt innanhúss í Landsbankanum en verið mjög viðkvæmt þar sem menn hefðu haft ólíkar skoðanir á málinu. Til þess að varpa skýrara ljósi á málið hefði Landsbankinn ráðið hagfræðingana Anne Sibert og Willem Buiter til þess að skrifa álitserð. Þeirra niðurstaða hefði verið að Ísland hefði tvo kosti; að halda íslensku krón-

316. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 44–47.

unni og flytja erlenda hluta af bankakerfinu yfir á evrusvæðið eða að halda hinum erlenda hluta á Íslandi og ganga í myntbandalag Evrópu.³¹⁷

19.6.2 Höfðu stjórnvöld uppi hvatningu til bankanna um að færa niður efnahagsreikninga sína?

Eins og nánar er að vikið í 5. kafla var það stefna ríkisstjórnarinnar samkvæmt stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar frá 23. maí 2007 að tryggja að fjármálastarfsemi gæti áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði. Þessari stefnu ríkisstjórnarinnar var ekki breytt opinberlega fyrir fall bankanna í október 2008.

Í skýrslum starfsmanna Seðlabanka Íslands fyrir rannsóknarnefnd kom fram að það hefði verið ljóst frá árinu 2006 að íslensku bankarnir þyrftu að færa niður efnahagsreikninginn hjá sér. Í skýrslu Sturlu Pálssonar, framkvæmdastjóra alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans, kom t.d. eftirfarandi fram: „Það blasti alveg við frá því í febrúar/mars 2006 að það þyrfti að gera eitthvað, því að það munaði [mjú] að bankarnir færu á hausinn þá. Það var dagaspursmál að Landsbankinn [lenti í vanskilum] og þeir sögðu það bara sjálfir: „Það er kraftaverk ef við lifum þetta.“ Vandamálið er náttúrulega það, alla vega eins og við sáum það, að bankarnir vaxa alveg gríðarlega hratt, þeir eru algjörlega háðir fjármagnsmarkaðnum, skuldabréfamörkuðunum, [...] „innlánabasin“ þeirra hérna heima er ekki nógu stór og djúpur [...]. Evrópski skuldabréfamarkaðurinn lokaði á bankana haustið 2005 og hann opnaði aldrei aftur. Síðan kemur 2006 og þetta sem þeir kölluðu síðan „mini-krísuna“, það vandamál er leyst með því að það eru gefin út alveg gríðarlega mikið af skuldabréfum inn á Bandaríkjamarkað sem eru ryksuguð upp af aðilum sem eru að pakka saman CDO-um [...] þess vegna held ég að þeim hefði mátt vera ljóst að þeir yrðu að vinda niður efnahagsreikninginn hjá sér, þeir yrðu að bæta eiginfjárstöðuna, lausafjárstöðuna, draga úr útlánaáhættunni og vinda þetta niður því að dyrnar sem lokuðust þær opnuðust aldrei aftur. [...] Og þeir náttúrulega máttu vera búnir að átta sig á því miklu fyrr [...] það sem stóð í bankagreiningarskýrslunum sem byrjuðu að birtast í febrúar 2006, þar sem var verið að tala um hvernig „áhættuprófillinn“ væri í þessum stofnunum, hvernig „fjármögnunarprófillinn“ væri og þetta voru engin leyndarmál. Það stóð upp úr [...] öllum þessum aðilum, þessum greiningaraðilum, að þeir yrðu að draga úr áhættu og það var ekki gert. [...] Síðan förum ég og Davíð Oddsson út til London í febrúar 2006 og tökum þennan venjulega fundahring og þar erum við bara teknir og rassskelltir í rauninni: „Bankarnir ykkar eru alltof áhættusæknir, fjármögnunin er að lokast á þá.““ Aðspurður hvort hann hefði tekið þátt í því á þessum tíma að útbúa einhverjar tillögur um það hvernig ætti að bregðast við, svaraði Sturla því neitandi og sagði svo: „Tillagan hefði í sjálfu sér verið ósköp einföld, það var bara að kalla þá inn og reyna að hvetja þá til að gíra niður efnahagsreikninginn. Já, draga úr útlánavextinum.“³¹⁸ Aðspurður af hverju menn hefðu þá ekki gengið rösklega fram í því, svaraði hann m.a.: „Spurningin er bara hvaða heimildir stjórnvöld, Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn, hafa til þess að skikka bankana til þess að vinda niður hjá sér efnahaginn.“³¹⁹

317. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 48–51.

318. Skýrsla Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. júlí 2009, bls. 3–6.

319. Skýrsla Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. júlí 2009, bls. 20.

„Jóhannes Nordal kom til mín í nóvember 2005, og ég var kannski ekki búinn að hugsa mikið um þetta, þá sagði hann: Það er sennilega orðið of seint að stoppa þennan bolta, sem er ofvöxtur bankakerfisins, og hann bætti við, [...]— að það gæti jafnvel verið hættulegt að fara að stöðva þetta því að það gæti fípað þessa menn, þeir færu út af sporinu. Og kannski var þetta orðið þannig að þetta var orðið illviðráðanlegt þegar 2005.“

Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
7. ágúst 2009, bls. 41.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Arnór Sighvatsson, aðalhafgræðingur Seðlabanka Íslands, spurður að því hvort ekki hefði komið til greina að beita tækjum Seðlabankans á bankana til þess að fá þá til að minnka efnahaginn. Arnór svaraði: „Líklega var það orðið of seint árið 2006, vegna þess að ef þú grípur til slíkra tækja þegar bankarnir eru orðnir svona stórir og eru komnir í vanda að þá getur þú felld bankann með því [...]. Þannig að ég held að vonir manna hafi staðið til þess [...] að bankarnir [...] mundu láta sér þetta að kenningu verða, þeir mundu reyna að draga úr áhættu eftir bestu getu, úr því að þeir lifðu af þessar hremmingar á árinu 2006 og að yrði þá smám saman hægt að vinda ofan af þessu.“³²⁰

Í skýrslu Ingimundar Friðrikssonar, seðlabankastjóra, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að á fyrri hluta ársins 2008 hefði „Seðlabankinn átti fundi með bönkunum [...] þar sem var sífellt var verið að hamra á því, benda á að við sæjum ekki þessi merki um minnkun í umsvifum þeirra, sem þeir töluðu um.“ Síðan sagði Ingimundur: „Það hægði ekki á útlánavexti í þeim mæli sem þeir höfðu sagt að væri hafið og við leituðum þráfaldlega upplýsinga og komum á framfæri viðvörðunum okkar við þessum mikla vexti sem hélt áfram verulega fram á árið 2008.“³²¹

Aðspurður hvort Seðlabanki Íslands hefði gert eitthvað til þess að hafa áhrif á stærð bankanna svaraði Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis: „Ekki öðruvísi en í almennum umræðum við bankastjórana — við höfðum miklar áhyggjur af vaxandi, mjög hraðri, útlánaaukningu sem var í bankakerfinu og við vörðum við því. Það var sagt að menn væru byrjaðir að stíga á bremsur og þess háttar, það var reyndar sagt mjög lengi, og þegar við sáum aldrei neinar tölur sem staðfestu það — þvert á móti, útlánin voru alltaf að aukast þrátt fyrir þessar fullyrðingar — þá var sagt að þetta væri allt í pípunum, þetta eru allt ákvarðanir sem búið er að taka fyrir löngu og þetta er bara eins og olíuskip, minnir mig að hafi verið sagt, það tekur 40 km að beygja því, en menn halda alltaf að það sé eins og bátur, þetta er í pípunum en við erum ekki að samþykkja aukin útlán, þessu var haldið að okkur.“ Aðspurður svaraði Davíð því til að Seðlabankinn hefði ekki útbúið sérstaka skýrslu um það hve stórt bankakerfi íslenskt efnahagslíf þyldi. Síðan sagði hann: „Menn náttúrulega vörðu við því að skuldastaða íslenska þjóðarbúsins gegnum bankakerfið — það kom fram í greinum og ræðum Seðlabankans — væri orðin óþægilega há og væri mjög hæpið að traust á þjóðinni risi undir því. Og þó að það væru eignir á móti þá gætu þær eignir veikt, eins og kom á daginn, þannig að þau sjónarmið komu oft fram af hálfu Seðlabankans — að þó að ríkisskuldir færu minnkandi væri heildarskuldastaða þjóðarbúsins orðin mjög hættuleg.“³²² Í skýrslu Davíðs kom einnig fram að það hefði margoft verið rætt við bankastjórana um að selja eignir og minnka bankana en þeir hefðu svarað: „Þið segið okkur ekkert að selja eitthvað núna á hálfvirði eða fjórðungsvirði því að þá minnkar eiginfjárstaðan strax sem því nemur.“ Þannig hefðu bankarnir þurft þrjú til fjögur ár til að selja eignir og minnka.³²³

Við skýrslutöku var Eiríkur Guðnason, seðlabankastjóri, spurður að því hvað Seðlabankinn hefði gert þegar ráðherrar funduðu með bankamönnum í febrúar 2008. Eiríkur lýsti því að bankastjórn Seðlabankans hefði hvatt bank-

320. Skýrsla Arnórs Sighvatssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 28. júlí 2009, bls. 21.

321. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 15.

322. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 31.

323. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 60.

ana til að draga saman efnahag sinn. Eiríkur sagðist telja að einu skilaboðin sem Seðlabankanum hefðu borist frá ríkisstjórninni hefðu verið að kanna möguleika á aukningu gjaldeyrisforðans.³²⁴

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, að almennum tilmælum hefði verið komið á framfæri við bankastjórana um að þeir þyrftu að minnka efnahagsreikning bankanna. Aðspurður svaraði hann því til að þessi tilmæli hefðu ekki verið sett fram skriflega.³²⁵

Aðspurður hvort fulltrúar ríkisstjórnarinnar hefðu lagt að Kaupþingi banka hf. að minnka efnahaginn svaraði Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefnd Alþingis: „Ef það hefur verið gert þá hefur það verið mjög „casual“, það hefur ekki verið neitt, það var engin vinna lögð a.m.k. af hálfu stjórnvalda, það var enginn sem kom að máli við okkur með einhverjar tillögur eða hvort menn hafi sagt á þessum fundi: „Já, já, getið þið ekki minnkað efnahagsreikninginn ykkar?“ Það má vel vera, ég man það ekki.“³²⁶ Aðspurður hvort þeir hefðu verið beðnir um tillögur um hvernig þeir ætluðu að standa að því að færa niður efnahaginn svaraði hann því til að það hefði ekki verið. Síðar í skýrslunni áréttaði hann að það sem stjórnvöld hefðu hugsanlega sagt hefði ekki verið neitt „skriflegt, það eru engar tillögur, en það má vel vera að menn hafi á einhverjum fundum sagt: „Þurfið þið ekki að lækka? Verður ekki kerfið að minnka? Er ekki lausnin að selja?“ Það má vel vera að menn hafi sagt eitthvað slíkt“.³²⁷

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Lárus Welding, forstjóri Glitnis banka hf., spurður hvort stjórnvöld hefðu lagt að Glitni að selja eignir eða draga saman starfseminu. Lárus svaraði: „Nei, ég man ekki eftir neinum „konkret“ tillögum, þetta eru svona almennir fundir bara, menn eru að tala um stöðuna. Ef það má segja eitthvað, þá held ég að lexían sem verði að læra [sé] að það verður að vera miklu meiri samhæfing og samræming og samstarf á milli ríkisstjórnar, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka, sem fyrst og fremst þarf að byggjast á því að menn séu hreinskilnir og treysti hver öðrum. Það er mjög einföld regla í viðskiptum, það treystir þér enginn nema þú sért sjálfur hreinskilinn og opinn. Ég lagði mig mikið í líma við þetta í öllum mínum samskiptum við Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið og ég held að ég hafi uppskorið traust og hreinskilni í staðinn. Þarna er ekki verið að leggja fram – það eru allir mjög kurteisir á fundum, hlutirnir eru ræddir almennt, þarna eru samkeppnisaðilar hlið við hlið, þannig að þeir augljóslega tala varlega. Og ríkisstjórnin leggur ekkert beint til nema að hún vonar að þetta fari allt að lagast.“³²⁸ Þá bætti Lárus við: „Ég hefði talið að eftirlitið og Seðlabanki hefðu átt að kalla menn meira saman á fundi og setja þeim skýrar reglur, sem stjórnendur bankanna gætu farið með og sagt: „Þessar reglur hafa verið settar og þeim þarf að fylgja.“ Og okkur hefðu verið sett skilyrði að íslenska ríkið hefði sagt: „Þið þurfið að selja eignir fyrir þetta.“ Þá höfum við engan valkost, þá er komin skýr regla [...]. Stjórnendur bankanna hafa það markmið að reka bankana, við vinnum fyrir stjórnina, þeir eru okkar yfirmenn [...] en ef það á að gera eitthvað „drastískara“, hraðar, sem hefur mjög neikvæð áhrif á eigið fé, þá verður það að koma í [...] í einhverri tilskipun eða reglu, því annars erum við í mjög miklum

324. Skýrsla Eiríks Guðnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. maí 2009, bls. 18–19 og 41.

325. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. ágúst 2009, bls. 37.

326. Skýrsla Hreiðars Máss Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 27.

327. Skýrsla Hreiðars Máss Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 29.

328. Skýrsla Lárusar Welding fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. mars 2009, bls. 21.

umboðsvanda einhvern veginn gagnvart stjórninni, sem er að vinna fyrir hluthafana. Þá segir stjórnin: „Er þetta það besta fyrir hluthafana?“³²⁹

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbanka Íslands hf., var við skýrslutöku spurður að því hvaða skilaboð fyrirsvarsmenn ríkisstjórnarinnar hefðu fært honum varðandi umfang og starfsemi bankanna. Halldór svaraði: „[...] þeir vildu að við drægjum saman umfangið 2008, og ég held að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn „súmmari“ þetta mjög vel upp í sinni skýrslu [...] það var óumdeilt að ríkisvaldið þurfti að auka viðbúnaðarstig sitt og Seðlabankans, og bankarnir að reyna að draga saman, en markaðsaðstæður til að gera það á árinu 2008 voru erfiðar.“³³⁰ Halldór vék síðan að þeirri skoðun sinni að rétt hefði verið af stjórnvöldum að setja stærðarmörk á bankakerfið. Hann sagði: „Það var viss vandi hjá okkur, finnst mér, kerfislega í heild sinni að stærsti banki þjóðarinnar skyldi vera með svo áhættusækin „módel“ sem hann var með. Og að stærsti banki þjóðarinnar, Kaupþing, skyldi ekki einu sinni á haustmánuðum 2007 skynja aðstæður þannig að hann ætti ekki að fara að kaupa einn bankann enn í útlöndum. Og við þetta vorum við að glíma og vorum sjálfsgagt annar til þriðji bankinn í stærð alla tíð, stundum þriðji og stundum annar, og það varð eiginlega, ef það átti að setja einhver markmið, þá varð eiginlega að setja einhver „kvantitatíf“ markmið. Auðvitað bárum við ábyrgð á því að sníða okkur stakk eftir vexti og við fórum auðvitað hver til síns heima þykist ég vita og reyndum að gera það sem við gátum. Hins vegar stóðum við frammi fyrir því, eins og margir aðrir bankar, að ýmist voru eignir erfiðar í sölu eða við mátum það svo að það væri betra að taka lán út á þessar eignir heldur en að selja þær, nota þær til fjármögnunar heldur en að selja þær kannski á versta tíma á markaði.“³³¹ Aðspurður hvort haldinn hefði verið fundur með Seðlabanka Íslands eða ráðherrum þar sem menn veltu fyrir sér hvað hægt væri að gera til að umbreyta starfsemi bankanna, draga úr henni og jafnvel skipta bönkunum upp með tilliti til erlendrar starfsemi og innlendrar svaraði Halldór: „Nei, það var ekki beinlínis sest yfir slíkt.“³³²

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, var við skýrslutöku spurður að því hvort Seðlabanki Íslands hefði sent skýr skilaboð um það að minnka ætti Landsbankann. Sigurjón kvaðst minnast þess og bætti við: „Í febrúar 2008 þá eru þeir, þ.e. Davíð Oddsson, að segja að við eigum að selja eitthvað og við segjum: „Já, bíddu, hvað?“ Hann segir að við eigum að minnka. Og við erum að gera allt sem við getum til að minnka en það er ekkert hægt að gera það sem menn eru að biðja um, þ.e. að minnka um helming, þá þurfa allir að geta borgað þér og það er enginn að fara að borga.“³³³ Sigurjón sagði einnig: „Eftir á að hyggja segja allir að bankarnir hafi stækkað of mikið, sem er alveg rétt, og þá segja menn: „Þessir bankamenn eru bara alveg brjálaðir að stækka svona mikið.“ „Ok“, menn geta sagt það en það er svolítið erfitt, ég meina átti ég að koma og segja á bankaráðsfundi [...]: Nú erum við bara alveg hættir að stækka, það er ekki pláss fyrir þessa þrjá stóru banka. Hinir bankarnir ætla að halda áfram að stækka en við ætlum að stoppa. Við skulum bara leyfa þeim að stækka en við skulum bara hætta. Það er ekki einfalt að segja það [eða] að taka slíkar ákvarðanir.“³³⁴ Sigurjón sagði einnig við sömu

„Það var náttúrulega gríðarlegur vilji hjá eigendum bankans að stækka. Ég meina, ef ég segði það ekki væri ég bara að ljúga, það var gríðarleg pressa á að stækka.“

Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
27. ágúst 2009, bls. 41.

329. Skýrsla Lárusar Welding fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. mars 2009, bls. 24.

330. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 11.

331. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 13.

332. Skýrsla Halldórs J. Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. maí 2009, bls. 14.

333. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 67.

334. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 77.

skýrslutöku varðandi tilmæli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 14. apríl 2008 um að minnka bæri bankana: „Þetta er eins og að menn komi á lakkskónum þegar þú ert úti á ballarhafi, búinn að vera að berjast í einhverju hrikalegu óveðri, þá koma einhverjir menn á lakkskóm: „Ég held að þú ættir kannski að minnka, ég held að þú ættir kannski að sigla í land.“ – Já, já, ég veit allt um það, en hvernig á ég að gera það? Það er ekki hægt núna, núna verð ég bara að þakka fyrir að halda mér á floti og að koma mér í gegnum með öllum hinum skipunum sem öll eru hérna á kafi á sjó í óveðrinu. Það er ekki bara þannig að maður geti bara stefnt á þessa höfn og bara komist í höfn einn, tveir og þrír. Það eru draumórar.“³³⁵

Við skýrslutöku lét Geir H. Haarde, forsætisráðherra, eftirfarandi ummæli falla: „[...] hvað átti ríkið að gera? Átti það að skipa bönkunum að selja eignir? Þetta var alltaf sama vandamálið, það voru ekki úrræði til þess að pína bankana til að gera ákveðna hluti.“ Geir sagði einnig: „Við höfum ekki valdheimildir til þess að kúga þá eða knýja til að gera ákveðnar ráðstafanir. Það er hægt að tala við þá, það er hægt að beita „moral suasion“, eins og það heitir víst í amerísku kennslubókunum, til þess að minnka sig, selja eignir, losa sig við útlán, það er að selja eignir og grípa til einhverra slíkra aðgerða, hætta að vera alltaf að þenja sig út [...]“³³⁶

Við skýrslutöku voru ummæli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að draga þyrfti saman efnahag íslensku bankanna borin undir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, utanríkisráðherra. Ingibjörg sagði: „[...] ég leit svo á að það væri einfaldlega bara verið að vinna í þessum málum og það væru Seðlabanki og Fjármálaeftirlitið og líka sérstaklega... eins og Seðlabankinn talaði þá væri hann að taka á bönkunum og engin ástæða til að ætla það að það væri verið að sýna þeim einhverja linkind.“³³⁷

Við skýrslutöku var Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, spurður að því hvort hann hefði, með hliðsjón af stærð bankanna, leitt hugann að því hvort það gæti gengið til framtíðar að þeir hefðu höfuðstöðvar sínar hér á landi. Björgvin svaraði: „Já, já, ég gerði það. Ég gerði það nokkrum sinnum að umtalsefni, m.a. í þingræðu, að ég held í febrúar 2008, þar sem ég benti á það að það sem menn kölluðu svona snyrtilega hlutfallsvandinn á milli bankakerfis og myntsvæðisins okkar, gjaldmiðilsins eða Seðlabankans, væru náttúrulega með þeim hætti að það væri aldrei við það búandi. Annaðhvort mundu bankarnir þurfa að minnka eða við að fara inn á stærra myntsvæði, þetta sagði ég t.d. í þingræðu 2008 og oft annars staðar. Ég fjallaði heilmikið um gjaldmiðilsmálin okkar út frá þessu sjónarhorni. Þetta var svona drifkrafturinn í Evrópuumræðunni sem að mér sneri á þessum tíma og pirraði marga í samstarfsflokksnum á þeim tíma. Ég veitti því mjög mikla athygli, mér fannst þetta mjög ógnvænlegt, af því að bankar sem að gefur augaleið að eru tíu, ellefu þjóðarframleiðslur, verða aldrei varðir af þrautavarahlutverki Seðlabanka ef þeir lenda allir í vanda á sama tíma og við veittum og ræddum heilmikið þennan kerfisbrest sem er í okkar fyrirkomulagi. Við erum þarna aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, frjálst flæði fjármagns, öll íhlutun um starfsemi bankanna erlendis gat verið erfið jafnvel og óeðlileg út frá alþjóðasamningum, þannig að það var ekkert hlaupið að því að minnka bankana með stjórnvaldsaðgerðum, alls ekki.“ Við sama tækifæri sagði Björgvin: „[...] það var ekki

335. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 82.

336. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 41 og 50.

337. Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 8.

hægt með stjórnvaldsaðgerðum að þvinga bankana til að minnka, það var ekki hægt, það er brot á alþjóðasamningum og við höfðum engan umbúnað til þess annan en þá að halda úti hófstílltri og þeirri umræðu sem maður taldi réttlæt看lega án þess að ógna stöðu bankanna, umræðu um þann vanda sem fólst í stærð bankanna og smæð okkar myntkerfis.³³⁸

Við skýrslutöku var Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, spurður að því hvort hann hefði sett fram tillögur eða hugmyndir um breytt fyrirkomulag á starfsemi bankanna sem miðuðu að því að draga saman efnahag þeirra eða draga úr áhættu í starfseminni hér á landi, t.d. á fundum sínum með bönkunum 2007 og 2008. Árni svaraði: „Nei, þarna á þessum, umræðuefni sem sneru að mér á þessum tíma voru aðallega um uppgjörmálin hjá þeim, hvernig þeir gætu gert upp og – en hins vegar, en ekki um það að ég væri með einhverjar hugmyndir um það að þeir ættu að, einhverjar svona frá mér um að þeir ættu að draga saman og þeir ættu að flytja höfuðstöðvarnar eða eitthvað slíkt, að það var það ekki og ég held að það hafi heldur ekki verið mitt hlutverk að hafa frumkvæði að einhverju slíku í þessu samhengi.“³³⁹

19.6.3 Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis

Að öllu framangreindu virtu er ljóst að ráðherrar beittu sér ekki fyrir því að höfuðstöðvar einhvers af stóru bönkunum yrðu fluttar úr landi, enda var það beinlínis opinber stefna þeirrar ríkisstjórnar sem var mynduð í maí 2007 að bankarnir hefðu áfram höfuðstöðvar á Íslandi, sbr. umfjöllun í kafla 5.0. Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands kvaðst persónulega hafa verið hlynntur flutningi höfuðstöðva Kaupþings úr landi og látið þá skoðun í ljós. Ekki er hins vegar að sjá að Seðlabankinn hafi beinlínis þrýst á um slíkt í formlegum viðræðum við stjórn Kaupþings eða bankastjóra um málið. Í skýrslu Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns Kaupþings banka hf., fyrir rannsóknarnefnd Alþingis fullyrti hann að Seðlabankinn hefði ekki sagt þeim að nauðsynlegt væri að þeir flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi. Fyrir liggur að um tveimur vikum fyrir fall Kaupþings ákvað stjórn Kaupþings að hrinda í framkvæmd áætlun um að flytja höfuðstöðvar erlendrar starfsemi úr landi.

Í skýrslum forsvarsmanna bankanna fyrir rannsóknarnefnd kom fram að hvorki Seðlabanki Íslands, Fjármálaeftirlitið né ráðherrar hefðu lagt fyrir þá formlegar tillögur um að draga úr stærð bankanna. Á hinn bóginn ýmist muna þeir ekki eða útiloka ekki að stjórnvöld hafi með almennum hætti lagt að þeim að draga úr útlánum og færa niður efnahagsreikning bankanna.

Nánari ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis um þessar niðurstöður er að finna í kafla 21.0.

19.7 Upplýsingar um stórar áhættuskuldbindingar sem Seðlabanki Íslands hafði aðgang að

19.7.1 Dæmi um upplýsingar sem Seðlabanki Íslands bærust um stórar áhættuskuldbindingar og hugsanlega kerfisáhættu

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands er það hlutverk stofnunarinnar að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Stórar áhættuskuldbindingar sömu eða skyldra aðila í mörgum fjármálastofnunum er eitt af því

338. Skýrsla Björgvins G. Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009, bls. 4 og 16.

339. Skýrsla Árna M. Mathiesen fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. maí 2009, bls. 8–9.

sem valdið getur kerfisáhættu. Í skýrslu Sylvíu Kristínar Ólafsdóttur, forstöðumanns viðbúnaðarsviðs Seðlabankans, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að fljótlega eftir að hún kom til starfa í Seðlabankanum í febrúar 2007 hefði hún orðið þess áskynja að hugsanlega væri fyrir hendi kerfisáhætta vegna stórra áhættuskuldbindinga skyldra aðila hér á landi í fjármálastofnunum. Það sem hefði vakið athygli hennar á þessu hefðu verið myndir sem erlendir bankar, þ.m.t. J.P. Morgan, hefðu dregið upp. Aðspurð hvernig þessu hefði verið fylgt eftir af Seðlabankanum svaraði hún því til að bankinn hefði ekki haft aðgang að nauðsynlegum upplýsingum svo hægt hefði verið að fylgja þessu eftir.³⁴⁰

Í skýrslu Davíðs Oddssonar, formanns bankastjórnar Seðlabankans, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að um mitt sumar árið 2008 hefði leitað til hans maður, sem hann vildi ekki nafngreina, sem vann í einum af stóru bönkunum. Hann hefði komið með mynd, sem hann hafði teiknað af tengslum stærstu lánþega bankanna og hvað þessir tengdu aðilar hefðu fengið að láni í stóru bönkunum þremur. Þetta hefði verið „bara venjulegur bankamaður“ sem hefði blöskrað ástandið. Þannig hefði eitt fyrirtæki, þ.e. Baugur Group hf., t.d. skuldað samtals 700 til 800 milljarða kr. í þessum bönkum. Maðurinn hefði bannað Davíð að sýna þetta skjal því hann hefði verið hræddur um starf sitt í bankanum. Þessi bankamaður sagðist aðeins vera kominn „með toppinn á þessu“ þannig að ástandið gæti verið verra. Síðan sagði Davíð orðrétt: „Og ef það var svo þá sá ég fyrir mér að þessir bankar mundu fyrr eða síðar allir fara á hausinn.“ Aðspurður kvaðst Davíð hafa tekið mál um stórar áhættuskuldbindingar upp á fundi með Fjármálaeftirlitinu en þær upplýsingar sem hann hefði fengið frá forstjóra þess hefðu ekki stemmt við þær upplýsingar sem bankamaðurinn hefði veitt honum. Davíð var þá spurður til hvaða ráðstafana hann hefði gripið til þess að ganga úr skugga um hvað væri rétt í þessu. Hann svaraði þá: „Ég gerði engar sérstakar ráðstafanir aðrar en þær, ég hafði þessar upplýsingar, þær styrktu mig í þessari trú, ég var búinn að – ég reyndar held að ég hafi sagt mínum félögum frá því, að ég væri að fá upplýsingar sem væri verið að vinna sem virtust benda í þá átt að mínar áhyggjur í þessum efnum væru réttar en fullyrðingar Fjármálaeftirlitsins væru rangar. Ég sýndi þeim ekki þetta plagg en, af því að ég hafði bara [verið bundinn] trúnaði með það.“³⁴¹

Í skýrslutöku af Ingimundi Friðrikssyni, seðlabankastjóra, en hann átti jafnframt sæti í stjórn Fjármálaeftirlitsins, var vikið að verkaskiptingu á milli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins varðandi stórar áhættuskuldbindingar. Í skýrslu sinni sagði Ingimundur m.a. svo: „Nú reyndar er það svo að Seðlabankinn hafði ekki sömu smáatriðaupplýsingar úr reikningum bankanna og þar með talið úr útlánabókinni og Fjármálaeftirlitið hafði. Það var náttúrulega verkaskipting þarna á milli þessara stofnana og Seðlabankinn hafði t.d. ekki upplýsingar um stórar áhættuskuldbindingar bankanna, sundurliðað eftir einstökum [lántakendum], það er nokkuð sem var viðfangsefni Fjármálaeftirlitsins að vaka yfir og þær upplýsingar höfðum við ekki og okkar athygli beindist þá miklu frekar að því að skoða fjármögnun bankakerfisins í heild sinni og lausafjárstöðu þess í heild sinni. Að gera kannanir á þáttum eins og útlánagæðunum frá sjónarhóli heildarinnar, ekki með því að skoða það innan frá eins og Fjármálaeftirlitið gerði, greiningar til dæmis í *Fjármálastöðugleika* tvö síðustu árin á gæðum og mögulegu útlánatapi, rannsóknir sem gerðar eru með hliðstæðum hætti og við þekkjum að gert er ann-

340. Skýrsla Sylvíu Kristínar Ólafsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 22. október 2009, bls. 21.

341. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. ágúst 2009, bls. 9–10.

„Eitt mikilvægt atriði er t.d. að við fengum ekki fyrr en síðustu dagana fyrir áfallið yfirlit yfir áhættuskuldbindingar, hvaða aðilar eru þetta, og hvernig eru tengslin á milli? Við fengum reyndar nett áfall við að sjá þær tölur.“

Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
10. mars 2009, bls. 3.

ars staðar. En þetta voru ekki greiningar sem byggðu á frumgögnum innan úr fyrirtækjum, vegna þess að það var Fjármálaeftirlitsins.³⁴² Ingimundur var þá spurður að því hvort Seðlabanka Íslands hefði í raun verið mögulegt að meta hina kerfislægu áhættu nema slíkar upplýsingar lægju fyrir. Ingimundur svaraði: „Ég held að við höfum talið okkur geta gert það, a.m.k. nálgast það mjög mikið með þessum greiningum sem við gerðum á gæðum eignasafnsins á grundvelli – það er reyndar [...] í tveimur síðustu fjármálastöðugleika-skýrslum, býsna ítarlegar greiningar á gæðum og fyrir kerfið í heild sinni og við töldum það að við hefðum þær upplýsingar sem við þyrftum í þessum efnum, til þess að geta lagt þetta heildarmat á það, já.“ Aðspurður sagði hann að þær upplýsingar sem bankinn hefði haft aðgang að og byggt á hefðu ekki lotið að tengslum á milli fyrirtækja.³⁴³

Í skýrslu Jóns Þ. Sigurgeirssonar, sérfræðings á skrifstofu bankastjórnar Seðlabankans, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að eftir helgina í september 2008, þegar ríkisstjórnin hefði gert hluthöfum Glitnis tilboð í kaup á bankanum, hefðu fyrirsvarsmenn Glitnis komið á fund upp í Seðlabanka og m.a. fundað með Ingimundi Friðrikssyni þar sem afhent hefði verið afrit af lánabók Glitnis. Ingimundur hefði afhent honum gögnin til skoðunar og hann hefði verið að gera það þegar Davíð hefði borið þar að. Í skýrslu Jóns sagði síðan: „Og Davíð Oddsson kom inn á skrifstofu til mín og spurði mig hvað ég væri með í höndunum og ég sagði honum það.“ Jón sagði að Davíð hefði í kjölfarið kynnt sér gögnin.³⁴⁴

Í skýrslu Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom eftirfarandi fram um viðbrögð hans þegar hann sá lánabók Glitnis: „Ég varð nú eiginlega fyrir „sjokki“ þarna daginn eftir að menn ætla að taka Glitni yfir, þá sé ég í fyrsta skipti svona útdrátt úr lánabók, um stærstu skuldara, og þá sé ég að eigandi bankans virðist í þeim tölum skulda 170 milljarða, en reyndar reyndust það nú vera 300 og eitthvað milljarðar. Þá er forstjóri Fjármálaeftirlitsins staddur í bankanum og mér varð svo mikið um þetta að ég hljóp niður á fyrstu hæðina, þar sem hann var, og kallaði hann yfir í næsta herbergi og sýndi honum þessar tölur, þar sem var sko Baugur, Gaumur og FL-Group og Landic Property og bara 360... þá sagði forstjóri Fjármálaeftirlitsins: „Þú misskilur þetta, þetta eru ekkert sömu aðilarnir.“ Þá lamdi ég nú fast í borðið og sagði: „Þú talar ekki svona við mig drengur.“ En ég áttaði mig ekkert á því... mér fannst hann vera að gera grín að mér. En þetta var miklu verra því að svo voru þarna nöfn, sem ég hafði ekki þekkingu á, að voru sömu aðilarnir.“³⁴⁵

Við skýrslutöku sagði Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, að hann og Davíð Oddsson hefðu rætt saman vegna yfirlits úr lánabók Glitnis. Aðspurður um það hvaða sjónarmið Davíð hefði haft uppi í því samtali svaraði Jónas: „[...] þau sjónarmið sem hann hafði uppi var náttúrulega það að hann taldi náttúrulega vera miklar lánveitingar, sérstaklega þarna á Baug m.a. og ég benti honum á það að það væri í sjálfu sér ekki nýtt, það væru þarna ákveðnar tryggingar á móti sem væru settar fram, hann yrði að horfa á það líka. Og hann sagði að þetta væri allt rusl, það var farið þá sérstaklega í það með Glitnismönnum og okkur og Árna Tómassyni að fara yfir það.“³⁴⁶

342. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 3

343. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 4

344. Skýrsla Jóns Þ. Sigurgeirssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 16. júlí 2009, bls. 46.

345. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 26.

346. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. ágúst 2009, bls. 66.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram hjá Sturlu Pálsyni, framkvæmdastjóra alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans, að Seðlabankinn hefði ekki lagaheimildir til að kalla eftir upplýsingum úr lánabókum bankanna eða kynna sér stórar áhættuskuldbindingar þeirra. Aðspurður hvort ekki hefði komið til greina að skilyrða fyrirgreiðslu Seðlabankans við það að fá upplýsingar úr lánabók sagði Sturla: „Ég er ekki viss um að við höfum komist upp með svoleiðis ofbeldi gagnvart þeim, einfaldlega vegna þess að stjórnvald þarf að hugsa um hversu langt er verjandi að ganga.“ Sturla sagði einnig að ef bankarnir hefðu viljað sýna sér lánabækur sínar þá hefði hann ekki viljað taka við þeim.³⁴⁷

„Ég er ekki viss um að við höfum komist upp með svoleiðis ofbeldi gagnvart þeim, einfaldlega vegna þess að stjórnvald þarf að hugsa um hversu langt er verjandi að ganga.“

Svar Sturlu Pálssonar við skýrslutöku við þeirri spurningu hvort ekki hafi komið til greina að skilyrða fyrirgreiðslu Seðlabankans við það að fá upplýsingar úr lánabókum bankanna, sbr. skýrslu Sturlu fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. júlí 2009, bls. 77–78.

19.7.2 Miðlun upplýsinga á milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands

Í skýrslu Davíðs Oddssonar, formanns bankastjórnar Seðlabankans, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að Seðlabankinn hefði almennt ekki fengið upplýsingar frá Fjármálaeftirlitinu um nafngreinda aðila. Aðspurður hvort Seðlabankanum hefði ekki verið brýn þörf á að fá slíkar upplýsingar til þess að rækja hlutverk sitt við að hafa eftirlit með kerfisáhættu svaraði hann: „Við höfðum þær ekki og það var ekki gert ráð fyrir því, sá skilningur var á milli viðskiptaaðila, t.d. fengum við það bara að einhver X ætti og Y ætti og Z ætti, auðvitað gátum við kannski giskað eitthvað á hverjir væru X, Y og Z, út frá því sem við fengum, en ég sá t.d. aldrei þennan eiganda Glitnis fyrr en ég sá bara þessar tölur sem ég fékk að sjá 2. október [2008] þegar þetta virtist vera að falla í eigu ríkisins.“ Aðspurður hvort Seðlabankinn hefði beðið um slíkar nafngreindar upplýsingar frá Fjármálaeftirlitinu svaraði Davíð að svo hefði ekki verið og bætti við: „Við vildum fá að vita hvort lán til tengdra aðila og eigenda væru [...] innan allra marka og okkur var sagt að það væri. Við áttuðum okkur ekki á [...] fyrr en síðar á því að þeir litu t.d. svo á að Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor væru ótengdir aðilar.“ Davíð sagði einnig: „[...] við fengum aldrei neinar tölur í Seðlabankanum um einstaka aðila og reyndar, eins og hefur komið fram á einhverjum minnisblöðum og fundargerðum, vildum við það ekki. Það kom hins vegar einu sinni fyrir, á fundi með bankastjórum Landsbankans, að Sigurjón Árnason rétti okkur yfir borðið tölur og þá sá ég einhverja skuldara og einhver nöfn og um leið og ég sá það sagði ég að þetta vildum við ekki hafa hér og ættum ekki að hafa samkvæmt lögum, þetta væri Fjármálaeftirlitsins. Þannig að við vildum ekki sjá einstök nöfn, hvorki af innstæðueigendum né skuldurum, það væri ekki okkar verkefni, þannig að við afhentum það strax til baka.“ Aðspurður hvort Seðlabankinn hefði getað rækt það verkefni að hafa eftirlit með kerfisáhættu þegar hann hafði ekki glögga sýn á áhættuskuldbindingar þvert á fjármálakerfið svaraði Davíð: „Það var mjög erfitt, þess vegna var ég kominn að þeirri niðurstöðu mjög fljótlega að það hefði átt að sameina Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann.“ Davíð benti á að í Seðlabankanum hefðu menn talið að þeir hefðu ekki heimild til þess að biðja Fjármálaeftirlitið um upplýsingar um útlán sundurgreind á einstaka aðila.³⁴⁸ Aðspurður hvaða upplýsingar Seðlabankinn hefði fengið um útlán svaraði Davíð: „Við spurðumst fyrir á þessum sameiginlegu fundum, mjög oft á þessum sameiginlegu

„Það kom hins vegar einu sinni fyrir, á fundi með bankastjórum Landsbankans, að Sigurjón Árnason rétti okkur yfir borðið tölur og þá sá ég einhverja skuldara og einhver nöfn og um leið og ég sá það sagði ég að þetta vildum við ekki hafa hér og ættum ekki að hafa samkvæmt lögum, þetta væri Fjármálaeftirlitsins. Þannig að við vildum ekki sjá einstök nöfn, hvorki af innstæðueigendum né skuldurum, það væri ekki okkar verkefni, þannig að við afhentum það strax til baka.“

Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. ágúst 2009, bls. 18.

347. Skýrsla Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. júlí 2009, bls. 77–78.

348. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 27–29.

fundum um hvernig væri varið hérna lánum til eigenda og tengdra aðila og það kom margoft fram og reyndar voru sýnd einhver plögg um það, sem eru sjálfsagt til í Seðlabankanum, um það að þetta ætti að vera allt í lagi og allt innan marka. Þetta gerðum við vegna þess [...] að erlendu aðilarnir, sem við þurftum að eiga góð samskipti við [...] til þess að selja fyrir okkur skuldabréf ef við ætluðum að stækka gjaldeyrisfordænn [...] þráspurðu okkur og þegar við vorum að svara því að þetta virtist allt vera í lagi, samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfðum, þá hafði maður á tilfinningunni að okkur væri ekki trúað.³⁴⁹

Aðspurður um það hvort ekki hefði verið ástæða til að miðla upplýsingum um stórar áhættuskuldbindingar til Seðlabankans svo bankinn gæti metið kerfisáhættuna svaraði Jónas Fr. Jónsson: „Ég meina, ég veit ekki nákvæmlega hvað Seðlabankinn hafði upplýsingar um á hverjum tíma, skilurðu? Það sem ég er að segja er það að stórar áhættur og aðilar sem væru stórir í kerfinu, það var búið að vera vandamál í kerfinu bara ég veit ekki hvað langt aftur. [...] Hefðum við átt að skoða þetta betur? Hefðum við átt að dreifa upplýsingum? Jú, jú, það er náttúrulega líka verið að segja: Menn verða að biðja um upplýsingar.“³⁵⁰

Líkt og rakið er í kafla 19.3.7 hér að framan vann Seðlabanki Svíþjóðar greinargerð um stöðu íslenskra banka vorið 2008 og aftur í september sama ár. Seðlabanki Íslands hafði milligöngu um gagnaöflun frá Fjármálaeftirlitinu fyrir Seðlabanka Svíþjóðar í þessum verkefnum. Ragnar Hafliðason, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, lýsti því við skýrslutöku að vegna bankaleyndar hefðu upplýsingar um nöfn einstakra aðila ekki verið látin fylgja með gögnum stofnunarinnar en á honum mátti skilja að óskað hefði verið eftir upplýsingunum á nafngreinanlegu formi. Við sömu skýrslutöku kom fram hjá Ragnari að yfirleitt hefði þeirri meginreglu einnig verið fylgt að afhenda Seðlabanka Íslands ekki nafngreinanlegar upplýsingar. Ragnar sagði að hins vegar hefði Seðlabankinn átt að geta áttáð sig á því hvort sömu skuldarar hefðu verið í fleiri bönkum því sami litur hefði verið notaður um hvern aðila í samantektum.³⁵¹

Eiríkur Guðnason, seðlabankastjóri, lýsti því við skýrslutöku að Seðlabankinn hefði átt góð samskipti við Fjármálaeftirlitið varðandi miðlun upplýsinga. Hann bætti þó við: „En þegar kom að einhverjum málum sem varða þagnarskyldu Fjármálaeftirlitsins þá höfðum við ekki alltaf innsýn inn í það. Við höfðum ekki yfirsýn yfir einstaka skuldara, hvað þeir skulduðu í kerfinu í heild, kannski svolítið hér og svolítið þar o.s.frv.“³⁵²

Um samstarfssamning Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands er fjallað í kafla 16.0.

19.7.3 Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis

Eins og áður segir er það hlutverk Seðlabanka Íslands að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, sbr. 4. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands. Eftir að Seðlabanki Íslands fékk rökstuddan grun um að sérstök kerfisáhætta væri að myndast vegna náninna tengsla á milli lántakenda sem voru með mjög há lán hjá mörgum fjármálastofnunum hér á landi var komið fram sérstakt tilefni að mati rannsóknarnefndar Alþingis fyrir Seðlabankann til að kalla eftir nauðsynlegum upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu til þess að leggja mat á áhættuna. Í

349. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. ágúst 2009, bls. 18.

350. Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. ágúst 2009, bls. 71.

351. Skýrsla Ragnars Hafliðasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. september 2009, bls. 20–23.

352. Skýrsla Eiríks Guðnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 26. maí 2009, bls. 4.

Því sambandi er einnig rétt að taka fram að túlkun Fjármálaeftirlitsins á reglum um stórar áhættuskuldbindingar þurfti ekki í einu og öllu að falla saman við mat Seðlabanka Íslands á þeim tengslum milli fyrirtækja sem skapað gátu kerfisáhættu. Í 4. mgr. 35. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands og í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er mælt fyrir um gagnkvæma upplýsingagjöf á milli Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. Þannig er sérstaklega mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitið skuli veita Seðlabankanum allar upplýsingar sem stofnunin býr yfir og nýttast í starfsemi bankans í síðastnefnda ákvæðinu. Þær upplýsingar sem þannig er miðlað á milli stofnananna eru áfram háðar þagnarskyldu, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 87/1998. Verður þannig ekki séð að skort hafi að lögum heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að afhenda Seðlabankanum upplýsingar um stórar áhættuskuldbindingar á nafngreindu formi svo og aðrar upplýsingar, sem bankanum var þörf á til þess að rækja lögbundið hlutverk sitt við að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi og Fjármálaeftirlitið hafði yfir að ráða, væri um þær beðið. Þar sem ekki hafa komið fram neinar viðhlítandi skýringar á því af hverju Seðlabankinn lét hjá líða að kalla eftir þessum upplýsingum verður að telja að það hafi verið afar gagnrýnisvert að slíkt skyldi ekki vera gert.

Til viðbótar skal þess getið að í 29. gr. laga um Seðlabanka Íslands er að finna sérstaka heimild fyrir Seðlabankann til þess að afla milliliðalaust upplýsinga frá þeim lánastofnunum sem eru í lánaviðskiptum við Seðlabankann, sbr. 6. og 7. gr. laganna. Í 7. gr. er t.d. fjallað um aðila sem eiga í endurhverfum viðskiptum við Seðlabankann eða fá veðlán hjá honum. Í 29. gr. kemur síðan fram að markmið þessarar heimildar til milliliðalausrar upplýsingaöflunar sé að Seðlabankinn geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt 3. og 4. gr. sömu laga, en í 4. gr. er rætt um það hlutverk Seðlabankans að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Umrædd lánaviðskipti bankanna við Seðlabankann færðust líka verulega í vöxt á árinu og undirliggjandi í þeim voru kröfur á bankana þar sem gæði útlána þeirra gátu haft afgerandi þýðingu um endurgreiðslumöguleika á þeim lánum sem Seðlabankinn var að veita. Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom sá skilningur bæði fram hjá formanni bankastjórnar Seðlabankans og framkvæmdastjóra alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans að stofnunin hefði enga heimild til slíkrar gagnaöflunar.³⁵³ Rannsóknarnefnd Alþingis hefur enga skýringu fengið á því hvers vegna þessir lykilstjórnendur Seðlabankans gerðu sér ekki grein fyrir skýrri heimild í 29. gr. laga um Seðlabanka Íslands sem þeim er ætlað að starfa eftir. Nánar er fjallað um þetta í kafla 20.0.

19.8 Afstaða erlendra seðlabankastjóra til Íslands

19.8.1 Upplýsingar sem fram komu í skýrslutökum

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lýsti Ingimundur Friðriksson því hvernig „tónn“ erlendra seðlabankastjóra hefði orðið neikvæðari gagnvart Íslandi eftir lokaðan fund þeirra í Washington helgina 12.–13. apríl 2008. Á sama tíma átti Seðlabanki Íslands í viðræðum við seðlabanka Evrópu, Bandaríkjana, Bretlands, Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs um gerð gjald-eyrisskiptasamninga.³⁵⁴ Í byrjun maí var orðið ljóst að seðlabankar Evrópu,

353. Sjá skýrslu Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 26–29. Sjá einnig skýrslu Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. júlí 2009, bls. 3, 11 og 77–78.

354. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 37–38.

Í skýrslu Hreiðars Más Sigurðssonar kom fram að evrópskir seðlabankastjórar hafi verið samtaka um að vilja þá burt þar sem háir vextir íslensku bankanna á innlán í Evrópu voru að valda því að vaxtalækkarnir seðlabankanna voru ekki á ná í gegn. „Við vitum náttúrulega bara af öllu, að þetta var mjög óþægilegt fyrir alla stóru banka og við vitum það að vextir, þeir voru byrjaðir að lækka vexti þarna á þessum tíma og að vextirnir voru að lækka miklu hægar heldur en þeir vildu.“

Skýrsla Hreiðars Más Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 73.

Í skýrslu Hreiðars Más Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd kom fram að það sem átt hefði þátt í að fella Glitni banka hf. og Landsbanka Íslands hf. hefði verið það „hvernig þeir fóru með evrópska seðlabankann“ í endurhverfum viðskiptum.

Skýrsla Hreiðars Más Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 16.

„Hvenær var þetta algjörlega orðið óumflýjanlegt að þetta færi á hausinn, svona eftir á að hyggja þá er það þegar evrópski seðlabankinn ákveður að þrengja kost [íslensku bankanna] hjá sér [...]“

Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 46.

Bretlands og Bandaríkjanna yrðu ekki þátttakendur í slíkum samningi, sbr. umfjöllun í köflum 19.3.7 og 19.3.8 hér að framan.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, beðinn um að lýsa samskiptum sínum við erlenda seðlabankastjóra, og þá einkum evrópska, og hver afstaða þeirra hefði verið til íslenskra banka. Fram kom hjá Davíð að mikil samskipti hefðu verið við aðra seðlabanka. Þannig hefði Davíð á þremur og hálfu ári átt um þrjátíu fundi með bankastjórum seðlabanka hinna Norðurlandanna. Þá hefði hann hitt seðlabankastjóra víða að úr heiminum sex sinnum á ári í Basel. Það hefði verið ljóst að áhyggjur kollega hans hefðu farið vaxandi af íslensku bönkunum á fyrsta ársfjórðungi 2008. Þá sagði hann: „Þó að það væru lítil viðskipti í Finnlandi þá voru Finnar mjög neikvæðir í garð íslensku bankanna, einkum Kaupþings [...] Svíar voru mjög pirraðir af því að þarna voru menn byrjaðir að bjóða mönnum innlán.“ Davíð sagði að erlendir seðlabankastjórar hefðu haft uppi stór orð um nauðsyn þess að minnka íslenska bankakerfið hratt. Aðspurður um það hvaða áhyggjur erlendir starfsbræður hans hefðu haft svaraði hann: „Það var mjög líkt því sem kom fram hjá þessum erlendu aðilum sem ég lýsti fyrir ríkisstjórninni áður – að þetta væri ekki „sound“ bankastarfsemi og það bæri með sér að þeir sjálfir tryðu ekki sínum eigin orðum, að þeir væru farnir að leita eftir innlánnum við vaxtakjör sem að mati þessara manna væru úr línu við það sem aðrir væru að bjóða. [...] sænski seðlabankastjórinn var þeirrar skoðunar að svona stórt bankakerfi „versus“ Ísland gæti ekki lengur þrífist, það var skoðun sem hann fór að byggja upp hjá sér svona í apríl, maí 2008, og þurfti svo sem ekki að koma á óvart. Það gerðist reyndar 28. eða 29. júní [2008] [...] þá er ég staddur í Basel [...] þá var ég kynntur fyrir [seðlabankastjóra Lúxemborgar] og er rétt búinn að heilsa honum [...] og þá segir hann bara svona: Þitt bankakerfi – eins og það hét – er í miklum ógöngum. [...] sagði hann að hann teldi að íslenska bankakerfið væri á hraðri leið til glötunar og ætti enga von og hann markaði það af því hvernig þeir væru að reyna að ná í peninga í gegnum Lúxemborg, um evrópska seðlabankann, og í framhaldinu átti ég nú fund með honum, daginn eftir, og bankastjórum norrænu bankanna sem þarna voru – kl. 7 um morguninn skelltum við á fundi og svo fengum við hann til að koma til Íslands, bara fáum dögum seinna, og þá var augljóst – það var dálítið merkilegt, því að það var mikið talað um það hér á landi, bæði bankamennirnir og stjórnálamennirnir, að þetta væri svo erfitt fyrir þá, íslensku banka, því að þeir hefðu bara aðgang að íslenskrri krónu í gegnum Seðlabankann en hefðu ekki neinn aðgang að evrum, en þarna [...] voru [þeir] komnir með lánaþyrngreiðslu upp á fimm milljarða evra [...] það var hærra hlutfall „per“ þjóðarframleiðslu en Spánn, með alla sína erfiðleika [...] til viðbótar höfðu þeir mjög mikla fyrirgreiðslu gegnum veðlánin íslensku í sínum eigin gjaldmiðli. Þannig að fyrirgreiðsla seðlabanka við íslensku banka var orðin óheyrileg og spursmálið er – við vorum að segja það hérna áðan – kannski hefur legið fyrir í tvö til þrjú ár að ef það kæmi svona krísa, fjármögnunarkrísa, þá mundu bankarnir fara á hausinn, menn gátu ekki séð 2005, 2006, fyrri part 2007, að það kæmi slík fjármálakrísa, þess vegna gat maður ekki sagt að þetta færi nokkurn tímann á hausinn þó að maður hefði miklar áhyggjur af því dæmi, en eftir að fjármagnskrísan kom upp þá gat maður sagt: „Ef hún stendur í 12 mánuði þá fer þetta á hausinn“ – þetta var bara ekkert mikið flóknara en það dæmið. [...] Hvenær var þetta algjörlega orðið óumflýjanlegt að þetta færi á hausinn, svona eftir

á að hyggja þá er það þegar evrópski seðlabankinn ákveður að þrengja kost þeirra hjá sér, byrja að láta þá borga niður, því að þá byrja þeir að færa úr þessum Icesave reikningum t.d. í Hollandi og víðar til að reyna að bjarga sér gagnvart evrópska seðlabankanum og það byrjar svona óróleiki á öllum þessum stöðum, og sama gerist með Kaupþing.“³⁵⁵

Í minnisblaði Ingimundar Friðrikssonar er fjallað um framangreindan fund í Basel undir lok júní 2008. Þar segir að af hálfu Seðlabanka Íslands hafi tveir seðlabankastjórar sótt fundinn. Í minnisblaðinu kemur einnig fram að þeim hafi verið mjög brugðið við viðmót norrænna seðlabankastjóra á þeim fundum. Ingimundur segir síðan: „Engu var líkara en að þeir forðuðust eins og heitan eldinn að hitta þá íslensku eða sjást nokkurs staðar nálægt þeim. Meira segja var það svo að bankastjóri eins norrænu seðlabankanna forðaðist að heilsa þeim íslensku með handabandi þar til hann gat ekki annað þegar hann lenti í lyftu með öðrum þeirra og var þá ekki kveðjan hlýrri en svo að hann rétti vinstri höndina.“³⁵⁶ Í þessu samhengi skal þess getið að við skýrslutöku sagði Davíð Oddsson að viðmót Stefan Ingves, bankastjóra Seðlabanka Svíþjóðar, hefði gjörbreyst til hins verra að loknum fundi seðlabankastjóra svokallaðra G10-ríkja sem fram hefði farið um vorið 2008. Síðan bætti Davíð við: „Og svo hafði hann – ég held að það hafi nú verið seinna sem hann heilsaði ekki Eiríki.“³⁵⁷ Í framangreindum drögum Ingimundar Friðrikssonar að minnisblaði kemur einnig fram að á fundinum hafi bankastjóri Seðlabankans í Lúxemborg óskað eftir fundi með „íslenska og öðrum norrænum seðlabankastjórum“. Síðan segir í skjalinu: „Á þeim fundi gerði hann grein fyrir því að íslensku viðskiptabankarnir hefðu nýtt sér fyrirgreiðslu Seðlabanka Evrópu fram úr öllu hófi og sagði að engir bankar vildu lengur eiga viðskipti við íslenska viðskiptabanka út í heimi. Þeir væru eins og holdsveikisjúklingar sem enginn vildi koma nálægt. Í kjölfarið bauð formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands bankastjóra Seðlabanka Lúxemborgar að koma til Íslands svo fljótt sem verða mætti til frekari viðræðna um málið. Eftir Baselferðina gerðist það sömuleiðis að forseti Seðlabanka Evrópu hringdi í formann bankastjórnar Seðlabankans og gerði honum grein fyrir hinu sama og var mjög mikið niðri fyrir. Hann sagði íslensku bankana hafa lagt fram algjörlega ónýt veð í Seðlabanka Evrópu, jafnvel gervipappíra eins og því var lýst.“³⁵⁸

Davíð Oddsson var spurður að því hvort hann hefði upplifað einhvern samblástur gegn Íslandi. Hann svaraði: „Ekki alveg fyrst í stað hafði ég það á tilfinningunni að þetta væri þannig. En þó var það svo að ég sagði við íslensku bankana, sem töldu að þeir mundu bjarga sér þó að „credit-crunch-ið“ yrði áfram, með þessari nýju leið, að safna innlánnum [...]: Þessir menn telja að þið séuð að eyðileggja þeirra bankakerfi, raska þeirri bankalegu ró sem þar er og grafa undan því, og þó að þeir eigi að hugsa um einhverja heildarhagsmuni þá hugsa þeir fyrst um sitt land og þeir munu ekki leyfa þetta, og þeir eru þegar komnir í startholurnar gegn því. [...] á þessum Basel-kvöldum, þar sem enginn mátti vera nema bankastjórnarnir, þar hélt Axel Weber, þáverandi bankastjóri Bundesbank, stutta tölu [...] og þá sagði hann: „Mesta hættan sem

„Þess vegna hötuðu allir okkur hérna, við gátum farið inn á markaðinn, á betri kjörum inn, með miklu ódýrari kostnað og það er ekki hægt að keppa við okkur vegna þess að veikleiki okkar getur verið styrkleiki okkar. Eini vandinn í þessu, eftir á að hyggja, er auðvitað þetta „konsept“ að það breytist einhvern veginn allur heimurinn yfir í það innlánatryggingar eru aðalmálið, eitthvað sem enginn vissi greinilega hvað var og enginn spáði í. Menn hugsuðu alltaf að það sem skipti máli væri ekki einhver innlánaþjófur upp á þrettán milljarða, það er bara fjögur hundruð milljarða eigið fé í bankanum [...]. Vörnir liggur þar.“

Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 80.

355. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 45–46.

356. Drög Ingimundar Friðrikssonar að minnisblaði: „Minnisatriði úr samskiptum við seðlabanka á árinu 2008 og fleira“, dags. 13. október 2008.

357. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 52.

358. Drög Ingimundar Friðrikssonar að minnisblaði: „Minnisatriði úr samskiptum við seðlabanka á árinu 2008 og fleira“, dags. 13. október 2008.

„Menn [voru] farnir að velta því fyrir sér að alþjóðasamfélagið, [...] hefði verið búíð að ákveða það að við færum á hausinn. Hingað kom maður, sem var [hagfræðingur hjá] BIS [...] mjög merkilegur maður og hafði oft verið á undan öðrum að sjá hluti. Hann borðaði hérna með okkur eitt kvöldið í júlí [2008] [...]. Þá sagði hann: Það er búíð að ákveða að einn stór banki verður látinn fara á hausinn, það verða Lehman-bræður, og síðan eitt land, og það verðið þið. [...] Ég verð að viðurkenna að þegar Lehman-bræður fóru á hausinn komu þessi ummæli upp í hugann.“

Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
7. ágúst 2009, bls. 73.

nú steðjar að okkur, til viðbótar við allt annað, varðandi stöðugleika í okkar bankakerfi er óabyrg innrás inn á og röskun á stöðugleika á innlánsmarkaði.“ Davíð sagði að þetta hefði líklega verið í mars 2008. Davíð sagði einnig: „Síðan fann maður náttúrulega frá Noregi að þar var orðinn mikill pirringur – fyrst út í Glitni en svo ennþá meira út í Kaupþing sem ætlaði að fara að opna, og opnaði, innlánsreikninga og lýsing þeirra var alveg skiljanleg. Þeir sögðu: „Við erum hér með „fully funded“, öfugt við ykkur, innstæðutryggingasjóðs-kerfi.“ Í það hafa norsku bankarnir borgað í áratugi og það hefur aldrei á það reynt þannig að [...] þeir eru búnir að byggja það upp. Nú kemur Kaupþing, fer inn í þetta sama kerfi, hefur ekki borgað krónu inn í það, býður hærri vexti en allir hinir og enginn leggur inn hærri upphæð en nákvæmlega það sem tryggingarsjóðurinn verndar, sem er helmingi herra en einhverjir aðrir gera, og þetta er bara árás, því að þetta kostar Kaupþing ekkert að þessu leyti til, því að þetta er engin áhætta fyrir kunnann og hinir eru búnir að borga í kerfið og maður fann alveg tóninn í þessu, hvernig þetta var, og Sviarnir — það var vaxandi óþol hjá þessum mönnum í garð íslensku bankanna [...]. Þessi oflátungsframganga var bersýnilega farin að fara mjög mikið í taugarnar á mönnum og menn voru áhyggjufullir. En þó var þetta svolítið mismunandi og við áttum nú fund með Mervyn King í Englandsbanka, hann var þá orðinn órólegur út af innlánsstöfnun svona, hvað það gæti verið kvíkt og allt þess háttar. Ég talaði svo við hann „prívat“ nokkrum sinnum, við sátum nú saman frá London til Basel í flugvél og [...] þeir voru náttúrulega með mjög stórt og mikið bankakerfi hjá sér þar og voru ekki eins uppteknir af þessari íslensku innrás, eða hvað það væri, eins og það sem smærra var, en höfðu áhyggjur af hvort þessi innlánsstöfnun væri nægilega varfærin.“³⁵⁹

Í skýrslu Davíðs Oddssonar kom einnig fram að straumhvörf hefðu orðið í afstöðu evrópskra seðlabankastjóra eftir fund seðlabankastjóra G10 landanna í Basel sem var haldinn 4. maí 2008.³⁶⁰ Í skýrslu Ingimundar Friðrikssonar kom einnig fram að augljós afstöðubreyting hefði orðið til Íslands eftir þennan fund G10 landanna.³⁶¹ Már Guðmundsson, sem á þessum tíma var hagfræðingur hjá Alþjóðagreiðslubankanum í Basel, staðfesti að honum hefði verið kunnugt um að á fundinum hefðu komið fram efasemdir af hálfu erlendra seðlabankastjóra um það hvernig íslenskir bankar gætu boðið svo háa vexti líkt og raun hefði borið vitni. Már skýrði þetta nánar: „Oft í þessum fræðum er það náttúrulega tekið sem dæmi að ef menn eru farnir að bjóða eitthvað miklu hærri vexti heldur en aðrir, þá séu þeir að færa sig út í áætlunum. Þeir hafa annaðhvort feikilega mikla þörf fyrir fjármagn og séu þar með komnir út í svolítið horn, eða þá að þeir eru með háa vexti og þeir þurfi þá að sækja í mjög áhættusamar fjárfestingar til að geta staðið undir því. Nú veit ég það að bankarnir héldu því oft fram að þeir gætu þetta m.a. vegna þess að þeirra starfsemi væri svo... kostnaðurinn í þessu væri svo lítill af því að þetta færi fram á netinu o.s.frv. og þess vegna hefðu þeir samkeppnisforskot og annað þvílíkt. En það skiptir ekki máli upp á þessa hluti, þá vakti þetta mjög mikla tortryggni.“³⁶²

Í skýrslu Davíðs Oddssonar kom fram að hann hefði átt fund með Nout Wellink, seðlabankastjóra Hollands, í Basel 8. september 2008 og hefði Wellink verið hvumpinn og mjög stóryrtur um framgöngu íslensku bankanna

359. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 47–49.

360. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 50.

361. Skýrsla Ingimundar Friðrikssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. mars 2009, bls. 37–38.

362. Skýrsla Márs Guðmundssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 22. október 2009, bls. 3.

við töku innlana og að þeir yrðu stöðvaðir. Davíð kvaðst þá hafa spurt hvort ekki yrði farið að evrópskum reglum við það. Hefði Wellink svarað því til að enginn vandi væri að finna því stoð í evrópskum reglum að stöðva hina óábyrgu íslensku bankastarfsemi. Íslensku bankarnir gætu ekki staðið við skuldbindingar sínar ef á þá yrði gert áhlaup. Fram hefði komið að Wellink væri ekki aðeins að tala fyrir hönd Hollands heldur væri þetta „sameiginlegur skilningur þeirra þarna í Evrópu“.³⁶³ Sagði Davíð að þessi afstaða hollenska seðlabankastjórans hefði verið af sama toga og fram hefði komið í fyrrnefndri ræðu Weber.³⁶⁴

Í skýrslu Davíðs Oddssonar kom einnig fram að það hefði verið engu líkara en að Stefan Ingves, seðlabankastjóri Svíþjóðar, hefði viljað að íslensku bankarnir minnkuðu verulega og seldu eigur sínar á tveimur til þremur mánuðum og það hefði verið óbilgjörn krafa. Komið hefði fram í viðræðum við norrænu seðlabankana sú afstaða að engin ástæða væri til þess að íslensku bankarnir væru stærri en næmi fjórfaldri þjóðarframleiðslu. Hefði hann þá bent á að þessu marki yrði ekki náð á fáeinum mánuðum. Norski og danski seðlabankastjórinn hefðu sagst skilja það en áréttað að Íslendingar væru hins vegar að gera „allt of lítið og allt of hægt“ í því að minnka bankana. Þegar gerðir voru skiptasamningar við norrænu seðlabankana í maí 2008 hefði það síðan komið skýrt fram að dregið væri í efa að ríkisstjórnin ætlaði að takast á við vandann. Davíð sagði að norrænu bankastjórnarnir hefðu sagt við sig: „Við vitum að þið skiljið þetta og þið viljið þetta en við verðum bara að hafa „uppáskrift“ ráðherra.“ Davíð kvaðst hafa verið orðinn vonlítill um að samningar næðust þarna um kvöldið og því hefði hann endað með því að segja: „Ég fullyrði það að forsætisráðherra er búinn að lofa mér því að hann muni fylgja þessu fast eftir. Og þá kemur allt í einu: „Ég vil heyra það frá hans munni.“ Og ég segi: „Bíddu, hvenær? Af því að við erum að klára þetta í kvöld.“ Þeir hefðu svarað: „Núna.“ Hefði þá verið hringt í Geir H. Haarde, forsætisráðherra, og farið fram á það að ráðherrar í ríkisstjórninni undirrituðu yfirlýsingu þar sem veitt yrðu loforð annars vegar um ábyrga stefnu í ríkisfjármálum og hins vegar um Íbúðalánasjóð.³⁶⁵ Yfirlýsingin var undirrituð 15. maí 2008 þótt dagsetning skjalsins sé ranglega sögð 16. apríl 2007. Nánar er um þennan samning fjallað í kafla 4.0 og þar er umrætt skjal jafnframt birt.

Í skýrslu Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis lét hann eftirfarandi orð falla um tilurð fyrrnefndrar yfirlýsingar: „Þegar Seðlabankinn gerði gjaldeyrisskiptasamning við norrænu seðlabankana, sem var um miðjan maí 2008, þá setja þeir skilyrði, þeir vilja ekki vera að lána okkur [...] nema að þeir telji að það sé verið að gera rétta og skynsamlega hluti. Það gerðist nú þannig að [...] formaður bankastjórnarinnar var nú búinn að vera að tala við ýmsa sína kollega og engir höfðu sýnt þessu neinn áhuga, að hjálpa okkur, nema Skandinavarnir. Og [...] það er á fundi í Ósló sem hann hringir til mín, ég held að þetta sé 14. maí í fyrra – ég var staddur á Ísafirði, þess vegna man ég þetta, því þetta var ekki bara á skrifstofunni, man þetta mjög vel – og hann sagði: „Ég er hérna með sænska kollega mínum Stefan Ingves, ég vil gjarnan að þú talir við hann, við erum að reyna að klára hér ákveðin mál og hann verður að heyra í þér um það hvað það er sem þeir setja fyrir sig.“ Og ég

„Fram kom hjá Davíð Oddssyni að á fundum seðlabankastjóra í Basel væri sú skoðun ríkjandi að allir íslensku bankarnir færu á hausinn en frekar væri deilt um það hvort það gerðist innan hálfis árs eða ekki. Bankana vantaði 44 milljarða evra á næstu árum og margir væru í afneitun. Davíð sagði að við værum ekki undir það búin að taka á vanda bankanna.“

Drög að fundargerð Seðlabanka Íslands frá samráðsfundi stofnunarinnar með Fjármálaeftirlitinu 7. júlí 2008.

363. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. ágúst 2009, bls. 39–40.

364. Skýrslur Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 47, og 12. ágúst 2009, bls. 40.

365. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 60–61.

talaði við hann, færði mig á milli herbergja þarna á Hótel Ísafirði og þá segir hann: „Við getum ekki bara verið að láta peninga hér af hendi, við verðum að fá einhverja fullvissu um það að þið séuð að gera réttu hlutina og ég fer fram á það við þig sem forsætisráðherra að þú gefir út yfirlýsingu í framhaldi af þessu samkomulagi þar sem þetta kemur fram.“ Það voru tvö atriði, annars vegar ábyrg stefna í ríkisfjármálum – það var nú ekki vandamál, því við ætluðum hvort eð er að halda því fram – og hitt var Íbúðalánasjóður, vegna þess að allir útlendingar sem höfðu eitthvað stúderað hér ástandið, þeir höfðu sent hingað sérfræðinga, settu fingurinn á útlán hjá Íbúðalánasjóði, og að við mundum gera eitthvað í því sem skipti máli. [...] Þegar heim kom, fórum í þetta strax og þá [...] var líka ákveðið að auk þess sem ég gæfi út þessa yfirlýsingu þá hittumst við þarna fjórir ráðherrar og það var búið til skjal sem var síðan lagt inn í Seðlabankann en ekki birt um það hvað ætti að gera á þessu sviði. Aðili að því samkomulagi var félagsmálaráðherra [...] núverandi forsætisráðherra, sem hafði jafnan tregðast mjög við öllum breytingum á Íbúðalánasjóði, það var ekkert öðruvísi, það var ekkert sem breyttist gagnvart þessu þegar Samfylkingin tók við af Framsóknarflokknum í félagsmálaráðuneytinu, það var bara sama stefnan, ekki skerða hár á höfði Íbúðalánasjóðs eða skjólstæðinga hans, eins og það var kallað. Þannig að við töldum að við hefðum fengið ákveðna viðspyrnu með óvæntri aðild sænska seðlabankastjórans, Stefan Ingves, gagnvart því að fara í þetta mál. Nú þetta er eitt af því auðvitað svo sem að ekki hefur unnist tími til að ljúka.“³⁶⁶ Hinn 16. maí 2008 birti forsætisráðherra eftirfarandi yfirlýsingu á heimasíðu forsætisráðuneytisins:

„Ríkisstjórnin og Seðlabanki Íslands hafa að undanfögnu undirbúið margvíslegar aðgerðir til að styrkja aðgang Seðlabankans að erlendu lausafé og efla traust á íslenskt fjármálakerfi og efnahagslíf.

Ég fagna þeirri tilkynningu sem gefin var út í dag um tvíhliða gjaldmiðlaskiptasamninga milli seðlabanka Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Íslands og tel það mikilvægt skref í átt að ofangreindum markmiðum. Frekari aðgerðir til að styrkja erlenda lausafjárstöðu Seðlabankans eru í undirbúningi.

Af þessu tilefni vil ég einnig leggja áherslu á þá meginstefnu ríkisstjórnarinnar að stuðla að auknum hagvexti og skipulagsbreytingum á íslenska hagkerfinu með það fyrir augum að treysta efnahagslegan stöðugleika.

Til þess að bæta virkni peningamálastefnunnar mun ríkisstjórnin meðal annars þegar undirbúa og birta trúverðuga áætlun um umbætur og breytingar á skipulagi Íbúðalánasjóðs.

Til þess að tryggja áframhaldandi trausta opinbera fjármálastjórn munu stjórnvöld leitast við að viðhalda hinu lága skuldastigi hins opinbera og styrkja umgjörð fjármálastefnunnar.

Stjórnvöld munu einnig vinna að þessum markmiðum á öðrum sviðum.“

Í bréfi Geirs H. Haarde til rannsóknarnefndar Alþingis 24. febrúar 2010 kemur fram að hann hefði gert fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna grein fyrir þessu máli og aðkomu ríkisstjórnarinnar að því.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði Davíð Oddsson m.a.: „Þegar þetta var undirritað, þá sögðum við af okkar hálfu: „Við vekjum

366. Skýrsla Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. júlí 2009, bls. 21.

athygli á því að erlendu bankarnir gera ráð fyrir því að við sendum þeim reglubundið skýrslur um hvernig gangi, „swap-samningarnir“, við erum ekki búin að landa þeim eins og fiski hérna í eitt skipti fyrir öll, sem við getum bara tekið og sett í reip, það er ekki þannig, við þurfum að endurnýja þetta með tilteknum hætti, innan tiltekinna fátta vikna, þannig að við erum búin að koma þessu þannig fyrir að menn hafa á okkur ákveðinn krók, þannig að [...] við verðum að reyna að redda þessu með Íbúðalánasjóð og þess háttar“, sem margoft var búið að gefa yfirlýsingar um, en síðan var aldrei fylgt eftir, eins og menn vita.³⁶⁷

Í skýrslu Steingríms J. Sigfússonar, núverandi fjármálaráðherra, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að hann hefði farið til Svíþjóðar í lok júní árið 2009 til þess að freista þess að fá hagstæðari lánskjör á lánum frá Norðurlöndum. Á fundum sem hann átti með Anders Borg, fjármálaráðherra Svíþjóðar, og Stefan Ingves, sænska seðlabankastjóranum, hefði komið fram að óánægja hefði verið á Norðurlöndum með það að íslensk stjórnvöld hefðu hvorki staðið við né sýnt viðleitni til að standa við það samkomulag sem gert var í tilefni af gjaldeyrisskiptasamningunum frá því í maí 2008. Við skýrslutöku sagði Steingrímur: „Ég upplifði það á þessum fundum og hef reyndar gert það víðar að áhyggjur manna á Norðurlöndunum og víðar hafi verið orðnar miklu meiri en opinbert var á þessum tíma og að menn hafi greinilega reynt að koma þeim skilaboðum með ýmsum hætti til íslenskra stjórnvalda og íslenskra stofnana en fundist kannski lítið gerast í framhaldinu og síðan kom það fram að lokum [...] að það hefði ekki bætt úr skák að í beinu framhaldi af því að gerðir voru þessir samningar á milli seðlabankanna, þá er haldinn reglubundinn seðlabankastjórafundur Norðurlandanna og á þann fund mætti ekki seðlabankastjóri eða bankastjóri Seðlabanka Íslands, sem að þeir höfðu greinilega tekið sem svona heldur lítinn þakklætisvott eða samstarfsvilja af Íslands hálfu í beinu framhaldi af því að [...] samið var um þessar lánalínur.“³⁶⁸

19.8.2 Upplýsingar sem rannsóknarnefnd Alþingis aflaði frá bankastjóra Seðlabanka Svíþjóðar

Rannsóknarnefnd Alþingis ritaði Stefan Ingves, bankastjóra Seðlabanka Svíþjóðar, bréf 4. nóvember 2009 þar sem þess var m.a. farið á leit að hann myndi svara ákveðnum spurningum um samskipti við Seðlabanka Íslands og gjaldeyrisskiptasamninga sem gerðir voru við Seðlabanka Íslands vorið 2008. Ingves svaraði með bréfi, dags. 22. janúar 2010. Í bréfinu kemur m.a. fram að Ingves telji að það hafi fyrst verið í ágúst 2006 sem hann hafi lýst áhyggjum sínum varðandi fjármálastöðugleika á Íslandi við Davíð Oddsson, formann bankastjórnar Seðlabanka Íslands. Hafi Ingves þá einkum haft í huga stærð og útpenslu íslensku bankanna. Ingves ræðir einnig í bréfi sínu um að beiðni Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisskiptasamninga vorið 2008 hafi ekki komið á óvart miðað við þróun mála á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum á þeim tíma. Hann segir að honum hafi þótt fulltrúar Seðlabanka Íslands áhyggjufullir, ekki sérlega vel undirbúnir og heldur ekki gera sér fulla grein fyrir þeim hættum sem verið hefðu fyrir hendi. Ingves lýsir því einnig að í kjölfar gjaldeyrisskiptasamninganna hafi ekki náðst mikill árangur hjá íslenskum stjórnvöldum við að framkvæma nauðsynlegar breytingar á efnahagsmálum sínum. T.a.m.

367. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. ágúst 2009, bls. 8.

368. Skýrsla Steingríms J. Sigfússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 16. október 2009, bls. 1–2.

hafi stærð fjármálageirans í raun litið breyst. Ingves tekur fram að hann hafi þó gert sér grein fyrir því að erfitt væri fyrir stjórnvöld að breyta um stefnu á skömmum tíma miðað við þáverandi markaðsaðstæður. Undir lok bréfsins lýsir Ingves loks þeirri skoðun sinni að óskýrt eignarhald ásamt örum vexti efnahagsreiknings bankanna hafi leitt til hættuástands sem íslensk stjórnvöld hafi hvorki virst átta sig á né fyllilega skilið hvernig mætti mæta með því að draga úr stærð bankanna.

19.8.3 Ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis

Kjarnann úr kafla 19.8.1 og 19.8.2 má draga saman þannig að á fyrsta ársfjórðungi ársins 2008 var orðið ljóst að áhyggjur af stærð íslenska bankakerfisins fóru vaxandi meðal sumra evrópskra seðlabankastjóra. Þannig töldu norrænu seðlabankastjórnirnar að ganga yrði hratt í að minnka íslensku bankana þar sem þeir væru allt of stórir miðað við getu íslenska ríkisins og Seðlabanka Íslands til að koma þeim til aðstoðar ef þeir lentu í erfiðleikum. Einnig liggur fyrir að íslensku bankarnir höfðu að auki bakað sér óvild í Evrópu með tvenns konar hætti. Annars vegar með því að hefja töku innlána á hærri vöxtum en aðrir bankar töldu sig geta boðið. Litið var á þessa hegðun íslensku bankanna sem óábyrga og sem hættumerki um stöðu þeirra auk þess sem litið var svo á að hún ógnaði stöðugleika á þessum mörkuðum. Hins vegar höfðu bankarnir valdið reiði stjórnenda Seðlabanka Evrópu með framgöngu sinni í endurhverfum viðskiptum við bankann í gegnum Seðlabanka Lúxemborgar. Hlutfallslega voru endurhverf viðskipti íslensku bankanna við Seðlabanka Evrópu með því hæsta sem gerðist í Evrópu auk þess sem stofnunin gerði alvarlegar athugasemdir við þau bréf, sem bankarnir höfðu notað í viðskiptum við hann. Nánar er um þessi viðskipti fjallað í kafla 7.0.

Í skýrslu Davíðs Oddssonar, formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands, kom fram að hann hefði skýrt orðið var við viðhorfsbreytingu hjá bankastjórnun evrópskra seðlabanka eftir fund G10 landanna sem haldinn var í byrjun maí 2008. Af fyrirliggjandi upplýsingum verður jafnframt ráðið að strax í apríl hafi þessa breytta viðhorfs tekið að gæta í hópi hinna erlendu seðlabankastjóra. Verður ekki annað séð en að á þessum tíma hafi margir þeirra verið komnir á þá skoðun að umfang vanda hinna íslensku fjármálafyrirtækja væri slíkt að það yrði ekki leyst með skiptasamningum við Seðlabanka Íslands eða annarri fyrirgreiðslu sem þeir gætu veitt, heldur yrði íslenska ríkið að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um aðstoð. Í þessu samhengi verður það vart talin tilviljun að Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, lagði til við Geir H. Haarde að Íslendingar sneru sér til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fundi þeirra sem haldinn var í Downingstræti 10 24. apríl 2008 líkt og rakið er í kafla 19.3.7. Í raun voru það einvörðungu seðlabankar Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar sem með eftirgangsmunum fengust til að gera gjaldeyrisskiptasamninga við Seðlabanka Íslands. Það gerðist þó ekki fyrr en forsætisráðherra veitti loforð um að þrýst yrði á íslensku bankana að draga saman stærð efnahagsreikninga sinna með hliðsjón af tillögum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. En loforð forsætisráðherra Íslands í símtali var af hálfu hinna norrænu seðlabankastjóra ekki talið nægjanlegt heldur var krafist undirritaðrar yfirlýsingar þriggja ráðherra ríkisstjórnarinnar um ábyrga stefnu í ríkisfjármálum og um breytingar á Íbúðalánasjóði. Fyrirgreiðsla norrænu seðlabankanna var þannig bundin skilyrðum um að ríkisstjórn Íslands beitti sér fyrir ákveðnum pólitískum aðgerðum og athöfnum af hálfu Seðlabanka Íslands og Fjár-

málaeftirlitsins. Ráðherrarnir undirrituðu yfirlýsinguna 15. maí 2008 ásamt bankastjórn Seðlabanka Íslands en hún var ekki birt opinberlega eða lögð fram á ríkisstjórnarfund. Jóhanna Sigurðardóttir lýsti því við skýrslutöku að yfirlýsingin hefði heldur ekki verið rædd í ríkisstjórn.³⁶⁹

Að framansögðu athuguðu virðist það hafa verið mat norrænna seðlabanka að íslensk yfirvöld hefðu ekki beitt sér af nægilegu afli við að draga úr stærð íslensku fjármálafyrirtækjanna, hefðu ekki haldið uppi nægilega ábyrgri stefnu í ríkisfjármálum auk þess sem ekki hefði verið ráðist í breytingar á Íbúðalánasjóði sem taldar væru nauðsynlegar. Svo notuð séu orð, sem Davíð Oddsson eignar bankastjórum danska og norska Seðlabankans, höfðu íslensk stjórnvöld gert „allt of lítið og allt of hægt“ í því að minnka íslensku fjármálafyrirtækin.³⁷⁰ Ekki verður séð að bankastjórar norrænu seðlabankanna hafi borið mikið traust til þess að íslenska ríkisstjórnin myndi ráðast í þessi verkefni fyrst þess var sérstaklega krafist að fá loforð ráðherranna um nauðsynlegar umbætur skjalfest og undirrituð. Og bankastjórnarnir gerðu líka kröfu um að þeir yrðu jafn harðan upplýstir um hvað stjórnvöld gerðu til þess að framkvæma hin gefnu loforð. Þegar lítið varð um efndir á fyrrnefndum loforðum af hálfu ríkisstjórnarinnar sumarið 2008 bætti hún gráu ofan á svart. Verður því ekki annað séð en að þegar þetta aðgerðaleyfi bættist við það viðhorf sem áður hafði verið uppi á vettvangi erlendra seðlabanka gagnvart Íslandi hafi íslensk stjórnvöld verið orðin mjög einangruð að þessu leyti á alþjóðavettvangi og þar með átt í fá hús að venda þegar kom að falli íslensku bankanna í október 2008.

19.9 Sjónarmið forsvarsmanna þriggja stóru bankanna

19.9.1 Samskipti þeirra við Seðlabanka Íslands³⁷¹

Í skýrslu Hreiðars Más Sigurðssonar, forstjóra Kaupþings banka hf., kom eftirfarandi afstaða fram til Seðlabankans: „Ég held að það hafi verið mjög mikil mistök að setja Davíð Oddsson sem seðlabankastjóra, ég tel það og það bara vegna sögunnar og það var aldrei traust á milli okkar og hans [...] við sögðum alltaf satt og rétt frá og reyndum að koma með góð ráð og byggja traust en það var bara, held ég, ekki einfaldlega hægt [...] ég fékk áhyggjur þegar maður ræddi við hann, hann átti það til svona í tveggja manna tali okkar að fara að rægja keppinauta okkar [...] og þá náttúrulega fór ég strax að hugsa strax: „Hvernig talar hann um mig þegar ég er ekki inni í þessu herbergi?“ Svo það náttúrulega, í hans allri aðkomu er þetta náttúrulega, þetta er bara pólitík.“ Hreiðar sagði einnig: „Já, t.a.m. vorum við með ársfjórðungslega fundi, á milli bankans, Seðlabankans og okkar, og reglan var sú að við fórum til þeirra og þeir komu til okkar, svo að það var, og þegar þeir komu til okkar þá var svona, var hefðin sú að þá var meiri tíma eytt í að við kynntum starfsemi okkar og þegar við fórum niður í Seðlabankann þá var meiri tíma eytt í að fjalla um [mál]. En auðvitað voru alltaf einhver síðan dagskráratriði önnur sem þurfti að fara í gegnum, en það var svona reglan. En það er eitt sem ég tók sem mér fannst fjandsamleg yfirlýsing, mér fannst það, ég tók því þannig,

369. Skýrsla Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. janúar 2010, bls. 7–8.

370. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 61.

371. Umfjöllun um viðhorf forsvarsmanna þriggja stærstu bankanna til starfa Fjármálaeftirlitsins er að finna í kafla 16.0.

að Tryggvi Pálsson upplýsir mig um það, starfsmaður Seðlabankans, að það sé kominn nýr seðlabankastjóri og hann hafi ákveðið að hætta með þessa fundi, þessa ársfjórðungslegu fundi og ekki nóg með það að þeir fundir sem verði haldnir í framtíðinni, þeir verði bara haldnir í Seðlabankanum, hann ætlaði ekki að koma í heimsókn til okkar. Og ég tók því sem svona fjandsamlegu [...] hann ætlaði ekki að fara að heimsækja, koma í heimsókn í þessa banka.³⁷²

Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, lýsti því við skýrslutöku að framangreindir fundir hefðu ekki verið á þann veg að seðlabankastjórar kynntu sér starfsemi bankanna heldur fremur: „[...] þetta var svona meira samkvæmislíf fannst mér, það sem maður horfði á, og eins var það þannig að þetta var heilmikið um það að þeir hittu alla bankana í einu, sem ég gat aldrei skilið því að – við reyndar hittum þá kannski einu sinni á ári í einu með fulltrúa, þ.e. þá hét það nú stjórn [Samtaka fjármálafyrirtækja] og þá komu þeir allir í einu og mér fannst það alltaf gagnslitlir fundir því þeir voru allir að passa sig hver á öðrum. Og svo voru einhver kvöldverðarboð og þess háttar þar á undan.“³⁷³

Í skýrslu Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns Kaupþings, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom eftirfarandi fram: „[Við] eigum [...] ekki mikil samskipti svona síðustu misserin hans sem forsætisráðherra. En hann kemur reglulega fram og hreytir ónotum, aðallega í Kaupþing. Síðan verður hann seðlabankastjóri [...]. Við reyndum að gera eins gott úr málunum og hægt var og eins og seðlabankastjóri var ítrekað að segja við mig: „Sigurður, Sigurður, við erum í sama bátnum núna og það þýðir ekki að vera með þessar erjur lengur, nú eru sömu hagsmunir.“ Og það var alveg rétt hjá honum. Síðan förum við svona að huga að því að reyna að flytja bankann úr landi, og þessi evrumræða fór alveg óheyrilega í taugarnar á seðlabankastjóra.“³⁷⁴ Sigurður lýsti því hvernig samskiptin hefðu breyst við Seðlabankann eftir að Davíð Oddsson varð formaður bankastjórnar Seðlabankans: „Hér áður fyrr voru reglulegir fundir með bankastjóra Seðlabankans. Ég held að við höfum haft, það var lágmark, og þetta var að frumkvæði bankastjóra Seðlabankans, og það voru alltaf ársfjórðungslegir fundir með Kaupþingi. Oft var það þannig að annar fundurinn var haldinn í Seðlabanka og næsta fund komu þeir í heimsókn í bankann svona til að kynna sér aðeins starfsemina betur. Þessi fundir voru lagðir af með nýjum bankastjóra og engir reglulegir fundir haldnir. Þannig að það var enginn „dialóg“ við Seðlabankann. Og þeir fundir sem [við] áttum síðar með Seðlabankanum, eftir að nýr bankastjóri Seðlabankans tók við, voru meira „ad-hoc“ fundir. Til dæmis fundur í apríl 2008, í kjölfar bréfs sem ég sendi forsætisráðherra með afrit á seðlabankastjóra þar sem ég vara við því að það sé bara logn á undan storminum núna.“³⁷⁵

Lárus Welding, forstjóri Glitnis banka hf., kvaðst hafa átt sinn fyrsta fund með Davíð Oddssyni sennilega 16. nóvember 2007 eða skömmu fyrir það og hefðu samskipti þeirra byrjað brösuglega þar sem Davíð hefði greinilega ekki verið ánægður með þróun mála hjá Glitni og hefði dembt því yfir sig. Lárus sagði að aðferðin hefði kannski virkað vel því fundurinn hefði vakið hann vel til umhugsunar. Eftir þetta hefðu þeir átt marga fundi og hefði hann ávallt verið mjög hreinskilinn við Davíð.³⁷⁶

372. Skýrsla Hreiðars Mús Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 28.

373. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. ágúst 2009, bls. 11–12.

374. Skýrsla Sigurðar Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 8. júlí 2009, bls. 35.

375. Skýrsla Sigurðar Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 8. júlí 2009, bls. 21.

376. Skýrsla Lárusar Welding fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. mars 2009, bls. 3.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis ræddi Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbanka Íslands hf., almennt um samskipti sín við Seðlabankann. Hann sagði: „En samskiptin við Seðlabankann, almennt séð, eru ótrúlega lítil. [...] Almennt séð hringdi Davíð ekki í mig. Kerfið virkaði þannig að Davíð talaði við Halldór, Sturla talaði við Jón Þorstein eða við mig. Ég og Stulli erum vinir, sátum hlið við hlið í menntaskóla, þetta er allt svona á Íslandi, við þekkjumst því ágætlega, þó að við séum ekki vinir í dag en við þekkjumst sögulega séð og getum því alveg talað saman, óháð vinnu. Við tölum því stundum saman en almennt séð var það Jón Þorsteinn sem var í samskiptum við hann.“³⁷⁷

19.9.2 Um ýmislegt sem miður fór að mati forsvarsmanna bankanna

Hér að framan hefur verið vikið að viðhorfum forsvarsmanna bankanna til tiltekinna atriða sem til umfjöllunar hafa verið. Við skýrslutökur komu hins vegar einnig fram viðhorf um ýmislegt annað sem miður fór. Hér á eftir verður stuttlega vikið að nokkrum þessara atriða.

Margir forsvarsmanna bankanna lýstu því við skýrslutökur að íslensku bankarnir hefðu þróast í að verða áhættusæknari og hefðu nánast allir bankarnir farið yfir í sama áhættusækna viðskiptamódelið. Í skýrslu Hreiðars Mús Sigurðssonar, forstjóra Kaupþings, kom t.d. eftirfarandi fram: „Við a.m.k. skilgreindum okkur alltaf sem fyrirtækja- og fjárfestingarbanka. [...] ég held að það hafi verið slæmt fyrir íslenska kerfið að hinir tveir bankarnir ákváðu að fara sömu leið og það urðu sem sagt þrír bankar á Íslandi sem skilgreindu sig sem fyrirtækja- og fjárfestingarbanka sem ætluðu í útrás til Evrópu. Ég hélt kannski að, kannski hefðum við getað þolað það ef við værum með einn banka sem væri í þessu og hinir hefðu sinnt einhverju öðru.“³⁷⁸

Þá kom fram hjá mörgum viðmælendum rannsóknarnefndarinnar að gagnstætt því sem margir virtust telja hefði verið afar hörð samkeppni á milli bankanna á Íslandi sem að sumu leyti hefði komið þeim í ógöngur. Um þetta atriði sagði Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans: „Eitt af stóru vandamálunum í íslensku bankakerfi [...] var að hluta til að það var of mikil samkeppni [...] annars vegar ertu með verðlagningu sem þér finnst vera rökrétt og rétt [...] og svo kemstu að því að það verslar bara enginn við þig og þá er það bara þannig að þá þarftu eitthvað að breyta. [...] Þegar Kaupþing fór út í íbúðalánin þá var ég bara hundfúll yfir því, mér fannst það bara algjört rugl [...]. Hvernig á maður að geta keppt á 4,15%, eða 4,45 eins og þeir byrjuðu á? Hvernig á ég að fjármagna þetta, hvar á ég að fá langtímafé til að fjármagna fasta vexti í 4,45 eða 4,55? [...] Þetta er bara rugl og allt sem var sagt í fjölmiðlum til að útskýra þetta, að menn væru svo stórir í erlendu og svoliðis, allt bara rugl. Þetta stenst enga bankalega skoðun, allt sem menn voru að segja hjá KB. En hvað áttirðu að gera? Þegar kerfið er hannað þannig að ef þú ferð í viðskipti þá ertu læstur næstu 40 ár. Hvað áttu að gera? Og þú bara ferð út í vitleysuna líka.“³⁷⁹

Við skýrslutökur höfðu forsvarsmenn bankanna mörg orð um þau vandamál í starfsskilyrðum bankanna er lutu að íslensku krónunni. Í skýrslu Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns Kaupþings, fyrir rannsóknarnefnd

„Þið megið ekki gleyma því að íslensku bankarnir féllu ekki fyrr en sex mánuðum eftir að myntin okkar var fallin, sem er bara „unbelievable“, sem sýnir hvað bankakerfið var í rauninni sterkt. Það tekur sex mánuði fyrir bankakerfið að deya en myntin var í rauninni dáið sex mánuðum fyrr, þegar „swap-markaðurinn“ hvarf, það segir í raun mikið til um styrkleika kerfisins.“

Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 86.

377. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 60 og 67.

378. Skýrsla Hreiðars Mús Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 123.

379. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 38.

Alþingis kom fram að hann hefði talið gengi íslensku krónunnar allt of hátt árið 2003 og það fengi ekki staðist til lengdar. Í erindi sem hann hélt 13. febrúar 2003 kvaðst hann hafa sagt það óskiljanlegt að Seðlabanki Íslands væri ekki að kaupa meiri gjaldeyri og selja krónur til þess að veikja krónuna og styrkja um leið gjaldeyrisvaraforða sinn, en hann hefði verið á þeirri skoðun að stórauka bæri gjaldeyrisvaraforðann. Aftur hefði þetta stuðlað að því að ójafnvægi í viðskiptum við útlönd hefði numið tugum prósentu af þjóðarframléiðslu og þetta umhverfi, sem Sigurður sagði að stjórnvöld hefðu sætt sig við, hefði orsakað að mikil eftirspurn hefði verið eftir því að fá að taka lán í erlendri mynt. Sigurður sagði að Kaupþing hefði eindregið varað við slíkum lánum þegar lántakendur hefðu ekki haft tekjur í erlendri mynt.³⁸⁰ Sigurjón Þ. Árnason minntist einnig á það hversu mikil eftirspurn hefði verið eftir því að fá að taka lán í erlendri mynt. Sigurjón sagði m.a.: „Flestir halda að það hafi verið að troða því ofan í kokið á fólki að taka erlent lán út á húsin en það var akkúrat öfugt, menn grenjuðu að fá þetta. Meira að segja sagði ég einhvern tíma á útibússtjórufundi að þeir yrðu reknir ef þeir héldu áfram að lána erlent. En samt gerðist það af því að eftirspurnin var orðin svo gríðarleg.“³⁸¹

Sigurjón Þ. Árnason áréttaði einnig að miklar sveiflur á gengi íslensku krónunnar hefðu gert útflutningsfyrirtækjum ákaflega erfitt fyrir. Sigurjón sagði m.a.: „Markmið með öllu sem við gerum er að eiga gott líf – svo getum við haft skoðun á því hvað er að hafa gott líf, það er svona mismunandi, en efnislega trúu flestir því að hafir þú meiri peninga, meira umleikis sé lífið heldur betra. Það gæti reyndar verið „feill“ þar en alla vega trúu menn því almennt. Svo trúu menn því að það að auka hagvöxt valdi því að allir hafi það betra að meðaltali og þess vegna vilja menn hagvöxt. Markmiðið er að fá hagvöxt vegna þess að það á að vera betra líf. Til þess að fá hagvöxt trúu menn því að stöðugleiki hjálpi til við að búa til hagvöxt, sem er líka rétt. Svo kemur „feillinn“, [að] 2,5% verðbólga mæld með vísitölu neysliverðs sé skilgreining á stöðugleika. Það er algjör misskilningur. Þarna er einhver algjör „feill“. Skilgreining á stöðugleika er ekki 2,5% verðbólga mæld með vísitölu neysliverðs, það þarf að vera einhvers konar stöðugleiki í gengi, það er ekki hægt að reka fyrirtæki þegar gengið fer út og suður, þá þurfa allir að vera sérfræðingar í gengi en ekki því að búa til vöru eða að selja þjónustu.“³⁸² Sigurjón lýsti því sem hann kallaði séríslensk vandamál með svohljóðandi hætti: „Við erum með Seðlabanka sem er ekki með bakland til að styðja við mynt sem er náttúrulega bara út í hött að vera með, yfir höfuð, þegar þú ert kominn með stórt bankakerfi. Hún virkar fínt þegar þú ert með sjávarútveg og var kannski góð fyrir okkur á sínum tíma en eftir að við komum með þetta stóra bankakerfi þá er þetta ekki hægt. Það að láta bankakerfið verða svona stórt og vera ekki búinn að hugsa um bakland á neinn hátt það eru bara mistök af allra hálfu, mistök okkar að láta bankana verða stóra og mistök hinna að búa ekki til baklandið úr því á annað borð var verið að leyfa bönkunum að verða stórir. Það eiga allir sína sök í því. Kannski gerðu menn sér bara ekki grein fyrir því fyrr en of seint. Ég held að það sé ekki nein illkvittni í því af neinna hálfu.“³⁸³

Varðandi stærð bankanna sögðu ýmsir viðmælendur rannsóknarnefndar Alþingis að hægt hefði verið að hemja stærð þeirra ef stjórnvöld hefðu vilj-

380. Skýrsla Sigurðar Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 8. júlí 2009, bls. 8, 13, 14 og 17.

381. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 34.

382. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 36.

383. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 53.

að beita sér fyrir því. Annars vegar hefði t.d. verið hægt að gera kröfu um hærra eiginfjárlutfall bankanna af hálfu Fjármálaeftirlitsins og hins vegar hefði Seðlabanki Íslands getað beitt bindiskyldu. Um bindiskylduna sagði t.d. Sigurjón Þ. Árnason: „Ef Seðlabankinn vill bremsa [bankana] með einhverjum hressilegum hætti af og gerir þessa hluti þá getur hann notað bindiskyldu til þess. [...] Seðlabankinn hefur lýst því yfir að hann hafi ekki getað gert eitt eða neitt til þess að hemja vöxt bankanna [...] segir að hann hafi engin stjórnþæki, bara vaxtathæki þá er það bara [...] ekki rétt [...]. Svartið er: „Bindiskylda er stjórnþæki sem Seðlabankinn hefur, einkum og sér í lagi til að hemja útlánavöxt í raun.“ En sem banki ertu alltaf frekar á móti því að vera með bindiskyldu vegna þess að bindiskylda felur í sér að það er tekið ákveðið magn af peningum hjá þér og sett á lága vexti í Seðlabankanum í staðinn fyrir að þú gætir lánað [þá] út og fengið [hærri vexti].“³⁸⁴

Forsvarsmenn bankanna létu ýmis ummæli falla um vandamál við fjármögnun bankanna. Þannig kom t.d. fram í skýrslu Hreiðars Mús Sigurðssonar að það hefði haft mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir bankann að komast í flokkinn AAA hjá Moody's. Hreiðar sagði: „En eftir á að hyggja var þetta hins vegar mjög slæmt fyrir okkur. Það sem gerist er það að lánshæfismatið rýkur upp og síðan þurfa þeir að fara að vinna ofan af mikilli gagnrýni sem þeir fá á sig fyrir þetta, svo þeir byrja að lækka lánshæfismatið, svo við erum á neikvæðum horfum til lækunar og það sem gerist, bara traust aðila á lánshæfismati Moody's einfaldlega nærri því hvarf, a.m.k. í Evrópu. Þetta hins vegar gerði það líka að verkum að þetta [...] bætti ansi mikið í bjartsýnina og þá eignabólu sem varð til á Íslandi.“³⁸⁵ Þá benti Hreiðar einnig á að það hefði verið stór veikleiki hins íslenska bankakerfis „hversu mikið var fjármagnað á heildsölumarkaði og á markaði og ástæðan er einfaldlega sú að [...] þá er alltaf einhver krísa á þessum mörkuðum“.³⁸⁶ Í skýrslu Hreiðars kom einnig fram að það hefði bakað Íslendingum mikla óvild hjá mörgum evrópskum seðlabönkum þegar þeir hófu að taka við innlánunum. Evrópsku seðlabankastjórnirnar hefðu verið samtaka um að vilja þá burt þar sem háir vextir íslensku bankanna á innlán í Evrópu hefðu verið að valda því að vaxtalækkarnir seðlabankanna hefðu ekki náð í gegn: „Við vitum náttúrulega bara af öllu, að þetta var mjög óþægilegt fyrir alla stóru bankana og við vitum það að vextir, þeir voru byrjaðir að lækka vexti þarna á þessum tíma og að vextirnir voru að lækka miklu hægar heldur en þeir vildu.“³⁸⁷ Loks sagði Hreiðar Már að það sem átt hefði þátt í að fella Landsbankann og Glitni banka hf. hefði verið það hvernig þeir komu fram gagnvart Seðlabanka Evrópu í endurhverfum viðskiptum.³⁸⁸

Í skýrslu Hreiðars Mús Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom einnig fram sú afstaða að Seðlabanki Íslands hefði gert þau mistök að taka aðallega skuldabréf í bönkunum sem veð fyrir lánunum til bankanna. Þannig hefði Seðlabankinn átt að taka veð í eignum bankanna. Þrátt fyrir að því væri nú haldið fram af Seðlabankanum að það væri flókið, þá væri það ekki rétt. Hefði Seðlabankinn þannig átt að fara svipaða leið og Seðlabanki Evrópu hefði gert í lok apríl 2008 þar sem lokað hefði verið á bankabréfin. Þannig hefði átt að taka veð í íbúðalánunum og útlánunum til sjávarútvegsfyrirtækja.³⁸⁹ Síðan bætti

„Það að fara að nota bindiskyldu, auðvitað má ímynda sér eftir á [...] að ef við hefðum haft einhvern herforingja sem hefði sagt: Já, nú ætla ég bara að nota þau tæki, hvort sem þau eru peningapolítísk eða öðruvísi til þess að stoppa þessa starfsemi af, þá hefði bindiskyldan hugsanlega verið tæki, ef það hefði verið hægt að segja: Ég set bara 10–15% bindiskyldu hér á, mér er sama hvað hún er annars staðar. Það hefði náttúrulega bremsað bankana af en þeir hefðu örugglega, með árangri, getað sannfært stjórnmalamenn þess tíma um að með því væri verið að hindra nýja atvinnustarfsemi og reglan innan EES væri sú að menn væru á sama leikvelli.“

Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
10. mars 2009, bls. 37.

Hreiðar Már Sigurðsson var spurður að því hvort Kaupþingsmenn hefðu haft aðrar upplýsingar, en fram koma á Bloomberg, um versnandi stöðu Glitnis. Hann svaraði: „Við vissum að útboðið hafði klikkað í janúar og vissum að þeir voru með stystu fjármögnunina af öllum bönkunum, það var mesta endurfjármögnunarförfin hjá þeim, við vissum að þeir voru ekkert að safna innlánunum eins og við vorum að gera. Svo sáum við seinna á árinu, þá sáum við að þeir voru byrjaðir að gefa rosalega há verð í allan gjaldeyri, þá greinilega vantaði gjaldeyri, voru tilbúnir til að fórna öllum vaxtamun á milli íslensku krónunnar erlendis til þess að fá gjaldeyri í hús.“

Skýrsla Hreiðars Mús Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 27.

384. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 64–65.

385. Skýrsla Hreiðars Mús Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 7.

386. Skýrsla Hreiðars Mús Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 3.

387. Skýrsla Hreiðars Mús Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 73.

388. Skýrsla Hreiðars Mús Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 16.

389. Skýrsla Hreiðars Mús Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 40.

Í skýrslu Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að menn yrðu að hafa í huga hversu óeðlilegt ástandið hefði verið í heiminum árið 2008 og hversu margir bankar hefðu þá fallið. Ekki mætti heldur gleyma því að almennur vilji hefði verið í þjóðfélaginu til þess að bankarnir væru sæmilega stórir og sterkir. Bankarnir hafi því orðið stórir á sama tíma og baklandið hélt áfram að vera lítið. Yfir okkur hefði síðan gengið heimskreppa og hér á landi hefði síðan í ofanálág bæst við gjaldeyriskreppa. Þessi aðstaða hefði leitt til þess að dregið hefði úr trausti á kerfið og á sama tíma hefði dregið úr gæðum eigna. Um leið og krónan hefði fallið hefðu margir lent í miklum erfiðleikum því svo margir hefðu tekið lán í erlendum gjaldeyri í ljósi þess hvernig íslensk peningamálastefna hafði verið rekin. Menn höfðu einfaldlega verið á flóttu úr hávaxtastigi hinnar íslensku krónu. Sú lausafjárrætt sem yfir okkur hefði dunið hefði verið tíu sinnum verri en svartýnustu menn hefðu spáð og hefðum við þá staðið mjög einangrað þar sem Seðlabanki Íslands hafði ekkert bakland. Við fall bankanna hefði tjónið orðið ævintýrlega mikið þar sem stærð bankakerfisins hefði verið svo margföld þjóðarframleiðsla. Þær þjóðir, sem hefðu verið með alþjóðlegt fjármálakerfi, hefðu almennt farið verr út úr lausafjárrættunni. Eftir á að hyggja hefði það verið slæmt hversu mikið hefði verið lánað í íslenskum bönkum með veði í hlutabréfum í bönkunum sjálfum sem féllu síðan í verði.

Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
2. september 2009, bls. 193–195.

Hreiðar við: „Ef seðlabankastjóri trúði því virkilega að þetta kerfi gæti verið að hrynja, eins og hann heldur fram í dag, þá átti hann náttúrulega aldrei að lána Sparisjóðabanka Íslands þrettánfalt eigið fé hans, 130 milljarða, og hann átti aldrei að hleypa þessum erlendu aðilum inn í íslenska ríkið. Það er þetta sem skýrir þetta gríðarlega gjaldþrot Seðlabankans.“³⁹⁰

Svipuð viðhorf komu fram í skýrslu Sigurjóns Þ. Árnasonar, bankastjóra Landsbankans, en hann sagði: „Hvers vegna er Seðlabanki Íslands með mikið af bankabréfum? [...] Það er vegna þess að í reglunum hjá þeim er það þannig að þeir taka bara á móti „rate-uðum“ bréfum og þá hafa þeir tvo valmöguleika, þ.e. ríkisbréf og bankabréf, ekkert annað virkar. Hvers vegna gera þeir það? Vegna þess að þeir nenna ekki að skoða útlán sem veð [...]. Því auðvitað er það þannig að hlutverk seðlabanka til þess að lána lausafé þegar menn vantar [...] en ef þú ert ósáttur við veðið þá áttu bara að lækka lánshlutfallið [...]. En seðlabankar nenna ekki að gera þetta, almennt séð í heiminum – þeir mundu auðvitað aldrei viðurkenna það, en þetta er bara raunveruleikinn – þess vegna treysta þeir bara á það að horfa á „rating“.“³⁹¹

Framangreind viðhorf voru borin undir Davíð Oddsson, formann banka-
stjórnar Seðlabanka Íslands, við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis. Davíð sagði: „Mínar skýringar eru þessar: Það var auðvitað vitað, og það kemur fram í fundargerðum í bankaráðinu, ég sagði frá því í bankaráðinu, að þessi ástarbréf – eins og ég kalla þau, ég bjó nú til það nafn – væru, ef allt færi á versta veg, í eðli sínu ákveðin froða og því gerði ég ríkisstjórninni auðvitað grein fyrir. En um leið og við segðum að Sparisjóður Reykjavíkur eða Sparisjóður Keflavíkur eða Sparisjóðabankinn – við tækjum ekki mark á bréfi sem Landsbankinn ábyrgðist af því að við teldum að hann mundi fara á hausinn þá færi hann á hausinn, ekki daginn eftir heldur síðdegis þann sama dag. Svona var þetta.“³⁹² Aðspurður hvort ekki hefði verið hægt að taka veð í öðru en bankabréfum svaraði Davíð: „Það hefði verið miklu flóknara, já og erfiðara, að ég hyggt. Mitt fólk hafði farið yfir það, en ég er ekki með það á takteinunum, það hefði orðið miklu flóknara og erfiðara og þurfti mikinn mannskap.“³⁹³

Í þessu samhengi má einnig minna á svör Sturlu Pálssonar, framkvæmdastjóra alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans, sem fjallað er um í kafla 19.3.10 hér að framan: „Það er bara svo rosalega mikið vesen að taka við einhverju sem er „fysískt“ skuldabréf. Og það er í rauninni ekki fyrr en held ég bara í september sem við erum farnir að taka þetta á brettum, þarna [fasteignaveðin].“³⁹⁴

Í skýrslu Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis var rætt um ólíkt form lánasamninga hér á landi í samanburði við þá miklu stöðlun á formi slíkra samninga sem viðgengst erlendis. Sigurjón sagði að ekki væri við því að búast að erlendir eftirlitsaðilar skildu alveg íslenska útlánaframkvæmd. Erlendis væri sérhæfing mjög mikil. Síðan sagði Sigurjón: „Lánin eru því ekki svona tær eins og þeim finnst að þau hljóti að vera, að það sé bara hægt að fá, já ef þið eigið svona mikið af lánum út á fasteignir þá tókum við það bara. Lán út á fasteignir hjá okkur eru í mörgum tilfellum hjá okkur bara partur af fyrirgreiðslu fyrirtækisins og það er krossveðsett á móti, þessu og þessu

390. Skýrsla Hreiðars Mús Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 38.

391. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 58.

392. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 62.

393. Skýrsla Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. ágúst 2009, bls. 67.

394. Skýrsla Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 20. júlí 2009, bls. 72–73.

og þessu. Þetta er svona eitt risastórt spaghetí sem þjónustar heilt atvinnulíf sem er allt annars eðlis.³⁹⁵

Við umræður um vandamál sem sögð voru séríslensk bar á góma að eigendur bankanna hefðu verið ákaflega fyrirferðarmiklir á markaði og hefði það valdið stjórnendum bankanna ákveðnum vanda.³⁹⁶ Þá hefðu erlendir aðilar haft áhyggjur af krosseignatengslum og skuldsetningu. Í skýrslu Hreiðars Más Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom t.d. fram að þeir greiningaraðilar sem sett hefðu sig vel inn í málin á Íslandi í ársbyrjun 2006 hefðu ekki aðeins haft áhyggjur af krosseignatengslum á Íslandi heldur einnig skuldsetningu kerfisins, þ.e. „að það væri skuldsetning á bak við hlutabréfin í bönkunum sem væru búnir að skuldsetja sig mikið, þeir lánuðu inn í fyrirtæki, inn í félög sem skuldsettu sig aftur og fóru [síðan] og keyptu skuldsett fyrirtæki“.³⁹⁷

Fram kom að íslensku bankarnir hefðu fengið í fangið mjög illa sett íslensk fyrirtæki síðla árs 2007 og í byrjun árs 2008 sem hefðu verið í viðskiptum við erlenda banka sem hefðu sagt upp þeim viðskiptum. Af skýrslum bankamanna að dæma virðist mega ráða að þannig hafi safnast upp mörg „lík í lestinni“ á þessum tíma. Hreiðar Már Sigurðsson sagði t.d.: „Við vitum það eftir á að þetta var að gerast hjá nokkuð [...] stórum aðilum sem voru með viðskipti við íslensku bankana. Og erlendu bankarnir voru að fara út, voru að loka á þá, [...] það sem íslensku bankarnir þurftu þá að taka ákvörðun á þeim tíma: „Eigum við að standa á bak við þessa viðskiptavini okkar og hjálpa þeim og reyna að komast í gegnum þetta eða eigum við að taka [þá föstum tókum].““ Hreiðar Már sagði að ef fyrirtæki hefðu verið látin fara í þrot hefði það verið metið sem veikleikamerki og af þeim sökum hefði verið talið að þeir yrðu að koma þessum fyrirtækjum til aðstoðar.³⁹⁸

19.9.3 Um sjónarmið forsvarsmanna stóru bankanna

Þriggja

Hér verða ekki dregnar saman sérstakar ályktanir vegna þeirra sjónarmiða forsvarsmanna þriggja stóru bankanna sem reifuð eru í kafla 19.9 heldur verður nánar vikið að þessum atriðum í kafla 21.0 eftir því sem tilefni er til og þá í tengslum við önnur atriði sem þar verður fjallað um.

395. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 19. ágúst 2009, bls. 112.

396. Skýrsla Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. september 2009, bls. 67.

397. Skýrsla Hreiðars Más Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 8.

398. Skýrsla Hreiðars Más Sigurðssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. júlí 2009, bls. 44.